

# ÍSLAND

Atvinnuhættir og menning

Bók 5





---

**ÍSLAND - atvinnuhættir og menning 2020**

*Útgefandi:*

Sagaz ehf.

[www.isat.is](http://www.isat.is)

*Hönnun og umbrot:*

Ragnheiður Linda Eyjólfsdóttir,

grafískur hönnuður FÍT

*Prentun:*

Specialtrykkeriet Arco A/S, Danmörk.

Bókin er prentuð á umhverfsvænan pappír.



© 2022 Upplýsingar í þessari bók má ekki afrita með  
neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,  
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta  
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagaz ehf. tekur ekki ábyrgð á innsendu efni.

ISBN:

978-9935-9680-0-5 (Ritröð)

978-9935-9680-5-0



ÍSLAND  
Atvinnuhættir og menning 2020

---



# Efnisyfirlit

---

<b>Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð</b> .....	8
Byggingaverktakar	
Jarðvinnuverktakar	
Pípulagnir	
Ýmis þjónusta	
Ýmsir verktakar	
Rafverktakar.....	260
<b>Fasteignir og þjónusta</b> .....	294
Eignarhaldsfélög.....	296
Fasteignasölur.....	305
Ýmis þjónusta .....	323
<b>Nafnaskrá</b> .....	340











Sementsbílaflotinn ásamt starfsmönnum.

## Aalborg Portland Íslandi



Veggur á Retreat hótelinu við Bláa Lónið.

Aalborg Portland Íslandi ehf. hóf starfsemi hér á landi aldamótaárið 2000. Upp frá því hefur fyrirtækið staðið að markaðssetningu, sölu og dreifingu á sementi víða um landið. Sementið sem Aalborg Portland Íslandi flytur inn er framleitt af móðurfélaginu Aalborg Portland A/S í Danmörku. Bjarni Óskar Halldórsson stýrði uppbyggingu félagsins frá stofnun þess fram til ársins 2017, að frátöldu tímabilinu 2005-2006, en þá stýrði Thomas Möller félaginu. Magnús Eyjólfsson tók við starfi framkvæmdastjóra árið 2017. Starfsemi Aalborg Portland Íslandi er með ISO-9001 vottun.

### Öflug starfsemi í meira en 100 ár

Sementsframleiðsla hófst í Danmörku um miðbik 19. aldar. Aðdragandann að stofnun móðurfélagsins má rekja til Hans Holm, kaupmanns í Álaborg. Í kringum 1880 biðlaði hann til æskuvinar síns, verkfræðingsins Læssøe Smidth frá Skive, um að gangsetja með sér sementsverksmiðju. Henni var valinn staður á N-Jóttlandi, nánar tiltekið á hentugu landi í Rördal sem er um fjóra kílómetra norðaustan við Álaborg. Þar var hlutafélagið Aalborg Portland-Cement-Fabrik opinberlega stofnað þann 16. október árið 1889. Sementsverksmiðja félagsins er í dag sú eina sinnar tegundar sem starfrækt er í Danmörku. Staðarval hennar í Rördal þykir einkar vel heppnað, með greiðum aðgangi að úrvals hráefnum á borð við kalk og leir. Auk þess þykir verksmiðjan einstaklega vel í sveit sett hvað varðar skipasamgöngur til og frá innlendum og erlendum höfnum.

### Aalborg Portland sement á Íslandi

Fyrstu kynni Íslendinga af steinsteypu áttu sér stað árið 1847 þegar hún var notuð við endurbætur á Dómkirkjunni í Reykjavík. Efnið hóf síðan innreið sína af fullu afli árið 1895 þegar íbúðarhúsið að Sveinatungu í Borgarfirði var byggt. Átta árum síðar, árið 1903, var reist kirkja á sama stað sem telst vera elsta steinsteypta kirkjan í heiminum.

Við upphaf 20. aldar voru steinsteypt hús ekki mörg á Íslandi, enda tæknikunnáttan ekki búin að ná almennri fótfestu. Árið 1903 hóf Knud Zimsen, verkfræðingur og síðar borgarstjóri, að flytja inn sement frá Álaborg í Danmörku en var fremur lítið ágengt í upphafi við markaðssetningu efnisins. Til þess að sannfæra Íslendinga um ágæti sementsins lét Knud reisa hið formfagra hús Gimli að Lækjargötu 3b, en smíði þess var lokið árið 1905. Í kjölfarið átti steinsteypan eftir að festa sig rækilega í sessi á undraskömmum tíma og í auglýsingum mátti sjá hið nýja töfraefni kynnt með orðunum: „Notið eingöngu hið margviðurkennda Álaborgarsement með ljónsmerkinu“. Helstu vitnisburðirnir áttu síðan eftir að spretta upp í formi alþekkra kennileita eins og Klepps- og Vífilstaðaspítala, Hótel Borgar, Landspítalans, Landssímahússins og verkamannabústaða. Eftir gangsetningu Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi árið 1958 hætti innflutningur á sementi frá Álaborg og var svo, að mestu leyti, fram til síðustu aldamóta. Aalborg Portland A/S í Danmörku hóf sölu á sementi á nýjan leik hér á landi árið 2000, en á þeim tíma ríktu hagstæðar markaðsaðstæður á landinu og mikil þensla var á byggingamarkaði



Vaðlaheiðargöng.

sem hélt sementsverði mjög háu. Hér var stofnað dótturfélagið Aalborg Portland Íslandi ehf. sem fram á þennan dag hefur verið með skrifstofu í Bæjarlind 4, Kópavogi, en megin starfsemi félagsins er að finna í Helguvík í Reyknesbæ. Hjá fyrirtækinu hafa stöðugildi verið um tíu síðastliðin ár og er starfsfólkið með viðamikla starfsreynslu.

### Flutnings- og dreifingarferlið

Fyrirkomulag flutnings og dreifingar hjá Aalborg Portland er með þeim hætti að laust sement er flutt frá Danmörku með sérsmíðuðum sementsskipum. Flutningsgetan í hverri ferð er á bilinu 4.000-8.000 tonn. Heildar markaður fyrir sement á Íslandi hefur verið á bilinu 150-200 þúsund tonn á ári, síðan félagið hóf starfsemi hér á landi um síðustu aldamót, og hefur hlutdeild Aalborg Portland Íslandi verið á bilinu 50-60% s.l. ár. Í Helguvík starfrækir félagið tvö staðsteypt geymslusíló sem hvort um sig geta rúmað um 5.000 tonn af sementi. Úr þeim er lausu sementi dælt yfir á sérhannaða flutningabíla sem bílstjórar félagsins aka til viðskiptavina um land allt. Flutningsgetan í hverri ferð er um 33 tonn. Í næsta nágrenni við Helguvík, að Hólamiðum 6, á félagið vöruskemmu og dreifingarmiðstöð fyrir pakkað sement sem dreift er í 25 kg pokum til helstu byggingavöruverslana í landinu. Að auki er sementi pakkað þar í 1.500 kg stórsekki og dreift á sama máta. Frá árinu 2012 hefur Aalborg Portland verið í samstarfi við eigendur Skútabergs ehf. með rekstur á sementssílóum í eigu Skútabergs á Akureyri og Reyðarfirði. Í því sambandi má nefna að Rapid sement frá Aalborg Portland var notað bæði í Norðfjarðar- og Vaðlaheiðargöngin. Með samstarfinu við Skútaberg er félagið vel í stakk búið til að þjónusta viðskiptavinum um allt land með sement til hinna ýmsu framkvæmda.

### Farsæll framgangur

Á þeim tuttugu árum sem liðin eru frá endurkomu sements frá Aalborg Portland til Íslands hafa viðtökur markaðarins verið mjög góðar. Á fyrsta heila starfsári félagsins voru flutt inn um 31.000 tonn af sementi, sem samsvaraði um 20% markaðshlutdeildar, en upp frá því hafa þessar tölur vaxið með hverju ári.

Aalborg Portland Íslandi hefur frá upphafi lagt mikið upp úr háu þjónustustigi og faglegru ráðgjöf varðandi vörur félagsins. Í slíkum tilvikum óska viðskiptavinir eftir helstu grunnupplýsingum hvað varðar notkunarmöguleika sements við mismunandi mannvirkjagerð. Ráðgjöfin er veitt af ráðgjafadeild Aalborg Portland A/S í Danmörku, en deildin hefur á að skipa mjög reynslumiklu starfsfólki og úrval tækjakosti til rannsókna á sementi, fylliefnum og steypu.

### Þátttaka í fjölbreyttum verkefnum

Í samstarfi við helstu steypustöðvar landsins hefur Aalborg Portland Íslandi komið að framkvæmd margra af helstu byggingarframkvæmdum hér á landi frá aldamótum. Sem dæmi um verkefni ná nefna Norðfjarðar- og Vaðlaheiðargöng, virkjanirnar við Þeistareyki og Búðarháls ásamt brúm yfir Steinavötn og Hvítá. Þá hefur sement frá Aalborg Portland verið notað í fjölmargar byggingar sem margar hverjar hafa hlotið mikla athygli fyrir útlit, gæði og hönnun. Retreat Hotel við Bláa lónið fékk til að mynda íslensku steinsteypuverðlaunin árið 2019. Það var álit dómnefndar að steinsteypa njóti sín vel á mörgum stöðum í byggingunni, að innan sem utan, og að einstaklega vel hafi tekist til við framkvæmd á mynsturveggjum í byggingunni.

### Þróun á sementi í nánastu framtíð

Stærsta áskorunin sem sementsframleiðendur í heiminum standa frammi fyrir er að minnka kolefnislosun sem hlýst af semenstframleiðslu og er Aalborg Portland þar ekki undanskilið. Fyrirtækið hefur sett sér það markmið að minnka CO2 losun við framleiðsluna um 30% fyrir árið 2025 og allt að 50% fyrir árið 2030. Til þess að ná þessum markmiðum mun félagið m.a. breyta framleiðsluaðferðum og nota vistvæna orku eins og t.d. rafmagn frá vindmyllum.



Safnaðarheimili Kópavogskirkju.

Framhald á næstu opnu →



Vinna við Vaðlaheiðargöng.





Framúrskarandi fyrirtæki 2019. Frá vinstri:  
Friðrik Guðlaugsson, Jóhannes Halldórsson forstjóri, Bergur  
Ingi Arnarson framkvæmdastjóri, Ævar Jarl Rafnsson og  
María Pálsdóttir.

## Aðalvík



Aðalvík ehf. var stofnsett í mars árið 1998 af þeim Jóhannesi T. Halldórssyni og Páli Trausta Jörundssyni og er því orðið 23 ára gamalt.

Í upphafi voru starfsmenn um 10 talsins, en jafnt og þétt hefur starfsmönnum fjölgað og eru nú um 20 manns á launaskrá hjá fyrirtækinu og undirverktakar eru um 25. Árið 2007 seldi Páll sinn hlut í fyrirtækinu, sökum aldurs og bættist þá við eigendahópinn. Eigendur í dag eru Jóhannes T. Halldórsson stjórnarformaður, Bergur Ingi Arnarson framkvæmdastjóri, Friðrik Guðlaugsson stjórnarmaður sem sér um rekstur trésmíðaverkstæðis, Ævar Jarl Rafnsson sem hefur einnig umsjón með trésmíðaverkstæðinu og María Pálsdóttir sem sér um skrifstofuhald. Skrifstofa Aðalvíkur ehf. er að Síðumúla 13, 108 Reykjavík.



### Sagan

Árið 2000 festi Aðalvík ehf. kaup á trésmíðaverkstæði að Hjallahrauni 7, í Hafnarfirði. Þar er starfrækt umtalsverð innréttingasmíði ásamt ýmiskonar smíðavinnu sem tengist öðrum vinnustöðum Aðalvíkur, allt frá nýbyggingum til viðhalds og breytingavinnu ýmiskonar. Á verkstæðinu starfa að jafnaði 5-6 menn. Starfsemin er annars alhliða byggingarstarfsemi, allt frá nýbyggingum til breytinga og viðhalds ásamt þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga. Stór þáttur í rekstrinum er tilboðs- og verktakastarfsemi þar sem Aðalvík er aðalverktaki með allar iðngreinar undir sinni stjórn.

### Markmið

Aðalvík leggur áherslu á vönduð vinnubrögð, gerð verkáætlna og verkskila, ásamt trúnaði við verkkaupa. Lögð er mikil áhersla á gerð verksamninga, áætlanagerð og verkfundi verktaka og verkkaupa. Skilvirk vinnubrögð spara fjármagn.



### Mannauður

Í gegnum árin hefur Aðalvík átt því láni að fagna að hafa frábæra starfsmenn sem hafa starfað lengi hjá fyrirtækinu og því ekki mikil starfsmannavelta.





*Vesturbún 22 í Reykjavík.*

*Álverið í Straumsvík.*





Tröllateigur 49 - 51 Mosfellsbæ.

## Aftak



Árið 2010 urðu tímamót í fyrirtækinu því þá keypti Jónas Bjarni Árnason og kona hans Kristín Yr Pálmarsdóttir hlut Kristjáns í fyrirtækinu og eru því einu eigendur Aftaks í dag.

Byggingarfyrirtækið Aftak ehf. hefur á undanförunum árum sérhæft sig í að reisa, innrétta, viðhalda og endurnýja húsnæði í byggingu ásamt rafverktöku.

### Sagan

Aftak var stofnað 1994. Haustið 1997 keypti Jónas Bjarni Árnason, húsasmiðameistari og rafvirkjameistari Aftak af fyrrverandi meðeiganda sínum. Fyrirtækið flutti í eigið húsnæði í Súðarvogi 20 þar sem það var starfrækt til ársins 2002, þá byggði fyrirtækið nýtt verkstæði og skrifstofur að Völuteig 1 í Mosfellsbæ, þar er fyrirtækið í 780 fm eigin húsnæði. Árið 2010 urðu tímamót í fyrirtækinu því þá keypti Jónas Bjarni Árnason og kona hans Kristín Yr Pálmarsdóttir fyrirtækið og eru því einu eigendur Aftaks í dag.

### Starfsemi og hlutverk Aftaks

Fyrir utan hefðbundna smíða- og rafmagnsvinnu er stefna okkar að veita framúrskarandi þjónustu með faglegri þekkingu til viðskiptavina, fyrirtækið hefur þjónustað Tryggingamiðstöðina í rúmlega 20 ár við tjónaviðgerðir, unnið við ýmis sérverkefni, t.d byggt einbýlishús, par- og raðhús, fjölbýlishús, leikskóla, sambýli, íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk á Lautarvegi, Klukkuvöllum og Unnargrund, einnig byggðum við hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík og vorum með stórt viðhaldsverkefni á Hótel Sögu þar sem Súlnasalur, gestamóttaka og Mímir veitingastaður voru endurnýjuð ásamt hluta af herbergjum. Er því hægt að segja að Aftak sé í stakk búið til að leysa úr öllum smáum og stórum verkefnum sem falla til, mikil tryggð hefur ríkt milli fyrirtækisins og viðskiptavina þess í gegnum tíðina.

Starfsmenn Aftaks tileinka sér nútímalegar úrlausnir og nútímaleg tæki. Við höfum metnað til að leita tækifæra og erum sífellt í sjálfskoðun við að bæta þjónustuna og aðstæður fyrirtækisins, til að bæta ánægju starfsmanna og lykilhagsmunaaðila. Við viljum efla starfsólk okkar til að vera sjálfstætt og að styrkja stöðu fyrirtækisins á markaðnum.

Aftak vinnur eftir gildum sem fyrirtækið hefur sett sér:

**Fagmennska – Virðing – Þjónusta – Traust**

### Markmið fyrirtækisins

Strax var ákveðið af þeim hjónum að gefa öllum starfsmönnum jöfn tækifæri og sömu kjör hjá fyrirtækinu óháð kyni og að allir fái að njóta sín eins og þeir eru, það var til þess að fyrirtækið fékk jafnréttisverðlaun frá Mosfellsbæ í október 2018 sem þau eru afar stolt af.

Fyrirtækið hefur einsett sér að halda áfram að veita framúrskarandi og faglega þjónustu og að þróast með markaðnum.





Jaðar í Ólafsvík.

### Starfsfólk

Við ætlum okkur áfram að vera framsækið og eftirsótt fyrirtæki til að vinna hjá. Fylgja nýjungum til að við getum tekið að okkur öll verkefni stór sem smá, með góðan og breiðan aldurshóp af faglærðum starfsmönnum, sem sækja reglulega námskeið í endurmenntun til að styrkja og viðhalda þekkingu í faginu sem skilar okkur sterkara fyrirtæki.

Fyrirtækið er með mjög samheldið starfsfólk og jákvæða fyrirtækjameningu, virðing er borin fyrir hvort öðru með heiðarlegum og jákvæðum samskiptum. Þar af leiðandi hefur verið lítil starfsmannavelta hjá fyrirtækinu sem reynir að gera eins vel við fókið og mögulegt er. Fastráðnir starfsmenn eru um 24 og svo eru nokkrir undirverktakar sem vinna reglulega fyrir Aftak í ýmsum verkþáttum.

Við eigendur höfum þá skoðun að fyrirtækið sé starfsólkið og leggjum við áherslu á uppbyggilega endurgjöf til starfsfólks með ýmsum hætti, okkur er annt um vellíðan starfsfólksins og leggjum áherslu á að bjóða upp á gott og öruggt vinnuumhverfi þar sem öllum líður vel.

Verkefnastaða fyrirtækisins er góð og ekki ástæða annars en að ætla að Aftak ehf. eigi framtíðina fyrir sér á byggingamarkaðnum.



Lautarvegur 18, Reykjavík, íbúðarkjarni fyrir fatlað fólk.



Flóknar pípulagnir.

## AH pípulagnir



Andrés, Gylfi og Sævar.

AH pípulagnir var stofnað árið 1994 af Andrésí Þór Hinrikssyni pípulagningameistara. Í upphafi var þjónustan aðallega við einstaklinga, bæði viðgerðir sem og nýlagnir ásamt verkefnum fyrir tryggingafélög. Í dag sinnir fyrirtækið að mestu stærri verkum og hefur unnið sem undirverktaki hjá flestum stórum verktökum á landinu.

### Starfsemin

Starfsemi fyrirtækisins í dag er margþætt og varðar alla þá þætti sem snúa að pípulögnum. Þau verkefni sem fyrirtækið tekur að sér eru ýmist í útseldri vinnu eða í tilboðum. Með áratugareynslu eru starfsmenn fyrirtækisins með mjög víðtæka þekkingu og starfar fyrirtækið eftir gæðaeftirlitskerfi sem tryggir gæði til viðskiptavina.

### Mannauður og aðsetur

Að meðaltali hafa rúmlega 20 manns starfað hjá fyrirtækinu síðustu ár og þegar sem mest var voru 52 starfsmenn starfandi hjá fyrirtækinu. Starfsstöð fyrirtækisins hefur frá árinu 2005 verið staðsett að Suðurhrauni 12c í Garðabæ. Þar hefur ýmis forvinna átt sér stað, til að mynda í fjöldamörgum vatnsúðakerfum. Starfsmenn fyrirtækisins hafa gegnum árin öðlast viðamikla reynslu, meðal annars með því að sækja reglulega endurmenntunar- og fræðslunámskeið. En markmiðið er ávallt að skila sem bestri vinnu til viðskiptavina.

### Verkefnin

Fyrirtækið er með samninga við fjölda húsfélaga, þar sem starfsmaður mætir tvisvar á ári og fer yfir kerfin í húsinu. Ásamt samningum fyrir vatnsúðakerfi sem eru í samræmi við reglur Mannvirkjastofnunar og Eldvarnareftirlitsins. Síðastliðin ár hefur stærsti hluti starfseminnar verið í útboðum, bæði nýlagnir í fjölbýlishús sem og stærri verk. Má þar nefna: Garri í Hádegismóum, Urriðaholtsskóli, Lúxusíbúðir við Austurbakka, Krónan Flatahrauni, FlyOver Iceland, skóli á Grænlandi svo eitthvað sé nefnt. Einnig samsteypuverkefni með öðrum fyrirtækjum líkt og Costco í Garðabæ.

### Stjórnendur

Andrés Þór Hinriksson, framkvæmdastjóri  
Sif Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri  
Lovísa Fanney Guðnadóttir, starfsmannastjóri  
Valdimar Sveinbjörnsson, verkefnastjóri



Suðurhraun 12c í Garðabæ.





Perlan í Reykjavík.



Reykjanesvirkjun.

## Alhliða Pípulagnir

Fyrirtækið var stofnað 1986 og voru eigendur pípulagningameistararnir Christian Þorkelsson og Reynir Baldursson. Þeir byrjuðu á þjónustu við einstaklinga og tóku eitt og eitt hús í nýlögnum. Fljótlega fóru þeir að taka þátt í útboðum og fyrsta verkið var Perlan í Öskjuhlíð. Einnig þjónustuðu þeir ÁTVR á upphafsárunum og gera enn. Árið 1999 keypti Christian hlut Reynis og hefur síðan rekið fyrirtækið einn með hjálp góðra manna sem hafa unnið hjá fyrirtækinu, margir mjög lengi.

### Sagan

Á þessum 34 árum sem fyrirtækið hefur verið starfrækt hefur rekstur þess undið jafnt og þétt upp á sig og hefur starfsmannafjöldinn mest farið í 78 manns. Alhliða pípulagnir er eins og nafnið segir, í öllu sem viðkemur pípulögnum og höfum við talsverða sérþekkingu hjá starfsmönnum sem hefur nýst okkur vel í gegnum árin.

### Starfsemin

Stór hluti starfseminnar er aflað í útboðum og meðal okkar stærstu verka eru, m.a. Perlan í Öskjuhlíð, Hús Íslenskrar erfðagreiningar í Vatnsmýrinni, Reykjanesvirkjun, Álfheimar 74, Svartsengi 2 áfangar, stækkun á Keflavíkurlflugvelli, Borgartún 19, 21 og 21a, Korputorg, Sæmundargata 21 stúdentagarðar með 244 íbúðum og hótél í Landsímahúsinu. Einnig hefur fyrirtækið tekið þátt í samstepuverkefnum með öðrum fyrirtækjum í greininni, s.s. Salalauginni í Kópavogi, Þeistareykjavirkjun og húsnæði Costco í Garðabænum. Þá bjóðum við upp á reglubundnar skoðanir á stærri eignum skv. samningi við húseigendur. Einnig sjáum við um reglubundnar skoðanir á vatnsúðakerfum í samræmi við reglur Mannvirkjastofnunninnar og eldvarnaeftirlitsins um slíkar skoðanir. Við erum með samning við Kópavogsbæ um viðhald og viðgerðir á þeirra eignum og höfum sinnt því síðan 2013.

### Stjórnendur

Christian Þorkelsson, framkvæmdastjóri, Snorri Waage, fjármálastjóri, Steingrímur Arnar Jónsson, gæðastjóri. Viðhald og viðgerðardeild, Gunnar Bjarnason. Verkefnastjórar, Daníel Gunnarsson, Skarphéðinn Skarphéðinsson, Ragnar Hreggviðsson og Kristinn Halldórsson.

### Aðsetur og starfsmenn

Aðsetur Alhliða pípulagna er í Akralind 5, 201 í Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 35-50 fastir starfsmenn og ráðnir undirverktakar þegar mest vantar. Margir þessara starfsmanna hafa unnið hjá fyrirtækinu á annan tug ára og einhverjir lengur.



Jón Samúelsson og Christian Þorkelsson.



Hópmýnd af hluta starfsmanna árið 2019 í ferð erlendis.



Íslensk erfðagreining í Vatnsmýrinni.



## Aefli



Magnús Þór Magnússon, framkvæmdastjóri.

Byggingaverktakafyrirtækið Alefli ehf. hefur frá stofnun verið rekið og í eigu stofnenda þess, undir sama nafni og á sömu kennitölu. Fyrirtækið hefur viðtæka reynslu og hafa þeir á undanförunum árum sérhæft sig í að reisa, innrétta og endurnýja íbúðar, verslunar- og atvinnuhúsnæði, auk hótela og íþróttamannvirkja.

### Sagan

Stofnendur Aleflis ehf. eru húsasmíðameistararnir Arnar Guðnason og Þorsteinn Kröyer. Þeir störfuðu báðir hjá Methúsalembjörnssyni húsasmíðameistara og þegar hann hætti starfsemi um áramótin 1992-93 þá ákváðu þeir að far út í eigin rekstur. Þeir stofna Alefli ehf. byggingaverktaka í febrúar 1993 í þeim tilgangi að skapa sér vinnu. Yfirbygging rekstrarins var fábrotin í byrjun, fram til ársins 2002 var rekstrinum stjórnaðu úr litlu herbergi á heimili Þorsteins. En við mikinn uppgang í byggingariðnaði í gegnum árin, velgengni fyrirtækisins og fjölgun viðskiptavina þá stækkaði fyrirtækið og árið 2003 keypti Magnús Þ. Magnússon þriðjungshlut í fyrirtækinu, en hann hafði þá starfað hjá fyrirtækinu í nokkur ár.

Í gegnum tíðina þá hefur fyrirtækið vaxið og dafnað og sinnt fjölbreyttum og krefjandi verkefnum, stórum sem smáum. Verkefni hafa verið leyst vel af hendi og hefur fyrirtækið haft það að markmiði að skila þeim svo sómi sé af. Mikil reynsla, þekking og góður tækjakostur gerir fyrirtækinu kleift að takast á við hvaða verkefni sem er.

### Verkefni

Fyrsta verkefni Aleflis var uppsetning á utanhússklæðningu í Seljahverfi. Út frá því byggðist rekstur Aleflis upp jafnt og þétt, föstum viðskiptavinum fjölgaði og starfsmönnum að sama skapi.

Fyrirtækið tók að sér smíði stakra einbýlishúsa, t.d. í Hafnarfirði, Kópavogi, Árbænum og í Reykjavík. Síðan tóku við byggingar fjölbýlishúsa í ýmsum nýbyggingahverfum, auk útihúsa á Kjalarnesi, Svínadal og víðar.

Fyrsta stóra verkefnið tók Alefli að sér á árunum 2000-2001, þar var um að ræða allsherjar yfirhalingu á stórhýsi Hótel Esju, að Suðurlandsbraut 2, sem í dag er starfrækt undir nafninu Hilton Reykjavík Nordica. Viðamesti hluti framkvæmdanna var uppsteypa og frágangur níu hæða viðbyggingar við hótelið sem reis ofan á KB banka, vinstra megin við húsið. Aðstæður sem þessar geta stundum kallað á mjög krefjandi, verkfræðilegar úrlausnir sem reyna vel á samvinnu allra sem hlut eiga að máli. Í þessu tiltekna verkefni þurfti t.d. að grafa frá útveggjum neðstu hæðarinnar að ofanverðu, og reisa þar móttöku og ráðstefnusal. Til að tengja saman nýja og eldri hlutann þurfti að fjarlægja nokkra tugi metra af útveggjum úr kjallaranum og skipta þeim út fyrir nýtt stálburðarvirki.

Á fyrstu áratugum 21. aldarinnar hefur Alefli tekið þátt í þeim mikla uppgangi sem ríkti á íslenskum byggingamarkaði og byggt á því mjög farsælan rekstur. Þetta hefur skilað traustri verkefnastöðu hjá fjölbreyttum hópi verkkaupa eins og Advania, Stoðum, Högum, Festi,







Lífland, Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, KFC, Góu Lindu, Héðni, auk fjölda annarra fyrirtækja og einstaklinga. Margar þær byggingar sem fyrirtækið hefur byggt eru nú þekkt kennileiti í umhverfi sínu. Þar nægir að nefna verslunarmiðstöð Spangarinnar í Grafarvogi, Skothúsið á golfvöllinum í Grafarholti, verslunarmiðstöð Fitja í Reykjanesbæ, nýja Héðinshúsið í Gjahellu 4 í Hafnarfirði, KÍA umboðið á Íslandi, nýtt húsnæði Veltis/Brimborgar og ný íþróttamiðstöð GM í Mosfellsbæ

#### Gæðamál

Undanfarin ár hefur Alefli leitast við að bæta innra eftirlit fyrirtækisins en í upphafi rekstursins var þetta að mestu aðkeypt þjónusta þar sem utanaðkomandi aðilar voru fengnir til að vera með sjá um gæðaeftirlit á verkum Aleflis. Eftir því sem verkefnin hafa orðið fjölbreyttari og umsvif aukist þá hefur þörfin á innra gæðaeftirliti aukist, vegna þessa þá hefur fyrirtækið tileinkað sér viðurkennda vinnuferla og stuðst við gæðakerfið sem Samtök Iðnaðarins gefur út. Árið 2018 tók Alefli einnig í notkun eftirlits og stjórnunarkerfið Ajour sem er algerlega rafrænt og veitir verkkaupa aðgengi að öllum gögnum Aleflis varðandi verkefni sem Alefli er að vinna fyrir verkkaupa Gæðastjórnunarkerfi Alefli er úttekið af BSI á Íslandi og skráð hjá mannvirkjastofnun

#### Starfsfólk og aðsetur

Alefli er með aðsetur í Desjamýri 6 í Mosfellsbæ. Fyrirtækið hefur að skipa einvala liði starfsmanna, að jafnaði eru um 20-30 fastir starfsmenn hjá fyrirtækinu og hafa þeir margir hverjir starfað í fjölda ára hjá fyrirtækinu. Einnig starfa hjá félaginu í dag byggingatæknifræðingur og byggingafræðingur. Auk þess eru fengnir inn undirverktakar, sem hafa reynst fyrirtækinu og viðskiptavinum þess vel, í hin ýmsu verkefni þegar þörf er á. Samanborið við mörg önnur verktakafyrirtæki í byggingageiranum þá er samanlagður starfsaldur helstu stjórnenda fyrirtækisins mjög hár.

#### Eigendur og stjórn Aleflis:

Arnar Guðnason stjórnarformaður, Magnús Þ. Magnússon framkvæmdastjóri og Þorsteinn Kröyer verkefnastjóri.





Tekið á móti nýrri Cat 320 next gen beltagröfu 2020. Myndin er tekin á Hólmahálsi milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.



Háspennustrengur og ljósleiðari voru plægðir frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar 2019. Myndin er tekin í Austdal við Seyðisfjörð.

## Austfirskir verktakar



Guðjón Sveinsson, stofnandi Austfirskra verktaka, bregður á leik við byggingu Vopnafjarðarlínu sumarið 1980.



Söndun strengja við lagningu Norðfjarðarlínu (66kW) árið 2020.

### Frumkvöðlar í innviðaupbyggingu á Austurlandi í meira en 50 ár

Rekja má sögu Austfirskra Verktaka hf. allt aftur til ársins 1967 er frumkvöðullinn Guðjón Sveinsson (1950-2006) fjárfesti í traktorsgröfu og hóf að starfa fyrir Rarik á Egilsstöðum við línubyggingar og rafvæðingu á Austurlandi. Smám saman jókst starfsemin sem var fyrstu árin rekin í nafni Guðjóns og snerist aðallega um að rafvæða sveitir á Héraði. Árið 1977 tók fyrirtækið að sér fyrsta stóra verkefnið sem var að byggja undirstöður undir 132 kW háspennulínu yfir Hallormsstaðaháls. Síðan var farið í að reisa 66 kW háspennulínu yfir Hellisheiði eystri, frá Héraði austur til Vopnafjarðar 1979. Bygging aðveitustöðvar fyrir Rarik við Eyvindará var síðan næsta stóra verkefnið. Árin 1980 til 1982 var unnið við forsteyptar undirstöður og niðurrekstur á tréstaurom í suðurlínu. Árið 1983 tóku við smærri verk hér og þar. Kópaskerslína var reist í samstarfi við línuflokka Rarik 1984 og á árunum 1985 til 1988 var mest unnið í vegagerð fyrir Vegagerð Ríkisins. Stækkun Egilsstaðaflugvallar hófst 1988 og var unnið þar fram til ársins 1992.

Árið 1990 tók fyrirtækið að sér fyrsta strenglagningarverkefnið en það var plæging ljósleiðara frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar fyrir Póst og síma. Á þeim tíma tíðkaðist að nota tvær jarðýtur við strenglagningu. Önnur bar strenginn og hin plægði hann í jörðina. Þessi aðferð var bæði dýr og áhættusöm því strengir slitnuðu auðveldlega ef eitthvað bar út af. Guðjón sá fljótt að þetta var óhentugt verklag. Hann hannaði því og smíðaði búnað sem gerði plægingarýtunni kleift að bera strengkeflið líka. Með þessari hönnun jókst öryggið við strenglagninguna um leið og umtalsverð hagræðing átti sér stað þar sem hægt var að fækka um eina jarðýtu í hverju verki. Vakti hönnun Guðjóns mikla athygli bæði héraðs og hjá framleiðendum ýtunar erlendis. Aðferð hans hefur verið allsráðandi við strenglagningu síðan.

### Eigendur, starfsfólk og tækjabúnaður

Árið 2006 urðu kaflaskil hjá fyrirtækinu en þá féll stofnandinn Guðjón Sveinsson frá um aldur fram eftir erfið veikindi. Sonur hans, Sveinn Guðjónsson, tók þá við rekstrinum og hefur stýrt honum síðan. Sveinn er lærður vélvirki og hefur einnig sótt námskeið í jarðlagnatækni. Hann hefur áratuga reynslu á öllum sviðum starfseminnar enda má segja að hann hafi alist upp í rekstrinum með föður sínum. Meðeigandi Sveins er Jón Örn Valsson sem sér um bókhald og fjármál. Hann kom að rekstrinum árið 1999 og starfaði með Guðjóni síðustu árin. Starfsmannafjöldi Austfirskra verktaka hefur verið breytilegur eftir stærð og umfangi verkefna. Þegar fjöldinn var mestur voru þrjátíu starfsmenn á launaskrá. Á undanförunum árum hafa fjórir til tólf starfsmenn starfað hjá fyrirtækinu.

Austfirskir verktakar hf. eru vel tækjum búnir til flestra verka. Fyrirtækið er með starfsstöð í eigin húsnæði að Kaupúni 1 í Fellabæ. Þar er fyrsta flokks verkstæði fyrir vinnuvélarnar ásamt skrifstofu- og íbúðaraðstöðu fyrir starfsfólk.





Niðurrif verbúðar og frystihúss Eskju á Eskifirði haustið 2020.



Lengsta raflínu-span á Íslandi liggur frá toppi Brekkugjár niður í Mjóáförð og þurfti að nota þyrlu við strenginguna.



Brúin yfir Eyjafjarðará var of mjó svo ýtan þurfti að fara undir hana. Mynd frá 2016.

### Helstu verkkaupar

Meðal helstu verkkaupa Austfirska vertaka hafa verið Fjarski, Landgræðslan, Landsnet, Isavia, Landsvirkjun, Lína Net, Míla, Orkubú Vestfjarða, Orkufjarskipti, Orkuveita Reykjavíkur, Póstur og sími, Rarik og fjölmörg sveitarfélög.

### Verkefni og framtíðarsýn

Fjölbreytt verkefni, úrlausnir og framþróun varða sögu Austfirska verktaka. Verkefni hafa verið af ýmsum toga, s.s. flugvallagerð, fráveitur, gatnagerð, hafnargerð, háspennulínubyggingar, hitaveituframkvæmdir, húsbyggingar, niðurrekstur stálþilja, niðurrif húsa, sprengingar, strenglagnir, vegagerð og margt fleira. Hin síðari ár hafa Austfirska verktakar sérhæft sig meir og meir í strenglögnum og er verkefnastaðan góð, enda hafa stjórnvöld sett sér metnaðarfull markmið um að koma sem mestu af strengjum í jörð á komandi árum. Árið 2018 fjárfesti fyrirtækið í öflugum línubor sem borað getur allt að 60 cm gat í jarðveginn og hefur borlengd upp á allt að 450 metra. Línuborinn gerir það t.d. að verkum að óþarft er að rjúfa vegi við strenglagnir og jarðrask í þéttbýli verður í lágmarki þegar leggja þarf lagnir eða strengi. Nýjasta sérhæfing fyrirtækisins snýr að niðurrifi húsa en slík verkefni krefjast sérhæfðs tækjabúnaðar og þekkingar vélamanna. Ljóst er að á komandi árum verður sífellt meiri þörf á að rífa niður gömul hús og byggja ný í staðinn. Stjórnendur Austfirska verktaka líta því björtum augum til framtíðar og með tilhlökkun til þeirra fjölbreyttu verka sem unnin verða á komandi árum, viðskiptavinum og landsmönnum til heilla.



Umhverfið raskast lítið þegar línuborinn er að störfum.



Þverun Fnjóskár í Fnjóskadal með fjóra rafmagnstrengi fyrir RARIK árið 2019.





Heflað undir malbik á Egilsstöðum.



Vegagerð á Borgarfjarðarvegi utan við Eiða.

## Austurverk



Snjóflóðavarnir í Neskaupsstað.



Aurskriða á Seyðisfirði.



Vélaflutningur á Borgarfjörð eystri um Vatnsskarð.

Austurverk ehf. er jarðvinnufyrirtæki sem var stofnað í febrúar árið 2014 á Egilsstöðum af þeim þeim bræðrum Steinþóri og Reyni Stefánssynum (Stessi og Brói) frá Brú á Jökuldal. Fyrirtækið var stofnað með það að markmiði að þjónusta nærsamfélagið eins vel og hægt væri. Áður höfðu þeir starfað í mörg ár hjá öðrum verkötum og því komnir með viðamikla reynslu í jarðvinnubröndum sem nýst hefur þeim vel í að byggja upp eigin rekstur.

### Verkefni

Aðalverkefni fyrirtækisins frá upphafi hafa verið fyrir sveitarfélagið, veitufyrirtækin og íbúa sveitafélagsins við lagnavinnu, húsgrunna, bílastæði, snjómokstur og alla aðra almenna jarðvinnu. Krefjandi verkefni við vonda aðstæður virðast oft enda inn á borði Austurverks ehf. þeim áskorunum er ávallt mætt með opnum huga og verkefnið leyst farsælega. Engin vandamál bara lausnir. Austurverk ehf. hefur frá stofnun félagsins einnig verið stór hluthafi í Héraðsverki ehf. og hefur tekið þátt í vinnu við stærri mannvirkja gerð í gegnum það. Helstu verkefni á vegum Héraðsverks ehf. síðustu ára hafa verið bygging ofanflóðavarna og vegagerð.

### Tækjafloki

Tækjaflokkinn sem í upphafi var bara ein tveggja tonna grafa og gamall vörubíll hefur farið ört vaxandi. Í dag eru til gröfur frá tveimur tonnum upp í 40 tonn, vörubílar og dráttarbílar af flestum gerðum ásamt flat-, véla- og malarvögnum aftaní þá: hjólaskóflur, veghefill, malarharpa, stórir traktorar sem mikið af búnaði er til á fyrir snjóhreinsun, línuvinnu og malarakstur og margt fleira. Tækjæignin fer ört stækkandi með ári hverju.

### Starfsfólk og aðsetur

Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 8-10 manns við fjölbreytta jarðvinnu ásamt skrifstofu- og verkstæðismanni. Sjá þeir bræður alfarið um daglegan rekstur fyrirtækisins. Skiptist vinna þeirra þannig að Steinþór er framkvæmdarstjóri og heldur meira utan um þann hluta sem snýr beint að rekstrinum en Reynir er meira úti í verkunum að stýra þeim. En þeir vinna þetta yfirleitt allt saman og reyna að vera með góða yfirsýn hverju sinni yfir það sem er í gangi þá stundina.

Húsakostur Austurverks í dag er að Lyngási 6-8 húseign sem félagið hefur nýlega fest kaup á og er um 500 fm og stendur á 6000 fm lóð sem kemur til með að nýtast fyrirtækinu vel til áframhaldandi uppbyggingar í framtíðinni.

### Framúrskarandi og til fyrirmyndar

Austurverk ehf. hefur verið á lista Viðskiptablaðsins og Keldunnar síðan 2017 sem fyrirmyndar fyrirtæki í rekstri. Einnig er það nú komið á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki Credit Info. Þeim árangri er ekki síst að þakka því úrvals starfsfólki sem Austurverk ehf. hefur haft frá upphafi.



Unnið að stórverkefni.

## B. Markan pípulagnir

Böðvar Markan fór ungur að starfa við pípulagnir líkt og faðir hans og bróðir. Hann slagsauð eirlagnir hjá nágranna sínum um kvöld og helgar og hóf nám hjá Marínó Jóhannssyni árið 1987. Þar starfaði hann við byggingu á Hótel Íslandi og lauk sveinsprófi 1992. Böðvar vann þá sem einyrki við flugskýli Flugleiða í Keflavík og kom sér vel að kunna að slagsjóða auk þess sem Böðvar lærði að lesa bandarískar teikningar. Meistaraprófi lauk Böðvar 1994 og gat hann sér gott orð fyrir vandvirkni og heiðarleika. Starfsemin vatt upp á sig og 2001 var B. Markan stofnað. Fleiri hendur þurftu til að sinna stærri hóp viðskiptavina og hefur Böðvar verið ötull við að ráða til sína nema. Einn þeirra er fóstursonur Böðvars, Brynjar Traustason sem starfað hefur hjá fyrirtækinu í 18 ár. Lengst af voru starfsmenn á bilinu 4 til 6, en nú eru þeir að jafnaði 8 til 10.

### Orðstír deyr aldregi

Frá upphafi hefur fyrirtækið lagt mikið upp úr því að skapa sér gott orðspor á grundvelli fagmennsku og gagnkvæms trausts. Á þeim grunni hefur fyrirtækið vaxið og dafnað í gegnum tíðina, bætt við sig viðskiptavinum og fjölbreyttari verkefnum. Böðvar og hans menn eru alkunnir fyrir snyrtimennsku og hreinasta verkstæði sem um getur. Vönduð vinnubrögð eru í fyrirrúmi og ganga þeir stoltir frá hverju verki.

### Þúsund tanga píparar

2011 tók fyrirtækið að sér að endurleggja allar neysluvatnslagnir í Hótel Loftleiðum ásamt því að endurgera anddyri, móttöku, sund og baðaðstöðu. Það reyndi á að sinna verkefni af slíkrri stærðargráðu en þá kom sér vel að vera með góðan mannafla. Verkið gekk vonum frammar, en samtímis sinni fyrirtækið öðrum smærri og fjölbreyttari verkum sem hafa ætíð verið grundvöllur rekstursins.

### Verkefni

B. Markan hefur starfað óslitið síðan 2001 en eftir því sem bæst hefur í starfsmannahópinn hafa verkefni orðið fjölbreyttari og sérhæfðari um leið. Víðsýni og þekking hafa ávallt verið ær og kýr Böðvars og hefur hann því getað boðið upp á alhliða þjónustu með áherslu á jarðvinnu. Gæðastjórnun, skilgreindir verkferlar, breidd og kunnátta einkennir B. Markan og fátt kemur þeim á óvart.

Fyrirtækið hefur sérhæft sig í flóknum verkefnum, svo sem jarðvinnu, drenlagna endurnýjun og skolp við erfiðar aðstæður. B. Markan tengir gamlar hefðir við nýjustu tækni og tekst á við nýjar áskoranir á hverjum degi. Slagorðið er „**vinnum í lausnum,**“ og í dag sinnir B. Markan reglulegri þjónustu við fasta viðskiptavini ásamt því að fá árlega yfir 700 verkbeiðni á vefsíðu sinni: [www.bmarkan.is](http://www.bmarkan.is)



Böðvar Markan og Brynjar Traustason.



Féðgar við vinnu.



Vel gerð mælagrind.





## ÁF hús / Leigugarðar



Álalind 14. / Ljós. Snorri Þór Tryggvason.

Fyrirtækið er stofnað árið 1991. Stofnandi þess og eigandi er Ágúst Friðgeirsson húsa-smíðameistari. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Meðeigandi Ágústs er Frímenn Frímennsson, fjármálastjóri.

### Fyrirtækið

ÁF hús ehf. er alhliða byggingafyrirtæki. Það hefur byggt yfir 700 íbúðir, skóla, sundlaugar, fjölda atvinnuhúsnæðis og ýmis umferðarmannvirki.

Aðsetur ÁF húsa ehf. er að Bæjarlind 4 í Kópavogi. Starfsmenn eru að jafnaði 10 til 12 talsins. Verkstjórar eru þeir Jón Gunnar Gíslason og Sigurður Sigurðsson.

Dótturfélag ÁF húsa er fasteignafélagið Leigugarðar sem annast sölu fastegina sem byggðar eru. Leigugarðar hafa verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja á lista Credit Info.

### Verkefni

Meðal nýlegra verkefna má nefna byggingu 86 íbúða að Hafnarbraut 14, iðnaðarhúsnæði að Tónahvarfi 6, þar sem um er að ræða 16 aðskilin bíl sem þó er hægt að sameina að óskum. Þá má nefna blokkina að Álalind 14 sem vakið hefur athygli fyrir klæðningu að utan sem skiptir litum eftir sjónarhorni. Þar eru allar íbúðir seldar fyrir löngu.

### Framtíðin

Hjá ÁF húsum er sífellt verið að og horft til framtíðar með hliðsjón af eftirspurn og markaðsaðstæðum. Fyrirtækið fylgist vel með framþróun í byggingatækni og hönnun húsnæðis til að geta tryggt gæði verka.



Bergþórugata 23. / Ljós. Tviðhorf arkitektar.



Hafnarbraut 14.



Frá afhendingu Umhverfisiðurkenningar umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs 2020. Áf hús og Tvihorf arkitektar fyrir frágang húss og lóðar að Álalind 14.





Dúkur soðin saman í Háskólanum á Akureyri.

## ÁK smíði



Parketlög, Sigursteinn.

ÁK Smíði var stofnað 2004 af Ármanni Ketilssyni húsasmíðameistara. Í byrjun var aðalverkefni fyrirtækisins parketslípun og lagnin á gegnheilu parketi ásamt viðhaldi og breytingum hjá nokkrum fyrirtækjum. Síðan fórum við að taka að okkur stærri verkefni og nýframkvæmdir. Við sérhæfðum okkur í að reisa límtréshús frá Límtré Vírnet og voru mörg þannig hús reist á árunum 2006-2009. Á árunum 2007-2010 byggðum við nokkur einbýlishús og einnig sáum við um að innrétta Menningarhúsið Hof. Eftir 2010 hefur aðalstarfsemin verið viðhald og breytingar ásamt sérhæfingu í lögnum á pvc dúkum á þök. Ármann Ketilsson stofnandi ÁK Smíði selur hlut í fyrirtækinu til þeirra bræðra Finns Jóhannessonar og Jóhannesar Gunnars Jóhannessonar árið 2014. Þegar nýir eigendur koma inn í félagið er stofnuð rafvirkjadeild og árið 2016 kaupir ÁK Smíði pípulagningarfyrirtækið Miðstöð en þar starfa í dag 12 manns. Í dag eru því starfandi yfir 50 manns hjá ÁK Smíði og Miðstöð. Árið 2018 festa félögin síðan kaup á núverandi verkstæði á Lónsbakka og voru þau þá sameinuð undir einu þaki.

### Starfsemin

ÁK Smíði hefur þá sérstöðu að geta útvegað smíði, rafvirkja, píparara, múrara, málara og járníðnaðarmenn allt innan sama fyrirtækisins, einnig sérhæfum við okkur í slípun á gólfum og lagnir á PVC dúk á þök auk þess sem byggst hefur upp yfirgripsmikil þekking á öllum almennum þak- og lekamálum. Einnig höfum við mikla þekkingu á raka- og myglumálum og við höfum fjárfest í búnaði sérstaklega fyrir þau verkefni. Þetta þýðir að við getum tekið að okkur hin fjölbreytilegustu verkefni og útvegað alla iðnaðarmenn í þau verk sem við tökum að okkur.

Árið 2020 einkenndist að miklu leyti af COVID-19 og afleiðingum þess. Bregðast þurfti við faraldrinum með ýmsum leiðum og m.a. skipta fyrirtækinu upp í vinnuflokka sem máttu ekki eiga samskipti sín á milli nema þá í gegnum síma. Ýmis kostnaður hlaut líka af þessu auk óhagræðis við að þurfa að skipta hópnum upp. Þetta gerði stjórnun fyrirtækisins flóknari og tímafrekari.

### Starfsmenn

Þegar ÁK Smíði var stofnað voru tveir starfsmenn en í lok árs voru þeir orðnir 5-6. Síðan stækkar fyrirtækið ört og árið 2008 voru 33 starfsmenn hjá ÁK Smíði. Síðan fækkar starfsmönnum smásaman niður í 20 manns árið 2009 og eru starfsmenn ÁK Smíði í kringum 20 allt til ársins 2015, þegar fyrirtækið fór að fjölga starfsmönnum aftur og í dag eru í kringum 40 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

### Verkefnin

Stærsta verkefni fyrri hluta ársins var uppsetning á stórrí og glæsilegri verslum H&M á Glerártorgi. Það verkefni var að þeirri stærðargráðu að skipta þurfti starfsmönnum í hópa



Stálsmiðurinn Jón Dan að störfum.



Rafvirki að smíða pottastýringu.

og aðskilja kaffistofur og snyrtingar svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir þetta allt tókst að skila verkinu á réttum tíma og fengu allir sem komu að verkinu mikið lof fyrir frá verkkaupa. Seinni hluta ársins hófst síðan endurbygging Lundarskóla þar sem önnur álman var gerð fokhæld vegna myglu. Þetta er mikið og flókið verk þar sem endurgera þarf allt húsið og ýmislegt sem kemur í ljós eftir því sem verkinu miðar áfram. Það hjálpar okkur að fyrir örfáum árum endurgerðum við Listasafnið í Gilinu á Akureyri sem var gríðarmikið og lærdómsríkt verkefni. Um haustið 2020 hófum við umsóknarferli fyrir innleiðingu Svansvottunar sem gerir okkur kleift að reisa umhverfisvæn og vottuð hús og er stefnt á að fyrstu Svansvottuðu fjölbýlishúsin rísi í Hörgársveit á haustmánuðum 2021.

### Stjórnendur

Framkvæmdastjóri félagsins er Finnur R. Jóhannesson og stjórnina skipa Ármann Ketilsson stjórnarformaður, Finnur R. Jóhannesson meðstjórnandi og Jóhannes Gunnar Jóhannesson meðstjórnandi.



Frá vinstri: Finnur R. Jóhannesson, Ármann Ketilsson og Jóhannes Gunnar Jóhannesson.



Uppsláttur í nýbyggingu, Högni.





Valsar.



Hús klætt með álklaðningu.

## Áltak



Guðmundur Hannesson, framkvæmdastjóri.

Frá því í kringum 1970 hefur létt, sveigjanlegt og endingargott frumefni áls sífellt sótt í sig veðrið sem helsti efniviður utanhússklæðninga hér á landi og þá helst í fjölbýlishúsum og atvinnuhúsnæði. Áltak sérhæfir sig innflutningi og miðlun álklaðninga og álundirkerfa auk tengdra vöruliða eins og þakefna, kerfislofta, kerfisveggja og brunakerfa ásamt innihurðum og fleiru. Markmiðið er bjóða upp á gæðaeefni sem stenst kröfur íslenskra aðstæðna og býr að margra ára endingartíma.

### Farsælt og vaxandi fyrirtæki

Áltak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum byggingamarkaði og hefur verið það frá stofnun þess árið 1997. Alla tíð hefur megin áhersla fyrirtækisins verið að veita heildarlausnir í álklaðningum og undirkerfum. Fyrirtækið hefur farið ört stækkandi og vöruframboð aukist til muna. Í dag bjóðum við upp á heildarlausnir í kringum klæðningar, hljóðvist, steypumót, iðnaðarhurðir, vöruhúsarekka og margt fleira. Á starfsstöð Áltaks í Fossaleyni 8 fer fram framleiðsla báruáls í hinum ýmsu prófílum. Vegna nálægðar framleiðslu bjóðum við upp á mjög skamman afgreiðslutíma klæðninga. Áltak er hluti af Fagkaup ehf.

### Viðskiptavinir

Helstu viðskiptavinir Áltaks eru byggingaverktakar, en mikill áhersla er lögð á að veita þeim skjóta og góða þjónustu á alla lund. Þá hefur fyrirtækið alla tíð leitast við að veita hönnuðum góð ráð varðandi útfærslur og lausnir á utanhússklæðningum, sem og innanhúss. Á sama hátt er lögð mikil rækt í gott samstarf við hönnunardeildir birgja í útlöndum, en íslensk veðrabrigði eru með þeim hætti að framleiðsla utanhússklæðninga krefst sérstakrar meðhöndlunar. Þrátt fyrir allt þetta hafa einstaklingar og nýbakaðir fasteignaeigendur komið sífellt sterkari inn sem viðskiptavinir, enda verður framleiðslan einfaldari í meðhöndlun með hverju árinu sem líður.

### Þjónusta

Húsbyggjendur og fasteignaeigendur standa oft frammi fyrir erfiðum ákvörðunum þegar velja á um ytra útlit húseigna og gildir einu hvort þar er um að ræða nýbyggingar eða endurbætur á eldra húsnæði. Helstu þættir sem ráða því vali eru útlit, gæði og verð. Að þessu leyti byggir starfsemi Áltaks á mikilli þekkingu og langri reynslu eigenda á byggingamarkaði og í skyldum greinum. Röng efnismeðhöndlun getur oft valdið miklu tjóni og því er ítarleg ráðgjöf til handa húsbyggjendum einhver veigamesti hluti þjónustunnar hjá Áltaki.

Í sýningarsal Áltaks að Fossaleyni 8 er hægt að leita til sérfróðra starfsmanna um efnisval og útfærslur á óteljandi formum og litamöguleikum utanhússklæðninga og tengdra vara. Þeir geta einnig aðstoðað við flókin tæknileg atriði eins og uppdrátt deililausna og álagsútreikninga, Viðskiptavinir geta látið gera sér tilboð í öll möguleg verk samkvæmt uppgefnum magntölum og forsendum. Sérstök áhersla er lögð á að allur efniskostnaður sé innifalinn í tilboðum, auk þess sem að efnis- og gæðavottorð séu ávallt fyririggjandi. Áltak leggur mikinn metnað í að hafa öll helstu efni og liti til reiðu á lager, en sérpantar eftir óskum hvers og eins.





Vinna við að skipta um þak og klæðningu, mynd tekin áður en verkið hófst.



Hér er sama hús og til vinstri, þar sem búið er að skipta um þak og klæðningu.

### Álklæðningar og undirkerfi

Þegar hugað er að er að gæðum og endingu mannvirkja skiptir efnisvalið mestu máli. Að velja sér gæðafni getur kostað sitt, en er þó oftast óverulegur hluti útgjaldaliðanna þegar upp er staðið og skilar sér undantekningalaust í hærra andvirði fasteignarinnar. Markmið Áltaks er bjóða eingöngu upp á gæðavöru frá þekktum og viðurkenndum framleiðendum. Stærstur hluti álklæðninga og undirkerfa koma frá þýska fyrirtækinu Alcan-Novelis sem er annálað fyrir sína endingargóðu og viðhaldsfríu framleiðslu. Allar klæðningar er þaktar öflugri PVDF lakkhúð sem er einstaklega veður- og álagsþolin og heldur litnum stöðugum í allt að 50 ár, á meðan hið sama á sambærilegum klæðningum fer venjulegast að gefa sig eftir 10 ár. Gerð undirkerfa er mjög úthugsuð, enda uppsetningin miðuð við langan endingartíma. Ávallt þarf að passa upp á að kerfin tengist hvergi óskyldum efnum sem geta valdið tæringu, en margar útfærslur, þykktir, litir og form eru í boði. Áltak býður einnig upp sérstakar samlokuálklæðningar frá Alpolic og Alucobound. Þar er um að ræða plötur byggðar úr tveimur álþýnum með illbrennalegum plastkjarna á milli. Samlokuálklæðningar eru sérlega hentugar við byggingu stálgrindarhúsa í öllum stærðarflokkum.

### Zink og kopar

Þeir sem að kjósa að fara aðrar leiðir í utanhússklæðningum, skal bent á að einnig er hægt að útvega sígildar zink- og koparklæðningar ásamt undirkerfum og festingum. Hér er um að ræða lifandi og aldagömul náttúruæfni sem veðrast skemmtilega með tímanum og taka sífelldum breytingum í áferð. Endingartíma efnanna má mæla í árhundruðum, en elsta heillega zink má t.d. finna í frönskum húsbyggingum frá Napóleónstímanum, en kopar er hinsvegar eitt af elstu náttúruæfnum og leifar af slíku fundist í nokkur þúsund ára gömlum húsarústum.

### Inniefni

Framboð á vörulíðum innanhúss efna er fjölbreytt og er þar helst á ferðinni kerfisloft, kerfisveggir, innihurðir, reyklúgur, reykræstibúnaður, brunakerfi og ýmsar veggjæningar ásamt hefðbundnum hurðum, þakgluggum og kúplum. Kerfisveggir búa að einstaklega hljóðdempandi eiginleikum og henta því vel sem skilrúm í fjölmönnum vinnustaðarymum. Veggirnir þar hafa orðið vinsælir á stuttum tíma, enda mjög meðfærilegir og einfaldir í uppsetningu.

### Steypumót

Áltak er umboðsaðili Doka á Íslandi og rekur öfluga mótaleigu sem býður uppá allar helstu lausnir í uppsteypu. Má þar nefna undirslátt, bogamót auk hefðbundina veggjamóta. Öll helsta þjónusta er við markaðinn, eins og plötuskipti og aðstoð við tæknilegar útfærslur.

### Starfsmenn

Hjá Áltaki starfa að jafnaði um 20 manns. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má nálgast inn á vefsíðunni [www.altak.is](http://www.altak.is)



Áltak, lager.



Weland bekkur.



Útrás Akureyri. Útrásarlögn dregin út á fjörð frá frá hreinsistöð í Sandgerðisbót á Akureyri 2019.

## Árni Helgason

Árni Helgason hóf sjálfstæðan atvinnurekstur árið 1981, þá í samvinnu við Svein Stefánsson. Frá árinu 1983 hafa Árni og Sigurbjörg Ingvadóttir rekið fyrirtækið ein og stjórnað því. Þau byrjuðu smátt, með eina hjólaskóflu og gerðu aðallega út á snjómokstur. Smám saman fjölgaði verkefnum og vélaflotinn stækkaði. Síðustu áratugi hafa aðalverkefnið að vetrinum verið snjómokstur í Ólafsfirði og víðar en á sumrin vegagerð og vinna við hafnarmannvirki. Eins og áður sagði eru eigendur fyrirtækisins Árni Helgason og Sigurbjörg Ingvadóttir og sjá þau um reksturinn.

### Verkefnið

Fyrirtækið hefur haft með höndum fjölmörg verkefni, meðal annars fyrir Vegagerðina, Samgöngustofu (hafnargerð) og Landsvirkjun. Verkefni hafa stækkað, umfang rekstrarins aukist og starfsmönnum fjölgað. Að auki á fyrirtækið tvo smábáta með kvóta sem gerðir eru út frá Ólafsfirði.

Reksturinn hefur gengið vel og verkefnastaða verið góð.

### Aðsetur og starfsmenn

Aðalstöðvar fyrirtækisins eru í Ólafsfirði en einnig er aðstaða í Hörgárbyggð þar sem það á verkstæði. Yfirbygging er lítil og sjá eigendur algerlega um stjórn og rekstur. Eins og gefur að skilja er starfsemin dreifð eftir því hvar verkefni eru hverju sinni og flytur fyrirtækið með sér eigin vinnubúðir. Fastir starfsmenn fyrirtækisins eru nú um 17 og fleiri yfir sumartímann.



Árni Helgason, eigandi.



Sigurbjörg Ingvadóttir, eigandi.





*Tangabryggja, Akureyri. Vinna við stálþil við Tangabryggju á Akureyri haustið 2019.*



*Kleifar. Lagning slitlags á veginn á Kleifum í Ólafsfirði sumarið 2011.*



Starfsmenn Áveitunnar árið 2020.

## Áveitan



Haraldur Pálsson og Jóhanna Sólrún Norðfjörð eigendur Áveitunnar ehf.

Fyrirtækið Áveitan ehf. var stofnað í Sandgerði þann 23. desember 1997 og hóf sitt fyrsta starfsár í janúar 1998. Áveitan er einkahlutafélag í eigu Haraldar Pálssonar og fjölskyldu og hefur í dag aðsetur að Njarðarnesi 4 á Akureyri. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í alhliða pípulögnum ásamt ýmsu öðru er við kemur verkefnum í iðnaði. Fyrirtækið hefur frá stofnun aflað sér mikillar reynslu og sinnir þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki um allt land. Gildi fyrirtækisins eru framsækni, fagmennska og heiðarleiki.

### Sagan

Í upphafi voru hjónin Haraldur Pálsson og Jóhanna Sólrún Norðfjörð einu starfsmenn fyrirtækisins. Fljótlega fjölgaði starfsmönnum Áveitunnar og meðal fyrstu verkefna fyrirtækisins voru fyrir Hitaveitu Suðurnesja við orkuverið í Svartsengi, öll lagnavinna við nýbyggingu Heiðarskóla í Keflavík, öll lagnavinna við Schengenbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli, ásamt öðrum stórum og smærri verkum.

Á miðju ári 2002 flutti Áveitan starfstöð sína frá Sandgerði til Akureyrar, þar sem hún er nú og er megin starfsemin á Norðurlandi eystra. Starfsemin teygir sig þó víðar, þ.e. allt frá Norðurlandi- eystra til Búrkína Fasó í Vestur-Afríku. Frá árinu 2015 hefur Áveitan tekið þátt í þróunarstarfi á vegum ABC barnahjálpar í Búrkína Fasó í Vestur-Afríku. Þar hefur verið borað eftir vatni og hafa starfsmenn Áveitunnar komið fyrir vatnsdælum, sólarcellum og vatnstönkum við stóran skóla sem ABC samtökin reka þar auk landbúnaðarskóla, ásamt því að kenna og skilja eftir þekkingu á svæðinu. Einnig hafa starfsmenn fyrirtækisins lagt þar allar nauðsynlegar áveitu- og neysluvatnslagnir. Fyrirtækið hefur einnig tekið að sér verkefni í Þýskalandi og Hollandi.

Gæðakerfi Samtaka iðnaðarins hefur verið innleitt hjá fyrirtækinu. Viðurkenningu Credit Info, fyrir það að vera framúrskarandi fyrirtæki, fékk Áveitan fyrst árið 2018 og síðan einnig 2019 og 2020. Árið 2019 var fyrirtækinu boðið að vera með kynningu á þróunarstarfi sínu í Búrkína Fasó á málstofunni „Þátttaka fyrirtækja í þróunarsamvinnu“ og kynnti Jóhanna Sólrún Norðfjörð verkefnið þar fyrir hönd Áveitunnar. Hjónin Haraldur og Jóhanna eru stjórnendur fyrirtækisins og er Haraldur framkvæmdastjóri og Jóhanna fjármálastjóri.

### Starfsemin

Áveitan hefur tengsl við ýmsa stóra birgja, bæði innanlands og erlendis og getur þannig tryggt sem besta þjónustu og skjótan afgreiðslutíma þar sem það á við. Fyrirtækið er í tengslum við fjölda verktakafyrirtækja og hefur þar af leiðandi getað boðið upp á heildarlausnir við framkvæmdir, megin starfsemin var í upphafi og fyrstu árin, almennar pípulagnir, stór sem smá verk, sem enn er ein af grunnstöðum í rekstrinum. Með árunum hefur starfssviðið stækkað. Í dag er Áveitan þjónustuaðili fyrir slökkvikerfi hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, sér um viðhald og þjónustu álpynnuverksmiðjunnar TDK ásamt því að þjónusta hin ýmsu fyrirtæki,



Vatnsveitu komið fyrir á Líflandi, þar sem rekinn er landbúnaðarskóli ásamt stúlkna- og drengjaheimili í Bobo í Búrkína Fasó í Vestur-Afríku.





Dariusz Zurawski, starfsmaður Áveitunnar, að störfum í Laxárvirkjun.



Starfsmenn Áveitunnar að störfum á Þeistareykjum.

m.a. tryggingafélög, Fasteignir Akureyrarbæjar, Félagsbústaði Reykjavíkurborgar, PCC á Bakka, Norðurorku, Landsnet, Landsvirkjun, Slippinn á Akureyri ásamt útgerðarfélagum og fiskvinnslum um allt land, þar sem um er að ræða mjög sérhæfð verkefni. Einnig sér Áveitan um uppsetningu á þvottakerfum í samstarfi við Sani-Mist í Hollandi. Þvottakerfin eru hönnuð fyrir matvælaíðnaðinn og allan iðnað þar sem kröfur eru gerðar um mikinn þrifnað.

### Aðstaða

Á síðast liðnum 22 árum hafa umsvifin oft verið mikil og verkefni fjölbreytt. Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt og ávallt sniðið sér stakk eftir vexti. Verkstæði og aðstaða fyrir starfsmenn hefur verið allt frá því að komast fyrir í einum flutningabíl upp í núverandi staðsetningu sem er að Njarðarnesi 4 á Akureyri. Nú á haustmánuðum árið 2020 opnaði fyrirtækið starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið er vel tækjum búið og starfsfólkið er framsækið og duglegt að kynna sér allar nýjungar.

### Mannauður og framtíðarhorfur

Verkefnastaða Áveitunnar er góð og starfsandinn er einnig mjög góður. Á hverjum vinnustað eru það starfsmennirnir sem láta verkin ganga og hefur það alla tíð verið markmið hjá Áveitunni að skapa starfsmönnum gott fjölskylduvænt umhverfi. Ef ekki væri fyrir gott starfsfólk, væri engin starfsemi. Í dag eru starfsmenn fyrirtækisins 20 talsins, fyrir utan þá undirverktaka sem fengnir hafa verið til starfa, þegar stór verk eru í gangi. Menntun starfsmanna er mismunandi og hjá fyrirtækinu starfa pípulagningameistarar, pípulagningasveinar, pípulagninganemar, smiðir og stálsmiðameistarar ásamt öflugum starfsfólki sem heldur utan um reksturinn. Í dag er fyrirtækið eitt stærsta sinnar tegundar á Norðurlandi. Margir starfsmenn Áveitunnar hafa starfað lengi hjá fyrirtækinu og hafa áratuga reynslu sem nýtist vel í að bjóða viðskiptavinum góða þjónustu, þekkingu og fagleg vinnubrögð sem er ávallt markmið fyrirtækisins, ásamt gæðamálum. Einkunnarorð starfsmanna eru:

„Besta mál og fínar græjur“. [www.aveitan.is](http://www.aveitan.is)



Alda María Norðfjörð skrifstofustjóri, Ingimundur Norðfjörð gæða- og mannaútsjóri og Tryggvi Haraldsson verkefnastjóri.



Áveitan hefur í dag góða aðstöðu að Njarðarnesi 4 á Akureyri, þar sem ýmskonar framleiðsla fer fram.



Starfsmenn og fjölskyldur Áveitunnar á Kaldbak, en þangað hefur hópurinn farið saman nokkrum sinnum í gegnum árin.



Starfsmenn B.E. Húsbygginga að sniða utanhússklæðningu.

## B.E. Húsbyggingar



Geirprúðarhagi 2, Akureyri. 28 íbúða fjölbýlishús með bílakjallara.

B.E. Húsbyggingar hafa starfað í byggingariðnaði frá árinu 2002. Félagið byggir íbúðarhúsnæði og selur. Á undanföllum árum hefur félagið byggt yfir 150 íbúðir og selt á almennum markaði á Akureyri.

Stefna fyrirtækisins er að byggja vandaðar og fallegar íbúðir, eiga gott samstarf við kaupendur og afhenda íbúðir ávallt á umsömdum tíma. [www.behus.is](http://www.behus.is)

### Sagan

Á fyrstu árum starfseminnar byggði félagið smærri eignir, s.s. einbýlishús og parhús. Þá voru eignirnar seldar ýmist fokheldar eða tilbúnar undir tréverk, allt eftir óskum kaupenda. Nokkrum árum seinna var skipt um gír og ákveðið að færa starfsemina yfir í að byggja fullbúnar eignir og var fyrsta verkefnið fjögurra íbúða raðhús. Í kjölfarið af því tók félagið að stækka nokkuð ört og verkefni stækkuðu hvert af öðru og starfsmanna fjöldi jókst. Tveimur árum seinna var fyrirtækið farið að reisa stærri fjölbýlishús á mörgum hæðum með margfalt fleiri íbúðum en áður.

Síðustu ár hefur félagið verið að reisa fjölbýlishús í Hagahverfi á Akureyri, þar hefur félagið byggt metnaðarfull fjölbýlishús með bílakjallara. Í dag afhendir félagið að jafnaði eitt fjölbýlishús, með u.þ.b. 30 fullbúnum íbúðum ár hvert.

Í dag er unnið við fjölbýlishús við Gudmannshaga á Akureyri sem afhent verður í sumar. Félagið hefur jafnframt tryggt sér til viðbótar lóðir fyrir tvö ný fjölbýlishús sem það mun reisa á næstu tveimur árum.

### Mannauður

Félagið er í eigu Jóns Páls Tryggvasonar, húsasmíðameista, sem rekur félagið ásamt bróður sínum Arnari Tryggvasyni. Í dag starfa hjá félaginu um 20 fastir starfsmenn, smiðir og verkamenn. Auk þess á félagið í traustu samstarfi við fyrirtæki sem starfa sem undirverktakar hjá félaginu, s.s. rafvirkja, pípara, múrara, málara o.fl.

B.E. húsbyggingar hafa hlotið viðurkenningu frá Creditinfo allt frá árinu 2017 og telst nú framúrskarandi fyrirtæki fjórða árið í röð.



Starfsmaður B.E. Húsbygginga að störfum.



Málari að störfum.





*Starfsmenn B.E. Húsbýgginga vinna við svalahandriði.*





Páll Gestsson.

## Bikun



Sigurður Óli Grétarsson, eigandi.

Verktakafyrirtækið Bikun ehf. er stofnað í Reykjavík í maí 2009. Stofnendur félagsins voru hjónin Gestur Pálsson og Linda Guðlaugsdóttir ásamt Sigurði Óla Grétarssyni og Selmu S. Gunnarsdóttur, eigendur Bikunar í dag eru Gestur og Sigurður Óli. Bikun er til húsa í eigin húsnæði að Íshellu 4 í Hafnarfirði.

### Starfsemin

Bikun ehf. er verktakafyrirtæki sem hefur sérhæft sig í lagningu bundins slitlags, þ.e.a.s. klæðingu sem er algengasta yfirborð þjóðvega í dag. Bikun sinnir einnig allri almennri jarðvegsvinnu ásamt snjómokstri og hálkuvörn í samstarfi við Íslenska gámafélagið og Malbikunarstöðina Höfða.

Stærsti verkkaupi Bikunar er Vegagerðin og verktakar í nýbyggingum, sem þurfa að skila vegum með bundnu slitlagi í verklok en einnig eru sveitarfélög og fyrirtæki á meðal viðskiptavina þar sem klæðing er orðin algeng á götum í þéttbýli, á flugvöllum og áningastöðum. Þá hefur færst í vöxt að bændur láti klæða heimreiðar að bæjum og félög sumarhúsa eigenda hafa í auknum mæli látið leggja klæðingu á stofnbrautir, aðkeyrslur og plön hjá sér.

Starfsemi Bikunar fer fram um allt land en hefur þó verið mest á Suðurlandi og Vesturlandi seinustu ár. Aðföng við framkvæmdir þ.e.a.s. steinefni í klæðingu, eru að stærstum hluta unnun í nálægð við verkstaði en bindiefnin (asphalt o.fl.) er flutt frá Reykjavík í tankbílum á verkstað. Bikbirgðastöðvar eru í öllum landsfjórðingum ýmist í einkarekstri eða í rekstri Vegagerðarinnar.

Það hefur verið kappsmál fyrirtækisins að skila vel unnu verki og á umsömdum tíma. Verkefni Bikunar frá stofnun skipta hundruðum, bæði stór og smá og má sem dæmi nefna Suðurstrandarveg sem unninn var í samstarfi við Suðurverk og Uxahryggjaleið upp frá Þingvöllum sem unninn var í samstarfi við Suðurtak. Ótal önnur verk mætti nefna til enda spannar saga eigenda Bikunar yfir 40 ár í klæðingum á vegum landsins.



Gestur Pálsson, eigandi.



Helgi Þór Guðjónsson.



Sigurður Óli og Gísli Samúelsson.





Útlögn á Kaldadal.

Verkefni dreifast víða um land og eru vissulega háð veðuraðstæðum. Keppst er við að ljúka sem flestum verkefnum fyrir veturinn og því geta vinnudagar oft orðið langir.

#### Starfsfólk

Að jafnaði starfa 6 til 7 manns hjá Bikun, en eru fjórir að jafnaði yfir veturinn.

#### Framtíðarsýn og samfélgasmál

Eigendur Bikunar telja ærin verkefni framundan þar eð viðhaldsþörf vega hefur safnast upp á liðnum árum og fáir verktakar sem hafa sérhæfingu í klæðingu eða öðrum gerðum af bundnu slitlagi. Bikun er eitt þeirra fyrirtækja sem láta verkin tala en ber ekki mikið á. Lítið er auglýst en Bikun ehf. styrkir ýmis góð málefni.



Snorri Óskarsson.



Útlögn ofan Geysis, júlí 2017.



Frá vinstri: Gísli Samúelsson og Samúel Þórir Drengsson.



Campurinn í Grímsnesi 2016.





## Blikk- og tækniþjónustan



Jónas Freyr Sigurbjörnsson og Helgi Heiðar Jóhannesson eigendur.

Blikk- og tækniþjónustan var stofnuð í desember árið 1991 á Akureyri af Sveini Björnssyni. Fyrirtækið hefur alla tíð verið til húsa í Kaldbaksgötu 2. Fyrstu árin störfuðu 5 - 7 manns hjá fyrirtækinu en í gegnum tíðina hefur það stækkað jafnt og þétt og í dag starfa þar tæplega 20 manns. Þar af eru sex með meistaraáttindi í blikksmiði, sex með sveinsbréf í blikksmiði og tveir með sveinsbréf í öðrum iðngreinum. Fyrirtækið er einnig með löggildan hönnuð í lagna- og loftræsikerfum. Fyrirtækið er með úttekið og viðurkennt gæðakerfi.

### Eigendur

Fyrirtækið skipti um eigendur í marsmánuði árið 2018 og í dag er það í eigu Helga Heiðars Jóhannessonar og Jónasar Freys Sigurbjörnssonar. Helgi Heiðar er framkvæmdastjóri og Jónas Freyr sér um verkefnastjórnun stærri verka og þjónustu loftræsikerfa.

### Starfsemin

Fyrirtækið sérhæfir sig í ráðgjöf og tæknilegum lausnum er snýr að loftræsingu og getur þannig þjónustað kúnnan frá byrjun verks til enda þess. Boðið er upp á ráðgjöf, hönnun og teikningu, smíðar, uppsetningar og þjónustu loftræsikerfa. Að auki tekur fyrirtækið að sér alla hefðbundna blikksmiði, klæðningar, vatnskassaviðgerðir, flasingar, reykrör og þakrennur. Fyrirtækið hefur á að skipa þauvönum blikksmiðum sem hæfa hverju verkefni fyrir sig.

### Aðsetur og tækjabúnaður

Blikk- og tækniþjónustan er í dag í 620 fm húsnæði sem er löngu sprungið fyrir þann rekstur og stendur það til bóta. Fyrirtækið er vel búið að ýmsum vinnsluvélum. Þar má helst nefna 3 tölvustýrðar beygjuvélar, handbeygjuvél, valsa, rilluvélar, suðuvélar, tölvustýrðar klippur, rúlluvél sem getur smíðað kantaða stokka með styrktarbrotum, samsetningarvél fyrir stokka, tölvustýrða skurðarvél, tíu bíla af ýmsum stærðum og allskonar handverkfæri. Einnig eru til ýmiss konar mælitæki til stillingar á loftræsikerfum og til bilunarleitar.

### Verkefni

Helstu verkefni eru uppsetningar loftræsikerfa og almenn blikksmiði. Stærstu loftræsiverkefni síðustu ára eru Naustaskóli á Akureyri, H&M Glerártorgi, Kids Cool shop Glerártorgi, Verksmiðjan Glerártorgi og verslunarmiðstöðin Norðurtorg á Akureyri ásamt fjölda minni kerfa. Markaðssvæði Blikk- og tækniþjónustunnar er nánast um allt land, en þó mest frá Höfn í Hornafirði að Blönduós, en megnið af verkum fyrirtæksins er á Akureyri. Einnig höfum við unnið verk í Rússlandi og Færeyjum við klæðningu lagna á síðustu árum.







## Blikktækni

Um mitt ár 1942 var stofnuð í Hafnarfirði blikksmiðja sem hlaut nafnið Dvergasteinn hf. Að stofnun Dvergasteins hf. stóðu ungir og framsýnir menn: Jes Ágúst Jónsson blikksmiðameistari, Alexander Guðjónsson vélvirkjameistari og Jón Sigurðsson vélvirkjameistari. Þeir keyptu gamalt kennsluhús Flensborgarskóla sem stóð við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði og hófu þeir starfsemi þar. Árið 1944 fluttu þeir starfsemi sína í nýtt húsnæði að Norðurbraut 41. Í fyrstu voru starfsmenn 4, en fjölgaði síðan upp í 6. Meðal annars framleiddi Dvergasteinn þvottapotta sem voru mjög vinsælir. Þeir framleiddu einnig netabaujur fyrir fiskibáta, síðar tóku plastbaujur við. Dvergasteinn hóf innflutning á gleri og voru fyrstir með framleiðslu á tvöföldu gleri á Íslandi.

### Sagan


Árið 1958 keypti Jes Ágúst Jónsson fyrirtækið og nefndi það Blikksmiðja Ágústar Jónssonar. 1970 tók hann Einar son sinn inn í fyrirtækið og þeir stofnuðu saman Blikksmiðju Hafnarfjarðar hf. Í stjórn félagsins var Einar Jes Ágústsson blikksmiðameistari sem annaðist daglegan rekstur. Meðstjórnendur voru Jes Ágúst Jónsson og Birna G. Ástvaldsdóttir. 17. janúar. 1978 störfuðu þar 18 manns, 3 meistarar, 4 sveinar, 4 lærlingar og 7 aðstoðarmenn, þar af ein stúlka. Við lok ársins 1980 hefur smiðjan útskrifað 8 sveina í blikksmiði. 1980 flutti blikksmiðjan í eigið húsnæði að Helluhrauni 2a. Þar var farið út í tilboð í lofthita og loftræstikerfum fyrir skóla og stærri byggingar, en til að hægt væri að gera tilboð í skóla og önnur hús á vegum Reykjavíkurborgar þurfti fyrirtækið að breyta nafni Blikksmiðju Hafnarfjarðar hf. í Blikktækni ehf. (pólitík).

### Starfsemin

Hjá Blikktækni var handverk alltaf í hávegum haft og eftir að flutt var að Kaplahrauni 2-4 lagaðist öll aðstaða og verkefniin urðu stærri, svo sem flugstöðin í Keflavík, allar milliveggja-stoðir um það bil 120 tonn af blikki og öll smíði undir landganginn. Eins og áður segir var mest unnið í loftræstikerfum, klæðningum á þökum eins og til dæmis verkfræðingahúsið, skiptistöðin í Mjódd en gullmolinn okkar er kapellan á Jófríðarstaðartúni í Hafnarfirði, þar sem læst sinkklæðning var lögð á þök hennar. Loftræstikerfið í Bláfjallskálanum, flugeldhúsið á Keflavíkflugvelli, loftræstikerfið á Hlemmi sem er í notkun í Mathöllinni og svona mætti lengi telja.

### Fyrirtækið

Við héldum okkar striki með 12 manns í vinnu og vorum komnir út í almenna blikksmiðabjónustu til ársins 2012 en þá var síðustu starfsmönnum sagt upp störfum. Við leigjum húsnæðið og aðstöðuna til blikksmiðjunnar Blikkhellu ehf. frá 1. apríl 2018. Nafn Blikktækni ehf. og Blikksmiðja Hafnarfjarðar ehf. eru enn skráð og eru í hvíldarstöðu.



Einar Jes Ágústsson, blikksmiðameistari.





Bragi Guðmundsson og Óli Garðar Axelsson.



Límtrésbitar hífðir upp á Reykjanesi.

## Bragi Guðmundsson



Bragi Guðmundsson og Sveinbjörn Bragason.

Bragi Guðmundsson húsasmiðameistari hefur starfað sem sjálfstæður verktaki við húsasmiði og mannvirkjagerð frá 10. maí 1980. Í um það bil 9 ár áður vann hann við almenna byggingavinnu, bæði múrverk og smíðar. Fyrsta húsnaðið fyrir starfsemi fyrirtækisins var gamall fiskhúsbraggi sem tekinn var á leigu í Garði. Í byrjun var helst unnið við viðhalds- og nýbyggingarvinnu og í kjölfarið útboðsvinnu. Fyrstu árin unnu að jafnaði 6 manns hjá Braga og jafnframt var rekið trésmíðaverkstæði.

Árið 2006 er eignarhaldsfélagið Bragi Guðmundsson ehf. stofnað. Sonur Braga, Sveinbjörn Bragason, kemur inn í félagið en hann hafði þá starfað hjá fyrirtækinu frá því að hann byrjaði að vinna og sér hann um daglega verkstjórn. Í stjórn fyrirtækisins sitja Bragi Guðmundsson, Valgerður Þorvaldsdóttir og Sveinbjörn Bragason. Aðsetur er að löngörðum 3 í Garði.

### Verkefni

Frá upphafsárum hefur fyrirtækið reist mikið af íbúðar- og atvinnuhúsnæði á Suðurnesjum og víðar. Meðal verkefna Braga voru fyrstu fjölbýlishúsin í Garði. Byggðar hafa verið um eitt hundrað íbúðir og einbýlishús í sveitarfélaginu og eru þar af 44 parhúsaíbúðir fyrir Búmenn. Nýbyggingar og þjónusta tengd sjávarútveginum hefur verið stór hluti af verkefnum Braga Guðmundssonar ehf. frá upphafi. Fjöldi fiskvinnsluhúsa hefur verið byggður í Sandgerði og Garði undanfarin ár og eru þessi sjávarútvegsfyrirtæki ómissandi fyrir atvinnulífið á svæðinu. Um þessar mundir reisir fyrirtækið um það bil 4000 fermetra uppsteypta fiskþurrkerksmiðju fyrir Laugafisk ehf. á Reykjanesi. Þar er um að ræða tveggja ára verkefni. Af nýlegum verkefnum tengdum sjávarútvegi má nefna hátækni fiskvinnslubyggingar fyrir Seacrest Iceland ehf. og Marmeti ehf. og skrifstofuturn fyrir Nesfisk.

Önnur stærri verkefni undanfarin ár í Garði eru meðal annars stækkun Gerðaskóla og stækkun íþróttamiðstöðvarinnar, Byggðasafnið á Garðskaga, bygging stjórnsýslu- og skrifstofuhúsnæðis sveitarfélagsins og leikskólinn Gefnarborg. Af öðrum verkum má nefna Steypustöðina í Helguvík, verslun Samkaupa í Sandgerði og turn Kaupfélagsins við Krossmóa í Keflavík. Bragi Guðmundsson ehf. hefur einnig komið að fjölda verkefna í samvinnu við Grindina ehf. í Grindavík, m.a. íbúðarhús forseta Íslands á Bessastöðum og verkefnum tengdum Hitaveitunni í Svartsengi og saltverksmiðju á Reykjanesi.

### Starfsemi

Hjá Braga Guðmundssyni ehf. starfa í dag um 20 manns, auk fjölda undirverktaka, en að jafnaði starfa um 10-15 manns hjá fyrirtækinu. Margir hverjir hafa unnið þar samfellt undanfarin 20-30 ár og myndað traustan og góðan kjarna starfsmanna. Starfsmannafélag fyrirtækisins heldur árlega golfmót og veislur og skipuleggur ferðir fyrir starfsmenn. Framundan er frekari uppbygging íbúðarhúsnæðis á svæðinu og áframhaldandi þjónusta við bæjarfélög og



Golfmót starfsmannafélagsins, BG Open, á Sandgerðisvelli, sumarið 2019



Markús Már Magnússon til vinstri, Óli Garðar Axelsson og Ragnar Helgi Friðriksson.





Ragnar Helgi Friðriksson fjær og Magnbór Breki Ragnarsson.



Lagning gangstétta í Sandgerði. Fremstur á mynd er Ólafur Arthúrssón.

atvinnulíf á Suðurnesjum. Sumarið 2019 hefst vinna við undirbúning á 40 íbúðum í rað- og parhúsum við nýjar götur í sameinuðu bæjarfélagi Garðs og Sandgerðis, Suðurnesjabæ.



Gólfplötusteypa fyrir Laugafisk ehf á Reykjanesi.





Skyggisbraut 14, 16, og 18 í byggingu.



Friggjarbrunnur 44.

## Bygg Ben



Benedikt Gabriel Jónsson, eigandi.

Bygg Ben ehf. var stofnað í Reykjavík árið 1997. Benedikt Gabriel Jónsson stofnaði fyrirtækið og er eigandi þess. Frá upphafi hefur félagið fengist við byggingastarfsemi og reist bæði íbúðir og atvinnuhúsnæði. Flatarmál getur spannað allt frá 60 fm íbúðum til 300 fm glæsilegra einbýlishúsa, auk stærra og minna atvinnuhúsnæðis. Félagið er rekið sem einkafyrirtæki á markaði þar sem töluvert er um samkeppni. Fyrirtækið hefur lágan prófíl, auglýsir sig ekki og selur sínar byggingar í gegnum fasteignasölu.

Bygg Ben hefur aðsetur að Lambhagavegi 29 og hefur hvorki síma né netsíðu þar sem fyrirtækið starfar eingöngu fyrir sig sjálft og lætur fasteignasala um að koma fullbyggðum húsum í verð eins og áður sagði.

### Aðföng

Það er að mörgu að hyggja þegar reisa þarf hús og aðföng eru margs konar. Bygg Ben sækir aðföng sín til íslenskra birgja.

### Starfsfólk

Fjöldi starfsmann er síbreytilegur allt eftir verkefnastöðu eða frá 5 starfsmönnum til 50 starfsmanna. Á liðnu sumri þurfti að grípa til ráðstafana þar sem einn starfsmaður smitaðist af COVID-19. Benedikt hyggst draga úr starfseminni næstu misseri og stefnir að því að hætta í bransanum í lok 2025.

### Velta

Veltan í gegnum tíðina hefur numið frá 100 milljónum króna allt að 2 milljörðum og er um þessar mundir á milli hálfur og einn milljarður króna.

### Fyrirmyndarfyrirtæki

Fyrirtækið hefur komist í hóp fyrirmyndarfyrirtækja á lista Creditinfo.

### Samfélagsmál

Bygg Ben lætur til sín taka þegar kemur að því að styrkja góð málefni og mánaðarlega eru verulegir styrkir látnir af hendi rakna til þeirra.



Séð ofan í steypugrunn.





Ný brú hífð í heilu lagi við Sultartangavirkjun.



Pjetur Júlíus Óskarsson og Kristján Reynald Hjörleifsson.

## DS-Lausnir

DS-Lausnir ehf. var stofnað árið 2002 og hófst eiginleg starfsemi árið 2003. Það var Daníel Sigurðarson sem stofnaði fyrirtækið og var stefnan í upphafi sett á þjónustu við byggingakrana og tengd tæki. Fljótt vatt fyrirtækið upp á sig og raunar hófst strax útleiga á alskyns tækjum tengdum byggingariðnaði og þjónustu við þau. Starfsmannafjöldi jókst hratt og velgengni var mikil enda blómstraði byggingariðnaðurinn fram til 2008. Eins og gefur að skilja þá markaði efnahagshrunið þáttaskil hjá DS-Lausnum þar sem meginþorri viðskiptavina fyrirtækisins hættu og þeir sem eftir stóðu voru flestir í kröggum. En hrunið bauð einnig upp á tækifæri til breytinga og á næstu árum þá fóru DS-Lausnir að þenja út þjónustuframboð sitt með því að bæta við bílkrönum og sértækum flutningstækjum. Árið 2012 þegar efnahagslíf Íslendinga var komið á skrið á ný var fyrirtækið nokkrum skrefum á undan flestum þar sem aldrei hafði komið til uppsagna og mannaðurinn orðinn gríðarlega verðmætur. DS-Lausnir fóru þarna að bjóða upp á heildarlausnir fyrir viðskiptavinum sínum og sinna heildarverkum frá upphafi til enda með tilliti til skipulags og samhæfingar mismunandi þjónustupáttanna. Þetta mælist mjög vel fyrir og jókst þannig tækjafloki fyrirtækisins hratt þar sem flutningar og hífingar fóru að spila meira saman. Á næstu árum bættu DS-Lausnir við söludeild og hófu að flytja inn nýja byggingakrana frá ítalska framleiðandanum Cattaneo Gru og spænska framleiðandanum Comansa. Þessi vörumerki urðu fljótt leiðandi og vel liðin hérlendis við þá miklu endurnýjun sem varð að eiga sér stað hjá verktökum.

### Þjónusta og verkefni

Í dag er starfsemin enn með sama leiðarljósi og í upphafi, þ.e. að vera þjónustufyrirtæki við byggingariðnaðinn. Þó hefur í árunna rás bæst við mikil þjónusta við sjávarútveg og stóriðju. Fyrirtækið er með söludeild, tækjaleigu, þjónustudeild bílkrana, flutningsdeild og viðhaldsdeild og hefur starfsmannafjöldi verið á bilinu 20-30 manns lengi vel.

Dagleg verkefni geta verið gríðarlega fjölbreytt enda er þjónusta fyrirtækisins margvísleg. Vinna við flutninga á fullbyggðum húsum, hífingar á bílkrönum, þjónusta við byggingakrana, útleiga á skotbómulyfturum, krönum, rafstöðvum og byggingatengdum hlutum er sívaxandi hluti starfseminnar.

### Mannauður og aðsetur

Mannauður hefur alla tíð verið aðalsmerki DS-Lausna og hefur fyrirtækið yfir að ráða reyndum og úrræðagóðum starfsmönnum sem hafa margir fylgt fyrirtækinu um langa hríð. Árið 2018 byggðu DS-Lausnir sér nýjar höfuðstöðvar að Breiðhelli 22 í Hafnarfirði og hafa þar yfir að ráða 1200 fm húsi á 9000 fm lóð og er því öll starfsemin undir einu þaki.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn DS-Lausna er einbeitt að halda sínu striki sem þjónustufyrirtæki á fyrirtækjamaarkaði aðallega og eru engar ráðagerðir um að missa sjónar á þessum tilgangi sem hefur verið leiðarljósið frá upphafi.



Þjónusta við byggingakrana við hótélbygginu Landborga.



Nýbyggingar hífðar og fluttar í heilu lagi á Bildudal.



Gylfi og Gunnar áttu frumkvæðið að byggingu Smáralindar verslunarmiðstöðvar sem er 62.500 fm. og var opnuð 2001. Hefur nú verið lokið við byggingu Norðurturmsins við Smáralind sem er 15 hæða skrifstofubygging sem er 18.172 fm.

## Byggingarfélag Gylfa og Gunnars



Gunnar Þorláksson.

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. var stofnað af þeim Gylfa Ómari Héðinssyni, múrara-meistara og Gunnari Þorlákssyni, húsasmíðameistara árið 1984.

### Verkefnin

Vegna takmarkaðs framboð á lóðum á fyrstu árum fyrirtækisins tóku þeir félagar þá ákvörðun að fjárfesta sjálfir í landi undir byggingar og sjá um skipulag og alla framkvæmd sem þróaðist með árunum í að sjá einnig um alla jarðvegsvinnu og gatnagerð í samvinnu við önnur fyrirtæki og sveitarfélög. Einnig voru gerðar landfyllingar eins og í Sjálandshverfi í Garðabæ þar sem voru byggðar 400 íbúðir og í Naustavörinni á Kársnesinu í Kópavogi sem er enn í uppbyggingu. Búið er að byggja og afhenda í desember 2020 tæplega 300 íbúðir og er svæðið ennþá í uppbyggingu og á næstu árum verða byggðar í Naustavörinni vel á annað hundrað íbúðir til viðbótar. Uppbyggingu í Sjálandshverfinu í Garðabæ lauk 2019 með afhendingu á 42 íbúða fjölbýlishúsi við Strikið 1a, b og c.

Uppsteypu á íbúðarhúsum í Lundinum í Kópavogi er lokið og voru síðustu íbúðir afhentar til eigenda í árslok 2020, raðhús, parhús og fjölbýlishús. Lúndarhverfið samanstendur af um 400 íbúðareiningum

Gylfi og Gunnar áttu frumkvæðið að byggingu Smáralindar verslunarmiðstöðvar sem er 62.500 fm og var opnuð 2001. Hefur nú verið lokið við byggingu Norðurturmsins við Smáralind sem er 15 hæða skrifstofubygging sem er 18.172 fm og lauk frágangi byggingarinnar á vegum BYGG 2018.

BYGG festi kaup á landi í Hlíðahverfi í Keflavík/Reykjanesbæ þar sem skipulögð er íbúðarbyggð. Fyrsta skóflustungan var tekin 1. apríl 2017 og voru byggðar í fyrsta áfanga 48 blokkaríbúðir, 16 íbúðir í parhúsum, 7 íbúðir í raðhúsum og 15 einbýlishús samtals 86 íbúða einingar. BYGG sá um allar jarðvinnu og gatnagerð og uppbyggingu húsa og er nú þegar búið að fullklára í þennan fyrsta áfanga. Næsti áfangi er kominn í gang og er reiknað með um 400 íbúðum 55-150 fm.

BYGG er með í uppbyggingu 8 fjórþýlishús við Stuðlaskarð 1-15 í Skarðshlíðarhverfi í Hafnarfirði samtals 32 íbúðareiningar og lýkur uppsteypu á þeim húsum í lok 2020. BYGG fékk úthlutað þremur lóðum í Hamarsneshverfi í Hafnarfirði og hefst jarðvinna þar fljótlega en þar eiga að rísa á vegum Bygg 75 íbúðir, einnig hefur félagið fengið úthlutað 65 íbúða þróunarreit Hamraneshverfi.

BYGG festi kaup á byggingarlandi í Setbergslandi í Garðabæ þar sem áætlað er að risið geti allt að 2500 íbúða byggð en það land er í deiliskipulagsferli og verður líklega ekki byggingarhæft fyrr en 2025.

BYGG tók að sér gerð gefrigrasvallar við Reykjaneshöllina í Reykjanesbæ og gekk það verk vel. Núna hefur Byggingarfélag Gylfa og Gunnars á þessum 36 árum byggt 2.928 íbúðir samtals 361.163 fm og 24 atvinnuhúsnæði samtals 90.258 fm og er hluti af þessu atvinnuhúsnæði í eigu Bygg og í útleigu til fjölbreyttrar starfsemi.





Lundur í Kópavogi, raðhús, parhús og fjölbýlishús.  
Lundarhverfið samanstendur af 242 íbúðareiningum.

### Mannauður

Stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins leggja sig fram við að sýna mikinn metnað og vandvirkni í öllum sínum verkum með traustum og öruggum vinnubrögðum og hefur félagið fengið fjölmargar viðurkenningar fyrir hönnun húsa og frágang lóða. BYGG er með höfuðstöðvar að Borgartúni 31 og starfa hjá fyrirtækinu um 180 manns dreift um vinnusvæðin.



Sjálандshverfi í Garðabæ.



Hlíðahverfi í Keflavík/Reykjanesbæ.



Uppbyggingu Sjálандshverfis í Garðabæ lauk 2019 með afhendingu á 42 íbúða fjölbýlishúsi við Strikið 1a, b og c.





*Glaðheimahverfi í Kópavogi er glæsilegt nýtt hverfi þar sem Bestla hefur átt stóran þátt í uppbyggingu nýrra íbúða.*

## Byggingarfélagið Bestla



*Dalbraut 4 á Akranesi, 26 íbúða fjölbýlishús með þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á jarðhæð.*

Bestla byggingarfélag er ungt félag sem var stofnað árið 2014. Síðan þá hefur félagið vaxið hratt og á skömmum tíma afhent um 34.000 fermetra af atvinnu-, þjónustu- og íbúðarhúsnæði auk þess að vera með ríflega 42.000 fermetra í þróun og byggingu. Hjá okkur starfar öflugt teymi fagaðila sem hefur fjölbreyttan bakgrunn á sviði hönnunar og byggingu fasteigna.

### Fyrirtæki innan fjölskyldunnar

Bestla byggingarfélag var stofnað í mars 2014. Upphaflega er félagið fjölskyldufyrirtæki, stofnað af þeim feðgum Garðari Erlendssyni, verkta og blikksmiðameistara og Jóni Ágústi Garðarssyni, blikksmiðameistara og véla- og orkutæknifræðingi og framkvæmdastjóra Bestlu. Árið 2016 bættist Guðjón Helgi Guðmundsson húsnæðisráðgjafi, í eigendahópinn og gegnir hann stöðu stjórnarformanns. Árið 2019 fór Garðar á eftirlaun og nýtur nú efri árana í einu af fjölbýlum Bestlu í Kópavogi.

### Fólkið okkar

Bestla fylgir ströngustu gæðakröfum við framkvæmd bygginga. Við höfum á að skipa öflugum teymi sem samanstendur af tæknifræðingum, verkefnastjórum, viðskiptafræðingum, húsnæðisráðgjöfum, blikksmiðameistara-, pípulagninga- og málameisturum ásamt ráðgjöfum. Saman búum við að gríðarlegri reynslu á sviði hönnunar, þróunar, byggingar og eftirfylgni fasteigna. Fastráðnir starfsmenn hjá Bestlu eru 27 talsins en á hverju ári vinna um 80 undirverktakar hjá okkur í fullu starfi. Við veljum með okkur reynslumikið fólk og leggjum mikla áherslu á að rækta samstarf við trausta fagaðila sem stunda vönduð vinnubrögð.

### Öflug uppbygging

Fyrsta eignin í eigu Bestlu var fjölbýli við Boðarþing 2-4 í Kópavogi, sem félagið keypti fullbúið að utan. Með kaupnum eignuðumst við okkar fyrstu íbúðir, 28 talsins. Fyrsta fjölbýlishúsið sem Bestla byggði frá grunni er við Álalind 10 í Kópavogi. Í framhaldinu var farið í framkvæmdir á 11 hæða fjölbýlishúsi við Bæjarlind 5 í Kópavogi með alls 45 íbúðum og síðar á 57 íbúða fjölbýlishúsi við Álalind 18-20. Í fyrsta áfanga í Glaðheimahverfi hefur Bestla því byggt þrjú fjölbýlishús með alls 113 íbúðum, eða um þriðjung íbúða í þessum fyrsta áfanga Glaðheimahverfis. Við erum mjög stolt að hafa átt svo stóran þátt í uppbyggingu á nýju og glæsilegu hverfi í Kópavogi. Á Akranesi var árið 2020 lokið við framkvæmdir á þjónustumiðstöð og 26 íbúðum fyrir aldraða við Dalbraut 4. Í dag eru framkvæmdir á Akranesi við tvö fjölbýlishús við Þjóðbraut 3 og 5, með alls 76 íbúðum. Frá stofnun Bestlu fyrir sjö árum höfum við byggt 4 eignir frá grunni, tekið við og klárað sex verkefni og afhent alls 189 íbúðir eða 30.400 fermetra af vönduðum eignum.



*Álalind 10, viðhaldslitið fjölbýli í miðju Glaðheimahverfis. Hönnuður: Kristinn Ragnarsson.*





Ármann Kr. Ólafsson tekur skóflustungu að síðustu nýbyggingu í fyrsta áfanga Glæðheimahverfisins í Kópavogi ásamt þeim Jóni Ágústi Garðarssyni framkvæmdastjóra Byggingarfélagssins Bestlu ehf. og Eggerti Árna Gíslasyni stjórnarformanni Glæðsmiðis ehf.

### Byggt í heimabyggð

Höfuðstöðvar Bestlu eru við Akralind 8 í Kópavogi. Enn sem komið hefur félagið nær eingöngu byggt í Kópavogi en okkur varð snemma ljóst að bæjarfélagið stundar fagleg og nákvæm vinnubrögð sem falla vel að starfsemi Bestlu. Við leggjum mikinn metnað í að kaupendur fái íbúðirnar sínar afhentar á réttum tíma og þá vegur þungt skilvirkni allra þeirra sem að ferlinu koma. Að auki kýs Bestla að byggja hús sem eru hluti af vel skipulögðum hverfum. Vönduð íbúð í traustu húsi er enn verðmætari ef hún er staðsett í umhverfi þar sem fólk dafnar líka utan steyptra veggja heimilisins. Uppbygging Kópavogs hefur verið mikil síðustu ár og við erum afar þakklát að hafa fengið að vera þátttakendur í þeirri vegferð.

### Frá Hvarfahverfi til Akraness

Bestla er í dag með tvö stór verkefni í þróun. Annað þeirra brýtur upp hefðina og færir okkur alla leið til Akraness en hitt er í heimahögunum í Hvörfunum í Kópavogi.

Árið 2018 undirritaði Bestla samning við Akraneskaupstað um byggingu 1.330 fermetra þjónustumiðstöð fyrir aldraða við Dalbraut 4. Um er að ræða fimm hæða hús með 26 íbúðum, þjónustu- og verslunarrýmum á fyrstu hæð auk bílakjallara. Afhending íbúða og þjónusturýmis fór fram sumarið 2020. Í framhaldi mun Bestla reisa til viðbótar tvö fjölbýli á samliggjandi reitum milli Dalbrautar og Þjóðbrautar. Alls verða 76 íbúðir í húsunum. Einnig er Bestla með í þróun 3.100 fermetra atvinnuhúsnæði við Tónahvarf í Kópavogi sem verður hannað fyrir rekstur stærri og smærri fyrirtækja.

### Horft til framtíðar

Hluti af okkar framtíðarsýn felst í að tryggja að öll okkar verkefni séu byggð eftir sömu forskrift. Við viljum að viðskiptavinir okkar geti treyst því að við fylgjum ströngustu gæðakröfum og séum sífellt að uppfæra og betrubæta verkferlana okkar. Með stöðugum umbótum getum við markvisst byggt traustari stoðir fyrir öflugra atvinnustarfsemi og vönduð heimili fyrir blómlega og blandaða byggð eldri og yngri kynslóða.

Bestla er styrktaraðili handknattleiksdeildar HK. Með því viljum við styðja öflugt ungmenna- og íþróttastarf í þeim bæjarfélögum sem við störfum í.



Bæjarlind 5 hlaut viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs 2019 fyrir vistvæna hönnun og framkvæmd. Hönnuðir: Hornsteinar Arkitektar.



Pingvellir, malbikun.

## Colas Ísland



Sigbór Sigurðsson, verkfræðingur framkvæmdastjóri.

### Stjórn fyrirtækisins frá 2009:

Hans Oluf Krog, forstjóri  
Colas Danmark, formaður stjórnar

Anne Wennevold, fjármálastjóri  
Colas Danmark, varaformaður stjórnar

Sigbór Sigurðsson, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri,  
Sigbór Sigurðsson

Fjármálastjóri,  
Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir

Colas Ísland hf. er langstærsta malbikunarfyrirtæki landsins og á að baki flest stærstu og flóknustu malbiksverkefni sem innt hafa verið af hendi hér á landi á undanförunum árum. Fyrirtækið sinnir jafnframt framleiðslu og sölu á bindiefnum til vegagerðar og veitir þjónustu á öllum sviðum er tengjast notkun stungubiks til vegagerðar. Mikilvægur þáttur starfseminnar felst í metnaðarfullri þróunarvinnu í samvinnu við tæknimenn Colas í Evrópu, auk þess sem mikil áhersla er lögð á umhverfis- og öryggismál. Í þessu skyni er rekin sérhæfð rannsóknarstofa sem sinnir öllum gæðamálum fyrirtækisins og hlýtur hún vottun tvisvar á ári af BSI (British Standards). Colas veitir viðskiptavinum metnaðarfulla þjónustu og faglega ráðgjöf, þeim að kostnaðarlausu, varðandi verkefni og úrbætur. Fyrirtækið hefur séð um malbikun í öllum jarðgöngum landsins undanfarin 25 ár eða síðan Vestfjarðargöngin voru gerð og nú síðast sá Colas um malbikun í Vaðlaheiðargöngum sem undirverktaki hjá ÍAV og Dýrafjarðargöngum fyrir Suðurverk. Flóknustu verkefni hverju sinni eru malbikun flugvallar. Colas hefur valist til stærstu verkefna á því sviði hér á landi; endurbyggingu Reykjavíkflugvallar 2000-2001 og Akureyrarflugvallar 2008-2009, ásamt langstærsta verkefni félagsins til þessa sem var endurnýjun slitlags á báðum aðalflugbrautum Keflavíkflugvallar árin 2016-2017. Eins og að líkum lætur hefur Vegagerðin verið stærsti og dyggasti viðskiptavinurinn í gegnum tíðina, en þar á eftir kemur þjónusta við sveitarfélög og verktakafyrirtæki sem vinna að nýbyggingum vega og gatna.

Skrifstofur félagsins eru á Reykjavíkurvegi 74 í Hafnarfirði en malbikunarstöð og rannsóknarstofa eru að Gullhelli 1 í Hafnarfirði. Bikbirgðastöð er staðsett að Óseyrarbraut 16 við Hafnarfjarðarhöfn. Verktæði og fræsingadeild hafa aðstöðu að Álfhelli 8 í Hafnarfirði. Á Akureyri er rekin malbikunarstöð í Ægisnesi og bikbirgðastöð við höfnina í Krossanesi. Nýjasta viðbótin er malbikunarstöð sem staðsett er á Reyðarfirði. Færanleg malbikunarstöð getur og hefur farið um allt land og sinnt verkefnum á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og Höfn í Hornafirði.

Meðalársverk Colas á undanförunum árum hafa verið á bilinu 80-100. Heildarvelta er að jafnaði um 5-6 milljarðar króna.

### Sagan

Jarðvinnuverktakafyrirtækið Hlaðbær var upphaflega stofnað árið 1963. Fyrirtækið annaðist um árabíl gatnagerð fyrir ýmis bæjarfélög og tók frá árinu 1975 þátt í lagningu slitlags fyrir Vegagerð ríkisins. Árið 1986 var rekstur Hlaðbæjar seldur til Byggingafélagsins hf. Í beinu framhaldi var 49% hlutafjár selt til danska fyrirtækisins Colas Vejermateriale A/S. Nýtt félag fékk nafnið Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. Colas Danmark A/S er í dag eini eigandi Colas Ísland hf. og er hluti af Colas samsteypunni. Móðurfélagið er Colas SA í Frakklandi sem er stærsti malbiksverktaki í heimi. Með alla þess uppsöfnuðu þekkingu og reynslu





Útlögn, flugbraut í Keflavík.

Framhald á næstu opnu →

hóf Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. opinberlega starfsemi í janúar 1987. Með tilliti til afkastagetu og hagkvæmni var strax í upphafi lögð mikil áhersla á að allur tækjakostur væri af bestu gerð. Ráðist var í uppsetningu á afar fullkominni blöndunarstöð í nýju iðnaðarhverfi í Hellnahrauni í Hafnarfirði og gat hún framleitt um 100 tonn á klukkustund. Árið 1989 keypti félagið svo biktanka og afgreiðslu fyrir bindiefni við Hafnarfjarðarhöfn sem áður hafði verið í eigu Miðfells hf. Tímamót urðu í rekstrinum árið 1996 þegar Hlaðbær Colas festi kaup á færanlegri malbikunarstöð sem innihélt fullkominn hreinsibúnað og gat afkastað um 70-140 tonnum á klukkustund. Þessi tækjabúnaður var fyrst settur upp á Ísafirði og var í raun forsenda þess að hægt væri að malbika Vestfjarðagöngin. Að því verkefni loknu var stöðin flutt að Hólabrú við Akranes og nýttist við lokafrágang Hvalfjarðarganga árið 1998 ásamt lagningu 22 km af vegtengingum norðan við þau. Síðan þá hefur fyrirtækið sinnt margvíslegum verkefnum á landsbyggðinni með eigin stöðvum eða leigustöðvum, allt eftir því hvað hentar hverju sinni.

Eftir að hafa verið með sitt fyrsta aðsetur að Hringhelli 6 í Hafnarfirði í rúm 20 ár, kom að því vorið 2008 að Hlaðbær Colas flutti sig um set í núverandi og áður nefnt húsnæði að Gullhelli 1 á sama svæði í Kapelluhrauni. Þar er rekin stærsta og fullkomnasta malbikunarstöð landsins og getur hún annað um 240 tonnum á klukkustund. Árin 2019 var fyrirtækið Norðurbik á Akureyri keypt og sameinað Colas og árið 2020 fjárfesti félagið í öllum fræsitækjum frá Drafnarfelli. Í dag rekur Colas fimm framleiðslustöðvar og getur framleitt og lagt út á sama tíma um 700 tonn á klukkustund. Það jafngildir því að á hverri klukkustund væri lagt malbik á heilan kílómetur á sjö metra breiðum vegi. Í byrjun árs 2021 tók félagið upp nafn móðurfélaganna og heitir í dag Colas Ísland hf.

### Útlögn, viðgerðir og jarðvinna

Colas starfrækir fjóra til fimm vel þjálfaða og samhenta vinnuflokka sem sjá um útlögn malbiks yfir sumartímamann. Fyrirtækið hefur yfir að ráða sex malbikunarvélum, tuttugu völturum í ýmsum stærðum og sprautubílum fyrir bikþeytu ásamt malbikshitakössum. Að auki eru til reiðu vörubílar, fræsarar og sópar. Fyrirtækið sér um sprungufyllingar í malbiki með sérstökum eignum og tekur að sér yfirsprautun á yfirborð eldra slitlags til að lengja líftíma þess, aðferð sem oft er notuð á flugvöllum. Að auki tekur Colas að sér alla nauðsynlega undirbúnings- og frágangsvinnu eins og t.d. jarðvegsskipti, lagnavinnu, málun bílastæða, kantsteinagerð og hellulögn. Síðastöldu verkefni eru þó ýmist unnin af starfsmönnum Colas eða í samvinnu við undirverktaka og samstarfsaðila.

### Framleiðsla malbiks

Colas hefur frá upphafi framleitt margar tegundir malbiks og bindiefna ásamt ýmsum öðrum eignum til vegagerðar. Fyrirtækið hefur verið leiðandi í nýjungum á þessu sviði og



Frá Þingvöllum.



Vélar á Helliheiði.



Bikstöð.



Malbikun.



Malbikun Landvegamót.

rekur sérhæfða rannsóknastofu þar sem fara fram reglulegar prófanir, vöruþróunarverkefni og daglegt gæðaeftirlit sem tryggir viðskiptavinum hámarks gæði framleiðslunnar. Frá árinu 2008 hefur Colas unnið eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001:2008. Síðan þá hafa bæst við umhverfis- og öryggisstjórnunartönnar en fyrirtækið leggur mikinn metnað í þessa málaflokka og hefur valist til fyrirmyndar í öryggismálum. Í dag endurvinnur Colas um 20-30 þúsund tonn af hráefnum og er leiðandi í umhverfismálum á sínu sviði.

Malbik er í eðli sínu einföld blanda af steinefnum og stungubiki. Afbrigðin byggjast á mismunandi tegundum og stærðum steinefna, ýmsum tegundum stungubiks og margvíslegum íblöndunarefnum. Í raun er það álagsþunginn, áferðarkröfur og aðstæður á hverjum stað sem ræður styrkleika og gerð þess malbiks sem lagt er út í hvert sinn og þannig fer alls ekki sama tegund í göngustíg, hraðbraut, flugvöll eða kappakstursbraut. Stundum er beðið um ljósa áferð, jafnvel rauða eða aðra liti. Íslensk steinefni eru yfirleitt ekki nógu sterk og þola illa slit af völdum nagladekkja, en þau eru hinsvegar kjörinn efniviður í göngutíga og minni götur. Vegna þessa hefur Colas flutt inn slitsterkt granít bæði frá Noregi og Skotlandi og þannig staðið að framleiðslu malbiks á mestu álagssvæðin og umferðarþungar götur.

#### Sala bindiefna

Colas leggur mikið upp úr því að fylgjast vel með vöruþróun bindiefna í heiminum. Bindiefnin skiptast í þrennt og eru stungubik, þjálbik og bikþeyta. Efnin eru afgreidd frá Bikbirgðastöðinni við Óseyrarbraut, en þar má einnig fá ýmsar gerðir íblöndunar- og sprungufyllingaeftna.

**Stungubik:** Stungubik er hreint jarðbik (asfalt) sem aðallega er nýtt til blöndunar á heitu malbiki, en myndar einnig uppistöðuna í öðrum bindiefnum til vegagerðar. Varan er sérinnflutt og geymd á tönkum við 150°C áður en hún er afgreidd eða blönduð öðrum efnum.

**Þjálbik:** Þjálbik er blanda af stungubiki og úrgangs fiskioíu (Ethyl Esters) og er nýtt til klæðninga á þjóðvegum.

**Bikþeyta:** Bikþeyta er framleidd í bikbirgðastöð Colas. Margvísleg afbrigði eru fyrir hendi, en í grunninn myndast bikþeyta við samruna stungubiks og vatns með sérstakri aðferð og efnahvötum sem valda t.d. því að blandan verður meðfærileg við umhverfishitastig. Notkunarmöguleikar eru margvíslegir og bikþeyta nýttist m.a. til líminga á milli malbikslaga við útlögn, til framleiðslu á köldu malbiki sem og við djúpræsingu og styrkingu vega.





Bakki.



Malbikunarstöð.



Malbikun í Vestmannaeyjum.



Anton Jónmundsson, verkstjóri að störfum.

## Dverghamrar



Magnús Sigurðsson og Guðmundur R. Guðmundsson stofnendur Dverghamra ehf.

Verktakafyrirtækið Dverghamrar ehf. er eitt af elstu fyrirtækjum sinnar tegundar á Íslandi. Fyrirtækið var stofnað árið 1986 og hefur starfað samfellt síðan. Það voru nýútskrifaðir byggingameistarar, Guðmundur Ragnar Guðmundsson og Þröstur Valdimarsson, sem stofnuðu fyrirtækið. Magnús Jóhannes Sigurðsson byggingameistari gekk til liðs við þá ári síðar. Fyrstu árin var unnið með handflekamótum en árið 1998 voru keyptir byggingakranar og kranamót. Á sama tíma dró Þröstur sig út úr fyrirtækinu. Síðan þá hafa Guðmundur og Magnús átt fyrirtækið tveir saman. Megináhersla Dverghamra er bygging íbúðarhúsnæðis en einnig hefur fyrirtækið byggt iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði. Í gegnum tíðina hefur félagið haft eitt til tvö verkefni í gangi hverju sinni.

### Fjölbreytt verk í 35 ár

Fyrstu verk Dverghamra voru parhús við Helgubraut í Kópavogi og við Suðurhvammi í Hafnarfirði en þeim verkum var skilað 1988. Fyrstu fjölbýlishúsin voru við Dofraberg og við Háholt í Hafnarfirði. Næstu árin á eftir hélt félagið sig að mestu við verkefni í Hafnarfirði og Kópavogi. Félagið tók þátt í uppbyggingu á blómlegum hverfum eins og Linda-, Sala- og Kórahverfunum í Kópavogi og svo Ása- og Vallahverfunum í Hafnarfirði. Í seinni tíð hefur félagið einnig fært sig yfir til Reykjavíkur og byggt fjölbýlishús við Mánatún, Hraunbæ og einnig við Skógarveg.

Alveg frá upphafi hafa Dverghamrar tileinkað sér þá stefnu að fjárfesta í byggingarlóðum og stýra sjálfir öllum hliðum framkvæmdanna, allt frá jarðvinnu og fram að sölu fullbúinna eigna. Fram til ársins 2006 sáu Dverghamrar sjálfir um uppsteypuhluta verkanna ásamt verk- og byggingarstjórnun en undirverktakar tóku að sér aðra verkþætti. Árið 2006 var gerð sú breyting að uppsteypuhluti verkanna var einnig boðinn út til undirverktöku. Því fylgdi sú áherslubreyting að starfsmenn Dverghamra sjá aðallega um stjórnun verkanna, innkaup og gæðaeftirlit.

### Persónuleg þjónusta á traustum grunni

Í dag starfa 10 manns hjá Dverghömrum með ólíkan bakgrunn: verkfræðingur, húsa-smiðameistarar, smiðir, tækjamenn og verkamenn. Að auki starfa að jafnaði um 50 manns sem undirverktakar á ólíkum fagsviðum. Markmið félagsins er ávallt að veita framúrskarandi og faglega þjónustu og að skila af sér vönduðum íbúðum í góðum gæðum og á réttum tíma. Mikill metnaður er lagður í fagleg og öguð vinnubrögð sem byggja á langri reynslu og þekkingu úr greininni, auk þess sem fylgst er vel með nýjungum. Metnaður er lagður í að veita viðskiptavinum persónulega þjónustu og gott samstarf yfir byggingartímann. Fyrir vikið hefur fyrirtækið áunnið sér góðan orðstír fyrir vönduð vinnubrögð.



Magnús að taka fyrstu sköflustunguna.





*Dverghamrar ásamt fulltúum Samtaka aldraðra.*



*Guðmundur í eftirliti á verkstað.*





Verið að reisa forsteypt hús frá Einingaverksmiðjunni.



Hluti af teymi Einingaverksmiðjunnar fyrir utan nýja framleiðsluhúsnæðið og mun fyrirtækið flytja 2022.

## Einingaverksmiðjan



Guðbjörg Sæunn Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri.

Einingaverksmiðjan hefur verið starfandi um langa hríð eða allt frá árinu 1994 þegar fyrirtækið var formlega stofnað. Megin starfsemin felst í því að framleiða forsteyptar einingar til byggingaframkvæmda og hefur orðið gríðarleg þróun og miklar tækni framfarir á því sviði frá því Einingaverksmiðjan hóf framleiðslu. Mikil þekking hefur orðið til innan fyrirtækisins og vöxtur þess hefur verið jafn og stöðugur í gegnum árin. Nú um stundir þykir á margan hátt hagkvæmara að reisa hús úr forsteyptum einingum. Ekki einasta fyrir umhverfið heldur einkum og sér í lagi hvað varðar endingu og byggingahraða. Önnur lönd í kring hafa lengi verið að nota þessa aðferð við að reisa húsbyggingar og það er í raun orðið mun algengara en að slá upp mótum og steypa á staðnum.

### Starfsemin

Guðbjörg Sæunn Friðriksdóttir framkvæmdastjóri segir þó, að breytingar séu í farvatninu og byggingaverktakar séu í auknum mæli farnir að notast við forsteyptar einingar. Við þéttingu byggðar í borginni getur verið snúið að koma stórum byggingakrönum fyrir inni á þröngum lóðum svo þá er handhægt að notast við forsteyptar einingar. Einingaverksmiðjan býr yfir öflugum tækjabúnaði til að koma einingunum á sinn stað; auk þess sem margra ára reynsla og þekking kemur að góðu haldi.

Verkefni eru fjölbreytt og það eru framleiddar einingar allt frá smáum einingum fyrir sumarhús upp í stærra fjölbýlishúsaraðir. Að sögn Guðbjargar er áhugi hennar á steinsteypu allt að því takmarkalaus. Hún er menntaður iðnaðarverkfræðingur með mikinn áhuga á húsbyggingum og elskar að vinna með góðum teymlum. Sjálf hafði hún fest kaup á foheldu húsi fyrir 10 árum sem var framleitt af Einingaverksmiðjunni. Hún vilar ekki fyrir sér að stýra vinnustað sem teljast mætti karllægur, en tímarnir eru breytast. Það sem skiptir mestu máli er að vinna með góðum teymlum að krefjandi verkefnum.

Fyrirtækið stendur á tímamótum því til stendur að flytja verksmiðjuna á þessu ári frá Höfðanum suður í Koparhelli á Völlunum í Hafnarfirði. Verksmiðjuhúsnæðið, sem verið er að reisa við Koparhelli, verður mun stærra og aukið verður við tækjabúnað til að mæta þörfum viðskiptavina. Framtíðin hefur verið mörkuð á þessu sviði og sýnt að hús úr forsteyptum einingum verði byggingamáti hins nýja tíma. Gæðin og endingin eru ótvíræð og að sjálfsgöðu er öllum kröfum um styrkleika og þéttleika mætt samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru hér á landi.

Með því að fá hönnuði og arkitekta í þessa átt þá mun byggingaiðnaðurinn á Íslandi notast mun meira við forsteyptar einingar. Möguleikarnir eru endalausir og ekkert nema tækifæri í spilunum.

Einingaverksmiðjan er með sína eigin steypustöð og grunnefnið í steypuna er danskt sement sem hefur þótt endingargott þegar kemur að íslenskum húsbyggingum. Auk þess að smíða heilu húsin og blokkirnar úr einingum, þá framleiðir Einingaverksmiðjan plötur, svalir og stiga fyrir aðrar byggingar svo þjónustan er margs konar og framleiðslan fjölbreytt.



Framleiðsluleiðtogar Einingaverksmiðjunnar: Marcin, Sigurveig og Stefán.





Verið að reisa skrifstofuhlutann í Koparhelli 5.



Framleiðslustarfsmenn í plötusal að framleiða filigranplötur.

### Áhrif veðurs

Allir vita hvernig veðurlag er á Íslandi og byggingaframkvæmdir eru háðar veðrum og vindum eins og mörg önnur starfsemi. Hvað Einingaverksmiðjuna áhræfir þá eru þau veðuráhrif í lágmarki þar sem verið er að framleiða vöru við kjöraðstæður. Hitastig og rakastig eins og best veður á kosið og þegar komið er að þeim tímapunkti að reisa þá skiptir veðrið minna máli.

### Gæðaeftirlit

Gott eftirlit er með gæðum framleiðslunnar, tryggt að járnabinding sé rétt, allt sé á sínum stað, dósir, göt og annað tilheyrandi. Ef eitthvað er ekki eins og það á að vera þá er hægt að bregðast við því áður en einingin fer úr húsi.

### Eftirspurn

Viðbrögð viðskiptavina sýna svo ekki verður um villst að Einingaverksmiðjan er á hraðri siglingu og mikil eftirspurn eftir vörunum. Eins og staðan er í dag þá annar fyrirtækið vart eftirspurn, en það mun breytast þegar flutningarnir hafa átt sér stað með tilheyrandi stækkun, þá eru horfurnar býsna góðar, þar sem nýja verksmiðjan mun auka afkastagetuna umtalsvert.

### Mannauður

Milli 60 og 70 starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu og þar ríkir mikil samheldni um að ná árangri og uppfylla væntingar viðskiptavina. Markmið okkar er að vinna í öflugum teyimum sem vinna daglega í stöðugum umbótum svo allir fái að njóta krafta sinna, því eins og Guðbjörg nefnir þá eru starfsmennirnir hjarta fyrirtækisins.

Það hefur áður komið fram að kynjahlutföll eru helst til ójöfn en aðeins þrjár konur starfa hjá fyrirtækinu í dag.

### Framtíðarsýn

Að lokum er það sýn Guðbjargar á árangur fyrirtækisins að hafa starfsfólkið í fyrirrúmi. Virkja allt starfsfólk með skýra stefnu og skilja virðisstrauminn, þá gerast kraftaverkin og árangurinn skilar sér. Það skiptir miklu máli að hafa rétt fólk á réttum stað með skýr hlutverk og ábyrgð. Nýta tækni til að greina núverandi stöðu og ná enn lengra með því að horfa á áskoranir sem tækifæri í takt við að uppfylla væntingar og þarfir viðskiptavina. Það er mjög gefandi að leysa áskoranir sem skila auknu virði fyrir viðskiptavini, starfsfólk og eigendur.




Verið að reisa Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs.



Forsteyptur stigi sem er vinsæl vara.



Sýningarbás Element á Verk og vīt 2018 sem hlaut önnur verðlaun sem athyglisverðasti básinn.



Efri röð: Birgir Hrafn Sæmundsson, Karl Sigfússon, Benedikt Ingi Tómasson  
Neðri röð: Ingvar Rafn Gunnarsson og Sverrir Steinn Ingimundarson.

## Element



Fosshótel Jökulsárlón var fyrsta verkefni forsvarsmanna Element úr krosslímdu timbri.



Séð ofan á Waldorfskóla í Sóltúni í Reykjavík.



Sumarhús í Fnjóskadal í reisingu.

Element ehf. var stofnað árið 2016 utan um umboð fyrir krosslímt timbur (KLT) frá austurríska framleiðandanum KLH Massivholz GmbH. Stofnendur félagsins voru verkfræðingarnar Karl Sigfússon, Benedikt Ingi Tómasson auk feðganna Ólafs Torfasonar og Davíðs Torfa Ólafssonar eigenda Íslandshótela.

Stofnun félagsins kom í kjölfar þess að Karl og Benedikt höfðu tekið að sér bygginga- og verkefnastjórnun á tveimur hótelum í eigu Íslandshótela en burðarvirki hótelanna var krosslímt timbur. Þessi tvö hótélverkefni, þ.e. Fosshótel Jökulsárlón og Fosshótel Mývatn sem byggð voru 2015-2017 voru fyrstu stóru byggingarnar úr krosslímdu timbri á Íslandi, en bæði hótél eru með yfir 100 herbergi. Þetta gaf forsvarsmönnum Element sterkan grundvöll til þess að hefja sölu og innflutning á krosslímdu timbri á almennum markaði. Salan fór vel af stað og í kjölfar hótelanna sá Element um sölu, innflutning og reisingu á burðarvirki fyrir Lava Center á Hvolsvelli.

### Eigendur og stjórnendur

Benedikt Ingi var framkvæmdastjóri Element fyrsta árið, kom því á koppinn og sá um rekstur þess. En í upphafi árs 2017 var Sverrir Steinn Ingimundarson, iðnaðartekni-fræðingur ráðinn sem framkvæmdastjóri.

Í byrjun árs 2018 seldu Ólafur og Davíð sinn hlut í Element. Eigendur félagsins frá þeim tíma voru Benedikt Ingi og Karl en Sverrir Steinn kom inn sem 25% hluthafi.

Stjórn Element skipa eigendur félagsins Benedikt Ingi, Sverrir Steinn og Karl sem er stjórnarformaður.

### Aðsetur

Aðsetur Element eru í einu af tignarlegustu timburhúsum miðbæjar Reykjavíkur, þ.e. Bankastræti 10.

### Starfsemin

Element hefur boðið krosslímt timbur í stór sem smá verkefni frá upphafi reksturs. Það er þá notað í útveggi, innveggi, milligólf, þök og/eða stiga. Dæmi um önnur verkefni fyrir utan þau sem áður hafa verið nefnd eru Waldorfskólinn í Sóltúni, 30 sumarhús í Hálöndum fyrir ofan Akureyri, fjögurra hæða hótélíbúðahús á Hverfisgötu 78 Rvk., Siglingaklúbburinn Nökkvi á Akureyri, 16 Svansvottuð raðhús í Urriðaholti Garðabæ auk fjölda einbýlishúsa, sumarhúsa, viðbygginga o.fl.

### Krosslímt timbur

KLH er einn af stærstu framleiðendum á KLT í heiminum og er brautryðjandinn í framleiðslu þess. KLH hefur framleitt KLT í yfir 30 þúsund byggingar um allan heim. Element hefur því sterkan og traustan birgja með mikla reynslu og tækniþekkingu í sínu fagi. Burðarvirkjahönnun





Fosshótel Mývatn.

og teiknvinna var til að byrja með öll í höndum austurrískra verkfræðinga, en árið 2019 kom Ingvar Rafn Gunnarsson, burðarþolshönnuður til starfa hjá Element. Eftir komu hans hefur Element séð um burðarvirkjahönnun langflestra verkefna sinna en með því fæst mun hærra þjónustustig, styttri boðleiðir og ánægðari viðskiptavinir.

Mikill vöxtur hefur verið í notkun á krosslímdu timbri á íslenska byggingamarkaðnum síðustu árin. Má það þakka þeim fjölmörgu kostum sem KLT hefur, s.s stuttur uppsetningartími, góð innivistfræði, létt byggingarefni auk þess að hægt er að lækka kolefnisfótspor byggingaframkvæmda með notkun á krosslímdu timbri.

#### Svansvottun

Árið 2020 fékk KLH Svansvottun á framleiðslu sína sem veitti Element þá sérstöðu að geta boðið Svansvottað krosslímt timbur á íslenskum markaði.



Urriðaholtsstræti 44-74, Garðabæ - 16 Svansvottuð raðhús úr krosslímdu timbri frá Element.





## Faxaverk



Verktakafyrirtækið Faxaverk ehf. var stofnað árið 2001 af Halli Ólafssyni og Sighvati Rúnarsyni. Þeir feðgar höfðu starfað í yfir 20 ár við jarðvinnu í stórum sem smáum verkefnum.

### Starfsemin

Frá stofnun Faxaverks hefur fyrirtækið tekið að sér fjölbreytileg verkefni. Gatnagerð, stígagerð, grunnar og bílaplön eru meðal verkefna fyrirtækisins. Forsenda fyrir því að geta tekið að sér krefjandi verkefni í jarðvinnu er fyrst og fremst góður mannaflí studdur af öflugum tækjakosti. Þjálfun og reynsla starfsmanna skilar sér í góðu verki. Einnig hefur Faxaverk kappkostað við að beita fullkomnum og kraftmiklum vinnuvélaflota í öllum sínum verkum, enda er það forsenda til að takast á við stór og flókin verk.

### Umhverfisstefna

Faxaverk hefur frá upphafi haft þá ófrávikjanlegu reglu að framkvæmd hvers verkefnis hafi eins lítil áhrif á umhverfið og frekast er kostur. Því hefur verið virk umhverfisstefna frá stofnun fyrirtækisins og kappkostað að tækjabúnaður/vinnutæki standist kröfur um mengunarvarnir. Náttúruvernd er okkur mikilvæg.







## Fínpússning

Fínpússning ehf. var stofnað árið 1949 og er staðsett að Rauðhelli 13, Hafnarfirði. Frá stofnun hefur fyrirtækið framleitt þurrkaðan sandblástursand og skeljasand úr námu í Mýrdal frá árinu 1974. Í dag er fyrirtækið í eigu Jóhannesar Reynissonar sem er jafnframt framkvæmdastjóri þess.

### Þjónusta

Fínpússning er öflugt fyrirtæki á sínu sviði og býður upp á viðtæka þjónustu og leiðsögn í steiningu á nýbyggingum sem og múr viðgerðum og steiningu á gömlum húsum. Þeir sérhæfa sig í litum, litasamsetningu og blöndun á ýmsum gerðum steinefna fyrir steiningu á nýbyggingum og eldri byggingum.

### Verkefni

Fínpússning hefur í gegnum tíðina unnið að verkefnum um land allt og má sem dæmi nefna Sundhöllina á Ísafirði, Húsmæðraskólann á Akureyri, Samkomuhúsið í Bolungarvík, Menntaskólann á Akureyri o.fl. byggingar á Akureyri. Ásamt fjölmörgum þekktum byggingum á Reykjavíkursvæðinu.



Húsnæði Finpússningar, Rauðhelli 13.

Árið 2019 fékk Finpússning afhentan nýjan Toyota Tonero 30, fjögurra hjóla dísellyftara. Frá hægri: Jóhannes Reynisson framkvæmdastjóri Finpússningar og Friðgeir Már Alfreðsson frá Kraftvélum við nýja tækið.





Helludeildin með glæsilegan frágang á leikskólalóð.



Malbiksakstur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð.

## Finnur



Finnur Aðalbjörnsson, eigandi.

Verktakafyrirtækið Finnur ehf. á Akureyri var stofnað vorið 2003 af Finni Aðalbjörnssyni og Höllu Berglindi Arnarsdóttur. Fyrirtækið er nú að fullu í eigu Finns. Finnur Aðalbjörnsson er fæddur og uppalinn á Laugarholti í Eyjafjarðarsveit þar sem lengi var rekið stórt kúabú. Hann fetaði slóð foreldra sinna, sótti sér nám í búfræðum og hóf árið 1995 kúabúskap á Ytra-Laugalandi á móti frænda sínum, Jóni Elvari Hjörleifssyni. Búskapinn stundaði Finnur til ársins 1999 þegar hann slasaðist alvarlega í vélsleðaslysi. Í kjölfarið hætti hann búskap og flutti til Akureyrar. Nú voru góð ráð dýr. Eitthvert lífsviðurværi þurfti Finnur að hafa og úr varð að hann afréð árið 2003 að stofna verktakafyrirtækið Finn ehf. Áður hafði hann um nokkurra ára skeið þjónustað bændur með ýmskonar verktakastarfsemi og aflað sér dýrmætrar reynslu og þekkingar á því sviði.

### Sagan

Finnur ehf. var til að byrja með til húsa að Dalsbraut 1 og var vélakosturinn ein dráttarvél, sturtuvagn og Bobcat grafa. Fyrsti starfsmaður, Eiríkur Jónsson, var ráðinn til starfa fljótlega eftir að fyrirtækið hóf rekstur. Annar starfsmaðurinn var Hrannar Örn Sigursteinsson og er hann ennþá við störf hjá Finni ehf. Frá 2007 hefur fyrirtækið verið að Óseyri 2. Á árinu 2021 verður ráðist í byggingu nýs 520 fermetra húss á aðliggjandi lóð, sem mun bæta verulega aðstöðuna fyrir starfsmenn fyrirtækisins og tæki og tól.

### Starfsemin

Fljótlega eftir að Finnur ehf. var sett á stofn tók hann að sér ýmis verkefni fyrir Akureyrarbæ, t.d. skólplagnir, fráveituvíðgerðir o.fl. Einnig haslaði fyrirtækið sér völl í hellulögnum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Átján árum eftir stofnun fyrirtækisins er það enn í fjölbreyttum jarðvinnuverkefnum, gatnagerð, hellulögnum og viðhaldsverkefnum. Yfir veturinn er snjómokstur drjúgur hluti verkefna Finns ehf.

### Verkefnin

Verkefnin eru víða en bróðurpartur þeirra er á Akureyri og í nærsveitum. Akureyrarbær og veitufyrirtækið Norðurorka hafa frá upphafi verið stærstu viðskiptavinir fyrirtækisins. Fyrir Akureyrarbæ hefur Finnur ehf. verið mikið í snjómokstri, endurnýjun lagna og gatnaframkvæmdum. Meðal verkefna fyrir bæjarfélagið var endurnýjun lagna, lagning ljósleiðara og endurnýjun gatnakerfisins í Hrísey. Fyrir Norðurorku hefur Finnur ehf. verið mikið í heimtaugum, nýtengingum og víðgerðum á fráveitu- og aðveitukerfi. Stærsta verkefnið til þessa fyrir Norðurorku er lagning hluta nýrrar aðveituaðar hitaveitu frá Hjalteyri til Akureyrar.

### Starfsmenn

Árið 2005 var fyrirtækið með fimm starfsmenn og þremur árum síðar voru þeir tíu. Frá árinu 2017 hafa á þriðja tug starfsmanna starfað hjá fyrirtækinu. Frá stofnun þess hefur



Snjóruðningum blásið beint á vörubilsþall.





Hitaveitulögn lögð tvo metra undir botn Glerár.



Grunnur tekinn fyrir nýbyggingu Landsnets við Rangárvelli ofan Akureyrar.

starfsmannavelta verið hverfandi. Fyrsta rekstrarárið var veltan rösklega tíu milljónir en árið 2020 nam hún ríflega sjö hundruð milljónum króna. Á árinu 2020 voru skoðunarskyld tæki Finns ehf. á áttunda tuginn.

Árið 2018 stofnaði Finnur ehf. Malbikun Norðurlands ásamt þremur einstaklingum. Rekstur fyrirtækjanna er aðskilinn en að hluta starfa sömu starfsmennirnir hjá báðum fyrirtækjum. Vöxtur Malbikunar Norðurlands hefur verið mikill. Á fyrsta starfsárinu voru lögð út 2700 tonn af malbiki en á árinu 2020 voru þau um 25 þúsund.

#### Framtíðin

Á árinu 2021 verður stærsta verkefni Finns ehf. lagning jarðstrengs frá Rangárvöllum ofan Akureyrar í suður yfir Glerárgil og áfram í átt að Kjarnaskógi. Við Hamra sveigir lögnin í austur, þvera þarf þjóðveginn og áfram liggur hún í ídráttarrör undir Eyjafjarðará í stefnu á Kaupang í Eyjafjarðarsveit. Áfram verður haldið upp í spennuvirki í Vaðlaheiði. Verkkaupi er Landsnet og er þetta stærsta útboðsverkefni sem Finnur ehf. hefur tekið að sér. Það segir sína sögu um umfang verksins, að um er að ræða þrjá ellefu sentímetra svera strengi. Lengdarmetrinn er 12 kg að þyngd og því er eitt strengjakefli um 18 tonn.



Hitaveitulögn frá Hjalteyri til Akureyrar hífð á sinn stað.



Jarðvegsvinna.



Framkvæmdir að hefjast við Skógarböð.



Kristján Sigurbórsson eigandi Fjarðalagna.

## Fjarðalagnir

Fjarðalagnir ehf. eru til húsa að Borgarnausti 8 í Neskaupsstað. Það var Sigurbór Valdimarsson, píplagningameistari sem stofnaði fyrirtækið árið 2001. Fyrstu árin var stundaði Sigurbór reksturinn frá heimili sínu að Nesbakka 14. Verkefnum fjölgaði með árunum og árið 2002 kom Kristján sonur hans, sem er vélvirkjameistari, til starfa. 2018 tók svo Kristján við og er aðaleigandi fyrirtækisins.

### Starfsemin

Starfsemin snýst fyrst og fremst um pípulagnir og aftur pípulagnir þótt viðskiptavinir njóti einnig góðs af vélvirkjunarkunnáttu Kristjáns.

Aðföng til starfseminnar eru fengin frá heildverslunum. Starfsmenn Fjarðalagna hafa verið á bilinu tveir til sjö eftir því hver verkefnastaðan hefur verið. Verkefnin hafa verið næg síðustu misserin og verkefnastaðan framundan lofar góðu svo langt sem sjá má fram í tímann.

Í COVID-19 faraldrinum hefur öllum reglum og fyrirmælum Almannaþingarinnar verið fylgt til hlítar og engin vandamál komið upp í þeim efnum.

Fyrirtækið sýnir samfélagslega ábyrgð með því að styrkja góð málefni í heimahéraði.

Fjarðalagnir eru aðilar að Samtökum iðnaðarinnar.

### Aðsetur

Heimilisfang Fjarðalagna er að Borgarnaust 8, 740 Neskaupsstað.



Starfsmenn. Frá vinstri: Jakob, Erlendur, Börkur, Hákon og Sigurður. Það vantar Hafþór á mynd.





Guðlaugur Guðjónsson, Þráinn Ársællsson og Ársæll Guðlaugsson.

## Framrás

Framrás ehf. var stofnað árið 1989. Eigendur eru bræðurnir Ársæll og Jóhann Guðlaugssynir. Forsaga fyrirtækisins hófst með því að Guðlaugur Guðjónsson faðir þeirra bræðra hóf störf við þungavinnuvélatekstur hjá Vélasjóði ríkisins árið 1953, þar starfaði hann til ársins 1962 er hann ásamt fleirum stofnar fyrirtækið Landþurkun sf. sem hann rekur til ársins 1972. Fer hann þá í samstarf við Ræktunarsambandið Hjörleif. Verkstæðishúsið er síðan byggt 1983. Þá eru komnir í samstarf við Guðlaug synir hans Ársæll og Jóhann og árið 1989 kaupa þeir Ræktunarsambandið og sameina reksturinn í nýju fyrirtæki, Framrás ehf.

### Fyrirtækið

Framrás ehf. er að Smiðjuvegi 17 og rekur þar alhliða bifreiða-vélaverkstæði og er einnig jarðvinnuverktaki með 10 starfsmenn.

Framkvæmdarstjóri er Ársæll Guðlaugsson, eiginkona hans Bryndís Fanney Harðardóttir er stjórnarformaður/fjármálastjóri og Jóhann Guðlaugsson er verkstjóri.



Smiðjuvegur 17, verkstæðið.



Efni tekið úr Múlakvísl.



Ársæll Guðlaugsson með afastrákinn Ármann Dag.



Höfuðstöðvar Bygðastofnunar á Sauðárkróki.

## Friðrik Jónsson



Byggingastarfsemi í Skagafirði hefur verið í blóma síðustu árin. Eitt af verktakafyrirtækjum á Sauðárkróki er kennt við stofnandann Friðrik Jónsson (1925) húsasmíðameistara. Hann hóf reksturinn árið 1980 ásamt sonum sínum Ólafi Elliða (1957) og Jóni Eðvald (1954). Í dag er framkvæmdastjórn og eignarhald fyrirtækisins alfarið innan fjölskyldu Ólafs. Auk Ólafs eru synir hans, Friðrik Þór (1978), Ari Freyr (1980) og Einar I. (1990) hluthafar í Friðriki Jónssyni ehf.

### Starfsfólk og aðsetur

Hjá fyrirtækinu starfa um 25 manns. Aðsetur þess er að Borgarröst 8 á Sauðárkróki. Þar er starfrækt verkfræðistofa ásamt trésmíðaverkstæði, sem annast að mestu sérsmiði á gluggum og útihurðum.

### Sagan

Eitt af fyrstu stærri verkefnum Friðriks Jónssonar ehf. voru byggingar félagslegra íbúða á Sauðárkróki. Þá tók fyrirtækið þátt í uppbyggingu tengdri Hólaskóla eða Háskólans á Hólum í Hjaltadal. Má þar nefna að fyrirtækið byggði 80 íbúðir í nemendagörðum, ásamt 1.500 fm<sup>2</sup> reiðhöll og 3.200 fm<sup>2</sup> hesthús með rými fyrir um 200 hross í stíum. Þá hefur fyrirtækið tekið að sér ýmis verkefni fyrir Kaupfélag Skagfirðinga svo sem byggingu 3.300 fm<sup>2</sup> verkstæðishúss að Hesteyri 4 á Sauðárkróki. Fyrirtækið hefur einnig tekið að sér uppbyggingu fyrir Höfðaströnd ehf. en á vegum þess hefur t.d risið listasetur, hesthús og reiðhöll. Friðrik Jónsson ehf. hefur í samstarfi við önnur verktakafyrirtæki á svæðinu komið meðal annars að byggingu Steinullarverksmiðjunnar, byggingu leik- og grunnskóla á Sauðárkróki, auk ýmissa annarra verkefna. Fyrir utan almennar húsbyggingar hefur fyrirtækið tekið að sér ýmis verkefni, sem aðalverktaki eða undirverktaki.

### Síðustu ár

Stærsta einstaka verkefni síðustu ára var bygging höfuðstöðva Bygðastofnunar á Sauðárkróki. Húsið er tveggja hæða, auk kjallara undir hluta byggingarinnar. Húsinu var skilað fullbúnu að utan og innan, ásamt frágenginni lóð á tilsettum tíma. Þá keypti fyrirtækið gamla barnaskólahúsið á Sauðárkróki og er nú verið að breyta því í 13 íbúðir sem boðnar verða til sölu á næstu mánuðum. Íbúðirnar eru misstórar eða frá 48 fm<sup>2</sup> og upp í 113 fm<sup>2</sup>. Einnig áformar fyrirtækið að byggja þrjú parhús á lóðinni við gamla barnaskólann. Bændur í héraði hafa staðið fyrir mikilli uppbyggingu fjósa síðustu árin og hefur fyrirtækið tekið þátt í þeirri uppbyggingu bæði hvað varðar endurbætur og nýbyggingar.

Sérsmiði á gluggum og hurðum.





Nýbygging.

Nýjar íbúðir í gamla barnaskólanum, myndir fyrir og eftir.







Unnið við afsogskerfi á Reyðarfirði.



Sandblástur á túrbínu í Grímsárvirkjun.

## Fúsi Sértak



Sigfús Þórhallur Gunnarsson og Erla Jóna Hilmarsdóttir.

Verktakafyrirtækið Fúsi Sértak sérhæfir sig í sandblæstri og málingarvinnu stálverkja en er einnig í jarð- og byggingarvinnu, háþrýstipvotti o.fl. Fyrirtækið var upphaflega stofnað af Gunnari B. Sigfússyni og fjölskyldu í miklu atvinnuleysi á Suðurnesjum eftir brotthvarf varnarliðsins og var fyrstu árin í húsbyggingum í Sandgerði en einnig í sandblæstri og málningarvinnu víðs vegar um landið og hefur verið mestmegnis í sandblástursverkefnum undarfarin ár. Megin tilgangur fyrirtækisins var að afla eigendum og starfsmönnum þess vinnu og viðhalda þeirri þekkingu sem þeir höfðu aflað sér í vinnu hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Aðstaða fyrirtækisins er við strandgötu 20 í Suðurnesjabæ. Aðaleigendur í dag eru Erla Jóna Hilmarsdóttir og Sigfús Þórhallur Gunnarsson.

### Öryggi - Virðing - Heiðarleiki - Gæði

Fyrirtækið leggur mikla áherslu á aðbúnað starfsmanna og hefur fyrirtækið getið sér gott orð hjá verkaupum, sérstaklega vegna aðbúnaðar og öryggisvitundar en frá upphafi hefur verið lögð áhersla á heilsu, öryggi og persónuhlífar starfsmanna, enda er unnið með hættuleg efni og tæki sem bera þarf virðingu fyrir. Þar spilar inn reynsla frá vinnu fyrir varnarliðið stórt hlutverk. Gæðakröfur eiganda til verkaupa hafa alltaf verið í forgangi en öryggi aldrei fórnað fyrir gæði eða gróða. Hjá fyrirtækinu starfa að meðaltali 7-10 manns.

### Verkefni

Á verkstæði fyrirtækisins í Suðurnesjabæ er fullkominn sandblástursklefi og getum við tekið inn stór tæki o.fl. í sandblástur og málun. Einnig er fyrirtækið vel búið tækjum sem flutt eru hvert á land sem er í verkefni. Verkefni fyrirtækisins eru um allt land og eru ferðalög og vinna utan heimahafnar mikil. Lykilstarfsmenn eru sérstaklega samheldinn hópur með mikla reynslu og er starfsmannavelta fyrirtækisins afar lítil. Undarfarin ár hefur fyrirtækið verið við vinnu hjá Alcoa Fjarðarál á Reyðarfyrði við viðgerðir á afsogskerfi álverksmiðjunnar og er það stærsta einstaka verkefni fyrirtækisins í dag en afsogskerfið er u.þ.b. 35.000 fermetrar. Verkefnið er mjög krefjandi og flókið en hitastig á kerfinu um 70-100 gráður og vinnuhæð fer yfir 70 m. Eins og gefur að skilja eru gerðar miklar öryggis- og gæðakröfur í svona verkefni og kemur reynsla starfsmanna fyrirtækisins sér afar vel.



Starfsmenn í fjórhjólaferð á Egilsstöðum.





Starfsstöð fyrirtækisins við Ægisbraut 13.

## Gísli Jónsson

Gísli Jónsson stofnaði fyrirtækið árið 1995 og er eigandi þess enn þann dag í dag. Þá var fyrirtækið til húsa að Ægisbraut 11 á Akranesi, og var þar allt til ársins 2000. Starfsemin var flutt á Dalbraut 2d árið 2000 og var þar fram til ársins 2014 þegar flutt var í núverandi húsnæði að Ægisbraut 13b. Núverandi starfsstöðvar fyrirtækisins eru að Ægisbraut 11, 13 og 13b, Höfðaseli 5 og Breiðargötu 2b.

### Starfsemin

Við stofnun árið 1995 átti fyrirtækið einn körfubíl og eina vinnulyftu. Tækjum og vélum hefur fjölgað mjög síðan. Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin og fór úr því að vera eingöngu lyftuleiga í að vera með fjölbætta starfsemi og tæki, svo sem gröfur, lyftara, skotbómuvélar og ýmis smærri tæki. Einnig sinnir fyrirtækið bílaflutningum, garðslætti, snjómokstri og ýmis konar jarðvinnuverkefnum.

Fyrirtækið er stærsta lyftuleiga á Vesturlandi. Eigandi sér sjálfur um öll aðföng sem og kaup og sölu á tækjum. Nú á fyrirtækið um 150 tæki af ýmsum gerðum. Starfsemin og verkefni eru fjölbreytt og eru oft bundin árstíðum.

### Starfsfólk

Í upphafi var aðeins einn starfsmaður en nú eru starfsmenn 5 til 8 en það fer eftir verkefnum og árstíðum.

### Afkoma

Afkoman hefur verið jákvæð og veltan farið vaxandi.

### Fyrirmyndarfyrirtæki

Fyrirtækið hefur verið á meðal fyrirmyndarfyrirtækja á lista Creditinfo frá 2018-2021 og sem framúrskarandi fyrirtæki í rekstri hjá Keldunni frá árinu 2017-2021.



Gísli Jónsson framkvæmdarstjóri og eigandi fyrirtækisins.



Gísli Jónsson að flytja sumarhúsið í Húsafell.



Lyftur á svæði.



## G. Hjálmarsson



Guðmundur Hjálmarsson sjálfur að störfum á sinni fyrstu vél við upphaf reksturs fyrirtækisins.



Guðmundur Hjálmarsson og María Bergþórsdóttir stofnuðu fyrirtækið G. Hjálmarsson hf. árið 1979 eða fyrir 42 árum. Síðan þá hefur mikið vatn til sjávar runnið. Fyrsta árið var einungis ein jarðýta í tækjaflotanum sem í dag telur á milli 50 og 60 tæki af ýmsum gerðum. Mikil endurnýjun og kaup á tækjum er ávallt á döfnni. Fyrirtækið telst til stærri jarðvinnuverktaka á Íslandi og fæst við vega- og gatnagerð, að taka húsgrunna, lóðagerð, snjómokstur, vélaflutninga og alls konar jarðvinnu.

G. Hjálmarsson hf. var fyrst til húsa Draupnigötu 7 á Akureyri í um 150 fm húsnæði en starfsemin var flutt að Goðanesi 2 árið 2009 í 1400 fm eigið húsnæði.

G. Hjálmarsson hf. er öflugt einkafyrirtæki sem áunnið hefur sér mikið traust verkkaupa, bæði einkaðila og opinberra aðila.

### Starfsemin

Upphaflega var aðeins um einn starfsmann að ræða en um þessar mundir eru starfsmenn á bilinu 12 til 25 eftir árstíð og verkefnastöðu. Lögð er áhersla á að starfsmennirnir séu samstilltir og ánægðir í störfum sínum. Verkefnastaða er góð og lítur vel út í náninni framtíð. Fyrirtækið hefur komið að ýmsum stórverkefnum undanfarin ár og má sem dæmi nefna undirbúningsvinnu fyrir bráðarbirgðabráu við Vaðlaheiðargöng, jarðvinnu fyrir byggingu stöðvarhúss að Þeistareykjum.

Stærstu verkefni G. Hjálmarssonar hf. undanfarin ár eru, meðal annars, öll jarðvinna við Útgerðarfélag Akureyrar, Kröflulína 4, allur lóðarfrágangur og malbikun við Þeistareykjavirkjun, Dettifossvegur, Vesturdalur, Hólmatungur og Hóla-sandslína 3. Einnig sinnir G. Hjálmarsson hf., sem verktaki, vetrarþjónustu fyrir ýmis fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög og má þar nefna Hörgárbyggð, Ársskógsand og Hauganes.

### Fyrirtækið

Opnunartímar eru sveigjalegir og fara eftir óskum og þörfum viðskiptavina, kallinu er sinnt þegar það kemur.

Velta G. Hjálmarsson hf. hefur vaxið jafnt og þétt á liðnum árum og vex enn.

Fyrirtækið er ekki aðili að Samtökum atvinnulífsins en hefur verið í hópi framúskarandi fyrirtækja á lista Creditinfo frá árinu 2015.

Vegna COVID-19 faraldursins þurfti að grípa til aðgerða svo að sóttvarnareglum væri fylgt. Var starfsmannahópnun skipt í tvennt á milli tveggja stórra verkefna á sitt hvorum staðnum. Framkvæmdastjóri telur að fyrirtækið mætti vera sýnilegra en þó hefur verið vandað til heimasíðu fyrirtækisins á Facebook og má þar sjá, í máli og myndum, hvað er verið að vinna frá einum tíma til annars.

G. Hjálmarsson hf. hefur ríka samfélagsvitund og styður ýmis íþróttafélög og góðgerðarfélög. Aðsetur G. Hjálmarsson hf. er að Goðanesi 2 á Akureyri, eins og áður kom fram.









## G.V. Gröfur



Verktakafyrirtækið G.V. Gröfur var stofnað árið 1995 af Guðmundi Viðari Gunnarssyni og Valdimar Kristjánssyni. Fyrirtækið byrjaði með eina beltagröfu, en starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt og í dag á fyrirtækið 10 malarflutningabíla, 10 beltagröfur, 2 jarðýtur, 5 hjólaskóflur, veghefil, 2 hjóla- og 2 traktorsgröfur, valtara, tæki til vinnslu malarefnis og ýmis minni tæki sem nýtast í stærri og minni jarðvinnuverk. Samtals yfir 50 bílar og tæki. Fyrirtækið á og rekur eigin malarnámu að Björgum í Hörgárdal og grjótvinnslu og efnissölu í Siglúvík á Svalbarsströnd og í Hörgá.

### Starfsemin

Starfsemin snýr að allri almennri jarðvinnu, gatnagerð og lagnavinnu, vegagerð, hitaveituframkvæmdum, niðurrifi húsa, fjarskiptalögnum og síðast en ekki síst að þjónusta byggingaverktaka en fyrirtækið hefur m.a. annast alla jarðvinnu fyrir Byggingafélagið Hyrnu, Trétak, BE byggingar og SS Byggir. Fyrirtækið hefur á síðasta aldarfjórðungi unnið fjölda útboðsverka fyrir Akureyrarbæ, Norðurorku og Vegagerðina og má þar helst nefna að fyrirtækið hefur gert allar götur í Teiga- og Naustahverfi að þremur undanskildum ásamt götum í Síðu- og Nesjahverfum, lagningu stofnbrauta eins og Dalsbrautar, Miðhúsbrautar og Óðinsness, aðveituæð hitaveitu frá Hjalteyri til Akureyrar og frá Reykjum í Fnjóskadal til Grenivíkur. Fyrirtækið hefur á seinni árum tekið að sér verkefni á sviði virkjanafarmvæmda og lagði árið 2017 4 km aðrennslispiðu á Glerárdal fyrir Fallorku vegna Glerárvirkjunar og árið 2019 vann fyrirtækið við lagningu 6 km pípu ásamt vega- og stíflugerð fyrir Arctic hydro við gerð Hólsvirkjunar í Fnjóskadal.



### Mannauður

20-40 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu bæði bílstjórar, tækja- og verkamenn auk skrifstofufólks. Síðustu 14 árin hefur fyrirtækið nýtt sér krafta pólsks starfsfólks og nú eru um það bil 20% fastra starfsmanna pólskir og á háannatímum eru pólskir starfsmenn um og yfir helmingur starfsmanna. Fyrirtækið tók snemma í notkun GPS vélstýribúnað og nú eru nánast öll verk unnin með slíkum búnaði.











Starfsfólk Gömlu spýttunnar.

## Gamla spýtan



Magnús Hrafn Jónsson og Málfríður Hjaltadóttir, eigendur.

Gamla spýtan ehf. var stofnuð árið 2010 af Magnúsi Hrafn Jónssyni og Málfríði Hjaltadóttur og er með aðsetur að Hjallavegi 11 á Ísafirði. Magnús Hrafn lauk námi frá Iðnskólanum á Ísafirði árið 1983, sveinsprófi 1991 og meistarskólanum 2004.

### Verkefni 2020

Stærsta verkið sem fyrirtækið vann að árið 2020 var viðbygging og endurbætur við leikskólann Eyrarskjól á Ísafirði og miklar endurbætur á öllum deildum skólans. Auk þess sinntum við fjölda viðhaldsverkefna á Ísafirði og í nágrennabyggðum, Suðureyri, Flateyri, Súðavík einnig á Barðaströnd þar sem eru miklar endurbætur voru gerðar á sumarhúsum í Flókalundi, en þar er fjöldi sumarhúsa sem verkalyðsfélögin eiga.

Leikskólinn Eyrarskjól var steypur upp árið 1979 af fyrirtækinu Flísinni s.f., þáverandi eigendur voru Guðni Ásmundsson húsasmiðameistari og Jón M. Gunnarsson húsasmiðameistari. Þess má geta að Guðni Ásmundsson er meistarinn hans Jóns og síðan lærði Magnús smíðar hjá Jóni föður sínum.

Til gamans má geta þess að Magnús Hrafn er sonur Jóns og var hann að vinna hjá þeim, þá unglingur, sumarið 1979 við handlang og annað tilfallandi.

Magnús (Gamla Spýtan) tekur síðan þátt í útboði á viðbyggingu og endurbótum sléttum 40 árum síðar á leikskólanum og fékk verkið.

### Sagan

Fyrirtækið Gamla Spýtan á sér í raun upphaf árið 2002 þegar Magnús og Málfríður hefja rekstur á fyrirtæki sem hét Spýtan ehf. sem sinnti verkefnum um allt land. Meðal verkefna voru þakviðgerð á alþingishúsinu sem var umfangsmikið verk og mjög skemmtilegt í alla staði og virkilega krefjandi. Sorpflokkunarstöð á Sauðarkróki, einbýlishús á Fljótsdalshéraði, iðnaðarhús í Hafnarfirði og vélageymsla á Þingeyrarfluvelli svo eitthvað sé nefnt.

Eins og svo mörg fyrirtæki fór efnahagshrunið mjög illa með rekstur Spýttunnar ehf. og ákveðið var að stofna nýtt fyrirtæki með vísan í eldra fyrirtæki þó illa hafi farið, eftir stóð ómetanleg reynsla hjá stjórnendum og starfsfólki.

### Staðan í dag

Fyrirtækið sinnir almennri byggingastarfsemi og tilfallandi viðhaldi og hefur komið að uppbyggingu fyrir meðal annars Klofning ehf. (hausapurrkun), Fisherman Suðureyri (ferðaþjónusta og fiskréttuframleiðsla), Íslandssaga Suðureyri (fiskvinnsla). Einnig hefur fyrirtækið sinnt uppbyggingu á þó nokkuð mörgum gömlum húsum á Ísafirði og nágrenni. Eigendur nú sem fyrr eru Magnús og Málfríður. Gamla Spýtan er lítið fjölskyldufyrirtæki með 6-8 starfsmenn sem Magnús stýrir sem framkvæmdastjóri. Magnús hefur sérstakan áhuga á endurbyggingu gamalla húsa og hefur tekið mörg gömul hús í gegn og þá leitast við að





Gamla apótekið á Ísafirði, endurbyggt.



Messönuhús, bíslag byggt 2020.



Suðureyri, Brekkustígur endurbyggingu lokið 2020.

þau haldi sínu fallega upprunalegu útliti og sérstöðu.

Einnig hafa hefðbundin íslensk þök verið sérstakt áhugamál hjá Magnúsi, loftun, öndun og uppbygging (sem hefur verið ábótavant í gegn um tíðina) og hreinlega ranglega hannað og unnið.

### Skipulag

Helst er að telja að boðleiðir eru stuttar og stjórnendur alltaf með fingurinn á púlsinum. Í svona litlu fyrirtæki er góður starfsandi og vinnufélagar eru góðir vinir.

### Horfur

Horfur eru góðar og það virðist sem Vestfirðir séu að ná vopnum sínum á ný og virðist sem mikið verði byggt og framkvæmt á komandi árum. Bættar samgöngur spila þar stórt hlutverk. Þar sem Ísafjörður er lítill markaður, er framtíðarsýn okkar hjá Gömlu Spýtunni ekki það að stækka mikið, heldur að gera það vel sem við gerum og geta sinnt okkar viðskiptavinum vel og á persónulegum grunni.



Sökkull við Messönuhús.



Ílla farið þak á raðhúsi vegna lélegrar loftunar.



Leikskólinn Eyrarskjól, uppsláttur með 40 ára gamalli aðferð.



Frá hellulögðu dvalarsvæði við Búðará á Húsavík.

## Garðvík



Fjölskyldan í Garðvík, Jóhanna og Guðmundur með syni sína Friðrik Aðalgeir og Loga Vilhjálmi.

Garðvík var stofnað árið 2000 af Hilmarí Dúa Björgvinssyni og var rekið af honum, Friðrikku Guðjónsdóttur og Gunnari Bóassyni þar til 1. apríl 2016 þegar hjónin Guðmundur Vilhjálmsson og Jóhanna Sigríður Logadóttir keyptu fyrirtækið. Guðmundur og Jóhanna ráku þá heildverslunina Vélavörur ehf. sem var stofnuð 2006. Vélavörur seldu þrífavörur og pappír til fyrirtækja á Húsavík og nágrenni.

Garðvík hefur frá stofnun verið rekið sem skrudgarðyrkjufyrirtæki og sinnt tengdri þjónustu. Fyrirtækin voru rekin samhliða í 2 ár þar til þau sameinuðust undir merkjum Garðvíkur. Aðaláhersla sameinaðs fyrirtækis er skrudgarðyrkja, heildsala og þrífapjónusta. Guðmundur er Langnesingur í báðar ættir, kemur frá Syðra-Lóni á Þórshöfn. Foreldrar hans eru Vilhjálmur Guðmundsson og Brynhildur Halldórsdóttir (frá Gunnarsstöðum). Guðmundur útskrifaðist frá Vélskóla Íslands árið 1994 og hlaut meistaraáráttindi í vélsmiði árið 2001. Útskrifaðist sem véliðnfraeðingur og rekstariðnfraeðingur frá Háskólanum í Reykjavík árið 2000. Hefur lengst af starfað sem vélstjóri á stærri skipum, togurum og nótaskipum, síðast hjá HB Granda á árunum 2008-2015.

Jóhanna Sigríður er ættuð frá Húsavík. Dóttir hjónanna Loga Sigurðssonar, stýrimanns (lést 2006) og Guðrúnar Sigurðardóttur, sjúkraliða. Jóhanna útskrifaðist sem sjúkraliði 1994 og BS í iðjuþjálfunarfræðum frá Háskólanum á Akureyri 2017. Starfaði hjá HSN Húsavík og Félagsþjónustu Norðurþings.

### Vinnulag og framleiðsluferli

Skrudgarðyrkja og hellulagnir hafa í gegnum tíðina breyst lítið í grunnin en þurft hefur að taka tillit til tiskusveiflna í garðahönnun og útliti.

### Skipulag og sérstaða

Aðaláhersla Garðvíkur er á skrudgarðyrkju, heildsölu og þrífapjónustu.

**Skrudgarðyrkja:** Skrudgarðyrkja og hellulagnir

**Heildsala:** Fyrirtækið hefur einbeitt sér að því að þjónusta ferðapjónustufyrirtæki og önnur fyrirtæki á Húsavík, Mývatnssveit og nágrenni. Sérstaðan er fólgin í persónulegri þjónustu, ráðleggingum og heimsendingu á vörum.

**Þrífapjónusta:** Sá hluti fyrirtækisins sér um að semja við og uppfylla þrífasmninga við fyrirtæki á Húsavíkursvæðinu. Við tökum einnig að okkur tilfallandi verkefni með stuttum fyrirvara.

### Framtíðarsýn

#### Hvernig næstu ár líta út?

Í okkar bransa er erfitt að spá fyrir um framtíðina því efnahagur almennings og sveitarfélaga stjórnar því hversu mikið þau eyða í verkefni sem falla undir okkar starfsemi.





Frá gangstígagerð á Reykjaheiðarvegi á Húsavík.

### Aðsetur

Aðalaðsetur fyrirtækisins er við Kringlumýri 2 á Húsavík. Fest voru kaup á gömlu bifreiðaverkstæði að Haukamýri 1 haustið 2019. Í Kringlumýri er aðstaða fyrir skrifstofu, heildsölu, þrifateymi, kaffistofu og hluta af lager. Í Haukamýri er aðstaða fyrir hluta af lager, verkstæði og kaffistofa. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er á Húsavík og nágrenni. Einnig höfum við sinnt verkefnum á Þórshöfn, Fjarðabyggð og Mývatnssveit.

### Mannauður og starfsmannafjöldi

Fjöldi starfsmanna fer eftir árstíma. Fastir starfsmenn eru 5, þrjú Íslendingar og 2tveir erlendir. Menntun þeirra er margvísleg. Sumarstarfsfólkið okkar kemur úr mörgum greinum atvinnulífsins og eru mörg í skóla eða við það að klára skóla. Fjöldi þeirra eru um það bil 15 á hverju sumri. Við höfum einn gæðastjóra sem einnig er meistari í skruðgarðyrkju.



Frá uppslætti við útsýnispall á Bakkafirði.



Þrír ættliðir.



Reglulegir þjálfunar- og gæðafundir starfsfólks GG í höfuðstöðvum GG að Turnahvarfi í Kópavogi.

## GG Verk



Helgi Gunnarsson, framkvæmdastjóri og meðstjórnandi í stjórn.

GG Verk ehf. er framsækið byggingafyrirtæki sem var stofnað árið 2006 af bræðrunum Gunnari og Helga Gunnarssyni en þeir eru þriðja kynslóð smiða í fjölskyldu sinni og búa því yfir áratuga reynslu í faginu.

Fyrirtækjamenningin ber þess enn einkenni að vera byggt á fjölskyldugrunni en hugmyndafræði og gildi fyrirtækisins taka fyrst og fremst mið af góðum ytri og innri samskiptum þar sem samvinna, þátttaka og teymisvinna gegna veigamiklu hlutverki.

### Eigendur og stjórnendur

Núverandi eigendur félagsins eru hjónin Helgi Gunnarsson og Brynhildur S. Björnsdóttir og Brynja Blanda Brynleifsdóttir, fjármála- og aðstoðarframkvæmdastjóri félagsins síðan í upphafi árs 2020.

### Starfsemin

Árið 2020 var félagið á meðal 250 stærstu fyrirtækja á Íslandi. Félagið starfar bæði sem aðalverktaki fyrir aðra framkvæmdaaðila og sem uppbyggingar- og söluaðili eigin verka. Hlutverk GG Verk er að byggja vönduð mannvirki sem byggð eru innan tilskilins tímaramma - af framúrskarandi fagmennsku. Lögð er rík áhersla á að setja fólk ávallt í fyrsta sæti, sýna ábyrgð í verki og tryggja áreiðanleika með fyrirhyggju.



### Gæðavottun og viðurkenningar

GG Verk var annar byggingaverktaki á landinu til að hljóta ISO:9001 gæðavottun árið 2015 og hefur BSI á Íslandi tekið út gæðakerfið árlega síðan og staðfest vottunina ár hvert. Með vottuninni og gæðakerfinu er lögð rík áhersla á virkt innra og ytra eftirlit, skilvirkni, tímastjórnun, gæði og öryggi. Gæðamarkmið eru mæld reglulega og innra eftirlit er hluti af reglulegri starfsemi.

Árið 2020 hlaut fyrirtækið viðurkenninguna Jafnvægisvogina frá FKA, enda rík áhersla lögð á jafnvægi kynja í stjórn og ráðningum almennt. GG hefur einnig hlotið viðurkenningar og vottanir fyrir að vera Framúrskarandi fyrirtæki frá Credit Info og Fyrirmyndarfyrirtæki frá Viðskiptablaðinu.

### Aðsetur og mannaúður

GG Verk hóf byggingu á eigin skrifstofu- og lagerhúsnæði að Turnahvarfi 4 í Kópavogi árið 2018 og flutti sig þangað á vormánuðum 2019. Á árinu 2020 störfuðu um 60 starfsmenn hjá félaginu og nokkrir tugir undirverktaka. Starfsfólk GG starfar víða á höfuðborgarsvæðinu við framleiðslu á mannvirkjum en skrifstofuhúsnæðið nýttist þó öllu starfsfólki GG sem samkomu-, funda- og þjálfunarmiðstöð félagsins.



Brynja Blanda Brynleifsdóttir, fjármála- og aðstoðarframkvæmdastjóri og meðstjórnandi í stjórn.



Brynhildur S. Björnsdóttir, stjórnarformaður.





Stofnendur GG Helgi (t.v.) og Gunnar (t.h.) ásamt formanni og liðsmönnum FRAM við undirritun samstarfssamnings 2020-2021.

### Verkefnin

GG Verk hefur byggt yfir 1000 íbúðir frá stofnun og fjölmörg atvinnuhúsnæði. Á árinu 2020 var félagið í ýmsum verkefnum en má þó helst nefna verklok á burðarvirki 330 íbúða á RÚV reitnum í Efstaleiti, íbúðarkjarna fyrir 50 ára og eldri á gamla Kaupfélagsreit Mosfellsbæjar, aðalverktöku í uppbyggingu á Íþróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal og stóran íbúðarkjarna í Dalbrekku, Kópavogi.

### Samfélagsmál

GG Verk lætur samfélagið sig varða og var aðalstyrktaraðili Knattspyrnufélagsins FRAM á árinu 2020 og gullstyrktaraðili Rynkeby liðsins.

Ófrávikjanleg gildi okkar eru...



### GÓÐ SAMSKIPTI

Við vöndum vel til verka og leggjum ríka áherslu á góð ytri og innri samskipti. Við göngum glöð og jákvæð til verka og áttum okkur á því að virk upplýsingagjöf til verkkaupa, samstarfsaðila og starfsfólks er forsenda árangurs.



### ÁBYRGÐ

Við sýnum ábyrgð í verki með því að vanda vel til verka og horfumst i augu við það sem betur má fara. Með vönduðum vinnubrögðum og áratuga reynslu, háþörmum við afköst. Jafnframt einsetjum við okkur að halda áfram að læra og þróast enn frekar.



### TRAUST

Við tökumst á við verkefni af heilindum og höldum vel utan um verkin með fyrsta flokks fagmönnum - þar sem enginn afsláttur er gefinn af öryggis- og gæðamálum. Við tökum hlutverki okkar alvarlega og stöndum við orð okkar og áætlanir.



### SNYRTIMENNSKA

Við berum virðingu fyrir verkum okkar og annarra. Þess vegna er snyrtimennska á vinnusvæðum lykilatriði.

Gildi og leiðarljós GG Verk.



Bjarkarholt í Mosfellsbæ, 65 íbúðir og bílajakallari í 4 húsum fyrir 50 ára og eldri. Eigið verk í samstarfi við aðra fjárfesta.



RÚV reiturinn í Efstaleiti, uppsteypa og burðarvirki á 330 íbúðum fyrir Skugga 4 ehf.



Dalbrekka í Kópavogi, 68 íbúðir og atvinnuhúsnæði.





Stafkirkjan að innan. Engir naglar, skrúfur eða rafmagnsverkfæri eru notuð við smíðina.



Stafkirkja að norskri fyrirmynd sem setja á upp í Kvívík í Færeyjum.

## GÓK húsasmíði



Smíðirnir Páll Gunnlaugsson til hægri og Óskar Þór Þórisson til vinstri, slá ekki slöku við frekar en fyrri daginn.

Fyrirtækið var stofnað í Bolungarvík af húsasmíðnum Guðmundi Óla Kristinssyni árið 2002, en eftir að Jón Steinar, sonur Guðmundar, lauk námi árið 2004 hafa þeir feðgar stýrt fyrirtækinu saman. Skammstöfunin GÓK vísar auðvitað til Guðmundar Óla, sem ólst upp á Dröngum á Ströndum, en fluttist til Bolungarvíkur árið 1979 hvar hann hefur unnið við smíðar síðan. Fyrirtækið er alhliða byggingafyrirtæki sem hefur tekið að sér fjölbreytt verk um land allt, og jafnvel út fyrir landssteinana, en mest á Vestfjörðum. Í gegnum tíðina hafa ávallt verið milli 6-8 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Þá má einnig nefna að feðgarnir hafa rekið litla útgerð samhliða smíðunum, á sömu kennitölunni, en þeir hafa stundað strandveiðar á fimm tonna trillu frá því árið 2009. Trillan heitir Jagger, skýrð beint í höfuðið á hinum seiðmagnaða söngvara Rolling Stones, Mick Jagger, en Guðmundur Óli (og síðar Jón Steinar), er mikill aðdáandi sveitarinnar og má sjá þess merki víða á verkstæðinu sem og á merkingum bifreiða fyrirtækisins. Verkstæði GÓK stendur við Hafnargötu 14, en fyrirtækið á einnig rúmgóða skemmu annars staðar í Bolungarvík sem meðal annars er nýtt fyrir geymslu og uppsetningu ýmissa verkefna.



Feðgarnir Guðmundur Óli og Jón Steinar við stálgrindarhúsið þegar þakið og megnið af veggklæðningunni var komið á.

### Frá stafverki til stærsta stálgrindarhúss Vestfjarða

Meðal helstu verka fyrirtækisins í gegnum tíðina er fyrsta viðbyggingin við fiskverkun Jakobs Valgeirs ehf. árið 2006, stækkun Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal og varaafstöð Landsnets í Bolungarvík, uppbygging á vinnsluhúsum fyrir Arnalax í Tálknafirði og á Bíldudal, ásamt fjölda annarra minni verka í gegnum tíðina. Frá því í ágúst 2020 hefur fyrirtækið unnið að sínu stærsta verki til þessa, en það er stækkun á húsnæði fiskverkunar Jakobs Valgeirs í Bolungarvík, sem er stærsti vinnuveitandinn á svæðinu. Um er að ræða stærsta stálgrindarhús á Vestfjörðum, alls 1250 fm. Grunnflötur hússins er 25x50 metrar og mun hýsa tvo tveggja tonna lausfrysta, sem og skrifstofur á efri hæð. Sá starfsmenn GÓK um allan uppslátt, járna- og steypuvinnu, (utan þússningar á plötu) og höfðu umsjón með samsetningu og klæðningu hússins, en aðrir verktakar komu þar einnig við sögu.

### Viðheldur verðmætri verkunnáttu

Guðmundur Óli hefur sérhæft sig í fornaldarsmíði hvar engir naglar, skrúfur eða nýmóðins rafmagnsverkfæri koma við sögu, en slík aðferð nefnist einnig stafverk. Við slíka iðju er einungis stuðst við handverkfæri og hefur fyrirtækið meðal annars sinnt endurbótum á Salthúsinu á Þingeyri, Hólskirkju í Bolungarvík, Eiríksbæ í Haukadal og Eiríksbæ á Grænlandi, byggt fjórar stafkirkjur, verbúðina Ósvör, Litlabæ í Skötufirði, Hraunskirkju í Keldudal og gert upp gamla báta fyrir Þjóðminjasafnið og Byggðasafnið á Ísafirði, með slíkri aðferð. Hefur Guðmundur hlotið nokkra fjölmíðlaumfjöllun vegna sumra þessara verka, enda er slík verkunnátta ekki á færi allra, líkt og hann greindi sjálfur frá í Landanum á RÚV: „Það er svolítið spennandi að koma þessu áfram til annarra. Verkþekking á Íslandi ekki í hávegum höfð,“ hafði Guðmundur á orði árið 2017 í tilefni af smíði stafkirkju að norskri fyrirmynd sem setja átti upp í Færeyjum.



Fyrsti bitinn hiðfur í stálgrindarhúsin.

### Uppgangur framundan

Feðgarnir telja framtíðina bjarta í rekstri fyrirtækisins, hér eftir sem hingað til, ekki síst ef uppgangur fiskeldisins fær byr undir báða vængi líkt og horfur eru á.





Unnið við vegagerð.

## Gröfutækni

Gröfutækni ehf. var stofnað árið 1994 af Þórarni I. Úlfarssyni og Herði Úlfarssyni. Tóku þeir bræður við rekstri og leigðu vélar af föður sínum en Úlfar faðir þeirra hafði verið í vinnuvélarekstri frá 1970. Til að byrja með störfuðu aðeins 3 starfsmenn hjá Gröfutækni en einnig var leitast við að ráða sumarstarfsmenn því oft var meiri starfsemi yfir sumarið. Í kringum árið 2000 eignaðist Gröfutækni allar vélar sem Úlfar hafði átt áður og upp úr því fór starfsemin að færa út kvíarnar og verkefni að stækka.

### Starfsemin

Það má segja að sérsvið starfseminnar sé eða hafi verið lagnavinna, einkum hita- og vatnslagnir sem síðan hefur þróast yfir í endurnýjanir og nýlagnir gatna. En nú er stór hluti veltu fyrirtækisins í verkefnum sem tengjast gatnagerð og lagnavinnu fyrir sveitar- og bæjarfélög.

### Starfsfólk og stjórnendur

Á árinu 2020 störfuðu 15 manns hjá fyrirtækinu, flestir vélamenn og vörubílstjórar en einnig lagnamenn og aðstoðarmenn og gekk starfsemin með ágætum.

Hörður Úlfarsson er framkvæmdarstjóri og Þórarinn Ingi Úlfarsson er stjórnarformaður.

### Framúrskarandi fyrirtæki og framtíðarsýn

Nokkur stór verk eru í gangi sem hafa gengið vel og náði Gröfutækni þeim árangri árið 2020 að komast í hóp framúrskarandi fyrirtækja.

Framtíðarsýnin er að halda áfram sambærulegu starfi og hefur verið síðustu ár, afla verkefna og þjónusta sveitar- og bæjarfélög.



Þórarinn I. Úlfarsson og Hörður Úlfarsson.





Afurðir verkstæðis, innréttingar komnar upp hjá verkkaupum.

## Grindin



Grindin ehf. er alhliða byggingar- og trésmíðafyrirtæki í Grindavík sem stofnað var árið 1979 af Guðmundi Ívarssyni húsasmiði og sonum hans, þeim Karli og Magnúsi. Guðmundur hafði starfað sem húsasmiður í Grindavík frá árinu 1952 en synirnir Karl og Magnús fóru að vinna hjá pabba sínum um leið og þeir höfðu getu til og luku þeir báðir námi í húsasmiði. Feðgarnir fjárfestu saman í trésmíðavél árið 1979 sem fékk stað í bílskúrnum á æskuheimilinu að Víkurbraut 40, þau kaup marka upphaf Grindarinnar. Í dag er fyrirtækið í eigu Magnúsar Guðmundssonar og eiginkonu hans, Huldu Halldórsdóttur, og hefur Magnús stýrt fyrirtækinu síðustu árin.

### Sagan

Í gegnum árin hefur Grindin ehf. byggt fjölda íbúðahúsa auk annarra bygginga, s.s. skóla, íþróttahúsa, leikskóla og atvinnuhúsnæðis. Grindin rekur einnig vel tækjum búið trésmíðaverkstæði sem hefur sérhæft sig í smíði á innréttingum, innihurðum og hverskonar sérsmiði. Verkstæði Grindarinnar er staðsett að Hafnargötu 9a. Það húsnæði byggðu Guðmundur, Karl og Magnús og fluttist starfsemin þangað árið 1982. Húsnæðið hefur verið stækkað tvisvar sinnum frá því það var byggt og stefnt er að því að stækka það enn frekar á næstu misserum.

### Þróunin

Frá því Grindin hóf störf árið 1979 hefur orðið mikil þróun á hverskyns verkfærum og búnaði sem auðveldar og flýttir fyrir starfi. Mikil tækniþróun verkstæðisvéla hefur átt sér stað undanfarin ár sem margar eru orðnar tölvustýrðar. Verkstæðið mun taka nýjan þrívíddar yfirfræsara í notkun vorið 2021, með honum eru lítil takmörk sett.

Samhliða þróun á tækjabúnaði hafa byggingarefni þróast. Má þar nefna mikið úrval af forunnu efni sem er orðinn vinsæll valkostur hjá viðskiptavinum. Grindin fylgist vel með nýjungum á valmöguleikum í efnisvali sem þurfa að uppfylla gæðakröfur fyrirtækisins.

### Starfsemin

Grindin hefur alla tíð sinnt alhliða byggingavinnu og viðhaldi og hafa viðskiptavinir Grindarinnar í gegnum tíðina verið fyrirtæki, stofnanir, verktakar og einstaklingar. Í upphafi smíðaði Grindin glugga og hurðir en sú vinna hefur að mestu lagst af þar sem komin eru fyrirtæki sem sérhæfa sig í þeirri smíði. Vörubrettasmiði fyrir fiskvinnslufyrirtæki hefur verið hluti af starfsemi Grindarinnar en þeirri vinnu var hætt árið 2020.

### Starfsfólk

Að jafnaði starfa um og yfir tuttugu manns hjá fyrirtækinu og hefur meirihluti starfsmanna unnið þar í áratugi. Með reynslu þeirra og þekkingu eru gæði framleiðslunnar tryggð.





Magnús Guðmundsson við mælingar í grunnni á parhúsum.



Byggingaframkvæmdir á nýju íþróttarhúsi í Grindavík.

Grindin starfar auk þess með fjölda undirverktaka, má þar nefna málara, pípara, rafvirkja, blikksmiði, vélsmiði, tæknimenn og arkitekta.

### Markmið

Framtíðarsýn fyrirtækisins er að halda áfram að sinna verkefnum með þeim markmiðum sem það hefur alla tíð unnið eftir, sem eru vönduð vinnubrögð með þekkingu að leiðarljósi sem skilar sér í gæðum og endingu.



Féðgarnir - Þetta þrieyki stofnaði Grindina árið 1979. Í upphafi var verkstæðið í bílskúrnunum við heimili þeirra á Víkurbraut 40. Myndin er tekin fyrir framan verkstæðið á Hafnargötunni þar sem það er enn til húsa. Frá vinstri: Guðmundur Ó. Ívarsson, Ágúst Karl Guðmundsson og Magnús Guðmundsson.



Starfsmenn Gröfubjónustunnar við lðngarða 6 í Garðinum.

## Gröfubjónusta Tryggva Einars



Tryggvi með Einar ungan.

Grunnur starfseminnar var að faðir Tryggva, Einar Tryggvason var verktaki með vörubíl. Það hafði áhrif á starfsval Tryggva. Þá háttaði svo til í Garðinum að bygging íbúðarhúsa og atvinnuhúsa fór vaxandi og þörf fyrir uppbyggingu veitukerfa, gatna og gangstíga. Gerð landvarnargarða vegna ágangs sjávar var þörf. Fyrsta verkefni var unnið 29. ágúst 1973, það fólst í því að koma fyrir efni í húsgrunni í Garðinum.

### Verkefni og tæki

Fyrsta stóra verkefnið kom degi síðar, 30. ágúst 1973. Það var að grafa upp jarðstreng sem var úr Garðinum suður á nes fyrir Rafveitu Gerðahrepps. Sama ár var lagt fyrir fráveitu í Eyjahverfinu, sem þá var í uppbyggingu í Garðinum. Fljótlega komu verkefni fyrir Vegagerðina og vegalagnir og stígagerð fyrir sveitarfélög. Síðan hafa verkefni verið mörg. Nú vinna 7 starfsmenn hjá Gröfubjónustunni og hafa flestir verið þar um langt skeið. Fyrsta tækið var grafa af gerðinni John Deer 2010, árgerð 1967, keypt frá bænum Grjóteyri í Borgarfirði. Feðgarnir sóttu hana á vörubílum. Í dag er tækjakostur; ein traktorsgrafa, tvær hjólaskóflur, ein 32 tonna beltagrafa og ein tveggja tonna beltagrafa, jarðýta af Cat 6 gerð, einn valtari, þrjár vörubílar og einn trailer. Auk þess mikið af smærri verkfærum til ýmissa verkefna eins og þarf hverju sinni. Með tækjakostinum er gerlegt að takast á við stór verkefni og afkastageta veruleg. Verkefni eru öll almenn jarðvinna, sem unnin er eftir beiðni, tilboðum og með þátttöku í útboðum. Einnig flutningur þungs búnaðar.

### Skipulag reksturs

Gröfubjónusta Tryggva Einars er einkahlutafélag. Tryggvi er stjórnarformaður og framkvæmdastjóri. Aðrir í stjórn eru Sæunn Andrésdóttir, Einar Tryggvason og Edvin Jónsson. Þau eru öll starfsmenn Gröfubjónustunnar. Starfssvæðið er Suðurnesjabær og önnur sveitarfélög á Suðurnesjum. Auk þess höfuðborgarsvæðið.

### Framtíðarsýn

Starfsemin er í góðu jafnvægi og eru áform helst þau að halda því þannig. Lögð er áhersla á góða þjónustu og faglegt og vinsamlegt samstarf við verkkaupa.

### Aðsetur

Fyrstu árin var umsjón rekstrarins frá heimili eigenda. Fljótlega var keypt aðstaða í fyrrum íshúsi í Gerðahverfi. Húsið var byggt skömmu eftir 1900 sem íshús og rekið sem slíkt fram um miðja síðustu öld. Húsið er steipt og vandað að fyrstu gerð. Er starfsemin óx var keypt húsnæði við lðngarða 6 í Garðinum. Þar er nægjanlegt húsrými til þrifa, viðhalds og endurnýjunar tækja og búnaðar. Auk þess aðstaða fyrir skrifstofu og starfsmenn eins og þarf.





Mynd af gömlum vörubíl við gröfu.



Mynd af gömlum vörubíl við gröfu og ýtu.

### Starfsmenn

Alls eru sjö starfsmenn hjá Gröfuþjónustunni, einn á skrifstofu og sex sem tækjamenn, bílstjórar og við viðhald tækja. Eigendur vinna fullan starfsdag við starfseminna.

### Velta og hagnaður

Afkoma hefur verið ágæt flest ár og hefur hagnaður gengið til uppbyggingar þeirrar starfsemi sem nú er í boði. Lögð er áhersla á sjálfbærni, skuldir ekki til trafala og afrakstur notaður til uppbyggingar og betri aðbúnaðar fyrir starfsmenn og tæki. Fyrirtækið er vottað sem fyrirmyndar fyrirtæki 2018 og 2019.

### Verkefni

Þau eru fjölbreytileg og sum eftirminnileg. Gröfuþjónustan gerði varphólma í Útskásíki. Þyrla landhelgigæslunnar flutti mól og grjót sem undirstöðu hólmanns og veturinn eftir var yfirborð hólmanns flutt með gröfum á ís á sinn stað. Í dag er þar myndarlegur varphólmi.



Unnið við lagningu gangstéttar í Garðinum.



Niðurrif á húsi Sparisjóðsins.



Aðstoð við viðhald flugvélar.



Urriðaholt.

## GT verktakar



Gísli Sveinbjörnsson og Trausti Finnbogason.

Gísli Sveinbjörnsson og Trausti Finnbogason hafa starfað lengi í verkakageiranum en þegar þeir fóru að bjóða saman í verk þá vatt það hratt upp á sig, þannig að árið 2001 stofnuðu þeir fyrirtækið GT verktaka. Þeir eru til húsa í Hafnarfirði, í glæsilegu húsnæði sem hýsir alla starfseminu, hvort sem það eru skrifstofur eða verkstæði.

### Starfsemin

Fyrirtækið hefur sérhæft sig í hvers kyns uppgreftri, flutningum, flokkun sorps og vetrarþjónustu. Með stóran bíla- og tækjafloata hefur GT ekki aðeins margar gerðir tækja og búnaðar til að takast á við nánast hvaða verkefni sem er ásamt vinnuafli til að standast metnaðarfullstu áætlanir. Reynsla þeirra af því að vinna við allar gerðir jarðvegs, við hinar ýmsu aðstæður, hefur leitt til þess að þeir hafa komið að nokkrum stærstu uppgrafarverkefnum sem hafa verið unnin á Íslandi.

### Verkefnin

GT hefur tekið að sér ýmis verkefni bæði sem verktakar og undirverktakar. Góð samskipti hafa verið milli GT og stærstu byggingarverktaka landsins eins og ÍSTAK, ÍAV o.fl. GT hefur einnig góða reynslu af gámaflutningum og er með starfsmenn sem hafa áratuga reynslu. GT var undirverktaki Impregilo við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. GT sinnti ýmsum verkefnum fyrir Impregilo svo sem uppgreftri, malarflutningum, tækjaflytningum og akstri rúra- og sjúkrabíla. Hjá Gt voru yfir 50 manns að störfum við Kárahnjúka.

### Markmið og framtíðarsýn

GT hefur útsjónarsemi og þekkingu að leiðarljósi og kynnir sér vel nýjustu tækni og aðferðir frá verkfræðilegu sjónarhorni. Þeir eru meðvitaðir um það að þekking skilar bestu færni. Stjórnendur GT leita eftir hæfasta fólkinu til að hanna, stjórna og framkvæma þau verkefni sem þeir taka að sér. Velgengni og staða öryggismála fyrirtæksins segir allt um gæði þessarar þátta - á meðan háþrúð verkefni sem GT lýkur sýna fram á einstaka hæfileika. Verkefnastaðan hjá þeim er góð og eru þeir bjartsýnir á framtíðina.





Unnið við Bláa Lónið.



Hafnargerð í Grindavík.



Vörubíll.



Búkolla.



Vélaflutningar..





Háfell ehf. hefur fjárfest í umhverfisvænum vélabúnaði.

## Háfell



Skarphéðinn Ómarsson framkvæmdastjóri Háfells við opnun Héðinsfjarðarganga í október 2010.

Háfell ehf. er fyrirtæki í jarðvegsframkvæmdum og sinnir verktakastarfsemi af öllum stærðargráðum, víða um landið. Helstu verkefni hafi falist í gatna-, vega-, og jarðgangagerð ásamt allri nauðsynlegri jarðvinnu undir malbiki eins og jarðvegsskiptum, lagnavinnu og klæðningu. Háfell ehf. hefur að meginmarkmiði að ástunda vandvirk, hröð og örugg vinnubrögð með góðum tækjakosti. Fyrirtækið er vel mannað metnaðarfullu starfsfólki sem býr að mikilli reynslu og þekkingu sem nýst hefur vel í fjölbreyttum og oft flóknum framkvæmdum.

### Traustur grunnur

Að baki Háfelli ehf. býr meira en 40 ára reynsla. Fyrirtækið var stofnað sem sameignafélag í mars 1979 af þeim Gunnari Sigurbjartssyni og Eiði Haraldssyni. Fyrsta árið var vélaleiga helsta verksviðið, en fljótlega færðist starfsemin þó yfir á almennan útboðsmarkað. Um áramótin 1985-86 var Háfell skráð sem einkahlutafélag og upp frá því urðu umsvifin gróskumeiri í sífellt stærri jarðvinnuverkefnum fyrir Vegagerðina og sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins. Fyrsta aðsetur Háfells var í leiguhúsnæði að Bíldshöfða 14, en þaðan var flutt árið 1984 yfir í Kaplahraun 8 í Hafnarfirði. Frá árinu 1998 fór starfsemin fram að Krókhálsi 12. Þaðan færðist skrifstofumurinn árið 2006 í Skeifuna í Reykjavík. Í árslok 2008 var verkstæði og aðstaða fyrir vinnutæki tekin í notkun að Rauðhelli 5 í Hafnarfirði. Sú aðstaða flutist síðan í ársbyrjun 2011 að Álhelli 3 í Hafnarfirði. Í dag er Háfell ehf. alfarið í eigu Skarphéðins Ómarssonar.

### Hagkvæmur árangur

Háfell ehf. hefur tekið að sér margar stórar og flóknar gatna – og vegagerðaframkvæmdir og skilað mörgum þeirra töluvert á undan áætlun. Meðal stærstu verkefna má nefna fyrsta áfanga í tvöföldun Reykjanesbrautar, en því var skilað fjórum mánuðum fyrir áætluð verklok. Sama var upp á teningnum við breikkun Vesturlandsvegur sem fullkláraðist um hálfu ári fyrir umsamin skiladag og vegur um Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi var opnaður um ári áður en áætlanir gerðu ráð fyrir. Meðal umsvifamikilla verkefna Háfells ehf. eru m.a. endurnýjun og færsla Hringbrautar og Sæbrautar í Reykjavík, lagning Suðurstrandar- og Þjórsárvegur, jarðvinna við álverið á Grundartanga, gatnagerð í atvinnusvæði Halla í Reykjavík og íbúðahverfið Urriðaholt í Garðabæ. Stærsta verkið verður þó að teljast gerð Héðinsfjarðarganga. Þar er um að ræða stærsta samgöngumannvirki landsins, upp á 15 km með tveimur 11 km jarðgöngum samtals á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, með viðkomu í Héðinsfirði. Verktaka Háfells ehf. við göngin var í samvinnu við tékkneska fyrirtækið Metrostav as. Nánari upplýsingar um önnur verkefni má nálgast inn á vefsíðunni [www.hafell.is](http://www.hafell.is)





Vélafloti Háfells að störfum.



Vegstubburrinn í gegn um Héðinsfjörð á milli gangamunna. Horft til austurs.

### Öflugur tækjakostur

Forsendan fyrir því að geta tekist á við og unnið krefjandi verkefni er fyrst og fremst góður mannaflí studdur af öflugum tækjakosti. Háfell ehf. kappkostar að beita fullkomnum og kraftmiklum vinnuvélaflota í öllum sínum verkum. Fyrirtækið býr ávallt að nýlegum og traustum tækjabúnaði sem stenst kröfur um nútíma vinnuaðferðir, en jafnframt er mikið lagt upp úr því að tækin mengi ekki umhverfið. Í flota Háfells ehf. eru m.a. gröfur með allt frá tveggja tonna og upp í 50 tonna getu ásamt vörubílum, malarvögnum og námubifreiðum. Háfell rekur jafnframt vélaleigu og hægt er að semja um leigu á tækjum ef óskað er.

### Metnaðarfullur mannauður

Þrátt fyrir góðan tækjakost, þá er það alltaf metnaðarfullur mannauðurinn sem er kjölfestan í öllum atvinnurekstri. Háfell ehf. er traustur vinnustaður þar sem starfsframlag fólks er metið að verðleikum. Starfsmannafjöldanum fækkaði mikið eftir gerð Héðinsfjarðarganga 2010 og telur hann nú að jafnaði um 30 manns. Stór hluti þeirra hefur starfað innan fyrirtækisins um áratuga skeið og miðlað af sinni dýrmætu reynslu og þekkingu, hvað varðar verklegar framkvæmdir. Fyrirtækið leggur jafnframt mikla áherslu á að bjóða upp á notalega vinnuaðstöðu og stuðla að símenntun mannaflans til þess að gera hann enn hæfari til að takast á við krefjandi og spennandi verkefni



Agnar Birgir Óskarsson, verkefnastjóri og Daniel Gunnarsson, verkstjóri.

Við  
lifum  
á  
jörðinni!

Hjá Háfelli er unnið eftir þeirri ófrávíkjanlegu reglu að framkvæmd hvers verkefnis hafi eins lítil áhrif á umhverfið eins og frekast er kostur. Ávallt er reynt að takmarka allt óþarfa jarðrask í náttúrunni og að allt efni sem til fellur sé nýtt til endurvinnslu. Fyrirtækið leggur jafnframt ríka áherslu á að vinnutæki séu sem umhverfissvænust og að við allri skyndilegri umhverfismengun sé brugðist tafarlaust við, með viðeigandi hætti.



Afhending á nýjum veghefli fyrir utan Kraftvélar í Kópavogi. Á myndinni eru Hilmar, Ívan Atli (sonur Ívans Arnar) og Ívan Örn.

## Hefilverk



Ívan Örn við heflun á Reykjanesbraut.

Hefilverk var stofnað árið 1989 þegar Hilmar Guðmundsson og Elín Ívardsdóttir fjárfestu í sínum fyrsta veghefli, Caterpillar 12F árgerð 1971. Síðan þá hefur fyrirtækið tekið þátt í bæði stórum og smáum verkefnum. Á sama tíma og fyrirtækið var stofnað voru fest kaup á tveimur fjögurra kílóa NMT farsímum sem ávallt voru með í för og þótti sérstakt á sínum tíma. Hefilstjórinn gat því sjálfur tekið við pöntunum og fullnýtt daginn án þess að koma við á skrifstofunni til að fá upplýsingar um næstu verkefni. Verkefnum fór fjölgandi og tveimur árum síðar keypti fyrirtækið nýjan veghefil af gerðinni Komatsu GD621. Hefillinn var pantaður hjá P. Samúelssyni og afhentur 5. apríl 1991.

Árið 1998 hóf Ívan Örn Hilmarsson, sonur Hilmars og Elínar, störf hjá Hefilverki sem skóflumaður á hæl. Hann gekk með veghefli föður síns í tæp tvö ár áður en hann öðlaðist vinnuvélaréttindi. Árið 2000 hóf hann störf sem vegheflisstjóri hjá Hefilverki og vinnur þar enn í dag.

### 30 ára afmæli

Í tilefni af 30 ára afmæli fyrirtækisins voru fest kaup á glænýjum veghefli, Komatsu GD675, og 315 fermetra iðnaðarhúsnæði í Bugðuflljóti í Mosfellsbæ. Á þessum 30 árum hefur Hefilverk vaxið og dafnað sem fjölskyldufyrirtæki. Í dag eru starfræktir þrjú vegheflar, allir útbúnir fullkomnum vélstýringum sem skila mun nákvæmara verki.

### Verkefnin

Frá stofnun fyrirtækisins hefur Hefilverk komið að mörgum krefjandi framkvæmdum. Fyrsta verkefnið var 17. apríl 1989 í Skeifunni þar sem lagfæringar voru gerðar á plani Hagkaups. Í beinu framhaldi af því urðu verkefnin stærri. Má þar nefna tvöföldun vega á Bústaðarvegi, Reykjanesbraut og Helligshéiði. Einnig stækkun á Keflavíkurlugvelli, gerð Ártúnsbrekku, jarðgangavinna í Noregi og gatnagerð í kringum þau. Að auki hefur Hefilverk komið að gerð helstu íþróttamannvirkja landsins. Á veturna sinnir fyrirtækið snjómokstri þegar þess er þörf. Hilmar hefur um árabíl setið í stjórn Félags vinnuvélaeigenda sem varaformaður og tekið þátt í að efla samstarf félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra. Undanfarin misseri hefur hann komið að undirbúningi á námsefni í véla- og mannvirkjagerð en stefnt er að því að kenna fagið í Tækniskólanum.

### Markmið

Hefilverk hefur frá upphafi skapað sér sérstöðu og gott orðspor með faglegum vinnubrögðum og persónulegri þjónustu enda unnið undir formerkjunum **þekking – reynsla – nákvæmni**. Fyrirtækið hefur komist á lista Framúrskarandi fyrirtækja að mati Creditinfo síðastliðin 6 ár. Heimasíða fyrirtækisins er [www.hefilverk.is](http://www.hefilverk.is)



Ívan Örn við vinnu á Keflavíkurlugvelli.





*Ívan Örn heflar jarðgöng við Búrfell.*



*Hilmar og Elin við afhendingu á Komatsu vegheflinum árið 1991. Söluumaður er Gunnar Björnsson og í bakgrunni má sjá 8 ára gamlan Ívan Örn Hilmarsson, verðandi hefistjóra Hefilverks.*





Héraðsverk við vinnu í Berufjarðarbotni fyrir Vegagerðina. Mynd tekin árið 2018.

## Héraðsverk



Skrifað undir samning um ofanflóðavarnir í Neskaupstað – Urðarbotnar og Sniðgil, sumar 2019. Viðar Hauksson (stjórnarformaður Héraðsverks), Hafsteinn Pálsson (Ofanflóðasjóður) og Karl Óttar Pétursson (fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð).

Héraðsverk ehf. var stofnað á vormánuðum árið 1988. Stofnendur voru eigendur vörubifreiða og vinnuvéla á Héraði. Tilgangur félagsins var og er að verktakar á Héraði gætu komið að stórum verkfræmðum á Austurlandi og var fyrsta verkið framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll. Hluthafar í dag eru 17 talsins og þar af eru sjö sem eru búnir að vera með frá stofnun.

### Starfsemin

Héraðsverk ehf. er með aðsetur að Miðvangi 2-4 Egilsstöðum og er „regnhlífarfélag“ hluthafanna. Starfsemin er jarðvinna hverskonar og hefur mest af starfseminni verið á Austurlandi. Helstu verkefni eru vegagerð, sjóvarnir, ofanflóðavarnir og snjóflóðavarnir. Af verkefnum sem unnin hafa verið má nefna: Egilsstaðaflugvöll, jarðvinnu fyrir Fjarðaál, Snjóflóðavarnir Siglufirði, Almanskardögöng, undirstöður undir Fljótsdalslínu, Snjóflóðavarnir Norðfirði. Í vegagerð má nefna veginn um Hófaskarð, um Norðurárdal og Berufjarðarbotn. Í dag er Héraðsverk að vinna að Snjóflóðavörnun Norðfirði, vegagerð um Finnaþjörð-Bakkafjörð og Öxl-Hofsá.

### Mannauður

Fastir starfsmenn undanfarin ár hafa verið tveir en félagið hefur aðgang að starfsmönnum og fjölbreyttum vélum og tækjum hluthafanna. Á árinu 2020 hafaum 60 starfsmenn hluthafa komið að vinnu hjá Héraðsverki. Kallað er eftir tækjum og mannafla í verkin hjá hluthöfum, eftir því hvað þarf hverju sinni. Á árinu hafa 68 tæki hluthafanna komið til vinnu. Má þar nefna vörubíla, trailera, belta- og hjólagrófur, jarðýtur, heflla, valtara o.fl.

Stjórn félagsins í dag skipa: Viðar Gunnlaugur Hauksson, stjórnarformaður, Benedikt Ólason, Vilhjálmur Konráðsson, Þórir Óskar Guðmundsson og Steinþór Guðni Stefánsson. Framkvæmdastjóri er Hafliði Hörður Hafliðason.



Héraðsverk.



Á stjórnarmyndinni eru frá vinstri: Benedikt Ólason, Þórir Óskar Guðmundsson, Vilhjálmur Konráðsson, Steinþór Guðni Stefánsson og Viðar Gunnlaugur Hauksson (stjórnarformaður).





Vinna í höfninni við Varnargarð á Borgarfirði - eystri.



Gunnólfsvík, fyrir Vegagerðina. Mynd tekin árið 2020.



Héraðsverk við vinnu í Njarðvíkurskriðum fyrir Vegagerðina. Vetur 2019.





Björgvin, Áskell og Agnar.

## Húsagerðin



Hér fara 52 tonn.

Húsagerðin hf. er alhliða byggingafyrirtæki stofnað 1972 í Keflavík af þremur ungum mönnum. Antoni S. Jónssyni, Jakobi Traustasyni og Áskeli Agnarssyni. Þetta voru menn með stórhuga framtíðarsýn. Ný tækni var að ryðja sér til rúms við uppsteypu húsa, með notkun byggingakrana og kerfismóta sem var nýtt á markaðnum þá. Byggingahraði varð meiri en menn höfðu áður séð. Eftir fráfalls Antons 2006 hefur Áskell rekið fyrirtækið einn. Í dag er Áskell Agnarsson framkvæmdarstjóri, sonur hans Agnar einnig húsasmiðameistari meðstjórnandi. Stjórnarformaður er Jóhanna Þórarinsdóttir kona Áskels. Verkefnastjóri er Björgvin Högnason, starfsmaður til margra áratuga. Starfmenn hafa verið frá 10 - 20 ásamt undirverktökum.

### Verkefnin

Húsagerðin hefur byggt á sjöunda hundrað íbúðir ásamt ýmsum öðrum verkum svo sem Safnaðarheimili Keflavíkurkirkju, fiskimjölsversmiðju í Helguvík og á Siglufirði ásamt flokkunarstöð í Helguvík, stjórnarsýsluhúsið Vörðuna í Sandgerði. Viðbyggingu og viðhald í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, ýmis mannvirki fyrir HS Orku, skóla og íþróttahús svo eitthvað sé nefnt. Húsagerðin hefur unnið að uppbyggingu og viðhaldi í Bláa Lóninu nánast frá stofnun þess. Síðustu íbúðir sem Húsagerðin byggði eru 36 íbúðir við Víkurbraut 15 og 17 í Keflavík. Þetta eru stórar lúxusíbúðir með frábæru útsýni yfir höfnina og fjallahringinn á Faxaflóa.

### Aðsetur

Árið 1973 byggði Húsagerðin um 200 fm verkstæðisaðstöðu að lðavöllum 14 í Keflavík. Skrifstofur voru lengst af að Hólmgarði 2, en þar hafði Húsagerðin byggt 24 íbúða fjölbýli, ásamt verslunarkjarna. Árið 2016 var verkstæðið að lðavöllum stækkað í 1000 fm og er öll aðstaðan þar í dag.



Aðstaðan að lðavöllum.





*Litli barinn í Bláa Lóninu.*



*Vikurbraut 15-17.*






Fosshótel Mývatn í byggingu vorið 2017.

## Húsheild



Fosshótel Jökulsárlón fullbúið.



Hér liggja meistaramir Ragnar og Hilmar yfir teikningum á Hnappavöllum.



Hér er steypustöð Húsheildar í notkun í fyrsta verkefningu í Örnefasveit.

**Húsheild ehf. var stofnað árið 2007 í Hafnarfirði af Ragnari Lýðssyni, Ólafi Ragnarssyni og Ægi Val Haukssyni. Frá upphafi hefur markmið félagsins verið almenn byggingastarfsemi.**

### Starfsemin

Framan af byggði starfsemin að mestu á undirverktöku fyrir stærri verktaka ásamt verkefnum fyrir einstaklinga. Fyrirtækið var nokkuð fljótt komið í öflugan rekstur með á annan tug starfsmanna og fjölbreytt verkefni. Árið 2008 þurfti Húsheild að draga saman seglin vegna efnahagsástandsins sem ríkti næstu árin þar á eftir. Við tóku ár mikillar varnar þar sem útistandandi kröfur fyrirtækisins fengust færstar greiddar og við tóku þrengingatímar og erfiðleikar við að standa í skilum við birgja og banka. Við tóku þung á rí rekstri með fáum verkefnum sem skiluðu litlu. Engan stuðning var að fá, hvorki hjá ríki eða bönkum, þó vilji fyrirtækisins til að standa í skilum hafi verið augljós. Árið 2009 urðu breytingar á eignarhaldi þegar Ægir Valur Hauksson dró sig út úr rekstri fyrirtækisins og við það varð fyrirtækið að fullu í eigu feðganna Ragnars og Ólafs.

### Verkefnastaða

Á árunum 2011-2015 batnaði verkefnastaðan og ákveðin kaflaskil urðu í rekstri Húsheildar árið 2015. Á því ári náðust samningar um alla smíðavinnu við byggingu Fosshótel Jökulsárlóns í Örnefasveit. Var það langstærsta verkefni Húsheildar til þessa og í kjölfar verkefnisins ákváðu feðgarnir að einbeita sér að stærri verkefnum og einblíndu á dreifðari byggðir um land allt þar sem ásókn stærri verktaka er að jafnaði minni.

### Eigendur

Breytingar urðu aftur á eignarhaldi og rekstri Húsheildar árið 2018 þegar Ragnar Lýðsson féll frá. Hilmar Ragnarsson keypti hlut föður síns af systkinum sínum en hann hafði verið starfandi sem verkstjóri hjá fyrirtækinu þrjú ár þar á undan. Árið 2018 flutti fyrirtækið jafnframt höfuðstöðvar sínar í Skútustaðahrepp.

Eigendur fyrirtækisins í dag eru bræðurnir Ólafur Ragnarsson framkvæmdastjóri og Hilmar Ragnarsson húsmiðameistari og byggingastjóri og starfa um 50 manns hjá fyrirtækinu. Helstu stjórnendur auk eigenda eru Runólfur Þór Jónsson húsmiðameistari, Einar Bjarni Ramos Björnsson verkefnastjóri, tækniamaður og smíður og Róbert Kjartansson húsmiðameistari.

### Öryggismál

Öryggismál hafa verið í brennidepli í rekstrinum og fram til þessa hafa engin óhöpp átt sér stað sem leitt hafa af sér varanlegt líkamlegt tjón eða innlögn á sjúkrahús. Af þessu eru stjórnendur fyrirtækisins stoltir og verður rík áhersla lögð á að fylgja þessum árangri eftir af festu á komandi árum. Stjórnendur fyrirtækisins þakka þennan árangur helst reyndum og vandvirkum starfsmönnum með vinnusiðferði í hæsta gæðaflokki.





Hér er unnið við byggingu þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi sumarið 2021.

### Viðskiptavinir og birgjar

Nokkrir stærstu viðskiptavinir Húsheildar frá upphafi eru Eykt, Sjóvá, Íslandshótel, Skútustaðahreppur, Icelandair Hotels, Rarik, Ríkiskaup, Félags- og skólaþjónusta Snæfellsbæjar og Framkvæmdasýsla Ríkisins. Helstu birgjar fyrirtækisins á Íslandi eru Byko og Húsasmiðjan en á undanföllum árum hefur í ríkara mæli verið samið beint við erlenda aðila um ýmis aðföng og tæknilega aðstoð. Auknar kröfur verkkaupa varðandi framleiðslu, umhverfissvottanir og utanumhald um þá þætti hafa verið vaxandi þáttur í rekstri fyrirtækisins sem aukið yfirbyggingu.

### Þróun

Fyrirtækið hefur eins og flestir aðrir einsett sér að fylgja eftir þeirri tæknipróun sem hefur á undanföllum árum tekið stórstíggum framförum og meðal annars tekið í notkun viðamikil verkefnastjórnunarkerfi sem gerbreytt hefur allir umgjörð og stýringu verka. Jafnframt hefur fyrirtækið þróað og aukið tækjabúnað sinn til að vera sem best búið undir verkefni víðs vegar um land. Húsheild rekur sína eigin steypustöð sem hægt er að flytja hvert á land sem er í minni og stærri verkefni. Kranabílum og flutningatækjum hefur fjölgað í takt við stækkun og fjölgun verka og allur búnaður uppfærður eftir því sem efni og hentugleiki stendur til. Einnig hefur fyrirtækið lagt sérstakt kapp á að taka að sér flókin hönnunarverkefni og opinber verkefni sem krefjast mikils rekjanleika. Fyrirtækið hefur því í dag talsverða reynslu af Breeamvottun og Svansvottun og tekur hverju slíku verkefni fagnandi.

### Sérstaða

Sérstaða fyrirtækisins er helst fólgin í hreyfanleika og sveigjanleika og litlu breytir af hvaða toga verkið er. Verkefnastaða fyrirtækisins er afar góð í dag. Bygging þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi er vel á veg komin og bygging gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri er að hefjast. Afar spennandi og stór verkefni eru í farvatninu og hefur fyrirtækið til að mynda keypt lóð og fasteign í Auðbrekku í Kópavogi sem verður eitt af verkefnum Húsheildar á næstu árum, en þar stendur til að byggja nokkurn fjölda íbúða.

### Stefna

Stefna fyrirtækisins er að byggja reksturinn upp jafnt og þétt með það að leiðarljósi að kapp sé best með forsjá, þar sem megináhersla er lögð á vönduð og góð vinnubrögð. Gildi Húsheildar eru: **Gæði og áreiðanleiki.**



Ákaflega vel heppnuð útkoma hjá Björgvin Snæbjörnssyni arkitekt í Apparat. Hótel Reyhlið.



Hér stöndum við feðgarnir á ofan á plötu fyrstu hæðar veitingastaðarins á Fosshótel Jökulsárlón. Rauð lína hafði verið dregin fyrir ofan hausa okkar til að sýna rækilega fram á hvað gamli hafði framræktast vel hvað hæð varðar í það minnsta.



## Húsvirki

Byggingarfyrirtækið Húsvirki hf. var stofnað árið 1981. Stofnendur þess eru Einar Einarsson, múrarameistari, Hans B. Guðmundsson, hússasmíðameistari, Gunnar Dagbjartsson, hússasmíðameistari og Stefán B. Gunnarsson, múrari.

### Starfsemin

Húsvirki hefur aðallega byggt upp íbúðarhúsnæði ásamt skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Fyrirtækið hefur verið lítið á útboðsmarkaði, en byggt starfsemi sína á lóðakaupum að mestu og þannig byggt á eigin reikning og selt á frjálsum markaði.

Húsvirki var eitt af níu fyrirtækjum sem stofnuðu Víkurhverfi hf. sem fékk úthlutað 23 ha landi og sá það um skipulagningu svæðisins. Þar hefur Húsvirki byggt fjölbýlishús, raðhús og einbýlishús u.þ.b. 120 íbúðir. Annað stórverkefni var Lækjarsmári 2-4-6 og 8 í Kópavogi. Þar byggði fyrirtækið 134 íbúðir í háhýsum. Þessi háhýsi voru einangruð að utan og klædd með álkæðningu. Húsvirki hf. var eitt af fyrstu fyrirtækjum til að nota slíka klæðningu við íbúðarbyggingar sem seldar voru á frjálsum markaði.

### Eigendur og stjórnendur

Eigendaskipti urðu á fyrirtækinu á vormánuðum árið 2013 þegar Hermann Arason, Ingþór Óli Thorlacius og Valdimar Grímsson keyptu fyrirtækið af stofnendum. Byggingarstjóri fyrirtækisins er Ingþór Óli Thorlacius, framkvæmdastjóri er Hermann Arason og stjórnarformaður Valdimar Grímsson.

### Verkefni

Fyrstu verkefni nýrra eigenda var uppbygging Boðapings 1-3, 6-8, 10-12, 14-16 og 18-20, samtals 162 íbúða í Kópavogi. Íbúðirnar standa við Hrafnistu í Kópavogi og eru hugsaðar fyrir 55 ára og eldri. Húsvirki hefur lagt lokahönd á byggingu fjölbýlishúss við Sogaveg 73-75 og 77 í Reykjavík, en þar er um að ræða 45 íbúðir. Næstu verkefni eru bygging fjölbýlishúsa í Hraunbæ 143 í Reykjavík, samtals 58 íbúðir. Samhliða því er unnið við endurbætur og viðbyggingu fjölbýlishúss að Dunhaga 18-20 í Reykjavík. Þar verða 21 íbúð. Áætluð verklok eru í byrjun árs 2022. Í undirbúningi er einnig bygging 8 íbúða við Drangsskarð 15 í Hafnarfirði.

### Boðaping

Fjölbýlishúsin í Boðapingi eru ein af þeim húsbýggingum sem Húsvirki hefur byggt. Húsvirki og Hrafnista (DAS) fengu þessum reit úthlutað til skipulagningar fyrir þjónustumiðstöð eldri borgara í Kópavogi, hjúkrunarheimili, öryggisíbúðir og svo almennar íbúðir. Um er að ræða fimm hæða fjölbýlishús með lyftum. Húsið er hannað með það fyrir augum að allt viðhald verði í lágmarki. Í hverju húsi eru 34-36 mjög rúmgóðar íbúðir, hannaðar með rýmisþörf fyrir 55 ára og eldri.





### Gæðaeftirlit

Fyrirtækið styðst við gamlar hefðir við byggingar en fylgir örri þróun sem orðið hefur bæði við byggingaraðferðir og efnisval með tilliti til gæðavottana. Ein af megin áherslum fyrirtækisins er gott gæðaeftirlit svo viðhald verði sem minnst. Krafa er að stytta byggingartímann sem ýtir enn frekar á breyttar aðferðir og meira gæðaeftirlit.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn fyrirtækisins er að vera traust byggingarfyrirtæki sem leggur áherslu á vandaðar íbúðir á sanngjörnu verði. Byggingarmagn er í kringum 70-100 íbúðir á ári.

### Mannauður

Hjá fyrirtækinu starfa alla jafna bæði launþegar og undirverktakar. Í upphafi verks eru gerðir samningar við undirverktaka sem fylgja verkinu eftir í samráði við byggingarstjóra og verkstjóra á staðnum. Allir undirverktakar eru iðnmeistarar og hjá þeim starfa bæði íslenskir og erlendir aðilar. Fjöldi launþega veltur á umfangi verkefna þá stundina.



Fjölbýlishús við Sogaveg 73-75 og 77 í Reykjavík.



CB JS 240 LC beltgrafa Höfðavéla klár til vinnu fyrir Vegagerðina í Bárðardal sumarið 2018.

## Höfðavélar



Jóhannes Geir Einarsson, sextán ára gamall á sinni fyrstu vél sumarið 1963.



Smávægilegt áhættuatriði yfir Núpafossunum í Aðaldal, en þar þurfti að hengja veitulagnir undir brúna.

Höfðavélar ehf. var stofnsett á Húsavík á vordögum 2002, þegar vinnuvélaekstur sá er Jóhannes Geir Einarsson hafði rekið áratugin á undan, var færður í hlutafélagaformið. Á sama tímapunkti gekk sonur hans, Vilberg Njáll Jóhannesson, inn í reksturinn. Félagið á sér langa og farsæla sögu. Vorið 1963 stofnuðu feðgarnir Einar M. Jóhannesson (eldri) og Jóhannes Geir Einarsson félag sem nefnt var Jarðvinnuvélar hf. utan um rekstur á nýrri Ferguson traktorsgröfu. Fyrsti vinnudagurinn á hinn nýju vél var 3. júní 1963 og fyrsta verkefnið í húsrúnni að Garðarsbraut 44 á Húsavík. Jóhannes sá um vélavinnuna, 16 ára gamall.

### Fyrirtækið og þróun þess

Félagið óx og við bættust vélar og bílar, ásamt því að yngri bróðir Jóhannesar, Baldur Einarsson, bættist í hluthafahópin. Unnið var mest í Suður-Pingeyjarsýslu og á Húsavík, en einnig farið eftir verkefnum í Óxarfjörð og á Melrakkaslétu. Meðal verkefna má nefna grunn undir birgðageymslu Kísliliðjunnar við Húsavíkurhöfn, vinnu við hitaveituvæðingu Húsavíkurkaupstaðar og björgun á síldarmjölsfarmi úr strönduðu flutningaskipi við Raufarhöfn, ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum tengdum uppbyggingu svæðisins.

1971 var félaginu svo skipt upp og hélt Jóhannes einn áfram rekstrinum á Húsavík, undir eigin nafni. Fékk hann í sinn hlut Ferguson vélina sem markaði upphafið árið 1963 og notaði hana þangað til ný vél, Ferguson 50 B, var keypt 1974. Einar fékk í sinn hlut tæki sem hann flutti með sér til Akureyrar og gerði út þar í nokkur ár. Baldur hvarf til annara starfa.

Ekki var því að fagna að næg vinna væri fyrir vélina á ársgrundvelli, enda ekki orðið til síðs á þessum árum að allar götur þyrftu að vera orðnar greiðfærar þegar bæjarbúar risu úr rekkju á snjóþungum vetrarmorgnum. Því var vélinni oft lagt á haustin og bilið brúað með vinnu í línuflokki Símans, skipavinnu og öðru sem til féll.

1982 var fyrsta JCB traktorsgrafan af mörgum keypt og jafnframt sú fyrsta með framdrifi. Uppúr þessu fór einnig verklag á svæðinu að breytast og kröfurnar um snjómokstur að aukast. Þetta gerði reksturinn allan auðveldari. Á þessum sama tíma fóru einnig synir Jóhannesar að sýna rekstrinum áhuga og var sá eldri, Einar var um tíma vélamaður á Ferguson vélinni, en hún var gerð út samhliða hinn nýju JCB vél um tíma. Sá yngri, Vilberg, sem þarna var að vísu aðeins þriggja ára gamall, gerðist hinsvegar sérlegur aðstoðarmaður föður síns og hélst það fyrirkomulag allt þangað til að drengurinn hóf grunnskólagöngu. Var stráksi vakinn flesta morgna og dröslað út í vél, þar sem hann tók þátt í verkefnum fullorðna fólksins yfir daginn. Útbúið var bæli fyrir drenginn í hægri hlið stýrishússins og gat hann lagt sig þar, ef þreytan sótti á.

1989 er enn komið að endurnýjun á tækjakostinum og ný JCB traktorsgrafa keypt. Á þessum árum var botnlaus vinna, snjóþungir vetur og mikil endurbygging á innviðum Húsavíkurkaupstaðar. Var þessi vél notuð gríðarlega mikið þau fjögur ár sem hún var í notkun hjá Jóhannesi og svo mikið að undrun vakti hjá kollegum hans annarsstaðar á landinu. Var vinnuframlagið að langmestu aðeins á herðum Jóhannesar. Næstu ár voru góð og gáfu svigrúm fyrir hraðari endurnýjun og eflingu flotans. Mörkuð var sú stefna að endurnýja traktorsgröfuna á þriggja ára fresti og hélt það kerfi næstu árin, með reglulegum sendingum





Erfiðar aðstæður í kjallara á gömlu húsi.



Drónamynd af gatnagerð á Reykjaheiðarvegi.

frá JCB í Bretlandi. Vorið 1995 markar svo upphafið af því sem nú er. Keypt er fyrsta JCB mini-grafan og Vilberg, sem þarna var aðeins 16 ára, gerður ábyrgur fyrir henni. Fékk þessi vél og hinn ungi vélamaður strax góðar viðtökur og voru verkefni næg. Áfram var unnið að frekari þróun rekstursins og urðu töluverðar breytingar á næstu árum. Keypt var verkstæði 1996 og komst þá reksturinn í fyrsta skipti undir eigið þak frá tímum Jarðvinnuvéla sf. Einnig var hafin útgerð á götusóp og keypt var hjólaskófla, sem fyrst og fremst var hugsuð fyrir snjómoksturinn. Var nú umfangið orðið það mikið að það stóð undir tveimur ársverkum. Verkefni voru svipuð og áður og byggðust helst á vinnu fyrir hið opinbera, fyrirtæki og einstaklinga á Húsavík og þar í kring.

### Höfðavélar verða til

Á vordögum 2002 var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu. Vilberg hafði eytt nokkrum árum þar á undan við að kanna litinn á grasinu annarsstaðar og hafði snúið til baka. Tóku menn ákvörðun um að komin væri tími til að breyta rekstrinum, færa hann uppá næsta stig og tryggja hann til framtíðar. Stofnað var einkahlutafélagið Höfðavélar ehf. og urðu eigendur hjónin Jóhannes Geir Einarsson og Vilborg Njálssdóttir, með um helming hlutfjár og sonurinn Vilberg Njáll Jóhannesson með hinn helminginn. Næstu ár einkenndust af öruggri uppbyggingu, þar sem hver króna sem afgangur var, var nýtt til eflingar fyrirtækisins. Höf fyrirtækið rekstur vöru- og kranabíreiða, ásamt því að styrkja vélaflotann og auka fjölbreytni hans. Hlutfall stærri verkefna hefur aukist mikið hin síðari ár og samsetning vélaflotans fylgt því. Fyrirtækið á í dag góðan flota vinnuvéla og er með hátt hlutfall af nýlegum tækjum í sinni þjónustu. Meðal helstu tækja má nefna 25 tonna beltagröfu m/gps, 16 tonna hjólagröfu m/gps, tvær hjólaskóflur, traktorsgröfu, fjórar beltagröfur frá 1,5 tonni og uppí 10 tonn, valtara, þrjá götusópa í mismunandi stærðum, þrjár vörubíreiðar í ýmsum útfærslum og annan búnað sem svona rekstri fylgir.

Hlutfall útboðsverkefna hefur aukist verulega hin síðari ár. Þó hefur gamli grunnurinn alltaf verið til staðar og lögð áhersla á að gleyma ekki grunnildunum og gæta þess að vera áfram til staðar fyrir þá verkkaupa sem haldið hafa tryggt við okkur alla tíð. Meðal stærstu verkefna sem Höfðavélar hafa unnið undanfarin ár má nefna að fyrirtækið var aðalverktaki við glæsilegan gervigrasvöll Húsvíkinga. Er þar, samkvæmt „hlutlausu“ mati, einn allra glæsilegasti íþróttavöllur landsins. Einnig vann fyrirtækið stórt gatnagerðarverkefni fyrir Norðurþing, í tengslum við uppbyggingu innviða bæjarins samhliða byggingu stóriðu á Bakka og hluta af nýjum vegi að Þeistareykjum. Ýmis smærri gatnagerðarverkefni, þjónusta við byggingarverktaka, veitustofnanir og Vegagerðina.

Fyrirtækið stendur á traustum grunni og engin ástæða til að ætla að nokkuð breytist í þeim efnum á komandi árum. Feðgarnir Jóhannes og Vilberg sinna áfram daglegum rekstri eins og verið hefur og dregur sá eldri ekkert af sér, þó orðinn sé 72 ára gamall. Starfsmannafjöldi er nokkuð breytilegur, en kjarni 6-10 einstaklinga hefur fylgt fyrirtækinu síðustu ár. Fyrirtækið hefur aðsetur að Höfða 1a á Húsavík.



Yngri eintakið að stjórna hífingu á steypu lokahúsi í stökk Búðarárinnar á Húsavík.



Depla í Fljótum.



Listapak og gras á byggðasafninu á Skógum.

## Höfuð-Verk



Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri.

Höfuð-Verk Kristjáns Ragnarssonar var stofnað árið 1986 og var frá upphafi ætlað að sérhæfa sig í hverskonar þakvinnu. Verkefnin hafa verið viðgerðir á eldri þökum eða nýlögð á asfalt þakdúk. Fyrstu árin var aðeins unnið á sumrin eða þar til að Kristján Ragnarsson lauk námi sem byggingatæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands vorið 1989. Kristján Ragnarsson hefur alla tíð verið framkvæmdastjóri Höfuð-Verks og séð um öflun verkefna og skipulag framkvæmda. Einnig hefur verið maður á skrifstofu sem séð hefur um bókhald og aðra skrifstofuvinnu.

### Vinnulag og ferli

Verkefnastaðan hefur yfirleitt verið góð en þó hefur ekki verið hægt að sinna öllum verkefnum sem staðið hafa til boða. Höfuð-Verk hefur frá upphafi sinnt mörgum verkefnum á landsbyggðinni og hefur það verið drjúgur þáttur í starfsemi þó svo að höfuðborgarsvæðið hafi einnig verið stór hluti starfseminnar.

### Skipulag og sérstaða

Verkefnin hafa verið af ýmsum toga og má þar nefna lagningu á asfalt dúk undir slitlag á brúm og á plötur yfir bílastæði, s.s. í Kringlunni og víðar. Af brúm má nefna Gullinbrú í Grafarvogi og hringbrúna yfir Breiðholtsbraut. Af öðrum verkefnum má nefna viðgerðir á þaki Akureyrarkirkju og Bessastaðakirkju. Einnig lagði Höfuð-Verk þakdúk á Skautahöllina í Laugardal. Af stærri verkefnum má nefna þakið yfir Cosco í Garðabæ en það þak er 24000 fm.

### Aðsetur

Á Skemmuvegi 34 hefur fyrirtækið haft aðsetur og er þar allt í senn verkstæði og lager ásamt skrifstofu og kaffiaðstöðu fyrir starfsmenn.

### Mannauður og starfsmannafjöldi

Í upphafi voru fjórir starfsmenn en árið 1992 voru þeir orðnir átta og átti þeim eftir að fjölga. Árið 2001 var farið að ráða starfsmenn frá Litháen og síðan bættust við fleiri frá Póllandi. Allir þessir starfsmenn hafa staðið sig vel og eru margir ennþá í vinnu tuttugu árum síðar. Árið 2005 voru tíu starfandi en þegar mest lét votu alls 37 starfsmenn á launaskrá. Árið 2020 voru starfsmenn fjórtán.



Árið 2015 hlaut Kristján Ragnarsson viðurkenningu frá ICOPAL sem er danskur framleiðandi þakdúks sem Höfuð-Verk leggur sem mest af. Viðurkenninguna hlaut hann fyrir fagleg og vönduð vinnubrögð sem framleiðandi fylgist vel með og hafa menn frá ICOPAL komið reglulega til landsins í eftirlits- og skoðunarferðir.





Verið að leggja út fyrir þak með grasi.



Þak með listum.



Lagt á frystigeymslu LVF á Fáskrúðsfirði.



Þak á N1 Egilsstöðum með rauðum dúk.



Ýmiss konar lagnir.



Niðurlögn á undirlagi.



Tankar fyrir Skinney-þinganes á Höfn í Hornafirði.



Þak með grasi á hjúkunarheimili á Eskifirði.



Þak með möl.



Bessastaðakirkja 1998.



Grensáskirkja.



Akureyrarkirkja.



Starfsmannahópur fyrirtækisins árið 2007 en það ár var unnið að vegagerð á Þróskuldum. Myndin er tekin á árlegu jólahlaðborði.



Feðgarnir Ingileifur Jónsson framkvæmdarstjóri og bórdur Ingi Ingileifsson mælingarmaður við gerð borplana á Hellisheiði 2017.

## Ingileifur Jónsson - IJ Landstak



Ingileifur Jónsson, framkvæmdastjóri.

Ingileifur Jónsson ehf./IJ Landstak ehf. hefur verið undir stjórn Ingileifs Jónssonar í verkstöku frá árinu 1998 í jarðvinnu- og byggingarverkefnum ýmiss konar. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins Ingileifur Jónsson starfaði áður á sinni kennitölu að jarðvinnuverkefnum ýmiss konar eða frá árinu 1986. Hann hefur stýrt verkum í jarðvinnu af ýmsum toga í 35 ár.

### Sagan

Fyrirtækið hefur unnið að ýmsum verkefnum s.l. ár, s.s eins og vegagerð, undirstöðum undir rafmagnslínur, plægingum á ljósleiðurum og rafmagnsköplum, holræsagerð, vatnsveitum, snjómokstri o.fl. Eins og fram kemur hefur Ingileifur leitt fyrirtækið og stjórnad frá upphafi. Í gengum árin hefur hann laðað til sín metnaðarfullt starfsfólk, til að getað framkvæmt þau verkefni sem fyrirtækið hefur tekið að sér. Mannauður hvers fyrirtækis er máttur þess og megin. Án góðra og metnaðarfullra starfsmanna hefði fyrirtækið ekki skapað sér það orðspor og sess sem það hefur í dag.

### Starfsemin

Fyrirtækið hefur verið leiðandi í plægingu ljósleiðara og rafmagnskapla og á sérútbúin tæki til að sinna þeirri vinnu. Í dag á fyrirtækið öflugan tækjafloa til að sinna hinum ýmsu byggingar- og jarðvinnuverkefnum svo og vegagerðarverkefnum, þó svo að tækjum hafi fækkað vegna smærri verkefna undangengin ár. Fyrirtækið á einnig stóran floa bíla og búnaðar til snjómoksturs. Síðustu ár hefur fyrirtækið unnið að gerð borplana o.fl. fyrir Orku náttúrunnar á Hellisheiði og Nesjavöllum. Vetarverkefni hafa verið snjómokstur á Hellisheiði og Árborgarhring fyrir Vegagerðina og einnig höfum við sinnt snjómokstri fyrir Orku náttúrunnar.

### Markmið

Fyrirtækið hefur það að markmiði sínu að hafa allan tækjabúnað í góðu lagi og vel við haldinn til að auka endingartíma þeirra. Jafnframt að gæta þess að þau standist þau umhverfismarkmið sem fyrirtækið hefur sett sér, þ.e.a.s. að lámárka allt olíusmit og leka á tækjum o.fl.

**Markmiðið er einnig að bæta aðbúnað og vinnuaðstöðu starfsmanna með öryggisþáttinn að leiðarljósi til að koma í veg fyrir slys og veikindi. Starfsmönnum eru kynnt öll öryggisatriði og notkun öryggisfatnaðar/búnaðar.**

Markmið okkar er að draga úr nýliðun og minnka veltu á starfsfólki til að halda þeirri verkreynslu og þekkingu sem býr í reyndum starfsmönnum. Lagt er upp úr að hafa alla verkferla mjög skýra til hagsbóta fyrir starfsfólk, til að lámárka skaða og röng vinnubrögð. Með skýrum verkferlum aukum við jafnframt afköst og verkgaði. Með góðu starfsfólki með verkreynslu og staðgóða þekkingu, góðum og öflugum tækjabúnaði, markvissri vinnu samkvæmt gæðastýrðum verkferlum, jákvæðu hugarfari, áræðni, og krafti getum við unnið að okkar metnaðarfulla markmiði sem er: **Að skapa trúverðugt og eftirsótt fyrirtæki á jarðvinnu-og**





Vinna við undirgöng á Suðurlandsvegi 2011.



Vinna við fyllingar í tvöföldun Suðurlandsvegjar árið 2011.

byggingarmarkaði sem vill vera í fremstu röð hvað gæði vinnu og tæknilegra lausna varðar, vegna þeirra viðfangsefna sem við tökum að okkur, viðskiptavinum okkar til hagsbóta.



Unnið að plæingu háspennustrengs í Selfosslínu árið 2015.



Unnið við að draga Vestmannaeyjastreng á land í Gjábackaföru í Vestmanneyjum árið 2013.



Vinna við borplan á Hellisheiði árið 2020.





Harpan í Reykjavík tilbúin.

## Íslenskir aðalverktakar ÍAV

Íslenskir aðalverktakar eru elsta starfandi verktakafyrirtæki á Íslandi.

### Saga ÍAV

Íslenskir aðalverktakar, ÍAV var stofnað af frumkvæði íslenskra stjórnvalda til að uppfylla samningsskyldur Íslands gagnvart Bandaríkjum Norður-Ameríku samkvæmt samningi um íslenska verktöku fyrir varnarliðið frá 1954.

### Meginatriði þess samnings voru meðal annars:

*Að allri verktöku á vegum varnarliðsins yrði hagað þannig að komið væri í veg fyrir neikvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf.*

*Að íslenskir verktakar, tilnefndir af ríkisstjórn Íslands, sæju um alla verktöku sem þeir væru færir um.*

*Að íslenskir verktakar tækju að sér rekstur á verktakabúðum og verkstæðum bandarísku verktakanna sem höfðu annast framkvæmdir þar.*

*Að fylgt yrði íslenskum stöðlum við hönnun á þeim mannvirkjum varnarliðsins sem ekki væru varnarmannvirki.*



Sigurður Þ. Ragnarsson, forstjóri.



Hæstiréttur Íslands.

Markmið Bandaríkjanna, fyrir hönd varnarliðsins, var að til væri íslenskur verktaki sem væri svo öflugur og vel búinn að hann gæti með stuttum fyrirvara tekið að sér framkvæmdir við hvaða verkefni sem þörf reyndist vera á.

Á fyrstu starfsárum ÍAV voru tæpast til í landinu þau tæki og verkþekking sem dugðu til varnarframkvæmda nema hjá Bandaríkjamönnum og verktökum þeirra. Því voru í framhaldinu fluttar inn til landsins ýmsar vélar og tæki sem ekki höfðu áður sést í íslenski verktakastarfsemi. Íslenskir aðalverktakar sf. og ekki síður fyrirrennarar þeirra, Sameinaðir verktakar sf., stóðu einnig að fjölbreyttri menntun byggingarmanna með námsferðum til Bandaríkjanna og ýmsum öðrum hætti í tengslum við sérhæfð verkefni og áttu með því drjúgan þátt í framþróun íslenskrar verkmenningar. ÍAV hefur byggt heilt bæjarfélag á Keflavíkurlflugvelli með öllum þeim mannvirkjum og stofnunum sem því fylgja. Meðal verka ÍAV á varnarsvæðum má nefna byggingu flugskýla, tugi fjölbýlishúsa, skóla, íþrótt- og kvikmyndahús, olíustöðva, sjúkrahús, sundlaugar, kirkju og lagningu vega og flugbrauta. Sprengiheld flugskýli fyrir orrustuþotur og ratsjástöðvar eru meðal þeirra sérverkefna sem unnin voru fyrir NATO og sjóherinn sem rak herstöðina allt til ársins 2006. Ratsjástöðvarnar sem eru á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Stokksnesi og á Miðnesheiði voru reistar af ÍAV. Allar þessar framkvæmdir voru unnar með góðum stuðningi íslenskra stjórnvalda og ekki síður Bandaríkjanna sem vildu alla tíð stuðla að aukinni reynslu, þekkingu, færni og fagmennsku, við flóknar framkvæmdir sem ÍAV annaðist sem verktaki fyrir varnarliðið.

Eftir árið 1990 var ljóst að stöðugt stærri hluti varnarframkvæmda var fjármagnaður af Mannvirkjasjóði NATO. Ríkisstjórn Íslands samþykkti árið svo árið 1992 að útboð framkvæmda





Fangelsið á Hólmsheiði.

Framhald á næstu opnu →

á vegum NATO yrðu opin fyrirtækjum í öllum aðildarlöndum bandalagsins.

Árið 1996 var tekin ákvörðun um að afnema í áföngum það fyrirkomulag að íslensk stjórnvöld tilnefndu verkataka til að semja um framkvæmdir á varnarsvæðum og að stefnt yrði að frjálsum útboðum verkefna í framtíðinni.

### ÍAV í samtímanum

Frá stofnun og til dagsins í dag hefur ÍAV komið að hönnun og byggingu fjölda mannvirkja sem spanna allt svið byggingariðnaðar. Allt frá smærri viðhalds- og breytingaverkefnum að byggingu íbúða, hótela, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis, gagnavera, vegafamkvæmda, brúarmannvirkja, jarðgangna, veitna, snjóflóðamannvirkja, hafna, virkjana, iðnaðarhúsnæðis, verksmiðja, flugskýla, skóla, sundlauga, íþróttahúsa og knattspyrnuhalla. ÍAV er stolt af verkefnum sínum og sérstaklega af tónlistarhúsinu Hörpu. ÍAV annaðist hönnunarstýringu og allar framkvæmdir við þá fallegu og verðlaunuðu byggingu.

ÍAV vinnur nú að margskonar verkefnum. Stærstu verk síðustu missera eru gerð Vaðlaheiðarganga, endurnýjun á Keflavíkflugvelli ásamt stækkun Búrfellvirkjunar sem eru unnin í samvinnu við eiganda okkar sem samvinnuverk (e. joint venture).

Þjónustudeild fyrirtækisins leggur áherslu á fasteignþjónustu, viðhaldsvinnu og endurbætur á fasteignum og verkefni tengd mannvirkjum meðal annars á Ásbrú, sem er gamla varnarsvæðið á Miðnesheiði. Starfsmenn hafa yfir að ráða viðamikilli þekkingu á byggingum og öðrum mannvirkjum á Ásbrú sem meðal annars felst í sérþjálfun með efni á borð við asbest og önnur spilliefni.

ÍAV rekur jarðefnanámur, malarvinnslu og sölu á þremur stöðum á suðvesturhorni landsins: í Lambafelli í Þrengslum

í Stapafelli á Suðurnesjum

í Rauðamel á Suðurnesjum.

Í námunum í Lambafelli og Stapafelli eru seld bæði unnin og óunnin fyllingarefni til mannvirkjagerðar. Í námunni í Rauðamel eru unnin og seld fylliefni í steinsteypu og er sú framleiðsla með heimild til CE – merkingar á framleiðslunni.

ÍAV leggur kapp á að ávallt séu til staðar nýjustu upplýsingar um efnisgæði og kornakúrfur þess efnis sem selt er úr jarðefnanámum félagsins.

### Stjórn og eigendur

ÍAV er nú alfarið í eigu fjölskyldufyrirtækisins Marti Holding AG í Sviss, sem er stofnað árið 1922. Marti Holding á um 80 fyrirtæki víðsvegar um heim sem eru öll rekin sem sjálfstæðar einingar. Í stjórn ÍAV sitja þau Daniel Schorro stjórnarformaður, Monika Koehli og Sigurður Ragnarsson. Framkvæmdastjórn ÍAV skipa þeir Sigurður R. Ragnarsson forstjóri, Valur Hreggviðsson framkvæmdastjóri á framkvæmdasviði, Einar Hrafn Hjálmarsson framkvæmdastjóri á jarðvinnusviði, Kristján Arinbjarnar framkvæmdastjóri tækni og þjónustu og



Starfsfólkið myndar merki fyrirtækisins.



Fljótaldsvirkjun, Fosskraft.





Búrfellsvirkiun.



Farið yfir teikningar.



Verið að steypa.

Póroddur A. Ottesen fjármálastjóri. Höfuðstöðvar ÍAV eru að Höfðabakka 9 í Reykjavík. ÍAV er einnig með skrifstofur í Reykjanesbæ, þar er einnig að finna járnsmiðaverkstæði, trésmiðju og vélaverkstæði.

### Mannauður ÍAV

Hjá ÍAV leggjum við áherslu á þekkingu, færni, frumkvæði og fagmennsku. Sérstaða ÍAV felst í þeim hæfileika og þeirri aðlögunarhæfni að taka margþætt verkefni, skilgreina og umbreyta í fullbúin mannvirki á skilgreindum tíma. Sérstaða ÍAV endurspeglast því í fjölbreyttri verkefnaskrá, sem ber vott um metnað og áhuga stjórnenda og starfsfólks á að takast á við flókin og krefjandi verkefni. Verkefnavalið gerir kröfu til ÍAV um að hafa á að skipa hæfu starfsfólki með þekkingu, reynslu og bestu fáanlegu menntun á þeim sviðum sem fyrirtækið starfar á. ÍAV leggur mikla áherslu á að ráða til sín kraftmikla og framsækna einstaklinga og bjóða þeim góða starfsaðstöðu við krefjandi verkefni. Starfsmenn eru sérfræðingar á sviði byggingatækni og nýta sér allar nútímaaðferðir við framkvæmdir. Það er eftirsótt að vinna hjá ÍAV. Starfsfólki er gefinn kostur á krefjandi verkefnum sem fullnægja metnaði þeirra og reynslu. Starfsmenn sem starfa við uppbyggingu mannvirkja eru almennt iðnmenntaðir og stjórnendur á verkstöðum eru almennt með meistaraþróf í iðngreininni. Verkefnastjórnendur eru svo með verk- eða tæknifræðimenntun. Unnið er markvisst að því að viðhalda og auka þekkingu starfsmanna með nýráðningum og með endurmenntun. Gefin er út á hverju hausti fræðsluáætlun ÍAV. Þá gefst einstaklingum og smærri teyimum kostur á að sækja sértæk námskeið af eigin frumkvæði. ÍAV hefur útbúið sérsniðin námskeið til að styrkja eigin starfsmenn. Að jafnaði sækja 35% starfsfólks endurmenntun á ári hverju. Starfsmannafélagið, SÍAV, stendur fyrir reglubundinum viðburðum yfir árið og haldin er vegleg árshátíð ár hvert. Þá bjóðast starfsfólki ýmis sérkjör fyrir tilstuðlan starfsmannafélagsins. Starfsmannafélagið á sumarhús í Miðengi í Grímsnesi og íbúð á Akureyri sem starfsmenn nýta sér allt árið.

### Viðskiptavinir og hagsmunaaðilar

ÍAV hefur að leiðarljósi að bjóða hagkvæmar lausnir fyrir viðskiptavinum með færni, frumkvæði og fagmennsku að leiðarljósi. ÍAV leggur áherslu á virðingu og traust í samskiptum við viðskiptavinum og hagsmunaaðila.

### Gæða- og öryggisvottun

Öryggis og heilbrigðismál eru forgangsmál í allri starfsemi ÍAV. Lögð er áhersla á fræðslu áður en vinna hefst í hverju verkefni. Haldnir eru morgunfundir áður en vinna hefst hvern dag. Þar er farið yfir verkefni dagsins, verklag, samræmingu og hættur dagsins, til að tryggja að allir komi heilir heim. ÍAV er gæðavottað og ÍAV ber með stolti, allt frá árinu 2009, BSI vottun samkvæmt ISO 9001 gæðastjórnunarkerfinu, en samkvæmt byggingareglugerð nr. 112/2012





Fólk að störfum.

er gerð krafa um vottað gæðastjórnunarkerfi í byggingariðnaði. Virkt gæðastjórnunarkerfi, sem ýtir á stöðugar umbætur, er til hagsbóta fyrir alla. ÍAV er einnig með öryggisvottun, BSI vottað samkvæmt öryggisstaðlinum ISO 45001 (áður OSHAS 18001) frá árinu 2014. Markmið með BSI vottunum ÍAV er að bæta framleiðsluferla og tryggja góða vöru til viðskiptavina og ekki síst að tryggja öryggi starfsfólks. Gæða- og öryggisvottun ÍAV hefur styrkt orðspor fyrirtækisins og eftt stöðu ÍAV, þegar leitað er eftir traustum aðalverktaka til hinna ýmsu framkvæmda.

#### ÍAV í samfélaginu

Fyrirtækið er virkur þátttakandi í samfélaginu, m.a. með stuðningi við íþróttar-, menningar-, æskulýðs- og líkarnastarf, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni. Einnig með þátttöku í kennslu á háskólastigi og í Endurmenntun HÍ, rannsóknar- og lokaverkefnum og stuðningi við iðnmenntun. Þá hefur ÍAV verið þátttakandi í faglegu starfi á starfssviði félagsins t.d. Verkefnisstjórnunarfélagi Íslands, Fasteignastjórnunarfélagi Íslands, Vistbyggðaráði, Verkfræðingafélagi Ísland, Félagi stjórnenda og í Samtökum Iðnaðarins og undirfélögum.

#### Samfélagsleg ábyrgð

ÍAV vill vernda náttúru landsins og tryggja að efni sé nýtt á besta mögulega hátt og úrgangur endurnýttur eins og kostur er. Til að ná fram þessu markmiði er leitast við að beita jafnt umhverfsvænum og hagkvæmum aðferðum í verkefnum. Áhersla er lögð á skilvirka nýtingu auðlinda og næmi gagnvart menningarlegum og samfélagslegum gildum. Góð umgengni á verkstöðum og flokkun á úrgangi frá byggingastarfsemi er einn af kjarna ferlum í þessari stefnu.

#### Markaðsstefna

Mikið hefur breyst í rekstri ÍAV þau tæplega 70 ár sem fyrirtækið hefur starfað. Í upphafi var starfsemi fyrirtækisins einskorðuð við einn verkkaupa, en verkefnin fjölbreytt. Í dag starfar ÍAV á nánast öllum sviðum verktöku fyrir breiðan hóp viðskiptavina. Það, ásamt stærð fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna, skapar ÍAV mikla sérstöðu sem nýtt verður til þess að fyrirtækið verði áfram í fararbroddi á íslenskum verktakamarkaði.

#### Markmið og stefna ÍAV

ÍAV verði fyrsti valkostur verkkaupa/framkvæmdaaðila í framkvæmdum á Íslandi og eftirsótt verktakafyrirtæki að starfa fyrir. ÍAV verði eitt stærsta fyrirtækið á íslenskum verktakamarkaði, rekstur sé arðsamur og fyrirtækið njóti trausts hjá viðskiptavinum. ÍAV verði leiðandi í þróun nýrra leiða í samningum, fjármálum, efnisvali og útfærslum.



Þegar ÍAV fékk ISO vottun.



Vatnsfell.



22. júní 1966, verksamningur undirritaður um Búrfellsvirkjun á Hótel Sögu. Frá vinstri: Sören Langvad framkvæmdastjóri Fosskraft, Kaj Langvad frá Phil & Sön, Ake Tausen frá SENTAB, Jóhannes Nordal formaður stjórnar Landsvirkjunar, Eiríkur Briem framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Árni Snævarr frá Almenna Byggingarfélaginu og tveir bankastjórar Landsbankans. Standandi fyrir aftan, stjórnarmeðlimir Landsvirkjunar. Ljósni. Jóhann Vilberg Árnason.

## Ístak



Karl Andreassen, framkvæmdastjóri.



Stofnandinn, Kai Langvad.

### Frumkvæði í fyrirrími - FRAMKVÆMDIR Í FORYSTU

Ístak er verktakafyrirtæki sem annast margskonar verkefni. Byggingaframkvæmdir, virkjanir, stóriðjuframkvæmdir, jarðvinnuverk, mannvirkjagerð, hafnarframkvæmdir auk vega- og brúagerðar. Ístak hefur verið leiðandi á íslenskum verktakaiðnaði í 50 ár og hefur haft mikil áhrif á þróun bygginga og annarra mannvirkja á Íslandi sem og á erlendri grundu.

### Sagan, stofnendur, eigendur og stjórnendur

Ístak var stofnað árið 1970 og er því 50 ára 2020. Feðgarnir Kay og Sören Langvad stofnuðu Ístak ásamt Gunnari Möller, Einari Sigurðssyni, Páli Sigurjónssyni og Jónasi Frímanssyni í framhaldi af því að Alþingi samþykkti ný lög um að opinberar framkvæmdir skyldu boðnar út. Þessi lög voru grunnur að starfsemi öflugra og sjálfstæðra verktakafyrirtækja á Íslandi. Fyrir og eftir seinni heimstyrjöldina sáu danskir aðilar um viðamiklar framkvæmdir á Íslandi. Þær voru flestar unnar á vegum opinberra aðila. Þannig kom danska fyrirtækið Höjgaard & Schultz að lagningu hitaveitu í Reykjavík og fyrstu vatnsaflsvirkjuninni við Sog. Þar vann verkfræðingurinn Kay Langvad en hann var kvæntur íslenskri konu, Selmu Gudjohnsen. Sonur þeirra, Sören Langvad lauk stúdentsprófi og fyrri hluta verkfræðináms við Háskóla Íslands. Kay gerðist sjálfstæður athafnamaður í Danmörku og keypti hlut í múrverksfyrirtækinu E. Phil & Sön árið 1947. Fyrirtæki haslaði sér völl við ýmiss konar verklegar framkvæmdir meðal annars við hafnargerð þar í landi og gerð vatnsaflsvirkjana á Íslandi. Starfsemin óx og dafnaði næstu tvo áratugi en þar varð Sören brátt atkvæðamikill. Búrfellsvirkjun var fyrsta stóra vatnsaflsvirkjun Íslendinga og sáu E. Phil & Sön um framkvæmdir á henni ásamt sænska fyrirtækinu SENTAB og Almenna byggingarfélaginu en því verki lauk að mestu árið 1970, það var í framhaldi af því verkefni sem Ístak var stofnað. Þann 18. nóvember 1970 var fyrirtækinu breytt í hlutafélag og gefið heitið Ístak. Fyrirtækið hefur að mestu verið í eigu danskra aðila frá upphafi. Núverandi eigandi Ístaks er danska verktakasamsteypan Per Aarsleff Holding A/S sem keypti Ístak árið 2015. Í yfirstjórn Ístaks eru Karl Andreassen framkvæmdastjóri og Elfa Björg Aradóttir fjármálastjóri. Í framkvæmdaráði Ístaks sitja framkvæmdastjóri, fjármálastjóri, deildarstjórar, mannauðsstjóri, gæða- og öryggisstjóri og yfirverkfræðingar félagsins.

### Verkefni

Fyrstu verkefni Ístaks voru miðlunarframkvæmdir við Þórisvatn, Vatnsfellsveita og stækkun Búrfellsvirkjunar. Á þessum 50 árum hafa fjölmörg og fjölbreytt verkefni verið unnin á Íslandi og víða um heim. Á síðustu tíu til fimmtán árum má nefna verkefni Ístaks í Noregi, þar sem Ístak gerði meðal annars tíu jarðgöng, tvær vatnsaflsvirkjanir og fjölmarga vegi og önnur mannvirki. Á árunum 2009-2011 sá Ístak um hönnun og byggingar 17 húsa á Jamaica. Ístak hefur unnið við verkefni á Grænlandi nær óslitið frá 2002 en þar hefur Ístak byggt



virðjanir, hafnir og skóla. Þar ber helst að nefna virkjun í Illusat sem kláraðist árið 2014. Það var stærsti einstæði samningur í sögu Ístaks á þeim tíma og nú árið 2020 tók Ístak aftur að sér stórt verkefni á Grænlandi við að byggja Nuuk Skole verkefnið sem einnig telst til stærstu einstöku verkefna félagsins.

Á Íslandi voru framkvæmdir á ábyrgð Ístaks meðal annars byggingar eins og Háskólann í Reykjavík, Klettaskóli, Náttúrufræðihús Urriðaholti, endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur, Helgafellsskóli, Uppsteypa á hóteli og íbúðum við Hörpu, Fiskvinnsla G. Run í Grundafirði, Stúdentagarðar við Sæmundargötu og Hús íslenskunnar við Arngrímögötu.

Þær virkjanir sem hafa verið framkvæmdar af Ístaki á þessu 10-15 ára tímabili eru Búðarhálsvirkjun sem var gerð á árunum 2010-2013 og Brúarvirkjun frá 2018-2020.

### Vinnulag og framleiðsluferli - Samvinna með Aarsleff

Ístak hefur alla tíð unnið bæði á Íslandi og erlendis. Í verkefnum erlendis hefur Ístak leitt verkefni, verið í samvinnu með eigendum Ístaks og síðan hafa starfsmenn Ístaks farið út með þekkingu og reynslu í verkefni hjá móðurfélaginu um allan heim. Árið 2015-2017 unnu Ístak og Aarsleff saman að byggingu nýrrar hafnar í Nuuk í Grænlandi með heildaraðstöðu fyrir allan skipaflutning til og frá Grænlandi.

Árið 2018 voru settir niður 265 staurar við Keilugranda í Reykjavík, sem þjónuðu því hlutverki að mynda undirstöður fyrir sökklá íbúðarblokka. Staurarnir voru 9-12 metra langir og byggðar voru 78 íbúðir á þessum undirstöðum. Aðferðin er ekki algeng á Íslandi en Ístak vann verkefnið í samstarfi við systurfyrirtæki sín sem eru í eigu Aarsleff samstæðunnar. Notaður var fullkominn búnaður frá Aarsleff og gekk það mun betur en menn höfðu gert ráð fyrir. Hægt er að nota þessa aðferð víðar þar sem erfitt er að efni skipta, t.d. við strandlengju eða á svæðum sem umferð mikil umferð er fyrir á stofnæðum. Nýr hafnarbakki fyrir framan frystihús HB-Granda 2017-2018 og síðan niðurrekstur á stálpili á Kleppsbakka fyrir Faxaflóahafnir eru önnur verkefni sem unnin hafa verið í samstarfi við Aarsleff.

### Skrifstofur Ístaks verða að sendiráði Bandaríkjanna

Aðalskrifstofur Ístaks voru lengi vel í leiguhúsnæði að Skúlatúni 4. Árið 1999 hóf fyrirtækið byggingu á sérhönnuðu skrifstofuhúsnæði til eigin nota að Engjateig 7 og þangað var skrifstofustarfsemin flutt árið 2001. Eftir að starfsemi Ístaks var flutt að Bugðuflijóti í Mosfellsbæ, var húsið að Engjateigi selt bandaríska ríkinu og í framhaldinu var gerður samningur um endurbyggingu hússins til notkunar fyrir sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi. Það verkefni var í gangi frá árinu 2015-2019.

### Verkefni Ístaks á Keflavíkurlugvelli

Umsvif Ístaks á Keflavíkurlugvelli hafa verið mikil á 50 ára sögu Ístaks. Afskipti Ístaks hófust á Keflavíkurlugvelli með uppsteypu og utanhúss frágangi fyrsta áfanga flugstöðvarinnar (Norðurbygging) sem reist var á árunum 1985-1987. Síðar var flugstöðin stækkuð og svokölluð Suðurbygging reist við enda landgangsins sem tengir saman Suðurbyggingu og Norðurbyggingu og vann Ístak það verk í samstarfi við Højgaard & Shultz árunum 2000-2001. Á árunum 2004-2005 vann Ístak að stækkun norðurbyggingarinnar, en þá voru móttöku- og komusalir stækkaðir auk þess sem þaki var lyft og gerð voru skrifstofurými á 3. hæð. Árin 2014-2016 sá Ístak um innanhússfrágang á stækkun á Suðurbyggingu til vestur og einnig um stækkun farangursflokunarstöðvar sem er viðbygging við Norðurbyggingu. Ístak sá um stækkun Suðurbyggingar til norðurs ásamt 1. hluta á breikkun landgangsins. Loks vann Ístak við stækkun á steiptum flughlöðum austan flugstöðvar á árunum 2016-2018.

### Stækkunin í Ísal

Rio Tinto Alcan eigandi ISAL ákvað að ráðast í uppfærslu á álverinu í Straumsvík árin 2010-2015 sem kallað var IPU verkefnið. Verkefnið var fjölþætt og gekk meðal annars út á að auka framleiðslugetu á áli um 20% en á sama tíma bæta áreiðanleika verksmiðjunnar. Einnig voru gerðar miklar breytingar á steypuskála en nú eru verðmætari ál boltar framleiddir í stað barra. Aðkoma Ístaks að verkefninu byrjaði haustið 2010 þegar Ístak var lægst bjóðandi í viðbyggingu steypuskálans. Um var að ræða 10.000 fm stálgrindarhús undir breytta framleiðslu



Frá Grænlandi.

Framhald á næstu opnu →



Verkefni á Grænlandi.



Fiskvinnsla G. Run í Grundafirði.



Frá Landeyjahöfn.



Fólk að störfum, brýr á Hringveginum.

í steypuskála. Næstu árin tók Ístak einnig að sér fjölda annarra verkefna á svæðinu. Stærsta verkefnið var uppsetning á nýjum reykhreinsivirkjum fyrir kerskála 1 og 2. Auk þess sá Ístak um uppsetningu á nýjum bolta steypuvélum í steypuskála ásamt tilheyrandi vélbúnaði. Ístak byggði einnig nýja spennistöð á milli kerskála, nýja loftþjöppustöð, baðefnageymslu, stækkaði hliðhúsið og fleira. Ístak sá einnig um fjölbætta lagna- og jarðvinnu á svæðinu; háspennustrengir, vatnsrör og fráveita var grafið niður á milli bygginga. Verkefnið var mjög krefjandi, öll vinnan var inná svokölluðu „Brown field“ þar sem unnið er við hlið verksmiðju í rekstri og því þurfti mikla samræmingu til þess að tryggja að áhrif á framleiðslu væru lágmarkuð. Einnig voru kröfur í öryggis og gæðamálum með því strangasta sem sést hefur á Íslandi en með réttu hugarfari tókst starfsmönnum Ístaks að ná mjög góðum árangri í þessu umhverfi. Þeir starfsmenn Ístaks sem tóku þátt í verkefninu eru mjög stoltir af sínu framlagi og lærðu mikið af þessu stóra alþjóðlegaverkefni fyrir kröfuharðan verkkaupa.

#### Viðhaldsþjónusta

Árið 2018 setti Ístak á laggirnar sér deild viðhaldsþjónustu sem sinnir viðhaldi og endurbótum fasteigna fyrir fagaðila á fasteignamarkaði, stærri fyrirtæki, fasteignafélög, ríki og sveitarfélög. Hvort sem um er að ræða stór, skipulögð viðhaldsverkefni eða tilfallandi verk þá er Ístak traustur samstarfsaðili á sviði viðhalds. Með þessari deild byrjaði Ístak að bjóða viðskiptavinum upp á viðhaldsþjónustusamninga sem tryggja greiðan aðgang að færum iðnaðarmönnum ásamt verkefnastýringu og umsjón framkvæmda, allt eftir þörfum viðskiptavinarins. Með viðhaldsþjónustusamningi geta viðskiptavinir fengið alla viðhaldsvinnu á einum stað, hvort sem um er að ræða trésmiði, málara, múrara, rafvirkja, pípara eða aðra sérhæfða iðnaðarmenn.

#### Innkaupadeild

Hjá Ístaki er starfrækt innkaupadeild, deildin sér um innkaup á byggingavörum, efni, varahlutum, tækjum frá innlendum og erlendum birgjum, öflun tilboða og samningagerð. Deildin starfar náið með starfsfólki lagers hvað varðar birgðahald og hefur umsjón með flutningum fyrirtækisins erlendis. Deildin sér einnig um samninga við fyrirtæki sem bjóða upp á leigu á vinnuvélum og tækjabúnaði, sölu á vinnuvélum, bílum, sjóförum, tækjum og búnaði tengdum véladeild og lager.

#### Stafræn þróun í byggingariðnaði

BIM deild Ístaks var stofnuð árið 2017 og hefur það hlutverk að stuðla að stafrænni þróun í fyrirtækinu. Í lok árs 2020 er stór hluti verkefna að nýta sér tækni BIM og annarra stafræna verkfæra og má segja að möguleikarnir séu óþrjótandi fyrir vinnustað eins og Ístak. Verkefni sem unnin eru hjá Ístak eru framleiðsluteikningar og stafrænir klippi- og beygjulistar á steypustyrktarjárnnum, BIM studd magntaka, notkun BIM líkana á verkstað, samræming og árekstrargreining, 4D verkáætlun og rafrænar úttektir. Þessi tækniþróun gerir það að verkum





Hauge.



Íbúðir og hótél við Hörpu í Reykjavík.

að framkvæmdir verða árangursríkari, með lægri kostnaði og styttri tíma, samhliða því að ferlar batna og verða gagnsærri.

### Skipulag og sérstaða

Starfsemi Ístaks nær yfir stórt og fjölbreytt svið og býður upp á víðtæka þjónustu. Stefna Ístaks er og hefur verið að vera leiðandi verktakafyrirtæki sem mætir þörfum markaðarins með fyrirmyndar verkskipulagi og góðu starfsfólki. Fyrirtækið vinnur eftir gæðastefnu sem miðar meðal annars að því að vera með reynt og hæft starfsfólk og afhenda verk á réttum tíma með umsömdum gæðum.

### Framtíðarsýn

Einkunnarorð Ístaks eru framkvæmdaglegði í fyrirrúmi og fela þau í sér yfirgripsmikla þekkingu á þeirri tækni og vinnuaðferðum sem þarf til að sinna fjölbættri verktakastarfsemi. Markmið Ístaks er að mæta þörfum Íslensks, sem og erlends, markaðar fyrir byggingar, önnur mannvirki og aðrar verklegar framkvæmdir og veita viðskiptavinum góða þjónustu.

### Aðsetur

Frá árinu 2012 hefur yfirstjórn og skrifstofa Ístaks verið til húsa að Bugðuflióti 19, Mosfellsbæ. Þjónustudeildir fyrirtækisins eru með aðstöðu á sama stað. Þar er vélaverkstæði, rafmagnsverkstæði, járnsmiðja, steypuskáli og lager. Verkefni félagsins og starfsmenn í hverju verkefni eru um allt land, vinnustofur og vinnubúðir. Verkefni eru mjög fjölbreytt og hafa verkstaðirnir hafa verið frá átta til sautján á hverju ári síðastliðin ár. Ístak hefur ekki verið með vinnubúðir eða verkefni í Noregi síðan 2017 er lokið var við síðustu verkefni þar en félagið sótti mikið á þennan markað á árinu 2009-2015.

### Mannauður og starfsmannafjöldi

Í ársbyrjun 2020 voru starfsmenn Ístaks rúmlega 300. Starfsfólk Ístaks skiptist upp í fjóra hópa eftir starfssviði. Sérfræðingar og stjórnendur eru oftast tæknimenntaðir með annaðhvort prófgráður í verk- eða tæknifræði. Verkstjórar Ístaks hafa fjölbreyttan menntunarbakgrunn en allir hafa þeir mikla reynslu í því að stýra framkvæmdum á vinnusvæðum. Iðnaðarmenn hjá Ístaki eru oftast menntaðir í trésmíði, en einnig í málmíðn, véliðn og rafíðn. Ófaglærðir starfsmenn Ístaks vinna aðalega á byggingasvæðum eða við jarðvegsframkvæmdir og sem tækjastjórnendur og bílstjórar. Á tímabilinu 2010-2020 kom Ístak að mörgum mismunandi framkvæmdum sem gerðu kröfur til starfsmanna og fyrirtækisins um að læra nýja hluti eða vinna í nýjum aðstæðum. Starfsmenn Ístaks og stjórnendur öðluðust á þessum tíma reynslu í verkefnum sem unnin voru á láði og á legi, á Íslandi og erlendis, við strönd eða til fjalla. Fjöldi þjóðerna hjá Ístaki jókst líka á þessu tímabili og voru starfsmenn af meira en 13 þjóðernum við störf hjá Ístaki á þessu tímabili. Hlutfall erlendra starfsmanna var líka nálægt helmingi starfsmanna og var Ístak með nema frá skólum á Íslandi, Grænlandi og Danmörku á þessu tímabili.



Búðarhálsvirkjun.



Höfuðstöðvar Ístaks. / Ljós. Ragnar Th.



Óskar, Bogi, Helgi Jarl, Óli, Kjartan, Hermann og Jón Auðunn.

## JÓ lagnir



Jón Auðunn Kristinsson og Óskar Friðbjörnsson.

JÓ lagnir sf. er stofnað 20. september 2000. Stofnendur eru Jón Auðunn Kristinsson og Óskar Friðbjörnsson með fyrirtækin Kristinn Auðunsson ehf. og Lagnaleiðir ehf. sem eiga (50% hver hlutur) í JÓ lögnum sf. Eigendur voru búnir að starfa saman í mörg ár áður en þeir stofnuðu sameiginlegt fyrirtæki og lærðu pípulagnir hjá Kristni Auðunssyni pípulagningameistara. Hann rak verslun og innflutning með vörur sem tengjast pípulögnum ásamt starfsmannahaldi. Markmið með stofnun fyrirtækisins var að sinna almennum pípulögnum í hita-, vatns- og frárennislögnum. Jón Auðunn og Óskar eru útskrifaðir meistarar í pípulögnum, Jón árið 1996 og Óskar árið 1992.

### Áherslur og markmið

Áherslur og markmið fyrirtækisins hefur smásaman breyst í tímans rás þar sem fyrirtækið hefur sérhæft sig meira í uppsetningum og búnaði fyrir sundlaugar og stærri snjóbræðsluferfi. Eining hefur okkar markmið verið að þjónusta fyrirtæki og stofnanir, t.d Reykjalund, Mosfellsbæ, Símann, Mílu, Olís og Sölufélag Garðyrkjumanna. Okkur hefur tekist að sinna þjónustu við mörg góð fyrirtæki ásamt því að vinna fyrir einkaaðila við nýlagnir í einbýlsihúsum. Fyrirtækið hefur sett upp margar sundlaugar frá ítalska fyrirtækinu Mirta pool, stállaugar, hreinsitæki og dælur og hafa eigendur farið erlendis til þjálfunar við uppsetningu á sundlaugum þessum og má þar nefna t.d. Borgarnes, Stykkishólm, Þórshöfn, sundlaug að Reykjalundi, Borg í Grímsnesi og NLFÍ í Hveragerði. Við sáum um allar tengingar við hreinsitæki, dælur og lagnir í sundlaug Þorlákshafnar og Grafarvogslaug t.d.

### Áðsetur og starfsfólk

Fyrirtækið keypti húsnæði að Askalind 8 í Kópavogi árið 2001 en flutti í stærra húsnæði að Smiðjuvegi 11e árið 2014, þar sem það er nú með skrifstofur og verkstæði. Starfsmannafjöldi hefur verið að meðaltali 6 til 8. Menntun starfsmanna er meistara- og sveinspróf í pípulögnum og lærlingar í faginu ásamt aðstoðarmönnum. Fyrirtækið hefur útskrifað marga sveina undanfarin ár. Starfsmannafélag hefur verið starfandi og hafa starfsmenn og makar farið í nokkrar ferðir erlendis. Einnig hafa JÓ lagnir haldið ár hvert jólafrí þar sem við höfum boðið viðskípavinum og velunnurum til veislu sem hefur verið vel tekið og er sífellt vinsælli. Velta og hagnaður félagsins hefur aukist smátt og smátt með hverju árinu og teljum við að sígandi lukka sé best og aðhaldsemi í fjárfestingum eigi best við. Gott að vera með eigið húsnæði, bíla, verkfæri við hæfi og góða starfsaðstöðu. Stofnendur leggja mikla áherslu á að vera með besta efni og vélar sem völ er á á hverjum tíma.

Við teljum að þegar vinna minnkar þá er þjónusta við fyrirtæki og stofnanir lykillinn að velgengni enda hefur aldrei verið verkefnaskortur hjá fyrirtækinu. Stofnendur hafa lagt ríka áherslu á fjölbreytt menntun starfsmanna, breytingar á lögnum, nýlagnir, hitasýringar og stjórnstöðvar. Einkunnarorð fyrirtækisins eru: **Þjónusta, reynsla, þekking.**





Þórir Óskar Guðmundsson og Helgi Sveinn Heimisson, eigendur.

## Jónsmenn

Jónsmenn ehf. var stofnað þann 1. mars 2006 af þeim Sigurði Steinari Sigurbjörnssyni, Þóri Óskari Guðmundssyni, Helga Sveini Heimissyni og Hermanni Meldal Arnþórssyni. Eignarhald fyrirtækisins breyttist og í dag eru það, þeir Þórir Óskar og Helgi Sveinn sem eru eigendur þess. Við stofnun var fyrirtækið staðsett að Miðási 4 á Egilsstöðum, en árið 2008 var það flutt að Miðási 23. Ásamt því, eiga Jónsmenn einnig gamla Ingimarshúsið, en það var keypt árið 2021.

### Starfsemin

Jónsmenn er öflugt fyrirtæki í mannvirkjagerð. Frá stofnun hefur verkefnum fjölgað jafnt og þétt og hafa Jónsmenn þurft að bæta við fleiri tækjum og tækjabúnaði í takt við þau verkefni sem hafa bæst við til þess að geta sinnt þeim. Í dag starfa 8 manns hjá fyrirtækinu. Veltan hefur aukist ár frá ári.

### Jónsmenn eru aðilar að Samtökum iðnaðarins

Árið 2020 var Jónsmönnum veitt viðurkenning frá Credit Info fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki. En til þess að teljast framúrskarandi þá eru ýmis ströng skilyrði sem fyrirtækið þarf að uppfylla.

### Samfélagsleg ábyrgð

Í gegnum tíðina hefur fyrirtækið sýnt samfélagslega ábyrgð sem ýmsum stuðningi við góð málefni.

### Framtíðarsýn

COVID-19 fór væntanlega ekki framhjá neinum árið 2020 og að sjálfsgöðu gripu Jónsmenn til viðeigandi ráðstafana í þeim efnum. Í dag er staða fyrirtækisins mjög góð og nóg að gera. Því er ekki annað hægt en að líta björtum augum á framtíðina því næg verkefni eru framundan.





Vinna við slóðagerð.

## Jón Ingi Hinriksson



Vinna við slóðagerð í Hólasandslínu HS3-01 við Viða í Reykjadal.

Jón Ingi Hinriksson ehf. er verktakafyrirtæki með vörubíla, trailera og flestar gerðir vinnuvéla. Fyrirtækið er með heimili og aðsetur í Mývatnssveit og er það að mestu vinnusvæðið en aðeins hefur verið farið út fyrir það. Það vinna að jafnaði 10-12 manns hjá fyrirtækinu en geta verið fleiri yfir sumartímann.

### Starfsemin

Fyrirtækið hefur unnið mikið fyrir Skútustaðahrepp, Vegagerðina, Landsnet, Landsvirkjun og ýmsa fleiri. Unnin hefur verið undirvinna við gerð bygginga, vegagerð, línuvega, göngustíga og margt fleira. Fyrirtækið sér einnig um snjómokstur fyrir Vegagerðina á Þjóðvegi 1 hér í héraði. Fyrirtækið hefur líka rekið bifreiðaverkstæði og bílaleigu í 3 ár.

### Stofnendur og eignir

Fyrirtækið var stofnað af hjónunum Jóni Inga Hinrikssyni og Hrafnhildi Geirsdóttur árið 1994. Fyrst var það rekið á eigin kennitölu Jóns Inga en 2008 var stofnað einkahlutafélag og fékk það nafnið Jón Ingi Hinriksson ehf. Eignarnar voru einn vörubíll og ein traktorsgrafa í upphafi. Eignastaðan hefur breyst með auknum umsvifum og hefur bílum og tækjum fjölgað nokkuð.

### Viðurkenningar og framtíðarsýn

Fyrirtækið hefur fengið viðurkenninguna Framúrskarandi fyrirtæki undanfarin ár og erum við afar stolt af því.

Framtíðarsýn er ósk um að áfram verði nóg af verkefnum og gott vinnuumhverfi.



Nýjasti Scania vörubíllinn.



Jón Ingi Hinriksson við nýja Komatsu PC290LC-11 beltagröfu.





Unnið við snjómokstur.



Vinna við slóðagerð í Hólasandslínu HS3-01 við Víða í Reykjadal.



Unnið fyrir Landsnet ehf við snjóhrensun á slóðum Kröflulínu KR3-02.



Vinna við slóðagerð í Hólasandslínu HS3-01 við Víða í Reykjadal.





Gaukshólar 2.



Íshella 1.

## K16



Starfsfólk á skrifstofu. Frá vinstri: Einar, Tóti, Hannes, Sigríður og Agnar.

### Upphafid

Hannes Þór Baldursson, eigandi K16 ehf. hóf feril sinn í læri hjá húsasmiðnum Herði Inga Torfasyni. Eftir að hafa útskrifast sem byggingarmeistari stofnaði hann sitt eigið fyrirtæki, Spæni ehf. ásamt félagu sínum Óskari Þór Ólafssyni og kynntist þar byggingariðnaði og fyrirtækjarekstri af eigin raun. Síðar færði hann út kvíarnar og stofnaði Þórsafli hf. árið 2000, sem starfaði af miklum krafti við viðhald og nýbyggingar til ársins 2007, þegar það hætti starfsemi eftir efrtt árferði í íslensku atvinnulífi. Nýtt fyrirtæki, K16 ehf. reis þó eins og Fönix úr öskunni á grunni Þórsafli og Viðhalds Fasteigna, sem Hannes átti með æskuvini sínum, Sæmundi Þór Sigurðssyni málameistara. Með elju og útsjónarsemi hefur K16 allar götur síðan verið að gera góða hluti í byggingargeiranum og vaxið með hverju árinu sem líður.

### Helstu verk

K16 býr yfir öflugum tækjafloata og verkfæralager (pallar, mót, gámaeiningar, lyftarar, vinnubílar, vinnubúðir og verkfæri) til þess að takast á við hvers kyns verkefni sem á vegi þeirra verða. Verkefni hafa einkum falist í viðhaldsverkefnum fyrir einstaklinga, stærstu húsfélög landsins, sveitarfélög og ríkisstofnanir á Reykjavíkursvæðinu, en einnig í nýbyggingum, bæði innanbæjar og utan.

### **K16 hefur mestmegnis starfað á útboðsmarkaði og helstu verkkaupar hafa t.d. verið:**

**Landsspítalinn** - Þar sem K16 sá m.a. um stækkun gjörgæslu við Hringbraut, en það var fyrsta útboðsverkefni sem fyrirtækið tók að sér árið 2008. Einnig hefur fyrirtækið séð um endursteyningu á Borgarspítalanum ásamt gluggaskiptum og ýmis verkefni fyrir Landakotsspítala, Vífilstaðaspítala, Kópavogsgærði og BUGL.

**Norðurál** - K16 sá um að rífa og reisa nýtt hús fyrir skrifstofu í steypuskála.

**Reykjavíkurborg** - ótal viðhaldsverkefni í sundlaugum, leik- og grunnskólum borgarinnar eins og steypuviðgerðir, málun, gluggaskipti og þakskipti.

**Ríkiseignir** - K16 hefur unnið verk víðs vegar um landið fyrir Heilbrigðisstofnun Akraness, Heilsugæsluna á Höfn í Hornafirði, Menntaskólann á Laugarvatni o.fl.

**Landsvirkjun** - allsherjar viðhald á Steingrímsstöð.

**Landhelgisgæslan** - viðhald á þotuskýli.

Verkefni þessi hafa verið vel unnin, yfirleitt klárast á réttum tíma og verkkaupar upp til hópa verið ánægðir með samstarfið og vinnubrögðin.

Samhliða áður nefndum verkum hefur K16 ætíð verið með einhver uppsteypuverkefni í gangi og byggt töluvert af húsnæði (sumarhús, einbýlis- og raðhús) fyrir einstaklinga.



Heilsugæslan á Akranesi.



Iðunnarbrunnur 18-20.





Sumarhús í Hvalfirði.



Skógarás 13-17.

### Stækkun og samstarf

Upp á síðkastið hefur K16 verið að hasla sér völl á atvinnuhúsnæðismarkaði í samstarfi við fyrirtækið Eignabyggð en á vissum tímamarki lágu leiðir Hannesar og athafnamannsins Brynjólfs S. Þorkelssonar saman og tóku þeir að sér að flytja 7500 fermetra hús á Rifi (Vatnsverksmiðjuna á Kólumbusarbryggju) yfir á Íshellu 1 í Hafnarfirði. Eftir það verkefni héldu þeir samstarfinu áfram undir merkjum Eignabyggðar og byggðu 7.200 fermetra húsnæði í Suðurhrauni 10 í Garðabæ sem kláraðist í lok árs 2018. IKEA leigði neðri hæðina undir lager og skrifstofuhótel var innréttað á efri hæð.

K16 og Eignabyggð eru í nánú samstarfi við Alerio Nordic, lettneskt fyrirtæki sem flytur inn og reisir stálgrindarhús og er sú starfsemi í miklum blóma og örurum vexti.

### Mannskapur

Hannes hefur alla tíð stýrt rekstrinum af myndugleik en þegar starfsemin er eins viðamikil og raun ber vitni er nauðsynlegt að hafa fleiri góða menn í brúnni. Meðal þeirra má nefna kjarnastarfsmennina Einar Birgisson byggingafræðing og Sigríði Láru Sigurðardóttur skrifstofustjóra sem hafa verið hjá fyrirtækinu nánast frá upphafi og búa yfir mikilli reynslu og þekkingu.

Starfsmannafjöldi K16 ræðst af umfangi verkefna hverju sinni en um 80 manns starfa þar alla jafna í fullu starfi ásamt undirverktökum. Þetta eru upp til hópa kraftmiklir einstaklingar sem hafa margir hverjir sýnt af sér sérlegan dugnað og hollustu í starfi í gegnum tíðina og kann fyrirtækið þeim miklar þakkar fyrir. Lagt er upp úr jákvæðum starfsanda og góðum aðbúnaði. Starfsmannafélagið rekur sumarbústað sem stendur félagsmönnum til boða og stendur félagið einnig fyrir ýmsum uppákomum og ferðalögum erlendis annað hvert ár sem þéttir hópinn og eykur starfsánægju.

### Fjárhagur og framtíðin

Fyrirtækið hefur í gegnum tíðina sýnt samfélagsábyrgð sína í verki með því að styrkja ýmis félagasamtök og góðgerðarstarfsemi. Þess má geta að K16 hefur fengið viðurkenningu frá Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki síðustu fjögur ár í röð (2018-2021) en aðeins 2% íslenskra fyrirtækja uppfylla þau ströngu skilyrði sem Creditinfo setur um vottunina. Þessi fyrirtæki eiga það öll sameiginlegt að standa sig vel, byggja rekstur sinn á sterkum stoðum og stuðla að bættu viðskiptaumhverfi. Velta fyrirtækisins hefur vaxið mikið síðustu ár og stefnir nú í á annan milljarð. Framtíðin er björt hjá K16 sem mun halda áfram að vinna verkin vel og samviskusamlega, samhliða eflingu og vexti fyrirtækisins.

Vefsíða: [k16.is](http://k16.is)



Heilsugæslan á Höfn í Hornafirði.



Móhella, sökklar.



Bygging stálgrindarhúss fyrir Algalif.



Jón Ingi Sveinsson, framkvæmdastjóri og Elías Þór Höskuldsson, byggingastjóri.

## Katla byggingafélag



Starfsfólk Kötlu við vinnu.

### Bygginga- og verktakastarfsemi í Eyfirkum byggðum.

Félagið var stofnað sem hlutafélag 30. ágúst 1985 af hjónunum Sveini Jónssyni og Ásu Marinósdóttur, börnum þeirra og Elíasi Höskuldssyni. Í dag er Jón Ingi Sveinsson stærsti hluthafinn. Fyrirtækið byggði árið 1984-1985, aðstöðuhús að Melbrún 2. Þar er meðal annars vélaverkstæði, trésmíðaverkstæði og skrifstofa.

Verkefni eru víða á Eyjafjarðarsvæðinu og skiptast á milli einstaklinga og ýmissa fyrirtækja og sveitarfélaga, allt frá Grímsey til innstu Eyjafjarðardala og eru misstór að umfangi og fjölbreytileika. Má þar nefna byggingu sumarhúsa, íbúðarhúsa og allt til verslunar- og skólahúsa. Gatna- og hafnargerð og hvers konar þjónusta, vetur og sumar við sveitarfélagið, ásamt fjölbreyttri þjónustu við kvikmyndagerð víða um land.

Seinni árin hefur véla- og bílaúngerð verið umfangsmeiri þáttur í rekstri fyrirtækisins.

Einnig hefur vinna aukist í sambandi við undirverktaka og aðra samstarfsaðila vegna þess hve verkefni eru misjafnlega mannfrek og umfangsmikil og þurfa að vinnast hratt og á ýmsum tímum árs.

Framkvæmdarstjóri er Jón Ingi Sveinsson, byggingastjóri Elías Þór Höskuldsson, stjórnarformaður Sveinn Jónsson og skrifstofustjóri Guðbjörg Inga Ragnarsdóttir.

**Katla ehf. Melbrún 2, 621 Dalvíkurbyggð.**







Það eru fjölbreytt verkefni hjá fyrirtækinu.

## Kranar

Hugmyndin að fyrirtækinu Kranar ehf. kviknaði uppúr árinu 2008 þegar að það vantaði krana í verk á Austurlandi en þá ákvað Eyjólfur Skúlason að kaupa sinn fyrsta krana. Eyjólfur er fæddur og uppalinn á Egilsstaðabúi og hefur búið á Hafrafelli síðustu 25 árin. Hann starfaði hjá Malarvinnslunni, sem var starfrækt til 2008 og þar vann hann við hin ýmsu störf sem að Kranar ehf. bjóða uppá í dag.

### Aðsetur, starfsmenn og tæki

Kranar ehf. er með lögheimili á Egilsstöðum en aðalstarfsstöð fyrirtækisins er á Nesbraut 7, 730 Fjarðabyggð. Frá því að fyrirtækið var stofnað árið 2008 hefur það stækkað gríðarlega, starfsmönnum hefur fjölgað um 5 frá stofnun og hafa verið keyptir fimm krana til viðbótar og eru þeir sex talsins í dag, bæði skotbómu og grindarbómu. Kranar ehf. á einnig tvo vörubíla til að nota við verk sín. Kranar ehf. hefur tekið að sér mörg verkefni á öllu Austurlandi og heldur fyrirtækið áfram að stækka, dafna og bæta við sig starfsmönnum og taka að sér fleiri verk.

### Þjónusta og markmið

Kranar ehf. býður uppá allskyns þjónustu og tekur að sér hin ýmsu verkefni, bæði stór og smá, um allt land á borð við flutninga, reka niður staura, að hífa hús/einingar, dýpka hafnir og setja upp brýr og bryggjur, til að nefna nokkur. Markmið Krana ehf. er að bjóða upp á hina bestu þjónustu, ávallt vinna verkin vel og koma til móts við kröfur viðskiptavina okkar.



Fyrsti kraninn.



Eyjólfur og dóttir hans Heiðrún við nýjasta kranann.



Eyjólfur Skúlason, eigandi og krana-  
maður, vörubílstjóri og viðgerðarmaður.



Einar Axelsson, vörubílstjóri og  
viðgerðarmaður.



Jakob Karlsson, viðgerðarmaður.



Ólafur Bragi Jónsson, krana-  
maður og vörubílstjóri.



Björn Jónsson, verktaki og sérfræðingur.



Sveinbjörn Valur Jóhannsson, krana-  
og verktaki.



Starfsmenn Krana og makar á góðri stund á ferð erlendis.



Myndir efst frá vinstri. Magnús Ellert vinnur við slátt í Ísafjarðarbæ. / Ljósm. Steinþór Auðunn Ólafsson.



Steinþór við kjarnaborun ásamt einum af eiganda Saltverks í Saltverki Reykjanesi Ísafjarðardjúpi. / Ljósm. Edda Björk Magnúsdóttir.

## Kjarnasögun



Tómas Geiri Dýrfjörð vinnur við orflátt á opnum svæðum í Hnífsdal. / Ljósm. Ólafur Auðunn Steinþórsson.



Unnið við snjómokstur á Dynjandisheiði. Ljósm. Steinþór Auðunn Ólafsson.

Kjarnasögun ehf. var stofnað snemma á árinu 2007 af Steinþóri Auðunni Ólafssyni og Magnúsi Jónssyni. Helsta markmið með stofnun félagsins eins og nafn félagsins vísar til var að bjóða uppá sérhæfða þjónustu og ráðgjöf við steinsteypusögun og kjarnaborun. Fyrstu árin var Steinþór eini starfsmaðurinn í fullu starfi allan ársins hring.

Allt frá stofnun hefur helsta markaðssvæði fyrirtækisins verið norðanverðir Vestfirðir. Fyrirtækið hefur einnig tekið að sér stærri verk annars staðar á landinu. Má þar nefna aðkomu fyrirtækisins að mikilli endurskipurlagningu á félagsheimilinu Festi í Grindavík og á stórri fasteign í Hafnarfiði þar sem nú er rekið Hótel Vellir. Í báðum tilvikum sá Kjarnasögun um alla steinsteypusögun og kjarnaborun á verk tíma.

Steinþór sem hefur starfað sem framkvæmdastjóri félagsins frá stofnun. Hann rak bú í Hjarðardal meðfram rekstrinum ásamt konu sinni Eddu Björk Magnúsdóttur og sonum þeirra frá árinu 1990 til 2018 eða þar til sonur hans Magnús Ellert tók við búskapnum og gerðist ábúandi með sinni fjölskyldu. Lengst framan af var helsta aðsetur Kjarnasögunar í Fremri Hjarðardal en Steinþór byggði aðstöðu undir búnað og tól heima á bænum. Í dag hefur Kjarnasögun aðstöðu og verkstæði á Ísafirði ásamt fyrri aðstöðu sem er í Hjarðardal en Magnús Ellert ábúandi í Hjarðardal starfar einnig hjá Kjarnasögun allan ársins hring í dag. Synirnir Ólafur Auðunn, Magnús Ellert og Vilhelm Stanley hafa allir komið að vinnu við fyrirtækið og Edda Björk líka.

### Starfsemin

Ásamt þeirri kjarnastarfsemi sem félagið var upphaflega stofnað utan um hefur Kjarnasögun boðið uppá ýmiskonar þjónustu í gegnum tíðina og snert á nær öllu sem viðkemur mannvirkjagerð og viðhaldi.

Það hefur verið stefna fyrirtækisins frá upphafi vera vel tækjum og vélum búið. Bæði til þess að geta skapað sér sérstöðu og sveigjanleika í rekstri til að getað tekið sér margvísleg verkefni, bæði stór og smá. Í dag er reksturinn mjög fjölbreyttur og árstíðarskiptur. Kjarnasögun hefur á síðustu árum séð um snjómokstur á Þingeyri og veturinn 2020/2021 sá fyrirtækið einnig um snjómokstur og eftirlit á Dynjandisheiði.

Frá árinu 2015 hefur Kjarnasögun svo séð um garðslátt fyrir Ísafjarðarbæ, bæði vélslátt og orflátt á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdal og Ísafirði. Önnur hliðarstarfsemi er löndunarþjónusta en Kjarnasögun hefur þjónustað frystitogarann Júlíus Geirmundsson undanfarin fjögur ár, togarinn landar að jafnaði um einu sinni í mánuði í heimahöfn á Ísafirði. Kjarnasögun ehf. hefur einnig skapað sér ákveðna sérstöðu á Vestfjörðum með því að bjóða uppá að leggja epoxy slittefni á iðnaðargólf. Starfsmenn hafa öðlast mikla þekkingu á þeim rúmum tíu árum sem fyrirtækið hefur boðið uppá slíka þjónustu og fyrirtækið er í dag vel tækjum búið til allrar undirvinnu, gólfslípunar og fræsunar. Á þessu sviði hafa langtum flest verkefni snúið að sjávarútvegsfyrirtækjunum á Vestfjörðum og nú á seinustu árum einnig fyrirtækjum í laxeldi á svæðinu.





Magnús Ellert við slátt í Hnífsdal. / Ljósm. Ólafur Auðunn Steinþórsson.



Löndun úr Júlíusi. Frá vinstri: Anton Proppé, Brynjar Proppé, Pawel, Karol, Tomasz, Vilhelm Stanley, Sindri Þór, Arthúr, Ólafur Auðunn og Ástvaldur. / Ljósm. Ævar Einarsson.

### Mannauður

Kjarnasögun hefur alla tíð verið lítið fyrirtæki og fastir starfsmenn ekki margir. Ársverk hjá fyrirtækinu í dag eru að jafnaði þrjú en á sumrin starfa 4-6 aukalega. Það hefur aldrei verið stefna félagsins að stækka mikið og auka við mannafla. Hins vegar hefur fyrirtækið reglulega fjárfest í tækjum og vélum sem hafa elft fyrirtækið að því leyti að hægt er að bjóða uppá viðtækari þjónustu en áður.

### Framtíðarsýn

Rekstur félagsins hefur ávallt verið heilbrigður sem má þakka dugmiklu starfsfólki, skynsemi, áæðni og lágmarks fjárhagslegri áhættu. Með uppteknum hætti er gert ráð fyrir að framtíð fyrirtækisins sé björt, atvinnumál í landsfjórðungnum eru í blóma og íbúapróun hefur verið jákvæð á síðustu árum.



Tómas Geiri Dýrförður vinnur við orflátt á opnum svæðum í Hnífsdal. / Ljósm. Ólafur Auðunn Steinþórsson.



Einn af vinnubílum Kjarnasögunar. Ljósm. Steinþór Auðunn Ólafsson.



Unnið við gatnagerð á Suðureyri. Ljósm. Edda Björk Magnúsdóttir.



Eigendur Krappa ehf. Frá vinstri: Sigmundur, Katrín og Óskar.

## Krappi



Áhaldahús á byggingarstigi.

Krappi ehf. var stofnað 1. mars 1989 og er til húsa á Ormsvelli 5, Hvolsvelli. Krappi ehf. er alhliða bygginga- og verktakafyrirtæki auk þess að vera með almenna launa- og bókhaldsþjónustu. Stofnendur voru 6, en er nú í eigu 3 einstaklinga. Starfsmenn eru nú 12, en þegar mest var voru þeir 25.

### Eigendur

Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir bókari 3%, stjórnarmaður og framkvæmdarstjóri daglegs reksturs, Óskar Pálsson húsasmiðameistari 59,5%, stjórnarmaður, verkefnastjóri og tilboðsgerð, Sigmundur Felixson húsasmiðameistari 37,5%, stjórnarmaður.

### Starfsemin

Krappi hefur tekið að sér bæði stór sem smá verkefni, breytingar og viðhald á eldra húsnæði ásamt nýbyggingum. Í gegnum árin hefur verkefnalistinn verið langur og fjölbreyttur, þar má nefna laxastiga í Þjórsá en það var eitt að fyrstu verkefnum Krappa, leikskóla, fjölbýlishús, hótél, fjós, spennivirki, tengivirki, íbúðar- og sumarhús svo eitthvað sé nefnt, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Áherslur fyrirtækisins eru að þjóna öllum, stórum sem smáum með góðri samvinnu við verkkaupa.

### Viðurkenningar

Árin 2010 og 2011 var Krappi í hópi framúrskarandi fyrirtækja frá Creditinfo og í hópi fyrirmyndafyrirtækja 2018 og 2019.



Bygging fyrir Landsnet.





Bygging Borgarteigs.

## KÞ lagnir

KÞ lagnir ehf. er lítið fjölskyldufyrirtæki staðsett á Sauðárkróki sem sérhæfir sig í alhliða pípulagningaþjónustu. Kári Björn Þorsteinsson og eiginkona hans Sigríður Ellen Arnardóttir eru stofnendur og eigendur KÞ lagna ehf.

### Sagan

Árið 2005 útskrifaðist Kári Björn Þorsteinsson með meistaraáttindi í pípulögnum í Reykjavík, en áður hafði hann öðlast meistaraáttindi í vélsmiði. Vorið 2005 ákváðu Kári og Sigríður ásamt nýfæddum syni sínum að flytjast norður á Sauðárkrók þar sem Kári ólst upp. Þau ákváðu fljótlega að Kári myndi skella sér út í rekstur og bjóða upp á alhliða pípulagningaþjónustu en mikill skortur hafði verið á pípum í Skagafirði. Til að byrja með vann Kári einn og var reksturinn rekinn á hans kennitölu. Ári seinna var ákveðið að stofna félag utan um reksturinn þar sem hann stækkaði óðum og þörf var á fleira starfsfólki. Í dag starfa sex manns hjá KÞ lögnum. Í fyrstu var yfirbygging félagsins lítil, einn bíll og einn starfsmaður. Fljótlega var ljóst að þörf var á höfuðstöðvum fyrir fyrirtækið. Árið 2007 var fjárfest í litlu iðnaðarhúsnæði að Borgarmýri 3 á Sauðárkróki. Árið 2016 var ákveðið að byggja nýjar höfuðstöðvar fyrir félagið. Sótt var um lóð að Borgarteigi 10 og hafist handa að byggja 300 fm<sup>2</sup> stálgrindarhús. Árið 2017 flutti félagið svo úr Borgarmýrinni að Borgarteig 10.

### Verkefni

Viðtökur hafa verið góðar frá fyrsta degi enda mikið um framkvæmdir í Skagafirði. KÞ lagnir hefur tekið þátt í mörgum verkefnum eins og byggingu gervigrasvallarins á Sauðárkróki, byggingu nýrra höfustöðva Byggðastofnunar, byggingu parhúsa fyrir Búhöldla hfs. og byggingu leiguíbúða Skagafirskra leiguíbúða hses. KÞ lagnir hafa einnig komið að byggingu fjölda einbýlishúsa og nýbyggingum og að stækkunum fjósa í dreifbýli Skagafjarðar.

Vefsíða: [www.kthlagmir.is](http://www.kthlagmir.is)



Kári Björn Þorsteinsson og eiginkona hans Sigríður Ellen Arnardóttir eru stofnendur og eigendur KÞ lagna ehf.



Óðinn starfsmaður við vinnu.



Endurbætur á sundlaug Sauðárkróks 2020.



## K-Tak



Hörður Snævar Knútsson og Knútur Aadnegard.

K-Tak ehf. var stofnað árið 1993 af Knúti Aadnegard sem áður hafði starfað sem sjálfstæður verktafi frá árinu 1975. Knútur keypti síðan í samstarfi við félagi sína Brodda Þorsteinsson og Ingimar Jóhannsson Trésmiðjuna Ás árið 1978 sem þá var í eigu Ísaks Árnasonar byggingarmeistara. Eftir að því samstarfi lauk þá vann hann sjálfstætt sem byggingarverktaki til 1993, þegar hann stofnaði fyrirtækið K-Tak ehf. Í dag er fyrirtækið í eigu Knúts og sonars hans Harðar Snævars. Knútur er húsasmíðameistari og framkvæmdastjóri fyrirtækisins og Hörður Snævar er lærður húsasmíðameistari og byggingariðnfræðingur og sér um verkstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins.

### Aðsetur og starfsfólk

K-Tak ehf. er til húsa að Borgarflöt 3 á Sauðárkróki, þar er starfrækt trésmiðaverkstæði.

Um 15 manns vinna hjá fyrirtækinu. Hjá fyrirtækinu er starfsmannafélag sem saman stendur af starfsmönnum K-Tak ehf. sem beitt sér fyrir afþreyingu fyrir félagsmenn sína.



Parhús á Sauðárkróki 2019.

### Starfsemin

Starfsemi fyrirtækisins hefur verið fjölbreytt, mikið hefur verið unnið við uppbyggingu í nærliggjandi sveitum, auk framkvæmda fyrir einstaklinga, auk stærri verkefna fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð og ríkisfyrirtæki og fleiri. Fyrirtækið sinnir endurbótum og viðgerðum á húsum fyrir einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu.

### Verkefni

Nýlöknið er vinna við nýjar spennustöðvar fyrir Landsnet á Sauðárkróki og Varmahlíð og aðveitustöð fyrir Rarik á Sauðárkróki.

Í dag er verið að byggja nokkur einbýlishús, auk hesthúss og reiðhalla. Hafnar eru framkvæmdir á íbúðar- og iðnaðarhúsnæði sem verið er að breyta í stakar íbúðir. Eins eru að hefjast framkvæmdir við byggingu parhúss á vegu fyrirtækisins.

### Afkoma og framtíðarsýn

Vöxtur fyrirtækisins hefur verið góður hin síðari ár. Rekstrartekjur félagsins hækkuðu um 22% milli 2019 og 2020. Framtíð fyrirtækisins er björt og útlit fyrir næg verkefni ef tekst að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum.



Bygging á spennustöð fyrir Landsnet í Varmahlíð 2020.





Rarik aðveitustöð, reist 2020.



Aðgengi bætt við Safnahús Sauðárkróks 2015.



Rarik aðveitustöð, grunnur 2019.





Starfsmaður að störfum á útlager Kvarna ehf. veturinn 2020 að Álfbelli 9-11.

## Kvarnir



Myndin er tekin í tilefni af fyrstu skóflustungu að Álfbelli 9. Steingrímur Örn Ingólfsson, Ingólfur Örn Steingrímsson og Dórothea H. Grétarsdóttir.

Kvarnir ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var af Ingólfi Erni Steingrímssyni árið 1998. Ingólfur hóf sinn starfsferil á unglingsárum hjá Pöllum hf. áður en hann hóf sjálfstæðan rekstur árið 1995 undir nafninu Byggingaefnismiðlunin (BEM). Ingólfur hafði snemma myndað víðtæk tengsl við aðila innan byggingaiðnaðarins og hefur í dag öðlast hátt í 40 ára reynslu af þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga í þeim iðnaði. Í byrjun snerist starfsemin um að hafa milligöngu um kaup og sölu á notuðum byggingavörum á milli byggingaverktaka og var BEM einn af frumkvöðlunum sem bauð upp á slíka þjónustu. BEM hóf fljótlega smávægilegan innflutning og til að byrja með dugði lítið þvottahús heimilisins undir lagerinn og borðstofan sem skrifstofa. Árið 1997 höfðu umsvifin aukist og því var ákveðið að koma rekstrinum í einkahlutafélag. Á þeim tíma hafði félagið nýlega hafið innflutning meðal annars á sorpkvörnum og þannig kom hugmyndin að nafninu Kvarnir ehf.

### Starfsemin

Smátt og smátt jókst innflutningurinn og vöruúrvalið og þróaðist starfsemi fyrirtækisins meira yfir í sölu og leigu á grófari byggingavörum svo sem steypumótum, vinnupöllum, byggingakrönum og ýmsum vélum og tækjum. Aukin starfsemi kallaði á sífellt stærra húsnæði og lagersvæði. Fyrirtækið var með starfsemina á nokkrum stöðum á árunum 1995 til 2003 þegar fest voru kaup á 1.650 fermetra húsnæði með þokkalegu útisvæði að Tunguhálsi 15 í Reykjavík. Við þau kaup batnaði vinnuaðstaðan til muna þar sem skrifstofur, lager og mótuneyti voru sameinuð undir einu þaki. Árið 2005 keypti Kvarnir ehf. framleiðsluna á hinum vel þekktu Brimrásar vörum. Ingólfur hafði verið viðloðandi starfsemi Brimrásar hf. nánast frá upphafi, með nokkurra ára hléi eftir að hann hóf eigin rekstur. Vegna eðlis okkar starfsemi hefur vor- og sumartími alla jafna verið mesti annatíminn í rekstrinum. Við höfum ávallt lagt okkur fram um að veita persónulega, góða og skjóta þjónustu. Meðal annars höfum reynt að nýta okkur tækninýjungar hvað varðar teikningar og útfærslu í tilboðsgerðum og þjónustu.

### Starfsmenn og aðsetur

Efnahagshrunið árið 2008 hafði alvarleg áhrif á byggingaiðnaðinn, rétt eins og flest allar atvinnugreinar í landinu. Kvarnir ehf. fór ekki varhluta af því og starfsemin dróst mikið saman. Þegar mest var voru 17 starfsmenn að störfum hjá fyrirtækinu. Útlagerinn var orðinn mjög stór og erfitt var að finna heppilegt svæði undir hann innan borgarmarkanna. Árið 2012 var starfsemin flutt í leiguhúsnæði við Akralind 8 í Kópavogi og fest voru kaup á 4.000 fermetra lóð fyrir útlagerinn að Álfbelli 9 og síðar lóðinni að Álfbelli 11 í Hafnarfirði. Starfsemin var öll aftur sameinuð við Álfbelli þann 4. ágúst 2015 þegar skrifstofur, smávörulager og málmsemiðja voru flutt úr Kópavoginum yfir í leiguhúsnæði að Álfbelli 6. Fyrr um sumarið var fyrsta skóflustunga tekin að byggingu nýs húsnæðis að Álfbelli 9. Á þeim tímamarki





Systkinin Theódór Örn Ingólfsson, Sigrún Arna Ingólfsdóttir og Steingrímur Örn Ingólfsson sem stýra daglegum rekstri fyrirtækisins í dag.

fluttu Ingólfur og eiginkona hans Dórothea, ásamt tveimur yngri börnum þeirra, til Bandaríkjanna. Tók þá eldri sonur þeirra Steingrímur Örn Ingólfsson við daglegum rekstri fyrirtækisins, en hann hefur verið við hlið foreldra sinna í starfseminni til margra ára og sinnt nánast öllum störfum innan félagsins.

Kvarnir ehf. hefur verslað með nokkrar tegundir steypumóta, en einna helst mótin Preform. Eftir rúmlega áratuga reynslu af þeim keypti Kvarnir ehf. árið 2017 framleiðsluréttinn að þeim og allan lager af fyrri framleiðanda. Ári síðar var hið sama gert varðandi framleiðslu á léttari tegundinni sem heitir Light Preform. Kvarnir ehf. hefur nú einkarétt á allri framleiðslu á þeirri vöruhönnun.

Flutt var í nýja húsnæðið við Álfhelli 9 um mitt ár 2018 og er nú öll starfsemin þar og við Álfhelli 11. Kvarnir ehf. er frumkvöðull í útleigu á byggingakrönum og er á meðal stærstu steypumótaleigufyrirtækja á landinu. Systurfyrirtæki þess, Pallar ehf. er í fremstu röð vinnupallafyrirtækja landsins.

Kvarnir ehf. hefur nú verið rekið í yfir 24 ár af þeim hjónum, Ingólfi og Dórotheu H. Grétarsdóttur, en einnig eiga þau fyrirtækin Pallar ehf. og Brimrás ehf. Yngri börn hjónanna, þau Sigrún Arna og Theódór Örn, hafa nokkur síðustu ár starfað hjá fyrirtækinu á sumrin meðfram skólagöngu, en árið 2020 komu þau til starfa í fullu starfi. Sigrún Arna við þjónustu- og skrifstofustörf og Theódór Örn við lagerstörf og þjónustu.

### Framtíðin

Byggingaiðnaðurinn hefur tekið við sér á undanförunum árum og starfsemin blómstrað á ný. Það herrans ár 2020 fór vel af stað og væntingar voru nokkuð miklar um fjörugetu atvinnulíf. Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði nokkur áhrif á reksturinn og kallaði á hagræðingu og örlítið breyttar áherslur.

Ákvörðun var tekin um að láta gamlan draum rætast og fjárfesta í öflugum tækjabúnaði til notkunar við þríf á leiguvARNINGI. Verið er að leggja lokahönd á að útbúa aðstöðuna og reiknað með að taka hana í notkun á vordögum 2021. Þegar þvottastöðin verður komin í gagnið mun verða bylting í vinnubrögðum og afköstum við þríf og viðhald.

Vonir standa til að nýta þvottastöðina ekki einungis fyrir okkar varning, heldur að geta einnig boðið upp á að þjónusta viðskiptavinum okkar við þríf á þeirra varningi, svo sem steypumótum og vinnupöllum. Að auki hefur mikil vinna farið í að hanna og teikna nýtt og hentugt iðnaðarhúsnæði að Álfhelli 11 og er stefnt á að taka fyrstu skóflustunguna sumarið 2021. Fjölskyldan stendur saman um rekstur fyrirtækjanna og hefur sterka sýn á framtíð þeirra og mun takast á við hana af öllum krafti.

ÞRIÐJUDAGUR 16. APRÍL 1996

**DV**



**Til bygginga**

**B.E.M., byggingarefnismiðlunin** óskar eftir: efni/tækjum í umboðssölu, doka-plötum, timbri 1x6 og 2x4, zetum, vinnupallaefti, loftastodum, 20 feta gámum eða geymsluskúrum, vinnuskúr, kerrum, háþrýstidælum, öllum stærðum. Erum með flestallt til bygginga. Skráið efnið/tækjð í umboðssölu eða leigu. Uppl. í síma 896 6551 eða á kvöldin í síma 586 1268. Ingólfur.

Auglýsing sem birtist í DV, þriðjudaginn 16. apríl 1996.



Endurbætur á alrími.



Endurbætur í þvottahúsi.

## L-7 verktakar



Endurbætur í sumarhúsi.

Í júní árið 2014 stofnuðu hjónin Brynjar Harðarson og Rut Hilmarsdóttir fyrirtækið L-7 ehf. Tilgangurinn var tvíþættur. Annars vegar verslun og hins vegar uppsetning innréttinga en ýmis konar allhiða bygginga- og verktakastarfsemi bættist síðan við. Í stjórn sitja þau hjón, Rut og Brynjar og hafa gert frá upphafi. Brynjar Harðarson er byggingameistari og Rut Hilmarsdóttir er verslunarstjóri.

### Sagan

Upphaflega notuðu þau bílskúr við heimili þeirra að Lækjargötu 7 sem verkstæði. Þaðan er nafn fyrirtækisins komið. Í fyrstu var Brynjar eini starfsmaður verktakahlutans en verkefnið jukust ört og það kallaði á fleira starfsfólk. Fljótlega varð bílskúrin alltof lítil og árið 2016 keypti L-7 stærra húsnæði og flutti þangað. Það var í gömlu húsi sem upphaflega var byggt 1976 sem trésmiðaverkstæði, en hafði hýst margskonar starfsemi í mörg ár, t.d. fiskvinnslu og var mjög farið að láta á sjá. Áfram uxu verkefni og starfsmönnum fjölgaði sem kallaði enn og aftur eftir stærra og betra húsnæði en starfsmenn eru núna 16 að Brynjari meðtöldum, trésmiðir, pípari, múrari, lærlingar og fjármálastjóri.

Í nóvember 2021 fluttist starfsemi í stærra og betra húsnæði að Vesturtanga 1-5 sem er vel útbúið með skrifstofum, góðu kaffirými og aðstöðu fyrir smiðaverkstæði, pípara og múrara. L-7 verktakar er allhiða byggingaverktakafyrirtæki sem þjónustar bæði, fyrirtæki og einstaklinga í stærri sem og smærri verkefnum. En meðal annars má nefna nokkur stór verkefni sem að L-7 hefur tekið að sér eru breytingar á sjúkrahúsinu á Siglufirði, breytingar á Ráðhúsinu á Siglufirði, uppbygging hótels, utanhússklæðningar og allhiða endurbætur innanhúss.



Þakskipti á Tónskóla.

### Framtíðarsýn

Undanfarin ár hefur verið mikil uppbygging á Siglufirði og góð atvinna. Þótt ekki hafi verið mikið um nýbyggingar hafa mörg gömul hús verið gerð upp og almennt vel hugsað um viðhald þeirra. Covid-19 faraldurinn hefur haft áhrif hér sem annarsstaðar og hægt á framkvæmdum, en fólk er bjartsýnt og treystir á betri tíð.

### Aðsetur

L-7 verktakar eru til húsa að Vesturtanga 1-5, Siglufirði.



Aðsetur L-7 verktaka.





*Endurbætur á eldhúsi.*



*Endurbætur á baðherbergi.*



*Utanhússklæðning á Ráðhúsinu á Siglufirði.*





## Lagnaafli

Það voru hjónin Hjörleifur Björnsson og Sara Katrín Stefánsdóttir sem stofnuðu Lagnaafli ehf. árið 2008. Fyrirtækið hóf þó ekki rekstur að marki fyrr en 2010. Þau eru núverandi eigendur Lagnaafli ehf.

### Starfsemin

Starfsemin felst í pípulögnum – bæði nýlögnum og viðhaldi. Lagnaafli ehf. hefur fengið mikið við vinnu í skipum. Á meðal stórra verka á því sviði má nefna nýlagnir fyrir Skinneyþinganes í skip þeirra, Steinunni og Þinganes. Einnig sá Lagnaafli ehf. um nýlagnir í skipin Vörð og Áskel fyrir útgerðarfélagið Gjögur.

### Starfsfólk

Upphafi var Hjörleifur eini starfsmaður fyrirtækisins en á síðasta áratug hefur starfsmannafjöldinn vaxið jafnt og þétt og hæst komist í 15 manns tímabundið en nú eru starfsmenn alls sjö talsins, þar af einn verktaki.

### Aðild

Lagnaafli ehf. er aðili að Félagi pípulagningameistara en þar var Hjörleifur varaformaður um tveggja ára skeið.

### COVID-19

Í COVID-faraldrinum var öllum reglum Almannaþingarinnar um sóttvarnir fylgt vandlega til að forðast innbyrðis smit. Tókst það án áfalla.

### Gott orðspor

Lagnaafli ehf. nýtur góðs orðspors og umsagna. Ekki hefur verið ástæða til að auglýsa starfseminna sérstaklega þar eð alltaf eru verkefni fyrir hendi eða í auglýsingu.

### Samfélagsmál

Lagnaafli ehf. sýnir samfélagslega ábyrgð með því að styðja við góð málefni. Körfuknattleiksdeild Tindastóls á Sauðárkróki hefur verið styrkt sérstaklega og verður það að teljast skiljanlegt í ljósi þess að Hjörleifur er Skagfirðingur að uppruna.

*Römm er sú taug er rekka dregur föðurtúna til.*



Hjörleifur Björnsson og Sara Katrín Stefánsdóttir, eigendur.











Vinnuaðstæður eru misjafnar. Hannes Skirnisson starfsmaður.




Vaðlaheiðargöng.

## Lagnalind



Björn Grönvaldt Júlíusson, eigandi.  
Það er ýmislegt á sig lagt...



Vaðlaheiðargöng. Helgi Guðbergsson, starfsmaður.

Árið 2005 stofnaði Björn Grönvaldt Júlíusson pípulagningameistari, fyrirtækið Lagnalind ehf. Urðu starfsmenn þá fjórir en þegar mest var voru þeir sjö (á árunum 2014-2019). Í dag vinna sex faglærðir starfsmenn hjá fyrirtækinu en í enda árs verða þeir aftur sjö. Starfsstöð Lagnalindar er í Njarðarnesi 4 í dag en var í upphafi til húsa að Tryggvabraut 22 til ársins 2018.

### Um Lagnalind ehf.

Lagnalind hefur tekið að sér lærlinga og skilað af sér fulllærðum út í samfélagið og er ánægjulegt að ungt fólk er að sækjast meira og meira í þessa iðn.

Starfsemi Lagnalindar felst í því að veita alhliða pípulagningaþjónustu, hvort sem um er að ræða nýlagnir, viðhald, viðgerðir eða breytingar í nýlegu sem og eldra húsnæði. Lagnalind hefur komið víða við og má þar nefna vinnu við lagnir í Jarðböðunum í Mývatnssveit, Bjórböðunum á Árskógssandi og Sjóböðunum á Húsavík.

Einnig hefur Lagnalind komið að vinnu í Vaðlaheiðargöngum þar sem vinnuaðstæður voru óvenjulegar og lagnavinna erfið. Sjóða þurfti saman átta km af lögnum og vegna vatnsmagns í göngunum var notaður bátur og prammi til að koma lögnum á sinn stað.

### Framundan hjá okkur

Næg verkefni hafa verið í gegnum tíðina og er verkefnastaðan góð. Í dag er unnið í nýbyggingum í Hagahverfi og vinna fyrir Landsnet þar sem sjóða þarf saman ídráttarrör fyrir nýja línu frá Þeistareykjum.



Skólphreinsistöð, Fosshótel Mývatn.



Skólphreinsistöð, Fosshótel Mývatn.



Gólfhiti í sumarústað.





*Sníjóræðsla við Kröfluvirkjun.*



Frá afhendingu nýs Catepillar vegheflis Loftorku. Ari og Andrés Sigurðssonir eru annar og fjórði frá vinstri.

## Loftorka Reykjavík



Mágarnir Sigurður Sigurðsson og Konráð Andr sson tveir stofnenda Loftorku  samt S vari J nssyni sem lengi var framkv mdastjóri Loftorku Reykjav k   30  ra afm li fyrirt kisins.



Starfsf lk Loftorku heldur upp   55  ra afm li Loftorku 10. mars 2017.



Fr  opnun m sl gra gatnam ta   m tum Reykjanesbrautar og Kr ysuv kurvegur   desember 2017. S unn Andr sd ttir, einn stofnanda Loftorku, Magn s Steingr msson verkstj ri, Ari Sigur sson forstj ri og Andr s Sigur sson framkv mdastj ri.

Verktakafyrirt ki  Loftorka Reykjav k ehf. byggir   traustri reynslu og þekkingu   flestum ger um jar vinnuverkefna og malbikunar. Fyrirt ki  hefur einnig komi    ymiss konar   rum tilfallandi e a t mabundnum verkefnum.

### Eitt elsta verktakafyrirt ki landsins

Loftorka Reykjav k ehf. er eitt elsta verktakafyrirt ki   landinu, stofna   ri  1962. Stofnendurnir voru tvenn hj n sem tengdust fj lskyldub ndum, Sigur ur Sigur sson, S unn Andr sd ttir, Konr   Andr sson og Margr t Bj rnsd ttir. Loftorka var   upphafi v laleiga sem  tti loftpressur og haf i einn mann   vinnu. Flj tlega t ku vi  st rri verkefni eins og lagning hitaveitu   n  hverfi   h fu borgarsv  inu. S  an hafa f  hverfi veri  bygg  upp   h fu borgarsv  inu  n þess   Loftorka Reykjav k hafi teki  þ tt   því me  einhverjum h tti. Mikil reynsla af margv slegum framkv mdum og  kve inn st  ugleiki sem reynslan skapar er  n efa ein helsta  st  a fyrir langl fi Loftorku Reykjav k ehf. Fyrirt ki  hefur  tt því l ni   fagna   starfsmenn fyrirt kisins hafa upp til h pa starfa  þar lengi og byggt upp einstaka verkþekkingu.

### Sagan

Upphaflega fyrirt kinu, Loftorku, var skipt upp   Loftorku Reykjav k og Loftorku Borgarnesi  ri  1985 eftir   starfsemin haf i um langt skei  dafna  vel   b  um st  um. Þ  þegar h f u fyrirt kin byggt upp  kve na verkaskiptingu. Samstarf þessara fyrirt kja var  fram miki  og fars elt. Reykjav kurhluti fyrirt kisins var   eigu Sigur ar og S unnar. Eftir fr fall Sigur ar snemma  rs 2003 t k S unn vi  stj rnarformennsku og sinnti því hlutverki til  rsins 2016.    rsbyrjun 2017 var  s  breyting     br  urnir Ari Sigur sson og Andr s Sigur sson og eiginkonur þeirra, Anna  lafsd ttir Bj rnsson og Hj rdis J na G slad ttir, keyptu Loftorku Reykjav k ehf. af m  ur þeirra br  ra, S unni Andr sd ttur. Ari og Andr s hafa unni  n r allan sinn starfsaldur hj  Loftorku og gengt þar ymsum hlutverkum og voru gerkunnugir starfseminni.  kve i  var   reka Loftorku    breyttri mynd og hefur þ  veri  gert. Andr s er n  framkv mdarstj ri Loftorku og Ari forstj ri fyrirt kisins og stj rnarforma ur.

### St rverkefni og frampr un

Loftorka Reykjav k ehf. s rh fir sig   jar vinnuverkefnum, gatnager  og malbikun. Malbikun hefur veri  st r og vaxandi þ ttur   rekstrinum fr  því   upphafi  ttunda  ratugsins. Vegager arverkefni hafa veri  unnin v  a um land og gr  alegar vegalengdir lag ar bundnu slitlagi. Fyrirt ki  hefur svo   samstarfi vi   nnur fyrirt ki byggt upp hafnir og virkjanir og m  þar nefna Hrauneyjafossvirkjun, Bl nduvirkjun, Sundah fn og Helg v kurh fn. St r verkefni   vegager  hafa veri   berandi   verkefnavali Loftorku   s  ustu  rum. Þar m  nefna n jan Arnarnesveg fr  Reykjanesbraut til F fuhvammsvegur, breikkun og endurb tur





Yfirlit yfir mislægu gatnamótin á mótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar sem tekin voru í notkun í desember 2017.



Frá opnun Arnarnesvegar, 2016.

Grindavíkurvegar og mislæg gatnamót á mótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar, sem byggð voru á undraskömmum tíma á árinu 2017 í samstarfi við Suðurverk. Þá hefur Loftorka séð um jarðvinnu, svo sem gatnagerð, lagnir og grafið fyrir húsgrunnum í nýjum hverfum á höfuðborgarsvæðinu á undanförmum árum, stundum í samvinnu við aðra verktaka. Má þar nefna fyrsta áfanga Urriðaholts í Garðabæ, nýbyggingahverfi við Efstaleiti í Reykjavík, Nónhæð í Kópavogi og í miðbæ Álftaness.

### Nýjungar

Loftorka hefur um margra ára skeið staðið fyrir þeirri nýbreytni að flytja inn malbikunarvélar frá NCC í Svíþjóð til notkunar við svokallað „repave“. Þessi aðferð byggist á því að malbikið er hitað með gasi, kantar skafnir niður í hjólför og nýtt malbik lagt yfir. Vélarnar hafa komið til landsins á sumrin og verið í notkun mislengi eftir því sem verkefni hafa boðið upp á. Aðferðin er jafngild venjulegri fræsingu og yfirlögn á malbiki.

### Mannauður og mikil reynsla á útboðsmarkaði

Starfsmenn Loftorku eru að jafnaði 50-60 auk sumarstarfsfólks eftir þörfum. Starfsmönnum hefur boðist ýmiss konar símenntun í formi námskeiða. Þar er lögð áhersla á hagnýta fræðslu en ekki síður að gæta öryggis starfsmanna í hvívetna.

Fyrirtækið hefur byggt upp öflugan tækjakost og hefur endurnýjað hann markvisst á síðustu árum. Loftorka Reykjavík ehf. er í eigin húsnæði við Miðhraun 10 í Garðabæ og þar er skrifstofa, tæknideild, verkstæði og vélamiðstöð.

### Verkefni

Loftorka Reykjavík ehf. er að mörgu leyti af heppilegri stærð fyrir þá starfsemi sem fyrirtækið hefur byggt upp og miðað við þau verkefni sem aðallega hefur verið sóst eftir undanfarin ár. Verkefni hafa jafnan skipt miklu máli um þróun fyrirtækisins. Hagur þess byggir á því að vandað sé vel til undirbúnings og gerðar tilboða á þeim útboðsmarkaði sem Loftorka vinnur á. Nær öll stærstu verkefni fyrirtækisins eru útboðsverk. Loftorka leitast jafnan við að nýta sem best tækjakost fyrirtækisins, mannauð og fyrri reynslu af sambærilegum verkefnum en vera jafnframt opið fyrir þátttöku í nýjum verkefnum sem geta krafist nýrrar nálgunar og aukinnar þekkingar.



Sæunn Andrésdóttir stjórnarformaður Loftorku Reykjavík ehf. flytur ræðu á verkstæði Loftorku í tilefni af 50 ára afmæli fyrirtækisins 2012.



Loftorka við malbikun.









Gæðaeftirlit við malbikun.



Malbikstöð Fagverks á Esjumelum.

## Malbikstöðin

Fagverk verktakar var stofnað árið 2004 af Vilhjálmi Þór Matthíassyni. Tilgangur fyrirtækisins fyrstu árin var þjónusta við byggingaraðila hvað varðar jarðvinnu og voru starfsmenn þess fimm talsins. Árið 2009 bættist malbikun við starfsemina, sem hefur verið aðalstarfsemi fyrirtækisins allar götur síðan. Fyrirtækið hefur frá upphafi verið staðsett í Flugumýri 26 í Mosfellsbæ og er þar í dag í eigin húsnæði. Starfsmannafjöldinn hefur vaxið jafnt og þétt með stækkun fyrirtækisins og eru 30 starfsmenn í dag sem fjölga í 40 yfir háannatíma malbikunar. Helstu stjórnendur fyrirtækisins eru Vilhjálmur Þór, eigandi, Jón Grétar Heiðarsson, Matthías Matthíasson og Vilmundur Geir Guðmundsson, verkstjórar og Lilja Samúelsdóttir, fjármálastjóri.

### Starfsemin

Fagverk framleiðir jafnframt eigið malbik undir merkjum Malbikstöðvarinnar, sem er dótturfélag Fagverks. Framleiðslan fer fram í nýrri stöð að Koparsléttu 6 - 8 í Reykjavík, stutt frá höfuðstöðvum fyrirtækisins, sem var tekin í notkun árið 2020. Malbikstöðin er leiðandi í umhverfsvænni framleiðslu malbiks á Íslandi, sem m.a. kemur fram í minni kolefnislosun með því að nýta metan við vinnsluna og endurvinnslu malbiks.

Gæði og öryggi á öllum sviðum er fyrirtækinu mjög mikilvæg og leggur fyrirtækið mikinn metnað í öruggt starfsumhverfi, starfsfólki og viðskiptavinum til heilla. Fyrirtækið rekur eigið verkstæði, undir forystu Arnars Hrafnssonar, sem tryggir að allur aðbúnaður og tæki séu eins og best verður á kosið. Samhliða stækkun á fyrirtækinu hefur tækja- og bílakostur vaxið sem telur nú vel yfir 100 vélar.

### Markmið

Fagverk verktakar og Malbikstöðin leggja mikið uppúr því að gefa til baka til samfélagsins og t.a.m. er nafn knattspyrnuvallar Aftureldingar árið 2020 Fagverksvöllurinn. Fyrirtækið er félagi í ýmsum samtökum, s.s. Samtökum iðnaðarins og Félagi vinnuvélaeigenda. Þrátt fyrir að COVID-19 hafi valdið frestun verkefna og uppskiptingu á mannskap fyrirtækisins er árið 2020 mesta framfaraár í sögu fyrirtækisins sem styður markmið fyrirtækisins um aukna markaðshlutdeild.

Árin 2016-2019 hefur Fagverk verktakar skipað sér á lista CreditInfo yfir framúrskarandi fyrirtæki. Árið 2021 breyttist nafn Fagverks í Malbikstöðina. [www.malbikstodin.is](http://www.malbikstodin.is).



Eigandi Fagverks og Malbikstöðvarinnar, Vilhjálmur Þór Matthíasson.



Stjórnendur Fagverks og Malbikstöðvarinnar: Frá vinstri: Arnar, Vilmundur Geir, Baldur Þór, Jón Grétar, Inga María, Matthías, Vilhjálmur Þór, Kristján og Sveinn Andri.



Undirbúningur fyrir malbikun.



Horft yfir plan Malbikunarstöðvar Austurlands á framkvæmdatíma.

## Malbikunarstöð Austurlands

Malbikunarstöð Austurlands er staðsett á Reyðarfirði og var stofnuð árið 2019 af Guðmundi Pálssyni sem jafnframt á og rekur East coast rental ehf. samhliða.

Að jafnaði starfa 15-20 manns hjá fyrirtækjunum og fer það eftir eðli verkefnanna fyrir hvort þessara fyrirtækja þeir vinna. Það liggur því í hlutarins eðli að þegar um malbikunarframkvæmdir er að ræða þá eru þær á vegum Malbikunarstöðvarinnar en þegar önnur verkefni kalla þá kemur til kasta ECR. Það má segja að þessi tvö fyrirtæki falli undir þann hatt að vera dæmigerð verktakafyrirtæki sem taka að sér að þjónusta ýmsa aðila á svæðinu. Stórir verkkaupendur eru t.a.m. álverið í Reyðarfirði, laxeldisfyrirtæki á Austfjörðum og sveitarfélög sem þurfa á verkþjónustu að halda.

### Starfsemin

Guðmundur Pálsson er vel þekktur athafnamaður fyrir austan og hefur staðið í rekstri frá árinu 1981. Árið 1996 stofnar hann Áhaldaleigu Austurlands en síðar meir eða árið 2012 stofnaði hann East coast rental og svo síðast Malbikunarstöðina. Fyrirtækin búa yfir miklum og góðum tækja- og vélakosti og geta þar af leiðandi veitt fyrirtækjum á svæðinu fjölbreytta þjónustu eins og þríf og viðhald í álverinu, malbikun, snjósmokstur, grasslátt, auk ýmissa smærri og stærra verkefna sem til falla eða eru boðin út. Guðmundur er einkum þekktur fyrir greiðvikni og gengur langt í þeirri viðleitni sinni að leysa vandasöm verkefni af hendi þegar á þarf að halda og er alla jafnan fljótur að bregðast við ef til hans er leitað. Það starfa þrjár konur í fyrirtækinu sem verður öðrum þræði að teljast karlavinnustaður, en flest þeirra verkefna sem um ræðir gera kröfu um vasklegt líkamlegt atgervi þeirra sem starfa að þeim. Að sögn eru næg verkefni fyrir austan og sjaldan dauð stund. Það þarf ekki einungis að sinna þjónustunni heldur er líka nóg að gera í því að viðhalda tækjabúnaði og húsnæði. Það koma þeir tímar þegar mikið er um að vera eins og alþekkt er á Íslandi og langar erilsamar vinnutarnir er eitthvað sem flestir kannast við. Fyrirtæki Guðmundar eru þannig í stakk búin að geta sinnt flestum verkum enda fjölbreytnin mikil. Sjálfur kýs hann að ganga í verkin með mannskapnum fremur en að sitja inni á kontór enda sannur framkvæmdamaður með gott orðspor. Góður andi ríkir innan starfsmannahópsins og flestum þykir gaman í vinnunni; einkum og sér í lagi þegar mikið er að gera. Þá leggjast allir á eitt um að finna lausnir og ganga í verkin.

### Framtíðarsýn

Hvað Malbikunarstöðina áhrærir þá er ljóst að alltaf verða einhvers staðar vegaspottar sem þarf að klæða eða bæta og sú athafnasemi sem hefur einkennt atvinnulífið á landsbyggðinni mun seint leggjast af. Athafnaskáld og framkvæmdamenn eins og Guðmundur munu ávallt skapa sér og öðrum verkefni á öllum tímum.





Vinnuvélar klárar til flutnings

Gummi að segja til, hér er verið að skipa upp þurrkara fyrir  
Loðnuvinnsluna.







Malbikað í Vatnagörðum Reykjavíkur.

## Malbikunarstöðin Höfði



Frá vinstri:  
Halldór Torfason, framkvæmdastjóri 2009-2020.  
Ásberg K. Ingólfsson, framkvæmdastjóri frá 1. apríl 2020.



Árið 1996 sameinuðust tvö gamalgróin borgarfyrtæki, Malbikunarstöðin og Grjótnám Reykjavíkur og úr varð nýtt hlutafélag, Malbikunarstöðin Höfði hf. sem frá upphafi hefur verið í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. Starfsemi fyrirtækisins er margþætt og skiptist í fimm deildir með afmörkuð verksvið sem ýmist snúast um hráefnis- eða malbiksframleiðslu, útlögn malbiks, vetrarþjónustu, rannsóknir og þróun ásamt sölu- og markaðsmálum.

### Hráefnadeild

Hráefnadeild annast vinnslu á steinefnum til malbiksframleiðslu. Í þessu skyni var hráefna aflað með grjótnámi í Seljadal í landi Mosfellsbæjar en Höfði var með samning um afnot af landinu til 2015. Frá árinu 2016 hafa hráefni fengist úr hnullungagrjóti frá Björgun hf. og fleiri námum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Einnig hefur verið flutt inn talsvert af steinefnum í tilbúnum kornastærðum og koma þau að mestu frá Noregi. Óunnin steinefni eru mulin í grjótmulningsstöð þar sem brjótar og hörpur mala og sigta steinefni í mismunandi kornastærðir og áferðir. Uppruni efnis og þær stærðir sem verið að framleiða ráða því hvaða leið hráefnið fer í sjálfri framleiðslulínunni. Samstæðan samanstendur í heild sinni af matara, kjálkabrjóti, 2 keilubrjótum, hverfibrjóti og 7 sigtum í 4 sigtakössum ásamt fjölda færíbanda. Afköstin sveiflast eftir því hvaða steinefni er verið að mylja, uppruna og gerð en að jafnaði annar grjótmulningsstöðin þörf félagsins fyrir innlend hráefni á hverjum tíma.

### Framleiðsludeild

Eins og nafnið ber með sér er sjálf malbiksframleiðslan í höndum Framleiðsludeildar. Þar er steinefnum í hlutföllunum 93-95% og jarðbiki í hlutföllunum 5-7% blandað saman og hitað við 155-160 °C. Á hverju ári framleiðir Malbikunarstöðin Höfði um 30 gerðir af malbiki, en eiginleikar þess geta verið breytilegir eftir samsetningu hráefna, t.d. varðandi slitstyrk og áferð. Fyrirtækið rekur tvær malbikunarstöðvar. Sú eldri er dönsk ViaNova stöð frá árinu 1972 og getur afkastað um 170 tonnum á góðum degi. Árið 2006 var síðan gangsett þýsk Benninghoven stöð sem er færanleg og afkastar um 160 tonnum á tímann. Báðar stöðvarnar eru útbúnar með nýmóðins mengunarvarnabúnaði og báðar eru þær tæknilega mjög fullkomnar með tölvustýrðum framleiðslurásum. Þess ber að geta að í hefðbundnu árferði fer um 40 % framleiðslunnar í útlagnir á vegum Malbikunarstöðvarinnar Höfða, en annað er selt út úr stöðinni til annarra fyrirtækja.

### Framkvæmdadeild

Útlagnir malbiks er einn stærsti og veigamesti þátturinn í starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Öll slík verkefni falla undir verksvið framkvæmdadeildar sem er vel tækjum búin til stórra og smárra verka. Tækjafloki deildarinnar telur fimm malbikunarvélar, 10 vörubíla, 7 valtara, einn límbíl og hjólaskóflur auk fjölda smærri tækja, véla og áhalda.



Malbikað í Reykjavík.



Starfsfólkið fagnar bleikum degi.





Vetrarþjónusta í Reykjavík.

Verkefni eru sótt til ríkis, sveitarfélaga á suðvesturhorni landsins og annarra verkkaupa allt austur til Víkur í Mýrdal í suðri og Hvammstanga í norðri. Framkvæmdadeildin sér einnig um hálkuvörn og snjómokstur umferðagatna í Reykjavík að vetrarlagi. Í þessu skyni er allur bílafloinn sérstaklega útbúinn með snjóplögum og snjótönnum ásamt öflugum fjarskipta- og staðsetningartækjum, sem skráir akstur og allar aðgerðir bíls og bílstjóra.

#### Rannsóknadeild

Malbikunarstöðin Höfði heldur úti sérstakri rannsóknastofu eða Rannsóknadeild sem stundar athuganir og sinnir gæðaeftirliti með öllum þeim steinefnum sem berast inn í framleiðslulínu stöðvarinnar og framleiðslu fyrirtækisins. Deildin er vel búin tækjum til nauðsynlegra malbiks- og steinefnarannsókna. Meðal helstu verkefna eru þolkannanir á nýjum malbiksgerðum áður en þær fara í framleiðslu og sölu. Algengar rannsóknir og athuganir geta, t.d. falist í skoðun asfaltspósentu, holrýmd malbiks og vatnspólsprófi. Starfsfólk Rannsóknadeildar veitir fúslega allar mögulegar upplýsingar um hvaðeina sem snýr að sjálfum rannsóknunum t.d. varðandi framkvæmd þeirra og aðstoð við að túlka niðurstöður. Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni [www.malbik.is](http://www.malbik.is)

#### Efnasamsetning malbiks

Hlutfall steinefna í malbiki er að jafnaði um 94% og það sem eftir stendur eru bindiefni ásamt loftfylltri holrýmd. Steinefnin eru úr muldu bergi, mól, sandi og fínefni í ákveðnum hlutföllum. Bindefnið er svonefnt jarðbik (asfalt) sem bæði finnst í náttúrunni, en er einnig eimað úr hráolíu. Sjálf malbikið verður síðan til með samblöndun og upphitun við 155-160 °C.

#### Starfsmenn og aðsetur

Hjá Malbikunarstöðinni Höfða eru innt af hendi, að jafnaði, um 38 ársverk og búa starfsmenn allir að mikilsverðri og uppsafnaðri þekkingu og reynslu á sínu sérsviði. Athafnasvæði fyrirtækisins í Reykjavík er um 7,5 ha og er staðsett við Sævarhöfða 6-10, við Elliðavog. Á næstu misserum er ákveðið að Malbikunarstöðin Höfði muni koma sér fyrir á nýjum stað, þar sem núverandi lóð er inn í miðju skipulagi væntanlegrar íbúðarbyggðar. Starfsmenn félagsins mynda saman starfsmannafélag sem stendur fyrir fjölmörgum viðburðum og skemmtunum, sem skapar skemmtilegan starfsanda og ánægju meðal starfsmanna.

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða: Pawel Bartoszek, formaður, Margrét S. Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir. Framkvæmdastjóri frá 2009 er Halldór Torfason, en frá 1. apríl 2020 Ásberg K. Ingólfsson.



Malbikað á Háaleitisbraut í Reykjavík.



Malbikað á fallegum sumardeg.



Starfsmenn um sumar.



Skáli við Esju.

## Mannverk



Eigendur spjalla.



Golfmót.



Starfsmannadagur.

Eftir áralöng störf í byggingageiranum sáu verkfræðingarnir Jónas Már Gunnarsson og Hjalti Gylfason tækifæri í miðri kreppu árið 2012 og stofnuðu verktaka- og þróunarfélagið Mannverk. Sérstaða félagsins var mörkuð í upphafi en Mannverk leggur áherslu á fallega hönnun á byggingum sínum með gæði og þarfir viðskiptavina að leiðarljósi. Hvort sem um er að ræða byggingastjórnun, þróunarverkefni eða almenna framkvæmdaráðgjöf leggur Mannverk metnað sinn í að veita viðskiptavinum persónulega þjónustu og samstarf á öllum stigum verkefna. Áhersla er lögð á trausta og faglega ráðgjöf við þróun verkefna, hönnun, stýriverktöku og framkvæmdir.

**Framsækni, fagmennska og traust eru gildi og leiðarljós fyrirtækisins.**

### Stjórnendur og mannauður

Forstjóri Mannverks er Jónas Már Gunnarsson, framkvæmdastjóri þróunar er Hjalti Gylfason. Framkvæmdastjóri fjármála er Sváfnir Gíslason. Skrifstofur Mannverks eru að Dugguvogi 2 í Reykjavík en fyrstu 6 árin voru skrifstofur staðsettar í Kópavogi. Starfsfólki Mannverks og undirverktökum hefur fjölgað ár frá ári frá stofnun félagsins. Í dag eru á þriðja tug starfsmanna auk fjölda undirverktaka. Starfsfólkið samastendur af reynslumiklum verkfræðingum og tæknimennuði starfsfólki með fjölþætta reynslu á sviði framkvæmda og verkfræði. Fyrirtækið starfar á öllum sviðum er snúa að byggingastarfsemi bæði í eigin verkefnum og tekur þátt í völdum útboðsverkefnum.

„Við hjá Mannverki trúum því að byggingar eigi að vera fallegar og sú hugsjón hefur fylgt okkur allt frá upphafi. Við stofnuðum fyrirtækið því okkur langaði að leggja meira upp úr hönnun en áður hafði verið gert og frá því höfum við ekki hnikað í öllum okkar verkefnum. „Mannverk er ungt og framsækni fyrirtæki. Við erum fagleg og viljum byggja upp traust gagnvart viðskiptavinum okkar. Hjá Mannverki starfar reynslumikið fólk með mikinn áhuga á sínu starfi, okkur þykir mikilvægt að starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum líði vel og það sé gagnkvæm virðing á milli fólki. Við erum ánægð og stolt af okkar samstarfsaðilum og viljum til framtíðar ná árangri í okkar fagi. Með ISO vottuðu gæðakerfi og mikilli öryggisvitund þá reynum við alltaf að gera betur, læra af reynslunni og ná forskoti á markaði. Við hlökkum til framtíðarinnar.“ segir Jónas Már Gunnarsson, verkfræðingur (M.Sc Eng) forstjóri og eigandi.

### Stefna

Það er markmið Mannverks að vörur og þjónusta fyrirtækisins uppfylli ávallt kröfur og væntingar viðskiptavina og starfsmanna um fagleg vinnubrögð. Mannverk stefnir enn fremur að því að vera leiðandi á þeim fjölmörgu sviðum sem fyrirtækið starfar á og hafa smekklega hönnun og persónulega þjónustu í heiðri á öllum stigum verkefna. Þessi markmið endurspeglast í gildum fyrirtækisins: **Framsækni, fagmennska og traust.**





Frá Granda.

Framhald á næstu opnu →

Stefna Mannverks er að: • Vera fyrsta val viðskiptavina þegar kemur að byggingu og þróun verkefna • Vera framsækið fyrirtæki og ábyrgur aðili í byggingarframkvæmdum • Öll verkefni séu unnin af fagmennsku og heiðarleika • Efla vitund um öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál í öllum verkefnum Mannverks • Skapa vinnuumhverfi sem er í senn skemmtilegt, faglegt og hvetjandi • Viðhafa menningu byggða á virðingu, metnaði og liðsheild.

#### ISO vottun og Svanurinn

Gæðamálin hafa ávalt verið í forgangi og er Mannverk stoltur handhafi ISO 9001:2015 vottunar sem fyrirtækið hlaut fyrir gæðastjórnunarkerfi sitt árið 2017. Með kerfinu er verið að tryggja gegnsætt verklag í framkvæmdum og faglega þjónustu. Heiðurinn á frábært starfsfólk Mannverks enda grundvallast gæðakerfið á þeirri þekkingu og reynslu sem býr innan fyrirtækisins og hjá starfsfólki þess.

#### Umhverfsvottun

Hjá stjórnendum Mannverks hefur verið mikill áhugi á því að gera mannvirkjagerð umhverfsvænni. Það var því mikill heiður þegar Umhverfisstofnun veitti Mannverki vottun norræna umhverfismerkisins Svansins fyrir byggingu vishússins að Brekkugötu 2 í Garðabæ. Um er að ræða fyrsta umhverfsvottaða húsið á Íslandi og sem leyfishafi á Svansvottuðu húsi er Mannverk stolt af því að hafa rutt brautina fyrir byggingu fleiri vistvænna húsa hér á landi.

#### Verkefni

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Mannverk komið að fjölda margvíslegra verkefna og er orðið eitt af umsvifameiri byggingafyrirtækjum landsins. Verkefni spanna allt frá íbúðarbyggingum til flóknari iðnaðarverkefna. Byggingarfélagið hefur á undanförunum árum byggt yfir 400 íbúðir kaupendur á almennum markaði, húsnæði fyrir félag eldri borgara og íbúðarhótel. Félagið hefur einnig byggt þúsundir fermetra af atvinnuhúsnæði og má það einkum nefna byggingu Verne Global gagnavers að Ásbrú í Reykjanesbæ undanfarin ár. Mannverk tók þátt í hönnunarferli ásamt því að hafa yfirumsjón með öllum framkvæmdum. Eins má nefna að Mannverk vann að stækkun við Carbon Recycling International (CRI) Mentanol verksmiðju við Svartsengi í Grindavík. Hótelbyggingar hafa verið þó nokkrar og má þar nefna Eyja Guldsmith, Miðgarður Centerhotels við Hlemm, Swanhouse íbúðarhótel og Exeterhótelíð við höfnina. Markmið félagsins er að byggja næstu árin hagkvæmar íbúðir, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.

Mannverk stendur fyrir nýrri nálgun í byggingu íbúðarhúsnæðis þar sem hagsmunir væntanlegra kaupenda eru hafðir að leiðarljósi allt frá fyrstu stigum. Í stað þess að einblína á að hámarka byggingarmagn vill fyrirtækið byggja húsnæði sem tekur mið af þörfum,



Séð til austurs.





Rætur, hótél Exterior.



Hótél Exeter.

kaupgetu og óskum viðskiptavina. Þannig er hægt að tryggja heildarlausnir fyrir hina fjölbreyttu hópa fólks sem leita til Mannverks.

### Ráðgjöf og þróun

Mannverk sérhæfir sig einnig í framkvæmdar- og hönnunarráðgjöf á flestum stigum framkvæmda, s.s. byggingastjórnun, stýriverktaka, hönnunarstjórnun og verkefnastjórnun. Mannverk vinnur stöðugt að þróun nýrra og spennandi verkefna og nýtur þess að vera framsækið fyrirtæki. Þróunarverkefni fela í sér ýmsa greiningarvinnu, skoða sviðsmyndir til framtíðar, greina markaðsaðstæður og gera áætlanir.

Grundvöllur Mannverks hvílir á góðu starfsfólki, gæfuríku samstarfi með traustum samstarfsaðilum og undirverktökum.



Hótél Exeter, veitingastaður.





*Pósthússtræti.*



*Laugavegur 145.*





Gammur SU 20.



Starfsmenn. Frá vinstri: Dip og Lars.

## Meta



Eiríkur Ólafsson, meðstjórnandi og skipstjóri á Gammur SU-20.



Starfsmenn við holræsisdælubílinn. Ólafur Niels og Elmar Jóel.



Hluti af bílaflofanum.

Meta ehf. var stofnað á Fáskrúðsfirði í júní 2006, eigandi Sævar Níelsson. Tilgangur var útgerð. Núverandi eigandi Ólafur Niels Eiríksson kaupir fyrirtækið 2008. Þar til 2013 er fyrirtækið eingöngu rekið sem útgerðarfyrirtæki, en þá hefst einnig rekstur pípulagna og skyldrar starfsemi. Árið 2018 er bætt við öðrum starfsmanni. Árið 2020 bætist við rekstur á holræsisbíl og þjónustu í kringum hann. Starfsmenn eru 8 í dag.

### Stjórnendur

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri er Ólafur Niels Eiríksson löggiltur pípulagna- og vélvirkjameistari, meðstjórnandi er Eiríkur Ólafsson vélfræðingur.

### Starfsemin

Starfssvæði fyrirtækisins má segja að sé frá Djúpavogi til Vopnafjarðar. Félagið hefur stóran lager af flestum viðkenndum tegundum af pípu- og frárennslislögnum ásamt hreinlætistækjum að Grímseyri 6 á Fáskrúðsfirði. Höfuðtilgangur félagsins er pípulagnir og þá bæði nýlagnir og viðgerðir. Árið 2020 keypti félagið holræsisdælubíl og allan búnað sem er nauðsynlegur í kringum þann rekstur og hefur sú þjónusta aukist ört. Einnig er gerður út strandveiðibáturinn Gammur SU 20.

### Tækjabúnaður

Félagið er með nýjan og góðan vélbúnað til flestra verka sem tilheyra pípulögnum, s.s. plastsuðuvélar upp í 500 mm. Fræsivél með ryksugubúnaði fyrir gólhitakerfi. Öll hefðbundin tæki og tól til pípulagna. Stóran og breiðan lager pípulagnefnis og frárennslislagna. Holræsisdælubíl með ýmsum búnaði til að leysa mismunandi verkefni, tæmingar, stíflulosanir o.fl. Myndavélar til notkunar í stórum sem og litlum lögnum. Félagið er vel búíð bílum og búnaði til að taka að sér verkefni sem víðast.

### Framtíðarsýn

Að gera betur í dag en í gær, stækka með markaðnum, taka nema í læri, hjálpa til við að lyfta pípariðinn til vegs og virðingar, með vönduðum og góðum vinnubrögðum og tileinka sér nýjungar. Kaupa annan fullkominn dælubíl.

### Aðsetur

Félagið festi kaup á húsnæði undir starfsemi sína að Grímseyri 6, Fáskrúðsfirði í lok desember 2020 og flutti alla starfsemina þangað í febrúar 2021.





Frá vinstri: Finnur R. Jóhannesson, Ármann Ketilsson og Jóhannes Gunnar Jóhannesson.



Heiðar Elíasson, pípulagningamaður að snitta vatnsrör.

## Miðstöð

Miðstöð ehf. var stofnuð árið 1982 af þeim Elíasi Óskarssyni, Baldri Helgasyni og Karli Haraldssyni. Þeir höfðu allir lært til pípulagna hjá föður Elíasar, sem hafði verið pípulagningamaður á Akureyri áratugum saman. Rekstur Miðstöðvar var, til að byrja með, að Óseyri en árið 1997 flutti fyrirtækið í glæsileg húsakynni að Draupnigötu 3g. Þaðan gerði fyrirtækið út til 2018, en þá flutti það í Hörgárbyggð og hóf sambúð með ÁK Smíði, sem hafði keypt fyrirtækið af stofnendum tveimur árum fyrr.

### Sagan

Miðstöð hefur í gegnum árin sinnt öllum mögulegum verkefnum og hefur safnast umtalsverð reynsla í sarpinn. Starfssvæðið er allt Norðurland, og kom jafnvel fyrir að verk væru unnin austur á fjörðum. Starfsmenn hafa alla tíð lagt sig fram um að ná sér í nýja þekkingu í pípulögnum og að eiga nýjustu verkfæri í faginu. Unnið hefur verið við neysluvatn, hitaveitulagnir, fráveitulagnir, gaslagnir fyrir heimili og veitingastaði, bæði nýlagnir og viðgerðir, flókin lagnakerfi í stórum verksmiðjum og allt niður í að laga sírennsli í klósettum bæjarbúa. Fyrirtækið hefur unnið fyrir einstaklinga, opinbera aðila, og fyrirtæki í einkageiranum. Einnig hafa starfsmenn þess sinnt kennslu í pípulögnum við Verkmennaskólann á Akureyri.

### Starfsemin

Hjá fyrirtækinu starfa nú ellefu pípulagningamenn og einn skrifstofumaður, samtals tólf manns. Starfsemin á árinu 2020 var ekki ólík því sem oft hefur verið; stærsta verkefnið á fyrri helmingi ársins var opnun H&M búðar á Glerártorgi, en á seinni hluta ársins endurbýgging Lundarskóla vegna rakaskemmda. Einnig féll til nokkuð af verkefnum í gegnum þjónustusamninga við Ríkiseignir og Akureyrarbæ. Covid 19 hafði vissulega áhrif á fyrirtækið og þurfti að grípa til ýmissa ráðstafana til að tryggja áframhaldandi rekstur og tókst það með mikilli vinnu og útsjónarsemi.

Miðstöð hefur alla tíð haft það að leiðarljósi að vöxtur væri langhlaup, og hefur því aldrei safnað skuldum eða lent í greiðsluvandræðum. Fyrirtækið hefur safnað fyrir því sem þarf að kaupa, hvort sem um verkfæri, bifreiðar eða aðra rekstrarliði er að ræða.

Fyrirtækið er að fullu í eigu ÁK Smíði, en eigendur þess eru Ármann Ketilsson húsasmíðameistari, Jóhannes Gunnar Jóhannesson rafvirkjameistari og Finnur R. Jóhannesson framkvæmdastjóri. Í stjórn félagsins sitja Ármann Ketilsson stjórnarformaður, Finnur R. Jóhannesson meðstjórnandi og Jóhannes Gunnar Jóhannesson meðstjórnandi. Við eigendaskiptin 2016 urðu litlar breytingar á rekstrinum, en áfram byggt á traustum grunni.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn fyrirtækisins er því einföld; að halda áfram að bjóða góða þjónustu og vöru, á sanngjörnu verði, á sama grundvelli og verið hefur.



Fyrirmyndin að merki Miðstöðvar.



Starfsmenn Miðstöðvarinnar 1982. Daði Garðarsson, Marinó, Sigursteinn og Halldór Sveinsson, tengdasonur Sigursteins og mágur Marinós. / Ljós. Sigurgeir Jónasson.

## Miðstöðin

- í meistarahöndum í yfir 70 ár



Sigursteinn við vinnu sína í Miðstöðinni. Ljós. Sigurgeir Jónasson.

Margt hefur breyst frá árinu 1950 og þó ekki ef marka má hausinn á reikningi frá Miðstöðinni í Vestmannaeyjum það ár. Þar stendur: Miðstöðvarofnar, útlendir, innlendir, vatnsleiðslur, hreinlætistæki, miðstöðvarkatlar, kola- og olíukyntir. Upphæðin hljóðar upp á 450 krónur og 24 aura. Miðstöðvarkatlar heyrja að vísu sögunni til og umsvifin hafa aukist en í grunninn eru viðfangsefnið ekki ólík. Ævintýrið byrjaði í bílskúr við Faxastíg árið 1940 en í dag er Miðstöðin í 800 fm húsi á tveimur hæðum á besta stað við Strandveginn. Starfsmenn eru 22, í lagnavinnu, á lager og verslun sem eru ásamt trausti sem fyrirtækið hefur byggt upp, lykll að vexti og velgengninni ásamt því að fylgst er vel með nýjungum í greininni. Miðstöðin er fjölskyldufyrirtæki og hefur sonur tekið við af föður. Sigurvin Marinó Jónsson, pípulagningameistari stofnaði fyrirtækið árið 1940 og rak í eigin nafni til 1950 þegar það fékk Miðstöðvarnafnið. Sonurinn Sigursteinn tók við af honum, þá Marinó, allir pípulagningameistarar. Fjórði ættliðurinn, Bjarni Ólafur Marinósson sneri heim eftir tíu ár í Danmörku árið 2012 og er í dag framkvæmdastjóri Miðstöðvarinnar. Hann er með viðtæka menntun sem gæti útvíkkað starfsemina.

### Aukin umsvif

Fyrstu árin var fyrirtækið til húsa að Faxastíg 25 þar sem var verkstæði fyrir pípulagnir og baðhús með fjórum sturtum. Aukin umsvif kölluðu á stærra húsnæði og árið 1959 flutti fyrirtækið yfir götuna að Faxastíg 26 í 100 fermetra nýtt húsnæði. Með auknu vöruúrvali hófst verslun með hreinlætistæki og flísar sem er önnur stoðin í rekstrinum sem enn stækkaði. Fríða, eiginkona Sigursteins, stóð vaktina í versluninni. Seinna meir tekur Marý Ólöf, eiginkona Marinós, við versluninni og bókhaldi. Tímamót urðu 20. maí 2005 þegar Miðstöðin flutti í núverandi húsnæði að Strandvegi 30. Húsið er um 800 fm á tveimur hæðum og er verslunin, andlit fyrirtækisins á 350 fm. Nú er verið að innrétta aðra hæðina þar sem eru lager og verkstæði, skrifstofur, fundarsalur og aðstaða fyrir starfsfólk. Umsvif Miðstöðvarinnar hafa aukist og er Miðstöðin með um 70% af öllum pípulögnum í Vestmannaeyjum auk þess að vera leiðandi í sölu á flísam og hreinlætistækjum. Hefur veltan verið svipuð síðustu ár og er nú heldur á uppleið. Miðstöðin er umboðsaðili á flísam fyrir Álfaborg hf. í Reykjavík og til marks um stöðuna á þeim markaði er að um þriðji hluti af allri sölu Álfaborgar á landsbyggðinni er í Vestmannaeyjum. Miðstöðin er líka með umboð fyrir Málningu hf. í Kópavogi, Tengi ehf. í Kópavogi, Byko og SET ehf. svo fátt eitt sé nefnt.

### Gott gengi í sjávarútvegi skilar sér

Feðgarnir Marinó og Bjarni Ólafur eru sammála um að gangurinn í sjávarútvegi ráði stöðu atvinnumála í Vestmannaeyjum, þar séu allir í sama skipsplássinu þó ekki róir allir til fiskjar. „Eftir erfiðleika í sjávarútvegi fram að hrúni 2008 urðu mikil umskipti í sjávarútvegi þegar gengi íslensku krónunnar varð hagstæðara útflutningsgreininum. Þess höfum við notið hér í Vestmannaeyjum og sér ekki fyrir endann á því,“ segir Marinó og bendir á milljarða fjárfestingu hjá Ísfélagi, Vinnslustöð (VSV) og Leo Seafood síðustu ár. Þar hefur Miðstöðin komið að verki



Miðstöðin er í glæsilegu húsi við Strandveg.





Marinó í lagnaskurði við Ísfélagið. Yfir tíu rör og meira en tíu km. c. Björn Brímar.



Björgvin og Marinó. / Ljós. Ómar Garðarsson.

og sem dæmi má nefna að einn starfsmaðurinn hefur verið fastur í VSV í átján ár. Fyrir utan hefðbundnar pípulagnir hafa þeir unnið að uppsetningu á tækjum og búnaði til vinnslu loðnuhrogna sem er dýrmæt afurð sem loðnan gefur. „Þetta þarf að tengja saman og svo hefur VSV byggt upp nýtt frystihús fyrir uppsjávarvinnsluna sem er mikil framkvæmd. Ísfélagið er að flytja hrognavinnsluna úr frystihúsinu í nýtt hús við loðnubræðslu félagsins. Það er mikil framkvæmd. Núna erum við að senda mannskap austur á Þórshöfn þar sem Ísfélagið er með fiskvinnslu og bræðslu. Þar setjum við upp sjálfvirkt slökkvikerfi í bræðsluna,“ segir Marinó.

### Eyjamenn gera miklar kröfur

Frá því Miðstöðin var stofnuð hefur bygging íbúðarhúsnæðis gengið í bylgjum í Eyjum. Mikið var byggt á árunum eftir gos en svo kom lægð fram til 2010 að rofaði til og aldrei hefur verið byggt meira en síðustu ár. „Allt helst þetta í hendur við sjávarútveginn, þegar vel gengur á sjónum er meira að gera hjá okkur, öðrum iðnaðarmönnum og almennt hjá fyrirtækjum í þjónustu. Eyjamenn gera kröfur sem sést á því að þeir vilja bara það besta. Það sjáum við þegar sala á flísum er borin saman við aðra staði á landinu,“ sagði Marinó. Bjarni Ólafur tók undir þetta og sagði: „að Miðstöðin hefði náð því að vera önnur eða þriðja söluhæsta fyrirtækið hjá Álfaborg. Við á lítilli eyju. Það sama á við um önnur fyrirtæki sem við seljum fyrir,“ sagði Bjarni Ólafur. Aldrei hafa aldrei verið fleiri lærlingar, samtals sjö. Er það dæmi um aukinn áhuga á iðnnámi almennt. „Meistarar eru fjórir með okkur og tveir sveinar. Svo erum við með mjög góða verkamenn sem við treystum hundrað prósent til að gera hvað sem er,“ segja þeir.

### Framtíðin björt

Framtíðin er björt í Vestmannaeyjum að þeirra mati og þá gildi það sama fyrir Miðstöðina sem er tilbúin að taka að sér ný og stærri verkefni. „Það er ekki hægt annað en að vera bjartsýnn á það sem framundan er. Frá því við fjölskyldan komum heim eftir tíu ár í Danmörku hefur viðkvæðið verið, - þetta hlýtur að fara róast. Það hefur ekki gerst ennþá og ekkert sem bendir til að einhver breyting verði,“ segir Bjarni Ólafur sem er byggingafræðingur, pípulagningameistari, löggiltur byggingarstjóri, mannvirkjahönnuður og eftirlitsaðili fyrir Sprinkler og með einingu frá Energi Styrelsen frá Danmörku. „Við getum því boðið upp á byggingastjórnun og allt sem henni fylgir. Ég hef líka sókk mér ofan í orkusparnað, ekki síst á heimilum sem er mjög spennandi framtíðarverkefni.“ Þeir leggja áherslu á að starfsfólki sé undirstaðan og hrósa happi að hafa frábæran verkstjóra, Bjarka Ómarsson, sem stýrir mannskapnum ásamt því að leggja pípulagnir eins og herforingi, og öflugan fjármálastjóra, Björgvin Hallgrímsson, sem heldur vel utan um allan rekstur. Sigursteinn, sem er annar í röðinni var árið 2006 heiðraður af Lagnafélagi Íslands fyrir einstakt ævistarf. Fimm ár í röð hefur Miðstöðin verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja að mati CreditInfo og meðal þeirra tveggja prósentu fyrirtækja í landinu sem standast strangar kröfur Viðskiptablaðsins og Keldunnar um frábæran rekstur. Lokaorðin á Marinó: „Ég er og hef alltaf verið bjartsýnn, kann ekki annað og horfi bara fram á veginn. Kannski háir það mér að vera svona bjartsýnn en það hefur skilað árangri hingað til.“



Ásmundur, Sæþór og Arnar Freyr. / Ljós. Ómar Garðarsson.



Einar Kristinn og Vilhjálmur. / Ljós. Ómar Garðarsson.



Hluti af pípurum Miðstöðvarinna. / Ljós. Ómar Garðarsson.



Steypuvinna.

Gunnar Guðlaugsson.

## Mikael



Ýmis verkefni, hér er verið að flytja ísjaka.



Timbur sagað.

### Starfsemi árið 2020

Árið 2020 starfaði Mikael ehf. að lokafrágangi fjögurra íbúða raðhúss sem félagið byggði á Höfn í Hornafirði árið 2019 auk uppsteypu á einu íbúðarhúsi og steypu grunns og botnplötu fleiri íbúðarhúsa. Meginverkefni félagsins var uppsteypa þriggja brúa á hringvegnum yfir Steinavötn og Fellsá í Suðursveit og Kvía í Örafum.

### Stofnendur og eigendur

Félagið var stofnað árið 1997 af þremur einstaklingum en frá árinu 2001 hefur Styrgerður Hanna Jóhannsdóttir verið eigandi heildarhlutfjár og stjórnarmaður þess. Eiginmaður hennar Gunnar Gunnlaugsson, byggingameistari hefur verið framkvæmdastjóri félagsins frá upphafi. Hann er jafnframt varastjórnarmaður félagsins.

### Saga félagsins

Frá síðustu aldamótum hefur félagið annast margvíslegar framkvæmdir, þar á meðal smíði brúa yfir Hólmsá, Seyðisfjarðará, Ólafsfjarðará, Skaftá, Brúará, Hörgá, Fjarðará, Göngu-skarðsá, Uxahryggjaá, 3 brýr í Skriðdal, á Rangárvöllum og áðurnefndar brýr árið 2020. Auk brúarsmíða hefur félagið annast ótaldar byggingaframkvæmdir fyrir einstaklinga og fyrirtæki, fyrst og fremst við steinsteypuframkvæmdir. Nefna má stór verkefni, svo sem nýja sundlaug á Höfn, bryggjur á Höfn og Brjánslæk, gistihús að Árbæ, Hala og Smyrlabjörgum, íþróttahúsið Báruna á Höfn, fjósbyggingu Flateyjar á Mýrum og ferðabjónustuhús í Vik í Mýrdal og við Fjallsárlón. Af verkefnum síðustu ára má nefna raðhúsbyggingu að Hofi í Örafum, tvær 5 íbúða íbúðablokkir og raðhúsbyggingu á Höfn. Hefur hér þó aðeins verið stiklað á stóru.

### Vinnulag og starfsemi

Eins og fram hefur komið hefur Mikael ehf. einbeitt sér að steinsteypuframkvæmdum, hvort sem er við brúagerð, húsbyggingar og aðrar framkvæmdir. Þar sem verkefni félagsins hafa gjarnan verið vítt og breitt um landið hefur það komið sér upp færanlegum vinnubúðum til íbúðar fyrir starfsmenn og aðra aðstöðu á byggingarstöðum. Þá er félagið vel tækjum búið og hefur endurnýjað búnað sinn verulega á síðustu árum. Hjá félaginu vinna að jafnaði 12-14 starfsmenn með margvíslega starfsreynslu og réttindi. Framkvæmdastjóri hefur frá upphafi annast alla verkstjórn á framkvæmdasvæðum. Félagið telst stærsta verktakafyrirtæki á Hornafirði og nágrenni en heimili þess er að Norðurbraut 7 á Höfn.

### Framtíðarhorfur

Verkefnastaða Mikael ehf. er góð fyrir árið 2021 og til framtíðar horft. Fyrir liggja verkefni við smíði tveggja einbýlishúsa auk þess sem félagið áformar byggingu tveggja íbúðablocka á Höfn. Auk þess liggja fyrir óskir um ýmis smærri verk. Í ljósi reynslu félagsins af brúarsmíði má ætla að verkefni á því sviði geti fallið til fyrirvaralítið á næstu árum.





Trukkar.

### Rekstur

Eiginfjárstaða félagsins er góð og rekstrarafkoma þess jákvæð undanfarin ár.

Fyrsta steypan á Steinavötnum.







Vefarastræti 24-30, 55 íbúðir.

## MótX

Fyrirtækið MótX ehf. var stofnað 26. maí 2005 af Svani Karli Grjéttarssyni og Sigríði Geirsdóttur. Vignir S. Halldórsson kom að rekstrinum skömmu síðar. Árið 2013 bættist Viggó Einar Hilmarsson í eigendahópinn. Árið 2020 selur Vignir sinn hluta fyrirtækisins til Svans og Viggó sem verða 50% eigendur hvor. Fyrirtækið hefur alltaf verið skráð í Kópavogi og er nú skráð að Hlíðasmára 19, 201 Kópavogi. Í árdaga fyrirtækisins var það skráð að heimili eigenda eða þar til það fluttist í Askalind 6, í Kópavogi og síðar í Hlíðasmára 19. Fyrirtækið sérhæfði sig fyrstu árin í byggingu sérþýla ásamt því að þjónusta Landsvirkjun og Rarik svo einhver dæmi séu nefnd. Árið 2012 fékk fyrirtækið úthlutað lóð við Þorrasali í Kópavogi frá þeim degi hefur fyrirtækið sérhæft sig í byggingu og sölu íbúða. Höfum við á undanförunum árum byggt yfir 450 íbúðir fyrir ánægða kaupendur. Þar á meðal Þorrasali 9-11, Kópavogtúni 10-12, Bæjarlind 7-9, Vefarastræti Mosfellsbæ, Árskóga 1-3, Austurkór 3 og Elliðabraut 12-22. Fyrirtækið fékk verðlaun fyrir byggingarnar í Þorrasölum 9-11, Kópavogtúni 10-12, Bæjarlind 7-9 frá umhverfisnefnd Kópavogs.



Svanur Karl Grjéttarsson, framkvæmdarstjóri MótX ehf. og eigandi.

### MótX byggir íbúðir á egin reikning

Fyrirtækið hefur sérhæft sig í byggingu vandaðra íbúða. Mætti nefna að MótX er eitt af fyrstu fyrirtækjunum til að hafa háþróað loftræstikerfi í sínum eignum (sjá á [www.ellidabrautin.is](http://www.ellidabrautin.is)). Í ársbyrjun 2021 er verið að klára 128 íbúðir við Elliðabraut í Norðlingaholti og að byrja á 28 íbúðum í Urriðaholti í Garðabæ. Stefnið fyrirtækið á áframhaldandi uppbyggingu á spennandi stöðum.

Þann 18. október 2020 var þessi færsla sett á Facebook hjá MótX:

*Í gær afhentum við hjá MótX Félagsbústöðum 30 íbúðir að Elliðabraut 12. Þetta eru glæsilegar íbúðir sem að munu verða afhentar skjólstæðingum Félagsbústaða á næstu vikum og mánuðum. Milligöngu um söluna hafði Heimili, fasteignasala.*

Þann 11. nóvember 2020 mátti lesa þess færslu á Facebook síðu MótX:

*Í bólin fyrir jólin? Nú eru síðustu byggðu bólin að Elliðabraut 12-22 komin í sölu hjá völdum fasteignasölum. Nú þegar eru yfir 80% af eignunum seldar og því fer hver að verða síðastur. Frábær staðsetning fyrir þá sem kjósa nálægð við náttúru og gönguleiðir. Afhending á tímabilinu mars-júní '21 en örfáar eignir eru þó lausar strax.*



Viggó Einar Hilmarsson, stjórnarformaður MótX ehf. og eigandi.

### Reisa fjölbýlishús fyrir um tvo milljarða í Kópavogi

Í viðtali við Helga Vífil Júlíusson á MBL kom fram að verktakafyrirtækið MótX vinnur að því að reisa tvö fjölbýlishús í Kópavogi. Um er að ræða fjárfestingu fyrir samtals um tvo milljarða króna. Annars vegar er um að ræða 35 íbúða fjölbýlishús í Þorrasölum og hins vegar 28 íbúða fjölbýlishús í Kópavogstúni. Verið er að ljúka við uppsteypu á húsnæðinu í Þorrasölum og fyrsta skóflustunga í Kópavogstúni verður tekin í sumar. Íbúðirnar verða 100 til 150 fermetrar að stærð. Byggingafélagið Silfurhús stendur að framkvæmdinni en aðalverktaki framkvæmdanna er MótX sem jafnframt er hluthafi í Silfurhúsum.





Bæjarlind 7-9, 42 íbúðir.

Kópavogstún 10-12, 32 íbúðir.

„**Það hefur skapast rými fyrir unga menn að láta til sín taka í verktakabransanum,**“ segir Svanur Karl Grjetarsson, annar eigandi MótX. „Það eru að verða kynslóðaskipti. Margir af gömlu jöxlunum hafa ekki látið til sín taka eftir kreppuna. Það þarf ekki að vera vegna þess að þeir urðu gjaldþrota, heldur hafa þeir ákveðið að láta gott heita,“ segir Vignir Steinþór Halldórsson, eigandi í MótX. Sagt er að þeir sem eldri séu í þessum geira og enn að, hafi oft en ekki verið með ákveðin verkefni í vinnslu við hrúnið sem þeir hafi kosið að ljúka við. Hinir yngri kaupir lóðir og byrji á nýjum verkefnum. Steinþór nefnir að árlega þurfi 1.200-1.500 nýjar íbúðir á ári. Á árunum fyrir hrun hafi verið byggðar alltof margar íbúðir eða um 3.500 íbúðir árlega, en eftir hrun nánast ekki neitt. Engu að síður sé margt ungt fólk að stíga sín fyrstu skref inn á íbúðamarkaðinn. Það sé því klárlega skortur á íbúðarhúsnæði. „**Það er mikið talað um sex þúsund tómar íbúðir í fjölmörgum en þær eru utan höfuðborgarsvæðisins,**“ segir hann. Í ljósi þessa húsnæðisskorts og meiri bjartsýni hjá Íslendingum segjast þeir treysta sér til að ráðast í þessar framkvæmdir. Það er talað um að byggingarkostnaður sé of hár miðað við fermetraverð. Aðspurðir hvernig þau mál horfa við þeim segjast þeir gæta þess að yfirbygging fyrirtækisins sé lítil. Þeir vinna báðir á byggingarstöðum, auk þess sem fyrirtækið sinni verkefnum fyrir aðra, og með þeim hætti megi nýta mannaflann, sem telur um 20 manns, sem best. MótX hefur meðal annars smíðað tvö einbýlishús nokkru eftir hrun fyrir fólk sem kosið hefur að flytja aftur til Íslands eftir að hafa búið erlendis. Þegar eru 25 áhugsamir um að kaupa íbúðir í Þorrasólum og það styttist í að Kópavogstún fari í sölu. „**Þegar um er að ræða svona skemmtilega staðsetningu og vönduð hús, hafa margir áhuga á að festa sér eign,**“ segir Svanur. Þann 27. apríl 2018 var fyrsta skóflustunga tekin að 128 íbúðum við Elliðabraut 12-22 í Reykjavík. Um er að ræða stærsta einstaka verkefni sem MótX hefur ráðist í og hefur verið vandað til verka við allan undirbúning og framkvæmdir frá upphafi. Fjölbýlishúsin eru sex talsins með alls 128 íbúðum. MótX og AXIS eru í samstarfi við að innrétta húsin og verða allar íbúðirnar með innréttingum og hurðum frá AXIS. Vinna við að innrétta fyrsta húsið af sex er hafin og uppsetningarmenn AXIS byrjaðir að setja upp innréttingar. MótX og AXIS hafa átt í farsælu samstarfi frá árinu 2013. Meðal bygginga MótX með innréttingum frá AXIS má nefna: Austurkór 3A (sambýli), Árskógar 1-3, Bæjarlind 7-9, Kópavogstún 10-12, Vefarstræti 28-30, Vogatunga (raðhús og parhús), Þorrasalir 9-11 og nú Elliðabraut 12-22 í Norðlingaholti.



Elliðabraut 12-22, 128 íbúðir.

Aðsetur Mót X er að Hlíðasmára 19 Kópavogi - [www.motx.is](http://www.motx.is). Velta fyrirtækisins hefur farið vaxandi ár frá ári og ætla mætti að hún sé um 3.000.000.000-4.000.000.000 kr. Framkvæmdastjóri MótX er Svanur Grjetarsson en stjórnarformaður er Viggó Einar Hilmarsson.

MótX er aðili að samtökum Iðnaðarins. MótX hefur ítrekað fengið verðlaun fyrir sín hús.

Á Covid- tímum höfum við aukið við aðstöðu fyrir okkar starfsmenn og skipt upp í hólf.

Bygging vandaðra eigna fyrir ánægða kaupendur hefur verið okkar besta auglýsing.

MótX eru aðalstyrktaraðili HK, einnig hefur MótX stutt við skák bæði hjá Taflfélaginu og Breiðabliki og mætti nefna MótX skákmótaröðina.



Sumarhittingur fyrirtækisins 2020.

## Múrey



Múrverk við Hólsvirkjun haustið 2020.



Dalvíkurlaug sem við unnum 2017.



Áfrétting á gólfi fyrir parkett.



Árið 2016 var hafin vinna við stofnun Múrey ehf. Að stofnuninni komu þeir Haraldur Þór Óskarsson og Hjálmar Hauksson. En þeir höfðu þá starfað saman frá árinu 2007 og í ársbyrjun 2017 var Múrey ehf. stofnað. Í fyrstu leigði fyrirtækið húsnæði að Óseyri 1a undir starfseminu en árið 2018 festum við kaup á því húsnæði. Fyrirtækið var í byrjun með um 6 starfsmenn en tók svo fljótlega að stækka og voru um 15 manns í vinnu þegar mest var. Jóhann Sigurðsson kom svo inn í reksturinn haustið 2018. En hann hafði lært hjá fyrirtækinu og var þá búin að ljúka sínu námi. Í gegnum árin höfum við verið það lánsamir að geta tekið að okkur þó nokkuð marga nema. En árið 2020 voru þeir fimm og hafa þeir aldrei verið fleiri. Hafa þeir allir vaxið og dafnað fram úr okkar björtustu vonum. Enda er það markmið okkar að skila af okkur góðum fagmönnum að námi loknu.

### Fyrirtækið

Í gegnum árin höfum við reynt að stuðla að fagmennsku, snyrtimennsku og góðum samskiptum við okkar viðskiptavini. En það hefur í gegnum árin aflagð okkur stórum hóp af viðskiptavinum sem leitar til okkar aftur og aftur. Fyrir það erum við mjög þakklátir og lítum við björtum augum á framtíðina. Til marks um það höfum við verk bókuð allt til ársloka 2022 og er stór hluti ársins 2021er fullbokaður. Það skýrist að stórum hluta af verkefnum tengdum fyrirtækjum sem við höfum þjónustað í gegnum árin.

### Starfsemin

Okkar sérstaða má segja að liggja í flísalögnum og höfum við tekið þátt í mörgum verkefnum þar sem sérþekkingar er krafist. Þar má meðal annars nefna verk sem tengjast sundlaugum. En þar er gríðarlegt álag á öllu og þarf því að vanda sérstaklega vel til verka. Einnig hafa flísar á síðustu árum stækkað til muna og hefur það leitt af sér aukna sérhæfingu hvað varðar kunnáttu og tækjabúnaðar við lagningu þeirra. En stærstu flísar sem við höfum lagt voru yfir fimm fermetrar að stærð. Þó svo að stærstur hluti þess sem við gerum sé í flísalögnum þá erum við líka mikið í múrverki og steypuvinnu. Þá sérstaklega yfir sumartíman meðan veður leyfir.

### Framtíðin

Árið í ár hefur verið mjög krefjandi á margan hátt. En samt verið fullt af skemmtilegum áskorunum sem reynt hafa á mannskapinn á faglegum nótum. Við vorum líka mikið úti á landi þetta árið og vorum við með verk allt frá Akranesi og austur að Dettifossi. Covid spilað líka stórt hlutverk enda þurftum við að skipta starfseminni upp í hópa í langan tíma, en það er frekar óvenjulegt hjá okkur.

Þússning á bíllaplani í Eyjafirði.





Múrþjónustan byggði m.a. 10 íbúða fjölbýli í Hveragerði.



Nýja bíó. Múrþjónustan hafði yfirumsjón með allri múrvinnu. Ljós. Sigurgeir Sigurjónsson.

## Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar

Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar hf. var stofnuð árið 1993 af Helga Þorsteinssyni, múrarameistara. Áður hafði hann rekið fyrirtækið í eigin nafni og má segja að saga þess teygir sig allt aftur til áttunda áratugar síðustu aldar.

Helgi er fæddur árið 1949 og tilheyrir nú í dag eldri kynslóð múrara. Sem dæmi má nefna að þegar hann hóf vinnu við múrverk þá voru ekki notaðar hrærivélar heldur voru laganir hrærðar á gólfum. Helgi vann m.a. um árabíl á Laugarvatni með meistara sínum Eyþóri Ingibjartssyni en mikil uppbygging var á Laugarvatni á árunum milli 1960-1970. Helgi útskrifaðist með meistararéttindi í iðninni árið 1975 frá lönskólanum á Selfossi. Fljótlega upp úr því hóf Helgi eigin rekstur. Múrþjónustan er svo stofnuð sem hf. fyrirtæki árið 1993. Helgi hefur útskrifað tugi sveina á sínum ferli og eiga þeir það allir sammerkt að hafa gert fagið að lífsstarfi. Synir Helga lærðu allir múrverk og hafa starfað hjá fyrirtækinu. Þeir eru: Ásgeir (f.1968), Hjalti (f.1972) og Davíð (f.1980).

Í dag reka bræðurnir Hjalti og Davíð Múrþjónustuna og hefur fyrirtækið frá upphafi haft aðsetur í Hveragerði, með skrifstofuhúsnæði að Austurmörk 14.

### Fjölpættar framkvæmdir

Fyrirtækið hefur aðallega unnið í múrverktöku. Verkefnin eru fjölbreytt. Fyrirtækið hefur meðal annars sinnt viðhaldi í fjölda matvælafyrirtækja, má þar helst nefna: MS Selfossi, Kjörís, Brim hf., Landsvirkjun, ásamt fleiri smærri fyrirtækjum, sveitarfélögum o.fl.

Af öðrum verkum má nefna: Nesjavallarvirkjun 1. áfangi. Endurbætur við Þjóðleikhús, fyrri áfangi, endurbygging brunareita að Lækjargötu 2, endurbætur við Írarfossvirkjun og Fosshótel Höfðatorgi ásamt fjölda annara verkefna víðsvegar um landið. Fyrirtækið tók einnig virkan þátt í endurbótum á mannvirkjum eftir Suðurlandsskjálftann árið 2008.

Í seinni tíð hefur Múrþjónustan fjárfest talsvert í íbúðarhúsnæði, bæði nýbyggingum og til útleigu ásamt því að sinna endurbótum og fullnaðarfrágangi á eldra húsnæði.



Davíð Helgason múrarameistari leggur niður gólf í Mjólkursamsölunni á Selfossi.



Helgi Þorsteinsson múrarameistari og Hjalti Helgason framkvæmdastjóri. Myndin er tekin við byggingu á baðhúsi við Heilsustofnun í Hveragerði.



Kárahnjúkavirkjun. Verkaupi Landsvirkjun.

## MVA



Kröflulína Fljótsdalsheiði. Verkaupi Þ.S. verktatkar.



atnstankur á Fáskrúðfirði. Verkaupi Fjarðabyggð.



Fimleikahús Egilsstöðum. Verkaupi Byggingafélagið Höttur.

MVA ehf var stofnað árið 2012 á Egilsstöðum. Í fyrstu sem múrverktakar. Árið 2013 voru fest kaup á steypumótum og byggingarkrana. Um áramótin 2014-2015 var ákveðið að sameina HT hús og MVA ehf.

HT hús hafði starfað frá árinu 2008 aðallega í nýsmíði á timbureiningarhúsum og almennri viðhaldsvinnu. Við þessa sameiningu urðu þeir MVA byggingaverktakar og hafa verið að stækka alla tíð síðan.

### Starfsemin

MVA ehf sérhæfir sig í byggingum og breytingum á mannvirkjum. Svo sem íbúðarhúsum, sumarhúsum, bryggjasmíði og brúargerð. Stærsti hluti verka MVA ehf í dag er unnin í gegnum útboð frá ýmsum aðilum. MVA starfar víða um Austurland að uppbyggingu svæðisins. Á ársgrundvelli vinna í kringum 30 manns hjá fyrirtækinu.

### Húsakostur


Aðstaða MVA ehf. er við Ekkjufellssel 8, Egilsstöðum. Þar er starfsmannaaðstaða, lager, smíðaverkstæði og einingaverksmiðja. Skrifstofur verða við Fagradalsbraut 9, Egilsstöðum.

Í lok árs 2020 festi MVA ehf kaup á einingaverksmiðju og flutti starfsemin þangað 1. mars. Þetta eykur fjölbreytileika á þeim verkum sem MVA ehf getur boðið í og einnig hvaða verkefnum þeir geta sinnt. Starfmannafjöldi mun aukast hjá fyrirtækinu við þetta.

### Stjórnendur

MVA ehf. er einkahlutafélag með 4 hluthöfum. Framkvæmdarstjóri er Stefán Þór Vignisson. Aðrir eigendur eru Tómas Bragi Friðjónsson, Hrafnkell Elísson og Jón Arnórsson. Stjórnarformaður er Sesselja Ásta Eysteinsdóttir.

[www.mva.is](http://www.mva.is)







*Ofanflóðavarnir, Ljósá Eskifirði. Verkkaupi Ofanflóðasjóður.*





Eigendur og stjórnendur Myllunar. Frá vinstri: Kristján Már Magnússon, Unnar Elisson og Viðar Hauksson.

Myllan ehf. er leiðandi fyrirtæki í jarðvegsframkvæmdum af öllu tagi með aðaláherslu á efnisvinnslu og sprengingar. Myllan hefur á að skipa öflugum tækjakosti og reynslumiklu starfsfólki með þekkingu sem nýtist fyrirtækinu og verkkaupum þess.

## Sagan

Myllan ehf. var stofnuð af Unnari Elissyni og Agnari Eiríkssyni árið 1994 við samruna Vélaleigu Unnars Elissonar sem Unnar hafði rekið frá árinu 1976 og Myllunnar sf. sem þeir félagarnir höfðu rekið saman frá 1986. Árið 2000 komu þeir Kristján Már Magnússon og Viðar Hauksson inn sem meðeigendur og voru því 4 eigendur fram til ársins 2017 er Agnar Eiríksson var keyptur út og eignarhlutir jafnaðir og eiga Unnar, Kristján og Viðar fyrirtækið að jöfnum hluta í dag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Miðási 12 Egilsstöðum og hefur verið frá stofnun þess. Verkefni og markaður félagsins er í raun landð allt þar sem Myllan hefur í gegnum tíðina boðið í verk og unnið verkefni víðsvegar um landið. Má þar nefna vegagerð í Ísafjarðardjúpi, mólun á Vesturlandi og Vestfjörðum plæing á Suðausturlandi og margskonar verk á Austurlandi sem er helsta markaðssvæði félagsins.

**Framkvæmdastjóri: Kristján Már Magnússon.**

**Stjórn: Viðar Hauksson stjórnarformaður, Unnar Elisson stjórnarmaður og Kristján Már Magnússon stjórnarmaður.**

## Starfsmenn og tækjakostur

Myllan hefur í gegnum tíðina verið skipað einstöku starfsfólki með mikla reynslu og þekkingu á þeim verkefnum sem fyrirtækið tekur að sér. Myllan kappkostar að veita starfsfólki sínu góða vinnuáðstöðu og stuðla að símenntun starfsmanna til að gera þá hæfari í að takast á við fjölbreytt og spennandi verkefni fyrirtækisins. Hjá fyrirtækinu í dag starfa 10-15 starfsmenn, fer eftir verkefnastöðu og flestir eru starfsmenn yfir sumartímann þegar mest er umleikis. Kristján Már framkvæmdastjóri er einnig stjórnandi yfir efnisvinnslu en Viðar Hauksson er stjórnandi jarðvinnustarfsemi fyrirtækisins, svo hefur Unnar Elisson verið stjórnandi á verkstæði sem Myllan rekur að Miðási 12, Egilsstöðum, aðalega til viðhalds á eigin tækjum. Myllan kappkostar að bjóða nýleg, hagkvæm, góð og umhverfisvæn tæki í þau verkefni sem fyrirtækið tekur að sér og eru efnisvinnslutækin sérlega öflug en þau samanstanda af: stórum forbrjótum, kónbrjótum, hörpum, þvöttahörpum og fleiru. Myllan er í fremstu röð á landinu hvað efnisvinnslu varðar. Einnig eru gröfur, jarðýtur hjólaskóflur, námubifreiðar og bílar svo eitthvað sé nefnt af því sem Myllan getur boðið fram í þau verkefni sem framundan eru.

## Helstu verk og framtíðin

Verkefni Myllunnar hafa verið mjög fjölbreytt allt frá smáum verkum upp í mjög stór verkefni á íslenskan mælikvarða, má þar nefna vegagerð fyrir Vegagerðina vitt og breitt um landið, plæingar á lögnum, stíflumannvirki og virkjanagerð og ofanflóðavörnum. Myllan hefur



Starfsmenn Myllunnar í starfsmannaférd til Las Vegas í febrúar 2020.





Grafa í eigu Myllunar.

einnig komið að jarðgangnagerð og svo efnisvinnslu af öllu tagi fyrir hina ýmsu verkkaupa. Myllan hyggst halda áfram að bjóða í verk og skaffa sýnum verkaupum góða þjónustu á hagstæðu verði um komandi ár og einnig tæki sem standast yfstrustu kröfur hvað varðar gæði og tæknibúnað og framúrskarandi mannskap.

**Myllan hefur verið á lista Creditinfo fyrir framúrskarandi fyrirtæki árin 2015-2020 og hafa stjórnendur félagsins það að markmiði að svo verði áfram.**



Vélar að störfum.



Mölin í malarstæðu.



Þvervegur 12, áður Lindargata 42 í Reykjavík, flutningshús sem var endurgert í Stykkishólmi.

## Narfeyri



Baldur Þorleifsson, mynd tekin á verkstæði fyrirtækisins.

Narfeyri ehf. var stofnað á árinu 1996 af þeim Baldri Þorleifssyni trésmið og Þorkeli Inga Þorkelssyni málara. Félagið er með aðsetur í Stykkishólmi og er með verkstæði á Nesvegi 18. Fyrsta verkefni félagsins var að kaupa og endurbæta fasteignina að Aðalgötu 3 í Stykkishólmi, Narfeyrarhús sem er gamalt timburhús í gamla miðbænum. Eftir sölu félagsins á húsinu, gekk Þorkell Ingi út úr félaginu og frá þeim tíma hefur Baldur verið einn eigandi félagsins og rekið trésmiðafyrirtæki.

Frá upphafi rekstrar hefur áhersla verið lögð á endurgerð gamla húsa, ásamt því að sinna almennum verkefnum í viðhaldi og nýbyggingum mannvirkja. Félagið hefur komið að endurgerð um 30-40 gamla húsa, m.a. í Stykkishólmi og í Flatey auk nýbygginga húsa í gömlum stíl. Helstu verkefni félagsins í dag eru í Stykkishólmi og nágrenni.

### Starfsfólk

Starfsmannafjöldi hjá fyrirtækinu hefur verið að meðaltali 4-6 á ári. Eins og staðan er á árinu 2020 eru starfsmenn á aldrinum 14-80 ára, með margvíslega reynslu og menntun. Húsasmiðameistari, húsgagnasmiður, húsasmiðir og nesar.

### Verkefni

Helstu verkefni félagsins á árinu 2020 hafa verið endurgerð íbúðarhúsnæðis í Arney við Breiðafjörð, breytingar á einbýlishúsi og nýbygging einbýlishúss í Stykkishólmi, endurbætur á atvinnuhúsnæði í Stykkishólmi. Verkefnastaða hefur verið góð og næg verkefni framundan hjá félaginu.

### Framtíðin

Ef horft er til framtíðar er áherslan áfram á að vinna að endurgerð gamla húsa á meðan verkefni eru næg á því sviði.



Skúlagata 23 í Stykkishólmi.



Georg Pétur Ólafsson, húsgagnasmiður.





Steypa þekju við fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar Elmarsz, Kristinn Örn, Ingibjörg, Skúli og Arnar.

## Nestak

Byggingafélagið Nestak var stofnað í Neskaupstað hinn 17. ágúst árið 1988. Stofnendur voru fimm húsasmiðir: Árni Guðjónsson, Einar Þorvaldsson, Jóhann G. Stephensen, Róbert Jörgensen og Vilhjálmur Skúlason. Tilgangur félagsins var að sinna verktakastarfsemi, húsbyggingum og annarri skyldri starfsemi. Núverandi eigendur Nestaks eru sjö talsins: Vilhjálmur Skúlason, Björgvin Mar Eypórsson, Eiríkur Simonsen, Skúli Vilhjálmsson, Brynjar Örn Rúnarsson, Ingibjörg Bjarnadóttir og Arndís Hjartadóttir. Vilhjálmur Skúlason er framkvæmdastjóri fyrirtækisins en með honum sitja í stjórn Ingibjörg Bjarnadóttir formaður og Björgvin Mar Eypórsson meðstjórnandi.

### Verkefni

Frá stofnun hefur félagið fengið við fjölbreytt verkefni í Fjarðabyggð og víðar á Austurlandi en flest verkefni hafa þó verið í Neskaupstað. Á meðal verkefna má nefna byggingu íbúðarhúsa og byggingu atvinnuhúsnæðis ásamt fjölbættum viðhaldsverkefnum. Þá hefur Nestak sinnt margvíslegum verkefnum sem tengjast hafnarmannvirkjum og eins hefur fyrirtækið í samvinnu við aðra framleitt steypur flotbyggjur um árabil. Á meðal viðamikilla verkefna má nefna byggingu heimavistar og verknámshúss fyrir Verkmenntaskóla Austurlands, stækkun fiskimjölsverksmiðju og byggingu frystigeymslu fyrir Síldarvinnsluna, framkvæmdir við hafnir Fjarðabyggðar og byggingu 2.200 fermetra netaverkstæðis í Neskaupstað fyrir Hampiðjuna. Allt frá upphafi hefur Nestak lagt áherslu á gott samstarf við fyrirtæki á starfssvæðinu og alloft hefur verið efnt til samstarfs þeirra um viðamikil verkefni. Þá hefur fyrirtækið ávallt kappkostað að eiga í góðum og nánum samkiptum við viðskiptavini sína.

### Aðsetur

Nestak hefur sífellt lagt áherslu á að bæta aðstöðu sína og vélakost. Komið hefur verið upp góðri verkstæðisaðstöðu og eins hefur fyrirtækið fest kaup á húsnæði fyrir lager og til geymslu á tækjum og búnaði. Bætt tækjæign hefur haft það í för með sér að fyrirtækið getur tekið að sér fjölbættari og flóknari verkefni en áður á samkeppnishæfum verðum. Skrifstofa og verkstæði eru til húsa að Borgarnausti 6 í Neskaupstað og lagerhúsnæðið og tækjageymslan er við Strandgötu.

### Verkefnastaða og mannauður

Verkefnastaða fyrirtækisins á undanförunum árum hefur verið mjög góð og bendir allt til þess að svo muni verða áfram. Fjöldi starfsmanna undanfarin ár hefur verið á bilinu 12 til 14, en yfir sumartímamann hafa þeir gjarnan verið 18 til 20. Flestir starfsmennirnir hafa verið menntaðir húsasmiðir en að auki hafa oftast 2 til 4 húsasmiðanemar verið á starfsmannaskrá. Nemarnir hafa verið nemendur í Verkmenntaskóla Austurlands.

Síðustu ár hefur Nestak verið á meðal þeirra fyrirtækja sem eru framúrskarandi samkvæmt þeim kröfum sem Creditinfo gerir.



Eigendur Nestaks ehf. Frá vinstri: Brynjar Örn Rúnarsson, Eiríkur Simonsen, Skúli Vilhjálmsson, Ingibjörg Bjarnadóttir, stjórnarformaður, Björgvin Mar Eypórsson, stjórnarformaður, Arndís Hjartadóttir, Vilhjálmur Skúlason, framkvæmdastjóri.



Skúli Vilhjálmsson, Eiríkur Simonsen og Brynjar Örn Rúnarsson.



Verið að klæða gistihús á Mjóeyri við Eskifjörð í mars 2019.



Vegagerð í botni Eyjafjarðar 2019.

## Nesbræður



Snjómokstur að morgni nýársdags 2019.



Unnið við snjómokstur á Öxnadalshéið eftir stórhrið 2019.

Í upphafi hét félagið Túnþökusala Kristins en þá voru eigendur Kristinn Elvar Gunnarsson, Gunnar Helgi Gunnarsson og Valtýr Smári Gunnarsson. Árið 2015 er Kristinn keyptur út úr fyrirtækinu af fjórum núverandi eigendum.

Til að byrja með voru helstu verkefni fyrirtækisins almenn jarðvinna og túnþökusala. Umsvif fyrirtækisins hafa verið breytileg í gegnum árin en hafa aukist síðustu ár. Frá því núverandi eigendur keyptu fyrirtækið hefur rekstur og umfang vaxið sirka tífalt.

Eigandi fyrirtækisins er Byrgishnjúkur ehf. og eru eigendur af því félagi:

Gunnar Helgi Gunnarsson stjórnarformaður, Hrafn Sigurðsson stjórnarmaður,

Karl Magnússon stjórnarmaður og Valtýr Smári Gunnarsson stjórnarmaður.

Sigurlína Hrönn Halldórsdóttir er skrifstofustjóri og gjaldkeri.

### Vinnulag og framleiðsluferli

Verkefni fyrirtækisins eru mjög fjölbreytileg, allt frá verkefnum fyrir einstaklinga líkt og endurgerð lóða upp í snjómokstur á þjóðvegnum, vinnu við gatnagerð og veituframkvæmdir svo dæmi séu tekin. Fyrirtækið sinnir því jafnt stórum sem smáum verkum. Helsta breytingin er sú að verkefnin hafa stækkað ár frá ári samhliða fyrirtækinu. Verkefnin hafa í gegnum árið einnig orðið mun fjölbreyttari. Í upphafi átti fyrirtækið einn vörubíl, eina gröfu og eina litla þökuskurðarvél. Fyrirtækið hefur nú bætt mikið við bíla- og tækjafloða sinn. Í dag á fyrirtækið hátt í 50 bíla og tæki.

### Skipulag og sérstaða

Fyrirtækið býður upp á heildarlausnir í jarðvinnu vegna húsbýgginga og aðrar framkvæmdir, allt frá jarðvegsskiptum til lokafrágangs svæða. Sérstaða fyrirtækisins er helst í þökusölu en fyrirtækið er það eina sem sker og selur þökur í Eyjafirði. Starfsemi fyrirtækisins yfir vetrartíman er að mestu fólgin í snjómokstri bæði á þjóðvegum og innanbæjar. Yfir sumartímann eru í bland stór og smá jarðvinnuverkefni. Staða fyrirtækisins er góð framtíðarhorfur bjartar.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að efla og bæta tækjakost fyrirtækisins með tilliti til öryggis, gæða og umhverfisverndar. Ásamt því að auka gæði þjónustunnar sem við veitum.

### Aðsetur

Aðsetur fyrirtækisins er í Draupnigötu 6 á Akureyri þar sem fyrirtækið rekur verkstæði en hluti af starfsemi fyrirtækisins er í Nesi í Fnjóskadal, en þar eru Nesbræður einnig með verkstæði.

### Velta og hagnaður

Umsvif Nesbræðra hafa aukist mikið seinustu ár en frá 2015 hefur velta fyrirtækisins tvöfaldast ár frá ári.





Unnið við að moka upp sumarbústað við Grenivík í apríl 2020.



Unnið við sjóvarnir á Leiruvegi við Akureyri 2019.

---

### Mannauður og starfsmannafjöldi

Hjá Nesbræðrum vinna 20 manns, fleiri yfir sumartímann sem er háannatími hjá fyrirtækinu. Menntun starfsmanna er mjög mismunandi en flestir starfsmenn eiga það sameiginlegt að vera með meirapróf og vinnuvélaréttindi.



Unnið að lóðagerð við krefjandi aðstæður 2019.



Trésmíðaverkstæði Norðurvíkur á Húsavík.



Trésmíðaverkstæðið.

## Norðurvík

Norðurvík hf. var sofnað 11. maí 1972 í Bröttuhlíð á Húsavík. Aðalhvatamenn að stofnun fyrirtækisins voru Sigtryggur Sigurjónsson, Agnar Harðarson og Aðalsteinn Jónasson. Eigandahópur fyrirtækisins hefur mikið breyst í gegnum árin. Einnig hefur fyrirtækið gengið í gegnum erfiðleikatímabil og það fór í þrot 2011 og þá var stofnað nýtt fyrirtæki með sama nafni og sömu starfsmönnum.



Þórólfur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar.

### Starfsemin

Markmið fyrirtækisins hefur verið frá upphafi að reka trésmíðaverkstæði og almenn verktakastarfsemin í byggingariðnaði. Fyrirtækið hefur haft með höndum ýmsar stórramkvæmdir á Húsavík og víðar. Á trésmíðaverkstæðinu eru smíðaðar innréttinar, einnig höfum við sérhæft okkur í smíði glugga og hurða í gömlum stíl með samþykki Minjastofnunar. Starfsemi fyrirtækis hefur verið frá 2002 í 840 fm<sup>2</sup> húsi að Höfða 3 á Húsavík.

### Eigendur

Núverandi eigendur Norðurvíkur ehf. eru sex, allir með jafnan hlut.

Guðmundur Magnússon, Þorvaldur Yngvason, Jónmundur Aðalsteinsson, Sigurjón Sigurðsson, Sigurður Hreinsson og Þórólfur Aðalsteinsson. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri er Þórólfur Aðalsteinsson.



Á verkstæðinu.



Útidyrhurð og gluggi fyrir Djúpavíkurkirkju.





Eldhúsinnrétting frá Norðurvík í vinnslu.



Efnisráðgjöf á verkstæðinu.



Flutningur á sumarhúsi sem Norðurvík smíðaði. / Ljósm. Halldór Heiðar.



Pálmatrsmenn á þaki 6 hæða blokkar sem fyrirtækið er með í byggingu á Selfossi. / Ljós. Magnús Hlynur Hreiðarsson, mars2021.

## Pálmatré



Pálmi og Hildigunnur á góðum degi sumarið 2020. / Ljós. Pálmi.



Mallorca 2019, hluti af hópnum í einni af mörgum ferðum Pálmatrés með starfsfólki og maka.



í Gjáðakkahelli, óvissuferð 2020. / Ljós. Pálmi.

Pálmatré ehf. var stofnað af Pálma Pálssyni árið 2000 en er í dag í eigu hans og eiginkonu hans Hildigunnar Skúladóttur. Pálmi sinnir starfi framkvæmdastjóra og stýrir því daglegum rekstri fyrirtækisins ásamt flokkstjórum. Hildigunnur gegnir starfi fjármálastjóra fyrirtækisins ásamt fleiru sem til fellur hverju sinni. Sjálfstæð starfsemi hófst vorið 1998 og í kjölfarið var fyrirtækið stofnað, hefur því byggt upp mikil reynsla og þekking í verklegum framkvæmdum í gegnum tíðina og fyrirtækið þróast og þroskast með. Fyrstu verkefni snérust að mestu að ýmsu viðhaldi og smærri verkum eins og viðbyggingum og breytingum, ásamt byggingu nokkurra einbýlishúsa, en þá voru starfsmenn einn til tveir ásamt Pálma. Með vaxandi reynslu, áræðni og tækjakosti stækkuðu verkin og starfsmönnum fjölgaði og eru nú ríflega 20 manns og fer fjölgandi. Við höfum starfað á almennum útboðsmarkaði og byggt meðal annars skólabyggingar, íþróttamannvirki, meðferðarheimili og tekið að okkur ýms viðhalds- og breytingaverkefni í útboðum. Ásamt þessu sinnt eigin verkefnum í íbúðaframléiðslu í einbýlishúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum. Bændum og búaliði höfum við haft sérstaklega gaman að að sinna og byggt á bæjum fjósbyggingar, hænsnahús, svínahús, vélaskemmur og reiðhöll, ýmist uppsteypt hús, stálgrindarhús eða límtréshús. Um þessar mundir er okkar aðal starfsemi fölgin í nýbyggingum og framléiðslu íbúða en síðustu árin hafa stærstu verkefni á því sviði verið á Selfossi og í uppsveitum Árnessýslu. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á þessum svæðum og sífellt fleiri virðast sækja í það að búa í hæfilegri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

### Mannauður

Í dag hefur fyrirtækið á að skipa öflugum hópi starfsmanna sem býr yfir viðtækri reynslu á sviði bygginga og mannvirkjagerðar sem bera uppi hróður fyrirtækisins. Við leggjum mikið upp úr léttum og góðum anda á vinnustaðnum og teljum það eitt af okkar sterkustu vopnum í átt að aukinni framléiðni og framvindu verka. Höfum við því verið dugleg við að efla samstöðu starfsmanna og maka þeirra með skemmtunum og ferðalögum innanlands og utan. Má til dæmis nefna að Pálmatré hefur boðið starfsmönnum í 4-5 daga utanlandsferðir 9-10 sinnum, er þá um að ræða árshátíðarferðir og ferðir á bygginga- og vélasýningar.

### Gæðamál og framtíðin

Gæðamálin eru í sífelldri endurskoðun hjá okkur en megin markmið okkar er að skila af okkur vandaðri vöru, stunda heiðarleg viðskipti og tryggja þannig ánægju okkar viðskiptavina. Á síðustu árum hafa kröfur aukist um innra gæðaeftirlit til að auka skilvirki fyrirtækja og meiri gæði á vinnu og vöru. Pálmatré hefur sinnt innra gæðaeftirliti um árabíl sem hefur þróast samhliða vexti fyrirtækisins.

Pálmatré er orðið rötgróið fyrirtæki sem staðið hefur af sér efnahagskreppu og samdrætti í byggingageiranum. Fjárhagstaðan er góð, reksturinn hefur almennt gengið vel og mikið er af verkefnum framundan. Við horfum því björtum augum til framtíðar.





28 íbúðir í smíðum á almennum markaði í Urriðaholti Garðabæ.



Malbikun við Vífilsstaðaveg í Garðabæ.

## PK Verk

PK Verk ehf. var stofnað árið 2001 en starfsemin á rætur sínar að rekja allt til ársins 1973 þegar Kristján E. Kristjánsson byrjaði að vinna fyrir Hitaveitu Reykjavíkur í eigin nafni sem þjónustuverktaki í lagningu heimtauga í hús. Síðan þá hefur fyrirtækið vaxið jafnt og þétt. Því má segja að fyrirtækið sé 48 ára gamalt og hefur verið undir stjórn Kristjáns frá stofnun til ársins 2010, en þá tók Pétur Kristjánsson við sem framkvæmdarstjóri. Stjórn skipa; Kristján E. Kristjánsson stjórnarformaður og Pétur Kristjánsson stjórnarmaður. Fyrirtækið hefur aðsetur í Drangahrauni 7 í Hafnarfirði sem hýsir skrifstofu, bíla, tækja- og járnsmíðaverkstæði. Verkefni félagsins eru fjölbreytt fyrir sveitafélög, veitustofnanir, Vegagerðina, húsfélög og einkaaðila. Einnig byggjum við íbúðir til sölu á almennum fasteignamarkaði, en félagið hefur byggt og selt 31 íbúðir til sölu á undanförunum árum. Félagið er nú með í byggingu og/eða undirbúningi um 50 íbúðir.

### Starfsemin

Árið 2020 hefur verið viðburðaríkt ár hjá PK Verk ehf. Þar sem skrifað var undir stærsta verksamning í sögu félagsins við Vegagerðina, Garðabæ og veitustofnanir um lagfæringar á Hafnarfjarðarvegi við Garðabæ ásamt smíði og niðurstæðingum á undirgöngum. Á sama tíma var félagið með í byggingu 28 íbúðir í Urriðaholti í Garðabæ ásamt öðrum 20 íbúðum í þróun og undirbúningi. Því má segja að verkefnastaða félagsins sé góð og framtíðin björt. Starfsmenn eru á öllum aldri eða frá 25 til 70 ára en sú aldersdreifing er fyrirtækinu holl þar sem þeir eldri miðla upplýsingum til þeirra sem yngri eru og alltaf fundnar lausnir á þeim vandamálum sem koma upp hverju sinni. Mottóið er að það séu „bara til lausnir en ekki vandamál“. Fjöldi starfsmanna hjá fyrirtækinu fer eftir umfangi og fjölda verkefna hverju sinni. Fjöldi starfsmanna hjá félaginu er u.þ.b. 20 manns ásamt undirverktökum. Starfsmenn og stjórnendur hafa mikla reynslu, haldbæra og góða menntun sem nýtist í starfi, en félagið litur á starfsmenn sem sinn mesta auð en án þeirra gerist ekki neitt. Þar á eftir kemur góður tækjakostur og aðbúnaður starfsmanna sem er í stanslausri þróun. Gæðamál hafa verið ofarlega á baugi á síðasta ári en félagið tók upp nýjan verkefnavef sem heldur utan um öll verkefni sem eru í gangi hverju sinni. Markmiðið með notkun verkefnavefs er að nýta bestu tækni og aðferðir við stjórnun byggingarframkvæmda. Verkefnavefurinn stuðlar að lágmarks pappírnotkun, eykur hagræði og bætir stjórnun verkefna. Kerfið heldur utan um allt verkefni á einum stað. Má þar nefna teikningar, verklýsingar, úttektarskýrslur, myndir, dagskýrslur, orðsendingar, samskipti o.fl. Framkvæmdarstjóri tekur virkan þátt í öllu sem er að gerast í fyrirtækinu og í góðum samskiptum við millistjórnendur. Fyrirtækið hefur skapað sér sess á útboðsmarkaði í fjölbreyttum verkefnum sem eru boðin út, oftast í opinberum útboðum. Mikið er lagt upp úr vönduðum vinnubrögðum og góðum samskiptum við alla þá sem koma að verkefnum fyrirtækisins.

Starfsmenn og stjórnendur PK Verks líta björtum augum til framtíðar og telja mikil sóknarfæri fyrir fyrirtækið á komandi árum. Umhverfismál verða ofarlega á baugi þar sem stefna okkar er að draga út losun gróðurhúsalofttegunda með breyttum orkugjöfum bíla og tækja, flokkun á úrgangi byggingarframkvæmda og að endurnýta auðlindir sem annars færu í förgun, með nýsköpun.



Pétur Kristjánsson, framkvæmdastjóri.



Kristján E. Kristjánsson, stofnandi og stjórnarformaður.

### Tækjakostur

Tækjakostur er góður en félagið á og rekur fjölda tækja sem notuð eru til mannvirkjagerðar, s.s vörubíla, grófur, hjólaskóflur, malbikunarvél, valtara, skotbómulyftara og krana svo eitthvað sé nefnt.



## Prófilstál



Staðið fyrir utan smiðju Prófílstáls. Frá vinstri: Alexander Bridde, Jón Unnar Gunnsteinsson, Guðni A. Bridde, Óðinn Ásgeirsson og Andri Árnason.

Alexander Bridde er stofnandi Prófílstáls ehf. Ungur að árum hóf hann nám í vélsmiði og varð meistari í sinni grein. Hann fór að starfa við fagið hjá ýmsum aðilum eins og Sindra og Sól. Síðan starfaði hann hjá Stáltækni þar sem hann kláraði samning og útskrifaðist með sveinspróf í vélvirkjun. Í dag er hann vélvirkja- og stálvirkjameistari með byggingastjóraréttindi. Aðeins 23 ára var hann farinn að starfa sjálfstætt því næg voru verkefnin. Hann fékk nokkra starfsfélaga sína í lið með sér og fór að vinna að hinum ýmsu verkefnum sem nóg var af á þeim tíma. Umsvifin jukust smám saman, allt frá því að vera með aðstöðu í skúrnum heima foreldrunum til þess að taka húsnæði á leigu í Kópavoginum þangað til fest voru kaup á eigin húsnæði á Smiðshöfðanum. Prófílstál var stofnað formlega 1985 en hét þá Galdrastál og fór starfsemin fram við Vesturvör í Kópavogi. Prófílstál hóf síðan starfsemi sína á Smiðshöfða 15 árið 1999 og á árunum 2007-2008 var húsnæðið stækkað um helming og er í dag rúmir 600 fermetrar.

### Verkefnin

Verkefnin hafa alla tíð verið næg og í kreppunni varð frekar aukning en samdráttur í járnsmíði í samanburði við það sem átti sér stað í t.d. trésmíði. Prófílstál hefur sérhæft sig í því að smíða aukahluti og sérstakan útbúnað fyrir bíla eins og dráttarbeisli, toppgrindur, ljósagrindur, veltigrindur o.fl. Einkum hefur fyrirtækið hannað og smíðað sérstakan búnað fyrir lögreglubíla, sérsveitarbíla, stóra jeppa, björgunarsveitabíla, fyrir slökkviliðið o.fl.

Prófílstál smíðar mikið fyrir Arctic Trucks og ýmis önnur bílaumboð. Þeir hjá Prófílstál útbjuggu m.a. annars jeppa sem fóru á Suðurskautslandið. Í dag eru 6 manns sem starfa hjá fyrirtækinu og sumir hverjir hafa starfað þar í yfir 20 ár svo starfsmannaveltan er ekki mikil. Störfín krefjast ákveðinnar sérþekkingar sem sumpart hefur orðið til innan fyrirtækisins undir forystu Alexanders Bridde sem getið hefur sér gott orð fyrir hugvit og útsjónarsemi í greininni.

Það er óhætt að segja að starfsemin sé fjölbreytt enda kemur járnsmíði víða að góðum notum. Fyrir utan bílahlutina þá þjónustar Prófílstál byggingariðnaðinn. Þeir hafa smíðað t.d. stálgrindarhús, stigahandrið og unnu við að laga gluggapóstana í gömlu Sundhöllinni í Reykjavík sem er friðuð, ásamt því að vinna við endurbætur á stálhlutum í friðuðum húsum og á listaverkum. Ryðfrí smíði er stór þáttur í starfinu og eru fáar sundlaugar á landinu sem Prófílstál hefur ekki unnið við.

Alexander er metnaðarfullur fyrir hönd fyrirtækisins og hefur gaman af að starfa við fagið. Hann er stoltur af því sem hefur verið gert og nýtur þess að fást við ný og fjölbreytt verkefni sem snúa að hönnun og smíði. Góð samvinna hans og annarra starfsmanna Prófílstáls hafa skilað góðri hönnun og vandaðri smíði til viðskiptavina bæði hérlendis sem erlendis. Sonur hans og tengdasonur starfa báðir hjá fyrirtækinu.

Alexander Bridde er margt til lista lagt og smíðar ýmiskonar skrautgripi fyrir sérstök tilefni í frítímanum. Hann er bjartsýnn á framtíðina og telur að verði nóg að gera í járnsmíði á næstu árum. Að visu er ekki mikil nýliðun í faginu svo hann telur sig lánsaman að hafa hæfa og góða



Jón Unnar mundar suðuna.





*Jón Unnar sýður ál saman.*

menn í vinnu og ekki síst jafn lengi og raun ber vitni. Alexander telur að það sé vissulega tækifæri fyrir unga menn í járnsmíði í dag því alltaf verði þörfin til staðar.

### **Starfsmenn**

Hvað varðar starfsmannahaldið þá er ýmislegt gert til að halda vinnuandanum góðum eins og að fara saman á jólahlaðborð og ýmsa viðburði. Ekki er óalgengt að skroppið sé í lengri eða styttri ferðir þegar svo ber undir.

Þess má gera að Prófilstál ehf. er eitt fárra fyrirtækja í þessum geira sem hefur hlotið gæðavottun samkvæmt gæðavottunarkerfi frá hinu opinbera.



*Jón Unnar Gunnsteinsson að sjóða.*



*Guðni A. Bridde mundar slípvélina.*





Frágangur lagna með PVC dúk.

## Rennsli



Kristófer Þorgeirsson ásamt hjónunum Ingu Pétursdóttur og Þorgeiri Kristóferssyni, sem stofnuðu Rennsli ehf. árið 1991.

RENNSLI ehf. er framsækið pípulagningafyrirtæki sem sérhæfir sig í nýlögnum, viðhaldi, eftirliti lagna og sprinklerkerfa. Rennsli hefur unnið með mörgum af öflugustu fyrirtækjum landsins á sviði jarðvinnu, bygginga og mannvirkjagerðar ásamt fyrirtækjum á sviði endurbóta og viðhaldi eldri bygginga. Fyrirtækið hefur þjónustað verktaka, einstaklinga, fasteignafélög og húsfélög auk þess að hafa eftirlit með eldvarnarkerfum og lagnakerfum bygginga svo eitthvað sé nefnt. Rennsli er traust félag, fjárhagslega vel státt, er vel tækjum búið til allra lagnaverkefna og reynsla starfsmanna á því sviði mikil. Starfstöðvar Rennsli eru í Akralind 1, Kópavogi og Koparsléttu 11, Reykjavík. Eigendur fyrirtækisins eru hjónin Þorgeir Kristófersson, pípulagningameistari og Inga Pétursdóttir.

### Starfsemin

Rennsli var stofnað árið 1991 af hjónunum Þorgeiri Kristóferssyni, pípulagningameistara og Ingu Pétursdóttur í kringum rekstur sem Þorgeir hafði stundað frá árinu 1984. Rennsli hefur haldið uppi óslitinni starfsemi undir sömu kennitölu í bráðum 30 ár en þegar starfsemin hófst var starfað í nafni Þorgeirs og var starfsstöðin bifreið af tegundinni Lada Sport. Umfangsmestu verkin hafa að mestu tengst opinberum mannvirkjum, dæmi má nefna Alþingishúsið, Dómkirkjuna, Þjóðminjasafnið, virkjanir, íþróttahús, sundlaugar, hótél, skóla og fjölbýlishús. Helstu verkefni sem í gangi eru í dag eru Hótel Marriot við Hörpu og Hótel Reykjavík við Lækjargötu. Forsenda fyrir þeirri velgengni sem Rennsli hefur notið er reynslumikill, kraftmikill og metnaðarfullur mannaður en í dag starfa um 30-40 manns hjá fyrirtækinu og þar af eru þrír starfsmenn með meistaraáttindi. Fjöldi starfsmanna hefur farið vaxandi á undanföllum árum. Eins og í öðrum greinum á sviði byggingariðnaðar hefur kynjaskiptingin verið einsleit og í dag starfar engin kona við almenn pípulagningastörf hjá fyrirtækinu. Frá upphafi hefur aðeins ein kona sinnt almennum pípulagningastörfum hjá fyrirtækinu en Rennsli hefur mikinn áhuga á að jafna þetta hlutfall og leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að auka áhuga kvenna til þessara starfa. Hlutfall kvenna á skrifstofu fyrirtækisins er hærra og hefur verið það í gegnum tíðina. Mikil áhersla er lögð á að starfsmenn séu vel upplýstir og vaxi í starfi en hluti af starfsmönnum hafa starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi og búa að mikilli reynslu og þekkingu.

### Markmið

Markmið Rennsli er að skila af sér góðum verkum á umsömdum tíma, aðlaga fyrirtækið að rekstrarumhverfi hvers tíma og færa það komandi kynslóð sem viðurkennt vörumerki til framtíðar. Rennsli leggur áherslu á að reka umhverfis-, öryggis-, gæða- og starfsmannastefnu sem stuðlar að velferð starfsmanna sinna og viðskiptavina. Fyrirtækið hefur gæða-, öryggis- og velferðarmál verkkaupa og starfsmanna í öndvegi öllum stundum og vill stuðla að góðum vinnuanda og metnaði starfsmanna.



Dælubúnaður við sundlaugarkefni.





Gerð sjóvarmargarðs við Langasand á Akranesi.



Holræsalögn í Kalmansvík á Akranesi.



Grijótröðun við Borgarfjarðarbrú.

## Skóflan

Fyrirtækið var stofnað 4. janúar 1958 að Arkarlæk í Skilmannahreppi. Upphaflegir aðaleigendur Guðjón og Valdimar Guðmundssynir höfðu þá fest kaup á dragskóflu til að grafa framræsluskurði. Voru það aðalverkefni fyrirtækisins næstu 10 árin.

### Fyrirtækið

Árið 1966 keypti fyrirtækið einnig eina af fyrstu vökvagröfunum sem fluttar voru til landsins. Upp úr 1970 hóf fyrirtækið rekstur á Akranesi við ýmsa jarðvinnu tengda byggingastarfsemi. Á sama tíma keypti fyrirtækið bílkrana og annaðist eftir það hífingar við löndun úr bátum og hífingar við byggingastarfsemi á Akranesi.

### Verkefni

Árið 1976 flutti fyrirtækið í eigið húsnæði á Akranesi. Upp frá því hefur það starfað við fjölbætta þjónustu og almenna verktakastarfsemi, húsbyggingar, vegagerð, gatnagerð, sjóvarvarnargarða, hafnarmannvirki og fleira.



Vegræsi í Akranesvegi.



Efnisvinnsla í malarnámu í Skilmannahreppi.



Steypt plön úr svartri steypu á Breið á Akranesi.



Hífing lögreglustöðvar í Stykkishólmi.



Uppskipun hitaveituröra á Akranesi.



Jarðvinna við stóra iðnaðarlóð á Akranesi.





Eyþór Björnsson.



Hreinn Björnsson.



Johnny Símonarson.



Sveinn Ásgeri Jónsson.



Magnús Gíslason, frosinn.

## Ræktunarsamband Flóa og Skeiða



Davíð Haukur Ásgeirsson sýður saman fóðringar.



Kjartan og Sveinn vinna við fóðringar.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. er rótgróið fyrirtæki sem sinnir jarðborunum á Íslandi. Félagið hefur mikla reynslu af hvers kyns jarðborunum innalands, meðal annars borun eftir heitu og köldu vatni, rannsóknarborunum, borun vatns- og sjótökuhola og borun hola fyrir varmadælur.

### Saga Ræktunarsambands Flóa og Skeiða

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða var stofnað sem samvinnufélag þann 22. janúar 1946 og telst því í dag vera eitt elsta verktakafyrirtæki landsins. Félaginu var svo breytt í hlutafélag árið 1993. Að stofnuninni komu bændur í fimm hreppum á því svæði sem í dag telst til Flóa og Skeiða, en hér var um að ræða einskonar samruna búnaðarfélagasveitanna undir merki eins ræktunarsambands. Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Sandvíkurhreppur, Skeiðahreppur og Villingaholtshreppur komu að stofnun félagsins en síðar bættust Eyrabakka- og Stokkseyrarhreppur við. Tilgangurinn með stofnun félagsins var að stefna að stórfelldri þurrkun lands þar sem svæðið var blautt og illfært, sérstaklega á vorin, og hentaði illa til ræktunar. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða átti sinn þátt í að gjörbreyta búsetuskilyrðum á sínum tíma með því að rækta upp fyrir bændur í Flóanum og Skeiðunum og byggja upp starfsemi í sveitunum.

Félagið hefur lengi verið einn öflugasti jarðvinnuverktaki á heimasvæði sínu og byggði upp öfluga bordeild. Fyrstu ár félagsins var helsti tækjakostur félagsins grófur og jarðýtur. Í kringum árið 1980 jókst umfang félagsins jafnt og þétt. Fjölbreytni verka jókst, verktakastarfsemi jókst og fyrsti bor félagsins var keyptur í kjölfarið.

Miklar breytingar urðu á rekstri Ræktunarsambandsins á síðasta áratug. Árin 2008-2014 voru félaginu þung en í kjölfar efnahagshruns á landinu breyttist staðan á einni nóttu. Á árinu 2014 lauk endurskipulagning á rekstrinum. Í kjölfar endurskipulagningar var jarðvinnudeild félagsins seld og starfsemi Ræktunarsambands Flóa og Skeiða hefur frá þeim tíma einblínt á undirbúning og framkvæmd jarðborana. Árið 2015 keyptu Jarðboranir hf. allt hlutafé í Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða en þar sameinast miklir kraftar og sérþekking á sviði jarðborana.

### Starfsemi og tækjabúnaður

Félagið sinnir eins og áður borun eftir heitu og köldu vatni en verkefni eru fjölbreytt og felast auk þess í borun rannsóknarhola, borun hitastigulshola (hitaleit), kjarnaborun, hreinsun gufuhola, og borun grundunarhola. Einnig hefur félagið átt sinn þátt í því að stuðla að fjölbreyttari eldsneytisnotkun bifreiða en félagið hefur á undanföllum árum borað eftir metangasi. Borun hola fyrir varmadælur og borun víðra vatns- og sjótökuhola fyrir sjó og vatns- og sjóeldi hefur á undanföllum árum einnig verið góð viðbót við þjónustu félagsins. Viðskiptavinahópur félagsins er því fjölbreyttur en meðal þeirra eru bændur, sumarhúsaeigendur, hitaveitur, sveitarfélög og stór fyrirtæki.





Nasi.



Einráður.

Verkefni félagsins eru því ólík en mannauður félagsins býr yfir gríðarlegri reynslu sem skiptir miklu máli þegar leysa þarf flókin verkefni. Hluti starfsmanna hefur starfað hjá félaginu allan sinn starfsaldur og aðrir hafa áratuga reynslu af borframkvæmdum. Innan félagsins býr því mikil þekking og reynsla á borverkefnum og með kaupum Jarðborana á Ræktunarsambandinu jókst sú sérþekking til muna. Starfsmenn félagsins eru 23 talsins.

Borfloti félagsins samanstendur af 7 ólíkum borum sem henta í mismunandi boranir og eru með lyftigetu allt frá 5 tonnnum og upp í 65 tonn.

#### Framtíð félagsins

Framtíð félagsins er björt. Víða á landinu eru sveitafélög að stækka og með aukinni vatnsnotkun eykst eftirspurn veitufyrirtækja og sveitarfélaga eftir vatni fyrir íbúa og til húshitunnar. Ræktunarsambandið er vel í stakk búið til þess að þjónusta veitufyrirtækin og sveitarfélögin með því að tryggja nægt famboð með hitaleit og borun vinnsluhola. Einnig er mikil uppbygging fyrirsjáanleg í fiskeldi á landi og félagið er með reynslu og tæki til að skaffa þeim fyrirtækjum það vatn og sjó sem þarf fyrir þá framleiðslu.

Markmið félagsins er að vera áfram leiðandi á sviði jarðborana á landsvísu og tryggja að viðskiptavinum sé veitt framúrskarandi þjónusta.

#### Aðsetur

Höfuðstöðvar Ræktunarsambands Flóa og Skeiða hafa frá upphafi verið á Selfossi og árið 2020 flutti félagið í nýtt húsnæði á Víkurheiði 6, 801 Selfossi. Framkvæmdastjóri félagsins er Guðmundur Ármann Böðvarsson.

Vefsíða: [www.raekto.is](http://www.raekto.is)



Karl Prins.



Hrímnir.



Karl Gúsav í Hveragerði.



Trölli.



Adam Jónsson, stofnandi Samsmiða.

## Samsmiða



Það var árið 2017 sem Adam Jónsson stofnaði fyrirtækið Samsmiða ehf. Tveimur árum seinna eða 2019 kaupir Viggó Guðmundsson sig inn í fyrirtækið. Samvinna þeirra hefur gengið einstaklega vel.

### Starfsemin

Fyrirtækið er í raun verkstæði á hjólum og hefur ekki fastar bæktistöðvar. Starfsemi þess hefur ávallt snúist mest um að sinna verkefnum fyrir einstaklinga í höfuðborginni og nágrenni. Talsvert hefur þó verið um verkefni í sumarbústöðum úti á landi en þó í nágrenni borgarinnar. Það er alltaf gott og tilbreyting að sinna verkefnum utan borgarskalkalans. Samsmiða ehf. er auðvitað í samkeppni við aðra verktaka. Verkefni á markaðnum eru þó ærin og við fögnum öllum þeim iðnaðarmönnum og -konum sem á hamri geta haldið og unnið að því að bæta okkar fallegu byggðir. Í upphafi voru það eigendurnir tveir sem sinntu þeim verkefnum sem gáfust en starfsmannapörfin er mismunandi. Sem stendur eru tólf starfsmenn á fullu hjá Samsmiða ehf. „Þetta eru allt miklir gæðadrengrir sem kunna vel til verka“, sagði Adam Jónsson í viðtali við blaðamann DV sem var með kynningu á Samsmiða snemma í ágúst 2019. Samsmiða ehf. hefur fagmensku, stundvísi og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi. Á bakvið Samsmiða býr margra ára fjölbreytt reynsla. Starfsmenn Samsmiða hafa viðtæka þekkingu allt frá húsgagnasmíði til stærri verkefna. **Samsmiða tekur að sér að vinna:**

**Pallsmíðar - Innréttingar - Gólfefni - Veggir - Loft - Nýsmíði - Viðhald - Úti sem Inni.**

Adam Jónsson og Viggó Guðmundsson eru húsa- og húsgagnasmíðir en þeir útskrifuðust báðir sem húsasmíðir úr Iðnskólanum í Hafnarfirði árið 2010. Adam hefur síðan klárað húsa- og húsgagnasmíðameistarann og útskrifast sem byggingariðnfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. „Það hefur verið sérlega gott sumar fyrir húsasmíði á höfuðborgarsvæðinu og víðar á Íslandi enda hefur verið sólrikt, þurrt og lygnt. Fólk er farið að huga núna að haustinu og við höfum mikið verið í að laga þök, rennur og glugga. Undanfarin tvö sumur hefur ekki verið nægilega gott veður fyrir þessa vinnu en núna eru margir að drífa í þessu enda er veðrið alveg tilvalið. Það er augljóst að það er vöntun á góðum smíðum enda er feykinóg að gera hjá okkur en við getum alltaf bætt á okkur verkefnum og góðum fagmönnum í þau. Og það vantar greinilega smíði út á landsbyggðina líka. Við höfum til dæmis mikið verið að dytta að sumarbústöðum víða um Suðurland. Þá höfum við verið mikið í Kjósinni, á Hellu og víða um Reykjanesið eins og Vatnsleysuströnd. Það er gaman að fá að vera úti í sólinni og æðislegt að komast út úr bænum.“

Við tökum að okkur afar ólík verkefni enda allir með mikla og fjölbreytta reynslu. Við sjáum um alhliða smíðar, húsgagnasmíði og innréttingar, leggjum gólfefni, smíðum gífsveggi, stiga, glugga, loft og sjáum um viðhald og nýsmíði úti sem inni. Það er um að gera að senda okkur fyrirspurn á vefsíðunni okkar [samsmiða.is](http://samsmiða.is) ef fólk hefur hug á framkvæmdum. Við komum og skoðum verkið og það kostar ekkert að fá tilboð.“







### Reksturinn

Velta fyrirtækisins hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun.

Samsmíða ehf. er með aðsetur að Móabará 12 í Hafnarfirði. [www.samsmida.is](http://www.samsmida.is)

### COVID-19

Í heimsfaraldrinum hefur þess verið gætt að fara að öllum reglum og tilmælum Almannafráttavarna varðandi fjarlægðarmörk og sóttvarnir.







Andri og Valur að setja saman innréttingar.



Pétur Friðriksson við vinnu á tölvustýrðri plötusög.

## Sérverk



Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

### Upphafid

Sérverk var stofnað árið 1991, upprunalegir eigendur voru Elías Guðmundsson húsmíðameistari og Bragi Bragasson húsmíður. Þeir ráku Sérverk saman til ársins 1993 en þá eignaðist Elías Guðmundsson fyrirtækið og hefur rekið það ásamt fjölskyldu sinni til dagsins í dag eða í um 30 ár. Í byrjun var um að ræða útboðsverk, smærri verk eins og veggjauppsetning, parketlagning og uppsetning innréttinga ásamt öðrum verkum. Sérverk byrjaði með aðsetur í bílskúr foreldra Elíasar til ársins 1994 en þá flutti Sérverk starfsemi í Vesturvör 55. Það húsnæði varð fljótt of lítið og flutti Sérverk starfsemi sína að Akralind í Kópavogi. Þar voru fyrst skrifstofur fyrirtækisins en fljótlega hóf Sérverk að byggja nýtt húsnæði að Askalind 5 í Kópavogi. Sérverk tók í notkun hálf túsund ára hús ásamt kjallara undir innréttingaverkstæði og byrjaði smíði á innréttingum og sérsníðu innréttinga fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Í ársbyrjun 1998 flutti fyrirtækið í hinn helminginn og var öll starfsemi sameinuð undir einu þaki. Innréttingaverkstæðið og skrifstofur voru á sömu hæð en plötusögum og lager á neðri hæð húsnæðisins. [www.serverk.is](http://www.serverk.is)

### Tæknin

Mikil þróun hefur átt sér stað í verkfærum sem til þarf, bæði í handverkfærum sem og trésmíðavélum. Sérverk hefur gætt þess vel og vandlega að fylgja þeirri þróun eftir með eflingu á sínum tækjakosti. Þetta á einna helst við í innréttingasmíðinni, þar sem tölvustýrðar vélar hafa komið fram í sviðsljósið og nákvæmni og samsetning hefur batnað til muna.

### Fasteignir og endurbætur

Árið 1995 byggði Sérverk fyrsta íbúðahúsnæðið fyrir almennan markað. Í gegnum árin hefur fyrirtækið smíðað fjölda, íbúða bæði fjölbýli og sérþýli. Einnig hefur fyrirtækið tekið að sér breytingar á atvinnuhúsnæði fyrir fyrirtæki og stofnanir. Er þá tekið þátt í útboðum og farið eftir teikningum arkitekta við breytingar. Sérverk hefur getað nýtt innréttingaverkstæðið til að annast slík verk og boðið heildarlausnir fyrir sína viðskiptavinum.

### Glerveggir

Sérverk hóf árið 2002 að flytja inn breska glerveggi frá Planet sem mörg fyrirtæki hafa nýtt sér. Er þetta hugsað til að stúka af og útbúa opin rými og hefur þetta fallið vel að starfsemi Sérverks. Einnig hefur síðustu ár verið boðið uppá hljóðgler sem er mjög áhugaverður kostur, sem og hurðir sem eru mjög góðar varðandi hljóðvist.

### Innréttingar

Sérstaða Sérverks er heildarlausnir í breytingum á húsnæði fyrir fyrirtæki þar sem Sérverk er með allt á sinni hendi. Smíðar fataskápa, innihurðir, eldhúsinnréttingar og baðinnréttingar og skaffar glerveggi fyrir þau fyrirtæki sem þess óska. Íbúðir frá Sérverk er öllum skilað með



Slakað á í kaffinu.





Fjölbýlishús í Kópavogsgæði byggt af Sérverk.



Franklín Sigurðsson við vinnu á tölvustýrðum fræsara.

vönduðum og sérsmíðuðum innréttingum frá okkur. Þetta er mikill kostur og hefur mikla hagræðingu fyrir okkar viðskiptamenn og fyrirtækið sjálft í för með sér.

### Framtíðarsýn

Við horfum björtum augum til framtíðar, þar sem verkefni, framkvæmdir og uppbygging byggingariðnaðarins verður stór þáttur í okkar rekstri og með okkar tækjakost og mannauð eru okkur allir vegir færir á komandi árum.

### Aðsetur

Fyrirtækið hefur aðsetur í nýju húsi sem var reist árið 2017 sem er staðsett í Tónhvarfi 9 í Kópavogi, þar er 1800 fermetra vinnslusalur með 600 fm skrifstofurými, samhliða því var tækjakostur nánast allur endurnýjaður og er með því besta sem gerist í dag til innréttingasmíða.

### Mannauður

Einn meginstyrkur fyrirtækisins er lítil starfsmannavelta. Þar með hefur safnast upp mikil starfsreynsla, þekking og hæfni sem mikil verðmæti eru fólgin í.

Hjá fyrirtækinu starfa að meðaltali um 26 manns sem dreifist í hinar ýmsu deildir innan fyrirtækisins, einnig er mikill fjöldi undirverktaka og aðstoðarfólks. Mikill fjöldi okkar starfsmanna eru menntaðir húsgagnsmiðir og húsasmíðir. Við erum lánsamir að hafa gott og hæft starfsfólk innan okkar vébanda.



Glerveggir.



Sérsmíðuð innrétting.



Steindórhagi 12-18. Jóhanna og Hafsteinn.

## Sigurgeir Svavarsson



Guðmundur, David og Jóhannes.



Kaffipása.



Starfsmannaféð til Ólafsfjarðar.

Sigurgeir Svavarsson ehf. er byggingarverktaki á Akureyri. Fyrirtækið var stofnað árið 2003 af Sigurgeiri Svavarssyni, byggingarmeistara og hafa umsvif þess aukist mjög á undanförunum árum. Áður en Sigurgeir stofnaði fyrirtækið hafði hann í áratug starfað í ýmsum viðhalds- og breytingaverkefnum í byggingariðnaði, annað hvort einn eða í samstarfi við aðra, fyrst og fremst í Ólafsfirði og á Akureyri.

### Sagan

Eftir stofnun Sigurgeirs Svavarssonar ehf. árið 2003 var Sigurgeir eini starfsmaður fyrirtækisins en það breyttist fljótt með auknum umsvifum og stærri verkefnum. Framan af var fyrirtækið mest í fjölbreyttum viðhaldsverkefnum og endurbótum en á síðustu árum hefur það í auknum mæli byggt og selt nýbyggingar, fyrst og fremst raðhús og einbýlishús. Einnig hefur Sigurgeir Svavarsson ehf. tekið að sér fjölbreytt verk fyrir einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Fram að þessu hefur bróðurpartur verka sem fyrirtækið hefur unnið verið á Eyjafjarðarsvæðinu, að stærstum hluta á Akureyri.

### Mannauður

Hjá Sigurgeiri Svavarssyni ehf. starfar öflugur og góður hópur starfsmanna en á árinu 2020 voru fimmtán ársverk hjá fyrirtækinu. Mikill meirihluti starfsmanna eru menntaðir húsasmiðir. Á árinu 2020 kom Þórhallur Másson inn í fyrirtækið sem hluthafi en hann hefur starfað hjá því síðan 2012.

### Verkefni

Nýbyggingar Sigurgeirs Svavarssonar ehf. eru afhentar kaupendum fullfrágengnar. Fyrirtækið hefur haft þá stefnu, ef þess er kostur, að kaupa glugga, hurðir og innréttingar af fyrirtækjum í heimabyggð. Á árinu 2020 voru stærstu verkefni Sigurgeirs Svavarssonar ehf. raðhúsabyggingar við Steindórhaga 12-18, og Halldóruhaga 3 á Akureyri. Einnig hóf fyrirtækið byggingu aðstöðuhúss fyrir Siglingaklúbbinn Nökkva. Verkaupi er Akureyribær.


### Sérhæfing

Á síðustu árum hefur Sigurgeir Svavarsson ehf. sérhæft sig og lagt áherslu á byggingu húsa úr krosslímdum timbureiningum. Þessi byggingarmáti er ekki nýr af nálinni á Íslandi en hefur í auknum mæli verið að ryðja sér til rúms á undanförunum árum. Byggingar úr krosslímdum timbureiningum eru vistvænar og hagkvæmar og byggingartíminn er skemmri en í steinsteyptum húsum.





*Þórhallur, Guðmundur, Jóhannes, Jakob, Hafsteinn, Vádim og Síurgeir.*



*Siglingaklúbburinn Nökkvi Akureyrri*





Borun í Vaðlaheiðargöngum.

## Skútaberg



Verið að hífa upp mastur stólalyftu í Hlíðarfjalli á Akureyri.



Borun og sprengingar í námu í Skútum.

Skútaberg ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað í janúar árið 2008 utan um jörðina Skúta í Hörgársveit, þar sem skipulögð var efnistaka og efnisvinnsla úr grjótnámu allt að 10 milljónir rúmmetra. Eigendur eru systkinin Björn, Margrét, Þór, Sigurbergur og Þorvaldur Konráðsbörn. Foreldrar þeirra eru Konráð Vilhjálmsson frá Ytri-Brekum II Skagafirði og Valgerður Sigurbergsdóttir frá Svínafelli Nesjum Hornafirði. Ólust þau upp á Ytri-Brekum II í Skagafirði og byrjuðu systkinin snemma í verktakabransanum með föður sínum sem átti jarðýtu og vann við ýmis verkefni fyrir bændur í vegagerð og brúarsmíði um land allt.

Eigendur eru allir búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir utan Þorvald sem býr í Seattle í Bandaríkjunum og vinnur þar hjá Skanska USA Civil sem er stórt verktakafyrirtæki eftir að hann lauk námi í byggingaverkfræði frá háskólanum í Seattle. Bræðurnir eru með yfir 35 ára reynslu á vinnuvélum, vörubílum, borvinnu og sprengingum. Margrét hefur unnið í bókhaldi í yfir 20 ár. Valgerður móðir þeirra hefur staðið vaktina í eldhúsinu og eldað ofan í mannskapinn frá upphafi. Konráð faðir þeirra vann fram til síðasta dags en hann lést árið 2011.

### Vinnulag og framleiðsluferli

Verkefni Skútabergs eru mjög fjölbreytt en helstu verkefni fyrirtækisins eru efnisvinnsla og margskonar verkefni í jarðvinnu og borunum. Eitt af fyrstu verkefnum fyrirtækisins var að gera sjósi, grjótgarð og frárennsli frá aflþynnuverksmiðjunni Becromal/TDK ehf. á Krossanesi á Akureyri. Ótal önnur verkefni hafa verið unnin í gegnum árin og ber þar helst að nefna eftirfarandi: Djúpadalsvirkjun jarðvinnna, efnisvinnsla Héðinsfjarðargöng, Hraunaveita frágangur, Hofsbót á Akureyri dýpkun og breyting á varnargarði og landfylling, Glerárvirkjun II jarðvinnna, Vaðlaheiðargöng efnisvinnsla, jarðvinnna, leiga tækja og frágangur, Hlíðarfjall jarðvinnna vegna nýju stólalyftunnar, Kröflulína borun og grautun við undirstöður staura. Eitt af aðal verkefnum fyrirtækisins er líkt og áður segir efnisvinnsla. Unnið hefur verið við efnisvinnslu fyrir mörg verkefni, þ.á.m. Héðinsfjarðargöng, Dettifossveg, Þeistareykjaveg, Vaðlaheiðargöng sem og ýmis efnisvinnsla fyrir Vegagerðina á Norðurlandi-eystra.

### Skipulag og sérstaða

Skútaberg starfrækir efnisnámu að Skútum í Hörgársveit. Í efnisnámunni á Skútum er steinefni unnið úr klöpp í margskonar verkefni eins og steinefni í malbik og klæðningar og svo fyllingar- og burðarlags efni í ýmskonar verkefni. Sprengt grjót er einnig notað mikið t.d. í varnargarða og hafnarverkefni. Skútaberg er steinefnaframleiðandi á Norðurlandi og leggur mikinn metnað í steinefnaframleiðslu sína. Unnið hefur verið að CE vottun steinefna vegna framleiðslu á steinefni í steypu og klæðingar og tók sú vottun gildi árið 2018. CE-vottunin fer fram með þeim hætti að BSI á Íslandi sendir sérfræðing frá Bretlandi til að taka út steinefnaframleiðsluna og gæðavottunina á hverju ári eftir þar til gerðum stöðlum.





Flutningur á hækkun á yfirfalli vegna Djúpadalsvirkjunar.

Öflug rannsóknarstofa er til húsa í Sjafnarnesi 2, þar sem framkvæmdar eru flestar nauðsynlegar rannsóknir á steinefni og steypu. Árið 2019 voru fest kaup á Combo X400 þvottastöð fyrir steinefni, sem afkastar 250 tonn pr.klst. og flokkar efni í 5 flokka. Er þetta mikil framför í að þvo steinefni fyrir klæðingar og fleiri verkefni þar sem að þvottastöðin endurnýtir vatnið 90% og sparast þar með mikið vatn og er vistvænna að endurnýta vatnið og auk þess minnkar mengun. Mun þvottastöðin því auka enn frekar gæði þess efnis sem fyrirtækið framleiðir og selur. Skútabergr er með 4600 tonna birgðastöð fyrir sement á Akureyri og 2800 tonna birgðastöð á Reyðarfirði og hefur verið í samstarfi við Aalborg Portland Íslandi með dreifingu á sementi.

#### Framtíðarsýn

Fyrirtækið leggur líkt og áður segir mikinn metnað í steinefnaframleiðslu sína og stefnir því á að vera áfram leiðandi á því sviði. Eigendur horfa til þess að selja efni bæði til malbiks- og steypuframleiðslu til Reykjavíkur og út fyrir landsteinana sem er þá mokað um borð í skip og siglt með það á áfangastað.

#### Aðsetur

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru að Sjafnarnesi 2, 603 Akureyri. Þar er skrifstofu-, starfsmanna- og verkstæðisaðstaða. Efnisvinnsla og efnisnáma fyrirtækisins er líkt og áður segir á Skútum í Hörgársveit.

#### Mannauður og starfsmannafjöldi

Starfsmenn fyrirtækisins eru um 20 talsins. Vinnuvéla- og meiraprófs starfsmenn eru um 16, skrifstofustarfsmenn eru þrír, á rannsóknarstofu eru tveir og í mötuneyti er einn. Fyrirtækið hefur verið lánsamt með starfsmenn sína en margir þeirra hafa fylgt fyrirtækinu frá upphafi.

#### Velta og hagnaður

Skútabergr hefur gengið vel síðan það var stofnað og fyrirtækið stækkað jafnt og þétt í gegnum árin.



Vatnsgámar fluttir frá Gáseyri til Skúta.



Combo þvottastöð.



Lenging á útrásarröri, Sandgerðisbót Akureyri.



Unic 706 kraninn lyftir innandyra 4,5 tonna hreyfli úr Boeing 747 flugvél.



6t JMG kraninn að hífa hvalalíkan í Hvalasýningunni Whales of Iceland.

## Smákranar



Eigendur eru hjónin Erlingur Snær Erlingsson og Hildur Björg Ingibertsdóttir.



Unic 295 kraninn heldur uppi ljósatjaldi við kvikmyndatöku hjá Raufarhólshelli.



Liebherr LTC 1045-3.1 kraninn að hífa efni í nýbyggingu Innes í Korngörðum.

Það var árið 2003 að ný tegund vinnuvéla vakti athygli hjónanna Erlings og Hildar. Þetta voru svonefndir smákranar. Það sem skipti máli var að þessum tækjum var hægt að beita á stöðum þar sem hefðbundnum krönum var ekki unnt að beita, svo sem eins og innanhúss, í görðum, kjallarabyggingum, uppi á þökum háhýsa og öðrum óaðgengilegum stöðum. Hjónin réðust í að fá til landsins fyrsta UNIC smákranann. Hlutirnir fóru hægt af stað en svo fóru sífellt fleiri verktakar að veita þessari nýjung athygli og þá einkum hve auðvelt var að beita krananum innanhúss til hífinga. Í kjölfarið jukust umsvifin og árið 2007 bættust við tveir smákranar með vaxandi verkefnum.

### Starfsemin

Árið 2011 urðu svo þáttaskil í sögu Smákrana ehf. Þegar fest voru kaup á P&H krana með 25 tonna lyftigetu, sem kom sér vel á stærri verksvæðum. Smákranar ehf. fengu söluumboð fyrir ítölsku JMG rafmagnssmákranana, sem eru á hjólum eins og rafmagnslyftarar. Þeir eru búnir lyftitölvu (SLI), sem tilgeinir nákvæmlega hve hátt og langt er hægt að hífa byrði. Tveir kranar, 2,5 tn og 6 tn voru keyptir og hafa sannarlega reynst frábærlega.

Það var svo árið 2015 sem stærsti krani Smákrana ehf. kom til landsins. Hann er af gerðinni Liebherr LTM 1045.1. Þetta er 45 tn bílkrani sem hentar viðskiptavinum Smákrana ehf. vel þrátt fyrir stærðina. Árið 2016 var bætt við tveimur UNIC smákrönum, UNIC 295 og UNIC 706 en sá er með 20 metra bómu og 3ja metra jibb framlengingu.

Í október 2017 var svo keyptur glænýr bílkrani af gerðinni Liebherr 1045-3.1. Sá er líkur þeim eldri nema með 36 metra bómu sem lengja má með jibbi í 50 metra.

### Vöxtur

Þannig hefur vöxtur fyrirtækisins verið stöðugur frá byrjun og allt verið fylgst vel með þróun tækni og tækja á markaðnum.

### Starfsmenn og aðsetur

Fastir starfsmenn Smákrana ehf. eru nú fimm talsins. Eigendur eru hjónin Erlingur Snær Erlingsson, sem jafnframt er framkvæmdastjóri og Hildur Björg Ingibertsdóttir, sem er fjármálastjóri Smákrana ehf.

Aðsetur Smákrana ehf. er að Stórahjalla 15 í Kópavogi. [www.smakranar.is](http://www.smakranar.is)





*Snókur verktakar vinna jarðvegsvinnu fyrir nýja Landspítalann.*

## Snókur verktakar

Snókur verktakar ehf. var stofnað þann 1. maí 2006 af Einari P. Harðarsyni og sonum hans, Hrafn og Kristmundi Einarssonum. En stofnun þess má rekja til þess þegar synir Einars komu af fullum þunga inn í reksturinn með honum en grunnur fyrirtækisins nær aftur nokkra áratugi en Einar Pétur hefur alla tíð verið verktaki á sviði vélaverktöku.

### Starfsemin

Snókur verktakar ehf. er jarðvinnufyrirtæki sem sérhæfir sig í almennum jarðvegsframkvæmdum, s.s. gatnagerð, lóðavinnu og lóðagerð, lagnavinnu ásamt efnisflutningum og efnisútvegum. Rík áhersla er lögð á gæða- og öryggismál ásamt góðum og öflugum tækjakosti og fyrsta flokks mannskap. Þannig tryggir Snókur fyrsta flokks gæði þjónustu sem þeir veita sínum viðskiptavinum. Félagið hefur á að skipa öflugum tækjakosti og bílaflota og getur tekið að sér umfangsmikil verkefni á sviði jarðvinnu.

### Verkefni

Upphaflega voru verkefni félagsins á Grundartanga og nágrenni en í gegnum tíðina hefur það breyst og árið 2020 voru verkefni að mestu á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi. Þegar horft er til framtíðar þá má áætla að verkefni verði að mestu á höfuðborgarsvæðinu.

### Mannauður

Í dag eru 17 starfsmenn hjá Snók verktökum sem starfa við hin ýmsu verkefni, þetta eru vélamenn, meirprófsbílstjórar, verkstjórar og verkefnastjórar.



*Einar Harðarson, stjórnarformaður og eigandi.*



*Kristmundur Einarsson, framkvæmdastjóri og eigandi.*



*Hafís Guðlaugsdóttir, gæða- og öryggisstjóri, stjórnarmaður og eigandi.*



*Snókur verktakar eru vel tækjum og vélum búnir.*



*Hrafn Einarsson, viðhalds- og flotastjóri, stjórnarmaður og eigandi.*



Vitinn Sæbraut 91 fyrir Faxaflóahafnir og RVK.

## Spöng



Unnið í Deildartunguhver Borgarfirði. Aureliu Gonccearuc.



Unnið að stækkun Nesjavallarvirkjunar.



Unnið að dælustöðvum og lagningu vatnslagna í Heiðmörk fyrir Veitur. Jón Svan, eftirlit frá HNIT á mynd.

Frá stofnun hefur Spöng ehf. verið öflugt og framsækið byggingafyrirtæki með öflugan kjarna góðra manna. Í gegnum tíðina þá hefur félagið unnið að vandasömum og fjölbreyttum verkefnum fyrir ríki, sveitarfélög og einkaaðila þar sem óþrjótandi þekking og reynsla mannaflans hefur komið sér vel. Hafa þeir ávalt verið vel í stakk búnir til þess að takast á við hin ýmsu stig verklegra framkvæmda, hvort sem það er að reisa nýbyggingar eða viðgerðir á eldra húsnæði.

### Nafngiftin

Nafngift Spangar ehf. á sér merkilega sögu og er sótt alla leið til Þingvalla. Þar nefnist ein helsta gjáin Flosagjá, en á löngum kafla klofnar hún og kvíslast í austur yfir í Nikulásargjá. Yfir síðarnefndu gjána var lögð brú árið 1907. Skömmu eftir það tóku ferðamenn upp á þeim sið að kasta smápeningum, frá brúarbarminum, niður í vatnið og óska sér í leiðinni, en af þeim sökum varð Nikulásargjá, með tímanum, betur þekkt sem Peningagjá. Á Milli Nikulásargjár og Flosagjár liggur hraunrimi eða haft sem nefnist Spöngin. Fyrr á öldum töldu menn að þar hafi hið eiginlega Lögberg staðið til forna sem aðal fundarstaður Alþingis og því oft rætt um Heiðna-Lögberg eða Gamla-Lögberg í því samhengi, en fyrir kristnitöku munu goðin hafa hist á þessum stað og þingað með Óðni. Einnig eru uppi tilgátur að Spöng á Þingvöllum hafi þjónað hlutverki sem einkonar friðhelgur griðastaður Alþingis þar sem allir menn gátu átt frjálsa aðild og sett niður illdeilur sín í millum.

### Upphaf

Stofnendur Spangar ehf. voru hjónin Sigurbjörn K. Haraldsson, húsasmíðameistari, og Ingibjörg Sigurbergsdóttir ásamt Elvari G. Kristinssyni, pípulagningarmeistara og Halldóri Ólafssyni, rafvirkjameistara. Í gegnum árin voru fleiri hluthafar í félaginu en í dag er félagið alfarið í eigu Sigurbjörns en Ingibjörg féll frá árið 2015.

Ákvörðun um stofnun félagsins var tekin í ferð hjónanna til Þingvalla. Bæði áhugafólk um íslenska menningu og sögu þá höfðu þau það fyrir sið að halda til Spangar á Þingvöllum og sofa þar undir berum himni aðfaranótt þjóðhátíðardags Íslendinga, líkt og þingmenn til forna, og vakna þar að morgni. Var það í ferð þeirra árið 1996 að ákvörðun um stofnun félagsins var tekin. Það var trú þeirra að nafnið Spöng myndi færa starfseminni mikla gæfu sem reyndist raunin, en rekstur félagsins hefur verið einkar farsæll og umsvifamikill.

Sigurbjörn hefur í gegnum tíðina ekki verið smeykur við að taka að sér hin ýmsu verkefni sem aðrir hafa ekki lagt í.

### Helstu verkefni

Eitt af fyrstu verkefnum sem Spöng tók að sér var viðbygging við Leikskóla í Árbæ en þær framkvæmdir fóru fram veturinn 1996-1997. Frá þeim tíma hefur fyrirtækið tekist á við sífellt





Stýrverktaka á Ásatrúarhofi félagsins í Öskjuhlíð.

Stækkun leikskóla í RVK.

Framhald á næstu opnu →

stærri útboðsverkefni og hafa þar á meðal stærstu verkkaupa verið ýmsar ríkisstofnanir, má þar nefna sem dæmi Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun, Reykjavíkurborg og Ríkisspítalana ásamt Framkvæmdasýslu ríkisins sem sér um stjórn, á stórum hluta, verklegra framkvæmda fyrir hið opinbera. Nærtækustu dæmin um slík verkefni sem Spöng ehf. hefur haft yfirumsjón með eru Sjávarútvegshúsið að Skúlagötu 4 og endurbætur á St. Jósefsspítala.

Meðal helstu verkkaupa í einkageiranum hafa verið Actavis og Exista ásamt Ölgerð Egils Skallagrímssonar. Eins hefur Spöng tekið að sér ýmis önnur athyglisverð verkefni og má þar nefna niðurrif og förgun húsa eftir Varnarliðið á Keflavíkuflugvelli, smíði sundlaugar fyrir Náttúrulækningafélag Íslands og endurbætur á Amtmannsstíg 2 sem hluta af menntaskólaþorpi MR. Félagið hefur í gegnum tíðina sérhæft sig í verkefnum sem tengd eru sögu- og minjavernd. En unnið var til dæmis í nánú samstarfi við fornleifafraeðinga, sem unnu að uppgreftri samhliða byggingaframkvæmdum, þegar húsnæðið yfir landnámsbænum að Aðalstræti 16 var reist. Annað dæmi er skáli víkingaskipsins Íslendinga sem er staðsettur í Innri-Njarðvík. Í gegnum tíðina hefur Spöng átt í farsælu samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands og reist ófá sambýli fyrir fatlaða og öryrkja, til að mynda byggðu þeir sérálmu fyrir þroskaskerta og fatlaða í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, þeirri vinnu lauk 2010 en þetta verkefni hélt í raun lífinu í fyrirtækinu á hrúnárunum.

Spöng hefur komið að ýmsum framkvæmdum við grunnskólabyggingar en umsvifamesta verkefnið var án efa þegar Ingunnarskóli í Grafarholti var reistur. Spöng kom að öðrum og þriðja áfanga þess og var við hönnun hans gengið út frá stefnu skólans, hún byggir á því að einstaklingar úr ólíkum hópum koma með lýðræðislegar tillögur að því hvernig innviðirnir eru skipulagðir. Við hönnun skólans varð niðurstaðan sú að hægt er að stækka og minnka kennslustofur að vild og mynda þannig opnanleg rými þar sem kennarar leiðbeina árgangablönduðum hópum með áherslum á einstaklingsmiðað nám og þemavinnu. Spöng tók við byggingunni uppsteyptri og innréttaði bygginguna frá grunni ásamt frágangi utanhúss á árunum 2004-2005. Var þetta verkefni, þar sem framsetning þótti óvenjuleg og skapandi, einkar gefandi fyrir starfsmenn. En eins og stendur í stofnskrá félagsins þá er eitt helsta hlutverk þess „hönnun, þróun og markaðssetning hugmynda ásamt byggingastarfsemi“. Frá árinu 2012 hefur Spöng tekið að sér fjöldamörg verkefni fyrir Veitur, má þar nefna Hellisheiðarvirkjun en þar var byggð loftskýlisstöð en þar er brennisteinsvetni hreinsað úr útblæstri virkjunarinnar og fargað með því að blanda við vinnsluvatn frá virkjuninni sem er svo veitt niður í berggrunninn. Árið 2015 voru lagnir lagðar og byggð niðurdælingarstöð í Kýrdal við Nesjavelli. Hafist var handa árið 2017 við að endurnýja bæði ofan- og neðanjarðar lagnir við Deildartunguhver fyrir Veitur. Spöng lauk við að reisa þrjú borholuhús fyrir kaldvatnsborholur í Vatnsendakrika fyrir Veitur árið 2018, hvert hús var um 30 fm.

Fyrsta skóflustungan var tekin að hofi Ásatrúarfélagsins í Öskjuhlíðinni árið 2015 og hófst bygging þess árið 2017 og stendur enn yfir en um einkar glæsilega byggingu er að ræða.



Sigurbjörn að taka út steypumannvirki. Toppstöðin í Elliðarárdal.



Unnið að sambýli í Þorláksgísla 2-4.



Sigurbjörn, skeggjaður.





Unnið í Deildartunguhver í Borgarfirði.



Sigurbjörn Kristinn Haraldsson árið 2014 í grasi.



Kristinn Sigurbjörnsson í bíltúr.



Sigurbjörn og synir, Haraldur og Kristinn í Perú að skoða mannvirki fyrir okkar tíð.

Þessa dagana er verið að vinna að nýrri skólþælustöð í Flóahverfi á Akranesi ásamt því að leggja lokahönd á vatnsleiðjagarð í Elliðaárdal í tilefni af 100 ára afmæli rafstöðvarinnar í Reykjavík.

### Hugvit og nýsköpun

Sigurbjörn er mikill áhugamaður um hugvit og nýsköpun á sviði byggingaiðnaðar og fékk hann á sínum tíma styrk frá Íbúðalánasjóði til þróunar á einni af hugmyndum sínum. En hann vill meina að kreppa og samdráttur sé í raun tækifæri fyrir ferskar hugmyndir. Hefur félagið verið opið fyrir því ásamt því að tileinka sér nýja hugsun gagnvart hönnun híbýla með hollustu og vellíðan í fyrirrúmi.

Í framhaldi af þessu fékk hann stóran styrk frá Rannís í tengslum við lamineraðar vikureiningar. En markmiðið var að fullvinna byggingaeiningar úr vikri til að nota í almennar húsbyggingar. Tilgangurinn var að auka virði vikurs en þetta fjölhæfa byggingarefni hafði að mestu leyti verið flutt óunnið úr landi.

### Aðsetur og starfsmenn

Spöng var fyrst til húsa að Laugarnesvegi 100 í Reykjavík þar til starfsemin var flutt í Furulund 9, Garðabæ. Félagið fékk, árið 1999, úthlutað lóð að Bæjarflöt 15, Garðabæ. Þar var fyrsta skóflustungan tekin 17. júní 1999 og byggt var 800 fm skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum. Unnið var að byggingunni meðfram öðrum verkefnum og fluttist öll starfsemin þangað inn árið 2006. Í dag er starfsemin komin aftur í Furulund.

Spöng hefur alla tíð verið aðili að samtökum iðnaðarins. Þegar mest var störfuðu um 70 manns hjá félaginu en eftir hrunið 2008 þá fækkaði fastráðnum starfsmönnum og í staðinn þá voru fengnir undirverktakar þegar á þurfti að halda. En eftir stendur öflugur kjarni sem hefur skilað frábæru verki fyrir félagið.



Unnið að gerð brúar yfir Elliðaá. Frá vinstri: Andrés Freyr Gíslason og Ásgeir Bjarni Jóhannsson.





*Skipt um þak á hitaveitutanki fyrir Veitur. Frá vinstri: Haraldur Kristinn Gyðuson, Aureliu Goncearuc og Leszek Lowczynski.*



*Unnið í Deildartunguhver Borgarfirði. Leszek Lowczynski.*



## SS Byggir



SS Byggir ehf. er byggingafyrirtæki á Akureyri, stofnað árið 1978. Eigandi fyrirtækisins og framkvæmdastjóri er Sigurður Sigurðsson. Helstu verkefni SS Byggir ehf. eru nýbyggingar en fyrirtækið hefur byggt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði á Eyjafjarðarsvæðinu allan sinn feril.

### Starfsemin

Fyrirtækið hefur á síðustu árum byggt tugi orlofshúsa í landi Hálanda ofan Akureyrar en þar er nú ein vinsælasta orlofshúsa byggð landsins. Alls gerir fyrirtækið ráð fyrir að byggja á annað hundrað orlofshúsa í Hálöndum. Fyrirtækið hefur einnig byggt talsvert fyrir hið opinbera og má þar nefna: skóla, virkjanir, hjúkrunarheimili og sjúkrahús. Önnur stór verkefni sem SS Byggir ehf. hefur séð um er bygging beggja áfanga verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs. Að meðaltali hefur fyrirtækið byggt um eina fasteign á viku, mörg undanfarin ár.

SS Byggir ehf. rekur líka öflugt innréttingaverkstæði og framleiðir innréttingar og innihurðir undir vörumerkinu TAK-innréttingar. Gott orðspor TAK-innréttinga hefur borist víða um land og því nær markaðssvæði innréttinganna landshorna á milli. SS Byggir ehf. er leiðandi byggingafyrirtæki, fyrirtækið hefur þróað byggingalausnir sem hafa haft jákvæð áhrif á gæði nýbygginga á Íslandi. Má þar nefna: þróun á einangrun utanhúss, hljóðvist fjölbýlishúsa og notkun loftskiptikerfa með varmaendurvinnslu.



### Starfsmenn

Starfsmenn fyrirtækisins hafa mikla reynslu af byggingariðnaði og í dag eru á milli 40 og 50 starfsmenn á launaskrá SS Byggir ehf. Fyrirtækið reiðir sig þó í síauknum mæli á samstarf við undirverktaka og gróflega má gera ráð fyrir að starfsemi SS Byggir ehf. skapi um 100 ársstörf á Eyjafjarðarsvæðinu.

### Þróun og framtíð

Fyrirtækið hefur fjárfest í tækni og þekkingu og leitast þannig við skapa sér stöðu á hörðum samkeppnismarkaði. Mikil áhersla er lögð á gæði allrar vinnu og verkefna auk góðra samskipta við fólk og fyrirtæki. Með hjálp tækni og þekkingar sérhæfðs starfsfólks leitar SS Byggir ehf. stöðugt nýrra leiða til skapa nýjar og betri lausnir í byggingamálum, viðskiptavinum til hagsbóta og fyrirtækinu til framdráttar.







Brunastigi.



Svalir og handrið á sumarhús.



Auka hæð bætt ofan á hús í Vonarstræti.



Hótel Hnappavellir.

## Stálgæði

Stálgæði ehf. var stofnað árið 2005 og eru eigendur þess Erlendur Markússon vélsmíða-meistari, Magnús Karlsson vélvirki og Páll Ragnar Þórisson véliðnfræðingur. Kynni þeirra hófust þegar þeir störfuðu allir hjá Sveini S. Pálmasyni í Stálbæ ehf. Fystu árin var yfirbyggingin fábrotin og stýrt úr bílskúrnum hjá Erlendi. Eftir því sem starfsemin vatt upp á sig og viðskiptavinum fjölgaði flutti fyrirtækið í eigið húsnæði.

### Stjórn Stálgæða

Páll Ragnar Þórisson stjórnarformaður, Erlendur Markhússon framkvæmdastjóri og Magnús Karlsson meðstjórnandi.

### Verkefnin

Fyrirtækið sérhæfir sig í allri almennri járnsmíðavinnu fyrir fyrirtæki og einstaklinga, hvort sem það er stálburðarmannvirki eða fínsmíði úr svörtu eða ryðfríu stáli. Stálgæði starfar oft sem undirverktaki hjá byggingaverktökum við mannvirkjagerð en einnig vinnur það beint fyrir fasteignafélög, hótelkeðjur, stofnanir og verslanir. Stálgæði uppfyllir EXC2 (excursion class 2) við stálframleiðslu og uppsetningu stálmannvirka ásamt því að vera með byggingastjóra og stálvirkjameistara innan sinna raða. Helstu verkefni sem Stálgæði hefur tekið þátt í að byggja má nefna breytingar í Sundlaug Kópavogs, Norðlingaskóli, Göngubrú yfir Laxá hjá Búðardal fyrir Vegagerðina, Lýsi Þorlákshöfn, Hótel Hnappavellir, Bykó, Perla Norðursins og margt fleira.

### Framtíðarsýn

Það er markmið Stálgæða að vera ávallt leiðandi á sviði lausna í stáli fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Grunnildi fyrirtækisins eru virðing, heiðarleiki og samvinna við viðskiptavinum, fagmennska og metnaður í starfi. Fyrirtækið gerir sér grein fyrir mikilvægi mannauðs í hverju fyrirtæki og reynir að hlúa vel að sínu starfsfólki.

### Aðsetur, starfsmenn og meðaltalsvelta

Aðsetur Stálgæða er á Smiðjuvegi 9a í Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 10-12 starfsmenn. Stálgæði hefur verið Framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo frá 2011-2020 og stefnir á að vera áfram framúrskarandi. Meðalársvelta er um 200-400 milljónir króna.

Stálgæði er á [www.facebook.com/stalgaedi](https://www.facebook.com/stalgaedi)



Erlendur Markhússon, framkvæmdastjóri.



Magnús Karlsson, meðstjórnandi.



Páll Ragnar Þórisson, stjórnarformaður.



## Stál og suða

Járnsmiðaverkstæðið Stál og suða ehf. var stofnað árið 1998. Stofnendur þess voru Heimir Hauksson og Kristján Jónsson. Fyrst var fyrirtækið til húsa í Akralind í Kópavogi en flutti svo starfsemi sína í Stapahraun 8-10 í Hafnarfirði, þar sem aðsetur þess er í dag. Starfsemin fer einnig fram í Flatahrauni 29 í Hafnarfirði. Þann 1. mars 2021 varð Heimir Hauksson eini eigandi fyrirtækisins. Frá byrjun hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt og veltan samkvæmt því úr einni milljón króna í allt að 600 milljónir. Á þessum tíma hefur starfsmönnum fjölgað verulega og eru nú alls 28 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

### Starfsemin

Stál og suða ehf. flytur inn gler sem íhluti í handrið og svo polyhúðunarduft. Fyrirtækið er mjög öflugt í alls konar stálsmiði og hefur, m.a. þjónustusamninga við OR (Orkuveitu Reykjavíkur), Veitur, Carbix og ON (Orka náttúrunnar).

Ekki þarf að leggja mikla áherslu á marðassetningu hjá Stáli og suðu. Góð verk spyrjast út innan geirans. COVID-19 faraldurinn hefur ekki haft hamlandi áhrif á starfsemina.

Stál og suða ehf. er ekki aðili að Samtökum atvinnulífsins en hefur verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja á lista Creditinfo árin 2018-2021.

### Samfélagsmál

Stál og suða ehf. styður við íþróttastarfsemi og njóta Stjarnan og Afturelding þess.



Heimir Hauksson, eigandi.







## Steiney

Steiney ehf. er rótgróid verktafyrirtæki á Vopnafirði í eigu Eyjólfss Sigurðssonar sem stofnaði fyrirtækið árið 1984, þegar hann keypti sér steypubíl. Tveimur árum seinna kaupir Steiney tæki og tól Sigurðar Björnssonar, föður Eyjólfss, sem hafði áratugum saman unnið við vörubílaakstur í Vopnafirði.

### Starfsemin

Verkefni Steineyjar verið mörg og mismunandi þau ríflega 35 ár sem fyrirtækið hefur verið starfrækt. Fyrst um sinn var mest áhersla lögð á sölu steinsteypu en með kaupum á fleiri og fjölbreyttari tækjum óx og dafnaði starfsemin með árunum. Auk steypunnar má segja að stærstu verkefni hafi í gegnum tíðina verið snjómokstur og ýmiskonar vegavinna í og við Vopnafjörð fyrir Vegagerð ríkisins, þjónusta við sjávarútveg á Vopnafirði og kranavinna. Smærri verkefni og þjónusta af margskonar toga við smærri fyrirtæki og einstaklinga hefur ávallt verið stór hluti af starfseminni auk þess sem skólaakstri var sinnt af fyrirtækinu í 10 ár. Síðustu ár hefur fyrirtækið einnig séð um sorpmál Vopnafjarðarhrepps. Árið 2020 kom Steiney að kaupum á dagvöruversluninni Kaupúni á Vopnafirði sem Eyjólfur og eiginkona hans, Berghildur Fanney Oddsén reka, auk húseignarinnar. Það ár fjárfesti Steiney einnig í litlu trésmíðaverkstæði og mun tíminn leiða í ljós hvernig sú starfsemi þróast. Heilsársstöðugildi við fyrirtækið eru í dag fjögur talsins.







## Steypustöð Ísafjarðar

Það var fyrirtækið Kubbur ehf. sem stofnaði Steypustöð Ísafjarðar á sínum tíma. Núverandi eigendur, þeir Einar Pétursson og Helgi Hjartarson keyptu fyrirtækið árið 2017. Steypustöðin hefur haft aðsetur að Suðurtanga 12 á Ísafirði frá stofnun.

### Starfsemin

Steypustöð Ísafjarðar rekur, eins og nafnið bendir til, steypustöð auk þess að vera verktaki í almennri jarðvinnu, efnisvinnslu og snjómokstri. Starfsmenn eru á bilinu 5 til 6. Fyrirtækið er ágætlega tækjum búið og þess er gætt að viðhalda tækjum eftir föngum.

### Velta

Veltan hefur aukist í gegnum tíðina og var til að mynda um 150 milljónir króna árið 2017 en náði um 300 milljónum króna árið 2020.

### Verkefni

Verkefni eru oft ærin utanbæjar og má nefna að fyrirtækið hefur sinnt steypuvinnu við væntanlegan útsýnisvall á Bolafalli, lagt burðarlag á veginn í Bjarnardal, ekið grjóti til röðunar við nýju brúna í botni Tálknafjarðar og annast snjómokstur og snjóruðning víða.

### COVID-19

Steypustöðin og starfsemi hennar varð ekki fyrir áhrifum af völdum heimsfaraldursins og þurfti ekki að grípa til sérstakra ráðstafana vegna hans.

### Samfélagsmál

Steypustöð Ísafjarðar lætur styrki af hendi rakna til íþróttafélaga á svæðinu og þá einkum til barnastarfs.





Jónas, Kristinn, Kjartan og Þorgrímur.

## Steinsteypir

Steinsteypir ehf. var stofnað árið 1993 á Hafralæk í Aðaldal í Þingeyjarsýslu. Stofnendur voru þeir Sveinn Trausti Haraldsson, Jónas Konráð Ásgrímsson og Ásgrímur Þórhallsson. Aðalstarfsemi félagsins hefur verið framleiðsla og steypusala frá þeim tíma eða í ríflegan aldarfjórðung. Félagið hefur einnig sinnt jarðvinnu, steypusögun, múrbroti og kjarnaborunum frá fyrstu tíð. Lengi vel var félagið með steypustöð á Höfða á Húsavík og seinna keypti það verkstæðishúsnæði af Sorpsamlagi Þingeyinga sem einnig stendur við Höfða.

### Aðsetur

Mikil vatnaskil urðu í rekstri félagsins árið 2015 þegar öll starfsemin var flutt í Haukamýri 3 á Húsavík og stór og öflug steypustöð reist þar ásamt annari aðstöðu fyrir starfsemi félagsins. Samhliða þessum breytingum var bæði steypustöð og verkstæði við Höfða selt og starfseminni komið fyrir á einum stað.

### Steypuverkefni

Stærstu steypuverkefni undanfarinna ára hafa verið virkunarframkvæmdir á Þeistareykjum, uppbygging PCC á Bakka, jarðgangnagerð frá Húsavíkurhöfn á Bakka og endurnýjun við Laxárvirkjun. Félagið sinnir einnig umtalsverðum akstri fyrir skipafélögin ásamt því að sinna uppskipun á hráefni fyrir verksmiðju PCC á Bakka. Veruleg endurnýjun og aukning hefur átt sér stað í tækjakosti félagsins s.l. misseri og er fyrirtækið því vel tækjum búið sem jarðvinnuverktaki og í akstri hvort heldur er með efni, vörur eða gáma.



Baldur B.



Sveinn Trausti ásamt starfsmönnum.



Löndun fyrir PCC.





Steypt í Lyngholti. Eybór Þorgrímsson.



Sjóböð steypt.

### Starfsmenn

Hjá Steinsteypi starfa í dag 15 starfsmenn. Eigendur félagsins eru þrír, bræðurnir Jónas og Kristinn Ásgrímssynir og Friðrik Sigurðsson.



Steypt á Húsavík.



Jónas við steypusögun.





Steypstæði með silói í Hlíðarfelli á Akureyri vegna stóralyftu.

## Steypustöð Akureyrar



Jarðýta að draga steypubíla í Hlíðarfelli á Akureyri vegna stóralyftu.

Steypustöð Akureyrar ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað í febrúar árið 2008. Eigendur eru systkinin Björn, Margrét, Þór og Sigurbergur Konráðsbörn. Foreldrar þeirra eru Konráð Vilhjálmsson frá Ytri-Brekkum II, Skagafirði og Valgerður Sigurbergsdóttir frá Svínafelli, Nesjum Hornafirði. Ólust þau systkinin upp á Ytri-Brekkum II í Skagafirði og byrjuðu bræðurnir snemma í verktakabransanum með föður sínum sem átti jarðýtu og vann við ýmis verkefni fyrir bændur, í vegagerð og brúarsmíði um land allt. Eigendur eru öll búsett á Eyjafjarðarsvæðinu.

Bræðurnir eru með yfir 35 ára reynslu á vinnuvélum, vörubílum og 25 ára reynslu af steypuframleiðslu. Margrét hefur unnið í bókhaldi í yfir 20 ár. Valgerður móðir þeirra hefur staðið vaktina í eldhúsinu og eldað ofan í mannskapinn frá upphafi. Konráð faðir þeirra vann fram til seinasta dags en hann lést árið 2011.

### Vinnulag og framleiðsluferli

Steypustöð Akureyrar ehf. starfrækir steypustöð að Sjafnamesi 2, Akureyri og er þar framleidd steypa í margskonar verkefni. Steypustöð Akureyrar framleiðir steypu fyrir almennan markað á Akureyri og nærsvæitum ásamt því að sinna sérstökum verkefnum meðfram því. Steypustöð Akureyrar býr einnig til steypa legósteina sem margskonar not eru fyrir og njóta síaukinnar vinsælda.

Árið 2019 var reist Liebherr Mobimix steypustöð en framleiðslugeta hennar er mjög mikil en hún afkastar 100 m<sup>3</sup> á klukkutíma. Hún leysti af hólmi Elba ESM 60 steypustöð sem var reist á Egilsstöðum í samstarfi við Yl ehf. og sjá þeir um rekstur og sölu á steypu á Egilsstöðum. Steypustöð Akureyrar ehf. leigir 2 stk. Marcantonini steypustöðvar til Húsavíkur önnur steypir 80 m<sup>3</sup> pr. klst. og hin steypir 20 m<sup>3</sup> pr. klst. og er hún rekin af Steinsteypir ehf. á Húsavík. Árið 2015-2019 voru þær notaðar við framkvæmdir á Þeistareykjum, Bakka og Laxárvirkjun á almennan markað á Húsavík og nágrenni.

Árið 2020 leigir Steypustöð Akureyrar 1 stk. færanlega Fibo 55/8-2200 steypustöð til framleiðslu á steypu til brúargerðar á Steinavötnum - Fellsá - Kvía - Brunná á Suðurlandi. Steypustöðin í Reykjavík er framleiðsluaðili á steypunni fyrir Ístak hf.

Steypustöð Akureyrar notar CE vottuð hráefni í steypuframleiðslu sína. Sementið kemur frá Aalborg Portland í Danmörku og fylliefnin koma frá Skútabergi.

### Gæðaeftirlit

Öflugt gæðaeftirlit er við steypuframleiðsluna. Gerir Steypustöð Akureyrar hluta af því innra eftirliti sjálft og um það sér gæðastjóri Karsten Iversen steypusérfræðingur sem er með margra ára reynslu. Einnig er ytra eftirlit, unnið af Verkfræðiskrifstofunni Eflu. Með þessu gæðaeftirliti tryggir Steypustöð Akureyrar stöðuga steypuframleiðslu.



Liebherr steypustöð.





Mercedes Bens steypubílar.

### Verkefni Steypustöðvar Akureyrar hafa verið fjölbreytt í gegnum árin

Árin 2013-2018 var framleidd steypa fyrir Vaðlaheiðargöng, tæpir 50.000 m<sup>3</sup> og er það langstærsta steypuverkefnið sem Steypustöð Akureyrar ehf. hefur sinnt. Þar voru oft á tíðum erfiðar aðstæður við afhendingu steypunnar vegna krefjandi aðstæðna í göngunum. Árið 2019 var meðal annars unnið við steypuframleiðslu í Hlíðarfjalli vegna nýrrar stólalyftu. Þar þurfti að steypa um 600 m<sup>3</sup> og koma þeim upp í Hlíðarfjall við mjög krefjandi aðstæður. Þurfti að nota jarðýtu til að draga steypubíla upp í efstu stöð. Einnig var notuð grafa með steypusíló til að koma steypunni á sinn stað ef ófært var fyrir önnur tæki.

### Skipulag og sérstaða

Steypustöð Akureyrar notar líkt og áður segir eingöngu CE vottuð hráefni í steypuframleiðslu sína og er það krafa nútímans að öll framleiðsluferli séu vottuð og rekjanleg. Þessu tengt er fullkomin rannsóknarstofa við steypustöðina þar sem eru framkvæmdar allar helstu rannsóknir og nauðsynlegar rannsóknir við innra eftirlit.

### Framtíðarsýn

Steypustöð Akureyrar leggur mikinn metnað í steypuframleiðslu sína og stefnir á að auka enn á gæði steypunnar meðal annars með því að fara að nota sand sem er sprengdur, malaður, kúbiseraður og þveginn úr sprengdri klöpp. Þannig næst enn meiri stöðugleiki í framleiðslu á steypu þar sem að bæði er notaður sandur og perla í steypu blöndu.

### Aðsetur

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru að Sjafnarnesi 2, 603 Akureyri. Þar er skrifstofu-, starfsmanna- og verkstæðisaðstaða.

### Mannauður og starfsmannafjöldi

Starfsmenn fyrirtækisins eru um 8 talsins og eiga þeir það sameiginlegt að vera flestir með vinnuvéla- og meiraprófsréttindi.

### Velta og hagnaður

Steypustöð Akureyrar hefur gengið vel síðan fyrirtækið var stofnað. Fyrirtækið hefur bætt talsvert við bílaflota sinn seinustu ár. Árið 2016 voru keyptir þrír nýir Mercedes Benz steypubílar og árið 2018 var keypt ný Mercedes Benz Putzmeister steypudæla. Fyrirtækið á í heildina fjórar steypudælar og 8 steypubíla.



Mercedes Benz steypudæla.



Mercedes Benz steypudæla með tunnu.



Vinna við lagningu hitaveitu í Hegranesi í Skagafirði.

## Steypustöð Skagafjarðar



Frá vinstri: Ásmundur Pálmason, Svala Jónsdóttir, Friðrik Pálmason og Ásta Pálmadóttir.

Steypustöð Skagafjarðar ehf. var stofnuð af Pálma Friðrikssyni, Garðari Guðjónssyni, Byggingafélaginu Hlyn hf. og Kaupfélagi Skagfirðinga í mars 1972 og hefur því framleitt steypu í tæp 50 ár. Pálmi Friðriksson og fjölskylda hans keyptu allt fyrirtækið í desember 1989 og breyttist þá starfsemi fyrirtækisins töluvert og varð mun víðtækari og má segja að þá hafi fyrirtækið orðið alhliða verktakafyrirtæki. Árið 2005 voru fyrirtækin, Vinnuvélar Pálma Friðrikssonar ehf. og Stálsþyrnan ehf. sem rekin höfðu verið samhliða Steypustöðinni og í eigu fjölskyldunnar, sameinuð rekstrinum, en þau voru sérhæfð í lagningu ljósleiðrara, rafmagnsstrengja og annarra lagna. Einnig rekur Steypustöð Skagafjarðar ehf. efnisvinnslufyrirtækið Króksverk ehf.

### Aðsetur og eigendur

Á Sauðárkróki eru höfðustöðvar fyrirtækisins, þar eru skrifstofur, aðstaða til viðhalds tækja og blöndunarstöð. Núverandi eigendur eru Ásmundur Pálmason, Friðrik Pálmason og Ásta Pálmadóttir og er daglegur rekstur í höndum þeirra.

### Starfsemin

Fastir starfsmenn við fyrirtækið eru yfir 20 allt árið en eru fleiri á álgastímum. Fyrirtækið hefur yfir að ráða fjölda bíla og tækja til jarðvinnu, vetrarþjónustu og strengjalagna. Blöndunarstöð til steypuframleiðslu var endurnýjuð árið 2005, er mjög fullkomin og er öll framleiðslan tölvustýrð. Gæðaeftirlit með framleiðslunni uppfyllir ströngustu kröfur.

### Verkefni

Steypustöð Skagafjarðar ehf. hefur á þessum fimmtíu árum framleitt steinsteypu í mannvirki af öllum stærðum og gerðum. Auk steypuframleiðslu eru unnin ýmis verk um allt land, s.s. hafnarframkvæmdir, vegagerð, hitaveituf framkvæmdir, lagning rafmagnsstrengja, ljósleiðara, auk alls kyns jarðvinnu o.fl. mætti nefna.

### Markmið

Markmið fyrirtækisins er að skapa sér orðstír um að það sé traust, vel rekið fyrirtæki sem skili af sér góðu verki og hafi yfir að ráða reyndum mönnum í allar helstu framkvæmdir sem það tekur að sér. Steypustöð Skagafjarðar ehf. er á meðal þeirra 2% íslenskra fyrirtækja sem uppfylla ströng skilyrði greiningar Creditinfo á framúrskarandi fyrirtækjum frá árinu 2016. Einnig er Steypustöð Skagafjarðar á meðal 2,8% íslenskra fyrirtækja sem uppfylla ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar og er fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2020.

### Velta

Árið 1999 var ársvelta rúmar 86 milljónir og árið 2020 var velta fyrirtækisins um einn milljarður.



Lagning háspennustrengs frá Ísafirði í Bolungarvík.



Lagning ljósleiðara í Arnarfirði.





Lagning hitaveitu í Akrahreppi.



Vegagerð í Hrutafirði.



Lagning háspennustrengs á Snæfellsnesi, Grunarfarðarlínu 2.



Steypuvinna í Húnavatnssýslu.



Merkur steypubíll með nýju merki Steypustöðvarinnar.



Myndir frá starfsemi.



## Steypustöðin



Björn Ingi Victorsson, forstjóri Steypustöðvarinnar.

### Saga Steypustöðvarinnar ehf & Loftorku ehf

Steypustöðin hóf starfsemi árið 1947 og var frumkvöðull í Evrópu í því að framleiða steypu úr steypubifreiðum og varðaði þannig brautina í mannvirkjagerð á Íslandi á mesta uppgangstíma Íslandssögunnar eftir lok síðari heimstyrjaldar. Núverandi félag er byggt á grunni þess félags sem stofnað var 1947.

### Starfsemin

Meginstarfsemi Steypustöðvarinnar er framleiðsla á blautsteypu, þar sem mikil áhersla er lögð á gæðamál og öll íblöndunar- og fylliefni sem notuð eru í steinsteypu eru samkvæmt kröfum byggingareglugerðar. Stöðugt er unnið að vöruþróun og innleiðingu nýjunga í framleiðslu og í raun má segja að blautsteypa sem framleidd er í dag sé hátæknivara sem verður til með tölvustýrðum framleiðsluferlum sem byrja í steypustöð og enda með dælingu úr steypubíll á byggingastað. Félagið rekur eigin rannsóknarstofu þar sem stöðugt er fylgst með gæðum allra ferla framleiðslunnar. Auk framleiðslu á blautsteypu eru framleiddar hellur og allt sem því tilheyrir í fullkominni helluverksmiðju og félagið rekur múrverslun á Malarhöfða þar sem, m.a. eru seld hágæða múrefni sem félagið flytur inn. Steypustöðin býður einnig uppá þjónustu flotbíla sem þjónusta nýbyggingar og endurbætur um allt land með ílagnaefni í gólf af margvíslegum toga.

### Aðstaðan

Steypustöðin er með höfuðstöðvar á Malarhöfða. Þar eru skrifstofur og stærsta steypustöð félagsins. Steypustöðin er einnig með steypustöðvar á Selfossi, Vík í Mýrdal, Helgúvík og í Borgarnesi. Þjónustugeta félagsins spannar yfir stórt landssvæði og félagið getur þjónað stórum hluta landsmanna í steypu, hellum, múrverum, einingum og öllu sem viðkemur burðarvirkjum í mannvirkjagerð.

### Kaup á Loftorku

Um áramótin 2016/2017 keypti Steypustöðin ehf. Loftorku Borgarnesi ehf., en saman eiga þessi fyrirtæki langa sögu sem nær yfir samtals 125 ár í framleiðslu og þjónustu á vörum fyrir byggingamarkaðinn á Íslandi. Fram til þessa höfðu þessi félög, hvort á sínu sviði, verið í fararbroddi í innleiðingum nýjunga í byggingariðnaði í landinu.

Með kaupum á Loftorku Borgarnesi útvíkkaði Steypustöðin þjónustunet sitt við sína viðskiptavini umtalsvert í einingum, holplötum, filigranplötum og steinsteiptum rörum. Loftorka Borgarnesi er eins og Steypustöðin rótgróið fyrirtæki, sem stofnað var 1962 og hefur þróast í gegnum árin úr því að vera þjónustuaðili með loftpressu sem nafn þess er dregið af, upp í það að vera ein öflugasta einingaverksmiðja landsins í steiptum einingum og rörum. Starfsemi Loftorku Borgarnesi byggðist fram til 1981 fyrst og fremst á þjónustu við nærsvæðið, framleiðslu á blautsteypu, verktakastarfsemi og helluframleiðslu.





*Með fyrstu steypubílunum.*



*Höfuðstöðvar Steypustöðvarinnar í upphafi.*

Framhald á næstu síðu →



*Halldór Jónsson fyrrverandi forstjóri Steypustöðvarinnar og Árni Oddsson þáverandi verkstjóri. Í Alþýðublaðinu 21. ágúst 1971 segir: „Milljónasti rúmmeterinn af steypu var afgreiddur til Afís Sf í gærmorgun, en milljón rúmmetrar af steypu dygðu til þess að byggja 25 þúsund íbúðir eða 10 Búrfellsvirkjanir.“*



Forsteyptar einingar.

Það ár hófst framleiðsla á steiptum húseiningum sem í gegnum árin hefur þróast mikið, framleiðslan byrjaði í 1.100 fermetrum og er í dag með margvíslega framleiðslu á forsteyptum einingum og rörum í rúmlega 9.000 fermetrum.

Í framhaldi af kaupum á Loftorku Borgarnesi ehf. hélt Steypustöðin áfram að styrkja innviði sína með kaupum á Alexander Ólafssyni ehf. haustið 2017 og í upphafi árs 2018 Tak Malbik ehf. sem hafa verið aðal efnisbirgjar Steypustöðvarinnar síðustu árin, auk þess sem þessi fyrirtæki selja margs konar steinefni á markaði og eru í verktöku fyrir Vegagerðina og jarðvinnuverktaka í steinefnavinnslu.

Með kaupum á þessum efnisvinnslufyrirtækjum sem verða sameinuð í eitt fyrirtæki, verður til stærsta efnisvinnslufyrirtæki landsins. Sama gildir um steinefnaframleiðslu og steypuframleiðslu, kröfur aukast stöðugt á öllum sviðum og því mikilvægt að ráða yfir tækjum og tækni til að geta mætt þeim kröfum.



Steypur veggur.



Steipt brúargólf.





## Steypusögun Norðurlands

Steypusögun Norðurlands var stofnuð árið 2004 af Sævari Erni Sveinbjörnssyni og Boga Hólm í þeim tilgangi að búa til aukavinnu. Sævar kaupir svo Boga út og byrjar að vinna við steypusögun og bætti við sig mönnum. Árið 2008 eru 8 manns sem vinna hjá fyrirtækinu en í dag erum við 5 með Sævari.

### Starfsemin

Starfsemi hjá Steypusögun er sögun og kjarnaborun og ýmislegt tengt múrbroti. Einnig er rekin pallaleiga og stíflubjónusta.

### Eigendur

Í dag er fyrirtækið í eigu hjónanna Sævars og Hörpu Hjaltested.



Harpa og Sævar Hjaltested.





Hreyfihúsið Fellsmúla.



Blokk í Safamýri.

## Stjörnumálun



Vinna við blokk á Hagamel.

Stjörnumálun ehf. var stofnað árið 2007 af Ívari Þór Hilmarssyni en hann er jafnframt núverandi eigandi. Ívar er málameistari og hlaut meistararéttindi í faginu árið 2009. Í upphafi sinni Stjörnumálun ehf. eingöngu húsamálun en fyrirtækið sinnir í dag alhliða viðhaldi fasteigna. Stjörnumálun ehf. er framsækið og stöndugt fyrirtæki, sem getur tekist á við fjölbreytt og krefjandi verkefni hvort sem þau eru stór eða lítil.

### Starfsemin

Fyrirtækið býr að langri reynslu af alhliða viðhaldsvinnu og getur gert tilboð í krefjandi viðhaldsverkefni í samstarfi við aðra fagverktaka, t.d. smiði, múrara, rafvirkja og pípara. Fyrirtækið er vel búið tækjum og á eigið lagerhúsnæði, nokkra þjónustubíla, fjölmargar vinnulyftur og mikið magn af vinnuþöllum fyrir stærri útverk ásamt öllum þeim verkfærum og tækjum sem þarf í öll verk stór sem smá.

### Verkefni

Stjörnumálun ehf. leggur áherslu á að nota viðurkennd og traust viðhaldsefni frá ábyrgum framleiðendum. Fyrirtækið hefur unnið fyrir ýmis fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök, húsfélög og einstaklinga. Verkefnalistinn er fjölbreyttur sem sýnir að fyrirtækið er vel samkeppnishæft á verktakamarkaði.

### Starfsmenn og aðsetur

Hjá Stjörnumálun ehf. starfa á bilinu 50-70 starfsmenn, með fjölbreytta reynslu og menntun, eftir því hver verkefnastaðan er. Mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og hópefli, t.d. veglegar árs hátíðir, en margir starfsmenn fyrirtækisins eru með allt að 10 ára starfaldur að baki. Skrifstofur Stjörnumálunar ehf. eru að Bildshöfða 14, 110 Reykjavík, en lager fyrirtækisins er að Álhelli 13, 221 Hafnarfirði. Unnið er að byggingu nýrra höfuðstöðva að Einhellu 11, 221 Hafnarfirði. Vefsíða: [www.stjornumalun.is](http://www.stjornumalun.is)



Vinna við blokk í Engihjalla í Kópavogi.





*Vinna við blokk í Safamýri.*




## Stólpi



Stólpi ehf. var stofnaður árið 1974 af Þorláki Ásgeirssyni. Fyrstu árin starfaði Stólpi á sviði byggingastarfsemi í Mosfellsbæ og víðar. Um 1980 færðist starfsemin yfir í þjónustu við fasteignir og tjónaviðgerðir á fasteignum fyrir tryggingafélög. Starfsemi á sviði gáma viðgerða og tengdra verkefna fyrir skipafélög hófst fljótlega eftir 1980. Gámatengd starfsemi hófst við Skúlagötu og fluttist í Sundahöfn árið 1988. Þar hefur starfsemin vaxið og einnig inn á ný starfssvæði. Meginstarfsemin í dag er í Klettagörðum og Sægörðum við Sundahöfn og við Óseyrarbraut við Hafnarfjarðarhöfn.

Starfsemin hefur vaxið og þróast allt frá stofnun og er Stólpa-fyrirtækjamsteypan í dag mynduð af nokkrum félögum:



### Sérhæfing og starfsemi

Stólpa-fyrirtækin eru sérhæfð á sviði fasteignaviðgerða fyrir tryggingafélög, á sviði gáma viðgerða og á sviði sölu og leigu á hvers kyns gámum og gámaeiningum, s.s. vinnubúðum. Viðgerðir og viðhald á fasteignum fyrir tryggingafélög og fasteignaeigendur. Starfsemi Stólpa-Gáma hefur vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum og er meginmarkmið fyrirtækisins að vera leiðandi á sínu sviði. Stólpi styður myndarlega við góð málefni af ýmsum toga og lætur styrki af hendi rakna til björgunarveita, góðgerðarfélaga og íþróttafélaga. Stólpa-fyrirtæki hafa verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja frá árinu 2015. Velta samsteypunnar er á annan milljarð króna.

Megin starfsemi og sérhæfing Stólpa-Gáma ([www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)) er:

*Kaup á gámum innanlands*

*Innflutningur á gámum og gámahúsum af öllum gerðum*

*Leiga gáma og hvers konar gámahúsa á innanlandsmarkaði*

*Sala gáma og hvers konar gámahúsa á innanlandsmarkaði*

*Viðgerðir á gámahúsum*

*Þjónusta við leigutaka og kaupendur gáma*

*Varsla geymslugáma fyrir viðskiptavinum*





---

Megin starfsemi og sérhæfing Stólpa ([www.stolpiehf.is](http://www.stolpiehf.is)) er:  
*Viðgerðir og viðhald á fasteignum fyrir tryggingafélög og fasteignaeigendur*

Megin starfsemi og sérhæfing Stólpa-Smiðju er:  
*Gámaviðgerðir fyrir skipafélög*  
*Viðgerðir á yfirbyggingu flutningavagna*  
*Hvers konar viðgerðir og viðhald á gámum og tengdum búnaði*

Megin starfsemi og sérhæfing Tjónaþjónustunnar er:  
*Sérhæfður búnaður til viðbragða við vatnstjónum*  
*Þjónusta við tryggingafélög*

Klettaskjól ehf.  
*Fasteignafélag*

#### **Mannauður**

Stólpa hefur haldist vel á starfsfólki í gegnum tíðina og starfsmannavelta er lítil. Í dag starfa um 35 manns hjá Stólpa-fyrirtækjunum og hefur fjöldi þeirra vaxið jafnt og þétt síðustu ár. Í eðlilegu umhverfi er lögð áhersla á að efla samheldni starfsmanna með ýmsum hætti og gleðistundum. Öllum fyrirmælum og reglum Almannaþingarinnar hefur verið fylgt eins og kostur er á, svo sem eins og handþvotti og fjarlægðarmörkum. Forstjóri Stólpa er Ásgeir Þorláksson en Hlynur Jónsson er aðstoðarframkvæmdastjóri.





Starfsmenn og bílafloinn.

## Strúctor Byggingaþjónusta



Þorsteinn H. Ingibergsson, eigandi, forstjóri, múrarameistari og verkstjóri.



Helgi Steinar Þorsteinsson, eigandi, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri.

Strúctor Byggingaþjónusta ehf. er afsprengi Þorsteins H. Ingibergssonar múrarameistara og hefur verið starfandi frá árinu 2006. Þorsteinn hóf störf við múriðn árið 1978, lauk sveinsprófi frá Iðnskólanum 1981 og öðlaðist meistararéttindi árið 1986 eftir læri hjá Einari Einarssyni múrarameistara. Sama ár hóf Þorsteinn eigin rekstur og sérhæfði sig fljótt í flísalögnum og arinhleðslu.

### Einn verða margir

Fyrstu árin var Þorsteinn yfirleitt einn að verki og öðlaðist gott orðspor fyrir vönduð og góð vinnubrögð. Eftirspurnin var mikil og eftir ótal verk um land allt — frá lagningu flísa, mósaíks og náttúrusteins til flísaflæðningu húsa og verslunarrýma — fóru verkbeiðnir að breytast fljótlega upp úr aldamótum. Stærri verk bárust í auknum mæli inn á borð, sem og eftirspurn eftir umsjón fleiri verkþátta undir sama hatti.


Á þessum fyrstu árum aldarinnar voru flest fyrirtæki og verktakar í iðngreinum sérhæfð á sínum sviðum og erfitt að finna aðila sem buðu upp á alhliða þjónustu við breytingar og viðhald á heimilum og minni verslunarrýmum. Til að svara þessu kalli hóf Þorsteinn að ráða til sín undirverktaka úr öðrum stéttum (svo sem pípara, smíði og málara) og ekki leið á löngu þar til fyrsta starfsfólkið var ráðið. Þar á meðal var sonur Þorsteins, Helgi Steinar, sem tók við bókhaldsvinnu og síðar fjármála- og framkvæmdastjórnun.

Árið 2006 var skrefið tekið til fulls og nýtt fyrirtæki stofnað undir breytta starfsemi. Umsvif Strúctors jukust með hverju árinu og fyrirtækið var í stöðugum vexti fram að efnahagshruninu árið 2008. Eins og hjá flestum breyttu þessi kaflaskil miklu og við tók tími viðspyrnu fyrst á eftir.

### Verkþættir og verkefni

Nú sem fyrr liggur verkefnaflóra fyrirtækisins mest á þjónustusviði við breytingar og viðhald á húsnæði, enda skilgreinir fyrirtækið sig sem byggingaþjónustu. Það má þó ekki skilja sem svo að Strúctor taki að sér að reisa nýbyggingar, þó fyrirtækið hafi komið að slíkum verkefnum sem undirverktaki (t.a.m. í Norðlingaholti og við byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu). Flísalögn er sem endranær einn af megin verkþáttum fyrirtækisins og þá oftast í formi endurnýjunar á baðherbergjum, anddyrum og eldhúsum. Parketgólflagnir og uppsetning innréttinga koma einnig við sögu, sem og allt viðhald fasteigna utanhúss. Þar ber hæst viðgerðir á múrskemmdum, málnu, gluggainnsetningar og viðgerðir á þökum og þakrennum. Ýmis sérverkefni koma einnig reglulega inn á borð og má þar nefna gerð mósaíkverka utan á húsnæði Landsstúku Frímúrarareglunnar á Íslandi, faglegra aðstoð við uppsetningu Listasafns Íslands á verki Katrínar Sigurðardóttur, Undirstaða, sem og á útilistaverkum Olgu Bergmann við Iðntæknistofnun og tvíeykisins Berghall við Hólmsheiðarfangelsi. Skemmtilegar (og jafnvel undarlegar) verkbeiðnir berast sömuleiðis af og til, svo sem aðstoð við samsetningu IKEA húsgagna eða upphenging gardína.





Unnið við mósaikmyndir fyrir Frímúrarhúsið í Reykjavík.



Lokafrágangur mósaikmynda fyrir Frímúrarhúsið í Reykjavík.

Heilt á litið skiptist hlutfall vinnu innan og utandyra nokkuð jafnt, en er þó mjög árstíðarbundið. Yfir 80% viðskiptavina eru einstaklingar (og þar af mestmegnis húsa- og íbúðareigendur) en lestina reka fyrirtæki, félagasamtök og opinberir aðilar. Strúctor er með aðstöðu fyrir verkfæri og efni í Hafnarfirði en skrifstofuvinna fer fram í Vallarkór 2.

#### Þá, nú og næst

Fyrir utan þær breytingar sem rekstur Þorsteins hefur gengið í gegnum undanfarna fjóra áratugi hafa handtök og aðferðir lítið breyst, ef frá eru talin nýrri tæki og tól. Ýmislegt lítur þó öðruvísi út þegar kemur að vinnuumhverfi, svo sem aðgengi starfsfólks að sérmerktum og stöðluðum vinnufatnaði sem og sérmerktum vinnubílum. Samgangur verktaka og verkkaupa hefur einnig breyst — þekkt var að iðnaðarfolk sem vann inn á heimilum hafi þar nánast verið í fullu fæði á meðan verki stóð. Hlutfall faglærðra hefur einnig aukist sem og hlutfall erlends vinnuafns, sem því miður hefur alið á fordómum í garð fagfólks sem ekki talar íslensku að móðurmáli.

Þegar litið er til framtíðar er erfitt að spá fyrir um breytingar, nú sem endranær. Þó þær iðngreinar sem Strúctor fæst við muni ekki fara varhluta af sjálfvirknivæðingu komandi ára og áratuga, er ólíklegt að verkferlar lítilla og meðalstórra verka í viðhaldi og breytingu húsnæðis muni mikið breytast. Tækni og aðferðir við nýbyggingar mun þó líklega taka stakkaskiptum.

#### Stjórnendur og starfsfólk

Þegar mest lét voru yfir 20 manns á launaskrá auk ýmissa undirverktaka. Á árunum eftir hrun kjarnaðist starfsmannaföldinn í tvo til þrjá en á síðustu árum hafa að meðaltali 6-8 manns starfað hjá fyrirtækinu. Hlutfall faglærðra er 100% þegar þetta er ritað og meirihluti starfsfólks af erlendu bergi brotið. Kynjahlutfall hefur því miður verið ójafnt í gegnum tíðina, þó fólk af báðum kynjum hafi komið að starfseminni.

#### Eigendur

Eignarhlutfall fyrirtækisins skiptist jafnt á milli tveggja einstaklinga: Helgi Steinar Þorsteinsson, eigandi, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri og Þorsteinn H. Ingibergsson, eigandi, forstjóri, múrarmeistari og verkstjóri.



Mósaikmynd í vinnslu á verkstæðinu.



Náttúrusteinn á gólfi.



Mósaik úr náttúrusteini á baðherbergi.





Vík í Mýrdal - sandfangari.

## Suðurverk



Patreksfjörður - ofanflóðavarnir.

Verktakafyrirtækið Suðurverk sinnir allri mögulegri jarðvinnu í tengslum við mannvirkjagerð ásamt vegalagningu og hefur til margra ára einnig starfrækt vélaleigu. Helstu verkefni hafa falist í vegagerð, stíflugerð við vatnsfallsvirkjanir á hálendi og hafnargerð.

### Upphafid og framgangurinn

Suðurverk hefur ávallt einsett sér að sýna af sér alúð, natni og heiðarleika í öllum sínum verkum, en nærtækasti vitnisburðurinn er hin langa vegferð fyrirtækisins sem hófst fyrir rúmlega hálfri öld, 55 árum. Stofnandi og núverandi framkvæmdastjóri er Dofri Eysteinnsson. Hann er fæddur þann 30. mars 1947 og uppalinn á bænum Brú við Markarfljót, en bjó þó lengstum á Hvossvelli. Árið 1966 fjárfesti Dofri í traktorsgröfu og komst fljótlega í mikil uppgríp við lagningu vatnsleiðslu sem liggur um Landeyjar til Vestmannaeyja. Í beinu framhaldi tóku við ýmis tilfallandi vegagerðarverkefni sem leiddu til þess að Dofri Eysteinnsson stofnaði sameignarfélagið Suðurverk árið 1967 ásamt Sveini Þorlákssyni. Fyrirtækið var starfrækt í þeirri mynd fram til ársins 1985 en þá stofnaði Dofri ásamt fjölskyldu sinni hlutafélagið Suðurverk.

Fyrstu árin starfaði Suðurverk að mestu sem vélaleiga. Jarðýtur og beltagröfur nýttust t.d. til vegagerðar á Suðurlandi og við gröft á framræsluskurðum fyrir bændur ásamt ýmsum jarðvinnuverkum. Í kringum 1970 ríkti mikil kreppa í verklegum framkvæmdum hér á landi og fór fyrirtækið ekki varhluta af því. Verkefnastaðan glæddist þó þegar líða tók á áttunda áratuginn. Þar kom t.d. til mikið starf við gjóskuhreinsun eftir Vestmannaeyjagosið árið 1973 og við vegagerð og varnargarða í tengslum við brúarframkvæmdir á Skeiðaársandi, en þangað leigði Vegagerðin til sín jarðvinnutæki frá Suðurverki.

Að öllum líkindum er Suðurverk stærsta íslenska verktakafyrirtækið sem komst nokkurn veginn óskaddað í gegnum hrunið árið 2008. Eflaust hefur það eitthvað haft að segja að Dofri framkvæmdastjóri er með puttann á púlsinum og tekur virkan þátt í verkefnum fyrirtækisins. Enn þann dag í dag eru sömu eigendur og er engan bilbug á þeim að finna.

### Verkefni Suðurverks

Í áratugi hefur Suðurverk verið á meðal öflugustu jarðvinnuverktaka á Íslandi og verkefni eftir því orðin fjöldamörg. Stærstu verkin eru án efa virkjanamannvirki, stíflur, skurðir og grjótgærðar auk vegagerðar og vinnu við undirstöður mannvirkja.

Á meðal helstu viðskiptavina Suðurverks er Vegagerð ríkisins en á árunum 2000-2003 lagði Suðurverk nýjan 13 km þjóðveg yfir Vatnaleið á Snæfellsnesi fyrir þá. En þetta mannvirki hlaut viðurkenningu Vegagerðarinnar árið 2003 fyrir gerð og frágang.

Árið 2007 lauk vinnu við snjóflóðavarnir á Siglufirði, en verkið samanstóð af fimm varnargörðum og einum garði sem á að beina snjóflóði af leið. Garðarnir voru 1.920 metrar að lengd og voru notaðir 720 þúsund rúmmetrar af fyllingarefni í verkið.

Árið 2008 sá Suðurverk um framkvæmd á hringtorgi á Arnarnesvegi yfir Reykjanesbraut, en





Portlákshöfn - laxeldi.

Framhald á næstu opnu →

hringtorgið þjónar jafnframt hlutverki brúar og mislægra gatnamóta. Í verkið voru notuð 340 tonn af stáli og 4.220 tonn af malbiki.

Árið 2010 tók Suðurverk að sér að leggja síðustu 15 kílómetra Suðurstrandarveg, á milli Krýsavíkur og Ísólfskála, með bundnu slitlagi og lauk því verkefni árið 2012.

Suðurverk og tékkneska fyrirtækið Metrostav hafa unnið að sameiningu að Norðfjarðargöngum og Dýrafjarðargöngum. Í lok árs 2017 voru Norðfjarðargöng tekin í notkun en um gríðarlega samgöngubót var að ræða fyrir alla Austfirðinga. Göngin sem eru 7,9 kílómetra löng tók fjögur ár að grafa og greip framkvæmdastjórinn sjálfur, Dofri, oftast ekki í vinnuvélarnar. En eins og hann segir sjálfur frá þá er það miklu skemmtilegra en að sitja við skrifborðið. Um mitt ár 2017 hófust framkvæmdir við Dýrafjarðargöng en um var að ræða eitt langstærsta verkið á samgönguáætlun á þeim tíma.

Vinna við varnargarða á Patreksfirði hófst árið 2020 og fóru um 300 þúsund rúmmetrar jarðvegs í þá, Urðargarð og Mýrargarð. Um er að ræða gríðarlegt mannvirki sem mun breyta ásjáð bæjarlins til frambúðar, en lögð var mikil áhersla á að þeir gætu nýst sem útivistarsvæði á þeim tímum sem ekki væri hættu á flóðum.

### Virkjanaframkvæmdir

Allt fram til dagsins í dag hefur Suðurverk sérhæft sig í vandasamri jarðvinnu við ýmsar fallvatnsvirkjanir. Sú þróun hófst strax á áttunda áratugnum við byggingu Sigölduvirkjunar, en þar var sinnt undirverktöku fyrir júgóslavenska fyrirtækið Energo Project.

Árið 1982 hóf fyrirtækið að gera tilboð á hinum almenna útboðsmarkaði og náði með því nokkrum stórum verkum fyrir Landsvirkjun auk leigu á tækjum í ýmsar jarðvegsframkvæmdir. Á árunum 1983-84 tók Suðurverk að sér byggingu þriðja áfanga Kvíslaveitna og var sú framkvæmd sú víðamesta sem fyrirtækið hafði komist í tæri við. Hér var um að ræða upphafið að mikilli framkvæmd, í mörgum áföngum, sem miðar að því að veita ýmsum kvíslum Þjórsár inn í miðlunarlón Þórisvatns. Lónið tengist síðan fimm virkjununum sem eru Búrfellsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, Sigölduvirkjun, Sultartangavirkjun og Vatnsfellsvirkjun. Suðurverk átti eftir að verða ansi þaulsetið á þessum slóðum. Starfsmenn hafa ekki vílað fyrir sér að leggja vegi upp að athafnasvæðum og flytja þangað vinnuskúra með mikill fyrirhöfn yfir fjöll og firnindi. Fyrirtækið tók einnig að sér fjórða áfanga Kvíslaveitna sem unnið var að á árunum 1996-1997. Við þessar aðstæður krefst sjálf stíflugerðin mikillar nákvæmnisvinnu þar sem t.d. sléttu þarf út allar mögulegar ójöfnur á milli klappar og stíflubots ásamt því að þetta undirstöðurnar eins vel og hægt er.

Helstu virkjanaverkefni Suðurverks í byrjun 21. aldarinnar voru á Kárahnjúkasvæðinu á Austurlandi. Þar voru byggðar tvær hliðarstíflur í Desjarðdal og Sauðárdal og lauk þeim framkvæmdum árið 2007. Á sama tíma voru vinnubúðir Suðurverks færðar frá Kárahnjúkum niður á Reyðarfjörð þar sem unnið var við gröft og fyllingar í grunni álvers Alcoa Fjarðaáls. Fyrirtækið hefur jafnframt sinnt öðrum tilfallandi verkefnum á svæðinu eins og lagnavinnu,



Blönduvirkjun - Landsvirkjun.



Suðurnes - fiskeldi.





Dýrafjarðargöng - gangnagerð.



Narvik í Noregi - vegagerð.



Landsvirkjun - Sultartangi.

gerðar umhverfissvænna settjarna o.fl. Verkkaupi var kanadíska verktakafyrirtækið Bechtel sem byggði álverið fyrir Alcoa. Í framhaldi af þessu þá valdi Bechtel Suðurverk til að taka að sér ýmis önnur verkefni vegna ánægju með samstarfið og á endanum varð verðmæti verksins nálægt 6 milljörðum eða meira en tvöfaldur upprunalegi samningurinn.

#### Grjótgarða- og hafnagerð

Á langri vegferð hefur Suðurverk byggt upp sérhæfingu sína í kringum grjótgarða og hafnagerð. Fyrirtækið hefur unnið við allar helstu hafnir landsins. Meðal athyglisverðra verkefna er t.d. Eyjagarður í Örfirisey, grjótgarðar í Grindavík, á Vopnafirði, við Höfn í Hornafirði og við Breiðamerkurlón. Einnig var unnið við snjóflóðavarnargarða á Siglufirði. Sú framkvæmd tók fjögur sumur í sérlega erfiðum aðstæðum sem sköpuðust vegna mikils raka í jarðefnunum. Árið 2008 tókst Suðurverk á við eitthvert stærsta hafnarmannvirki sem risið hefur hér á landi. Hér er um að ræða viðamikla hafnagerð í Bakkafjöru á Landeyjasandi sem er m.a. fyrir skipulegar ferjusiglingar til Vestmannaeyja en Suðurverk sá um efnisvinnslu, brimvarnargarða, viðlegukant og stöðvarhús. Þungamiðja framkvæmdanna voru tveir 700 metra garðar, en í þá fóru um 650.000 rúmmetrar af grjóti sem sótt var upp í Seljalandsheiði, í um 500 m hæð yfir sjávarmáli, eins fóru 550.000 rúmmetrar í vegfyllingar sem var unnið og flutt á framkvæmdasvæðið. Stærstu björgin voru mörg hver 12-30 tonn að stærð. Framkvæmdunum lauk í nóvember 2010.

#### Aðsetur og starfsmenn

Suðurverk er með aðsetur í Hlíðasmára 6 í Kópavogi og hjá því starfar um 50 manna fastur kjarni; úrvalsfólks sem sumt hefur verið viðloðandi starfseminna til margra ára. Fyrirtækið leitast eftir því að hafa innan sinna raða ábyrgt, áhugasamt og traust starfsfólk sem kann að vinna saman. Mikilvægt er að gagnkvæm virðing og umburðarlyndi einkenni öll samskipti manna í millum.

#### Gæða- umhverfis og öryggisstefna

Stefna Suðurverks í umhverfismálum er að vinna í sátt við umhverfið og með sjónarmið umhverfisverndar að leiðarljósi. Umgengni við umhverfið skuli vera með þeim hætt að ekki hljósti af mengun eða annar skaði og tryggja skal stöðugar úrbætur í umhverfisstjórnun. Í öryggis- og vinnuumhverfismálum er það stefna Suðurverks að vera í fararbroddi á meðal verktaka. En tilgangur stefnunnar er sá að allir starfsmenn snúi heilir heim úr vinnu í lok hvers vinnudags og líði vel í starfi.

Suðurverk einsetur sér að uppfylla kröfur stjórnvalda í umhverfis- öryggis- og vinnuumhverfismálum samhliða því að vinna ötullega að stöðugum útbótum í þessum málaflokkum.





*Patreksfjörður - ofanflóðavarnir.*

### **Markmið**

Markmið Suðurverks er að sjá viðskiptavinum sínum fyrir góðri almennri verktakaþjónustu í mannvirkjagerð og að vera í hæsta gæðaflokki á því sviði. Til þess að ná því markmiði þá er stefnt að því að efla: Samkeppnishæfni - Fyrirtækið skal veita faglega þjónustu sem er löguð að þörfum viðskiptavinarins og stenst jafnframt samanburð við það besta í alþjóðlegu umhverfi.

**Gæði** - Traust og góð þjónusta. Einnig að upplýsingamiðlun sé samkvæmt bestu vitneskju á hverjum tíma.

**Eigin hæfni** - Gæði byggja á styrkum innviðum fyrirtækisins þar sem farið er eftir kröfum gæðastjórnunarkerfisins ISO 9001 með öflugum innra eftirliti og stöðugum umbótum.

**Samstarf við verktaka** - Sömu gæða- umhverfis- og öryggiskröfur eru gerðar til verktaka og þjónustuaðila.



*Porskauförður - þverun.*



*Sæbraut - grjótgardur.*





Víkurheiði 11, gólfhitalagnir.

## Súperlagnir



Efri röð frá vinstri: Guðmundur Kristjánsson, Símon Sveinsson, Trostan Gunnarsson, Jóhannes Örn Kristjánsson, Hákon Fannar Kristjánsson. Neðri röð frá vinstri: Hlynur Geir Símonarson og Guðmundur Bjarnasson.

Súperlagnir ehf. var stofnað 10. september 2003. Eigandi og framkvæmdastjóri er Símon Guðlaugur Sveinsson pípulagningameistari. Hann tók sveinsprófið árið 2000 og lauk svo meistaranámi í pípulögnum árið 2008. Súperlagnir hóf starfsemi sína í Kópavogi sem einyrkjafyrirtæki og þá aðallega í undirverktöku og smærri verkefnum.

### Sagan

Árið 2005 flutti Símon með fyrirtækið á Selfoss og starfaði þá aðallega á Reykjavíkursvæðinu og Selfossi til ársins 2009. Hlé varð á rekstri fyrirtækisins þegar eigandinn tók að sér starf við pípulagnir á Heilsustofnun í Hveragerði. Súperlagnir tók svo upp þráðinn að nýju árið 2012 og var þá með aðstöðu í bílskúr eigandans, síðan færðist aðstaðan í gám sem hýstu bæði verkstæði og kaffistofu fyrirtækisins. Svo var það árið 2020 sem Súperlagnir eignaðist iðnaðarhúsnæði að Víkurheiði 11 Selfossi. Í dag starfa hjá fyrirtækinu átta starfsmenn og af þeim eru tveir meistarar, tveir með sveinspróf, tveir á samningi og tveir verkamenn.



Hlynur Geir og Hákon. Sundlauginni Laugarskarði í Hveragerði.

### Þróunin og verkefnin

Þróunin hefur verið mikil í pípulögnum á undanförunum árum og margt breyst til betri vegar. Áður fyrr voru aðallega notuð snittuð rör í hita- og neysluvatn, en í dag eru eingöngu notuð plast fittings eða álþex fittings. Gólfhitalagnir hafa komið í stað ofna í iðnaðar- og íbúðarhúsnæði og allur stjórnbúnaður orðin nákvæmari. Helstu viðskiptavinir Súperlagna er verktakafyrirtækið Smíðandi, Sólheimar í Grímsnesi, Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi og Selfossveitur og þá aðallega í mælaskiptum á Árborgarsvæðinu. Súperlagnir þjónustar einnig FIT með sumarhús félagsins í Árnessýslu og sér um viðhald í verslunum Samkaupa á Suðurlandi. Einnig taka Súperlagnir að sér allar almennar pípulagnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Suðurlandi ásamt viðgerðum og nýlögnum á Reykjavíkursvæðinu.

### Framtíðin

Vöxtur og velta Súperlagna hefur aukist árlega með vaxandi tækjakosti og stærri verkefnum og fjölgun góðra starfsmanna, sem hefur lagt grunninn að sterkri stöðu og velgengni fyrirtækisins í dag.



Símon Sveinsson að vinna við olíuskilju.



Dvalarheimilið Hellu, kyndiklefi.





## Trésmiðja Ingólfs

Trésmiðja Ingólfs ehf. var stofnuð í janúar 2003 af Ingólfi Rögnvaldssyni. Félagið var stofnað vegna fjölgunar á starfsmönnum og aukinnar starfssemi. Verkefni voru fjölbreytt, allt frá smíði á húsum, viðhaldi almennt, þjónustu við Rangárþing ytra á fasteignum sveitarfélagsins. Stjórnandi er Ingólfur Rögnvaldsson sem jafnframt er framkvæmdarstjóri. Í stjórn félagsins eru Ingólfur Rögnvaldsson og Magnhildur Ingólfsdóttir.

### Starfsemin

Trésmiðja Ingólfs ehf. hefur þá sérstöðu að geta sinnt þörfum viðskiptavina, s.s. sérsmiði, og smíði á hlutum til að halda upprunalegri mynd á húsum og lagfæra þá hluti, glugga, hurðir, þök o. fl. Innréttingasmíði fyrir leikskóla má líka kalla sérsmiði sem er í líkingu við innfluttar innréttingar sem eru eftir sérþörfum og reglugerðum.

Starfsemin hefur breyst með árunum, meiri kröfur eru gerðar bæði vegna reglugerða og óska viðskiptavina. Framkvæmdir eiga að taka mun styttri tíma núna en áður sem kallar á aukin tækjakost og meira pláss.

### Markmið og framtíðarsýn

Markmið félagsins er að hafa góð tæki til að geta leyst þau störf af hendi sem óskað er eftir. Framtíðarsýn félagsins er að ungir menn taki við keflinu með nýjar og ferskar hugmyndir en haldi því markmiði að byggja falleg og góð hús sem fólk sækist eftir því að eignast og sé öruggt í alla staði sem því miður er ekki mikið af í dag.

### Aðsetur

Trésmiðja Ingólfs er til húsa á Dynskálum 32, 850 Hellu í 240 fm húsnæði og gerir alla sína starfsemi út þaðan bæði til Reykjavíkur, Keflavíkur, Árnassýslu og sveitir í nágrenninu. Félagið hefur eingöngu stundað vinnu á Íslandi enn sem komið er.

### Mannauður og velta

Hjá félaginu starfa fjórir smíðir, þrjár lærlingar og þrjár vanir verkamenn. Verkstæðisformaður er hjá félaginu sem sinnir öllu því sem fram fer á verkstæði, viðgerðum á verkfærum og efni sem fer þaðan út og alla sérsmiði. Velta félagsins er mismunandi á milli ára sem skýrist af verkefnum hverju sinni u.þ.b. 120-160 milljónir.





Fosshótel, Vatnajökull.

## Traust verktak TVT



Guðmundur Kjartansson og Ólafur Sæmundsson.

Verktakafyrirtækið Traust verktak eða TVT ehf. tekur að sér allhliða byggingastjórn á verkefnum utan- sem innanhúss, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Fyrirtækið annast alla verkþætti eins og smíði, málningu, múrverk, raf- og pípulagnir ásamt lóðafrágangi og fylgir þeim vel eftir frá upphafi til enda.

### Upphafid

TVT ehf. var stofnað í desember 2002 og eigendur eru byggingameistararnir Guðmundur Kjartansson og Ólafur Sæmundsson. Þeir félagar hafa starfað saman í 28 ár en áður en til stofnun fyrirtækisins kom höfðu þeir báðir starfað í eigin nafni og byggt upp traustan viðskiptamannahóp.

### Helstu verkefni

Fyrirtækið vinnur jöfnum höndum að endurnýjun eldra húsnæðis og við nýsmíði. Helstu verkkaupar eru fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar. Stærstur hluti verkefnanna er jafnan hannaður af arkitektum og við framkvæmd þeirra eru gæðakröfur mjög háar og hefur náid samstarf TVT og hönnuða skilað glæsilegri útkomu og byggt upp gott orðspor fyrirtækisins. Helstu verkefni síðustu ára eru m.a., uppbygging hótela fyrir Íslandshótel víða um land. Nú er í byggingu stórt hótél við Lækjargötu og Vonarstræti í miðborg Reykjavíkur, en þar hefur TVT séð um byggingarstjórn ásamt ýmsum öðrum verkþáttum. Hótelið við Lækjargötu er sjötta hótélbygging Íslandshótela á 9 árum sem fyrirtækið stýrir, þá eru 530 hótélherbergi að baki, alls 21,000 fm. Fyrirtækið hefur einnig unnið að innréttingum og breytingum fyrir Hamborgarafabrickuna, Keiluhöllina og Rafland ásamt því að byggja og innrétta arkitektahönnuð einbýlishús auk fjölbreyttra viðhaldsverkefna.

### Aðsetur - starfsmenn

TVT ehf. er með aðsetur í 160 fm húsnæði að Akralind 5 í Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 15 starfsmenn.



Endurnýjað hús við Bergstaðarstræti.



Saunahús á Þingvöllum.



Viðbygging við Hótel Húsavík.





*Einbýlishús í byggingu.*



*Bygging Íslandshótelis á horni Lækjargötu og Vonarstrætis.*





## Trésmiðja Heimis



Heimir Guðmundsson og Laufey Ásgeirsdóttir.

Trésmiðja Heimis var stofnuð þann 1. júlí árið 1984 af okkur; Heimi Guðmundssyni og Laufeyju Ásgeirsdóttur í kjallaranum á heimili okkar að Lyngbergi 5 hér í Þorlákshöfn. Árið 1988 byggðum við svo iðnaðarhúsnæði að Unubakka 3b þar sem við erum enn þann dag í dag með fyrirtækið.

### Sagan

Í byrjun var Heimir eini starfsmaðurinn en fljótlega þurfti að ráða menn því verkefni voru þess eðlis að ekki var hægt að sinna þeim einsamall.

### Verkin

Verkin voru af ýmsum stærðum og gerðum. Allt frá því að byggja fiskeldisstöð, hraðfrystihús, verslunarhúsnæði, íþróttahús og viðbyggingu við grunnskóla Þorlákshafnar og svo ýmsar hafnarframkvæmdir, yfir í að byggja einbýlishús, raðhús, fjórbyli og svo mætti lengi telja hér í Þorlákshöfn.

Árið 1988 fór Trésmiðja Heimis að byggja sumarhús og gestahús fyrir félagasamtök og einstaklinga sem eru vönduð hús fyrir íslenskar aðstæður og er okkar markmið ávallt gæði og sveigjanleiki. [www.tresmidjan.is](http://www.tresmidjan.is)

Með tímanum fór verkefnum fjölgandi og starfsmönnum fjölgaði um leið. Í fyrstu voru sumarhúsin byggð samkvæmt stöðluðum teikningum en í árunna rás hefur það breyst og í dag eru húsin byggð samkvæmt óskum hvers og eins. Smíði sumarhúsa og gestahúsa er í dag orðin stór partur af verkefnum fyrirtækisins. Einnig er viðhald á eldri sumarhúsum og breytingar og stækkanir á þeim alltaf að færast í vöxt.

Eftir að Suðurstrandavegurinn opnaði fékk Trésmiðja Heimis lóðir undir parhús og raðhús í Grindavík, einnig raðhús í Þorlákshöfn, enda stutt á milli þessara staða og hefur trésmiðjan verið með hús í byggingu þar allt frá opnun vegarins og til dagsins í dag.

Í dag, árið 2021, eru tveir starfsmenn á skrifstofunni og 14 smíðir eða menn vanir byggingarvinnu, sem starfa hjá fyrirtækinu.











Verkstjórar verkstæðisins, Björgvin J. Sveinsson og Björn Sverrisson.

## Trésmiðjan Borg



Sigurgísli E. Kolbeinsson, forstöðumaður Trésmiðjunnar Borgar.

### „Alltaf nóg að gera!“

Trésmiðjan Borg, eignarhaldsfélag á Sauðárkróki, hefur verið starfrækt í nær sextíu ár, reksturinn hefur verið verkstæðisvinna, viðhald eldri húsa og nýbyggingar. Seinni árin hefur þróunin verið á þann veg að trésmiðjan hefur sérhæft sig meira í smíði vandaðra innréttinga fyrir heimili og fyrirtæki.

### Framleiðslan

Helsta framleiðsla Trésmiðjunnar Borgar er smíði á sérhönnun fyrir bæði fyrirtæki og heimili sem eru hönnuð af arkitektum. Má þar nefna allar gerðir af innréttingum í skrifstofuhúsnæði, eldhús, þvottahús og á baðherbergi; skápa, hillur og innihurðir.

### Eigendur og stjórnendur

Trésmiðjan Borg var formlega stofnuð þann 1. júlí árið 1963 og voru stofnendur þeir Vilhjálmur Hallgrímsson, Stefán Guðmundsson og Hreinn Jónsson. Áður átti Vilhjálmur, eða Villi Hall eins og hann var gjarnan kallaður, Litlu trésmiðjuna og var rekstur hennar gerður út við Aðalgötuna á Króknum, við hlið Verslunar Haraldar Júlíussonar, í húsnæði því sem síðar fékk nafnið Leikborg og var aðsetur Leikfélags Sauðárkróks til langs tíma. Árið 1967 er hafin bygging nýs húsnæðis undir reksturinn við Borgarmýri 1, þar sem hann er enn í dag. Alfarið var flutt í það húsnæði í kringum 1969. Upp úr því bættust fleiri starfsmenn í eigendahópinn og sáu þeir um reksturinn fram til ársins 2005 er Kaupfélag Skagfirðinga eignaðist fyrirtækið og hefur verið eigandi síðan. Frá þeim eigendaskiptum hefur Sigurgísli Ellert Kolbeinsson starfað sem forstöðumaður og séð um daglegan rekstur. Fulltrúi rekstrarstjórnar Kaupfélags Skagfirðinga er hans næsti yfirmaður en þeirri stöðu gegnir Reimar Marteinson í dag.

### Mikið lagt upp úr sérsníði

Áður fyrr var mikið um útivinnu hjá Trésmiðjunni Borg þar sem heilu húsin voru steipt upp ásamt ýmissi annarri hefðbundinni trésníðavinnu, líkt og viðhaldi á húsum bæði inni og úti, en síðar var uppsteypu húsa hætt. Í kringum 1980 var verslun með sýningarsal standsett í Reykjavík, þar störfuðu tveir arkitektar sem sáu um sölumennsku samhliða teiknivinnu fyrir trésniðjuna en í kringum árið 2006 var sú þjónusta lögð niður. Í dag má segja að starfsemin skiptist í tvennt, inni og útiflokk. Fyrrgreindi flokkurinn sér um allt sem tengist verkstæðisvinnu og uppsetningu innréttinga en sá síðarnefndi sér eingöngu um útiverk sem einkennast af viðhaldi húsa, pallasmíði og ýmsu öðru er til fellur.

### Sérstaða

Sérstaða framleiðslunnar hjá Trésmiðjunni Borg er, og hefur alltaf verið, að leggja upp með vandaðar innréttingar og er aðalsmerkið sérsníði þeirra. Það sem ekki er hægt að fá í



Bjartmar Snær Jónsson vinnur við innihurð.





Lúðvík R. Kemp límber innihurð.



Sigurður Ingimar Björnsson þússar undir lökkun.

stöðluðum stærðum sérhæfir fyrirtækið sig í að hanna og smíða „Flókin og vönduð stykki, sem á að leggja mikið í,“ segir Sigurgísl. Óhætt er að segja að Trésmiðjan Borg smíði allan pakkann í heilu húsin, allt frá hillum í stórar eldhúseiningar. Trésmiði er í sjálfu sér aldagömul iðngrein sem hefur lagað sig að tækni nútímans líkt og hjá Trésmiðjunni Borg. Sumt í smíðavinnunni hefur ætíð verið gert upp á gamla mátann en Borgin hefur reynt að fylgja tíðarandanum í hvítvetna og endurnýjað sínar vélar þegar þurfa þykir. Útkoman með nýjum vélum skal vera sambærileg því sem áður var en ávinningurinn er fólgin í styttri tíma sem tekur að smíða og framleiða.

#### Haldið í horfinu

Reksturinn hjá Trésmiðjunni Borg hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár og í góðu jafnvægi. Verkefnastaða fyrirtækisins er einnig góð, „Alltaf nóg að gera!“ eins og forstöðumaðurinn orðar það, horfurnar eru góðar þegar litið er til framtíðar. Hann segir að með tilkomu Kaupfélags Skagfirðinga sem eiganda hafi stór hluti verkefna fyrirtækisins verið að viðhalda eignum þess og byggja við þær enda er hentugt að nota eigið fyrirtæki í þess háttar verkefni. Má þar t.d. nefna verk sem hófst árið 2020 og er enn þá í vinnslu en það er gamla Minjahúsið á Sauðárkróki sem stendur við Aðalgötu 16b. Þar er verið að stækka og breyta húsnæðinu í gistiheimili fyrir farandverkfólk sem kemur til að vinna hér í sláturtíðinni. Þar voru fengnir verktakar, K-tak á Sauðárkróki, til að steypa upp vegg og setja þak á viðbyggingar sem reistar voru við sinn hvorn gaflinn en Trésmiðjan Borg sér um annað er viðkemur verkefninu. Að sögn Sigurgísla forstöðumanns er framtíðarsýn fyrir Trésmiðjuna Borg mjög góð þar sem nóg er að gera eins og staðan er í dag og þá eru ekki fyrirætlanir um breytingar á rekstrinum. Frekar er horft til þess að halda sig í því fari sem verið hefur undanfarin ár. „Það má segja að við ætlum okkur að viðhalda starfsemi eins og hún er í dag,“ segir Sigurgísl.

#### Mannauður

Í dag vinna 18 manns hjá Trésmiðjunni Borg. Tíu þeirra starfa á verkstæði við innréttingasmíði og þar af eru tvær konur, en í útiflokknum eru átta starfmenn. Á Borginni vinna fimm ófaglærðir starfsmenn en að sögn Sigurgísla eru flestir þeirra að læra trésmiði, aðrir eru lærðir smiðir og flestir þeirra eru með meistaráttindi. „Meðalaldur starfsmanna er liðlega fjórtíu ár en alltaf bætast þó ungir og efnilegir starfsmenn í hópinn,“ segir Sigurgísl að lokum.



Þorgrímur G. Pálmason, verkstjóri útiflokks.



Hjalti Vignir Sævaldsson við plötusögina.



Smiði á gístieiningum á verkstæði Trésmiðjunnar.

## Trésmiðjan Rein



Horft heim að Rein þar sem Trésmiðjan var stofnuð.

Trésmiðjan Rein er alhliða byggingaverktaki sem sinnir öllu sem viðkemur nýbyggingum, viðhaldi og almennri þjónustu við fyrirtæki og stofnanir, með höfuðáherslur á Norðurland eystra. [www.trerein.is](http://www.trerein.is)

### Upphafsrín

Trésmiðjan Rein var stofnuð á vordögum 1963 af hjónunum Stefáni Óskarssyni og Aðalbjörgu Gunnlaugsdóttur. Stefán var þá nýútskrifaður húsasmiður og flutti fjölskyldu sína heim á sinn uppeldisstað, Reykjarhól í Reykjaværvi. Fyrsta sumarið fór að mestu í að koma upp verkstæði og aðstöðu til reksturs en fyrsta stóra verkið var endurbygging og stækkun á Grenjaðarstaðarkirkju á árunum 1964-1965. Á fyrstu árunum tók Aðalbjörg starfsmenn iðulega í vist þar sem samgöngur og farartækjaeign var ekki með sama hætti þá og er í dag.

Eignarhald Trésmiðjunnar Rein var allt þeirra hjóna fram til 1998 að Sigmar Stefánsson, sonur þeirra og núverandi framkvæmdastjóri kaupir hlut. Arnþór Haukur Birgisson (barnabarn þeirra hjóna og núverandi tækjamaður Trésmiðjunnar) kaupir svo hlut 2014. Ehf. kennitala var stofnuð 1996 vegna breytinga á rekstrarformi.

### Framgangurinn

Til að byrja með var reksturinn smár í sniðum og starfsmenn fáir, nokkur stór verk komu inn og þar má meðal annars nefna áðurnefnda kirkju á Grenjaðarstað og Hafralækjarskóla sem var tekinn í notkun 1972. Fyrirtækið óx og dafnaði jafnt og þétt og markaðssvæðið stækkaði með. Mörg útihús og hlöður reistar fyrstu 20 árin, ásamt íbúðarhúsum í bland. Flestallt var smíðað á verkstæðinu sem til þurfti, stigar, innréttingar og hvað það sem viðskiptavinurinn bað um. Viðhaldsverk og nýbyggingar fyrir Landsvirkjun komu inn snemma í rekstrinum og þá aðalega í Kröfluvirkjun. Kæliturnar og annað var reist fyrir þá og svo í framhaldi tók við almennt viðhald. Í rekstri Trésmiðjunnar hefur löngum verið lögð áhersla á tækjabúnað og verkfæri. Alltaf hefur verið reynt að vera með sem bestan tækjakost við vinnuna, sem endurspeglast í því að snemma var fjárfest í flekamótum til steypuvinnu og vörubíl með krana, sem jók afkastagetu fyrirtækisins til muna. Árið 1978 kaupir Trésmiðjan steypustöð og rak til ársins 1993 þegar hún var seld til aðila sem enn eru með hana í rekstri. Árið 1999 kaupir Gunnlaugur Stefánsson, sonur þeirra hjóna fyrirtækið Sögina ehf. ásamt Trésmiðjunni Rein. Saman flytja þau vinnsluna heim í Reykjaværvi en halda úti lager og verslun í Kópavogi. Síðasti áratugur hefur einkennst af stórum verkum í bland við önnur minni. Helst má minnst á Jarðböðin í Mývatnssveit þar sem byggð var upp aðstaða fyrir baðgesti og starfsfólk. Sjóböðin á Húsavík (Geosea) þar sem böðin voru byggð í heild sinni og Útgarð 6 sem er 18 íbúða blokk. Steypuverk eru margskonar og meðal annars voru steyptar undirstöður undir gufulögn á Þeistareykjum. Þessi listi er alls ekki tæmandi en er dæmi um fjölbreytileika og víðfemi verkefna fyrirtækisins.



Bygging íbúðarhúss að Skútustöðum í Mývatnssveit.





Vinna við íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á Húsavík.

### Aðsetur og núverandi rekstrarmynd

Aðsetur og heimilisfang Trésmiðjunnar Rein er nú við Víðimóa 14 á Húsavík, en þar var byggt stálgrindarhús (1200 fm) til að hýsa starfseminu árið 2012 og svo var byggt annað hús (1000 fm) árið 2017 sem var hannað meðal annars til einingarframleiðslu, bæði á steiptum einingum og timbureiningum. Á þessum tímum var mikið uppgrip á svæðinu með byggingu jarðvarmavirkjunar á Þeistareykjum og iðnaðarframkvæmdum á Bakka sem notað var til endurnýjunar á tækjum og verkfærum. Fyrirtækið er vel tækjum búið og tilbúið í flest allt sem viðkemur framkvæmdum. Trésmiðjan er í góðu samstarfi við undirverktaka af öllum stærðum og gerðum, ásamt því að hafa hönnuð í starfi og greiðan aðgang að tækniþræðingum og verkþræðingum. Jafnt og þétt færast í aukana að viðskiptavinir komi með hugmynd og Trésmiðjan klári málið, allt frá pappírur til afhendingar á fullbúnu verki.

Starfsmenn eru vel á þriðja tug og er hlutfall sveina/meistara á mótí ófaglærðum/nemum nokkuð jafnt. Meðal starfsaldur er um 12 til 15 ár en sá starfsmaður sem starfað hefur lengst hjá fyrirtækinu, fyrir utan eigendur, fór á eftirlaun 2019 eftir rúmlega 50 ára starfsferil. Stjórnarformaður er Stefán Óskarsson og meðstjórnendur eru Arnþór Haukur Birgisson og Sigmar Stefánsson.



Fuglaskoðunarskýli á Melrakkaslétu.



Eldhúsinnrétting á Vitastíg.



Verkefni unnið af Samvirkni og Stíganda.

## Trésmiðjan Stígandi



Verkefni unnið af Samvirkni og Stíganda.



Eldhúsinnrétting.



Hraðhús.

Stígandi ehf. var stofnaður 1. maí 1947 og er fyrirtækið því í hópi elstu byggingafyrirtækja á Íslandi. Fyrirtækið er í eigu Ámundarkinnar, KS, Guðmundar Kemp, Guðmundar Arnars Sigurjónssonar og Hjartar Karls Einarssonar. Um 20 manns skipa að jafnaði samheldinn hóp sem hefur fagmennsku og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi. Flestir í hópnum eru fagmenntaðir smiðir og/eða hafa mjög mikla reynslu í starfi. Þekking þeirra og útsjónarsemi ásamt vönduðum tækjabúnaði gerir félaginu kleift að leysa flókin verkefni af ýmsu tagi.

### Fyrirtækið hefur um árabíl átt gott samstarf við færustu arkitekta landsins

Hnökralaus samskipti hönnuða og framkvæðaaðila eru lykillinn að vel heppnuðu verkefni ásamt faglegum vinnubrögðum. Ánægður viðskiptavinur á að vera sameiginlegt keppikefli þessara aðila.

### Innréttingar og smíði

Innréttingar af öllu tagi eru framleiddar á tæknivæddu verkstæði Stíganda. Þrautreyndir starfsmenn eru viðskiptavinum til ráðgjafar varðandi efnisval og útfærslur. Möguleikarnir eru endalausir. Staðsetning skiptir engu máli, við þjónustum viðskiptavini hvar sem er á landinu. Stígandi smíðar tréstiga af öllum stærðum og gerðum með því að samnýta fullkomnar tölvustýrðar vélar og dýrmæta reynslu iðnmeistara okkar af gömlu handbragði. Stígandi framleiðir vandaðar líkkistur, bæði hvítar og spónlagðar, með viðartegund að vali kaupanda. Spónlögðu kisturnar hafa hlýlegt útlit gegnheillar viðarkistu en eru á mun hagkvæmara verði.

### Hraðhús

Stígandi framleiðir sumarhús og smáhýsi til flutnings hvert á land sem er. Við leggjum áherslu á gæði og fagleg vinnubrögð í hvívetna og aðlögum teikningar og efnisval að væntingum viðskiptavinarins. Húsin eru afgreidd á byggingarstigi að vali kaupanda, en við getum annast alla þætti byggingarinnar, þ.m.t. teikningar, byggingarstjórn, leyfisumsóknir, flutning og hvaðeina annað sem þarf. Við hönnun Hraðhúsanna höfum við kappkostað að gera þau meðfærileg og þægileg í flutningi og uppsetningu. Bílkrani nægir til hífinga og því ekki þörf að fá stóran krana sérstaklega í verkið, með tilheyrandi kostnaði. Undirstöður eru jafnframt hannaðar þannig að þær koma á grófjafnaðan malarpúða og eru mjög fljótlegar í uppsetningu. Hraðhúsin eru tilvalin í ferðaþjónustuna.





Vinna við framhaldsskólann á Húsavík.



Benedikt Kristjánsson og Kristján Ben Eggertsson.

## Trésmiðjan Val

Trésmiðjan Val var stofnuð 1. ágúst 1994 af þeim Benedikt Kristjánssyni og Kristjáni Ben Eggertssyni. Í ársbyrjun 1998 var félaginu breytt úr sameignarfélagi í einkahlutafélag. Benedikt er húsasmíðameistari og Kristján Ben er skipasmíðameistari.

### Starfsemin

Starfsemin hefur snúist um almenna verktakavinnu í smíði og viðhaldi húsa og svo viðhaldi skipa og báta sem hefur verið vaxandi með stækkandi flota eikarskipa á Húsavík, frá því að hvalaskoðun hóf starfsemi sína árið 1994.

### Starfsmenn og aðsetur

Í dag er starfsmannafjöldi 5 en hefur í gegnum árin verið frá 5 -12 manns.

Starfsemin er enn í húsnæði að Höfða 5, sem Benedikt og Kristján Ben byggðu árið 1995, en fyrsta árið var starfsemin í bílskúr Benedikts.

### Verkefni

Helstu verkefni síðustu ára eru viðhaldsverkefni á eignum ríkisins á Húsavík og í nær-sveitum, trésmiðjan Val hefur átt gott og farsælt samstarf við mörg fyrirtæki á svæðinu og er sem dæmi hægt að nefna Norðursiglingu sem gerir hér út nokkurn fjölda tréskipa. Val sér einnig um viðhald á Húsavíkurkirkju ásamt öðrum eignum sóknarinnar.



Vinna í Ópal, skútu Norðursiglingar.



Starfsmenn fyrirtækisins. Frá vinstri: Halldór Jónsson, Guðmundur A. Svavarsson, Rúnar Pálsson, Björn Fr. Svavarsson, Gunnar Helgi Helgasson, Jón Ægíur Jónsson og Einar Páll Guðmannsson.

## Trésmiðjan Ýr

Trésmiðjan Ýr var stofnuð 1988 þegar þrjú fyrrum starfsmenn Kaupfélag Skagfirðinga ásamt eiginkonum sínum tóku sig saman og keyptu fyrirtækið af fyrrum vinnuveitanda sínum, sem um þetta leyti var að draga saman seglin. Kaupendur og formlegir stofnendur Trésmiðjunnar Ýr voru Björn Fr. Svavarsson, Sigurlaug Ebba Kristjánsdóttir, Einar P. Guðmannsson, Ingibjörg Ragna Ragnarsdóttir, Hinrik Jóhannesson og Svava Svavarsdóttir. Hinrik og Svava seldu sinn hlut 1. júlí 2016.

Í stjórn eru Einar P. Guðmannsson, stjórnarformaður, Björn Fr. Svavarsson, framkvæmdastjóri. Meðstjórnendur eru Sigurlaug Ebba Kristjánsdóttir og Ingibjörg Ragna Ragnarsdóttir. Velta fyrirtækisins er u.þ.b. 100 milljónir.

### Sagan

Til að byrja með var meginverksvið Trésmiðjunnar Ýr að sinna öllu því sem laut að timburverki og viðhaldi á íbúða- og atvinnuhúsnæði á Sauðárkróki. Þar að auki er töluvert unnið fyrir sjávarútvegsfyrirtækin á staðnum. Í dag starfar Trésmiðjan Ýr jöfnum höndum sem verktakafyrirtæki og trésmiðja. Upphafið að verktakastarfseminni tók á sig mynd á fyrri hluta tíunda áratugarins þegar ráðist var í smíði íbúða í félagslega húsnæðiskerfinu. Síðan hefur eitt verkefnið tekið við af öðru. Þar ber helst að nefna sambýli fyrir fatlaða við Fellstún, vatnstank við Hofsó, auk íbúðabygginga og leikskóla á Hólum í Hjaltadal. Sumarið 2000 hófust viðamiklar framkvæmdir við 350 fm viðbyggingu við rækjuverksmiðjuna Dögun ehf. og er því verkið ólokið þegar þetta er ritað. Einn af helstu þjónustuliðum Trésmiðjunnar Ýr er smíði sumarhúsa sem flutt eru í heild sinni á tiltekna áfangastaði. Helstu viðskiptavinir slíkra húbýla eru fjölskyldur og félagasamtök. Skáli Ferðafélags Skagfirðinga og Hildarsel í Austurdal, eru dæmi um slíkt, svo og gangnamannahús í Kolbeinsdal fyrir Upprekstrarfélag Hóla- og Viðvíkurhrepps. Sérsmíði vörubretta í stórum stíl hófst fyrir nokkrum árum. Helstu viðskiptavinir eru útgerðarfyrirtækin í bænum. Heildarársframleiðslan er upp á 6-7000 stykki á ári. Fyrir nokkrum árum hættum við smíði á vörubrettum en höfum tileinkað okkur viðhald og endurgerð gamla húsa. Í þessum verkefnum höfum við notið tilsagnar Braga Skúlasonar sem býr yfir mikilli reynslu á þessu gamla handverki. Á árinu 2020 höfum unnið að lagfæringu og uppgerð á kirkjunni á Hofi á Höfðastrand. Á undanförunum árum höfum við unnið mikið við viðhald fasteigna fyrir Ríkiseignir hér í Skagafirði.

### Aðsetur og starfsfólk

Trésmiðjan Ýr hefur frá upphafi verið með aðsetur í 300 fm húsnæði við Aðalgötu 24a. Á tímum kaupfélagsins var starfsmannafjöldinn um 10 manns, en eftir kaupin fækkaði þeim niður í 6-7 í hagræðingarskyni. Velta fyrirtækisins á ársgrundvelli nemur um 30-40 milljónum króna. Nokkrir starfsmenn okkar hafa unnið hjá okkur frá upphafi eða frá árinu 1988.





*Ártún er við Suðurgötu á Sauðárkróki, starfsmenn Trésmiðjunnar gerðu upp og byggðu við það.*



Verkstæði Trévangs.

## Trévangur



Sigurður M. Daniélsson og Jón Ólafur Eiðsson.



Jón Ólafur og Sigurborg í bakgrunninum við frásétt á stíflufrákvæmdum.

Trévangur var stofnað árið 1990 í febrúar allt til ársins 2007 var það í eigu stofnenda. Árið 2007 tóku við rekstrinum starfsmenn sem höfðu unnið við fyrirtækið. Árið 2013 voru síðan gerð formleg eigendaskipti, þá voru það þeir Jón Ólafur Eiðsson, sem hefur starfað á Trévang síðan 2003, Sigurður M. Daniélsson, sem hefur starfað síðan 1983 og sonur Sigurðar, Andri M. Sigurðsson sem hafði þá starfað hjá Trévangi með hléum síðan 2000 og hætti störfum 2015. Stálstjórnur tóku við rekstrinum með þeim frá 2013-2018, en Stálstjórnur er fyrirtæki starfandi á Seyðisfirði. Eftir að Andri hættir störfum hjá Trévangi taka þeir Jón Ólafur og Sigurður við fyrirtækinu árið 2018 og reka það í dag í sameiningu. Jón Ólafur starfar sem framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu og sér þar af leiðandi um daglegan rekstur og stjórnun, hann sér mikið um smíðar og uppsetningu. Sigurður er verkstjóri bæði inni á verkstæði og yfir verkefnum utanhúss. Trévangur er staðsettur á Reyðarfirði, í um 600 fm húsnæði í hjarta bæjarins.

### Sérstaða

Sérstaða Trévangs eru sérsmiðaðar innréttingar sem og húsgögn. Einnig sinnir Trévangur allri almennri smíðavinnu, sem og viðhaldi bæði innan- og utanhúss. Eins sér Trévangur um húsvörslu, sem fyrirtækið tók að sér á seinni árum bankahrunins. Árið 2018 sér Trévangur um almenna húsvörslu í tveimur leikskólum í Fjarðabyggð, einnig sinnir fyrirtækið íhlaupa-húsvörslu hjá nokkrum fyrirtækjum í bæjarfélaginu. Trévangur státar af mikilli fjölbreytni í smíðum og getu til að takast á við nýja hluti og leysa verkefni vel og faglega. Trévangur hefur tekist á við fjölbreytt verkefni meðal annars byggingu á stærri byggingum, fjölda einbýlis- sem og fjölbýlishúsa, iðnaðarhúsnæði og önnur mannvirki, margskonar innréttingar, t.d. innrétting rýma í bókasöfnum. Eftir að núverandi eigendur tóku við Trévangi árið 2007 hafa verkefni fyrirtækisins falið að miklu leyti í sér viðhaldsvinnu fyrir sveitarfélagið og einstaklinga auk einstaka innréttingaverkefna á Höfuðborgarsvæðinu, í Vestmannaeyjum og á Norðurlandi. Trévangur setur ekki fyrir sig að fara um landið og setja upp innréttingar eða sinna öðrum verkefnum.

### Mannauður

Árið 2019 voru 8 starfsmenn hjá Trévangi með eigendum. Á stefnuskránni er að fjölga starfsmönnum með það í huga að geta gert út fyrirtækið með nokkrum teyllum sem vinna í viðhaldsverkefnum úti við, í nýbyggingum og einnig með teymi sem sinnir uppsetningu innréttinga og hafa auk þess tvo til þrjá fasta starfsmenn á verkstæðinu. Sú þróun þokast hægt en er á réttu leið. Af þessum 8 starfsmönnum eru 7 menntaðir, þar af einn með meistararéttindi í húsmiði, fjórir með sveinsréttindi í húsmiði, einn að klára námssamning og einn menntaður húsgagnasmíður með sveinspróf. Í dag starfar einn kvenmaður hjá Trévangi en á tímabili var starfshlutfall kvenna 40%. Jón Ólafur er í dag að mennta sig sem húsgangasmíður og stefnir á að vera komin með meistarabréf í húsgangasmíði haustið 2020, stefnan er að í framtíðinni verði allir starfsmenn Trévangs menntaðir smíðir eða iðnaðarmenn.





Vatnsveituhús á Bildudal.  
Húsin eru ekki öll stór sem þarf að byggja.



Heiðar Jóhannsson eigandi Tv-verk stendur við hurð sem hann smíðaði í gamla félagsheimilið Dunhaga á Tálknafirði.



Viðbygging við íbúðarhúsið að Kvigindisfelli á Tálknafirði.



Skarsúð á 100 ára gömlum hjalli á Hvammeyri Tálknafirði. Ein af mörgum gömlum byggingum sem starfsmenn Tv-verk hafa gert upp.

## Tv-verk

Árið 1982 stofnar Björgvin Sigurjónsson Trésmiðjuna Eik ehf. og rekur hana til ársins 2010 en þá verður fyrirtækið gjaldþrota. Björgvinn kaupir þrotabúið og stofnar Tv-verk. Hann rekur það til apríl 2019, hættir þá vegna aldurs og selur Heiðari Jóhannssyni, húsmiðameistara fyrirtækið, en Heiðar hafði starfað hjá Björgvini alla tíð. Hjá fyrirtækinu starfa nú fjórir í fullu starfi og einn í hlutastarfi. Ásamt Heiðari starfa hjá fyrirtækinu Guðni Ólafsson húsmiðameistari, Andri Bjarnason sveinn, Guðmundur Björn Þórsson, verkamaður og Kristjana Andrésdóttir, eiginkona Heiðars í hlutastarfi.

### Starfsemin

Eins og gengur og gerist á landsbyggdinni þá byggist vinnan á því að þjónusta heimabyggð og næsta nágrenni í öllu sem að byggingum snýr, hvort sem um er að ræða nýbyggingar eða viðhald húsa og annara mannvirkja. Þar sem ekki er eins greiður aðgangur að öllum tegunda iðnaðarmanna úti á landi þurfa starfsmennirnir að vera klárir í hvað sem er og byggja þar með upp dýrmæta reynslu sem nýtist vel.

### Verkefni

Of langt yrði að telja upp allt það sem tekið hefur verið á, en hér á svæðinu höfum við verið í sérstöðu með t.d. gluggasmíði og ekki síst smíði glugga í gömul hús sem við höfum verið að gera upp. Má þar nefna t.d. endurbætur og uppbyggingu í Brautarholti í Selárdal ásamt mörgu öðru. Á verkstæðinu eru fræsarar og samsetningarvélur fyrir glugga sem gera gluggasmíði fljótverkari og vandaðri en ella. Gott pláss er á verkstæðinu þannig að hægt er að smíða húseiningar inni. Á tíma Eikar ehf. voru smíðaðar einingar, gluggar og hurðir í fjölda húsa, sem voru svo fluttar suður á land og reistar þar.

### Aðsetur

Fyrirtækið er staðsett að Strandgötu 37 á Tálknafirði og er í um 450 fm húsi sem byggt var sem sláturhús í kring um 1954 og var slátrað þar fram til 1981 þegar því var breytt í trésmiðju. Litlu seinna var byggð líkamsræktarstöð og vélaverkstæði. En nú er Tv-verk með allt húsið undir sína starfsemi.

### Framtíðin

Ekki hefur verið mikið um nýbyggingar íbúðarhúsa hér, síðast var byggt parhús 2016. En eins og á öllu suðursvæði Vestfjarða er mikill skortur á húsnæði vegna sívaxandi umsvifa laxeldisfyrirtækja á svæðinu, og horfa menn fram á bjartari tíð hvað varðar uppbyggingu á svæðinu.



Heiðar Jóhannsson og eiginkona hans Kristjana Andrésdóttir.



Kirkjan í Haga á Barðaströnd þar sem Tv-verk skipti um glugga sem voru smíðaðir á verkstæðinu og einnig var skipt um járn.



Hagakirkja eftir endurbætur.



Lúxushótel að Deplum í Fljótum.

## Tréverk



Núverandi eigendur. F.v. Guðmundur, Ívar, Hafþór, Kristján, Rögnvaldur og Björn.



Menningarhúsið Berg í Dalvíkurbyggð.



Viðbygging við leikskólann Krílakot á Dalvík.

Tréverk ehf. er rótgróið verktaka- og byggingaþjónustufyrirtæki og eitt hið elsta sinnar tegundar sem enn starfar á Eyjafjarðarsvæðinu. Á undanförunum áratugum hefur fyrirtækið verið atkvæðamikili í sínu fagi og skilað af sér fjöldamörgum byggingum og kennileitum sem setja sterkan svip á umhverfi sitt í Eyjafirðinum.

### Upphafid og eignarhaldið

Tréverk var opinberlega stofnað þann 1. október árið 1962 af fimm hluthöfum sem allir höfðu áður starfað sjálfstætt sem trésmiðir. Þeir voru Aðalberg Pétursson, Bragi Jónsson, Hallgrímur Antonsson, Ingólfur Jónsson og Sveinn Jónsson. Þrátt fyrir langan lífaldur fyrirtækisins hafa eingöngu starfað hjá því þrír framkvæmdastjórar. Sá fyrsti var fyrrnefndur Ingólfur Jónsson sem gegndi hlutverki sínu allt fram til ársins 1981. Þetta sama ár urðu breytingar á eignarhaldi og við stöðunni tók Bragi Jónsson sem sinnti henni til ársins 1989. Síðan þá hefur Björn Friðbjófsson sinnt framkvæmdastjórn Tréverks og er fyrirtækið mjög eftirsóttur vinnustaður með góðum vinnuanda. Starfsmannafjöldinn telur um 25 manna samstilltan hóp húsasmiðameistara, húsasmiða og verkamanna sem margir hverjir hafa tekið þátt í starfsemi um áratuga skeið. Árið 2016 voru breytingar á eignarhaldinu og seldu þrír starfsmenn sem starfað höfðu mjög lengi hjá félaginu sína huti ásamt Sveini Jónsyni sem var búinn að vera hluthafi frá upphafi. Í stað þeirra komu þrír starfsmenn inn í hluthafahóp félagsins. Í dag eru hluthafar í Tréverki; Björn Friðbjófsson, Guðmundur Ingvason, Rögnvaldur Skíði Friðbjörnsson, Hafþór Gunnarsson, Ívar Örn Vignisson og Kristján Örnólfsson. Allir hluthafarnir eru starfsmenn félagsins að Rögnvaldi undanskildum sem sem lét af störfum sökum aldurs 2020 en heldur áfram sem stjórnarformaður félagsins. Allt frá stofnun hefur félagið lagt mikla áhersu á að taka unga menn á námssamning og hafa um 60 einstaklingar lokið við trésmiðanám hjá félaginu.

### Framgangurinn og verkefni

Tréverk hefur frá upphafi tekið að sér nýbyggingasmíð á útboðsmarkaði ásamt breytingum og viðhaldi á eldri fasteignum. Jafnframt hefur fyrirtækið byggt íbúðir á eigin reikning og rekið trésmiðaverkstæði í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Grundargötu 8 á Dalvík. Starfsemin hefur verið mjög farsæl í gegnum árin, enda reksturinn farið fram á sömu kennitölunni alveg frá upphafi. Tréverk hefur reynt að sníða sér stakk eftir vexti og valið sér verkefni í samræmi við þá stefnu.

Fyrsta stóra verkefnið á sjöunda áratugnum var smíði orlofshúsa fyrir verkalýðsfélögin á Illugastöðum í Fnjóskadal. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ef stiklað er á stóru í nær 60 ára sögu Tréverks eru helstu verkefni á Eyjafjarðarsvæðinu, t.d. Ráðhúsið á Dalvík, skrifstofu- og verksmiðjuhús fyrir Sæplast á Dalvík, tveir áfangar við Dalvíkurskóla, Svarfðelabúð á Dalvík, Íþróttahús við Síðuskóla á Akureyri, Sundlaug Dalvíkur sem opnuð var 1994, nýbygging við Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri og ýmsir verkþættir í verlsunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri.





Lúxushótel að Deplum í Fljótum.



Viðbygging við leikskólann Krílakot á Dalvík.

Einnig má nefna 2.300 fm nýbyggingu við Háskólann á Akureyri sem tekin var í notkun í ágúst 2009, íþróttamiðstöð á Dalvík með tilheyrandi aðstöðu sem afhent var Dalvíkurbyggð 1. október 2010 og lokið við byggingu á 83 íbúðum á Akureyri fyrir Búseta á Norðurlandi. Sem dæmi um stærstu framvæmdir Tréverks síðustu árin má nefna lúxushótel að Deplum í Fljótum, tvö fjölbýlishús við Austubrú á Akureyri, stækkun á grunnskóla á Siglufirði, uppsteypa og fleiri verkþættir við Sigló hotel á Siglufirði, viðbyggingu við leikskólann Krílakot á Dalvík, viðbyggingu við aðstöðu Vegagerðarinnar á Akureyri, hafnarframkvæmdir á Dalvík og á Akureyri og tvö fjölbýlishús við Geirbrúðarhaga á Akureyri. Einnig má nefna að Tréverk byggði á eigin vegum tíu íbúðir fyrir aldraða á Dalvík og eru fleiri slíkar íbúðir í undirbúningi hjá stjórnendum félagsins. Jafnframt var Tréverk með ýmsa verkþætti við byggingu nýja frystihússins á Dalvík.

Þar fyrir utan hefur fyrirtækið fullklárað fjölda einbýlis-, par- og raðhúsa og fjölbýlishúsa á svæðinu ásamt ýmsum viðhaldsverkefnum fyrir opinbera aðila, útgerðar- og iðnfyrirtæki. Félagið fylgist vel með allri þróun sem er að verða í byggingaiðnaðinum og er vel í stakk búið að takast á við breytingar á næstu misserum.

Vefsíða: [www.treverk.is](http://www.treverk.is)



Austurbrú Akureyri.









## Tveir smiðir

Tveir smiðir ehf. var stofnað af Vali Gunnarssyni og Daníel Karlssyni 17. júní 1996 og er því 25 ára í ár. Í dag er fyrirtækið með 11 manns í vinnu bæði verktaka og launamenn og eru verkefnin af öllum stærðum. Fyrirtækið hefur smíðað glugga og hurðir frá stofnun þess.

### Verkefnin

Stærstu verkefnin síðasta áratuginn hafa verið bygging reiðhalla í Víðidalnum, hótels á Laugarbakka og stækkun grunnskóla Húnaþings vestra svo eitthvað sé nefnt. Á síðustu árum hefur mikil uppbygging verið á íbúðarhúsnæði á Hvammstanga og hafa Tveir smiðir meðal annarra séð um byggingu þeirra og munu halda því áfram á næstunni. Tveir smiðir hafa einnig sinnt verkefnum í nágrennasveitarfélögum beggja megin við Húnaþing vestra sem og á höfuðborgarsvæðinu.

### Eigendur og starfsmenn

Fyrirtækið hefur verið í eigu 7 manna frá upphafi en núverandi eigendur, Unnsteinn Óskar Andrésson og Guðjón Loftsson keyptu það árið 2019 af Indriða Karlssyni og Jóhannesi Kára Bragasynti. Á tímabili átti Halldór Sigurðsson í fyrirtækinu ásamt bræðrunum Indriða og Daníel Karlssona. Af 11 starfsmönnum fyrirtækisins sem starfa hjá því í dag eru 8 faglærðir og þar af 5 með meistaráttindi.

Tveir smiðir reka trésmiðaverkstæði að Hafnarbraut 7 á Hvammstanga og á núlíðandi ári tók fyrirtækið að sér í fyrsta skiptið að smíða glugga í íbúðarhús hér á svæðinu.

### Verkefnastaða

Í dag er verkefnastaða fyrirtækisins mjög góð. Bygging íbúðarhúsa heldur áfram sem og bygging/endergerð annarra mannvirkja. Að auki er alltaf nóg að ýmsum smáverkefnum sem fyrirtækið sinnir.





Reising á fjósi á bænum Daufá í Skagafirði í september 2018.  
Ljós. Trausti Valur Traustason.



Þakvirki fjóssins á Syðri-Hofdölum í uppsetningu í nóvember 2018.  
Ljós. Kári Heiðar Árnason.

## Uppsteypa

Fyrirtækið Uppsteypa ehf. var stofnað í febrúar 2017. Við stofnun átti fyrirtækið ekkert húsnæði en var skráð með aðsetur á Syðri-Hofdölum í Skagafirði. Í lok árs 2019 festi Uppsteypa ehf. svo kaup á 447,8 fermetra húsnæði að Syðri-Hofdölum og var því breytt í verkstæði og aðstöðuhús.

### Eigendur og stofnendur

Trausti Valur Traustason, byggingatæknifræðingur B.s.c og húsasmíðameistari. Hann er jafnframt stjórnarformaður fyrirtækisins. Gunnar Gíslason, húsasmíðameistari, Helgi Hrannar Traustason, húsasmíðameistari. Fyrirtækið Uppsteypa ehf. var stofnað utan um kaup á nýjum steypumótum og byggingakrana sem og til að sinna almennri byggingastarfsemi sem byggingaverktar. Fyrirtækið er ungt að árum en hefur vaxið jafnt og þétt og dafnað á þessum árum sem liðin eru frá stofnun þess. Eigendur eru þeir sömu og voru í upphafi.

### Starfsemin

Aðfanga og efnis er aflað hjá birgjum innanlands til að sinna þeirri almennu byggingastarfsemi sem Uppsteypa ehf. ástundar. Í Skagafirði er og hefur verið blómlegt atvinnulíf á undanförunum árum. Hafa þeir verktakar sem hér starfa nóg fyrir stafni. Uppsteypa ehf. hefur tekið þátt í útboðum á vegum sveitarfélagsins Skagafjarðar sem og annara fyrirtækja og einstaklinga. Við fyrirtækið starfa eigendurnir þrír auk fjögurra starfsmanna, en þar af eru þrír sumarstarfsmenn og einn heilsársstarfsmaður. Auk þes hefur fyrirtækið nýtt sér þjónustu undirverktaka sem margir hverjir hafa fylgt fyrirtækinu frá upphafi. Um þessar mundir eru allt að 10 undirverktakar að störfum í okkar verkefnum. Velta hefur aukist ár frá ári og afkoman verið góð.

### Verkefni

**Verkefnin sem Uppsteypa ehf. hefur annast eru fjölbreytt og má þar helst nefna:**

- Bygging íbúðarhúsnæðis og frístundahúsa.
- Landbúnaðarbyggingar, einkum fjósbyggingar en á árunum 2017-2019 voru byggð fjós eða viðbyggingar við fjós á sjö bæjum í Skagafirði en þeir eru Sólheimar, Brúnastaðir, Neðri-Ás, Hlíðarendi, Syðri-Hofdalir, Daufá og Framnes.
- Á vordögum 2021 lauk Uppsteypa ehf. byggingu leikskóla á vegum sveitarfélagsins Skagafjarðar. Skólinn er viðbygging við Grunnskólann austan vatna á Hofsósi og á að rúma 22 börn. Leikskólinn er hannaður af arkitektum Úti og inni en uppbygging hans hófst á vordögum 2020.
- Í gangi er skemmtilegt verkefni þar sem verið er að breyta gamalli hlöðu, sem stendur við Sauða á Sauðárkróki, í veitingastað sem áætlað er að opni í sumar. Uppbygging veitingastaðarins hófs síðsumars 2020.
- Bygging á hesthúsi og reiðhöll ásamt frístundahúsi er nú í gangi á jörðinni Staðarhofi í Skagafirði. Undirbúningur að byggingu frístundahússins hófst haustið 2020 og jarðvinna





Unnið við byggingu leikskólans á Hofsósi í september 2020.  
Ljós. Trausti Valur Traustason.



Reising á iðnaðarhúsnæði við Borgarteig 1 á Sauðárkróki í júlí 2019. / Ljós. Trausti Valur Traustason.

við reiðhöllina og hesthúsið, sem eru sambyggð, hófst vorið 2021.

- Árið 2020 var lokið við tvær fjósbyggingar á bæjunum Marbæli, þar sem byggt var við eldra fjós og á bænum Réttarholti þar sem byggt var nýtt fjós.
- Byggð var bogareiðskemma á bænum Ljósstöðum.
- Aðstöðuhús var byggt á bænum Prasastöðum í Stíflu í Austur-Fljótum.
- Lokið var við byggingu íbúðarhúss á Fagraholti í Skagafirði og Uppsteypa ehf. sá um sökkla og byggingastjórn á þremur íbúðarhúsum á Sauðárkróki.
- Í gangi er bygging íbúðarhúss í Glaumbæ.
- Farið var í þakviðgerðir fyrir Háskólann á Hólum í Hjaltadal og þeim lokið á vordögum 2020.
- Unnið að ýmiss konar viðhaldsverkefnum að mestu leyti í íbúðarhúsum, t.d. við gluggaskipti, þakskipti og þess háttar.

### Framtíðarsýn

Við reiknum með að fyrirtækið haldi áfram að vaxa og dafna og að verkefni verði áfram jafn fjölbreytt og skemmtileg og verið hefur til þessa.

### Tækjakostur

Tækjakostur fyrirtækisins hefur vaxið ár frá ári. Bætt hefur verið við steypumótum, vinnulyftum og lyfturum en eins og áður kom fram var fyrirtækið upphaflega stofnað utan um kaup á steypumótum og byggingkrana sem vissulega er í notkun enn í dag.

### COVID-19

Á tímum heimsfaraldurs hefur þess verið gætt að fylgja öllum tilmælum sóttvarnaryfirvalda eftir því sem við hefur átt.

### Samfélagsmál

Uppsteypa sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með því að styðja við góð málefni. Má þar nefna íþróttafélög í héraðinu, kórufuknattleiksdeild Tindastóls, SÁÁ, SOS-barnaþorp og fleiri.



Nýr byggingarkrani í notkun á bænum Sólheimum í Sæmundarhlíð. / Ljós. Guðrún Kristín Eiríksdóttir.



Frá vinstri: Árni Guðjónsson, Guðjón Árnason,  
Karl Ó. Ársælsson og Snæbjörn Þ. Árnason.

## Vatnsverk Guðjón og Árni

Þann 1. janúar 1977 stofnaði Guðjón Árnason, pípulagningameistari, fyrirtækið Vatnsverk Guðjón og Árni ehf. í Borgarnesi. Meðeigendur hans eru Ingibjörg Hargrave og Árni Guðjónsson. Vatnsverk er fjölskyldufyrirtæki.

### Mannauður

Hjá Vatnsverki eru fjórir starfsmenn en reiknað með að þeim fjölgi í 6 næstu misserin en veltan hefur aukist jafnt og þétt með árunum og verkefnum.

### Starfsemin og aðsetur


Stærstu verkefni hafa kallað á tímabundinn „samruna“ fleiri verktaka á svæðinu til að missa þau verkefni ekki úr héraðinu. Má þar nefna Lagnafélag Borgarfjarðar, sem var félag þriggja pípulagnafyrirtækja, sem sneru bókum saman til að geta sinnt framkvæmdum á sínu sviði við hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð við Borgarbraut í Borgarnesi. Slíkt verkefni var ekki á færi eins fyrirtækis. Þannig má segja að samkeppnisaðilar hafi sameinast í ljósi þess sem var augljóslega skynsamlegt, að halda verkefninu hjá heimamönnum.

Starfsemin hefur alla tíð falist í almennri pípulagningaþjónustu en fyrirtækið býður upp á allar vörur og efni til pípulagna og hreinlætistækja. Vatnsverk sinnir bæði stærri verkefnum sem og þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Covid-19 faraldurinn hefur haft þau áhrif að fresta hefur þurft smærri verkefnum og viðgerðum í heimahúsum nema í neyðartilvikum svo sem vegna leka eða kaldra húsa.

Fyrstu 2 árin var fyrirtækið í leiguhúsnæði en árið 1979 var flutt í eigið húsnæði að Brákarbraut 3.

### Framtíðin og samfélagsmál

Staða Vatnsverks er sterk og horft er með bjartsýni til framtíðar. Vatnsverk hefur um árabíl styrkt körfuknattleiksdeild Skallagríms, starfsemi Lions í Borgarnesi og björgunarsveitina Brák. Vefsíða: [www.vatnsverk.is](http://www.vatnsverk.is)







Efni í íþróttavöll.



40 km af hitalögnum fóru í gerð fótboltavallar.

## Vermir

Upphaf Vermis er þegar Sigurður J. Jónsson hóf að læra pípulagnir 1960 þá 21 árs. Að námi loknu hóf hann að vinna sjálfstætt undir eigin nafni til að byrja með en tók síðar upp nafnið Vermir.

### Sagan

1976 kaupir Hallgrímur sonur hans helmingshlut í fyrirtækinu og heitir félagið upp frá því Vermir sf. Árið 2009 hættir Sigurður í pípulögnum og kaupa þá Hallgrímur og eiginkona hans Guðrún Viðar hans hlut og eiga fyrtekið í dag.

### Starfsmenn

Í dag starfa þrír fastir starfsmenn hjá fyrirtækinu, en hafa mest verið fimm. Undanfarið hafa verið fjórir til fimm starfsmenn.

### Verkefnin

Verkefnastaða fyrtekisins hefur alltaf verið mjög góð. Vermir sf. er fyrirtæki sem tekur að sér pípulagnir í stórum sem smáum verkum hvort heldur sem er nýlagnir, viðhald eða breytingar. Við erum með efnissölu sjálf. Efnissala er orðinn töluvert stór liður í rekstri fyrtekisins. Við erum mjög vel tækjum búinn og notum flestar gerðir af viðurkenndum lagnaefnum.




Sigurður J. Jónsson, stofnandi Vermis.



Hallgrímur Sigurðsson, eigandi Vermis.



Bökugarður, Sigurður frá Vermi og Valdi frá Norðurvík.



Guðrún, eigandi Vermis.





Starfsmenn í febrúar 2021. Frá vinstri: Garðar, Sergejs, Leszek, Wieslaw, Matiss, Salmar Már, Skúli Gunnars, Ingvar Þór, Martha, Bergsteinn, Matthildur, Luis, Valdimar, Hermann og Sveinn Ingi. Á myndina vantar starfsmennina Tomasz, Rafał, Kent og Hjalta.

## Vestfirskir verktakar



Bygging skemmu á Nauteyri við Ísafjarðardjúp 2021.



Brú yfir Miðfjarðará í Mjóafirði opnuð 2009.



Vinna við brúargerð í Bjarnadal 2020.

Vestfirskir verktakar á Ísafirði eru stærsta verktakafyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum. Fyrirtækið var stofnað í október árið 2003 af húsasmíðameisturunum Garðari Sigurgeirssyni og Sveini Inga Guðbjörnssyni og múrarmeistararum Hermannni Þorsteinssyni. Allir stóðu þeir á vissum krossgötum þegar fyrirtækið var stofnað og jarðvegurinn á svæðinu frjór fyrir rekstur sem þennan. Stórt verktakafyrirtæki, Eiríkur og Einar Valur, hafði nýlega hætt rekstri og keyptu þeir eignir þess á Skeiði á Ísafirði, auk þess sem Sveinn Ingi kom þaðan. Garðar hafði áður verið með GS trésmíði og Hermann með Garðamúr og komu fyrstu tíu starfsmenn Vestfirska verktaka frá þessum þremur fyrirtækjum. Hermann sagði skilið við Vestfirska verktaka árið 2013 og í dag eru það Garðar og Sveinn Ingi sem standa í brúnni. Þeir mynda stjórn fyrirtækisins, Sveinn Ingi er stjórnarformaður og Garðar er framkvæmdastjóri. Meðstjórnendur eru eiginkonur þeirra, Inga Lind Ragnarsdóttir og Anna Jakobína Hinriksdóttir. Sameiginleg sýn stofnendanna var skýr: að festa sig í sessi sem traust verktakafyrirtæki og í krafti aukinnar stærðar geta boðið í stærri verk. Þeir vildu skapa sér gott orðspor og vinna af dug og dáð fyrir verkkaupa á svæðinu. Alla tíð hefur áhersla verið lögð á að sinna verkum á heimasvæðinu, þó annað slagið falli til verk víðar um land. Norðursvæði Vestfjarða er höfuðvígíð, en með tilkomu Dýrafjarðarganga opnast möguleiki á að sinna verkum á sunnanverðum Vestfjörðum í auknum mæli.

### Starfsemin

Allar götur frá stofnun hefur verið nóg að gera hjá fyrirtækinu. Aðstæður í byggingariðnaði á Vestfjörðum hafa ekki tekið eins stórum breytingum og á höfuðborgarsvæðinu. Lítil þensla var í aðdraganda hrunsins og hrúnið mildara. Starfsemin hefur heldur ekki sveiflast vegna COVID-19 sem geisað hefur undanfarið ár.

Það getur verið krefjandi verk í byggingabransanum að takast á við veðurguðina og veturnir á Vestfjörðum stundum harðir. Síðustu áratugi hefur sú breyting orðið á að ekki er lengur lagt upp með að vinna útverk að sumarlagi, heldur er unnið úti allan ársins hring. Veðurfarið getur haft þær afleiðingar að verkin verða dýrari fyrir vikið, það kemur þó ekki niður á gæðum og er ráðist í hvert verk með það að markmiði að klára það vel.

Vestfirskir verktakar leggja mikið upp úr góðu samstarfi við aðra verktaka og mikið af stærri verkum sem unnin hafa verið á svæðinu verið gerð í góðu samstarfi ólíkra verktaka. Fyrirtækið ræður undirverktaka eftir þörfum þegar það tekur að sér verk sem krefjast krafta úr ólíkum iðngreinum.

### Starfsmenn og aðstaða

Ekki voru starfsmenn fyrirtækisins lengi tíu. Starfsmannafjöldinn tvöfaldaðist fljótt og hefur oftast verið í kringum tuttugu manns. Stjórnunarstillinn er persónulegur og mikið lagt upp úr því að jákvæður starfsandi ríki. Þess vegna starfar hjá fyrirtækinu traustur, fastur kjarni. Skipting milli verkamanna og faglærðra smíða er nokkuð jöfn.





Mávagarðar, geymslubyggingar á Ísafirði.

Frá upphafi hafa aðalbækistöðvarnar verið á Skeiði, en það horfir til breytinga, því fyrirtækið byggir nú 1500 fermetra atvinnuhúsnæði við Æðartanga á Ísafirði. Kemur það til með að hýsa fjölbreytta iðnaðarstarfsemi og þangað flytja Vestfirskir verktakar starfsemi sína á árinu.

### Byggingar og mannvirki

Helstu tegundir verka hjá Vestfirskum verktökum eru nýbyggingar og viðhald, en fyrirtækið hefur einnig sinnt brúarsmiðum og annarri mannvirkjagerð, auk þess sem viðhaldsvinna er stöðugur hluti af starfseminni. Stærsta verkefnið til þessa er bygging hjúkrunarheimilisins Eyra á Ísafirði, þar sem fyrirtækið sinnti öllum verkþáttum, en einnig sá það um byggingu hins glæsilega hjúkrunarheimilis Bergs í Bolungarvík. Fyrirtækið hefur tekið að sér byggingu atvinnuhúsnæðis bæði sem verktakar og að eigin frumkvæði líkt og í tilfelli geymsluhúsnæðis við Mávagarða á Ísafirði. Tókst sú frumkvöðlastarfsemi vel og seljast geymslubilin alltaf jafnóðum og þau eru byggð.

Brúarsmiði hefur verið stór hluti verkefna og brúin yfir Mjóafjörð þar stærsta verkið, en það var unnið með verktakafyrirtækinu KNH. Verkið er hið glæsilegasta og hlaut það Vörðuna, viðurkenningu Vegagerðarinnar í mannvirkjagerð. Vestfirskir verktakar hafa einnig komið að virkjanbyggingum, bæði í Engidal á Ísafirði, sem og í Mjólka í Arnarfirði og þá hafa þeir sinnt stórum verkum sem undirverktakar í jarðgangnagerð, bæði í Bolungarvíkurgöngum og Dýrafjarðargöngum.

Vestfirðir hafa átt í vök að verjast yfir langt skeið með tilliti til íbúafjölda, en síðustu ár hefur verið lítilsháttar fólksfjölgun á Ísafirði sem hefur aukið eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. Fasteignaverð hefur hækkað umtalsvert og í fyrsta sinn í áratugi svarar það kostnaði að ráðast í byggingaframkvæmdir. Vestfirskir verktakar eygja þarna tækifæri til skemmtilegra verka, en þeir eru alls ekki ókunnir húsnæðisbyggingum. Yngsta íbúðarhverfið á Ísafirði, Tunguhverfi, hefur verið byggt af þeim að stórum hluta og árið 2020 luku þeir gerð glæsilegs 13 íbúða fjölbýlishúss, þess fyrsta sinnar tegundar á Ísafirði í 20 ár.

Vestfirskir verktakar hafa nýlokið við gerð brúar í Bjarnardal í Önundarfirði og eru að hefjast handa við brúargerð í Tálknafirði. Þeir eru að leggja lokahönd á fiskeldishús á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi og byggja nú nýtt geymsluhúsnæði við Mávagarð, auk iðnaðarhússins við Æðartanga, þá er líka í kortunum að byggja 1000 fermetra fiskmarkað í Bolungarvík. Á þessu má sjá að horfur fyrirtækisins eru góðar og framtíð byggingariðnaðarins á Vestfjörðum björt. Með sína stærstu auðlind, mannskapinn, munu Vestfirskir verktakar halda áfram að reisa minnisvarða um starfsemi sína um ókomin ár.



Hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði fullbyggt 2015.



Kantsteypa í Reykjavík.



Vinna við Talvikjarðgöngin í Noregi.

## Véltækni



Kristinn Einar Pétursson, framkvæmdastjóri.

Stofnandi fyrirtækisins Véltækni hf. Pétur Jónsson, var einn af frumkvöðlum í íslenskrum verktakastarfsemi og tókst að stýra fyrirtæki sínu Véltækni farsælega í gegnum eitt mesta nýsköpunarskeið í sögu verklegra framkvæmda eftir miðja síðustu öld. Pétur stofnaði Véltækni hf. árið 1958. Véltækni byrjaði smátt með eina skóflu og vörubíl og fáa en góða starfsmenn, m.a. bræður Péturs þá Hauk og Einar. Á þessum árum voru gríðarleg höft á öllum innflutningi og ekki auðhlaupið að því að kaupa vélar og bíla erlendis frá. Annað sem hefti framgang verklegra framkvæmda var að flestöll verk voru á vegum ríkisins. Útboð til einkaaðila voru svo til óþekkt. Á sjötta áratugnum fór að losna um ríkishöftin og menn sáu sér hag í því að bjóða stór verk út til verktaka í lokuðum útboðum. Véltækni hf. er nú til húsa að Stórhöfða 35 í Reykjavík.

### Verkefni

Fyrstu „stóru“ verk Véltækni voru framkvæmdir við hinn nýja Landsspítala og hús Reykjalundar í Mosfellsbæ. Næsta stóra verkefni Véltækni var lagning hitaveitu í Reykjavík. Fram að þessu hafði ríkið skaffað verkamönnum sínum haka og skóflu til að grafa skurði, en Pétur horfði til nýrra tíma. Grafið skyldi með vélskóflu sem sparaði mikinn tíma og kostnað. Ekki voru allir hrifnir af framkvæmdinni en Pétur hélt sínu striki og var frumkvöðull að því að nota vélskóflu við skurðgröft. Árið 1962 var ein stærsta framkvæmd ríkisins, gerð Fossvogsræsis, boðin út. Um var að ræða 7 km leið gegnum holt og hæðir, mýrar jafnt sem kletta. Pétur bauð í verkið og varð hlutskarpastur. Grjótmulningsstöð var reist í Fífuhvammi, ein sú fyrsta sinnar tegundar, steypustöð til að steypa rörin og gríðarmikill bor var fluttur til landsins, að ekki sé talað um þær risagröfur, ýtur, vélskóflur og trukka sem menn höfðu aldrei séð fyrr. Á sjöunda og áttunda áratugnum varð samdráttur í efnahagslífinu. Mörg fyrirtæki lögðu upp laupana en Véltækni hélt alltaf sjó og leitaði nýrra miða. Næstu áratugi var helsti vettvangur Véltækni hf. á sviði nýrrar gerðar slitlags á vegi landsmanna allt í kringum landið. Stjórnunarstefna Péturs Jónssonar var einföld og árangursrík. Haga seglum eftir vindi, hafa augun sífellt opin í leit að nýjum tækifærum. Láta sér annt um velferð starfsmanna. Gæta hófs í yfirbyggingu fyrirtækisins og vera heiðarlegur í viðskiptum. Þessi stefna hefur ætíð verið leiðarljós stjórnenda Véltækni. Áður en Pétur seldi fyrirtækið í hendur syni sínum Kristni Einari Péturssyni árið 1994 hafði hann komið auga á nýja tækni sem nýta mætti hér á landi. Það var kantsteypuvélin, sem lagði kanta í heilli lengju meðfram gangstéttum. Véltækni varð sér úti um slíka galdravél og hefur síðan lagt kantsteina í flestöllum bæjum landsins og kynnt kantsteypuvélina víða um heim eins og í Noregi, Svíþjóð, Færeyjum og Saudi-Arabíu. Síðustu áratugi hefur Véltækni hætt jarðvinnslu og sérhæft sig í lagningu kantsteina.



Pétur Jónsson, stofnandi Véltækni.



Fossvogsræsi árið 1963.

### Starfsmenn

Á upphafsárunum stóð Pétur fyrir mikilsverðum nýjungum í starfsmannahaldi. Hann kom á þeirri skipan að verkamennirnir fengu frían mat í hádeginu og neyttu hans í vistlegum vinnuskúrum. Fram að þessu höfðu mennirnir verið keyrðir til síns heima til að snæða hádegisverð. Hann bauð einnig starfsmönnum sínum og mökum til árshátíða, sem þá var nýlunda.





## Vinnuvélar Eypórs

Stofnendur og eigendur Vinnuvéla Eypórs ehf. frá upphafi og til þessa dags eru Björn Hemmert Hólmeirsson og Eypór Hemmert Björnsson.

### Sagan

Strax frá unga aldri snerust leikir og hugsanir Eypórs um vélar og tæki. Ekki minnkaði áhuginn þegar hann fékk leyfi til að aka Zetor um túnin á Hóli á Tjörnesi með eitthvert tæki hangandi aftan í. Vinsamlegir verktakar gáfu Eypóri færi á að þjálfa sig á alls konar tækjum og tólum, sem hann náði góðri stjórn á. Var þá ekki aftur snúið. Boðað var til fundar þann 16. janúar 2007. Fundarefnið var stofnun einkahlutafélags sem fékk síðar nafnið Vinnuvélar Eypórs, með heimilisfang á Húsavík. Á fundinn mættu Björn Hemmert, er nefndur var formaður stjórnar og Eypór Hemmert, er nefndur var framkvæmdastjóri. Hvor um sig með 50% hlut.

### Starfsemin

Fyrstu tæki félagsins voru dráttarvél með vagn og traktorsgrafa. Félagið óx og dafnaði, hús og ný tæki bættust við og starfsmönnum fjölgaði. Fyrirmyndar og framúrskarandi fyrirtæki í nokkur ár. Góðir starfsmenn, allir með vinnuvélaréttindi, eiga sinn þátt í vexti félagsins og ber þeim að þakka.

### Framtíðarsýn

Á árinu 2020 dróst starfsemin verulega saman. Í upphafi árs voru 8 menn að störfum en fækkaði um einn á árinu. Með aðhaldi í rekstri og sölu tækja tókst að halda starfseminni í gangi án aðstoðar. Eigendur líta björtum augum til framtíðar fyrirtækisins. Starfsemin er komin á fullt skrið að nýju og starfsmönnum hefur fjölgað.





## Víðimelsbræður



Víðimelsbræður.

Víðimelsbræður ehf. var stofnað í október 2015 og eru eigendur fyrirtækisins, Ámundi Rúnar Sveinsson, Ómar Feykir Sveinsson, Logi Fannar Sveinsson og Árni Gunnar Sveinsson bræður frá Víðimel.

### Fjörður ehf.

Fjörður ehf. var stofnað 1986 sem vörubílafélag Skagafjarðar.

Árið 2015 kaupa Víðimelsbræður Fjörð af föður sínum, Sveini Árnasyni og tvemur öðrum eigendum Jóni Árnasyni og Jóni Sigurðssyni.

### Starfsfólk

Starfsmenn Fjarðar starfa ennþá hjá Víðimelsbræðrum og þrír af bræðrunum frá Víðimel vinna hjá fyrirtækinu.

### Starfsemin

Víðimelsbræður hafa tekið að sér almenna jarðvinnu, hleðslu grjótgarða, vegagerð, flutning og snjómokstur innan og utanbæjar.

### Aðsetur

Víðimelsbræður eru með tvær bækestöðvar, eina í Varmahlíð og Messuholt sem stendur rétt við Sauðárkrók.

### Fyrirmyndarfyrirtæki

Víðimelsbræður hafa fengið viðurkenninguna fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri sl. 2 ár.







Ýmsar myndir frá starfseminni.







## X-JB



X-JB ehf. er stofnað árið 2012. Félagið er stofnað af fjórum aðilum sem áttu það sameiginlegt að tengjast JB-Byggingafélagi sem var stórtækt í byggingariðnaði í kringum aldamótin. Það lá því beinast fyrir að kalla félagið X-JB sem vísar í „fyrirverandi“. Eigendur félagsins í dag eru þeir Jakob Ásmundsson húsasmiðameistari og Kristján H. Sigurgeirsson bygginga-  
tæknifræðingur, sem báðir hafa yfir 40 ára reynslu í byggingariðnaði.

### Sagan og verkefni

Fyrstu ár fyrirtækisins einkenndust af verktöku, s.s. uppsteypu á Urðarhvarfi 4 og 14, uppsteypu á viðbyggingu í Hótel Mjöllnisholti og fleiri verkefni sem fólust að meiginstefnu í uppsteypu. Árið 2016 fór í gang fyrsta eigið verkefni félagsins. Það voru fjórar fasteignir byggðar í Sifjarbrunni 10-16 en svo lá leiðin upp í Mosfellsbæ þar sem sex raðhús voru byggð í Laxatungu 105-115. Framangreind verkefni voru seld tilbúin undir tréverk.

Meðfram þessum verkum hefur X-JB ehf. verið að byggja 44 herbergja hótél í Skipholti 29 og 29a en hótelið er í eigu félagsins.

Síðustu verkefni X-JB eru byggð úr krosslímdum timbureiningum (CLT). Þar er flaggskipið veitingastaðurinn Sjáland í Ránargrund Garðabæ. Byggingin er, af mörgum, talin vera einn glæsilegasti veitingastaður landsins. Meðfram þessu verkefni voru tvö einbýlishús byggð á sama hátt í Efrahópi í Grindavík. Félagið hefur þó ekki alveg horfið frá steinsteypu, og er það ekki markmið í sjálfu sér, en einnig er áætlað að ljúka tveggja íbúða parhúsi við Iðunnarbrunn sumarið 2020.

### Mannauður

Fyrirtækið er með milli 15 og 20 iðnaðarmenn í vinnu á hverjum tíma og eru það aðallega smiðir. Þá vinna um 20 einstaklingar, í öðrum greinum, sem verktakar hjá X-JB ehf. á hverjum tíma. Félagið býr yfir öllum nauðsynlegum tækjakosti, s.s. byggingarkrönum, mótum og uppsláttarefni, gröfum og stórum vinnubúðum.

### Nýjungar

Fyrirækið hefur verið öflugt í því að kynna sér nýja byggingarmáta og hefur þannig byggt glæsilegan veitingastað í Ránargrund úr krosslímdum timbureiningum. Í því verki er einnig notað stálvirki og límtrésbitar ásamt stórum gluggum með þreföldu gleri. Sá byggingarmáti er umhverfisvænni en uppsteypu húsin en það skiptir félagið einnig miklu máli. Fagaðilar félagsins hafa verið iðnir við að heimsækja byggingasýningar og verksmiðjur erlendis til þess að fá yfirsýn yfir bestu byggingarefni hvers tíma, m.t.t. umhverfis, gæða og kostnaðar.









Unnið fyrir Landsnet við lagningu 66 kV jarðstrengs, Neskaupsstaðarlína 2. (2020).

## Ylur



Eigendur Yls ehf. Sigbór Halldórsson og Anna Hannesdóttir.

Ylur ehf. er verktakafyrirtæki sem sérhæfir sig í jarðvegsframkvæmdum og starfar á almennum útboðsmarkaði. Helstu verkefni eru vega- og gatnagerð, strenglagnir og efnisvinnsla ásamt allri almennri jarðvinnu. Ylur er með efnisvinnslu í eigin námu við Mýnes og við Litla-Bakka í Hróarstungu. Ylur sinnir auk þessa snjómokstri fyrir Fljótsdalshérað og sér um vetrarþjónustu á Fjarðarheiði en vegurinn er einn hæsti fjallvegur til þéttbýlis á landinu. Fyrirtækið býr að fjölbreyttum tækjakosti ásamt góðum mannaúði sem býr að ára langri reynslu og kappkostar vönduð og góð vinnubrögð. Ylur ehf. á einnig dótturfélagið Stóruvík ehf. og rekur þar 6 sumarhús í ferðaþjónustu.

### Upphaf

Fyrirtækið var stofnað á Egilsstöðum árið 1997 af bræðrunum Sigbóri Arnari, Sigurði og Halldóri Jóni Halldórssonum. Upphaf og nafn fyrirtækisins er tilkomið vegna kaupa þeirra á tækjum Plastiðjunnar Yls hf. sem þeir fluttu frá Lagarbraut í Fellabæ í Tunghaga á Völlum til bráðabirgða. Fyrst um sinn var aðalstarfsemin framleiðsla á einangrunarplasti og var fyrirtækið eina sinnar tegundar á Austurlandi. Sala plasticsins teygði sig þó víðar, enda var boðið uppá flutning á verkstað um land allt. Skortur á atvinnuhúsnæði á Egilsstöðum til að hýsa starfseminu leiddi til þess að þeir bræður réðust í byggingu á húsnæði að Miðási 7 á Egilsstöðum. Strax í byrjun framkvæmda var vart við mikinn áhuga á húsnæðinu og var það að endingu leigt til Húsasmiðjunnar og starfsemi Yls ehf. flutt að Miðási 18 þess í stað. Samhliða byggingu húsnæðisins eru keyptar vinnuvélar og hefst þá rekstur jarðvinnudeildar og verktöku við ýmsar byggingaframkvæmdir, gatnagerð og lagnir m.a. Árið 2007 byggir Ylur ehf. svo loks eigið atvinnuhúsnæði að Miðási 43-45, ásamt fjölmörgum öðrum byggingum á Fljótsdalshéraði.

### Jarðvinna í 20 ár

Frá árinu 2016 er Sigbór Arnar Halldórsson eini eigandi Yls ehf. en hann hefur stýrt jarðvinnuverkefnum frá stofnun fyrirtækisins. Sigbór er rafveituvirki og kemur það sér vel í vinnu við lagningu jarðstrengja o.þ.h. Ylur ehf. hefur tekið að sér fjölbreytt verkefni um allt Austurland í gegnum tíðina. Meðal helstu verkefna má nefna frágang á öllu Kárahnjúkasvæðinu eftir virkunarframkvæmdir Landsvirkjunar. Þar var gengið frá svæðinu eftir að vinnubúðir voru fjarlægðar og landið var mótað upp á nýtt. Yfirborðsfrágangur og lagnir við lengingar flugbrautar á Egilsstöðum, ásamt allri efnissólu. Fjölmörg verkefni hafa verið unnin fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella, þar má nefna endurnýjun stofnlagna Urriðavatns-Barra og endurnýjun stofnlagna á Egilsstaðanesi. Unnin hafa verið verk fyrir Siglingamálastofnun þar má nefna Bryggja og Tunna á Borgarfirði eystra og sjóvarnargarður í Borgarfjarðarhöfn. Einnig hefur Ylur ehf. tekið að sér mörg viðamikil gatna- og vegagerðarverkefni í gegnum árin, þar má helst nefna gatnagerð og lagnir í nýju íbúðarhverfi á suðursvæði Fljótsdalshéraðs, endurbyggingu og styrkingu vega með bundnu slitlagi í Fljótsdal, Fellum, Hróarstungu og á



Efnisvinnsla í Mýnesi.



Vegagerð Teigaból-Bolalækur (2019).





Strenglagn yfir Leirur í Norðfirði, Neskaupsstaðarlína 2. (2020).


Borgarfjarðarvegi. Síðustu ár hefur Ylur ehf. einnig tekið að sér verkefni fyrir Landsnetl, lagningu 132 kV jarðstrengs á Eskifirði, AUST 02 lagningu 66 kV jarðstrengs í Norðfjarðargöngum og nú er unnið að nýju verkefni, þ.e. AUST 02 NK2 Neskaupsstaðarlína - ES1 Eskifjarðarlína.



Unnið fyrir Landsnet við lagningu 132 kV jarðstrengs við Miðhúsaá, Eskifjarðarlína 1. (2020).



100 tonna álfasteinn fjarlægður úr vegstæði við Hrafnsgerði.



Ylur starfsmenn. Frá vinstri: Andri Fannar, Stefán Berg, Andri Valur, Arnar Porri, Sigþór, Anna og Sandra Björg.




Snjómokstur á Fjarðarheiði.





Þorbergur og synir hans, Sæþór og Páll.

## P.B. Borg



Mikil vinna. Hér er verið að gera verkið klárt. Þarna er Þorbergur kominn með mikla reynslu í sínu meistarastarfi; orðinn verkstjóri á þessum tíma með 30 - 50 menn í vinnu.

Þorbergur Bæringsson stofnaði trésmiðju sína í Stykkishólmi árið 1999. Hann fæddist í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit, en flutti til Stykkishólms og sleit barnsskónum í húsi sem nefnist Borg. Þegar hann var á unglingsaldri var hann eindregið hvattur til þess af móður sinni að læra trésmíði. Hann hafði á þeim tíma engan sérstakan hug á því að helga sig smíðum. Hann hafði meiri áhuga á því að fara til sjós, en það reyndi þó aldrei á það. Móðir hans kallaði hann til sín einn daginn og tilkynnti honum að hann hefði fengið vinnu við smíðar og ætti að mæta til starfa þann sama dag. Pilturinn var hlýðinn móður sinni og mætti til vinnu. Þannig hófst smíðanám hans, meistari hans var Kristján Gíslason, gríðalega góður og hagar smíður. Þorbergur hefur starfað óslitið við smíðar síðan.

Nokkru síðar stofnuði Kristján og synir hans, Gunnlaugur og Hörður, Ösp trésmiðju, buðu þeir þeim smíðum sem unnu hjá þeim að vera stofnfélagar. Stofnfélagar voru þeir Björgvin, Þorbergur, Þórður og Hallfreður, síðan bættust fleiri starfsmenn og namar við hjá þeim. Í Öspinni voru framleidd einingarhús, sem seld voru víða um land. Þorbergur var verkstjóri í Öspinni til fjölda ára, 30-50 smíðir unnu þar til margra ára og unnu þeir víða um land við nýbyggingar og fleiri störf, það var því mikið að gera. Auk þess innréttuðu þeir fjölmargar skólabyggingar m.a. Laugagerðisskóla. Að lokum hætti Öspin starfsemi en áfram hélt Þorbergur smíðavinnu.

### Sagan

Árið 1999 kom að því að Þorbergur stofnaði sitt eigið fyrirtæki, P.B. Borg ehf. Fyrstu árin var hann eini starfsmaðurinn og rak að auki steypustöð til nokkurra ára, með smíðavinnunni. Synir hans Páll og Sæþór unnu með honum þegar þeir áttu frí frá annarri vinnu. Þorbergur byggði 100 fm iðnaðarhúsnæði við Nesveg 16, Páll Vignir sonur Þorbergs hætti til sjós þar sem hann hafði unnið í 20 ár og hóf nám í húsasmíðum, hjá pabba sínum og kláraði námið og húsasmíða meistara, og starfar hann í dag hjá P.B. Borg ehf með pabba sínum. Þegar fram liðu stundir var þörf á fleiri starfsmönnum, en þröngt var orðið um starfsemina að Nesvegi 16. En til þess að hægt væri að auka starfsemina, keyptu þeir feðgar 600 fm húsnæði árið 2022 við Nesveg 2. Var það mikil breyting þegar starfsmenn voru orðnir 12. Fyrirtækið er í raun dæmigert verktakafyrirtæki sem tekur að sér alla þætti húsbýgginga.

### Starfsemin

P.B. Borg þjónustar einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir með flest sem snýr að smíði og byggingum en stefnir að fastri framleiðslu í auknum mæli. Þorbergur og félagar taka að sér jafnt viðhaldsverkefni sem nýbyggingar. Eitt af þeim verkum sem Þorbergur er hvað stoltastur af er þegar barnaheimili kaþólsku kirkjunnar var breytt í Hótel Franciskus. Þótti takast einstaklega vel til með það verk. Einnig má nefna þegar allt var tekið í gegn í Fosshótelí ásamt félagsheimili Stykkishólms sem ætíð hefur verið þar staðsett. P.B. Borg er með fasta þjónustusamninga við ýmis önnur fyrirtæki og stofnanir. Meðal annars umsjón með fasteignum ríkisins í grenndinni. Í þessari grein á svæðinu ríkir samkeppni eins og annars staðar en Þorbergur leggur áherslu á



Björgvin Kristján Þorvarðarson og Þorbergur Bæringsson í Laugagerðisskóla sem þeir byggðu 1964-1965.





Sesselja, eiginkona Þorbergs og Þáverandi endurskoðandi fyrirtækisins. Starf Sesselju var að stærstum hluta að innheimta reikninga fyrir útseldri vinnu fyrirtækisins.



Þorbergur ásamt Rögvaldi Lárussyni við trésmíðavél sem skemmdist í eldi. Hér er verið kanna hvað hægt er að gera.

að vandað sé til verka í hvívetna. Þorbergur stofnaði ásamt dóttur sinni Borg fjárfestingafélag ehf. sem keyptu fjögurra íbúða raðhús á Garðaflöt í Stykkishólmi og seldust allar þær íbúðir.

### Mannauður

Í heildina eru 12 fastir starfsmenn hjá fyrirtækinu og að sögn Þorbergs eru næg verkefni framundan og jafnvel þörf á meiri mannskap ef vel á að vera, enda er margt í bígerð hjá fyrirtækinu. Gríðarlega góðir starfsmenn vinna hjá Þ.B. Borg ehf. og þeir telja ekki eftir sér að vinna líka utan bæjarins, þar sem þörf er á smíðum. Menntunarstigið er mjög hátt hjá starfsmönnum. Rétt er að geta þess að Þorbergur var einnig slökkviliðsstjóri í Stykkishólmi í 30 ár, það var því oft mikið að gera.

### Húsin í Hólminum

Þeir sem heimsækja Stykkishólm hafa tekið eftir því hvernig gömlu húsin hafa verið tekin í gegn og nánast endurbýggð til að öðlast upprunalega mynd sína. Þau þykja afar falleg á að líta og hefur Þorbergur, ásamt fleirum, komið að þeirri uppbyggingu og haft af því ómælt gaman. Eins og mörgum smíðum þá þykir Þorbergi skemmtilegast að vinna með timbur s.br. gömlu timburhúsin í Hólminum.

### COVID-19

Ekki beið fyrirtækið neinn skaða í COVID-19 faraldrinum að öðru leyti en því að flestir starfsmennirnir fengu COVID og voru frá vinnu í fáeina daga án þess að finna til mikilla eða alvarlegra veikinda. Menntu hristu þetta af sér eins og hverja aðra umgangspæst og mættu svo hressir til vinnu.

### Framtíðarsýn

Eins og áður hefur komið fram stefnir Þ.B. Borg að því að fara meira út í fasta framleiðslu og stendur sú þróunarvinna yfir þessi dægrin. Þorbergur er bjartsýnn á möguleika framtíðarinnar því það vantar ávallt húsnæði.



Starfsmenn Þ.B. Borg ehf. í tilefni af 20 ára afmæli félagsins. Síðan hefur starfsmönnum fjölgað töluvert.



Þorbergur Þorbergs.



Skóflustunga að nýjum leikskóla í Stykkishólmi. Frá vinstri: Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri, Björn Sverrisson formaður skólanefndar, Þorbergur Þorbergsson verktaki, Maros Vitos, Páll Þorbergs, Gunnar Björn Haraldsson, Elísabet Lára Björgvinsdóttir aðstoðarleikskólustjóri með barnabarn sitt, Berglind Ósk Kristmundsdóttir deildarstjóri og Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir formaður bæjarráðs. Ljós: Sumarliði Ásgeirsson.

### Þorbergur sámdur gullmerki

Á 36. þingi Verkalýðsambands Íslands sem var haldið á Belfossi um síðustu helgi, var Þorbergur Þorbergsson sámdur gullmerki sambandsins. Þorbergur hefur verið formaður Félags stjómenda við Breiðakjál í 35 ár og starfað líka sambandi, sem varastjómurmaður aðalstjómurmaður, formaður stjórnefndar og féra frá árinu 1963. 37. þing Verkalýðsambands Íslands verður haldið í Stykkishólmi árið 2017.





Kranavinna um vetur.

## P.S. Verktakar



Pröstur Stefánsson og Guðný Margrét Hjaltadóttir.

### Saga fyrirtækisins

Það eru rúmlega 40 ár síðan vísir að fyrirtækinu P.S. Verktakar ehf. leit dagsins ljós. Pröstur Stefánsson réðst þá í að fjárfesta í jarðýtu og skömmu síðar í vörubíl til að sinna ýmsum jarðvinnuverkefnum. Um áratug síðar var hann farinn að sinna snjómokstri fyrir Vegagerðina. Fyrirtækinu óx jafnt og þétt fiskur um hrygg næstu misserin og tækjaflotinn stækkaði. Það var svo árið 2000 að þau hjón Pröstur og Guðný Margrét Hjaltadóttir stofnuðu P.S. Verktaka ehf. en hún hafði þá annast bókhald fyrirtækisins í nærri áratug. Aðsetur P.S. Verktaka hefur verið að Miðási 8-10 frá árinu 2000 en áður var rekstur þess frá bílskúr við heimili þeirra. Fyrsti heilsársstarfsmaðurinn var ráðinn árið 1996 og ári síðar kom Hrólfur Árni Jónsson til starfa og er hann verkstjóri hjá fyrirtækinu í dag. Skrifstofan var flutt að Miðási árið 2003 og bætt við hálf dagsstafi á skrifstofu. Árið 2021 var flutt í stærra húsnæði að Miðási 37.



Mikill snjór árið 2014.

### Hlutverk fyrirtækisins

Fyrirtækið er jarðvinnuverktakafyrirtæki með áherslu á viðhaldsverkefni og vinnu við minni og meðalstór jarðvinnuverk fyrir almenning og opinberar stofnanir. Starfsvettvangur er Norðausturland. Umsvif fyrirtækisins aukast og minnka eftir eðli og umfangi verkefna þess hverju sinni. Helstu verkefni eru m.a. snjómokstur, vegaf framkvæmdir, gámaflutningar, þungaflutningar, kranavinna og plæging jarðstrengja. Umfangsmestu verkefni síðastliðinna ára eru uppbygging Dettifossvegar, undirstöður undir Kröflulínu 3 og plæging ljósleiðara í Múlþingi.

### Tækjakostur P.S. Verktaka ehf.

*Fyrirtækið er mjög vel búið tækjum af ýmsum gerðum:*

- Beltagröfur
- Búkollur
- Hjólagröfur
- Jarðýtur
- Kranabílar
- Vagnar
- Valtarar
- Vegheflar
- Vörubílar – dráttarbílar og 4 öxla bílar
- Ýmis tæki



Gröfur við Dettifos.





Spennaflutningur.

### Framgangur

Velta P.S. Verktaka ehf. hefur aukist jafnt og þétt með árunum. Fyrirtækið hefur alltaf verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja á lista Creditinfo utan ársins 2011. Staðan í dag er góð og og haldið áfram á sömu braut. Samkeppni er töluverð við önnur verktakafyrirtæki.

### COVID-19

Við kórónufaraldrinum hefur verið brugðist með auknum smitvörnum og farið að tilmælum Almannaþingarinnar.

### Samfélagsmál

Félagið er aðili að Samtökum iðnaðarinnar. P.S. Verktakar ehf. hafa ávallt stutt dyggilega við nærsamfélagið, íþróttafélög og góð málefni. [www.thsverk.is](http://www.thsverk.is)



Húsaflutningur í Hamarsfirði.



Parfábing sá um að standsetja verslunina Next á nýjum stað á annari hæð í Kringlunni.



Hraungata 21-23, fjölbýlishús í Urriðaholtinu.

## Parfábing



Eggert Jónsson, framkvæmdastjóri.

Parfábing hf. var stofnað árið 1993 upp úr viðhaldsdeild Hagkaupa hf. og voru stofnendur þess: Hagkaup hf., Bónus sf., Miklartorg sf., Vöruveltan hf., Þyrping hf., Kristinn Orri Erlendsson, Ólafur G. Guðjónsson, Sverrir Gunnarsson og Guðbrandur Benediktsson. Núverandi eigendur eru Eggert Elfar Jónsson, framkvæmdastjóri og Einar Hafsteinsson, verkstjóri. Parfábing var fyrst til húsa í Síðumúla 34 í Reykjavík, flutti þaðan árið 1999 í Kjalarvog 5 í Reykjavík og árið 2008 var starfsemin flutt í eigið húsnæði að Drangahrauni 14 í Hafnarfirði og þar er fyrirtækið staðsett í dag. [www.tharfathing.is](http://www.tharfathing.is)

### Tilgangur félagsins og starfsemi

Tilgangurinn með stofnun félagsins var að þjónusta Hagkaup og tengd fyrirtæki með allt sem sneri að viðhaldi.

Starfsemi félagsins hefur tekið talsverðum breytingum í tímans rás frá því að vera eingöngu í að þjónusta fyrirtæki í smærri verkefnum í það að taka að sér alverktöku í stórum verkefnum á útboðsmarkaði fyrir fyrirtæki og stofnanir. Jafnframt er félagið með eigin verkefni, að byggja og selja íbúðarhúsnæði.

### Birgjar

Aðalbirgjar Parfábings eru flestir innlendir en Parfábing flytur að hluta til sjálft inn innréttingar og annað efni beint frá framleiðendum.

### Starfsfólk

Meðalfjöldi starfsmanna undanfarin ár hefur verið í kringum 15 fastráðnir starfsmenn og hefur svo verið allengi. Mikið er þó byggt á undirverktökum sem flestir hafa komið að verkefnum félagsins til margra ára.

### Verkefnastaða

Verkefnastaða er góð um þessar mundir sem og fjárhagsstaða félagsins og við okkur blasir björt framtíð. Ársvelta félagsins hefur farið vaxandi frá ári til árs og árið 2019 nam veltan 2,1 milljarði króna. En auðvitað hafði hrúnið 2008 og COVID-19 árið 2020 sín áhrif. Félagið er sterkt og stóð þessi áföll af sér. Félagið hefur átt auðvelt með að aðlaga sig hratt að þessum breytingum þegar þær eiga sér stað, minnkað hratt og stækkað hratt þegar á þarf að halda.

### Afhent á umsömdum tíma

Starfsfólk Parfábings leggur allan sinn metnað í hvert verk, því að tími viðskiptavina okkar er dýrmætur. Þess vegna leggjum við hjá Parfábingsi höfuðáherslu á að áætlanir okkar standist og að skila verkum okkar á umsömdum tíma.



Einar Hafsteinsson, verkstjóri.



Evar Sveinsson, verkefnstjóri.





Hallsvegur 15-17, 16 íbúða fjölbýlishús.



Steypuvinna.



Hraungata 23.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Parfáþing hefur hlotið viðurkenningu frá Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki s.l. 9 ár eða frá árinu 2012 til 2021. Þá viðurkenningu hljóta aðeins fyrirtæki sem standast styrkleikamat Creditinfo og uppfylla ströng skilyrði við greiningu þess.

### Áralöng reynsla

Eins og áður segir þá hóf félagið starfsemi árið 1993 aðallega sem viðhaldsþjónusta fyrir Hagkaup og tengd félög. Með nýju fólki breytast áherslur og árið 1998 fór félagið að taka þátt í almennum útboðsmarkaði. Þetta var stórt skref að stíga á sínum tíma. Í framhaldi af því fóru verkefni stækkandi ár frá ári og 2001 var stigið enn eitt skref og reisti félagið þá 5 eininga raðhús í Grafarholti og svo var ráðist í byggingu fjölbýlishúss í Urriðaholti árið 2015 og því næst reist hvert fjölbýlishúsið á fætur öðru ásamt þeim útboðsverkefnum sem félagið hreppir hverju sinni sem eru fjölmörg í gegnum árin.

### Öflugir undirverktakar

Í gegnum tíðina hafa að stórum hluta sömu undirverktakarnir unnið fyrir Parfáþing. Þetta er fólk sem við treystum og höfum myndað öflugt samband við.

### TRAUST - GÆÐI - ÁREIÐANLEIKI



Verslun H&M í Kringlunni.



Hakið, Þingvöllum.



New Yorker verslunin í Kringlunni.



Kringlan.



Endurnýjun Ásgarðslaugar.



## ÞG verk



Þorvaldur H. Gissurarson, forstjóri.

### Starfsemi félagsins

ÞG verk er byggingafyrirtæki sem á sér langa og farsæla sögu. Félagið var stofnað árið 1998 af Þorvaldi H. Gissurarsyni sem er forstjóri og eigandi félagsins. Félagið er byggt upp á traustum grunni og hefur staðið af sér öll áföll í íslensku efnahagslífi sem og íslenskum byggingariðnaði. Markmið félagsins hefur ávallt verið að skila góðu verki til sinna viðskiptavina á íbúðamarkaði sem og útboðsmarkaði, að stunda traust og örugg viðskipti og uppfylla væntingar viðskiptavina sinna. Félagið hefur áunnið sér gott orðspor og er í dag eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins í byggingu íbúðarhúsnæðis.

### Starfsfólk og aðsetur

ÞG verk hefur alla tíð verið eftirsóttur vinnustaður enda lagt upp úr því að viðhalda góðum starfsanda og bjóða upp á gott og öruggt vinnuumhverfi. Hjá félaginu starfa að jafnaði um 160 starfsmenn auk fjölmargra undirverktaka.

Aðalskrifstofur félagsins eru við Lág múla 7 í Reykjavík, en verkstaðir eru hins vegar fjölmargir og þar eru flestir starfsmenn félagsins staðsettir. Á hverjum verkstað eru staðarstjóri, tæknimenn og verkstjórar en yfirstjórn er staðsett í Lág múlanum eins og áður segir.

### Systurfélög

Systurfélög ÞG verks eru fjölmörg og má þar nefna Einingaverksmiðjuna ehf. Lövubetong í Færeyjum sem er stærsti sölu og dreifingaraðili sements í Færeyjum auk þess að reka steypustöð, kranabjónustu og einingaverksmiðju. Þá má nefna Reykjastræti sem er öflugt leigufélag á atvinnuhúsamarkaði og að lokum eignarhaldsfélagið Arcus ásamt dótturfélögum.

### Verkefni

Rekstrarárið 2020 var farsælt hjá ÞG verk og systurfélögum. Eins og undanfarin ár skiptust verkefni á milli útboðsverka og eigin verka sem er bygging fjölbýlis- og atvinnuhúsa til sölu eða útleigu. Helstu verkefni á árinu voru bygging fjölbýlishúsa í nýju hverfi í Reykjavík sem kallast Vogabyggð. Þar reisir félagið 380 íbúðir. Fyrsta áfanga þess var lokið á árinu 2020 og gert er ráð fyrir að verkefninu í heild verði lokið á árinu 2023. ÞG verk var með 37 íbúðir í byggingu við Maríugötu í Urriðaholti árið 2020 ásamt því að vera með í gangi undirbúning 70 íbúða við sömu götu. Í undirbúningi eru fjölmörg stór verkefni og má þar nefna 165 íbúðir við Sunnsmára, fjölbýlishús í Hafnarfirði, Akranesi og fleiri verkefni í Urriðaholtinu. Haldið var áfram með að innrétta skrifstofur, lækna- og skurðstofur í stórhýsi við Urðarhvarf í Kópavogi auk frágangs á atvinnuhúsnæði við Dalveg 32 og á Hafnartorgi í Reykjavík. ÞG verktakar voru með stór útboðsverk í gangi á árinu 2020 og má þar nefna byggingu glæsihótelis fyrir Lindarvatn á Landsímareit við Austurvöll. Þá var í fullum gangi uppsteypa nýrra höfuðstöðva Landsbankans og undirbúningur fyrir brúargerð á Sólheimasandi.



Formleg afhending á vottunarskírteini vegna jafnlaunakerfisins hjá ÞG verk var fimmtudaginn 7. október 2021. Frá vinstri: Birna Dís Eidsdóttir og Gná Guðjónsdóttir frá Versavottun, Þorvaldur Gissurarson, Emma Ingibjörg Valsdóttir, Örn Tryggvi Johnsen og Bergur Helgason frá ÞG verk.





Séð yfir Vogabyggð.

### Sérstaða og framtíðarsýn

Húsnæðis og byggingamarkaðurinn á Íslandi er sveiflukenndur en þar hefur félagið getað nýtt sér þá sérstöðu sína að vera bæði með eigin byggingarverk ásamt því að vera öflugur á útboðsmarkaði. Þannig hefur félaginu tekist að halda úti öflugri starfsemi hvernig sem árar og jafna út sveiflur sem einkenna byggingamarkaðinn. Stjórnendur félagsins líta björtum augum til næstu ára því að líkur eru á því að þörfin fyrir íbúðarhúsnæði verði mikil á næstu árum auk þess sem talsverð gróska verður á útboðsmarkaði.

### Stjórnendur

ÞG verk býr að því að innanborðs eru öflugir stjórnendur og starfsmenn. Rekstrar- og fjármálastjóri félagsins er Örn Tryggvi Johnsen, verkfræðingur og MBA. Yfirverkfræðingur er Birgir Karlsson, byggingaverkfræðingur. Innkaupastjórnun er í höndum Steingríms Björnssonar, viðskiptafræðings. Hrefna Þorvaldsdóttir, viðskiptafræðingur sér um sölu og markaðsmál. Agnar Sigurjónsson, byggingaverkfræðingur er yfir hönnunarstjórnun og verkefnastýringu í eigin verkum. Bergur Helgason verkfræðingur er gæða- og öryggisstjóri félagsins. Emma Valsdóttir er mannauðsstjóri félagsins og aðalbókari er Huguína Ester Sigurðardóttir. Staðarstjórar eru þeir: Benedikt Karlsson, Óskar Gunnarsson, Hjörtur Freyr Jóhannsson, Skúli Sigvaldason, Pétur Jóhannsson og Gunnar Valur Gunnarsson.



## Pingvangur

Pingvangur ehf. er öflugt byggingarfélag á Íslandi í eigu Pálmar Harðarsonar. Árin eftir hrun voru afar krefjandi fyrir allan byggingariðnaðinn og það þurfti frjóa hugsun. Pálmar fékk þá hugmynd að kaupa gamla lðnskólann á Akureyri og breyta í hótél. Þessi áform gengu upp og úr varð glæsilegt Icelandairhótél sem markaði upphafið að vexti Pingvangs.

### Mikil byggingarætt og athafnarmenn, Pálmar Harðarson

Pálmar Harðarson hefur unnið í byggingargeiranum nánast alla ævi. Hann kemur úr ætt mikilla bygginga- og athafnamanna sem hefur byggt yfir þúsundir íbúða og atvinnuhúsnæði á Íslandi. Hann byrjaði ungur að vinna í byggingageiranum með föður sínum, Herði Jónssyni, en auk hans hafa bæði afi hans og langafi reist fjölmörg hús á Íslandi. Þegar Pálmar ekur um landið getur hann bent á fjölmörg hús sem fjölskyldan hans hefur komið að. Að því sögðu verður farið yfir helstu byggingar sem fjölskyldan hefur komið að með einum eða öðrum hætti.

### Fyrsta húsið, Kristján Kristjánsson

Fyrsta húsið sem vitað er um er húsið sem Kristján Kristjánsson (1844-1928) hreppstjóri í Stapadal byggði árið 1888. Húsið kom tilhöggvið frá Noregi ásamt gluggum, hurðum og gleri. Ein hæð og ris, með spón á þaki. Niðri var betri stofa, borðstofa, stórt eldhús, búr og forstofa. Geymsluskúr var með efri hlið með inngangi þar og salerni í endanum að sunnanverðu. Í risi voru þrjú svefnherbergi. Stigi lá úr eldhúsinu upp á loftið. Loft hæð niðri var 2,5m og hurðir 2m á hæð. Stofan var veggfóðruð, en dagstofa með brjóstpanel og spjöldum að neðan. Þetta mun hafa verið fyrsta timburhús sem byggt var á sveitabæ í Auðkúluhreppi (íbúðarhús úr steinsteypu var byggt skömmu fyrir 1930).

### Mikið byggt út á landi, Páll Kristjánsson

Sonur Kristjáns, Páll Kristjánsson byggði mörg hús og flest þeirra á Ísafirði. Árið 1931 byggði hann m.a. bæjarskrifstofuna og Kaupfélag Ísfríðinga sem er hornhúsið við Hafnarstræti og Austurveg. Þá voru allmörg hús við Túngötu byggð af honum og ólst Ólafur Ragnar Grímsson fyrrverandi forseti Íslands upp í einu slíku húsi en það var á Túngötu 3. Á Reykjanesi í Ísafjarðadjúpi byggði Páll sundlaug ásamt tengibyggingu og Héraðskólann þar sem í dag er rekið hótél. Páll byggði nokkra grunnskóla á Suðurlandinu, einnig Félagsheimilið Hlégarð í Mosfellssveit og viðbyggingu við Laufásveg 21-23 sem ameríska sendiráðið lét byggja svo eitthvað sé nefnt. Eitt af síðari verkum Páls var þyrping einnar hæðar raðhúsa sem kölluðust „Sólbyrgi“ við Snekkjuvog sem hann byggði ásamt syni sínum, Gunnlaugi Pálssyni arkitekt. Húsin voru hin fyrstu sinnar gerðar í Reykjavík og birtist umfjöllun um þau í yfirlitsriti um norræna byggingarlist sem út kom á vegum Nordisk Byggedag í Helsinki árið 1955. Það allra síðasta sem Páll vann við voru innréttingar fyrir Dvalarheimilið Hrafnistu á Brúnavegi ásamt því að annast eftirliti á þeirri uppbyggingu.





### Ný tækni í uppsteypu, Jón Pálsson

Jón Pálsson, sonur Páls Kristjánssonar, var umsvifamikill byggingameistari og athafnamaður. Fyrsta verk hans var Félagsheimilið í Bolungarvík árið 1952. Fjórum árum síðar stofnaði Jón fyrirtækið Stapa ehf. ásamt bróður sínum Gunnlaugi Pálssyni, báðir ættaðir frá Stapadal. Það ár, nánar tiltekið 13. ágúst 1956, var enn brotið blað í byggingarsögunni þegar Jón reisti blokkir í Gnoðarvogi með skriðmótum, í fyrsta sinn á Íslandi. Var þetta áður en byggingarkranar komu til sögunnar. Stapi ehf. var stofnað í þeim tilgangi að leigja skriðmótin til þeirra sem vildu notfæra sér þennan byggingarmáta. Talið var að með þessari nýju aðferð hafi byggingarkostnaður lækkað um 15%, en ótalin voru þau verðmæti sem urðu til vegna tímasparnaðar. Fjöldmörg hús voru byggð með þessari aðferð, til dæmis var Háskólabíó byggt á þennan hátt og vann Jón sem smiður við það verk. Einnig ber að nefna sjöttu metra reyk háf fiskimjölsverksmiðjunnar á Kletti í Laugarnesi sem einnig var byggður með skriðmótum. Jón var mjög athafnamikill og byggði fjöldan allan af einbýlishúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum.

*Hljómalindarreitur afmarkast af Hverfisgötu, Klapparstíg, Laugavegi og Smiðjustíg. Þingvangur byggði upp stóran hluta reitsins en sum hús voru rifin og önnur verið gerð upp frá grunni og er þarna núna blönduð byggð með íbúðum, hóteli, verslunum og þjónustu.*

Framhald á næstu opnu →





*Þingvangur byggir 83 íbúðir við Elliðabraut 4 sem komu til sölu vorið 2021. Íbúðirnar eru fjölbreyttar að stærð og gerð og henta bæði einstaklingum og fjölskyldum.*



*Veitingahús á Klapparstíg 28 og 30. Eitt fallegasta veitingahús landsins á Hljómalindareit.*

### Athafnamaðurinn Hörður Jónsson, sonur Jóns Pálssonar og faðir Pálmars Harðarsonar

Hörður Jónsson byrjaði sinn feril í byggingageiranum á því að byggja nokkur raðhús með bróður sínum, Kristjáni Jónssyni. Hann stofnaði síðar fyrirtækið ÁHÁ ásamt öðrum og var byggingafyrirtækið mjög umsvifamikið á sínum tíma. Félagið gerði hvað mest af því að byggja atvinnuhúsnæði, byggði t.d. Hótel Cabin sem er í Borgartúni 32, Origo áður Nýherjahúsið í Borgtúni 37 og skrifstofuhúsnæðið sem hýsir Samtök Atvinnulífsins í Borgartúni 35. Jafnframt byggði ÁHÁ Lágmúla 4 og Smáratorg ásamt Álpynnuverksmiðjunni Becromal sem heitir í dag TDK Foil Iceland á Krossanesi á Akureyri. Þá byggði Hörður nokkrar blokkir í Ugluhólum ásamt Sléttuvegi 15-17 sem í eru íbúðir fyrir 55 ára og eldri. Eitt af síðustu verkum Harðars var bygging 90 íbúða, 42 raðhúsa og fleira á Álftanesi. Hörður byrjaði á verkinu en börn hans tóku svo við því og luku verkinu.

### Þingvangur í dag

Undanfarin ár hefur Þingvangur ehf. tekið þátt í ótal metnaðarfullum verkefnum á áberandi stöðum svo sem á Lýsisreitnum svokallaða en þar eru 141 íbúð á Grandavegi 42, Hljómalindarreitnum en þar er að finna hótél, verslanir, 25 íbúðir og Brynjureitnum sem inniheldur 72 íbúðir auk verslana. Einnig byggði Þingvangur þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar á Fiskislóð. Starfsemin er þó alls ekki bundin við höfuðborgarsvæðið og hafa verið unnin stór verk á landsbyggðinni, t.d. Icelandairhótel á Akureyri, hótél á Höfn í Hornafirði, hús sem hýsir Eldfjallamiðstöðina á Hvolsvelli, ellefu heilsárhús í Kjarnaskógi, 37 íbúðir á Akranesi og eitt stærsta nautabú landsins á bænum Sandhóli í Meðallandi í Skaftárhreppi. Í dag er meðal annars unnið að 83 íbúðum á Elliðabraut í Norðlingaholti, 82 íbúðum á Hallgerðargötu fyrir Bjarg íbúðafélag, 129 íbúðum á Hafnarbraut á Kársnesi fyrir Upphaf og fimm íbúðum fyrir Landssamtökin Proskahjálpi í Beykiskógum, einnig er Þingvangur ehf. að byrja á 252 íbúðum, verslun og þjónustu og aðstöðu fyrir eldri borgara fyrir systurfélag sitt, Húsbygg ehf. á Álftanesi. Þingvangur ehf. hefur jafnframt tekið að sér ýmis verk fyrir önnur fyrirtæki og tekið þátt í útboðum. Hjá Þingvangi starfa í dag 80 manns og fjöldinn allur af verktökum.





Verið að hífa timbureiningu sumarið 2020 á Hallgerðargötu.



Íbúðir fyrir Bjarg íbúðafélag. Fyrsta skóflustungan var tekin við Hallgerðargötu 3. júní 2019. Fulltrúar Bjargs og verkalýðsfélaganna ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og fulltrúum frá Þingvangi tóku skóflustunguna, Pálmar Harðarson eigandi Þingvangs er annar frá hægri. 80 íbúðir sem Bjarg íbúðaleigufélag reisir fyrir tekjulága einstaklinga og fjölskyldufólk á Kirkjusandi. Íbúðirnar verða í átta húsum.





Jónas Þór Sigurgeirsson og Árni Þór Jónasson að tengja 400 mm<sup>2</sup> strengi inn á aðaltöflu Ljósm. Sigurgeir Þór Jónsson.



Vilhjálmur Agnarsson og Anton Haraldsson skipta út háspennuröfa. / Ljósm. Jónas Þór Sigurgeirsson.

## Átak



Jónas Þór Sigurgeirsson.

Átak ehf. var stofnað á Blönduósi árið 1974 af Árna Jóhannssyni, Kristófer Kristjánssyni, Þormóði Péturssyni, Hilmari Kristjánssyni, Guðmundi Lárussyni og Einari Evensen. Upphaflega var fyrirtækið stofnað um kaup á krana sem hugsaður var til að þjónusta sveitarfélögin og fyrirtæki í Austur-Húnavatnssýslu.

### Starfsemin í dag

Átak ehf. er rafmagnstæknifyrirtæki sem býður bæði upp á ráðgjöf og uppsetningu á rafmagnsbúnaði. Tæknideild Átaks ehf. leggur aðaláherslu á að veita ráðgjöf og þjónustu innan háspennukerfisins, bæði við flutning og framleiðslu raforku. Verkefni hafa verið í uppsetningu og tengingum á háspennubúnaði og hjálparkerfum síðustu árin.

Við erum með A löggildingu og getum því tekið að okkur öll verk á sviði háspennu, bæði verklega sem og fræðilega. Verkfræðingar okkar hafa aðgang að nýjustu mælitækjunum sem og að öflugum reikniforritum til útreikninga á rafmangskerfum.

Við höfum á ferilskránni vinnu við allt frá 0,4kV upp í 400kV. Við höfum unnið við hönnun og verkefirlit á vatnsaflsvirkjunum af mörgum stærðum, tengingu á jarðstrengjum, hönnun og verkefirlit á vindmyllugörðum upp að 580MW og margt fleira.

### Reynsla og þekking hjá Átak

#### Dreifikerfi:

Starfsmenn Átaks hafa flest allir unnið við dreifikerfi RARIK á norðurlandi, bæði við háspennu og lágspennu. Mikil reynsla er bæði í uppsetningu á nýjum búnaði (strengir, loftlínur, spennistöðvar o.fl.) og viðhaldi á sama búnaði. Átak ehf. hefur einnig verið að vinna mikið í lagningu og tengingu á háspennubúnaði hjá rafveitum sem og hjá gagnaverum Advania og Etix. Átak ehf. er með réttindi til að tengja strengi upp að 66kV.

#### Lágspenna:

Átak ehf. er með mikla reynslu við að vinna við lágspennukerfi, við höfum hannað og sett upp allt frá almennum heimilisraflögnum, til flókinnna stýrikerfa. Sem dæmi má nefna alla stýriskápmíði, uppsetningu og tengingar fyrir stækkun hitaveitunnar á Reykjum, Austur-Húnavatnssýslu. Nokkrar dælustöðvar eru í kerfinu sem krefst mikillar reglu og nákvæmni í stýringum.

#### Varnarliðar:

Rafmagnsverkfræðingur Átaks ehf. er sérfræðingur í varnarliðum. Hann hefur unnið við hönnun og prófanir á varnarliðabúnað frá helstu framleiðendum í Evrópu, svo sem Siemens, ABB og MiCOM (Schneider og GE). Átak býður upp á stillingu og eftirliti á varnarliðum, til þess höfum við OMICRON CMC 356 sem er af mörgum talið besta tækið til prófunar á varnarliðum.

#### Vatnsaflsvirkjanir:

Reynsla Átaks við vatnsaflsvirkjanirer löng, einn af okkar starfsmönnum tók þátt í uppsetningu og prófunum á öllum raf-, varnar- og stjórnubúnaði Blönduvirkjunar. Einnig tóku starfsmenn okkar þátt í uppbyggingu 15MW vatnsaflsvirkjunar í Sisimuit á Grænlandi. Þar voru helstu



Helgi Haraldsson og Fannar Bjarnason.





Hluti af starfsmönnum Átaks eftir vel heppnaða framkvæmd við stækkun gagnavers. Fannar Bjarnason, Valur Valsson, Vilhjálmur Agnarsson, Pétur Ari Zophoníasson og Anton Haraldsson. Ljós m. Jónas Þór Sigurgeirsson.



Guðmundur Rúnar Halldórsson og Leifur Ólafsson tengja háspennustreng í gagnaveri. / Ljós m. Jónas Þór Sigurgeirsson.

verkefni, verkeftirlit, uppsetning og gangsetning á virkjuninni og rekstur hennar fyrstu 2 árin. Verkfræðingur Átaks ehf. tók einnig þátt í hönnun stjórnbúnaðar vatnsaflsvirkjunarinnar við Ilulissat á Grænlandi. Starfsmenn Átaks ehf. hafa því viðtæka reynslu á vinnu við vatnsaflsvirkjanir, bæði á Íslandi og Grænlandi.

#### Vindorka:

Notkun vindorku hefur ekki enn haslað sér völl á Íslandi svo neinu nemur, en starfsmaður Átaks ehf. hefur starfað við hönnun og uppsetningu á vindorkugörðum (Wind Farms). Þar hefur hann tekið þátt í frumhönnun á vindorkugörðum sem og fylgt eftir upp- og gangsetningu á 580MW vindorkugarði í Norðursjónum. Starfsmaður Átaks var þar verkefnastjóri yfir varnar- og stjórnbúnaði sem og verkefnastjóri yfir öllum gangsetningumum og prófunum á háspennubúnaði.

#### Reynsla og þekking

Einn af þeim kostum sem Átak býr yfir, er sú fjölbreytta reynsla sem er innan fyrirtækisins. Þar er átt við að við getum tekið að okkur að annast allt frá hönnun til uppsetningar á búnaði, einnig getum við boðið upp á verkefnastjórn á öllum stigum verksins, bæði fyrir háspennu og lágspennu.

#### Starfsmenn

Starfsmenn Átaks eru um 13 talsins en stöðugildin voru 22 þegar mest var. Starfsmenn Átaks hafa mikla þekkingu á öllu sem viðkemur rekstri og uppbyggingu orkuvera, bæði innanlands sem utan. Átak ehf. hefur yfir að ráða öflugum verk- og tækniþræðingum sem einnig eru með sveinspróf í rafvirkjun. Átak hefur A löggildingu og getur því verið ábyrgðarmaður rafveitu. Rafvirkjar Átaks ehf. hafa mikla þekkingu á stýrskápasmíðum og prufunum á stjórn og varnarbúnaði.



Þau eru ekki mörg verkefni sem strákarnir í Átaki ná ekki að leysa. Bátarafmagn er eitt af því sem þeir eru búnir að afla sér þekkingu og reynslu.



Leifur Ólafsson og Guðmundur Rúnar Halldórsson tengja rafala í vatnsaflsvirkjun. / Ljós m. Sigurgeir Þór Jónasson.



Töflusmiði.



## E.G. Jónasson



Einar Jónasson, rafvirkjameistari og framkvæmdastjóri.

Einar G. Jónasson rafvirkjameistari stofnaði fyrirtækið E.G. Jónasson ehf. árið 1996 á Húsavík og starfaði að mestu einn til að byrja með. Áður hafði hann verið tækniamaður á sjúkrahúsinu á Húsavík í 15 ár. Fyrirtækið tók fljótlega að sér ýmsa starfsemi og stækkaði hratt. Starfsemin fer fram í 180 fm húsnaði að Garðarsbraut 39 sem flutt var í árið 2002.

### Fyrirtækið rekur fjölbreytta starfsemi

Fyrirtækið sér t.d. um raflagnir á tveimur hitaveitum og í sundlauginni á Húsavík og mikið viðhald fyrir Norðurþing eins og ljósastaura og einnig fyrir vegagerðina. Starfsemin er mjög fjölbreytt eins og gerist með lítil fyrirtæki úti á landi.

### Starfsfólk

Hjá fyrirtækinu vinna sjö manns, þ.e. rafvirkjar, símsmiður, nemar og verkamenn.



Arnar Freyr Birgisson, rafvirkjanemi.



Andreas Blensner, rafvirki frá Danmörku.



Sigvaldi Þór Einarsson, rafvirki.



Hallur Hallgrímsson, nemi hjá E.G.Jónasson ehf.



Jónas Þorkelsson, verkamaður hjá E.G.Jónasson ehf.



Einar Halldór, símsmiður hjá E.G.Jónasson ehf.





Brynjar Árnason, rafvirki.

## Elektro Co

Elektro Co ehf. er alhliða fyrirtæki á sviði raflagna og raftækni og er með áratuga reynslu á því sviði. Fyrirtækið er með starfsstöð og lögheimili að Grundargötu 11 á Dalvík og fer starfsemin fyrst og fremst fram í sveitarfélaginu sjálfu en verkefni eru einnig sótt til nágrannasveitarfélaga. Helstu verkefni eru viðhald hjá stórum og smáum fyrirtækjum til sjávar og sveita, þjónusta við einstaklinga og nýframkvæmdir af ýmsum stærðargráðum ásamt þjónustu við skip og báta. Núverandi starfsmenn er 6 talsins og eigendur fyrirtækisins eru Ásgeir Páll Matthíasson, löggiltur rafverktaki og framkvæmdastjóri, Auður Helgadóttir, stjórnarformaður, Matthías Ásgeirsson og Sólveig Sigurðardóttir.

### Upphafið og sagan á bakvið fyrirtækið

Elektro Co ehf. á sér langa sögu og var upphaflega stofnað árið 1922 á Akureyri af Indriða Helgasyni sem þá opnaði eina af fyrstu raftækjaverslunum landsins og var síðar með umfangsmikla rafverktakastarfsemi á Norðurlandi og víðar. Indriði var iðulega nefndur eftir fyrirtækinu og var þá kallaður „Indriði í Kóinu“. Indriði hætti rekstri árið 1971 og Helgi Indriðason sonur hans endurstofnaði fyrirtækið á Dalvík og breytti því í hlutfélagið Elektro Co hf. árið 1975 ásamt fleirum. Helgi hafði þá áður starfað með föður sínum og unnið við að rafvæða Dalvík í allmörg ár. Fyrirtækið starfaði undir framkvæmdastjórn Þorsteins Skaftasonar og Helga fram til ársins 1990 þegar starfsemin var lögð niður en Helgi starfaði þó áfram við rafverktöku á Dalvík. Árið 1996 kaupa núverandi eigendur fyrirtækið af Helga ásamt allri starfseminni og lager. Helgi hættir afskiptum af rekstri fyrirtækisins en aðrir starfsmenn halda áfram. Fyrirtækinu er þá breytt í Elektro Co ehf. og Ásgeir Páll Matthíasson löggiltur rafverktaki tekur við sem framkvæmdastjóri en hann hafði áður unnið í nokkur á hjá fyrirtækinu undir stjórn Helga. Fyrirtækið hefur starfað á sömu kennitölu frá 1975.

Vefsíða: [elektro.is](http://elektro.is)



Eigendurnir, Ásgeir Páll Matthíasson, löggiltur rafverktaki og framkvæmdastjóri og Auður Helgadóttir, stjórnarformaður.



Haraldur Örn Haraldsson, rafvirki.



Húsnæði Elektro Co.



Arnar Ingi Þórarinnsson, rafvirki.



Starfsfólk Eltech í febrúar 2020. Frá vinstri: Ágúst Andri Arnarson, Róbert Andri Steingrímsson, Steingrímur Ólafsson, Birkir Örn Erlingsson, Steingrímur Sigurðsson, Benedikt Egils Sævarsson, Pétur Gunnarsson, Baldur Ingi Sæmundsson og Ingibjörg Gestsdóttir.

Eltech



Steingrímur Ólafsson, framkvæmdastjóri. Mælaskipti fyrir Norðurorku 2015.

Eltech ehf. er alhliða rafverktakafyrirtæki fyrir einstaklinga, stofnanir, húsfélög og fyrirtæki, ásamt því að annast ráðgjöf og hönnun raflagna, iðntölvustýringa og ljósastýringar. Félagið var stofnað í ágúst 1996 en hét þá Hjóla-sport ehf. og var aðaltilgangur félagsins rekstur reiðhjólaverkstæðis, smásala og heildsala með reiðhjól og skyldan búnað. Árið 2012 var nafninu breytt í Eltech ehf. og jafnframt var tilgangi félagsins breytt þannig að aðaltilgangur þess sé rafverktaka og raflagnahönnun. [www.eltech.is](http://www.eltech.is)

#### Upphafid

Stofnendur voru Ingibjörg Gestsdóttir og Ólafur Stefánsson. Framkvæmdastjóri allt frá byrjun er Steingrímur Ólafsson. Árið 2010 breyttist eignarhaldið þannig að Steingrímur keypti allt hlutfé Ólafs og eru eigendur í dag Ingibjörg og Steingrímur. Steingrímur er löggiltur rafverktaki og raflagnahönnuður.

Steingrímur hóf nám í rafvirkjun við Verkmenntaskólann á Akureyri 1985 og tók náms- samninginn í Slippstöðinni á Akureyri hjá Sævari Sæmundssyni rafvirkjameistara. Hann tók sveinspróf í rafvirkjun 1989 og lauk síðan námi í rafidnfræði 2008, fékk löggildingu sem raflagnahönnuður 2012 og B-löggildingu sem rafverktaki 2013.

Aðsetur Eltech er að Freyjunesi 8 á Akureyri og starfa að jafnaði um 6-9 manns hjá fyrirtækinu.

#### Starfsviðid

Starfsvið Eltech ehf. er að mestu rafverktaka þ.e. nýlagnir og viðhald húsnæðis ásamt þjónustu við ýmis stýrikerfi, s.s. hitastýringar, loftræsikerfi, sundlaugakerfi o.fl. Einnig sér Eltech ehf. um hönnun raflagna bæði hefðbundnar raflagnir húsnæðis og sérkerfa eins og hita- og loftræsikerfi og önnur stjórnkerfi eins og skjámyndakerfi, sundlauga- og pottastýringar. Einnig sér fyrirtækið um tilboðs- og áætlanagerðir.

Meðal helstu verkefna síðastliðin ár eru nokkrar nýbyggingar allt frá sumarhúsum til fjölbýlishúsa og má þar nefna t.d. Austurbrú 2-8, Hafnarstræti 26, Kristjánshagi 8, Hringtún 9 Dalvík, varphænsnahús að Hranastöðum o.fl. Meðal annarra endurbóta og nýframkvæmda má nefna endurnýjun kjallara gamla Húsmæðraskólans á Akureyri, endurnýjun sundlaugagarðs Sundlaugar Akureyrar og endurnýjun Íþróttahúss Glerárskóla, endurnýjun brunaviðvörðunarkerfa í Krónunni Hafnarstæti 97 og Verslunarmiðstöðinni Sunnhlíð.

Meðal verkefna tæknisviðs hafa verið t.d. hönnun og forritun skólþdælubrunna fyrir Hafna- fjarðarbæ, skólþdælubrunnur fyrir Landsspítalann, endurnýjun stýringa og stýriteikninga í Sundlaugunum í Hrísey og Grímsey, forritun og stýriteikningar Íþróttamiðstöðinni Patreksfirði, raflagnateikningar í einbýlis- og sumarhús, vélaskemmur, varphænsnahús og margt fleira. Eitt skemmtilegasta verkefnið var að útbúa og forrita stýringu fyrir kertadýfingavél fyrir Plastiðjuna Bjarg á Akureyri.

Allt frá byrjun hefur Eltech ehf. kappkostað að þjónusta fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Má þar helst nefna: Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar, Eyjafjarðarsveit, Vesturbyggð,



Paintballferð starfsmannafélagsins 2019. Frá vinstri: Róbert Andri Steingrímsson, Steingrímur Ólafsson, Birkir Örn Erlingsson, Kári Gunnarsson, Sæmundur Þór Leifsson, Steingrímur Sigurðsson, Benedikt Egils Sævarsson, Pétur Gunnarsson og Ágúst Andri Arnarson.





Unnið fyrir sundlaug Akureyrar, 2018.

Norðurorku, Tréverk ehf., Byggingafélagið Hyrna ehf., Félagsstofnun Stúdenta á Akureyri, Teigur svínabú Eyjafirði, Pálmholt svínabú Reykjadal, eggja- og kúabúið Hranastöðum Eyjafirði, kúabúið Dagverðareyri ásamt mörgum öðrum fyrirtækjum, stéttarfélögum, húsfélögum og einstaklingum.

### Mannauður og jákvæðni í verki

Hjá Eltech starfa í dag 9 manns, rafvirkjanemar, rafvirkjar, rafeindavirki, nemar í rafíðnfræði, rafíðnfræðingur og skrifstofustjóri. Allt frá byrjun hefur Eltech stutt við nýliðun í faginu með því að taka að sér nema og taka nema frá Verkmenntaskólanum á Akureyri í starfskynningu. Nýlega var stofnað starfsmannafélag Eltech sem nú þegar hefur staðið fyrir nokkrum uppákomum eins og bjórkynningu hjá Kalda og paintball í Skagafirði. Einnig býður Eltech starfsfólki sínu og mökum uppá ýmsar uppákomur eins og jólahlaðborð, grillveislur o.fl. Þá hefur Eltech stutt við og styrkt ýmis samtök og íþróttafélög og má þar helst nefna Íshökkídeild Skautafélags Akureyrar þar sem Eltech hefur verið einn aðalstyrktaraðili þess um árabil.



Eggjabúið Hranastöðum Eyjafirði, 2019.



Jólaskreytingar, 2018.





## Fagtækni



Fagtækni ehf. sérhæfir sig í allhliða hönnun og uppsetningu á tölvu- og rafmagnskerfum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtækið var stofnað árið 1990 og starfaði fyrstu árin undir nafni Matthíasar Sveinssonar, eiganda og stofnanda þess en því var breytt í einkahlutafélag árið 1995 og fékk þá nafnið Fagtækni. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Eiríkur Jóhannsson, rafmagnstæknifræðingur.

### Starfsemin

Í byrjun var fyrirtækið eingöngu í því að hanna og leggja raflagnir, en um leið og tölvukerfi fóru að verða til sáu þeir möguleika þar og eru nú leiðandi á sviði uppsetninga á tölvulagnakerfum. Fagtækni býður upp á heildarlausnir sem felast í því að allar teikningar, verkáætlanir og kostnaðaráætlanir eru gerðar hjá fyrirtækinu á sviði raflagna og sérkerfa.

Fagtækni hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að mæta öllum þörfum viðskiptavina þegar kemur að heildarlausnum í hönnun og uppsetningu tölvu- og raflagna ásamt sérlausnum. Sú áherslubreyting varð síðan hjá Fagtækni að í stað þess að ljúka uppsetningu rafkerfa og fara frá verkinu að því loknu eins og oft tíðkast hjá rafverktökum bjóða þeir upp á þjónustu sína áfram með gerð þjónustusamninga sem er ótvíræður kostur fyrir verkkaupann.

Fagtækni hefur tekið að sér verkefni sem aðalverktaki og haft yfirumsjón og stýringu á undirverktökum í byggingaframsækndum. Á þeim 26 árum sem Fagtækni hefur verið starfandi hefur fyrirtækið verið svo lánsamt að vinna ýmis verkefni með framsæknu fyrirtækjum Íslands og þetta hefur skapað gríðarlega sérþekkingu og reynslu innan fyrirtækisins.

### Gæðakerfi

Fagtækni vinnur eftir eigin gæðakerfi, fyrirmynd að því kerfi er Handbók fyrir fyrirtæki sem ætla að taka upp vottað ISO9001 gæðakerfi og er stefnan tekin að ISO9001 vottuðu gæðakerfi. Öll vistun gagna og meðferð tölvupósts er eftir gæðakerfinu ásamt samskiptum við Neytendastofu og Orkuveitur. Verklag er gert skýrara og ákveðnara með verklagsreglum ásamt eyðublöðum fyrir prófanir og úttekt eigin verka.

### Starfsfólk

Mikil áhersla er lögð á endur- og símenntun starfsfólks fyrirtækisins sem er um 20 manns og stöðugt er verið að senda fólk á námskeið bæði utan lands og innan.

### Framtíðarsýn

Hvað framtíðina snertir mun Fagtækni kappkosta að vinna áfram af fullum heilindum fyrir viðskiptavini sína og munu ávallt bjóða bestu hugsanlegu lausnina í hverju máli, hvort sem um er að ræða hönnun, teikningu eða heildarlausn á raflagnakerfum og þjónustu með þjónustusamningum við kerfin eftir að þau hafa verið sett upp.









Hluti starfsmanna fyrir framan höfuðstöðvarnar.

## Geisli

Alhliða rafmagnsþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki



Þessi hafa haldið um stjórnvölinn í Geisla frá upphafi: Þórarinn Sigurðsson, Guðrún R. Jóhannsdóttir og Pétur Jóhannsson.



Þórarinn Sigurðsson í dyragættinni á fyrstu bækiðöðvum Geisla fyrir tæpri hálfri öld.

Geisli er jafngamall gosinu á Heimaey; var formlega stofnaður af hjónunum Guðrúnu R. Jóhannsdóttur og Þórarni Sigurðssyni á afmælisdegi Guðrúnar 10. október 1973. Stofnun fyrirtækisins tengdist raunar goslokunum beint því það verður til í kjölfar þess að Viðlagasjóður hætti afskiptum af almennri verkatakastarfsemi í Vestmannaeyjum, þ.m.t. rafmagnsvinnu, þegar hreinsun bæjarins var að mestu lokið. Allar götur síðan, í bráðum 50 ár, hefur Geisli veitt Eyjamönnum og fyrirtækjum þeirra viðtæka og alhliða þjónustu í öllu, smáu og stóru, sem snýr að rafmagni og raftækjum.

### Sagan

En þetta byrjaði smátt fyrir tæpri hálfri öld; og það er kannski við hæfi að þetta „hjóna-fyrirtæki“ hafi byrjað starfsemi sína í húsnæði sem kallaðist „Keleríð“ – 20 fermetra bakhúsi sem var í eigu Vélsmiðjunnar Magna við Strandveginn. Starfsmennirnir voru í upphafi þrír með þeim hjónum og höfðu allir starfað áður hjá Viðlagasjóði í kjölfar gossins. Strax í upphafi byggðist starfsemi Geisla á allri almennri rafmagnsvinnu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þjónusta við fiskiskipaflotann vóg strax mjög þungt í starfseminni og fólst mest í viðhaldi og nýlögnum á rafmagni í flotanum, ásamt uppsetningu og viðgerðum á fiskileitar- og siglingatækjum; og kæli- og frystikerfum. Verkefnum Geisla fjölgaði hratt næstu árin og starfsemin óx hröðum skrefum. Reksturinn sprengdi fljótlega utan af sér húsnæðið og ráðist var í 300 fermetra nýbyggingu við Flatir 29 sem flutt var inn í haustið 1976. Geisli færði svo enn út kvíarnar 1980 með opnun raftækjaverslunar og í kjölfarið þurfti aftur að stækka húsnæðið. Árið 2006 keypti Geisli rekstur fyrirtækisins Eyjaradíó og sameinaði það rekstri sínum og þá bættist viðgerðarþjónusta á hverskyns rafeindatækjum við starfsemina. Ákveðin þáttaskil verða síðan 2009 þegar Geisli flutti inn í 1000 fermetra nýbyggingu og færði enn út verslunarreksturinn með kaupum á gjafavöruversluninni Callas. Öll starfsemin var þar með komin á einn stað og er þar enn. Til hliðar við meginstarfsemina stofnaði Geisli svo Skipalyftuna hf. árið 1981 ásamt vélsmiðjunum Magna og Völundi. Allar götur síðan hefur verið mikið og gott samstarf á milli Geisla og Skipalyftunnar. Árið 2010 hófst samstarf Geisla við Múrbúðina undir nafninu Múrbúðin í Vestmannaeyjum sem seldi byggingavörur.

### Verkefni

Til að nefna örfá dæmi um stór verkefni sem Geisli hefur fengist við á síðustu misserum og árum mætti tiltaka nýtt tengivirki fyrir Landsnet; nýja varmadælustöð fyrir HS Veitur; raflagnir fyrir Ægigötu 4 þar sem m.a. er að finna hvalalaugina fyrir mjaldrana góðkunnu og annan búnað fyrir Sealife Trust og Þekkingarsetur Vestmannaeyja - og svona mætti áfram telja. Umtalsverður þáttur í starfsemi Geisla er einnig þjónusta við Milu og dreifikerfi fyrirtækisins í Eyjum. Geisli kemur einnig að uppbyggingu ljósleiðarakerfisins í bænum og þjónustu og viðhaldi á senda- og móttökubúnaði uppi á Klifi í Vestmannaeyjum. Eins og áður sagði varð þjónusta við fiskiskipaflotann strax ákveðin þungamiðja í starfsemi Geisla og svo er enn.





*Það þarf að halda stóran lager, þegar er veitt alhliða raflagnajónusta í stóru bæjarfélagi.*

Skipa- og bátafloki Eyjamanna treystir á Geisla þegar kemur að uppsetningu, nýlögnum, viðhaldi og viðgerðum á fiskileitartækjum og kæli- og frystikerfum. Einnig sér Geisli um eftirlit og viðhald með frysti- og kæligámum fyrir fyrirtæki á borð við Eimskip og Samskip. Þetta eru einungis örfá dæmi um starfsemi Geisla – fyrir utan hefðbundna rafmagnsvinnu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

#### **Staðan í dag**

Starfssvið Geisla er afar breitt og nær yfir alla þætti rafmagnsvinnu fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki í Vestmannaeyjum. Allir þættir raflagna eru undir; allt frá uppsteypu þar sem það á við til lokafrágangs. Þetta gildir um m.a. lýsingu, eldvarnarkerfi, ljósastýringar, aðgangsstýrikerfi, myndavélakerfi og tölvakerfi.

#### **Starfsfólk og markmið**

Starfsfólk Geisla losar nú þriðja tuginn; rafvirkjar, rafeindavirkjar, tölvunarfræðingar og verslunar- og skrifstofufólk. Markmið Geisla er enn sem fyrr að veita einstaklingum og fyrirtækjum í Vestmannaeyjum fyrsta flokks þjónustu í öllu því sem lýtur að rafmagni – og búa á hverjum tíma yfir nýjustu þekkingu og færni á því sviði.



*Hluti af starfsfólki verslunarinnar Eyjólfur Heiðmundsson, Guðmundur Ingi Jóhannesson og Vilborg Stefánsdóttir.*



*Guðrún Jóhannsdóttir og Vilborg Stefánsdóttir í versluninni.*





Friðrik Garðarsson, rafvirkjameistari og framkvæmdastjóri að störfum.

## Rafeining



Fyrirtækið Rafeining ehf. var stofnað í Hafnarfirði árið 1988. Stofnendur og eigendur eru Friðrik Garðarsson rafvirkjameistari og Ásthildur Flyngenring. Fyrirtækið er í dag til húsa að Flatahrauni 5b í Hafnarfirði. Starfsmenn Rafeingar ehf. eru fimm í dag, þar af fjórir rafvirkjamenntaðir og með viðbótarmenntun og sérþekkingu á þeim sviðum sem lýst er hér að neðan.

### Sagan

Í upphafi sinnti fyrirtækið almennum verkefnum, en á þeim liðlega 30 árum sem fyrirtækið hefur starfað hefur það markvisst byggt upp sérþekkingu á sviði iðnaðar- og skiparafmagns, framleiðslu á stýritöflum og stjórnbúnaði fyrir veitufyrirtæki ásamt sérþekkingu vegna viðgerða og viðhalds á tækjabúnaði, s.s. rafsuðuvélum, hraðabreytum og ýmsum hliðstæðum búnaði. Þar til viðbótar hefur innflutningur og sala á sérhæfðum lýsingarbúnaði fyrir landbúnað, garðyrkju og margskonar iðnaðarfyrirtæki verið vaxandi þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Vegna þessarar sérhæfingar hefur fyrirtækið byggt upp samstarf og viðskiptasambönd við fjölda aðila sem leggja til sérhæfðan tækjabúnað og þekkingu sem tryggir nauðsynlegan sveigjanleika til að veita viðskiptavinum þær heildarlausnir sem þörf er á hverju sinni.

### Í dag skiptist starfsemi Rafeingar ehf. í neðangreinda meginþætti:

#### **Þjónusta við veitufyrirtæki vegna reksturs veitukerfa (vatnsveitur og fráveitur)**

Helstu viðfangsefni á þessu sviði eru framleiðsla á stýritöflum og uppsetning stýribúnaðar vegna reksturs dælustöðva. Meginþættir og lausnir felast í framleiðslu og uppsetningu á afltöflum allt að 2000A, stýri- og eftirlitsbúnaði vegna reksturs og stýringar dælistöðva og til vöktunar og samhæfingar á virkni

**Helstu viðskiptavinir:** Hafnarfjarðarbær, Hlaðbær Colas, Hringrás, Klettur, sala og þjónusta, Málmsteypa Þorgríms, Landspítalinn o.fl.

**Helstu samstarfsaðilar:** Danfoss, Eltech, Optech.

#### **Þjónusta við skipaflotann**

Rafeining hefur um langt skeið þjónustað stór útgerðarfyrirtæki vegna uppsetningar á stýribúnaði í skipum, viðhalds og endurnýjunar á raflögnum og stýribúnaði vegna frystingar.

**Helstu viðskiptavinir:** Samherji – DFFU (Deutsche Fischfang Union), Polar Nanoq o.fl.

#### **Viðgerðir og viðhald á sérhæfðum tækjabúnaði**

Viðgerðir viðhald og þjónusta vegna rafsuðuvéla, rafmóturum, hraðabreytum og sérhæfðum stýribúnaði.

**Helstu viðskiptavinir:** Framtak vélsmiðja, G. Skúlason, framhaldsskólar, Hamar, P&E o.fl.

**Helstu samstarfsaðilar:** System Electrics, GasTec, Sindri og Landvélar.





### Innflutningur, sala og uppsetning á sérhæfðum lýsingarbúnaði fyrir landbúnað og garðyrkju

Rafeining ehf. hefur á undanförunum árum futt inn og sett upp sérhæfðan lýsingarbúnað fyrir landbúnað, s.s. í fjósum og gróðurhúsum. Að auki hefur fyrirtækið þjónustað björgunarsveitir og löggæslu vegna sérhæfðs ljósabúnaðar fyrir lit og björgun.

**Helstu viðskiptavinir:** Bændur og garðyrkjustöðvar, björgunarsveitir og löggæsla og iðnfyrirtæki

**Helstu samstarfsaðilar:** Agrilight, Keraf, Night Searcher.

### Framtíðarsýn

Eigendur Rafeingar ehf. eru sannfærðir um að rekstrar- og viðskiptamódel fyrirtækisins sl. 30 ár hafi verið farsælt og eru staðráðnir í að byggja rekstur og starfsemi komandi ára á sama grunni. Ekki verður horft til mikils vaxtar, en áhersla lögð á að viðhalda núverandi styrk sem felst í fámennum hópi sem hefur reynslu, þekkingu og yfirsýn yfir þau sérhæfðu verkefni og lausnir sem fyrirtækið býður sínum viðskiptavinum. Sveigjanleiki, skilningur á þörfum viðskiptavinarins, góð yfirsýn og persónuleg samskipti skipta fyrirtækið meiru en aukin umsvif.

Vefsíða: [www.rafeining.is](http://www.rafeining.is)





Stjórnkerfi virkjunar.

## Rafey



Hrafnkell Guðjónsson, rafvirkjameistari og framkvæmdastjóri.

Rafey ehf. var stofnað 1989 á Egilsstöðum og er nú með aðsetur í 1.100 fm húsnæði að Miðási 11 á Egilsstöðum og þjónustar fyrirtæki og einstaklinga á Mið-Austurlandi.

### Starfsemin

Þjónusta Rafeyjar spannar flesta þætti rafmagns, frá virkjunum, afdreifingu, stýrikerfi, öryggiskerfi og fjarskipti, auk þess að reka rafvéla verkstæði, rafeindaverkstæði og að annast heimilistækjaviðgerðir. Rafey rekur einnig vel búið verkstæði fyrir stór og smá farartæki.

### Eigendur og starfsfólk

Eigendur Rafeyjar ehf. eru Hrafnkell Guðjónsson rafverktaki og Máni Sigfússon rafvéla virki. Hjá Rafey starfar um 20 manna öflugur hópur þar sem eru rafvirkjar, rafeindavirkjar, bifvéla virkjar, iðnfræðingur, tæknifræðingur og sérþjálfað aðstoðarfólk.

**Gæðakerfi Rafeyjar er vottað af Samtökum iðnaðarins**



Máni Sigfússon, rafvéla virkjarameistari og stjórnarformaður.

### Þjónustan

Rafey kappkostar að veita fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum á Austurlandi gæða-þjónustu við nýframkvæmdir, rekstur og viðhald.



Tölvulestur og bilanagreining á flestum gerðum farartækja.



Öflugt verkstæði fyrir stór og lítil farartæki.





Mótorvindingar og leguskipti á flestum stærðum og gerðum rafmótora og rafala.




Rafkerfi farartækja – bilanagreining og viðgerðir.



Sendistaðir Sveitanetsins eru dreifðir um allt þjónustusvæðið.



Þjónusta í fjarskiptamöstrum.







Bjartmar og Marteinn vinna fyrir Vegagerðina.

## Raffó



Aðalsteinn Þór Arnarsson, nýkjörinn formaður rafverktaka á Norðurlandi.



Fljótlega eftir stofnun Raffó. Frá vinstri: Aggi, Marteinn, Alli og Sibbi.



Kaffistofan hjá Raffó.

Raffó ehf er rafverktakafyrirtæki í Fjallabyggð (Siglufirði) stofnað hrunárið 2008. Fyrirtækið stofnuðu feðgarnir Aðalsteinn Þór Arnarsson og Marteinn Örn Aðalsteinnsson.

Aðalsteinn er rafmagns- og rekstrariðnfræðingur og rafvirkjameistari og Marteinn sveinn í rafvirkjun og nú í meistaraskóla.

Í stjórn sitja þeir feðgar ásamt Vilborgu Rut Viðarsdóttur (eiginkona og móðir).

Sömu eigendur og sama stjórn hafa verið frá stofnun til dagsins í dag.

### Mannauður

Í upphafi voru starfsmenn þrír en fjölgaði fljótlega í fjóra. Fjöldi starfsmanna hefur verið á bilinu fjórir til átta eftir verkefnum.

Raffó hefur verið með stór verkefni sem kallaði á fleiri rafvirkja. Ákveðið var að fjölga ekki starfsmönnum Raffó heldur fá aðra rafverktaka á svæðinu í samstarf tímabundið. Reyndist þetta vel. Raffó ehf. hefur verið ákaflega heppið með starfsfólk og er lítil starfsmannavelta. Frá upphafi hafa starfað hjá fyrirtækinu, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Marteinn Örn Aðalsteinnsson og Sigurbjörn Jóhannsson sem starfar í dag í hlutastarfi vegna aldurs. Fljótlega hóf Agnar Sveinsson vinnu hjá Raffó og starfar þar enn í dag.

Raffó nýtti sér starfskrafta eldri starfsmanna tímabundið og verkefnatengt. Voru það starfsmenn í fullu fjöri en hættir vinnu vegna aldurs. Þessi hópur var kallaður Sésveitin, sem samanstóð af þremur eldri rafvirkjum. Einn af þeim var Arnar Ólafsson faðir og afi eigenda. Hann hafði starfað áður hjá Rafveitu Siglufjarðar og síðan Rarik.

Í dag starfa hjá Raffó: Aðalsteinn, Marteinn, Sigurbjörn (eitt og eitt verk), Agnar og synir Aðalsteins, þeir Hjörvar Már Aðalsteinnsson, sveinn frá 2020 og Bjartmar Ari Aðalsteinnsson nemi og stundar skóla í VMA með vinnu.

### Starfsemi

Raffó ehf. er alhliða rafverktakafyrirtæki. Um það bil 70-75% af starfseminni er þjónusta við sjávarútveginn og fyrirtæki í Fjallabyggð og víðar og þá um það bil 25-30% er vinna við nýbyggingar, breytingar og verk fyrir einstaklinga.

Meðal stærri þjónustuverkefna Raffó í sjávarútvegi eru: Rammi hf. rækjuverksmiðja og skip þeirra, Sólberg ÓF 1 (sem er eitt af nýjustu og fullkomnustu fiskiskipum Íslendinga) og Múlaberg SI 22. Fiskkaup Krístrún RE 177 og á haustin, þ.e. frá ágúst til jóla, línuskipafloftinn sem leggur upp hjá Fiskimarkaði Siglufjarðar. Skip frá Þorbirni hf., Stakkavík hf. og fleiri stórum útgerðum víðs vegar um landið. Raffó þjónustar líka fyrirtæki í líftækniíðnaði. Primex ehf. sem vinnur kítin og kitosan úr rækjuskel, Genis ehf. sem áframvinnur fæðubótarefni úr kítin. Önnur stærri þjónustuverkefni eru: Vegagerðin, þjónustusamningur vegna Strákagangna, Héðinsfjarðargangna og Múlagangna, HSN, Fjallabyggð og Skíðasvæðið Skarðsdal. Meðal stærri nýbygginga- og uppbyggingaverkefna Raffó eru: fyrir Selvík ehf. og athafnamanninn Róbert Guðfinnsson, Sigló Hotel, veitingastaðina Hannes Boy, Kaffi Rauðku (veitinga og





*Íhugað í Sólbergi OF1.*

tónleikastað), stóreldhús (iðnaðareldhús) í svokölluðu græna húsi. Fyrir Fljótabakka ehf.: Lúxus Hótel að Deplum í Fljótum og önnur hús þeirra. Fyrir Orkusöluna: endurnýjun á stýribúnaði Skeiðsfossvirkjunar efri og alls rafbúnaðar Skeiðsfossvirkjunar neðri.

#### **Framtíðin**

Starfsemi Raffó ehf. er í fullum gangi nú árið 2021. Við horfum björtum augum til framtíðar og erum vel mannaðir með réttindamenn og góða aldursdreifingu. Við leggjum metnað í að þjónusta og halda okkar góðu og traustu viðskiptavinum.



*Sigló hótél, Raffó sá um allt rafmagn þar.*





Fjósið í Flatey á Mýrum í smiðum.



## Rafhorn



Gunnar Örn Reynisson, framkvæmdastjóri.



Friðrik Jónas Friðriksson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Rafhorn ehf. var stofnað í október 2003 af Friðriki Jónasi Friðrikssyni rafvirkjameistara. Rafhorn keypti húsnæði ásamt lager af Rafmagnsverkstæði Bjarna Jakobssonar og hófst starfsemin af fullum þunga 15. janúar 2004. Markmið félagsins er að sinna allri raflagnabjónustu, sölu á raflagnaefni og viðgerðum á raftækjum.

### Starfsemin í dag

Árið 2012 fluttist starfsemin í stærra húsnæði og var þá verslun bætt við reksturinn en ásamt því er félagið einnig með slökkvitækjabjónustu, umboð fyrir Símann, umboð fyrir Bílaleigu Akureyrar ásamt því að sinna afgreiðslu flugvélaeldsneytis á Hornafjarðarflugvelli. Meginstarfsemi félagsins er til húsa í aðalskrifstofum fyrirtækisins en einnig er húsnæði leigt í nágrenninu fyrir hluta lagersins og þar er einnig hægt að sinna viðhaldi tækja og sérhæfðs búnaðar. Aðalstarfsemi félagsins felst í raflagnavinnu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, félagið sinnir að stóru leyti allri þjónustu fyrir Mílu á svæðinu. Töluverð reynsla við nýlagnir og þjónustu við ljósleiðara er til staðar innan fyrirtækisins og margra ára reynsla. Félagið hefur á undanförmum árum tekið að sér nokkur umsvifamikil verk og ber þar helst að nefna; ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins Hornafjarðar, stærsta fjós á Íslandi í Flatey á Mýrum, endurbætur á fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði og nýr leikskóli í sveitarfélaginu Hornafirði.

### Eigendur og stjórnendur

Árið 2019 bættist Skinney-Pinganes í eigendahópinn og er félagið nú í helmingseigu Skinney-Pinganes og Friðriks Jónasar og eiginkonu hans, Ásgerðar Kristínar Gylfadóttur, sem jafnframt situr í stjórn félagsins ásamt Aðalsteini Ingólfssyni, forstjóra Skinney-Pinganes. Varastjórn skipa þau Guðrún Ingólfssdóttir, fjármálastjóri Skinney-Pinganes og Friðrik Jónas. Við þessa breytingu á eigendahópnum var Gunnar Örn Reynisson, viðskiptalögfræðingur, ráðinn sem framkvæmdastjóri félagsins.



Aðalsteinn Ingólfsson í stjórn.



Guðrún Ingólfssdóttir í varastjórn.





Allra veðra von, viðgerð að vetri.



Símasmiður að störfum í rigningu.



Töflusmiði.

### Starfsfólk

Hjá félaginu starfa að jafnaði á bilinu 10-12 manns, þrjár á skrifstofu og í verslun, 6 rafvirkjar og tveir símvirkjar. Að auki eru ráðnir einn til tveir sumarstarfsmenn ásamt því að mikið er notast við aðkeypta vinnu verktaka á svæðinu, þá helst við jarðvegsvinnu.

### Framtíðarsýn

Töluverð uppbygging er um þessar mundir í sveitarfélaginu og mun Rafhorn halda áfram að þjónusta eintaklinga og fyrirtæki á svæðinu af bestu getu.



Rafhorn lætur framleiða fyrir sig ýmislegt efni til raflagna, hér má sjá rakapétta tengidós.



Gott skipulag er lykilatriði.



Það þarf líka að vinna skitverkin.



Það þarf rafmagn á ótrúlegustu stöðum, Stafafellsfjöll í Lóni.





Starfsfólk. Frá vinstri: Ívar Örn Sveinbjörnsson, Marínó Jónsson, Fannar Bergsson, Víkingur Freyr Erlingsson, Sigurður Bergur Jónsson, Tómas Örn Snorrason, Jón Stefán Þórðarsson og Sveinn Elíasson. Á myndina vantar Eriku Ósk Júlíusdóttir og Stefán Orra Aðalsteinsson.

## Raflagnabjónusta Selfoss



Fyrirtækið var stofnað í nóvember 2004 og þá staðsett að Gagnheiði 5 á Selfossi.

Stofnendur fyrirtækisins eru þeir Jón Stefán Þórðarson og Sveinn Elíasson. Nafninu var svo breytt árið 2009 í Rafhús sem enn er í eigu þeirra félaga ásamt Raflagnabjónustunni sem fékk nýja kennitölu árið 2009.

### Starfsemin

Í gegnum tíðina hefur starfsemin verið með svipuðu móti en þó aukist jafnt og þétt. Aðfanga er aflað frá íslenskum heildsöluaðilum. Vöruúrvalið felst í alls konar efni til raflagna auk ljósa í úrvali ásamt tölvustýringum og hraðastýringum. Þó alltaf ríki samkeppni á markaðnum hefur Raflagnabjónustan átt sína föstu viðskiptavinum, jafnvel allt frá stofnun.

Í upphafi voru þrír starfsmenn hjá fyrirtækinu en hefur fjölgað jafnt og þétt og eru nú 10, þar með talinn verktaki og fjórir lærlingar. Raflagnabjónusta Selfoss er enn til húsa að Gagnheiði 5.

### Verkefni og framtíðarsýn

Verkefnastaðan er góð og bjart framundan hvað það varðar. Velta hefur aukist í takt við aukinn fjölda starfsmanna.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Raflagnabjónustan er aðili að Félagi rafíðnaðarmanna á Suðurlandi sem og að Samtökum iðnaðarins og verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja á lista Creditinfo.

Farið hefur verið eftir reglum sóttvarnaryfirvalda á hverjum tíma og á tímabili þurfti að skipta starfsfólki í smærri hópa til að draga úr smíthættu.

### Samfélagsmál

Starfsemin auglýsir sig að mestu leyti sjálf en við styrkjum íþróttafélög í byggðarlaginu með auglýsingaskiltum á völlum þeirra auk þess að styðja við bakið á ýmsum samtökum og félögum fjárhagslega, td. nokkra torfærubíla og þar á meðal Íslandsmeistarann í götubílaflokki og í rallycross. Slíkir styrkir bæta ímynd okkar fyrirtækis og fjölga viðskiptavinum.







Verkefni í vinnslu hjá Raftaug.

## Raftaug

Fyrirtækið Raftaug ehf. var stofnað í febrúar 1994 af Sölva Ragnarssyni rafvirkjameistara og er hann enn þann dag í dag eini eigandi fyrirtækisins.

### Starfsemin

Fyrirtækið er með aðsetur í Hveragerði og þjónustar fyrirtæki, stofnanir og svo ekki síður íbúa staðarins og nærveitir. Helstu fyrirtækin sem Raftaug hefur þjónustað í gegnum árin eru t.d. Heilsustofnun NLFÍ, Garðyrkju skóli Ríkisins, Ölfusborgir og stofnanir Hveragerðisbæjar svo eitthvað sé nefnt.

### Mannauður

Fyrstu árin var Sölvi eini starfsmaðurinn en nýtti sér þjónustu undirverktaka ef vantaði aðstoð við hin ýmsu verkefni. Fljótlega bættist annar starfsmaður við, Magnús Grétar sonur Sölva og starfar hann enn hjá fyrirtækinu. Í dag eru 6 starfsmenn hjá fyrirtækinu, að Sölva meðtöldum, og alltaf næg atvinna.

### Verkefni og sérstaða

Verkefni sem fyrirtækið hefur fengist við í gegnum tíðina eru fjölbreytt en Raftaug hefur sérhæft sig í stýrikerfum og lögnum í gróðurhús en einnig mikið í fiskeldi. Fyrirtækið hefur einnig hannað og smíðað stýringar fyrir heita potta sem gengur undir nafninu Sölvastýring.



Sölvi Ragnarsson, rafvirkjameistari.





Starfsmaður Rafmanna í töfluvinnslu.

## Rafmenn



Jóhann Kristján Einarsson, framkvæmdarstjóri, stofnandi og aðaleigandi Rafmanna.



Eva Dögg Björgvinsdóttir, skrifstofu- og fjármálastjóri.

Fyrirtækið Rafmenn ehf. er rafverktakafyrirtæki og var stofnað árið 1997 af tveimur aðilum og er enn í dag í eigu annars þeirra, Jóhanns Kristjáns Einarssonar. Í upphafi störfuðu eigendurnir einungis tveir við fyrirtækið en mjög fljótlega þurfti að bæta við starfsmönnum þar sem verkefnum í rafmagninu fjölgaði ört. Áð 10 árum liðnum voru fast ráðnir starfsmenn orðnir rétt um 40. Á þeim tímapunkti urðu einnig kaflaskil því þá seldi meðeigandi Jóhanns sinn hluta til Jóhanns og inn í fyrirtækið kom sonur Jóhanns, Árni Páll og tók við stöðu framkvæmdarstjóra af fyrrum meðeiganda og kaupir sig svo síðar inn í fyrirtækið. Árni Páll starfaði í um 11 ár hjá fyrirtækinu en snéri þá til annarra starfa. Árið 2018 keypti Eva Dögg Björgvinsdóttir hluta í fyrirtækinu en hún hefur sinnt bókhaldi og fjármálum fyrirtækisins frá árinu 2006. Í lok árs 2020 seldi Árni Páll sinn hluta en í staðinn fjölgaði hluthöfum um þrjá til viðbótar þegar þeir Björgvin Björgvinsson, Halldór Eiríksson og Ketill Þór Thorstensen keyptu hluti í fyrirtækinu. Þeir hafa allir starfað til fjölda ára hjá fyrirtækinu og sinna allir stöðu verkstjóra. Aðaleigandi fyrirtækisins, sem einnig sinnir nú stöðu framkvæmdastjóra, er Jóhann Kristján Einarsson rafvirkjameistari.

### Starfsemin

Rafmenn ehf. er kröftugt markaðssinnað þjónustufyrirtæki staðsett á Akureyri. Eyjafjörður er stærsta markaðssvæðið en auk þess starfar fyrirtækið í hinum ýmsu verkefnum um allt land. Í þau rúmlega 20 ár sem fyrirtækið hefur verið starfrækt hafa starfsmenn þess þjónustað fjölbreyttan og kröfuharðan hóp viðskiptavina við allt er viðkemur raflögnum og fjarskiptum.

### Mannauður og deildir

Starfsmannafjöldi hefur haldist í kringum 40 manns eftir 2007 en við stærri framkvæmdir eins og t.d jarðgangnagerð og virkjanagerð hefur þurft að bæta við starfsmönnum en mest hefur starfsmannafjöldi verið um 50 manns. Nú árið 2020 starfa hjá fyrirtækinu 35 manns í tveimur deildum, verkefnadeild og þjónustudeild. Í þessum deildum starfa aðallega rafvirkjar en einnig eru starfandi við fyrirtækið rafeindavirkjar, verkamenn, rafmagnsverkfræðingur, rafmagnstækniþræðingur og vélvirki. Á skrifstofunni starfa eigendurnir Jóhann og Eva ásamt einum starfsmanni sem sinnir færslu bókhalds.

**Verkefnadeild** sinnir stærri verkefnum, s.s. raflögnum í nýbyggingar, veitinga- og skrifstofu- húsnæði, jarðgöngum og endurnýjun eldri raflagna.

**Þjónustudeild** býður upp þjónustu og bilanaleit í heimilis- og fyrirtækjalögnum. Þá liggur aðalstarfsemi þjónustudeildar í bilanagreiningu og viðgerð á stórum sem smáum tækjum fyrir fyrirtæki og stofnanir á Akureyri og nágrenni ásamt uppsetningu á hinum ýmsu tækjum og tólum. Þjónustudeild sinnir einnig árlegum úttektum á brunaviðvörunkerfum og neyðarlýsingu hjá fyrirtækjum og stofnunum ásamt útskiptingu og uppsetningu á slíkum búnaði. Á árunum 2008-2017 var starfrækt hjá fyrirtækinu fjarskiptadeild með þjónustusamningi við Mílu. Í þessari deild störfuðu til að byrja með 8 manns. Mikið var að gera í byrjun en með árunum fækkaði þessum verkefnum og fór svo að samstarfssamningi var sagt upp og starfseminni hætt seinnihluta árs 2017.





Verkstjórafundur, þessir þrjú verkstjórar eru nú orðnir meðeigendur.

### Verkefni

Frá því Rafmenn ehf var stofnað hefur fyrirtækið komið víða við í bæði stórum sem smáum verkefnum. Hjúkrunarheimili, íþróttamannvirki, skrifstofuhúsnæði, veitingahús, íbúðabyggingar, menningarhús, virkjanir, tengivirki, kirkjur, skólar og hótél eru allt verkefni sem fyrirtækið hefur unnið að og skilað vel af sér. Þess má geta að Rafmenn hlutu viðurkenninguna „Lofsvert lagnaverk“ fyrir vinnu sína við byggingu Menningarhússins Hofs árið 2012. Þá hefur fyrirtækið komið að eða séð alfarið um raflagnir í stórum hluta jarðganga á Íslandi til þessa en það eru Norðfjarðar-, Héðinsfjarðar-, Vaðlaheiðar-, Múla- og Almennaskarðsgöng. Sú sérþekking sem byggst hefur upp innan fyrirtækisins við jarðgangagerð hófst um 1990 þegar Jóhann eigandi tók þátt í gerð Múlaganga.

### Stórframkvæmdir

Meðal annarra stórframkvæmda sem fyrirtækið hefur komið að á síðustu árum eru Kárahnjúkavirkjun, álver Alcoa Fjarðaál, tengivirkin á Þeistareykjum, Kröflu og Bakka við Húsavík og stöðvarhús Þeistareykjavirkjunar. Þá hefur fyrirtækið einnig umsjón með öllum rafstöðvum fyrir Mílu, Neyðarlínuna, Sýn og RÚV um allt land. Stærsta verkefni Rafmanna á árunum 2019 og 2020 er raflagnir í nýju frystihúsi Samherja á Dalvík sem ætlunin er að verði fullkornasta fiskvinnsla í heimi, eins og forstjóri Samherja sagði þegar bygging hússins var kynnt. Síðustu ár hefur verið góð verkefnastaða hjá fyrirtækinu og eigendur horfa björtum augum til framtíðar. Árið 2019 var fyrirtækið í hópi fyrirmyndarfyrirtækja í rekstri samkvæmt skilyrðum Keldunnar og Viðskiptablaðisins og eru eigendur afar stoltir af því að vera meðal þeirra 2,7% fyrirtækja sem náðu því það árið. Rafmenn hafa sýnt með verkum sínum að engin verkefni eru of stór eða of smá fyrir fyrirtækið því samheldinn hópur starfsmanna vinnur glaður við hvaða verkefni sem er.



Starfsmenn Rafmanna október 2019.



Starfsmaður Rafmanna að vinna við nýlagin.





Efri mynd: Elkem, nýlagnir við ofn 3 og viðhald.  
Neðri mynd: Orkuveita Reykjavíkur, höfuðstöðvar, allar raflagnir.



Hvalfjarðargöng, töflusmiði og viðhald.

## Rafmiðlun

### Alhliða rafverktaki, smáspenna - lágspenna



Norðurál, allar raflagnir fasa 2-5.

Rafmiðlun hf. er rafverktaka- og innflutningsfyrirtæki stofnað 1996. Eigendur voru þrír í upphafi en í dag eru þeir níu. Frá upphafi var markmið að veita alhliða þjónustu og lausnir á sviði rafverktöku hvort sem verkefni væru stór eða smá. Strax á fyrsta rekstrarári Rafmiðlunar fékk fyrirtækið stórt verkefni fyrir Ísal í Straumsvík og allar götur síðan hafa verkefni tengd iðnaði verið stór þáttur af starfsemi Rafmiðlunar. Má þar m.a. nefna verkefni fyrir Elkem, Norðurál, Orku Náttúrunnar, Veitur, Orkuveitu Reykjavíkur, Ísal, Landsvirkjun og mörg fleiri fyrirtæki sem eru fastir viðskiptavinir. Fyrirtækið hefur einnig sótt verkefni út fyrir landsteinana og má þar nefna tvær virkjanir á Grænlandi ásamt skóla en þessi verkefni voru unnin í góðu samstarfi við Ístak. Einnig má nefna verkefni í Noregi, Svíþjóð og Danmörku en þessi verkefni hafa verið unnin í samstarfi við ýmis fyrirtæki svo sem eins og Norsk Hydro, Eflu, Exton, Goodtech, Eitech Electro AB o.fl. aðila en frá árinu 2010 hefur Rafmiðlun rekið dótturfélag í Noregi sem heitir Electrosón.



Endurnýjun raflagna í vatnsaflsvirkjunum í Rjukan í Noregi.

#### Starfsemin

Starfsemi Rafmiðlunar hefur einnig verið mjög viðamikil á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni en Rafmiðlun hefur komið að mörgum stærstu byggingaframkvæmdum undanfarna áratugi í samstarfi við aðra og eða sem undirverktaki. Nokkur helstu verkefni eru Smáralind, höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur, Korputorg, Bauhaus, Kringlan, Samskip vöruhótel, stækkanir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Ikea, Costco, Háskólinn í Reykjavík, Harpa, Alvotech, US Embassy og m.fl. Málin hafa þróast þannig að oft er Rafmiðlun sá rafverktaki sem hefur verið valinn sem samstarfsaðili ef verkefni er stórt og flókið en í dag eru m.a. á verkefnalistaum Marriott hótél við hlið Hörpu, sorpeyðingar- og gasgerðarstöð á Álfsnesi ásamt stórum verkefnum sem tengjast stærstu fasteignafélögum landsins. Rafmiðlun hefur einnig gert þjónustusamninga við sína stærstu viðskiptavini sem hefur reynst vel til að tryggja stöðugleika. Einnig býður fyrirtækið uppá heildarlausnir á sviði rafverktöku, þ.e. ráðgjöf, hönnun, teikningar, efnisöflun sem og framkvæmd. Fyrirtækið hefur í auknum mæli og vegna harðnandi samkeppni flutt inn efni til eigin nota í verkum sínum og einnig selt til annarra fyrirtækja. Vegna þessarar þróunar hafa orðið til sérhæfð dótturfyrirtæki sem sinna viðskiptavinum á ákveðnum sviðum sérstaklega. Pro Gastro var stofnað árið 2009 og sérhæfir sig í sölu á vörum og tækjum sem tengjast eldhúsum og stórum mótuneytum. Í tengslum við þjónustuna rekur Rafmiðlun öflug, sérhæfða viðgerðarþjónustu á flestum gerðum tækja fyrir mótuneyti. Pronet sinnir ráðgjöf og sölu á búnaði fyrir net- og öryggiskerfi ásamt allri almennri þjónustu og uppsetningu á slíkum kerfum. Hlaða sérhæfir sig í sölu og ráðgjöf á rafbílahleðslustöðvum og nýjasta þjónustan er llux sem sinnir sölu og ráðgjöf á lýsingarbúnaði fyrir iðnað, verslanir og skrifstofur. Eigendur Rafmiðlunar hafa ávallt lagt ríka áherslu á ábyrga og góða þjónustu við viðskiptavini sína og byggja á trausti, virðingu og skilningi á þörfum viðskiptavinarins en Rafmiðlun hefur verið með 24 tíma þjónustuvakt alla daga ársins frá 2005 fyrir valda viðskiptavini svo sem eins og Símann, Milu o.fl. Vefsíða: [www.rafmidlun.is](http://www.rafmidlun.is)



Hellisheiðarvirkjun, nýlagnir í kynningarhluta og áfanga 3-4.





Háskólinn í Reykjavík, allar almennar raflagnir.



Fáskrúðsferðargöng, allar raflagnir.

### Gæðakerfi

Í fyrirtækinu hefur verið unnið frá árinu 1998 eftir gæðakerfi hönnuðu af VSÓ-ráðgjöf og eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun sem hönnuð er af Heilsuvernd en einnig er Rafmiðlun með D vottun frá Samtökum Iðnaðarins.

### Aðsetur

Höfuðstöðvar Rafmiðlunar eru í Ögurhvarfi 8 í Kópavogi. Þar er öflugt verkstæði sem er sérhæft í skápasmiði en allt frá stofnun fyrirtækisins hefur skápasmiði í samstarfi við danska fyrirtækið Elsteel verið mjög umfangsmikil og hefur sú starfsemi verið eitt af aðalsmerkjum Rafmiðlunar. Á Grundartanga er verkstæði sem vinnur í nánú samstarfi við stóriðjuna á svæðinu en þar hefur Rafmiðlun verið með þjónustu meira og minna síðan um aldamót. Rafmiðlun hefur B-leyfi Löggildingarstofu en einnig er fyrirtækið með réttindi til að vinna við rafverktöku á Grænlandi, í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

### Starfsmenn og eigendur

Fjöldi starfsmanna er breytilegur frá ári til árs en í dag er fjöldinn með mesta móti vegna góðrar verkefnastöðu og u.þ.b. 130 starfsmenn eru á launaskrá.

Gott starfsfólk sem margt hefur unnið hjá fyrirtækinu í fjölda ára er ómetanlegt. Það má fullyrða að þekking, reynsla og fagmennska starfsfólks Rafmiðlunar sé mikil og hefur það verið eitt af aðalsmerkjum félagsins frá upphafi að geta tekist á við mismunandi og krefjandi verkefni stór sem smá. Eigendur eru: Ásgrímur Örvar Jónsson, Baldur Á. Steinarsson, Björgvin R. Pálsson, Gísli Birgisson, Hannes Grétarsson, Kolbeinn Sverrisson, Magnús Már Steinarsson, Óskar Þórisson og Valgarður Lúðvíksson.



Síminn, nýlagnir og viðhald.



Hagkaup og Bónus, yfir 30 verslanir um allt land, allar raflagnir.



Morgunblaðið prentsmiðja, allar raflagnir.



Yoko Ono, friðarsúlan í Viðey, allar raflagnir.



Smáralind, allar raflagnir í sameign og í nokkrum verslunum.



Séð út Dýrafjörð.

## Rafskaut



Einar Ágúst Yngvason, framkvæmdastjóri.

Rafskaut ehf. var stofnað 1. apríl 1997 á Ísafirði og var tilgangur félagsins almenn rafverktaka og þjónusta við útgerðir, vinnslur, húsarafmagn, bílarafmagn og almennt bátarafmagn. Upphaflegu stofnendur voru þeir Örn Smári Gíslason og Magnús Valsson en áður en reksturinn hófst þá bættust við þeir Einar Ágúst Yngvason og Áki Sigurðsson. Rafskaut ehf. leigði húsnæði að Suðurtanga 7 af Skipasmíðastöðinni fyrstu mánuðina en í maí 1998 tókust samningar um að Rafskaut ehf. keypti eignina ásamt því að lóðin var stækkuð. Fyrirtækið hefur allar götur síðan verið með starfsemi sína á þeim stað þar til í desember 2020 að ákveðið var að fara í annað húsnæði og hefur eignin því verið seld, mun Rafskaut ehf. færa sig í nýtt húsnæði að Æðartanga 12 seinna á árinu 2021.

Eigendur Rafskauts í dag eru fjórir. Helstu stjórnendur eru Einar Ágúst Yngvason framkvæmdastjóri, Magnús Valsson stjórnarformaður og Örn Smári Gíslason rafvéla-virkjameistari og eigandi. Örn Smári Gíslason hefur lengst af verið framkvæmdastjóri félagsins en lét af þeim störfum 18. júlí 2019 og tók þá Einar Ágúst Yngvason við.



Örn Smári Gíslason, rafvéla-virkjameistari og eigandi.

### Starfsfólk

Starfsmenn hafa að jafnaði verið um 8 manns en töluvert fleiri í stórum verkum. Hjá fyrirtækinu starfa rafvéla-virkjar, rafíðnfræðingar, rafeindavirkjar, rafvirkjar og vélstjórar ásamt nemum í faginu. Rafskaut á líka eignarhlut í Fánasmíðjuni ehf. og Plastorku ehf. og er Örn Smári Gíslason framkvæmdastjóri í þeirra beggja.

### Verkefni

Almennar raflagnir. Starfsmenn Rafskauts hafa frá upphafi unnið við ýmiss konar raflagna-vinnu svo sem almennar raflagnir.

### Jarðgöng

Rafskaut hefur starfað við fern jarðgöng á landinu og ein í Noregi. Sá alfarið um raflagnir í Bolungarvíkurgöngum og Dýrafjarðargöngum. Sá um raflagnir í Bakkagöngum ásamt Víkurraf og sá um endurnýjun raflagna og uppsetningu stjórnkerfa í Vestfjarðagöngum (B&B göngum). Starfaði einnig fyrir íslenska verktaka í Noregi.

### Vatnsaflsvirkjanir

Rafskaut hefur komið að uppsetningu nokkurra smávirkjana ásamt endurnýjun virkjana hjá OV og er ábyrgt fyrir tveimur virkjunum.

### Skip og bátar

Rafskaut hefur séð um hönnun og uppsetningu rafkerfa í stórum og smáum nýsmíða-verkefnum ásamt almennum viðgerðum í eldri skipum og bátum.



Magnús Valsson, stjórnarformaður.





Arnar og Magnús.



Rúnar Hólm.

### Fisk- og rækjuverksmiðjur

Rafskaut hefur hannað og séð um uppsetningu ýmissa stýrikerfa og karakvolfurum í fisk- og rækjuíðnaðinum, ásamt því að sinna viðhaldi og nýlögnum.

### Fiskeldi

Rafskaut sér um almenna þjónustu við fiskeldi á svæðinu og útbúið m.a. fóðurstýringar fyrir eldiskvíar.

### Nýbyggingar og viðhald

Rafskaut sér um að teikna, hanna og leggja raflagnir í nýbyggingar ásamt almennu viðhaldi og breytingum raflagna.

### Bílar og vinnuvélar

Rafskaut tekur að sér ýmsar viðgerðir á rafkerfum bíla og vinnuvéla svo sem startara, altenatora o.fl.

### Tækjaleiga

Rafskaut leigir út tæki svo sem vinnulyftu og körfulyftu.



Starfsmannafélagið á Flúðum sumarið 2020.

## Rafvolt



Eigendur Rafvolts, Bjarki, Bjössí og Hlynur.

### Þjónusta Rafvolts ehf.

#### Lýsing

Hönnun á lýsingu er mjög mikilvægur þáttur á nútíma heimilum og verslunum. Með góðri lýsingu má t.d. auka velliðan og öryggistilfinningu manna, auka vinnuafköst, auka sölu í verslunum og fegra umhverfi okkar svo fátt eitt sé nefnt.

Því fyrr sem komið er að ljóshönnun því faglegri og fallegri verður útkoman.

#### Tölvulagnir

Í nútímaheimi er fátt mikilvægara en að vera með góðar tölvulagnir. Við sjáum um viðhald, breytingar og endurnýjun á eldri raf- og tölvulögnum.

#### Teikningar

Afgreiðum rafmagnsteikningar sem og gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana.

#### Þjónusta

Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu og viðgerðir, stór sem smá verk – hvort sem er í íbúðarhúsnæði, fyrirtækjum eða nýbyggingum.

Rafvolt ehf. er rafverktakafyrirtæki sem tekur að sér öll verk, stór sem smá, með fagmennsku í fyrirrúmi. Fyrirtækið var stofnað í ágúst árið 2012. Stofnendur þess og eigendur eru Bjarki Már Hinriksson, Hlynur Hringsson og Sveinbjörn Guðjónsson. Framkvæmdastjóri Rafvolts er Bjarki, formaður stjórnar er Hlynur og Sveinbjörn er meðstjórnandi. Einnig hefur María Jóhannsdóttir starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi sem skrifstofustjóri. Bjarki er menntaður rafvirkjameistari og rafíðnfræðingur. Hlynur er rafvirki og vélstjóri og Sveinbjörn er rafvirki með áratuga reynslu af faginu.

#### Fyrirtækið

Verkstæði Rafvolts er staðsett að Fosshálsi 1 í Reykjavík. Í byrjun voru 6 starfsmenn hjá fyrirtækinu en nú eru um 15-20 starfsmenn alla jafna. Stofnan hefur alltaf verið að hafa faglært starfsfólk í miklum meirihluta og höfum við lagt mikið upp úr því að ráða til okkar starfsmenn með sveinspróf í rafvirkjun. Einnig höfum við verið dugleg að ráða til okkar nema í rafvirkjun og undirbúa þá fyrir sveinspróf. Frá upphafi hefur því allt okkar starfsfólk verið annað hvort menntað í greininni eða í rafvirkjanámi.

#### Verkefni

Rafvolt sinnir í rauninni öllu rafmagni tengt lágspennu og smáspennu. Okkar stærstu verkefni eru nýbyggingar, breytingar á eldri húsum og fyrirtækjum, ýmisskonar tölvulagnir og einnig þjónustum við mörg stór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Auk þessa sjáum við einnig um teikningar, kostnaðaráætlun, lýsingarhönnun, dyrasímakerfi og fleira.

#### Starfsandinn

Í fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag sem hefur skipulagt ýmsar skemmtanir og margar utanlandsferðir. Þar má nefna ferð til Frankfurt þar sem farið var á sýningu tengda rafmagnsnýjungum, snjóleðaferð uppá Langjökul, fjórhjóliferð og margt fleira. Í hópnum hefur myndast góður starfsandi og finnst okkur mikilvægt að halda uppi öflugu starfsmannafélagi.

#### Framtíðin

Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun þess og fjöldi viðskiptavina aukist í samræmi við það. Rekstur Rafvolts árið 2020 gekk vel þar sem margar blokkir risu og sáum við um allt rafmagn fyrir hátt í 200 íbúðir í nýbyggingum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig voru mörg af þeim fyrirtækjum sem við þjónustum í miklum framkvæmdum eða flutningum. Rafvolt stefnir að því að viðhalda rekstrinum í svipuðu formi og síðustu ár með von um áframhaldandi velgengni. Markmið okkar verður ávallt að viðhalda góðri þjónustu og faglegum vinnubrögðum.





Sergej, starfsmaður á raflagnasýningu í Þýskalandi.



Starfsmannafélagið í vélsleðaferð á Langjökli sumarið 2020.



Hlynur við störf upp á plötu í nýbyggingu.





Tengill, Sauðárkrúkur.

## Tengill



Gísli Slgurðsson, framkvæmdastjóri.

### Rafmögnuð saga

Tengill ehf. var stofnaður 1. september 1987 og einbeitti fyrirtækið sér, þá sem nú, að alhliða rafverktakavinnu. Í upphafi var húsakostur Tengils á Sauðárkróki smár en fyrirtækinu óx fljótt fiskur um hrygg. Það stækkaði við sig jafnt og þétt ásamt því að sérmenntuðum starfsmönnum fjölgaði með hverju árinu. Þetta gerði fyrirtækinu kleift að útvíkka starfsemi sína enn frekar og þjónusta sífellt fjölbreyttari hóp viðskiptavina. Með tilkomu nýrra starfsstöðva, rafmagnsverkstæða og tölvu- og hönnunardeildar gat Tengill einbeitt sér að sífellt breiðara starfsviði með eftirtektarverðum árangri. Tengill ehf. hefur sex sinnum verið meðal framúrskarandi fyrirtækja ársins að mati Creditinfo.

### Við tengjum Ísland

Tengill ehf. hefur í rúma þrjú áratugi þjónustað breiðan hóp viðskiptavina við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Hvort sem um er að ræða viðhaldsvinnu, uppsetningar öryggiskerfa, kæliveláþjónustu, ljósleiðaratengingar, raflagnir eða tölvuviðgerðir. Tengill er með fimm starfsstöðvar víða um land sem gerir fyrirtækinu kleift að bjóða öllum viðskiptavinum þess upp á persónulega og faglega þjónustu, sama hvort þeir eru fyrirtæki, stofnanir eða einstaklingar. Þannig höfum við tryggt hin einföldu einkunnarorð fyrirtækisins í rúmlega 30 ár:

**Tengill – við tengjum Ísland.**

### Spennandi starfsemi

Hjá Tengli ehf. starfa um 65 sérfræðingar með víðtæka reynslu og þekkingu á öllu sem viðkemur fjarskiptatækni og rafíðnaði. Þeir sinna margvíslegum verkefnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og veita viðskiptavinum alhliða þjónustu um allt land. Hvort sem viðfangsefnið er stórt eða smátt.

### Tengill út um allt!

Tengill ehf. rekur í dag fimm starfsstöðvar. Fjórar þeirra eru á Norðurlandi: á Sauðárkróki, Blönduósi, Hvammstanga og Akureyri. Fimmta starfsstöðin er í Reykjavík. Tvær síðastnefndu starfsstöðvarnar voru opnaðar að ósk viðskiptavina, enda er Tengill ávallt tilbúinn að hlusta á tillögur sem gera starfsemi fyrirtækisins enn betri. Starfsstöðvarnar fimm gera starfsmönnum Tengils kleift að aðstoða viðskiptavini víðsvegar á landinu og veita þeim öllum sömu faglegu þjónustuna.



Tengill, Blönduósi.





Tengill, höfuðstöðvar á Sauðárkróki.



Tengill, Hvammstangi.



Tengill, Sauðárkrúkur.



Tengill, Hvammstangi.



Verið að setja upp bílavogir.

## Vogir og Lagnir

Vogir og Lagnir eins og við þekkjum það í dag var stofnað árið 2011 af Sigurði Axel Axelssyni. Í upphafi var Sigurður Axel aðeins eini starfsmaður fyrirtækisins og má segja það að hann hafi verið á ferð og flugi um land allt að koma fyrir bílavogum frá bandaríska framleiðandanum Cardinal Detecto. Margar hafnir landsins ásamt stórum fyrirtækjum þurftu að treysta á Sigurð þegar kom að því að setja vogirnar í gang, laga ýmsar bilanir og koma öllu í réttan farveg. Ófáum dögum var eytt í það að keyra landshlutanna á milli og voru margar nætur þar sem sofð var í bílnum. Hægt og bitandi fór fyrirtækið að dafna og stækka, og áður en langt var liðið var Vogir og Lagnir einnig farið að bjóða upp á þjónustu sem snéri að rafmagni.

### Þjónustan

Eins og staðan er í dag þá er þjónusta fyrirtækisins tvíþætt, bæði þjónusta við vogir og rafmagn. Það er óhætt að segja það að fyrirtækið hafi vaxið og dafnað vel og þjónustan hafi þróast í samræmi við það. Í vogunum hafa fleiri birgjar bæst í hópinn og má þar helst nefna stór fyrirtæki eins og Kern frá Þýskalandi, AWM Limited frá Bretlandi og Haenni frá Sviss. Einnig eru góð sambönd við minni fyrirtæki sem gera það að verkum að fyrirtækið getur þjónustað allar stærðir og tegundir voga. Einnig hefur framboð á vöruúrvali aukist til muna, en í upphafi mátti helst finna stærri iðnaðarvogir. Í dag geta Vogir og Lagnir útvegað allt frá litlum bakstursvogum til hinna stærstu bílavoga. Einnig er vert að nefna það að fyrirtækið hefur einnig verið að útvega varahluti og alhliðalausnir tengdum þessum geira. Til gamans má geta þess að árið 2018 gaf Vogir og Lagnir barnavog til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, en fyrirtækið Cardinal Detecto, sem er einn stærsti birgi sem er í samstarfi við Vogir og Lagnir, sérhæfir sig einnig í vörum í heilsu- og iðnaðinum.

### Rafþjónusta

Vogir og Lagnir er, eins og áður hefur verið nefnt, einnig rafverktaki. Í upphafi var fyrirtækið einna helst að þjónusta stórt fyrirtæki sem einnig eru staðsett á Akranesi, en með tímanum hefur það þróast og hefur verkefnastaða í bæði stórum og smáum verkum aukist til muna. Á síðustu árum hafa stór verkefni verið á döfni hjá Vogum og Lögnum. Þar má helst nefna nýja Golfkálinn á Akranesi, breytingar á Hvalfjarðargöngum og nýja fimleikahúsið á Akranesi. Í öllum þessum tilvikum sá fyrirtækið um allar raflagnir og allt sem því tengist. Það má segja að árið 2019 hafi verið viðburðaríkt hjá Vogum og Lögnum, en það ár óx fyrirtækið, bæði hvað varðar verkefni og starfsmenn. Helsta ástæða fyrir þessum vexti voru kaupin á öðru fyrirtæki, Rafþjónustu Sigurdórs. Rafþjónusta Sigurdórs var fyrirtæki frá Akranesi sem hafði verið starfandi í mörg ár. Eigandi Rafþjónustu Sigurdórs var, Hlynur Sigurdórsson, hann hafði átt og rekið fyrirtækið í 19 ár, en starfað þar mun lengur þar sem fyrirtækið var áður í eigu föður hans. Það má því segja að sú kaup hafi verið mikill hvalreki fyrir Vogir og Lagnir, sérstaklega á sviði rafverktakaþjónustu.





Bílavogir.



Sigurður Axel Axelson við vogir.

### Mannauður

Í dag starfar fjöldi starfsmanna hjá Vogum og Lögnum, en flestir eru þeir menntaðir sem rafvirkjar. Það má til gamans geta að oft getur það hjálpað til við viðgerðir á vogum að þekkja til á sviði rafmagns og því má segja að það sé hægt að slá tvær flugur í einu höggi hvað það varðar. Það má segja að það sé ákveðin sérstaða, og án efa einstakt, að bjóða upp á þjónustu á bæði vogum og rafmagni. Það er ekkert annað fyrirtæki á Íslandi sem býður upp á sambærilega þjónustu, þrátt fyrir að það séu til rafverktar og svo söluumboð sem selja vogir, en það er ekki að finna neinn annan sem býður upp á hvort tveggja.

Það er ekki nógu oft minnst á það hversu góðar þekkingar er krafist þegar unnið er við vogir, en stillingar verða að vera mjög nákvæmar til þess að vogin virki sem skyldi. Það er því mikilvægt að leggja nafnið Vogir og Lagnir á minnið hvað það varðar.

### Aðsetur

Fyrirtækið er staðsett á Akranesi, við Smiðjuvelli 17, en fyrirtækið fluttist þangað árið 2018. Húsnæðið er stórt og mikið og fyrir utan má sjá stórt skilti sem ætti ekki að fara framhá neinum er hann keyrir inn á Akranes. Eins og áður hefur verið nefnt, að þrátt fyrir að aðsetur fyrirtækisins sé á Akranesi, þá má finna starfsmenn merka „Vogir og Lagnir“ um land allt, þá helst við viðgerðir eða uppsetningar á vogum.

### Framtíðin

Það má með sanni segja að Vogir og Lagnir ehf. sé ört stækkandi fyrirtæki sem mun að öllum líkindum þróast og stækka, bæði á sviði rafmagns sem og í tækninni.





Aðsetur fyrirtækisins í Bolungarvík.

## Rafverk Alberts Guðmundssonar

Albert Guðmundsson stofnaði Rafverk Alberts Guðmundssonar ehf. árið 2004. Hjá fyrirtækinu eru fimm starfsmenn. Það eru fjórir rafvirkjar og einn sem sér um bókhald o.fl. á skrifstofu.

### Meginhlutverk og markmið

Meginhlutverk Rafverks AG er að sinna rafverktakastarfsemi. Fyrirtækið er drifið áfram með það að markmiði að bjóða uppá traustar og hagkvæmar heildarlausnir í öllu því sem lýtur að raf- og raftækniþúnaði til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.

### Helstu verkefni

Verkefni Rafverks Alberts Guðmundssonar hafa verið fjölbreytt og krefjandi. Rafverk AG sá um raflagnir í Leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði ásamt því að sjá um allt sem viðkemur viðhaldi og viðgerðum hjá Örnú Mjólkurstöðinni og í skipum, bátum og nýlögnum hjá stæðsta frystihúsinu á Vestfjörðum Jakobi Valgeiri fiskverkun. Einnig sér fyrirtækið um að sinna bæði einkaaðilum og íbúum Bolungarvíkur með allt er viðkemur rafmagni.

### Jákvæður og góður vinnuandi

Lífsgleði og góður vinnuandi hefur ávallt einkennt starfssemina hjá Rafverk AG. Fyrirtækið hefur sett niður skýra stefnumótun til framtíðar. Þar segir m.a. að fyrirtækið kappkosti að viðhalda metnaði sínum og muni ávallt leitast við að vera leiðandi á sínu sviði.

### Framtíðarsýn

Af þessu má ráða að framtíðin er björt hjá Rafverk AG þar sem áfram verður stuðlað að eflingu og vexti fyrirtækisins á allan hátt.





Raflagnahönnun á Hótel Geysi.



Steindórsreitirinn í Reykjavík.

## Voltorka

Voltorka ehf. er stofnuð af Helga Pálssyni árið 2013 og var starfsemin utan um raflagnahönnun og önnur tilfallandi verkefni. Árið 2014 kemur Baldvin Ó. Gunnarsson inn sem helmings eigandi á móti Helga og breytist starfsemin þá nær eingöngu í raflagna- og lýsingarhönnun ásamt gerð útboðsgagna.

### Sagan

Starfsemin fór rólega af stað þar sem báðir eigendur voru í fullu starfi hjá öðrum aðilum, en síðan fóru verkefni að verða fleiri og stærri og í febrúar 2018 fer fyrirtækið í fullan rekstur með opnun teiknistofu í Skútuvogi 10F og er einn starfsmaður starfandi hjá fyrirtækinu fyrir utan eigendur í dag.

### Verkefni

Verkefni í dag eru af öllum stærðum og gerðum, allt frá geymsluskúrum upp í stór iðnaðarhúsnæði og hótél. eru þetta raflagnateikningar, lýsingarhönnun, verklýsingar, magnskrár, ráðgjöf og úttektir verka. Unnið er eftir öllum nógildandi stöðlum og er Voltorka með vottað gæðakerfi. Helstu verkefni hafa verið íbúðarhúsnæði í öllum stærðum, frá bústöðum upp í 100 íbúða fjölbýlishús, hótél, geymsluhúsnæði og iðnaðarhúsnæði svo sem eins og CCP á Bakka á Húsavík, verslanir og íþróttamannvirki, s.s. Lýsing, knattspyrnuhallir, parketvellir fyrir hand- og körfubolta, skotsvæði og dansskóli. Einnig hönnuðum við göngudeild fyrir LSH með öllum kerfum sem tilheyra fullkomnu sjúkrahúsi.

### Mannauður


Helgi Pálsson er rafiðnfræðingur og löggiltur raflagnahönnuður og hefur í gegnum tíðina unnið hjá Raftækningu ehf. síðar Verkís, BSI á Íslandi, kennari við Rafmennt og Tækniskólan og starfar hann þar einnig í dag. Baldvin Ó. Gunnarsson er rafiðnfræðingur og löggiltur raflagnahönnuður og hefur í gegnum tíðina unnið hjá hinum ýmsu rafverktökum, en lengst af hjá S. Guðjónsson ehf. Starfandi hjá Voltorku í dag er einnig Hlynur Haraldsson sem er sveinn í rafvirkjun, en stundar núna nám hjá HR í rafiðnfræði.

### Framtíðin

Framtíðin er björt því fyrirtækið er vel kynnt á markaði og erum við að vinna með nær öllum arkitektastofum. Byggingageirinn er enn að stækka og þörfin á íbúðarhúsnæði og öðru húsnæði verður alltaf til staðar.



Baldvin Ó. Gunnarsson.



Helgi Pálsson.











Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri.



Starfsmenn Eikar.

## Eik fasteignafélag



Lýður Heiðar Gunnarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs.



Guðbjartur Magnússon, framkvæmdastjóri framkvæmdaráðs.



Ásdís Ethel Hrafnadóttir, framkvæmdastjóri húsumhyggju.

### Fagmennska, frumkvæði, léttleiki, áreiðanleiki

Eik fasteignafélag var stofnað árið 2002 í þeim tilgangi að sérhæfa sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Frá stofnun hefur félagið vaxið og dafnað sem fasteignafélag með áherslu á fjárfestingar í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarinnar.

### Starfsemin

Lýsing hf. og Búnaðarbankinn stofnuðu Eik fasteignafélag 16. september 2002. Forstjóri Eikar er Garðar Hannes Friðjónsson en hann kom að strax í upphafi sem ráðgjafi og var fljótlega eini starfsmaður fyrirtækisins. Höfuðstöðvar félagsins eru í Sóltúni 26 í Reykjavík en að auki eru starfstöðvar í Smáratorgi 3 í Kópavogi og á Glerártorgi á Akureyri.

Eignasafn Eikar samanstendur af yfir 100 fasteignum með rúmlega 315.000 útleigufermetrum og er stærstur hluti þess skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Leigutakar Eikar eru yfir 450 talsins í rúmlega 600 leiguingum. Þetta er fjölbreyttur hópur sem stundar ólíkan rekstur sem sést best á því að leigurymin eru allt frá 15 fermetrum upp í nokkur þúsund fermetra. Stærstu leigutakarnir eru Húsasmíðjan, Flugleiðahótel, Fasteignir ríkissjóðs, Rúmfatalagerinn, Landsbankinn, Sýn, Síminn, Össur, Míla og Deloitte. Stærð Eikar ásamt traustum rótum hafa gert því kleift að njóta hagstæðra lánskjara sem hefur skilað sér til viðskiptavina í formi hagstæðra leigukjara. Einnig hefur stærðin gert mögulegt að bjóða viðskiptavinum upp á mikla breidd hvað varðar val á húsnæði og afnotamöguleika. Eik á atvinnuhúsnæði í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins sem og á völdum svæðum á landsbyggðinni. Félagið á, rekur og leigir út fasteignir sem leigðar eru traustum leigutökum og eru eignirnar vel samkeppnishæfar á leigumarkaði með tilliti til ástands og staðsetningar. Stærsti hluti eignasafnsins er í eigu félagsins en nokkrar fasteignir eru í eigu dótturfélaga Eikar.

### Mannauður

Hjá Eik starfar 31 starfsmaður í 29,75 stöðugildum og þó að þetta sé ekki fjölmennur vinnustaður þá snertir starfsemin þúsundir Íslendinga dag hvern. Starfsmennirnir eru með fjölbreytta menntun og reynslu á fasteignamarkaði. Metnaður þess er alltaf að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og bjóða húsnæðislausnir í takt við mismunandi þarfir. Fjöldi þeirra er starfa í fasteignum Eikar er mikill og viðskiptivinahópur leigutaka, sem heimsækir fasteignir félagsins, er enn stærri. Sóknarfæri Eikar til þess að beita sér til góðs fyrir samfélag og umhverfi liggja því að stórum hluta til í því að auðvelda leigutökum félagsins að stíga vistvæn skref og minnka vistspor eignasafnsins eins og kostur er. Það er fengur fyrir félagið að búa yfir mannauði sem er tilbúinn að vinna að stöðugum umbótum. Það er að eilífðarverkefni að lágmarka kolefnisfótspor frá starfsemi skrifstofu og stuðla að öruggu og heilsuefandi vinnuumhverfi en stjórn og starfsfólk Eikar nálgast þetta verkefni af opnum hug og eru opin fyrir nýjum lausnum og aðferðum.

Eik leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og skýrt verklag. Á árinu uppfærði félagið





Borgartún 26 er ein þeirra fjölda fasteigna sem Eik leigir út en leigutakar fyrirtækisins eru fjölbreyttur hópur sem stundar ólíkan rekstur.

Deloitte er eitt af stærstu leigutökum Eikar en þessi glæsilega bygging er í Kópavogi en þess má geta að leigurymi Eikar eru afar fjölbreytt og ólík en þau eru allt frá 15 fermetrum upp í nokkur þúsund fermetra viðsvegar um landið.

siðareglur sínar auk þess sem stefna um mannréttindi og samfélagslega ábyrgð tók nokkrum breytingum. Félagið setti sér stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi sem jafnframt geymir sérstaka viðbragðsáætlun.

### Samfélagsleg ábyrgð

Eik leggur áherslu á að vera samfélagslega ábyrgt fyrirtæki á sama tíma og að skapa verðmæti og skila arði. Fyrirtækið vill vera efnahagslega ábyrgt, starfa innan þess lagaramma sem gildir, vera siðferðislega ábyrgt og vera eftirsóttur og öruggur vinnustaður.

Samfélagsleg ábyrgð felst í að fyrirtæki leggi sitt af mörkum til þess að stuðla að framförum í samfélaginu með því að gera meira en lög og reglugerðir krefjast. Fyrirtæki geta lagt sitt af mörkum með því að stuðla að aukinni velferð starfsmanna, viðskiptavina, hagsmunaaðila og samfélagsins í heild auk þess að huga að umhverfinu í gegnum daglegan rekstur. Samfélagið þarf á arðsömum og vel reknum fyrirtækjum að halda og sérhvert fyrirtæki þarf á heilbrigðu samfélagi að halda til þess að geta sinnt hlutverki sínu, vaxið og dafnað. Eik hefur einsett sér að nýta áhrifamátt sinn til þess að stuðla að sjálfbæru samfélagi þar sem bæði fólk og fyrirtæki geta vaxið og dafnað. Með sjálfbæru samfélagi er átt við auðlindir séu nýttar á ábyrgan hátt og að starfsemi og athafnir skerði ekki lífskjör komandi kynslóða. Það er ljóst að efnahagslegur vöxtur getur ekki farið út fyrir þau endanlegu takmörk sem náttúran setur, verkefni Eikar sem og annarra jarðarbúa, felst í því að takmörk náttúrunnar séu virt bæði í orði og verki. Eik lítur svo á að ábyrgir starfshættir gagnvart umhverfi og samfélagi séu ekki einungis siðferðisleg skylda félagsins heldur feli sú vegferð í sér fjöldamörg tækifæri sem og viðskiptalegan og efnahagslegan ávinning. Fyrri hluta árs 2020 setti Eik sér nýja öryggis- og heilbrigðisáætlun í samræmi við ákvæði reglugerðar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Markmið hennar er að tryggja öryggi á vinnustöðum og að farið sé í einu og öllu eftir gildandi lögum og reglugerðum um öryggis- og heilbrigðismál á vinnustöðum.

### Eik

Daglegur rekstur heyrir undir forstjóra sem jafnframt situr í framkvæmdarstjórn en auk hans sitja þar Lýður Heiðar Gunnarsson, Árdís Ethel Hrafnisdóttir, Eyjólfur Gunnarsson, Guðbjartur Magnússon, Hrönn Indriðadóttir, Jóhann Magnús Jóhannsson og Rósa Hjartardóttir. Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar sem eru kjörnir af hluthöfum en það eru þau: Eyjólfur Árni Rafnsson, Guðrún Bergsteinsdóttir, Hersir Sigurgeirsson, Kristín Friðgeirsdóttir og Ragnheiður Harðar Harðardóttir. Rekstur Eikar hefur gengið vel en félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og er skráð í Kauphöll Íslands. Félagið hefur frá stofnun skilað hagnaði að undanskildum árunum 2008 til 2010.

Stefna stjórnar er að greiða árlega út arð sem nemur 35% af handbæru fé frá rekstri ársins að frádreginni þeirri fjárhæð sem nýtt er í endurkaup fram að boðun næsta aðalfundar.



Jóhann Magnús Jóhannsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs.



Rósa Hjartardóttir, forstöðumaður reikningsviðs.



Eyjólfur Gunnarsson, framkvæmdastjóri útleigusviðs.



Hrönn Indriðadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri útleigusviðs.



Katrínartún 4.



Þórunnartún 1.

## Fasteignafélagið Íþaka

Íþaka ehf. er fasteignafélag sem rekur og leigir út atvinnuhúsnæði. Eignasafn félagsins er fjölbreytt úrval vel staðsettra fasteigna á höfuðborgarsvæðinu. Stærsti hluti safnsins samanstendur af skrifstofuhúsnæði eða um 60% af fermetrum.

### Eignasafnið

Eignasafn fasteignafélagsins Íþöku telur um 75.000 fermetra, um 80% leigutaka félagsins eru opinberir aðilar og stór fyrirtæki og um 60% eigna félagsins eru leigðar undir skrifstofustarfsemi. Ríflega 50% leigusamninga eru til 10 ára eða lengri tíma. Félagið rekur fasteignir sínar einkum í tveimur dótturfélögum, Íþöku fasteignum ehf. og Rit og bókum ehf. varð til við sameiningu sex fasteignafélaga í samstæðu móðurfélagsins, Mókolls ehf., á árinu 2018.

### Kjölfestueignir í eignasafni félagsins eru:

Grjótháls 5, Reykjavík, sem stoðtækjafyrirtækið Össur hf. leigir.

Þórunnartún 1 við Höfðatorg, Reykjavík, leigutaki er Fosshótel Reykjavík ehf.

Katrínartún 4 við Höfðatorg, Reykjavík, meðal leigutaka þar eru Greiðslumiðlun Íslands ehf.

Biskupsstofa, Kirkjuhúsið, Landskerfi bókasafna hf., Bókun ehf., Genuity Science (Iceland) hf. o.fl.

Norðlingabraut 12, Reykjavík, sem er fimleikahús Fylkis og leigt af Reykjavíkurborg.

Laugavegur 95-99, Reykjavík, leigjandi er Miðbæjarhótel ehf. (Center hotels).

Lyngháls 4, Reykjavík, sem er að stærstum hluta leigt af verkfræðistofunni Eflu ehf.

Auk þess leigir félagið ýmsum opinberum aðilum og félögum húsnæði undir starfsemi sína, t.d. Pólska sendiráðiðinu, Bankasýslu ríkisins, Staðlaráði Íslands, Íslandsbankia, Borgun o.fl.

### Eigendur og stjórnendur

Móðurfélag fasteignafélagsins Íþöku er einkahlutafélagið Mókollur ehf. Eigandi félagsins er Pétur Guðmundsson og gegnir Pétur stjórnarformennsku í félaginu og dótturfélögum þess. Systurfélag Íþöku er byggingarfélagið Eykt ehf. (stofnað 1986) sem sér um alla mannvirkjagerð fyrir félagið. Forsvarsmenn félagsins, Pétur Guðmundsson stjórnarformaður og Gunnar Valur Gíslason framkvæmdastjóri hafa samtals um 40 ára reynslu af útleigu og rekstri sambærilegra mannvirkja.

### Skipulag og starfsfólk

Fasteignafélagið Íþaka ehf. er með eigin þjónustudeild sem stýrt er af þjónustustjóra félagsins, Ólafi Inga Ólafssyni. Þjónustudeild hefur umsjón með viðhaldi fasteigna félagsins sem er úthýst verkefni og rekið í samstarfi við systurfélagið, byggingarfélagið Eykt ehf. Fjármálastjóri Íþöku er Júlíana Ósk Guðmundsdóttir, viðskiptafræðingur.

### Umhverfismál og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn og stjórnendur Íþöku gera sér grein fyrir ábyrgð sinni í tengslum við mannréttindi og siðferðislega hegðun fyrirtækja. Íþaka er þekkingarfyrirtæki og stjórnendur félagsins ætla að



Gunnar Valur Gíslason, framkvæmdastjóri og Ólafur Ingi Ólafsson, þjónustustjóri.





Lynghóls 4.



Niðurrif húsanna í Brietartúni 13 og Katrínartúni 12, Reykjavík, Katrínartún 4 í baksýn.

leggja sitt af mörkum til aukinnar sjálfbærni í íslensku samfélagi. Umhverfisvernd og vitund um sjálfbæra framtíð er leiðarljós sem stjórnendur félagsins vilja fylgja.

### Heilsa og velferð – heilnæmar og vistvænar byggingar

Með heilnæmum og vistvænum byggingum vill fasteignafélagið Íþaka auka gæði bygginga, skapa öruggt og gott umhverfi og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Íþaka leggur áherslu á heilsuvernd, vistvæn byggingarefni, hagkvæma nýtingu auðlinda og að í byggingum félagsins sé ávallt tryggt aðgengi fyrir alla. Með skýrum markmiðum um vistvæna hugsun er stuðlað að góðri heilsu og aukinni velferð starfsfólks og leigutaka félagsins.

### Gildi og mannauður

Gildi Íþöku eru áreiðanleiki og traust.

Lögð er áhersla á að í allri starfsemi Íþöku séu gildi félagsins höfð að leiðarljósi. Meginmarkmið félagsins í mannauðsmálum er að Íþaka hafi jákvætt, metnaðarfullt, vel menntað starfsfólk sem er hæft í mannlegum samskiptum. Íþaka hefur skýra sýn varðandi endurmenntun og er starfsfólk hvatt til þess að auka við þekkingu sína með námskeiðum sem kunna að styrkja þau í starfi fyrir félagið.

### Aðsetur

Fasteignafélagið Íþaka er með aðsetur að Lynghólsi 4, Reykjavík.



Fasteignafélagið Íþaka, skrifstofa að Lynghólsi 4.



Stjórn Regins, frá vinstri, Albert Þór Jónsson, Guðrún Tinna Ólafsdóttir, Heiðrún Emílija Jónsdóttir, Bryndís Hrafnkelsdóttir og Tómas Kristjánsson, stjórnarformaður.



Í kjölfar BREEAM In Use umhverfsvottunar Höfðatorgs eykst svigrúm Regins til grænnar fjármögnunar um rúma tíu milljarða króna.

## Reginn



Reginn vinnur markvisst að því að bæta aðstöðu fyrir umhverfsvæna samgöngumáta. Nýlega var opnuð stórglæsileg hjólageymsla fyrir viðskiptavinum sem og starfsmenn í Smáralind.

### Nútímalegt og samfélagslega ábyrgt fasteignafélag

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur atvinnuhúsnæðis. Fasteignasafn Regins telur 115 fasteignir og er heildarstærð um 378 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi, skráð í Kauphöll Íslands og skiptist starfsemin í þrjú kjarnasvið í takt við eignasafn félagsins. Sviðin eru: Verslun og þjónusta, Opinberir aðilar og Atvinnuhúsnæði og Almennur markaður. Forstjóri félagsins er Helgi S. Gunnarsson. Stærst kjarnasviða Regins er Opinberir aðilar en sviðið stendur undir um þriðjungi tekna félagsins. Reginn hefur þar nokkra sérhæfingu á meðal fasteignafélaga en félagið hefur lagt áherslu á samstarfsverkefni við opinbera aðila, hvort sem er við uppbyggingu fasteigna eða hvort tveggja uppbyggingu og rekstur.

### Stefnt að sjálfbærni

Reginn mótaði sjálfbærnistefnu árið 2019 og var hún leiðarstef verkefna ársins 2020. Stefnan skiptist í þrjú flokka, umhverfislega sjálfbærni, félagslega sjálfbærni og efnahagslega sjálfbærni. Með sjálfbærnistefnu er Reginn ekki einungis að svara eftirspurn viðskiptavina sinna heldur eru stjórnendur sannfærðir um að aukin sjálfbærni dragi úr áhættu í rekstri og styrki fjárhagslega arðsemi til lengri tíma.

### Umhverfsvottun og snjalllausnir

Um þriðjungur losunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu er frá byggingu og rekstri fasteigna. Ábyrgð fasteignafélaga er því mikil og þau geta með markvissum aðgerðum haft jákvæð áhrif á heildarlosun. Eitt af lykilmarkmiðum Regins hvað varðar umhverfislega sjálfbærni er vottun fasteigna félagsins. Smáralind var fyrsta fasteign félagsins til að hljóta umhverfsvottun árið 2019 og var jafnframt fyrsta fasteignin á Íslandi til að hljóta hina alþjóðlega BREEAM In-Use umhverfsvottun. Árið 2020 hlaut Höfðatorg sömu vottun. Reginn hefur tekið í notkun snjallsorpslausnina Snjallsorp sem styður við sjálfbærnimarkmið félagsins. Snjallsorpslosun gerir leigutökum kleift að fylgjast með sínu sorpmagni og flokkun ásamt því að gera hvern leigutaka ábyrgan fyrir sinni flokkun og kostnaði. Lausnin hefur gefið góða raun og er sorpflokkun 25% meiri á Hafnartorgi, þar sem hún var fyrst innleidd, en í öðrum fasteignum Regins. Unnið er að innleiðingu í fleiri eignum félagsins. Þá hefur félagið unnið markvisst að því að bæta aðstöðu fyrir umhverfsvæna samgöngumáta, meðal annars með uppsetningu rafbílahleðslna, hjólageymslna og hjólastæða.

Í sjálfbærnistefnu sinni leggur Reginn áherslu á sex af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.







Smáralind fékk BREEAM In Use umhverfivottun árið 2019, fyrst íslenskra fasteigna.



lðandi mannlíf á Hafnartorgi á Hönnunarmars 2020.

### Fasteignir

Reginn á fjölda fasteigna í verslunarkjörnum og á og rekur stærstu verslunarmiðstöð Íslands, Smáralind. Val á leigutökum á þess háttar svæðum getur haft mikil áhrif á mannlíf og menningu. Eitt af markmiðum félagsins er að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og gera þá kjarna þar sem félagið á fasteignir að betri stöðum til að búa á, leika og starfa. Lögð er áhersla á að fá fljótlega inn sterka leigjendur sem draga að sér viðskiptavinum og önnur fyrirtæki. Gott dæmi um nýlegt vel heppnað verkefni eru nýbyggingar við Garðatorg í Garðabæ. Þar fengust fljótlega inn vinsæl fyrirtæki sem voru aðráttarafi fyrir svæðið. Nú er Garðatorg öflug miðstöð mannlífs og menningar í Garðabæ.

### Áhersla á skilgreinda kjarna

Reginn hefur skilgreint kjarna sem félagið leggur áherslu á og nú er 72% eignasafns félagsins innan þessara kjarna. Með þessu móti getur félagið haft meiri jákvæð áhrif á umhverfi sitt og hjálpað til við að auka fjölbreytni mannlífs, menningar og þjónustu innan kjarnanna. Kjarnarnir eiga það sameiginlegt að vera nálægt meginsamgönguæðum en 95% verslunarrýma sem félagið á eru staðsett við fyrirhugaða borgarlínu. Dæmi um kjarna sem félagið horfir til eru: miðbær Reykjavíkur, Borgartúnssvæði, Smáralindarsvæði, miðbær í Garðabæ og Hafnarfirði og Egilshallarsvæði.

### Fyrst til að gefa út græn skuldabréf

Við samþykkt sjálfbærnistefnu og BREEAM-vottun Smáralindar í lok árs 2019 skapaðist skilyrði til útgáfu grænna skuldabréfa. Með fimm milljarða króna útgáfu varð Reginn fyrsta skráða félagið í Nasdaq Iceland til að selja græn skuldabréf. Í lok árs 2020 nam græn fjármögnun félagsins 16 milljörðum króna eða 18% af vaxtaberandi skuldum. Höfðatorg hefur einnig fengið BREEAM In Use vottun sem eykur svigrúm til grænnar fjármögnunar um rúmlega tíu milljarða króna. Unnið er að vottun fleiri eigna og stefnt er að því að árið 2025 verði verðmæti vottaðra eigna yfir 70 milljarðar króna.

### Framtíðin

Verkefni næstu ára eru spennandi og metnaðarfull og stefna Regins er að halda ótrauð áfram veginn að aukinni sjálfbærni. Fasteignafélög nútímans þurfa, eins og önnur fyrirtæki, að svara kalli viðskiptavina og almennings um aukna sjálfbærni í rekstri. Allt sem við gerum hefur áhrif og skref í átt að aukinni sjálfbærni og samfélagsábyrgð eru skref í átt að betri rekstri og samkeppnishæfara fyrirtæki.



Garðatorg hefur stækkað og eflst undanfarið og er nú öflug miðstöð mannlífs og menningar / Ljósmynd: Garðabær.



Á meðal framkvæmdaverkefna árið 2020 hjá leigutökum félagsins var innrétting nýrrar mathallar, Borg 29, í Borgartúni 29. Mathöllin var opnuð í apríl 2021.





Kringlan.



Höfðabakki 9.



Dalshraun 1 og 3.

## Reitir



Guðjón Auðunsson, forstjóri.

Vegferð Reita fasteignafélags hófst með byggingu Kringlunnar og opnun árið 1987, en verslunarrými í Reykjavík jókst um 10% á einni nóttu með opnun hennar. Pálmi í Hagkaup var forsprakkinn að Kringlunni en út frá henni og öðrum fasteignum í eigu fjölskyldunnar varð til fasteignasafn sem óx í tvo áratugi með fasteignakaupum og sameiningum við önnur félög. Upp úr ryki fjármálahrunsins stigu Reitir svo í núverandi mynd, með handvalið fasteignasafn samsett af skrifstofu-, verslunar- og iðnaðarhúsnæði ásamt hótélbyggingum í leigu til fjölbreyttra fyrirtækja á Íslandi.

Í dag byggja Reitir því á um 35 ára arfleifð umsvifa í íslensku viðskiptalífi en á „eftirhrunsárunum“ voru skiptar skoðanir á framtíðarhorfum félagsins. Reksturinn hefur þó gengið afar vel að sögn Guðjóns Auðunssonar, forstjóra, sem hefur verið hjá félaginu frá árinu 2010.



Einar Þorsteinsson, fjármálastjóri.

### Eignasafnið

Fasteignasafn Reita er í dag um 455 þúsund fermetrar í 135 fasteignum. Félagið er því stærsta fasteignafélag landsins ef undan er skilið íslenska ríkið. Um 97% safnsins er í útleigu enda eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði mikil. Um 700 leigusamningar eru í gildi á hverjum tíma við um 500 aðila. Í Kringlunni eru sem dæmi 120 einingar til útleigu.

Fasteignasafn Reita er metið á um 170 milljarða. Innan safnsins eru margar þekktar fasteignir, félagið á t.a.m. mikinn meginhluta Kringlunnar, Hótel Borg, Hilton og Natura, Kauphallarhúsið, skrifstofubyggingarnar að Vínlandsleið og húsnæði höfuðstöðva Advania, Origo, Sjóvár og Landspítala. Leigutakar félagsins eru fjölbreyttir og endurspeglar atvinnulífið almennt, opinberir aðilar standa að baki um 20% leigutekna og stórfyrirtæki að baki tæpum helmingi. Eignasafn Reita er staðsett að mestu á höfuðborgarsvæðinu en 4% á Akureyri og 4% annarsstaðar á landsbyggðinni.



Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, hrl., framkvæmdastjóri lögfr.sviðs og regluvörður.

### Leigusamningar og viðskiptavinir

Viðskiptahugmyndin gengur út á að skapa atvinnulífinu umgjörð því margir þeirra sem eru í atvinnurekstri kjósa ekki endilega að eiga sitt húsnæði heldur kjósa þess í stað að binda fé í eigin rekstri. Margir vilja ýmist minnka við sig húsnæði eða stækka og Reitir hafa svigrúm til að mæta þörfum þeirra sem eru á hreyfingu á atvinnumarkaðnum. Þjónustukannanir sem félagið hefur látið gera hafa komið vel út svo leigutakar virðast almennt vera ánægðir með viðskiptin við Reiti. Meðallengd leigusamninga er um sjö ár sem gerir það að verkum að félagið endurnýjar eða gerir um hundrað leigusamninga árlega.

### Reksturinn - Fjárfestingar

Ársvelta Reita er í kringum 13 milljarðar. Fjölbreytnin í eignasafninu, bæði hvað varðar leigutaka og húsnæðið sjálft, gerir það að verkum að sveiflur í rekstrarárangri eru tiltölulega litlar. Rekstrarhagnaði er fyrst varið í afborganir og vaxtagreiðslur til lánveitenda, en einnig





Korputún (atvinnuvæðið blikastöðum).



Aðalstræti 2.



Hótel borg.

Í arðgreiðslur til hluthafa, sem eru að mestu leyti íslenskir lífeyrissjóðir, en ekki síst til frekari uppbyggingar á eignasafninu.

Fjárfesting í eignasafninu getur falist í endurbótum núverandi eigna, til dæmis þeirri sem nú á sér stað á þriðju hæð Kringlunnar, eða í fasteignakaupum eða þróun.

Korputún er þróunarverkefni sem nú er í deiliskipulagsferli og væntingar eru um að gatnagerð og fyrstu framkvæmdir geti hafist á næsta ári. Það er um níutíu þúsund fermetra atvinnukjarni, þ.e. á stærð við Skeifuna, sem staðsettur verður á sveitarfélagamörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar.

Þá eru Reitir stöðugt að meta fjárfestingakosti og er þá horft til þess að þær uppfylli ávöxtunarkröfu og séu til þess fallnar að styðja við núverandi viðskiptasambönd eða strykji svæði þar sem félagið á fasteignir fyrir.

### Starfsmenn

Guðjón hefur fengist við ýmislegt um dagana en sl. 12 ár hefur hann starfað hjá Reitum og lætur vel af því. „Á meðan það er gaman að því sem maður er að gera og á meðan maður hefur stuðning stjórnar til góðra verka, þá heldur maður eitthvað áfram“, segir hann. Hann er stoltur af starfsmannahópnum sem hann segir vera landsliðið í rekstri fasteignafélaga.

Hjá Reitum starfa að jafnaði um 20 manns, fimm hafa umsjón með framkvæmdaverkefnum, rekstri og viðhaldi fasteignanna. Fjórir eru á viðskiptasviði sem hefur umsjón með útleigu, markaðsmálum og kaupum og sölu eigna. Þrír lögmennt starfa hjá félaginu og sjö starfa við bókhald og fjármál.

Starfsmannahópurinn gerir ýmislegt sameiginlega til að lyfta sér upp þegar stund gefst á milli stríða. Það eru haldnar veglegar árhátíðir, skroppið í golf, út að borða og annað þvíumlíkt og þykja svokallaðir „hreingerningadagar“ upplagðir til að gera sér glaðan dag.

Lítill hreyfing er á starfsfólki sem er samhljóma starfsánægjukönnun VR þar sem Reitir koma virkilega vel út. Fjarvinna hefur verið nýtt að hluta eins og mörg fyrirtæki gerðu í WWCOVID-19 en sá sveigjanleiki krefst ítarlegri skoðunar þótt starfsmenn geti unnið ýmis stök verkefni heiman að frá sér. Guðjón segist vilja endurskoða fjarvinnuna að einhverju leyti.

Óneitanlega hafa Reitir sterka stöðu á markaði en því fylgir ábyrgð og sú skylda um leið að taka þátt í þróun og uppbyggingu íslensks samfélags.



Kristófer Þór Pálsson, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs.



Friðjón Sigurðarson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs.



Andri Þór Arinbjörnsson, framkvæmdastjóri eignaumsýslusviðs.



Hlíðasmári 14.



Hraunbær 115.

## Eignarhaldsfélagið Ögur



Urðarhvarf 6.

Eignarhaldsfélagið Ögur ehf. var stofnað árið 2000 og hefur leigt út atvinnu- iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði frá stofnun félagsins. Eins hefur fyrirtækið stofnað og fjárfest í dótturfélögum í öðrum atvinnurekstri svo sem verslun- og þjónustu, iðnfyrirtækjum og sjávarútvegi. MHG Verslun ehf., Faghús ehf., Víkingbátar ehf., Útgerðarfélagið Otur ehf., Siglunes hf., Lífsbjörg ehf., G1 ehf., Álsey ehf.

Eignarhaldsfélagið Ögur ehf. er á meðal þeirra 2% íslenskra fyrirtækja sem uppfylla ströng skilyrði greiningar Creditinfo á Framúrskarandi fyrirtækjum 2015-2020.

### Eigandi

Fyrirtækið Ögur var stofnað árið 2000, af Matthíasi Sveinssyni, rafmagnsiðnfræðingi á grundvelli fasteignaviðskipta og leigu á atvinnuhúsnæði til fyrirtækja, sveitafélaga og opinberra stofnana. Eigandi og stjórnarformaður er Matthías Sveinsson. Vefsíða: [www.ogur.is](http://www.ogur.is)



Akralind 4.





## Kominn tími á nýtt útsýni

# 101 fasteignasala

### Saga 101 Reykjavík Fasteignasölu frá 2002-2021

101 Reykjavík Fasteignasala er rótgróin fasteignasala sem starfað hefur í 20 ár. Fasteignasalan selur allar gerðir fasteigna og fyrirtækja um land allt. Ásamt því hefur 101 Reykjavík Fasteignasala milligöngu um leigu og sölu á atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði. Fasteignasalan hefur undanfarin ár selt fasteignir á Spáni ásamt eignum á Tenerife. Viðskiptavinir leita í sífelld meira mæli eftir ráðgjöf ýmiss konar varðandi fasteignaviðskipti og mikilvægt er að ferlið allt sé fagmannlega unnið og að traust og trúnaður sé milli aðila allt ferlið. Í September 2014 kaupir Kristín Sigurey Sigurðardóttir fasteignasöluna eftir að hafa verið starfandi þar frá 2010. En fyrirtæki var stofnað 14. september 2002 og hefur Kristín rekið hana allt til ársins 2020 en þá gerist Björg Kristín Sigþórsdóttir meðeigandi í fyrirtækinu. Kristín Sigurey hefur um 20 ára reynslu af sölu fasteigna, fyrirtækja og leigumiðlun ásamt skjalagerð og ráðgjöf tengdu fasteignaviðskiptum. Kristín Sigurey er löggildur fasteignasali og lauk hún námi til löggildingar fasteignasala í Háskóla Íslands árið 2006 auk þess að hafa numið sjávarútvegsfræði í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði á árunum 1989-1991. Kristín Sigurey hefur setið í stjórn Félags Fasteignasala frá 2018, og gegnir þar ýmsum trúnaðarstörfum enn þann dag í dag. Björg Kristín hefur séð um rekstrar-, sölu- og markaðsmál fasteignasölnnar frá vori 2019. Björg Kristín hefur mikla reynslu í stjórnun, markaðsmálum, vöruþróun og starfsmannamálum. Björg útskrifaðist árið 1994 sem sveinn í kókugerð frá Tekninske skolen i Ringsted. Starfsmenn 101 Reykjavík Fasteignasölu ásamt eigendum eru í dag sex talsins.

Fasteignaviðskipti hafa verið að þróast á síðustu misserum og með tilkomu nýrra laga um sölu á fasteignum sem komu út árið 2015 þar sem einungis löggildir fasteignasalar mega koma að sölu fasteigna skipa og leigumiðlun, eru nú gerðar ríkir kröfur um sölu á fasteignum og viðskiptum því tengdu, sem er án efa til hagsbóta að farsælum og öruggum viðskiptum fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur á fasteignamarkaði. Hlutverk fasteignasala í dag er orðið margbrotið og krefst staðgóðrar menntunar ásamt löggildingar í faginu, ábyrgðin er því mikil og er oft um aleigu umbjóðenda að ræða og miklar skuldbindingar til framtíðar. Því eru vönduð og nákvæm vinnubrögð mikilvæg. 101 Reykjavík Fasteignasala leggur ríka áherslu á traust í viðskiptum, persónulega þjónustu, samvinnu og ánægjuleg viðskipti viðskiptavina okkur eru lykilmarkmið starfsfólks 101 Reykjavík Fasteignasölu. Gæðastefna á öllum sviðum innan fyrirtækisins er fylgt markvisst eftir og endurskoðuð reglulega. Við horfum björtum augum til framtíðar og finnum ríkulega fyrir því að unga fólk er að koma nú aldrei sem fyrr sem nýir kaupendur inn á fasteignamarkaðinn ásamt mikilli hreyfingu heldra fólks sem er að huga að breytingum. Hreyfing innan markaðarins er líflæg og áskoranir hvers dags spennandi. Allar nánari upplýsingar um okkar starfsemi er að finna á **101.is**. Einnig bjóðum við öllum sem þurfa þjónustu eða ráðgjöf velkomna á skrifstofu okkar.

**FRAMÚRSKARANDI - TRAUST - HEIÐARLEIKI - SAMVINNA**



Kristín Sigurey Sigurðardóttir, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali og löggiltur leigumiðlari.



Björg Kristín Sigþórsdóttir, markaðs-, rekstrar- og sölustjóri.



Starfsfólk Ás fasteignasölu. Frá vinstri: Svala Haraldsdóttir, Melkorka Guðmundsdóttir, Eiríkur Svanur Sigfússon, Arnór Daði Eiríksson, Andri Georgsson, Aron Freyr Eiríksson, Kristófer Fannar Guðmundsson og Elin Þorleifsdóttir.

## Ás fasteignasala

Ás fasteignasala var stofnuð þann 10. desember árið 1988 af hjónunum Ingvari Guðmundssyni og Rut Brynjarsdóttur og hefur reksturinn staðið óslitið frá þeim tíma. Skrifstofa fasteignasölnnar var upphaflega á 2. hæð við Strandgötu 28 í Hafnarfirði (gamla Hús Kaupfélags Hafnarfjarðar). Árið 1991 var skrifstofan flutt á Strandgötu 31-33 í Hafnarfirði (gamla Landsbankahúsið). Árið 1995 var reksturinn svo færður í núverandi húsnæði við Fjarðargötu 17 í Hafnarfirði. Þess má til gamans geta að allt frá stofnun fasteignasölnnar, árið 1988, hefur starfið mest megnis verið unnið í tölvu og árið 1992 hóf fasteignasalan svo að nýta sér Internetið. Fullyrða má, með nokkurri vissu, að Ás fasteignasala hafi verið með fyrstu fasteignasölum til að nýta tölvuna og Internetið í starfsemi sinni. Haustið 1999 hætti Ingvar og eignuðust þá Kári Halldórsson og Jónas Hólmgeirsson fasteignasöluna. Árið 2018 urðu svo aftur eigendaskipti þegar núverandi eigendur, feðgarnir Eiríkur Svanur Sigfússon og Aron Freyr Eiríksson, keyptu þá Kára og Jónas út úr rekstrinum (Eiríkur hafði þó verið meðeigandi Kára og Jónasar frá árinu 2005).

### Mannauður og metnaður

Hjá Ás fasteignasölu starfa nú sjö manns. Það sem einkennir og sameinar þessa starfsmenn er sú staðreynd þeir hafa allir brennandi áhuga á fasteignaviðskiptum ásamt mjög ríkri þjónustulund. Megináhersla Ás fasteignasölu er að veita framúrskarandi og trausta þjónustu með það að markmiði að viðskiptavinir gangi sáttir frá borði að viðskiptum loknum. Þessu tengdu má nefna að Ás fasteignasala er ein af fáum fasteignasölum sem hefur verið á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki samfleytt frá árinu 2015 og er það mikilvægur þáttur í að efla traust viðskiptavina fyrirtækisins.

### Starfsemin

Fyrirtækinu er skipt upp í tvær deildir, þ.e. söludeild og samningadeild, þar sem hvor deild er með sínar áherslur. Deildirnar starfa þó mjög náið saman og er það forsenda þess að reksturinn gangi sem best. Viðskiptavinir Ás fasteignasölu koma úr öllum áttum en þar má helst nefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, banka, lífeyrissjóði, hið opinbera og sveitarfélög. Allt frá stofnun hefur Ás fasteignasala reynt að fylgja þeim tækninýjungum sem átt hafa sér stað í gegnum árin og aðlagð starfsemi sína að þeim, en það er mikilvægur þáttur í að viðhalda góðum rekstri. Líkt og nefnt var hér fyrr hóf fyrirtækið t.a.m. að nýta tölvur strax við stofnun og Internetið fljótlega síðar. Samfélagsmiðlarnir eru orðnir gífurlega stór þáttur í markaðssetningu margra fyrirtækja, ekki síst hjá fasteignasölum, og eru þeir líklegir til að verða enn fyrirferðameiri eftir því sem fram líða stundir. Ás fasteignasala leggur mjög mikið upp úr því að vera sýnileg á samfélagsmiðlum en fyrirtækið heldur uppi bæði Instagram- og Fésbókarsíðu og nýtur þar aðstoðar aðila sem sérhæfa sig í að hámarka virkni þessara miðla. Á samfélagsmiðlum Ás fasteignasölu er að finna ýmsar upplýsingar en miðlarnir eru þó fyrst og fremst nýttir til að auglýsa þær fasteignir sem eru til sölu á hverjum tíma. Eftir



---

að fasteignasalan hóf að nýta samfélagsmiðlana í auknum mæli hafa þeir sannað notagildi sitt og eru í dag orðnir einn stærsti þáttur í markaðssetningu fasteignasölu, bæði hvað varðar markaðssetningu á fasteignasölu sjálfri sem og á þeim eignum sem fasteignasalan auglýsir til sölu.

#### **COVID-19 og reksturinn**

Árið 2020 hefur verið sérstakt í rekstri flestra fyrirtækja sökum COVID-19. Við upphaf faraldursins hér á landi, í febrúar/mars árið 2020, höfðu aðilar miklar áhyggjur af því að fasteignamarkaðurinn myndi hrynja. Eftir á að hyggja voru þessar áhyggjur óþarfar þar sem raunin varð sú að markaðurinn hefur blómstrað nánast alveg frá því að faraldurinn skall á hér á landi. Þessu má líklega fyrst og fremst þakka tveimur stórum áföngum sem urðu á árinu 2020. Í fyrsta lagi lækkaði Seðlabanki Íslands stýrivexti sína markvisst sem hefur örvað fjárfestingu fyrirtækja og heimila, þ.á.m. á fasteignamarkaði. Í framhaldi af því brugðust flestar lánastofnanir við með því að lækka vexti á fasteignalánum sínum. Í öðru lagi hóf Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að úthluta hlutdeildarlánum á árinu 2020 en það er úrræði fyrir fyrstu kaupendur og tekju- og eignaminni einstaklinga. Saman hafa þessir tveir áfangar haft mikil áhrif á fasteignamarkaðinn enda gerir þetta aðilum mun auðveldara með að komast inn á fasteignamarkaðinn sem og að fjárfesta í stærri og dýrari fasteignum.

Nefndar voru tækninýjungar hér fyrr en Ás fasteignasala tók upp eina slíka fyrr á árinu 2020 sem kom sér einkar vel þegar COVID-19 faraldurinn skall á. Um er að ræða rafrænar undirritanir á tilboð og ýmis önnur skjöl. Þetta hefur gert það að verkum að mun auðveldara er fyrir viðskiptavinum fasteignasölu að undirrita skjöl og hefur einnig lágmarkað samkomur á skrifstofu fasteignasölu. Viðskiptavinir Ás hafa tekið þessari nýjung mjög vel og mikill meirihluti tilboða og annarra skjala, sem rafrænar undirritanir ná til, hafa verið undirrituð með slíkum hætti. Á næstu mánuðum binda aðilar svo vonir við að hægt verði að undirrita og þinglýsa kaupsamningum og afsölum með rafrænum hætti en það verður stórt skref í átt að pappírslausum viðskiptum.

Allar nánari upplýsingar um Ás fasteignasölu, eignir, verðskrá, starfsfólk o.fl. er að finna á vefsíðunni: [www.as.is](http://www.as.is).



Starfsfólk. Efri röð frá vinstri: Davíð Ólafsson, Ingimar Ingimarsson, Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir, Stefán Jóhann Ólafsson, Böðvar Sigurbjörnsson, Úlfar Þór Davíðsson. Neðri röð frá vinstri: Börkur Hrafnsson, Sigurður Fannar Guðmundsson, Brandur Gunnarsson, Margrét Ágústsdóttir, Gunnlaugur Þráinsson og Héðinn Birnir Ásbjörnsson.

## Borg fasteignasala

Vöxtur fasteignasölnunnar Borgar hefur verið samfelldur frá því að fyrirtækið hóf rekstur árið 2013 með fimm starfsmenn. Í upphafi var starfsemin til húsa að Ármúla 7 í Reykjavík en frá því í október 2014 að Síðumúla 23 í Reykjavík á allri fyrstu hæðinni. Í dag starfa á fasteignasölnunni tólf manns og þar af ellefu löggiltir fasteignasalar. Þrír hinna löggiltu fasteignasala eru einnig lögmenn og einn einnig lögfræðingur. Viðskiptavinir Borgar koma úr öllum áttum og eignasafn fasteignasölnunnar frá upphafi verið fjölbreytt. Frá upphafi hefur verið lögð mikil áhersla á hátt þjónustustig á öllum stigum og vandaða skjalagerð, allt frá fyrsta viðtali til afsals um einstakar fasteignir og öfluga eftirfylgni í einstökum málum. Eigendur fasteignasölnunnar eru í dag þeir Brandur Gunnarsson, Börkur Hrafnsson, Ingimar Ingimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Sigurður Fannar Guðmundsson og Úlfar Þór Davíðsson.

### Traustur grunnur og öflugt tengslanet

Starfsfólk fasteignasölnunnar hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu í fasteignaviðskiptum og liggur sérstaða fasteignasölnunnar fyrst og fremst í mannauði fyrirtækisins og þéttum kjarna sem starfað hefur saman í langan tíma og hefur öflugt tengslanet. Ekki síst er reynsla og þekking fasteignasölnunnar í margvíslegri skjalagerð sem krefst yfirlegu og nákvæmni. Starfsmannavelta hefur verið lítil og valinn maður í hverju rúmi.

### Verkefni og þjónusta

Á síðustu árum hefur fasteignasölnunni verið treyst fyrir stórum verkefnum þar sem hagsmunir hafa verið miklir og reynt hefur á flókna skjalagerð. Það er ekki keppikefli Borgar að verða stærsta fasteignasalan á Íslandi heldur er aðalmarkmið fyrirtækisins að veita vandaða þjónustu og ráðgjöf á sviði fasteignaviðskipta eins og það hefur gert frá upphafi hvort heldur fyrir einstaklinga, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki um allt land.

Í mars 2021 opnaði fasteignasalan útibú á Selfossi til að sinna betur suðurhluta landsins og ört vaxandi samfélagi fyrir austan fjall.

### Framtíðarsýn

Fasteignasalan mun halda áfram að byggja á góðu orðspori þar sem fara saman öguð vinnubrögð, traust þjónusta og vönduð skjalagerð.

Allar nánari upplýsingar um starfsemi Borgar fasteignasölu má nálgast á vefsíðunni:

[www.fastborg.is](http://www.fastborg.is).





Óskar Bergsson, framkvæmdastjóri og löggiltur fasteignasali.



Sveinbjörn Sveinbjörnsson, lögmaður og löggiltur fasteignasali.



Vilhjálmur Einarsson, löggiltur fasteigna- og skipasali.



Hjálmar Óskarsson, viðskiptafræðingur og nemi til löggildingar fasteignasala.

## Eignaborg fasteignasala

### Árangur í sölu fasteigna

Stefna Eignaborgar er að vera fyrsta val fólks þegar kemur að ráðgjöf við kaup eða sölu fasteigna. Eignaborg leggur áherslu á gott samstarf starfsfólks og viðskiptavina, í því samstarfi hafa starfsmenn grunngildi Eignaborgar að leiðarljósi:

Gæði: *Við veitum eingöngu framúrskarandi þjónustu í öllu sem við gerum*

Heiðarleiki: *Við vinnum eftir okkar eigin siðareglum, sem leggja áherslu á heiðarleika og sanngirni*

Afgreiðsla: *Við svörum öllum fyrirspurnum hratt og örugglega*

Virðing og traust: *Við komum fram af virðingu gagnvart okkur sjálfum og viðskiptavinum*

Gleði: *Við höfum gaman að því sem við gerum*

### Starfsfólk og starfsemi

Starfsfólk Eignaborgar býr yfir mikilli reynslu og sérþekkingu á sviði fasteignaviðskipta. Stærstu verkefni fyrirtækisins eru sala á íbúðum og atvinnuhúsnæði. Verðmöt á fasteignum eru stór þáttur í starfseminni hvort sem er unnið fyrir einstaklinga eða lánastofnanir.

Sérstaða Eignaborgar felst m.a. í eftirfylgni og yfirsýn yfir stöðu verkefna á hverjum tíma.

Eignaborg er til húsa að Hamraborg 12, 200 Kópavogi. Vefsíða: [www.eignaborg.is](http://www.eignaborg.is)





Markmið starfsfólks Eignamiðlunar er að gera enn betur í framtíðinni og halda áfram að vera leiðandi í fasteignaviðskiptum á Íslandi um ókomin ár. Ljós. Odd Stefán.

## Eignamiðlun



Kjartan Hallgeirsson og Guðlaugur Ingi Guðlaugsson eru eigendur Eignamiðlunar og báðir löggiltir fasteignasalar. Ljós. Baldur Kristjánsson.

### Elsta starfandi fasteignasala á Íslandi

Hjá Eignamiðlun ehf. á Grensásvegi 11 í Reykjavík starfa rúmlega 20 manns við kaup og sölu fasteigna. Fyrirtækið er elsta fasteignasala á Íslandi, stofnuð árið 1957. Reynsla, heiðarleiki og þekking á fasteignamarkaðnum er grunnur að farsælum viðskiptum að mati eigenda Eignamiðlunar.

Starfsfólk fyrirtækisins býr yfir mikilli reynslu og sérþekkingu á sviði fasteignaviðskipta. Meðal viðskiptavina Eignamiðlunar má nefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, banka, hið opinbera og sveitarfélög. Stærstu verkefni fyrirtækisins eru sala á íbúðar- og atvinnuhúsnæði og verðmat á fasteignum.

Sverrir Kristinsson fasteignasali eignaðist Eignamiðlun árið 1970 en hann seldi sinn hlut árið 2019 þegar nýir eigendur tóku við taumunum. Núverandi eigendur eru fasteignasalarnir Kjartan Hallgeirsson, sem hóf störf hjá Eignamiðlun árið 1999 og Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, sem gekk til liðs við fyrirtækið árið 2013. Kjartan hefur meðfram störfum sínum hjá Eignamiðlun gegnt formennsku í Félagi fasteignasala frá árinu 2016.

### Löng og farsæl rekstrarsaga

Fyrirtækið var stofnað árið 1957 af hæstaréttarlögmönnunum Sigurði Ólasyni og Þorvaldi Lúðvíkssyni. Þegar Sverrir Kristinsson keypti Eignamiðlun árið 1970 hafði hann áður unnið á tveimur öðrum fasteignasölum. Á þeim tíma var Eignamiðlun til húsa í Vonarstræti 12, húsi Skúla Thoroddsen, sem nú er búið að flytja. Þá var Sigurður Ólason lögfræðingur Eignamiðlunar en Unnsteinn Beck lögmaður tók við því hlutverki árið 1980 þegar fyrirtækið fluttist í Þinghóltsstræti 3. Þar var starfsemin í 10 ár þangað til flutt var í Síðumúla 21 árið 1990. Þorleifur Stefán Guðmundsson líffræðingur hóf störf hjá Eignamiðlun árið 1981, var meðeigandi og starfaði í fyrirtækinu til dauðadags eða í 35 ár. Hann var brautryðjandi í þróun hugbúnaðar fyrir fasteignasala hér á landi.

Valtýr Sigurðsson starfaði sem lögfræðingur Eignamiðlunar á árabílinu 1982-1983, þá í leyfi frá störfum héraðsdómara. Þórólfur Halldórsson, lögmaður og formaður Félags fasteignasala á árunum 1986-1993, kom inn í reksturinn með Sverri árið 1983 og var lögfræðingur Eignamiðlunar til 1994. Elín Sigrún Jónsdóttir lögmaður starfaði sem lögfræðingur hjá Eignamiðlun á árunum 1986-1988. Guðmundur Sigurjónsson, alþjóðlegur stórmeistari í skák, varð lögfræðingur fyrirtækisins árið 1988 og einn eigenda. Árið 2007 bætist Kjartan Hallgeirsson í eigendahópinn og tekur síðar við af Sverri sem framkvæmdastjóri árið 2014, sem hafði þá verið framkvæmdastjóri í 44 ár.

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson varð hluthafi árið 2016. Eignamiðlun var 25 ár í Síðumúlanum en fluttist á Grensásveg 11 árið 2015 þar sem hún er til húsa í dag.

Árið 2019 seldu Sverrir og Guðmundur hlut sinn í Eignamiðlun og Kjartan Hallgeirsson og Guðlaugur Ingi Guðlaugsson keyptu reksturinn að fullu.



Eignamiðlun er rótróíð fyrirtæki þar sem markmiðið hefur alltaf verið að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu. Ljós. Odd Stefán.



## Góð þjónusta og vönduð vinnubrögð

Kjartan Hallgeirsson er framkvæmdastjóri Eignamiðlunar og segir að stærsta eign hverrar fasteignasölu sé gott orðspor og heiðarlegt starfsfólk. „Í mínum huga byggjast fasteignasölur fyrst og fremst upp með vönduðum vinnubrögðum og því fólki sem starfar hjá þeim. Eignamiðlun er rótgróð fyrirtæki þar sem markmiðið hefur alltaf verið að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu. Hér er lítil starfmannavelta og eigendurnir hafa lagt upp úr því í gegnum tíðina að skapa gott vinnuumhverfi þar sem starfsfólk getur þróast og þroskast. Við höfum náð góðum árangri og siglt í gegnum miklar breytingar á síðustu árum. Markmið okkar er að gera enn betur í framtíðinni og halda áfram að vera leiðandi í fasteignaviðskiptum á Íslandi um ókomin ár,“ segir Kjartan.

## Miklar breytingar á hálfri öld

Þegar rýnt er í söguna frá stofnun Eignamiðlunar hefur mikið vatn runnið til sjávar. Sverrir Kristinsson, sem lengst hefur starfað hjá Eignamiðlun eða í hálfra öld, man þá tíð þegar ritvélar og kalkipappír voru helstu vinnutæki fasteignasala.

„Það er alveg með ólíkindum hvað þetta gekk allt vel. Fyrstu árin voru ritvélar alls ráðandi og tölvurnar komu á skrifstofuna í lok níunda áratugarins. Ljósritun keyptum við stundum á ljósritunarstofu í Austurstræti og svo var hlaupið með auglýsingar, jafnvel handskrifaðar, til Morgunblaðsins í Aðalstræti. Á níunda áratugnum kemur út sérstakt fasteignablað hjá Morgunblaðinu og þar var Eignamiðlunin alltaf með auglýsingu og síðar með opnu í hverri viku. Svo kom tímabil þar sem fasteignir voru töluvert auglýstar í sjónvarpi. Nú er Netið allsráðandi og allar upplýsingar um fasteignir ásamt myndum liggja fyrir allra augum. Þannig að þetta er eins og í öðrum rekstri þar sem verða miklar breytingar í takti við þróun í þjóðfélaginu,“ segir Sverrir.

## Vinnulag og lagaumhverfi hefur þróast

Velta á fasteignamarkaði helst í hendur við stöðu efnahagslífsins hverju sinni. Á samdráttarskeiðum er markaðurinn öðruvísi en í þenslu. Það er hörð samkeppni á meðal fasteignasala en á höfuðborgarsvæðinu eru fjölmargar fasteignasölur.

Lagaumgjörð í fasteignaviðskiptum hefur tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum. Nú er gengið frá söluvirlitum samkvæmt forskrift og fasteignasalar verða að afla sér allra opinberra gagna, t.d. er varða lánamál, stærðir, aldur og gerð húsnæðis. Skoðunarskylda er rík og fara þarf vel yfir ástand eigna þegar þær skipta um eigendur. Við tilboðsgerð þurfa bæði tilboðsgjafar og seljendur að undirrita skjöl sem tryggir að allar upplýsingar liggja fyrir.

Í dag þurfa fasteignasalar að hafa skriflegt umboð til þess að mega selja eign. Þar koma fram helstu skilmálar, s.s. um þjónustu, auglýsingar, myndatökur og þóknun. Þessi skriflegu umboð komu gríðarlegri festu á markaðinn sem var til bóta að mati eigenda Eignamiðlunar.

## Viðurkenningar

Eignamiðlun hlaut fyrst nafnbótina „Framúrskarandi fyrirtæki“ hjá Creditinfo árið 2013 og hefur síðan oft verið í hópi íslenskra fyrirtækja sem vottuð eru með þeim hætti. Þegar Eignamiðlun flutti í Síðumúla 21 árið 1990 var útbúið aðgengi fyrir fatlaða. Á þeim tíma fékk fyrirtækið viðurkenningu frá Sjálfsbjörgu, landsambandi hreyfihamlaðra, fyrir framtakið sem þykir sjálfsagt í dag.

## Hvað þarf til að vera góður fasteignasali?

Með nýlegum lögum var gerð aukin krafa um menntun fasteignasala. Þau sem starfa í greininni þurfa að vera löggiltir fasteignasalar eða með réttindi sem slíkir eins og viðskiptafræðingar eða lögfræðingar. Nema mega starfa undir handleiðslu þeirra sem eru með réttindi.

„Eins og í öðrum atvinnugreinum þarf fólk að vera heiðarlegt og nákvæmt. Fasteignasalar þurfa að vanda sig og taka tillit til viðskiptavinnanna, bæði kaupenda og seljenda. Okkur ber að gæta hagsmuna beggja aðila og fasteignasalar bera heilmikla ábyrgð. Það skiptir mestu máli að leggja áherslu á vönduð vinnubrögð. Fyrirtækið hefur góða sögu og við höfum ekki orðið fyrir neinum skakkaföllum. Eignamiðlun hefur gott orðspor sem er afar dýrmætt. Við erum að fjalla um aleigu fólks og við verðum að haga okkur í samræmi við það. Við sinnum öllu jafnt, hvort sem það er lítil kjallaraíbúð eða heil blokk sem okkur hefur verið falið að selja. Það verður að leggja sömu áherslu á allt og sinna öllum vel,“ segir Sverrir Kristinsson.



Eignamiðlun er til húsa á Grensásvegi 11 í Reykjavík. Fyrirtækið hefur lagt mikið upp úr góðu aðgengi fyrir fatlaða í gegnum árin. / Ljós. Odd Stefán.



Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali, keypti Eignamiðlun árið 1970. Hann man tímana tvenna en hefur nú selt sinn eignarhluta þó hann starfi ennþá hjá fyrirtækinu. Ljós. Baldur Kristjánsson.



Eignamiðlun hefur oft hlotið nafnbótina „Framúrskarandi fyrirtæki“ hjá Creditinfo, sem er einskonar heilbrigðisvottorð fyrir reksturinn. / Ljós. Odd Stefán.



Jón Guðmundsson og Guðmundur Th. Jónsson ásamt starfsfólki, nöfn starfsmanna sem standa á milli Jóns og Guðmundar eru: Gísli Guðfínnsson, Hallveig Guðnadóttir, Elín Guðmundsdóttir, Úlfar Jóhannsson og Sigríður Kjartansdóttir.

## Fasteignamarkaðurinn

Fasteignamarkaðurinn er ein af eldri starfandi fasteignasölum landsins en reksturinn hefur staðið óslitið í hartnær 40 ár. Á þessum tíma hefur Fasteignamarkaðurinn áunnið sér gott orðspor fyrir trausta og góða þjónustu og er ein af þekktari fasteignasölum í dag. Fasteignamarkaðurinn hóf starfsemi 2. maí árið 1982 að Óðinsgötu 4 í Reykjavík og hefur verið þar til húsa allar götur síðan. Stofnendur Fasteignamarkaðarins voru hjónin Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali og Ásdís Þórðardóttir lögg. fasteignasali. Jón hafði þá starfað í 10 ár við fasteignasölu hjá Eignamiðlun, elstu starfandi fasteignasölu á Íslandi. Ásdís féll frá langt um aldur fram árið 1991 og fljótlega eftir það kom Guðmundur Theodór sonur þeirra inn í reksturinn og eru þeir feðgar eigendur Fasteignamarkaðarins ehf. í dag.

### Mannauður

Starfsfólk Fasteignamarkaðarins hefur um mörg undanfarin ár talið 7 manns auk sendils í hlutastarfi, þar af 5 löggiltir fasteignasalar. Starfsfólkið býr yfir yfirgripsmikilli reynslu og þekkingu á öllum hliðum fasteignaviðskipta og hefur reksturinn í höndum þess skilað miklum og góðum árangri.

Jón Guðmundsson hefur yfirgripsmikla reynslu og þekkingu á fasteignamarkaði hvar hann hefur starfað í hartnær hálföld. Jón hefur tíðum verið dómkvaddur matsmaður úr fjölda dómsmála sem varða fasteignaviðskipti og auk þess setið sem meðdómandi í fjölda slíkra mála við héraðsdómstóla. Jón sat í stjórn Félags fasteignasala í 9 ár og þar af 6 ár sem formaður félagsins við góðan orðstýr.

### Fyrirmyndarfyrirtæki

Fasteignamarkaðurinn ehf. hefur verið valinn í hóp "Fyrirmyndarfyrirtækja í rekstri" af Creditinfo og erum við mjög stolt af þeim árangri sem náðst hefur í rekstrinum frá því að verulega dró saman í sölu fasteigna árið 2008 í kjölfar "efnahagshrunsins" og hefur velta fyrirtækisins aftur aukist jafnt og þétt allt frá þeim tíma.

### Einkunnarorð

Einkunnarorð Fasteignamarkaðarins ehf. eru „í traustum höndum í áratugi“ og logo fasteignasölnnar hefur vakið mikla athygli fyrir fallega hönnun en það mótar mynd af höndum sem halda utan um og mynda hús.

### Viðskiptin

Fasteignamarkaðurinn hefur á starfstíma sínum aflað fjölda viðskiptasambanda og eru viðskiptavinir fasteignasölnnar allt frá einstaklingum og fyrirtækjum yfir til opinberra stofnana, banka og sveitarfélaga. Fasteignamarkaðurinn hefur í gegnum tíðina fjallað um mörg af stærstu fasteignaviðskiptum hvers tíma, þ.m.t. sölu og leigu stórs atvinnuhúsnæðis og sölu mjög umfangsmikils byggingarréttar undir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.





Jón Guðmundsson og Guðmundur Theodór Jónsson.

### Rekstrarumhverfi

Frá því að Fasteignamarkaðurinn ehf. var stofnaður hefur mjög margt breyst í rekstrarumhverfi viðskipta með fasteignir. Á fyrstu árum starfseminnar voru lýsingar eigna handskrifaðar og geymdar í möppum og kaupsamningar útbúnir með ritvélum og með kalkíppír. Fyrir um 30 árum síðan varð svo bylting í þessum eignum þegar tölvurnar komu til sögunnar og var Fasteignamarkaðurinn ein fyrsta fasteignasalan til að taka þá tækni í sína þjónustu.

### Traustur grunnur

Fasteignaviðskipti eru jafnan stærstu viðskipti sem fólk á í um ævina þar sem aleiga er jafnan undir í viðskiptunum auk mikilla skuldbindinga til langrar framtíðar. Í ljósi þess er hyggilegt að að leita til fasteignasölu sem byggir viðskipti sín á traustum grunni, mikilli reynslu og hefur vönduð vinnubrögð að leiðarljósi eins og við á Fasteignamarkaðinum ehf. höfum tileinkað okkur í okkar rekstri.

Fasteignamarkaðurinn, Óðinsgötu 4, Reykjavík.





Starfsfólk Foldar. Frá vinstri: Viðar Böðvarsson, Anna Ólafía Guðnadóttir, Einar Marteinsson, Gústaf Adolf Björnsson, Rakel Viðarsdóttir og Hlynur Bjarnason. / Ljósmyndir Rutar og Sílju.

## Fold fasteignasala



Viðar Böðvarsson, eigandi og framkvæmdastjóri, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

Fold fasteignasala ehf. var stofnuð af Viðari Böðvarssyni og fjölskyldu hans í júlí 1994. Viðar hafði þá að baki fjórtán ára starfsreynslu í fasteignaviðskiptum og af rekstri fasteignasölu. Á þeim árum sem liðin eru frá því að fasteignasalan hóf starfsemi hefur hún haslað sér völl á íslenskum fasteignamarkaði.

### Starfsemin

Rekstur nútíma fasteignasölu hefur á síðustu árum krafist vel menntaðs starfsfólks til að þjónusta viðskiptavinum á traustan og fagmannlegan hátt. Á sama tíma hefur tæknivæðing stóraukist svo og allt sem snýr að lagalegum kröfum sem gerðar eru til fasteignasala. Af þessu leiðir að sífellt eru gerðar meiri kröfur til fagkunnáttu starfsfólksins.

Starfsfólk Foldar er vel menntað og reynslumikið. Viðar Böðvarsson, framkvæmdastjóri er viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali. Sölumenn eru allir löggiltir fasteignasalar eða í námi til löggildingar og skjalagerð er einnig í höndum löggilts fasteignasala. Fjármálastjóri fyrirtækisins er viðskiptalögfræðingur og löggiltur fasteignasali.

Fasteignasala er atvinnugrein sem nauðsynlegt er að byggja á traustum og öruggum vinnubrögðum því miklir hagsmunir eru í húfi hjá viðskiptavinum. Um leið þurfa fasteignasölur að vera framsæknar, opnar fyrir nýjungum í auglýsingum og kynningu eigna, auk margs annars sem að viðskiptunum snýr. Traust og örugg þjónusta á öllum sviðum fasteignaviðskipta er aðalsmerki Foldar sem hefur og mun hafa fagmennsku í fyrirrúmi í stefnumótun sinni.

### Nýjungar

Fold hefur frá upphafi verið leiðandi á sínu sviði með því að innleiða ýmsar nýjungar sem síðan hafa rutt sér til rúms í nútímalegri fasteignasölu. Þannig hefur fyrirtækið frá byrjun tekið þátt í þeirri tækniþróun sem tengist kynningu fasteigna á veraldarvefnum og á samfélagsmiðlum. Skýr verkaskipting er á milli starfsmanna fasteignasölnnar sem vinna eftir gæðastjórnunarkerfi. Með tíðum fundarhöldum er leitast við að tryggja að allt ferli viðskiptanna gangi snurðulaust fyrir sig og að staða hvers verkefnis sé ávallt skýr. Þessir þættir, það er tækni og skipulag, eiga án efa eftir að þróast og breytast mikið á næstu árum og mun Fold taka þátt í þeirri þróun og halda áfram að vera leiðandi í fasteignaviðskiptum. Fasteignasalan hefur á síðustu árum aukið umsvif í leigumiðlun, bæði á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

### Aðsetur

Árið 2017 flutti Fold af Laugavegi 170 í eigið húsnæði í Sóltúni 20 eftir að hafa frá stofnun fyrirtækisins leigt húsnæði í gamla Hekluhúsinu í tæp 23 ár. Nýja húsnæðið var skipulagt að þörfum fasteignasölnnar með aðstoð Berglindar Berndsen innanhússarkitekts og þykir vel hafa tekist til. Það fer vel um starfsfólk og viðskiptavinum í björtu og nýttiskulegu umhverfi og hefur flutningurinn haft góð áhrif á viðskiptin enda næg bílastæði við húsið.



Glæsilegt húsnæði Foldar í Sóltúni 20.



Móttakan.





Akranes.

## Fasteignasalan Hákot

Fasteignasöluna Hákot stofnuðu hjónin Daníel Rúnar Elíasson og Krístrún Halla Ingólfssdóttir sumarið 1993 og opnuðu hana formlega föstudaginn 23. júlí. Daníel fékk löggildingu sama ár en áður hafði hann unnið í banka í 14 ár. Fasteignasalan Hákot fagnaði 25 ára afmæli árið 2018. Hákot var fyrst um sinn til húsa að Kirkjubraut 17 á Akranesi, en skömmu síðar sameinuðu Fasteignasalan Hákot og Fasteignasalan Berg (eigandi hennar var Erna Eyjólfssdóttir) sínar fasteignasölur, undir nafninu Fasteignasalan Hákot. Flutti Hákot við sameininguna að Skólabraut 21 en nokkru síðar lá leiðin á efri hæð gamla vinnustaðar Daníels að Kirkjubraut 28. Árið 2007 var fest kaup á húsnæði í nýbyggingu að Kirkjubraut 12 og þar er Hákot enn staðsett í dag. Daníel og Halla keyptu Ernu útúr rekstrinum árið 2017 og reka fyrirtækið ein í dag. Í dag eru tveir starfsmenn hjá Hákoti, Daníel löggiltur fasteignasali og Hrefna dóttir Daníels sem fékk löggildingu í júní árið 2019. Á fasteignasölnunni er mjög flott safn málverka til sýnis og eru þau öll máluð af Skagamönnum, flest verkin eru af gömlum húsum sem hafa verið rifin eða fjarlægð. Fólk hefur sérlega gaman af því að rifja upp gamla tíma við skoðun á málverkunum.

### Þá og nú

Ef við horfum til baka um 25 ár hvernig hefur starf fasteignasala breyst? „Starfið er svipað í grunninn en umfang starfsins er töluvert meira í dag. Það er mun meiri hreyfing á fasteignamarkaðnum og meira um nýbyggingar núna en fyrir 25 árum. Tæknin hefur líka breytt starfinu mikið. Internetið spilar þar stórt hlutverk því fyrir 25 árum var ekkert slíkt,“ segir hann og minnst þess þegar þau prentuðu út bæklinga og dreifðu í hús til að auglýsa eignir á söluskrá sinni. Í dag notum við aðallega internetið til að auglýsa eignir á söluskrá okkar. Þeir miðlar sem við notum eru fasteignir.is, mbl.is og okkar eigin heimasíða, **hakot.is** ásamt því að vera á samfélagsmiðlunum, Facebook og Instagram.



Daníel Rúnar Elíasson, Hrefna Danielsdóttir og Krístrún Halla Ingólfssdóttir.



Flott safn málverka eftir Skagamenn er á skrifstofunni.



Fasteignasalan Miklaborg, skrifstofa.

## Fasteignasalan Miklaborg

Fasteignasalan Miklaborg var stofnuð árið 2007 af héraðsdómslögmanninum og löggiltu fasteignasölnum Óskari Rúnari Harðarsyni og Jasoni Guðmundssyni en síðan þá hefur hún verið í eigu þeirra tveggja.

### Aðsetur og mannaður

Miklaborg hafði upphaflega aðsetur í Síðumúla 13 en árið 2014, vegna aukins umfangs og starfsmannafjölda, færði hún sig um set og settist að í Lág múla 4, í gömlu húsakynnum Úrvals Útsýnar. Frá stofnun fasteignasölnunnar hefur hún dafnað og vaxið ört og fjöldi starfsmanna hartnær tífaldast síðan þá, frá fjórum í tæplega fjörutíu.

### Þjónustulund og heiðarleiki

Miklaborg hefur ætíð lagt áherslu á ríka þjónustulund, örugg og heiðarleg viðskipti og framsækni í störfum sínum en Óskar og Jason telja að þessi atriði spili veigamikil hlutverk í því að skapa traust viðskiptavina, sem sé sér í lagi mikilvægt þar sem margir þeirra séu að eiga í stærstu viðskiptum ævi sinnar og treysti því að vel sé staðið að hlutunum. Til að tryggja hagsmuni viðskiptavina sinna hafa þeir lagt kapp á að allt þeirra kynningarefni sé aðgengilegt og innihaldi skilmerkilegar upplýsingar og hagnýtan fróðleik um fasteignaviðskipti og þær fasteignir sem eru til sölu hjá fyrirtækinu.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Einkunnarorð Miklaborgar eru gæði, fagmennska og árangur í starfi en vönduð vinnubrögð og gagnkvæmur ávinningur veiga þungt í stefnu fyrirtækisins, sem hefur kristallast á ýmsum sviðum, til að mynda því að Creditinfo útnefndi fasteignasölnuna sem framúrskarandi fyrirtæki, auk þess sem velta hennar er árlega sú hæsta á fasteignamarkaðnum.

Óskar og Jason þvertaka fyrir það að heiðurinn að velgengni fyrirtækisins sé einungis þeirra en þeir vilja þakka frábæru starfsfólki fyrirtækisins, nú- og fyrrverandi, þann árangur sem fyrirtækið hefur náð. Þeir segjast lukkulegir og happadriðgjir með hve lengi og vel fólk helst hjá þeim í starfi, sér í lagi í fagi þar sem starfsmannavelta er jafnan mikil.

Aðspurðir að því hvað þeir reyna að temja sér sjálfir í sínum daglegu viðskiptum minnst þeir á þegar frænka annars þeirra hafði á orði að viðskiptasambönd væru ekki byggð á einum degi og því væri nauðsynlegt að minna sig reglulega á það að hafa alla viðskiptavini í hávegum, sama hvort þeir væru að kaupa háhýsi eða herbergiskytru, því það væri aldrei að vita hvað framtíðin bæri í skauti sér. Það hafa reynt orð að sönnu fyrir þá Jason og Óskar í starfi þeirra hjá Miklaborg.



Jason Guðmundsson, hdl.





---

### Samfélagsmál

Auk þess sem Miklaborg hefur farið mikinn í viðskiptalífínu lætur hún sitt ekki eftir liggja hvað varðar samfélagsmál en fasteignasalan hefur stutt við ýmis íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu, og hefur hún verið ötull styrktaraðili Landsbjargar og annarra hjálparsamtaka.



*Óskar R. Harðarsson, hdl.*



Móttaka og sýningarsalur Lindar.

## Lind fasteignasala

Lind fasteignasala hefur starfað frá 2003 fyrst undir merkjum Remax en frá febrúar 2015 hefur fasteignasalan starfað eingöngu sem Lind fasteignasala.



Hannes Steindórsson, eigandi og löggiltur fasteignasali.

### Eigendur

Eigendahópurinn hefur tekið nokkrum breytingum gegnum tíðina en eigendur í dag eru Hannes Steindórsson, löggiltur fasteignasali, Kristján Þórir Hauksson, löggiltur fasteignasali, Stefán Jarl Martin, löggiltur fasteignasali og Heimir Fannar Hallgrímsson, lögmaður og löggiltur fasteignasali.

### Starfsemin

Lind fasteignasala leggur mikla áherslu á vönduð vinnubrögð þegar kemur að sölu fasteigna og í allri eftirvinnslu. Á fasteignasölnunni starfar fjölbreyttur hópur fólks og passað er upp á kynjahlutfall á vinnustaðnum. Árið 2015 var gerð lagabreyting á störfum fasteignasala og nú hafa einungis löggiltir fasteignasalar heimild til þess að taka til sölu, sýna eignir, taka niður tilboð og annast frágang fasteignaviðskipta. Vel hefur gengið að mæta þessari breytingu ásamt því að fá til starfa fólk sem leggur stund á nám til löggildingar fasteignasala. Lind fasteignasala hefur verið á lista Creditinfo 2019, 2020 og 2021 sem framúrskarandi fyrirtæki.

### Vinnustaðurinn

Árið 2020 var viðburðaríkt hjá Lind fasteignasölu þar sem unnið hefur verið að stækkun vinnustaðarins bæði hvað varðar fjölda fasteignasala, starfsmanna og húsnæðis. Starfsemin var flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Bæjarlind 4, Lind fasteignasala var stofnuð árið 2003 í Bæjarlind og því má segja að fasteignasalan sé komin heim.



Stefán Jarl Martin, eigandi og löggiltur fasteignasali.





Gamla Reykjavík.



Lind, Bæjarlind 4.



Heimir Hallgrímsson, eigandi og löggiltur fasteignasali.



Ýmis þjónusta í boði fyrir kaupendur og seljendur.



Kristján Þórir Hauksson, eigandi og löggiltur fasteignasali.



Starfsfólk Valhallar. Efri röð frá vinstri: Ingólfur Geir Gissurarsson, Snorri Snorrason, Pétur Steinar Jóhannsson, Heiðar Friðjónsson, Sturla Pétursson, Jónas H. Jónasson og Hólmfríður Björgvinsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Margrét Björk Svavarsdóttir, Anna F. Gunnarsdóttir, Hildur Harðardóttir, Elín Viðarsdóttir og Hrafnhildur Björk Baldursdóttir.

## Valhöll fasteignasala

Valhöll fasteignasala var stofnuð í lok árs 1994 og hóf starfsemi í febrúar 1995. Aðsetur fyrirtækisins var fyrst í Mörkinni 3 í Reykjavík, en Valhöll flutti síðan 1998 í Síðumúla 27 í Reykjavík í sérhannaða skrifstofuhæð í kringum starfsemi fyrirtækisins og hefur verið þar síðan.

### Stofnendur

Stofnendur Valhallar voru þeir Ingólfur Geir Gissurarson löggiltur fasteignasali og Bárður Tryggvason. Þeir höfðu starfað saman í nokkur ár hjá Gimli fasteignasölu og Ingólfur þar áður hjá Huginn fasteignasölu (frá 1989). Árið 2016 varð Ingólfur einn eigandi Valhallar og hefur rekið hana síðan. Ingólfur hefur alla tíð lagt mikla áherslu á skipulögð vinnubrögð og topp árangur í leik og starfi. Hann tileinkaði sér það ungur að árum og skilaði það honum í fremstu röð í íþróttum sem og í starfi. Hann var margfaldur Íslandsmeistari og methafi í sundi, Landsliðsmaður og sundmaður ársins 1981, 5 faldur Íslandsmeistari í Marabonhlaupi auk þess sem hann hefur klifið hæstu fjöll 4 heimsálfa af 7, þar á meðal Mt. Everest 2013.

### Nýjungar

Í upphafi var megináhersla hjá Valhöll lögð á sölu íbúðarhúsnæðis og nýbygginga. Húmor og léttleiki var hafður að leiðarljósi í birtingu auglýsinga ásamt ýmsum nýjungum í framsetningu þeirra, s.s. málsháttur dagsins og aukin myndbirting af eignum. Þegar á leið varð hlutfall atvinnuhúsnæðis og sumarhúsa meira í heildarsölu Valhallar. Upp úr aldamótum var m.a. ráðin sér sölumaður fyrir atvinnuhúsnæði og Valhöll var á meðal stærstu söluaðila á nýbyggingum á höfuðborgarsvæðinu. Internetið hóf innreið sína í markaðssetningu á fasteignum og Valhöll hélt úti sér vef, [nybyggingar.is](http://nybyggingar.is), á tímabili og alveg fram að efnahagshruninu 2008. Sá vefur var í gangi ásamt aðalvef fasteignasölnar [valholl.is](http://valholl.is) og þar gat fólk séð á skýran hátt allar teikningar og upplýsingar um nýbyggingar í sölu og sem voru væntanlegar í sölu.

### Starfsfólk og útibú

Í upphafi voru starfsmenn Valhallar 3 en í dag starfa 12 manns hjá fyrirtækinu þar af eru 9 löggiltir fasteignasalar. Valhöll opnaði útibú á Snæfellsnesi 1999 með aðsetur í Ólafsvík og hefur starfrækt það allar götur síðan með góðum árangri. Árið 2017 bættist síðan við útibú í Höfn Hornafirði. Sölumenn Valhallar eru því í góðum tengslum við landsbyggðina enda stór hluti þeirra upprunin þaðan og hefur það ávalt verið styrkur fyrirtækisins. Frekari upplýsingar um fyrirtækið og starfsmenn má ávalt nálgast á vefsíðunni [valholl.is](http://valholl.is)

### Breytingar á starfsemi fasteignasala

Fasteignasala á Íslandi hefur tekið gífurlegum breytingum á líftíma Valhallar. Í upphafi (1995) voru eignir auglýstar í blaðaauglýsingum, gjarnan mældar í 1-2 dálkcentimetrum hver eign, og borðsíminn var aðal og helsta upplýsingaleiðin til viðskiptavina. Sérstakir símatímar voru





Ingólfur Gissurarson á toppi mt. Everest 8848 mtr.  
21. maí 2013.

um helgar og skrifstofan opin kl. 9-18 virka daga. Í dag er aðal kynningarleiðin á eignum á internetinu og blaða auglýsingar eru frekar fátíðar. Blaðaauglýsingar í dag eru helst til að kynna fyrirtækið og starfsmenn þess en ef eign er auglýst er það gert með mun stærri og áberandi auglýsingu heldur en gert var 1995, enda eru myndir og upplýsingar af fasteignum í dag aðgengilegar út um allan heim á internetinu. Í dag tekur atvinnuljósmyndari myndir af flestum eignum að innan sem utan (yfirleitt með dróna). Auk þess sem fasteingasalan hefur sjálf góðan myndavélabúnað og dróna til myndatöku á t.d. sumarhúsum, atvinnuhúsnæði og eignum sem eru utan svæða sem atvinnuljósmyndari sinnir að mestu.

#### Framúrskarandi fyrirtæki

Valhöll fasteignasala er framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt greiningu Creditinfo og hefur verið í flokki þeirra fyrirtækja sl. 7 ár, frá 2014. Um 2% fyrirtækja á Íslandi hafa verið árlega, hingað til, í þessum flokki sem sýnir einfaldlega að um frammúrskarandi rekstur er að ræða. Þá hefur Valhöll, frá 2017, einnig verið fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri samkvæmt greiningu Viðskiptablaðsins og Keldunnar.

#### Þjónusta í þróun

Þjónusta fasteignasala við viðskiptavinum er alltaf í stöðugri þróun. Persónuleg þjónusta við hvern og einn viðskiptavin hefur verið að aukast ár frá ári og verður sú þjónusta örugglega áfram um ókomin ár auk þess sem internetið er alltaf að verða stærri og stærri þáttur í starfsemi. Rafrænar undirskriftir og rafrænar þinglýsingar eru að verða staðreynd sem mun einfalda mikið allt þjónustuferli fasteignasölu.

Valhöll fasteignasala, starfsmenn og eigendur, hafa ávallt verið og munu um ókomin tíð vera í fremstu röð hvað varðar nútímaleg, fagleg og heiðarleg vinnubrögð. Verður það aðalsmerki fyrirtækisins hér eftir sem hingað til.



Síðumúli 27, aðsetur Valhallar.



## Þingholt fasteignasala

Fasteignasalan Þingholt hefur starfað á íslenskum fasteignamarkaði síðan árið 1976 og er ein af elstu og þekktustu fasteignasölum landsins. Fasteignasalan Þingholt þjónustar viðskiptavinum bæði innanlands og í útlöndum og hefur um margra ár skeið sérhæft sig í sölu fasteigna hér á landi og í Florida USA.

Um þessar mundir erum við í samstarfsviðræðum við erlendra aðila í Asíu og Suður-Ameríku og einnig erum að vinna í því að stækka okkar markaðshluta innanlands og á sama tíma að fá til sölu eignir frá Bretlandseyjum, Spáni og Portúgal.

### Eigendur og starfsfólk

Núverandi eigendur fyrirtækisins eru Harald M. Karlsson og Jón Óli Jónsson löggiltir fasteignasalar. Harald er meðlimur í félagi fasteignasala og er með próf í lögfræði frá háskólum í Plymouth og University College London.

Starfsfólk Þingholts býr yfir mikilli reynslu og sérþekkingu á sviði fasteignaviðskipta.

### Helstu viðskiptavinir

Meðal viðskiptavina fyrirtækisins má nefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, banka, sparisjóði, hið opinbera og sveitarfélög. Stærstu verkefni fyrirtækisins eru sala á íbúðar- og atvinnuhúsnæði og verðmöt á fasteignum. Fyrirtækið veitir alhliða þjónustu við kaup og sölu fasteigna og eru starfsmenn fyrirtækisins einnig ensku-, frönsku- og þýskumælandi.

### Aðsetur

Árið 2021 voru höfuðstöðvar Þingholts fluttar í núverndi húsnæðið okkar að Ármúla 36 í Reykjavík.

Fasteignaviðskipti byggja á trausti - það er okkar lykilorð.





Ómar Björn Stefánsson við störf.



Ragnheiður Inga Kristjánsdóttir og Ómar Björn Stefánsson, eigendur.

## Alþrif hreingerningarþjónusta

Eigendur fyrirtækisins Alþrif hreingerningarþjónusta ehf. eru hjónin Ómar Björn Stefánsson og Ragnheiður Inga Kristjánsdóttir. Fyrirtækið var stofnað af Ómari Birni Stefánssyni og Stefáni Birni Ólafssyni í ágúst 2005. Það var fyrst til húsa að Höfðavegi 30 en árið 2014 kaupir Alþrif núverandi húsnæði að Strandvegi 97.

### Starfsfólk

Til að byrja með var einungis einn starfsmaður og verkefni fá. Árið 2010 fer fyrirtækið að taka við sér og stækkar hratt. Fleiri og stærri verkefni koma inn og þar að leiðandi fleiri starfsmenn. Á árunum 2010-2012 störfuðu að jafnaði 16 manns hjá Alþrif en í dag eru starfsmenn 9 talsins. Ómar Björn er framkvæmdastjóri Alþrifa.

### Starfsemin

Alþrif sérhæfir sig alhliða hreingerningum á t.d skrifstofuhúsnæði, verslunum, leikskólum, fiskvinnsluhúsum, heimilisþrifum, steinteppahreinsun, bónviðhald, þrifi og bónun á bílum. Frá árinu 2015 hefur Alþrif verið með garðsláttarþjónustu yfir sumartímann. Alþrif verslar allar sínar vörur við innlenda birgja.

### COVID-19

COVID-19 hafði lítil áhrif á okkar fyrirtæki annað en aukin umsvif í sóttgreinsun hjá fyrirtækjum, um borð í skipum og heimahúsum.

### Samfélagsmál

Frá stofnun hefur Alþrif styrkt Björgunarfélag Vestmannaeyja. ÍBV og fleirri góð málefni innanbæjar og á landsbyggðinni.





María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins.



Fasteign Ölmú að Hverfisgötu 61.

## Alma

Alma er eitt af stærstu fasteignafélögum landins og hefur frá stofnun verið leiðandi í uppbyggingu á heilbrigðum og skilvirkum leigumarkaði á Íslandi. Meginstarfsemi félagsins er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga, en félagið rekur einnig skammtímaleigustarfsemi í gegnum dótturfélag sitt, Ylmu. Jafnframt býður félagið stærri fjárfestum á íbúðamarkaði allhliða þjónustu við umsýsningu og rekstur leiguíbúða.

### Sagan

Félagið Alma var stofnað í nóvember 2014 undir nafninu Almenna leigufélagið. Upphaflega fólst starfsemi félagsins helst í leigumiðlun, leigu- og eignauskýslu fyrir fasteignasjóði í rekstri fjármálafyrirtækisins GAMMA en á árinu 2016 hóf félagið að fjárfesta í fasteignum og fasteignafélögum og stækkaði hratt í kjölfarið.

Á haustmánuðum 2017 flutti félagið skrifstofur sínar að Suðurlandsbraut 30 í Reykjavík, en félagið hafði frá stofnun haft aðsetur í Garðastræti 37. Í mars 2019 kynnti félagið nýtt vörumerki undir nafninu Alma.

### Starfsemin

Alma leggur mikla áherslu á að viðskiptavinir félagsins njóti húsnæðisöryggis, góðrar þjónustu og sveigjanleika. Félagið vill vera fyrsti kostur fyrir fjölskyldufólk og einstaklinga sem leitast eftir því að leigja til lengri tíma, og vera til fyrirmyndar þegar kemur að því að ástunda fagleg vinnubrögð. Meðal þess sem stendur viðskiptavinum Ölmú til boða eru leigusamningar sem tryggja húsnæðisöryggi og fast leiguverð til allt að sjö ára og greitt aðgengi að stóru og öflugum teymi starfsfólks og iðnaðarmanna sem sinna þjónustu við viðskiptavini og viðhaldi íbúða. Alma býður einnig viðskiptavinum sínum að flytja sig milli íbúða, til dæmis ef fjölskylduaðstæður þeirra breytast og þeir vilja stækka eða minnka við sig. Þökk sé góðu samstarfi við Securitas getur Alma tryggt aðgang að þjónustu allan sólarhringinn og geta viðskiptavinir því haft samband hvenær sem er, ef eitthvað kemur upp á sem krefst tafarlausa aðgerða.

Eignasafn Ölmú samanstendur í dag af um 1.000 íbúðum. Stærstan hluta eignanna er að finna á höfuðborgarsvæðinu en félagið á einnig fasteignir í stærri þéttbýlisstöðum á suðvesturhorninu og annars staðar á landinu. Uppistaðan í eignasafninu eru hagkvæmar íbúðir í fjölbýlishúsum. Félagið vinnur stöðugt að því að bæta eignasafn sitt með því að selja eignir sem henta síður til útleigu og bæta ákjósanlegum eignum við.

Til viðbótar við að bjóða uppá langtímaleigu starfrækir Alma jafnframt skammtímaleigu, þ.e. útleigu til styttri tíma en eins mánaðar í senn, einkum til ferðamanna. Ylma, dótturfélag Ölmú, sér alfarið um rekstur skammtímaleigunnar. Um er að ræða u.þ.b. 70 hótélíbúðir sem allar eru staðsettar í miðborg Reykjavíkur.





Á skrifstofum félagsins að Suðurlandsbraut 30.

### Mannauður

Starfsemi félagsins skiptist í tvö meginvið: fjármálasvið og þjónustusvið. Meðal verkefna þjónustusviðs er útleiga íbúða og þjónusta við viðskiptavinum félagsins. Innan þjónustusviðs starfar jafnframt sérhæft teymi sem sér um viðhald og umsjón fasteigna félagsins og fylgist með ástandi eignasafnsins. María Björk Einarsdóttir er framkvæmdastjóri Ölmur og hefur gegnt því starfi frá því árið 2014. Fjármálastjóri félagsins er Sigurður Rúnar Pálsson, en hann hóf störf á árinu 2017.

Á síðustu þremur árum hefur starfsmönnum Ölmur fjölgað hratt. Þar starfa nú sextán starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum, en til samanburðar voru starfsmenn í byrjun árs 2017 aðeins sex. Þessi aukning kemur bæði til vegna örs vaxtar síðustu ár og verkefna sem var áður útvistað en félagið sinnir sjálft í dag. Öflugur mannaúður styður við markmið félagsins um góðan og heilbrigðan rekstur og hátt þjónustustig gagnvart viðskiptavinum. Áhersla er lögð á að skapa gott starfsumhverfi með því að bjóða upp á sveigjanleika og tækifæri til að þróast í starfi. Hjá félaginu starfar vel menntað starfsfólk með fjölbreytta reynslu sem nýtist í starfi.

### Samfélagsleg ábyrgð

Alma hefur frá upphafi viljað stuðla að því að gera leigumarkaðinn á Íslandi faglegri, fjölskylduvænni og traustari. Í því skyni hefur félagið m.a. lagt áherslu á að stuðla að betri vitund meðal almennings um réttindi leigjenda og inntak þeirra laga og reglna sem gilda um leigu íbúðarhúsnæðis.

Frá árinu 2017 hefu Alma, í samstarfi við Orator, félag laganema við Háskóla Íslands, haldið úti Leigjendalínunni. Leigjendalínan er endurgjaldslaus lögfræðiráðgjöf í síma fyrir alla leigjendur á Íslandi. Þar svara laganemar spurningum er varða réttindi og skyldur leigjenda undir handleiðslu lögfræðings. Viðtökur verkefnisins hafa verið mjög góðar og augljóst að mikil þörf var fyrir slíka þjónustu.

Það er von Ölmur að með því að stuðla að fræðslu meðal leigjenda og leigusala verði leigumarkaðurinn faglegri og traustari. Þá býður Alma viðskiptavinum sínum upp á öruggt leiguhúsnæði, hátt þjónustustig og sveigjanleika og leggur mikið upp úr því að vera til fyrirmyndar þegar kemur að faglegum vinnubrögðum.

### Framtíðarsýn

Á vormánuðum 2019 kynnti Alma nýja tegund leigusamninga, sem ekki höfðu áður þekkt á leigumarkaði hérlendis. Um er að ræða samninga sem tryggja langtímaleiguöryggi til allt að sjö ára með föstu leiguverði sem aðeins er tengt við vísitölu neysluverðs. Það er trú félagsins að þar hafi verið tekið stórt skref í átt að því að gera hinn almenna leigumarkað að raunhæfum langtímavalkosti að norrænni fyrirmynd, með stóru auknu húsnæðisöryggi og verðstöðugleika leigjendum til hagsbóta.



## AP Þrif

AP-Þrif ehf. er hreingerningafyrirtæki sem formlega tók til starfa í júlí 2006. Fyrir þann tíma hafði fyrirtækið starfað um nokkurra ára skeið á nafni Arnars Þorsteinssonar sem er stofnandi og eigandi fyrirtækisins ásamt Hrund Sigurðardóttur og Bjarka Þorsteinssyni.

### Starfsemin

Fyrirtækið býður upp á alhliða hreingerningaþjónustu og má þar helst nefna iðnaðarþrif fyrir byggingaverktaka, daglegar ræstingar fyrir fyrirtæki og gluggaþvottur og gólfþrif fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Einnig hefur fyrirtækið tekið að sér fjölda verkefna í mygluþrifum og öðrum sérverkefnum.

### Mannauður

Hjá AP-þrifum starfa að jafnaði um 120-150 manns. Fyrirtækið hefur fest sig í sessi sem eitt öflugasta hreingerningafyrirtæki landsins og er í dag þriðja stærsta fyrirtæki á landinu í þessum geira. Að baki fyrirtækisins stendur þéttur hópur fólks sem hefur byggt fyrirtækið upp og gert það að því sem það er í dag.


### Viðurkenningar og vottun

AP-Þrif er svansvottað en Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og þess má einnig geta að það hefur hlotið viðurkenninguna Framúrskarandi fyrirtæki fjögur ár í röð eða frá 2017-2020. Í janúar árið 2020 hlaut AP-Þrif Insta 800 vottun. En Insta 800 staðallinn er gæðamiðað kerfi við ræstingar. Með þessu kerfi eru gæði ræstingarinnar gerðar mælanlegar þannig að allir aðilar hafi sameiginlegan skilning á þeim gæðum sem beðið er um.





Afhending verðlauna - Framúrskarandi fyrirtæki  
Hrund Sigurðardóttir, verkefnastjóri,  
Amar Þorsteinsson framkvæmdastjóri og  
Bjarki Þorsteinsson, sviðsstjóri þjónustusviðs. Þau eru  
jafnframt eigendur fyrirtækisins.





## BG Þjónustan



Benedikt Hjálmarsson, framkvæmdastjóri.

BG Þjónustan ehf. var stofnuð 1995 af Benedikt Hjálmarssyni þá aðeins 18 ára gömlum. Í upphafi var þjónustan bundin við einn starfsmann og tækjabúnaður fyrirtækisins samanstóð af einni teppahreinsivél og ryksugu. Fyrirtækið stækkaði hratt næstu misseri og ár og fljótlega skiptu starfsmennirnir tugum og tækjabúnaður varð stærri og sérhæfðari. Allt frá stofnun BG hefur verið lögð áhersla á að laða til starfa gott og vel þjálfað starfsfólk og hefur starfsmannavelta BG ætíð verið lítil. Með vel þjálfuðu starfsfólki þar sem trúnaður er virtur og hátt þjónustustig er órjúfanlegur hluti af fyrirtækjameningunni hefur BG tekist að halda sömu viðskiptavinum í áratugi. Skrifstofur og lagerhúsnæði fyrirtækisins eru í Suðurhrauni í Garðabæ. Benedikt er enn þann dag í dag starfandi framkvæmdastjóri og eigandi fyrirtækisins.

### Reglulegar ræstingar

BG hefur frá upphafi lagt áherslu á reglulega ræstingabjónustu á tveimur sviðum. Annars vegar gagnvart húsfélögum þar sem boðið er upp á ræstingu sameignarrýma en hins vegar gagnvart fyrirtækjum þar sem ræstinga- og þrífabjónustan er sniðin að þörfum hvers og eins fyrirtækis.

### Sérhreingningar

Hjá BG hefur verið lögð rík áhersla á að sækja fagþekkingu um þríf og ræstingar út fyrir landssteinana. Sérhreingningadeild BG hefur í dag á að skipa einum fullkomnasta tækjabúnaði landsins sem hefur getað leyst nánast öll verkefni sem til hennar hefur verið vísað. Þannig hefur sérhreingningadeild BG leyst hratt og örugglega: þríf eftir bruna, iðnaðarhreingningar, ræstingu skipa og flugvéla, hreinsun eftir myglusvepp og önnur flóknari verkefni. Sérhreingningadeild BG býr meðal annars yfir þurrísbúnaði sem hentar einkar vel á staði sem ekki þola vatn.

### Framtíðin

BG mun halda áfram að leggja mikla áherslu á umhverfismál enda eru þau eitt stærsta og flóknasta úrlausnarefni mannkyns á 21. öldinni. Öll fyrirtæki þurfa að leggja sitt af mörkum í þeirri baráttu eins og þau frekast geta. Stefnit er að því að draga verulega úr kolefnislosun frá starfsemi BG og notuð verða hreinsiefni sem eru skaðlaus umhverfinu og allra leiða leitað til að draga úr áhrifum frá starfsemi. Í dag eru starfsmenn BG alls um 60 og er fyrirtækið eitt af leiðandi hreingningar- og ræstingarfyrirtækjum landsins og heldur á hverjum degi hreinum tugum þúsunda fermetra hreinum vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið.







Ásbrúarsvæðið í Reykjanesbæ. Þar reka Heimavöllir um 750 leiguíbúðir. / Mynd frá Heimavöllum.

## Heimavöllir



Arnar Gauti Reynisson tók við sem framkvæmdastjóri Heimavalla 1. apríl 2019. / Mynd frá Viðskiptablaðinu.

Heimavöllir hf. var stofnað árið 2014 þegar þrjú lítil leigufélög voru sameinuð undir hatti Heimavalla. Stofnandi félagsins var Sturla Sighvatsson sem hafði að leiðarljósi skipulag og starfsemi Norrænna leigufélaga sem búa við mun þroskaðri íbúðaleigumarkað en hafði áður þekkt á Íslandi. Hópur öflugra fjárfesta stóð á bak við félagið sem að tryggði félaginu fjármagn og brautargengi til frekari framkvæmda. Í fyrstu stjórn félagsins sátu Magnús Magnússon, Magnús Pálmi Örnólfsson, Halldór Kristjánsson og Þórður Már Jóhannesson. Framkvæmdastjóri félagsins fyrstu tvö árin var Sturla Sighvatsson.

Á tímabilinu 2015 til 2017 keyptu Heimavöllir um 20 starfandi leigufélög og til viðbótar um 500 íbúðir í nýbyggingarverkefnum. Vorið 2016 tók Guðbrandur Sigurðsson við sem framkvæmdastjóri félagsins og fékk það hlutverk að undirbúa félagið fyrir skráningu í Kauphöll Íslands. Í byrjun árs 2018 áttu Heimavöllir 2300 íbúðir í 20 dótturfélögum og var auk þess búið að festa sér lóð á svokölluðum Veðurstofureit fyrir 100 hagkvæmar leiguíbúðir. Þann 24. maí 2018 var svo félagið tekið til skráningar aðalmarkaði NASDAQ á Íslandi.

### Tíminn í Kauphöllinni

Þriggja ára undirbúningsferli að skráningu í Kauphöllina lauk í maí 2018. Ferlið fólst í því að byggja upp félagið og innviði þess þannig að það væri tilbúið til skráningar og að gæti staðið undir þeim miklu kröfum sem gerð eru til skráðra félaga. Á þessu þriggja ára tímabili byggði félagið upp jákvæða rekstrarsögu á sama tíma og félagið var fjármagnað til að geta staðið fyrir uppbyggingu á rúmlega 500 nýjum íbúðum ásamt því að koma þeim í leigu. Samhliða þessu voru innviðir félagsins byggðir upp þar sem áhersla var sett á að nýta nýjustu tækni og innleiða góða stjórnarhætti hjá félaginu. Upphafsgengi bréfa félagsins við skráningu í kauphöll var 1,39 en en því miður brugðust vonir og gengi bréfanna lækkaði nokkuð eftir skráningu og fór um tíma undir gengið 1,00. Miðað við eigið fé félagsins á þessum tíma var nafnvirði bréfanna 1,70. Ofangreindar aðstæður á fjármálamörkuðum, andstaða sumra innan verkalýðshreyfingarinnar, stefnubreyting Íbúðalánasjóðs og fleira varð til þess að hópur af hluthöfum félagsins taldi að það væri best fyrir alla hlutaðeigandi að afskrá félagið og selja eignasafnið á frjálsum markaði. Þessi hluthafahópur fór því af stað með valfrjálst yfirtökutilboð með það að markmiði að afskrá hlutabréf félagsins úr Kauphöllinni. Kauphöllin samþykkti hins vegar ekki beiðni þessa hóps um afskráningu þrátt fyrir að það lægi fyrir samþykki rúmlega 80% hluthafa. Þegar sú niðurstaða lá fyrir að félagið yrði áfram skráð félag ákvað stjórn félagsins að selja eignir, skila lóðinni við Veðurstofuna og hrinda af stað endurkaupaáætlun á hlutabréfum félagsins fyrir þann pening sem yrði losað um með eignasölum. Guðbrandur Sigurðsson sagði starfi sínu lausu í apríl 2019 og var Arnar Gauti Reynisson ráðinn framkvæmdastjóri félagsins og hefur gegnt því starfi síðan. Arnar Gauti gegndi áður starfi fjármálastjóra hjá Heimavöllum.





Tangabryggjuhverfið í Reykjavík. Heimavellir eiga 135 íbúðir í 6 fjölbýlishúsum. Félagið keypti íbúðirnar í byggingu árið 2015 og fékk þær afhentar 2017. / Mynd frá Heimavöllum.

### Starfsemin

Heimavellir hafa frá árinu 2016 rekið skrifstofu að Lág múla 6 í Reykjavík. Á skrifstofunni starfa 9 manns sem sinna útleigu íbúðanna, bókhaldi og samskiptum við leigjendur. Til viðbótar starfa hjá félaginu 8 starfsmenn sem sinna viðhaldi og umhirðu með íbúðum félagsins. Tæpur helmingur íbúðanna er á Ásbrú í Reykjanesbæ og hafa tveir starfsmenn aðsetur þar og einn er á Akureyri. Allar íbúðir eru auglýstar á heimasíðu félagsins og sækja áhugasamir leigjendur þar um íbúðir sem þeim líst vel á. Í boði er að leigja íbúðir tímabundið, þó að lágmarki til eins árs eða ótímabundið og er þá gagnkvæmur uppsagnarfrestur að lágmarki 6 mánuðir. Allar íbúðir eru afhentar í mjög góðu ástandi og nýmálaðar til leigjenda og þegar leigjandi flytur inn er framkvæmd skoðun á íbúðinni sem er síðan höfð til hliðsjónar þegar leigjandi flytur út. Heimavellir leggja áherslu á örugga leigu sem felst í því að leigusambandið er álitnið til langs tíma og að leigjendur geti búið sér til öruggt heimili í því húsnæði sem Heimavellir bjóða uppá. Ef aðstæður fólks breytast, til dæmis það þarf að minnka við sig eða stækka, þá ganga núverandi leigjendur fyrir þegar kemur að úthlutun annarra íbúða.

### Framtíðaráform

Í byrjun árs 2020 keypti félagið Fredensborg Ice ehf. í eigu norska fjárfestisins Ivar Tollefsen um 10% hlut í Heimavöllum hf. Vorið 2020 gerði félagið svo yfirtökutilboð til annarra hluthafa sem að lauk með innlausnarferli í september 2020. Stuttu seinna var hlutfé Heimavalla tekið úr viðskiptum hjá Íslensku Kauphöllinni. Ivar á einnig félagið Heimstaden ásamt öðrum sænskum stofnanafjárfestum. Heimstaden er norrænt leigufélag sem rekur og leigir út rúmlega 100.000 íbúðir í 6 löndum. Eftir að Fredensborg Ice ehf. keypti allt hlutféð í félaginu hafa Heimavellir unnið statt og stöðugt að því að aðlaga sig að því norræna rekstrarlíkani sem Heimstaden vinnur eftir. Í því felst rík áhersla á ánægju viðskiptavina, ýmsum sjálfbærnimarkmiðum, aukinni umhverfissvitund ásamt öðrum þáttum. Með nýju eignarhaldi á Heimavöllum hf. er fyrirséð að félagið verður framvegis rekið sem leigufélag, búið er að fella söluáætlun félagsins á íbúðum úr eignasafninu úr gildi, endurkaupaáætlun félagsins á ekki lengur við og þeir fjármunir sem verða til í rekstri félagsins verða nýttir til að bæta hag þess. Mikil umbótavinna hefur staðið yfir hjá félaginu frá því í september 2020 bæði hvað varðar innleiðingu nýrra verkferla og kerfa, ráðningu á fleira starfsfólki og endurfjármögnun á langtímaskuldum til að aðlaga Heimavelli að Heimstaden samstæðunni. Framtíðarsýn félagsins er að stækka eignasafnið á næstu árum ásamt því að byggja upp nýjar stoðdeildir innan fyrirtækisins til að hækka þjónustustigið, endurskipuleggja fjármögnun félagsins og breyta nafni félagsins í Heimstaden Ísland. Aukin áhersla verður á ánægju viðskiptavina og að í rekstri félagsins sé lögð áherslu á málefni UFS (umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir) en Heimstaden er með skýr markmið í þeim efnum. Heimavellir bjóða nú þegar upp á afburðarþjónustu, hagkvæma leigu og húsnæðisöryggi.



Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri Heimavalla og Páll Harðarson forstjóri Kauphallarinnar 24. maí 2018 þegar félagið var skráð. / Mynd frá Fréttablaðinu.



## Securitas

Öryggisfyrirtækið Securitas, sem hefur verið leiðandi á markaði öryggisfyrirtækja í meira en 40 ár, sérhæfir sig í stafrænum og nútímalegum heildarlausnum öflugra og tæknilegra öryggiskerfa sem henta ýmist heimilum eða fyrirtækjum. Á þessum 40 árum hefur tæknin breyst mikið og Securitas hefur fylgst vel með þeirri þróun hér heima sem og erlendis. Erlendir birgjar eru vandlega valdir og leitast er við að tengjast vottuðum stórum birgjum. Lausnir Securitas innihalda bæði innbrotis- og brunaviðvaranir ásamt tengdum búnaði. Öryggiskerfin eru beintengd við stjórnstöð Securitas sem opin er allan sólarhringinn og er séð til þess að ávallt sé brugðist skjótt við öllum neyðarboðum. Hjá Securitas starfar mikill fjöldi sérþjálfaðra öryggisvarða sem eru sífellt til taks, allan sólarhringinn, ýmist í staðbundinni gæslu eða farandgæslu. Uppsetning öryggisbúnaðar er í höndum tæknisviðs fyrirtækisins en þar er boðið upp á alls kyns möguleika og lausnir sem eru sérsniðnar að þeim þörfum sem eru fyrir hendi hjá hverjum viðskiptavini fyrir sig. Þannig að lausnin getur verið sambland af tækni og vinnuframlagi. Samfara allri þessari þjónustu er leitast við að byggja upp öflugt forvarnarstarf með öryggisjónarmið að leiðarljósi og samfélagslega ábyrgð.

### Upphafid og framgangurinn

Í upphafi þótti öryggisþjónusta af þessum toga mikil nýlunda og því tók nokkur ár að byggja upp traust viðskiptavina gagnvart þjónustu sem þessari. Það tókst og greinilegt var að þörfin var til staðar því síðan þá hefur Securitas vaxið, dafnað og þróast í það sem það er í dag. Securitas er með höfuðstöðvar í Skeifunni 8 í Reykjavík en þar að auki með starfsstöðvar á fimm stöðum utan höfuðborgarsvæðisins, en þær er að finna á Akureyri, á Akranesi, í Reykjanesbæ, á Eskifirði og á Selfossi. Starfsmannafjöldinn telur í dag um 500 manns og þjónusta þeir um 15.000 viðskiptavini víðsvegar um landið. Starfsemi fyrirtækisins hefur stækkað og þróast í gegnum árin. Í dag skiptist fyrirtækið upp í sölu og þjónustusvið, tæknisvið, gæslusvið, stafræna þróun, mannauðssvið og fjármálasvið. Í starfsmannahópnum erum við með flesta í öryggisgæslu en einnig er mjög stór hópur tæknimanna sem starfa hjá Securitas, auk þessa starfa margir sérfræðingar, vörustjórar, viðskiptastjórar og verkefnastjórar hjá fyrirtækinu.

### Öryggisgæsla

Allir þeir sem ráðast til starfa sem öryggisverðir undirgangast bakgrunnsskoðun og ítarlega starfsþjálfun þar sem t.d. er farið í gegnum uppbyggingu á innviðum fyrirtækisins, gildum og menningu, grundvallaratriði skyndihjálpar, meðferð slökkvibúnaðar, uppbyggingu stjórnsýslukerfisins, s.s. vinnubrögð lögreglu og slökkviliðs, hvernig stjórnstöð og útköll ýmis konar ganga fyrir sig, ýmis lög og reglur, fræðsla um ógnandi hegðun svo eitthvað sé nefnt. Öryggisverðir sinna ýmist farandgæslu, staðbundinni gæslu eða fargæslu í stjórnstöð. Að auki taka þeir að sér afmörkuð sérverkefni eins og verðmætaflutninga fyrir fjármálastofnanir, hliðvörslu fyrir stórfyrirtæki, rýmunareftirlit í verslunum, húsvörslu í fjölbýlishúsum, svörun





við boðum frá öryggishöppum fólks og eftirlits og frágangsfærðir. Einnig er hægt að kaupa þjónustu á borð við Öryggisstjóra að láni og Eldvarnarfulltrúa sem sinnir eldvarnareftirliti fyrir fyrirtæki.

**Staðbundin öryggisgæsla** þýðir að öryggisvörður sinnir einum ákveðnum viðskiptavini með stöðugri viðveru á sama svæði. Nærtækt dæmi eru yfirsetur hjá Landsspítalanum ásamt yfirsetum tengdum heimsfaraldrinum. **Farandgæsla** snýst um eftirlit með stærri athafnasvæðum, s.s. hverfum þar sem örðugra reynist að koma fyrir öryggisútbúnaði og/eða þjónustan er sambland af tækni og vinnuframlagi. Öryggisvörðum er úthlutað ákveðnum fjölda eftirlitsferða í ákveðin fyrirtæki en þar er sérstaklega gengið úr skugga um hvort öll öryggiskerfi eða tækjabúnaður sýni af sér eðilega virkni auk þess sem allar óæskilegar mannaferðir eru kannaðar. Þessi þjónusta þykir henta sérstaklega vel ef vakta þarf tímabundið ákveðin svæði eins og byggingasvæði, bílastæði eða íþróttavelli. **Fjargæsla** fer fram í stjórnstöð Securitas í Skeifunni 8. Þetta er í raun þungamiðja starfseminnar þangað sem öll möguleg neyðarboð berast og öll fjarskipti við öryggisverði fara fram. Stjórnstöðin geymir umfangsmikinn og fullkominn fjargæslubúnað fyrir þúsundir íslenskra heimila og fyrirtækja. Þar eru eignir viðskiptavina sívaktaðar allan sólarhringinn, hvort heldur er að næturlagi, á vinnutíma eða á meðan skroppið er í frí. Ef búnaðurinn greinir óæskilegan umgang, reykmyndun eða vatnsleka eru neyðarboð send til stjórnstöðvar sem síðan kallar þá til viðeigandi aðstoð öryggisvarða ef þurfa þykir. Einnig eru allir öryggishnappar beintengdir stjórnstöðinni. Hnappþegar treysta á snögg viðbrögð öryggisvarða sem geta farið inn á heimili og aðstoðað þegar þess er óskað. Þeir öryggisverðir sem sinna þessum útköllum eru með góða þjálfun í skyndihjálpi auk viðbótar þjálfunar í skyndihjálpi með EMT staðli (Emergency Medical Technician) sem er sama grunnnámið og sjúkraflutningamenn taka hér á landi.

### Tæknisvið

Á tæknisviði vinna um 100 manns á degi hverjum. Hefðbundið þjónustuferli hefst gjarnan hjá vörustjórum eða viðskiptastjórum á þarfagreiningu og úttekt á þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi hjá viðkomandi viðskiptavini. Að því loknu er uppsetningin sérsniðin í réttu samræmi við umfangið á hverjum stað fyrir sig. Þegar kemur að búnaði, bjóðast ýmsir valkostir sem henta bæði heimilum og fyrirtækjum en hinn sameiginlegi tilgangur snýst um að koma í veg fyrir hvers kyns tjón af völdum innbrota, bruna, óvænts vatnsleka eða öðru slíku. Þannig hefur Securitas fyrirliggjandi háþrúð og nákvæm viðvörðunarkerfi sem innihalda t.d. fjölbætta gerðir skynjara, segullokkanir og sírenur, ásamt meðfylgjandi handslökkvibúnaði. Kerfin búa að breytilegri virkni og eru í raun sérhönnuð til bregðast við mismunandi hættum sem geta steðjað að hverju sinni. Eins og að líkum lætur er öryggisvörn fyrirtækja jafnan mun margbrotnari og umfangsmeiri heldur en þegar hefðbundin heimili eiga í hlut. Víðfem og opin athafnasvæði eru ósjaldan yfirgefin að kvöld- og næturlagi og standa því gjarnan berskjölduð gagnvart þjófnum, eldsvoðum eða annari mögulegri hættu. Á undanförunum árum hefur komið á markaðinn sífellt fullkomnari öryggisbúnaður til handa fyrirtækjum og stofnunum en Securitas hefur tekið rækilegan þátt í þessari þróun. Nærtækustu dæmin eru háþrúð aðgangsstýri- og hússtjórnarkerfi við innganga atvinnuhúsnæða og fjölbýlishúsa, myndavéla- og þjófavarnarkerfi fyrir verslanir og stærri fyrirtæki ásamt öflugum úðakerfum sem henta fyrir hvers kyns aðstæður. Securitas er fyrst og fremst tækni- og þjónustufyrirtæki og því hefur mikið verið horft til ýmissa stafrænna lausna sem skila sér beint til viðskipavina í bættu vöruframboði og þjónustu. Securitas horfir á heildarlausnir fyrir fyrirtæki og því er mikil áhersla lögð á samkeppnishæft starfsfólk sem veitir góða þjónustu til að aðstoða núverandi og væntanlega viðskiptavini í heildarlausnum ásamt góðu vöruframboði. Nýlega opnaði fyrirtækið nýja heimasíðu og vefverslun sem auðveldar allt aðgengi að vöru og þjónustuframboði og mikið hefur verið lagt í innviðabreytingar svo sem bætt þjónustuver og CRM kerfi til að þjónusta viðskiptavininn sem best.

Allar nánari upplýsingar má nálgast inn á vefsíðunni: [www.securitas.is](http://www.securitas.is)



## Valur Helgason

Valur Helgason ehf. sérhæfir sig í viðhaldi frárennislagna. Helstu verkefni fyrirtækisins eru stíflulosun, myndun skólþ- og drenlagna, hreinsun skólþ- og drenlagna ásamt losun á rotþrómg og fitu-, sand- og olúgildrum. Fyrirtækið hefur mikla reynslu og sérþekkingu á flestum þeim þáttum er viðkoma frárennislögnum fyrirtækja, stofnana og heimila. Mikil áhersla er lögð á umhverfisvernd og kappkostað við að aðstoða fyrirtæki að fara eftir ströngustu umhverfisstöðlum.

### Sagan

Valur Helgason stofnaði fyrirtækið árið 1968. Í upphafi var tækjakostur af skornum skammti. Til dæmis voru öll verkfæri og tæki á pallinum á vörubíl fyrirtækisins sem þýddi að á veturna þurfti að byrja á að moka snjóinn af tækjum og tólum. Seinna meir keypti fyrirtækið tvo sendibíla sem var algjör bylting. Þegar fram liðu stundir bættist dælubíll í flota fyrirtækisins. Að jafnaði voru þrír starfsmenn hjá fyrirtækinu.

Annar af núverandi eigendum fyrirtækisins, Ragnar Kummer, byrjaði að vinna hjá fyrirtækinu árið 1997 og keypti fyrirtækið 2002. Í dag vinna sjö manns hjá fyrirtækinu og bílaflotinn telur tvo dælubíla og þrjá sendibíla ásamt allskyns tækjum og tólum. Tækniþróun á myndavélum og tækjum tengdum viðhaldi lagna hefur fylgt annari tækniþróun og fleygt fram. Valur Helgason leggur metnað í að vera með nýjustu tækni til þess að geta þjónustað viðskiptavini sína fljótt og vel.

### Mannauður

Mikilvægasta eign fyrirtækisins er mannaúðurinn. Hjá Vali Helgsyni er samanlögð starfsreynsla í stíflulosun hjá fimm starfsmönnum 50 ár. Tveir starfsmenn vinna á skrifstofu fyrirtækisins. Starfsmenn eru eftirfandi: Ragnar Kummer, eigandi og framkvæmdastjóri, Þóra Björk Sigurþórdóttir, eigandi og fjármálastjóri, Rósar Örn Guðnason, pípulagningamaður, Andri Már Reynisson, tækjamaður, Símon Pétur Kummer, tækjamaður, Sigurþór Ragnarsson, bifvélavirki og Sonja Björk Ragnarsdóttir, markaðsstjóri.

### Aðsetur

Valur Helgason ehf. er til húsa að Bæjarflöt 15, Gylfaflötsmegin. Öll starfsemi fyrirtækisins er starfrækt þaðan.









Frá innréttingu á gjörgæsludeild Landspítalans árið 1996.



Þinghólsskóli í Kópavogi sem Gosi Trésmiðja klæddi árið 1997.

## Gosi Trésmiðja



Guðmundur Adolffson við veitingu viðurkenningar frá Creditinfo fyrir Framúrskarandi fyrirtæki árið 2018.

Gosi Trésmiðja ehf. var stofnuð af Guðmundi Adolffssyni sem hóf nám í húsmiðni árið 1974. Sama ár stofnaði Guðmundur Trésmiðjuna Eik í Vestmannaeyjum. Árið 1978 útskrifaðist Guðmundur með burtfarapróf og sveinspróf frá lönskólanum í Vestmannaeyjum, auk þess sem hann lauk fyrsta stigi í Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum. Árið 1980 lauk Guðmundur öðru stigi skipstjórnarréttinda frá Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum og meistaraáttindum í húsmiðni árið 1988. Árið 1994 lauk Guðmundur síðan meistaraþrófi í húsmiðni frá lönskólanum í Hafnarfirði. Eftir goslok tók Guðmundur virkan þátt í uppbyggingunni í Vestmannaeyjum með því að vinna að uppsteypu auk þess að sjá um innréttingar og almennt viðhald á húsum. Sú þekking og reynsla sem skapaðist við þessa uppbyggingu lagði grunninn að þeim smíðastörfum sem Guðmundur tók að sér eftir að hann sagði skilið við sjómennskuna árið 1983.

### Starfsemin

Árið 1983 tók Guðmundur til starfa við húsmiðni á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn var fyrst um sinn undir hans eigin nafni þar sem áhersla var lögð á utanhússklæðningar á einbýlishúsum, raðhúsum, fjölbýlishúsum og skólum. Samhliða utanhússklæðningunum var unnið að almennu viðhaldi húsnæðis og nam starfsmannafjöldi á þessum tíma allt frá þremur til átta starfsmönnum. Fyrirtækið tók að sér fjölbreytt verkefni, svo sem að sjá um allt viðhald á Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Fjölbautaskólanum í Breiðholti, Menntaskólanum í Kópavogi, Hafnarfjarðarkirkju, fyrir Skógræktarfélag Reykjavíkur, fyrir Hafnarsamtökin í Hafnarfirði auk þess sem fyrirtækið sinnti öllu viðhaldi fyrir Sunnuhlíðarsamtökin í Kópavogi í 15 ár. Í áráraðir sá fyrirtækið jafnframt um viðhald og nýbyggingar fyrir Radíómiðun og eigendur þess. Árið 1992 voru fest kaup á iðnaðarhúsnæði og sett á fót trésmiðaverkstæði. Samhliða því var nafni fyrirtækisins breytt í Gosi Trésmiðja. Ýmis stór verkefni voru unnin á þessum árum og má þar helst nefna innréttingu á sviði og hljóðspeglum í Háskólabíó fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem og heildar innréttingu á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut árið 1996. Sama ár var hafin starfsemi við útleigu fasteigna, en sú starfsemi átti eftir að verða ráðandi þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Árið 1998 fór Gosi Trésmiðja inn á nýbyggingamarkaðinn og hófst handa við uppsteypu og innréttingar á nýbyggingum. Á sama tíma var starfsemin flutt undir eigin kennitölu og hefur sú kennitala verið notuð óslitið síðan í starfseminni. Það má segja að starfsemin í kringum Guðmund hafi verið farsæl og stórslysalaus allt frá stofnun Trésmiðjunnar Eik árið 1974 fram til dagsins í dag.

### Framtíðin

Með mikilli útsjónarsemi og varfærni hefur tekist að byggja upp sterkt fyrirtæki með glæsilega sögu. Gosi Trésmiðja fékk nafnbótina Framúrskarandi fyrirtæki af Creditinfo árið 2018 en einungis 2% fyrirtækja landsins hljóta þessa nafnbót. Gosi Trésmiðja hélt þessari nafnbót árið 2019 og stefnir á að halda henni á næstu árum.





Jón Hermannsson og Birna S. Björgvinsdóttir.



Öryggiskerfi í sundlaug.

## Vörn

Vörn öryggiskerfi var stofnað árið 2008 af Jóni Hermannssyni og Birnu S. Björgvinsdóttur. Fyrst um sinn var umfang fyrirtækisins afar lítið, frá einu myndavélakerfi, síðan tvö og nú í dag erum við með á annað þúsund fyrirtækja í þjónustu, stór og lítil út um allt land.

### Starfsemin

Vörn hefur sérhæft sig í hágæða myndavéla- og öryggisbúnaði fyrir verslanir, heimili og stærri sem smærri fyrirtæki, það er ekkert fyrirtæki eða heimili of lítið eða of stórt því að Vörn öryggiskerfi sér um að leggja frá einni myndavél uppí mörg hundruð vélar. Við leggjum mikla áherslu á góða þjónustu, fyrsta flokks vöru og vandvirkni í öllum þeim verkefnum sem við höfum framkvæmt.

### Staðan

Í dag er fyrirtækið með sterka stöðu á markaðinum, með litla yfirbyggingu og persónulega og sveigjanlega þjónustu.

### Aðsetur

Vörn öryggiskerfi er með aðsetur á Selásbraut 98, 110 Reykjavík. [www.vorn.is](http://www.vorn.is)

GSM/WIFI öryggiskerfi.



Jón Hermannsson með eftirlitsmyndavél.



Steinþór Geirdal Jóhannsson á sýningu TVX í Amsterdam.

## Þrífætkni



Keiluliðið KFR Grænu töffararnir. Frá vinstri: Björn Birgisson, Steinþór Geirdal Jóhannsson og Björn Sigurðsson.

Græni dropinn var m.a. stuðningsaðili keiluliðsins KFR Grænu Töffararnir sem átti mikillar velgengi að fagna og urðu m.a. deildarmeistarar tímabilið 2018-2019.

Þrífætkni ehf. var stofnað í árslok 2005. Hugmyndin með stofnun Þrífætkni var að búa til hreingerningarfyrirtæki sem leggur áherslu á að nýta tækni til að auðvelda vinnuna og ná fram betri þrífum á skemmri tíma. Frumkvöðull og framkvæmdastjóri hefur frá upphafi verið Steinþór Geirdal Jóhannsson.

### Innleiðing verkefna

Aukin vitund stjórnenda um mikilvægi góðra ræstinga gerir meiri kröfur til þeirra sem annast ræstinguna. Þess vegna hefur Þrífætkni lagt áherslu á að þróa jákvætt og gott samstarf við verkkaupa og í samvinnu við þá að þróa starfshætti sem stuðla að sem mestum gæðum. Við teljum það sameignlegt markmið verkkaupa og verksala að stuðla að því að gæði séu í samræmi við óskir verkkaupa og báðum aðilum til sóma.

### Frá upphafi hefur markmið Þrífætkni ehf. verið að vera valkostur þeirra vandlátu

Til að ná því markmiði leggur Þrífætkni ehf. áherslu á:

#### Að sérstaða fyrirtækisins verði mikil gæði og góð þjónusta:

- Að þróa gæðaeftirlitskerfi og góð samskipti við verkkaupanda.
- Að fulltrúi fyrirtækisins heimsæki viðskiptavinum taki út ástand þeirra þátta sem Þrífætkni annast og komi með tillögur til úrbóta ef þörf krefur.

#### Að hafa á að skipa sérþjálfuðu og dugmiklu fólki til að geta veitt viðskiptavinum þjónustu af fagmennsku og lipurð.

- Að stuðla að fræðslu fyrir starfsfólk svo það sé ávallt með vitneskju um þarfir viðskiptavinarins og þá tækni sem best getur komið honum að gagni.
- Að leggja áherslu á tækni í stað erfiðis.
- Að nýta ávinning tækninnar til að skapa launakjör sem stuðla að því að starfsmannavelta verði í lágmarki.

#### Að verða leiðandi fyrirtæki á sínu sviði á Íslandi

- Að nýta ávallt bestu fánlega tækni og bestu fánleg efni við starfsemina.
- Að leita eftir samstarfi við leiðandi framleiðendur tækja og efna á þessu sviði.

#### Að stuðla að umhverfisvernd og virðingu fólks fyrir vinnuumhverfi sínu og umhverfi almennt

- Að leggja áherslu á að nota þau efni sem eru sem minnst skaðleg fyrir umhverfið.
- Að hagnýta tækni sem stuðlar að minni efna- og orkunotkun og draga þannig úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.
- Að umhverfisvitundin einskorðist ekki við vinnustaðinn heldur taki tillit til umhverfisverndar í víðara samhengi.





Græni dropinn, Askalind.

### Græni dropinn

Til að auðvelda aðgengi að umhverfsvænni vörum var dótturfyrirtækið Græni dropinn stofnað árið 2012. Það er í 100% eigu Þrífækni ehf. Tilgangur Græna dropans er að annast innflutning á tækjum og umhverfsvænum efnum fyrir þríf.

### Verkefni

Þessar áherslur fyrirtækisins hafa m.a. leitt til þess að stærsti hluti verkefna þess eru þríf í matvöruverslunum. Það eru einmitt þær verslanir sem þurfa mest á stöðugum og miklum gæðum að halda, sveigjanleika og góðri þjónustu.

Í dag annast Þrífækni ehf. dagleg þríf og viðhald gólfa hjá verslunum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, auk þess veitir Þrífækni verslunum Samkaupa um allt land þjónustu í formi þrifa eða tæknilegarar ráðgjafar.

### Fyrirmyndarfyrirtæki

Viðskiptablaðið og Keldan hafa veitt Þrífækni viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri“ þau fimm ár sem sú viðurkenning hefur verið veitt og hefur undanfarin sjö ár verið Framúrskarandi fyrirtæki en u.þ.b. 2% starfandi fyrirtækja hljóta þá útnefningu.



Gott með kaffinu þegar Þrífækni hafði verið tilnefnt Framúrskarandi fyrirtæki 5. árið í röð.

Efri röð: Lukasz Piwowarski, Grzegorz Bojar, Adam Jacek Chadzynski, Jacek Bojar, Steinþór Geirdal Jóhannsson og Oddgeir Arnar Jónsson.

Neðri röð sitjandi við borðið: Dawid Piwowarski og Guðmundur Ottósson.



Framúrskarandi fyrirtæki, viðurkenning. Frá vinstri: Jacek Bojar, Steinþór Geirdal Jóhannsson og Grzegorz Bojar.

## Nafnaskrá

<b>Nafn</b> .....	<b>Bls.</b>	E.G. Jónasson .....	262	GT verktakar .....	84
101 fasteignasala.....	305	Eignaborg fasteignasala.....	309	Háfell.....	86
Aalborg Portland Íslandi.....	10	Eignamiðlun .....	310	Hefilverk.....	88
Aðalvík.....	12	Eignarhaldsfélagið Ögur.....	304	Heimavellir.....	330
Aftak.....	14	Eik fasteignafélag .....	296	Héraðsverk .....	90
AH pípulagnir.....	16	Einingaverksmiðjan .....	54	Húsagerðin .....	92
Aleflí .....	18	Elektro Co .....	263	Húsheild.....	94
Alhliða pípulagnir.....	17	Element.....	56	Húsvirki .....	96
Alma .....	324	Eltech .....	264	Höfðavélar.....	98
Alþrif hreingerningarpjónusta.....	323	Fagtækni.....	266	Höfuð-Verk.....	100
Austfirskir verktakar.....	20	Fasteignafélagið Íþaka.....	298	Ingileifur Jónsson - IJ Landstak.....	102
Austurverk.....	22	Fasteignamarkaðurinn .....	312	Íslenskir aðalverktakar ÍAV.....	104
AP Þrif .....	326	Fasteignasalan Hákot.....	315	Ístak .....	108
Áf hús / Leigugarðar .....	24	Fasteignasalan Miklaborg .....	316	JÓ lagdir.....	112
ÁK smíði .....	26	Faxaverk.....	58	Jón Ingi Hinriksson.....	114
Áltak .....	28	Finnur.....	60	Jónsmenn.....	113
Árni Helgason .....	30	Fínþúsning .....	59	K16 .....	116
Ás fasteignasala.....	306	Fjarðalagnir.....	62	Katla byggingafélag .....	118
Átak .....	260	Fold fasteignasala.....	314	Kjarnasögun .....	120
Áveitan .....	32	Framrás.....	63	Kranar .....	119
B. Markan pípulagnir.....	23	Friðrik Jónsson.....	64	Krappi .....	122
B.E. Húsbyggingar .....	34	Fúsi Sértak.....	66	K-Tak.....	124
BG Þjónustan.....	328	G. Hjálmarsson.....	68	Kvarnir .....	126
Bikun .....	36	G.V. Gröfur .....	70	KP lagdir.....	123
Blikk- og tækniþjónustan .....	38	Gamla spýtan.....	72	L-7 verktakar.....	128
Blikktækni.....	39	Garðvík .....	74	Lagnaafli .....	130
Borg fasteignasala.....	308	Geisli.....	268	Lagnalind.....	132
Bragi Guðmundsson.....	40	GG Verk.....	76	Lind fasteignasala.....	318
Bygg Ben.....	42	Gísli Jónsson .....	67	Loftorka Reykjavík.....	134
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars .....	44	Gosi Trésmíðja.....	336	Malbikstöðin .....	137
Byggingarfélagið Bestla .....	46	GÓK húsmíði .....	78	Malbikunarstöð Austurlands.....	138
Colas Ísland.....	48	Grindin.....	80	Malbikunarstöðin Höfði .....	140
DS lausnir.....	43	Gröfutekni.....	79	Mannverk .....	142
Dverghamrar.....	52	Gröfuþjónusta Tryggva Einars .....	82	Meta .....	146



Miðstöð .....	147	Skóflan.....	171	Valhöll fasteignasala.....	320
Miðstöðin .....	148	Skútaberg.....	180	Valur Helgason .....	334
Mikael .....	150	Smákranar.....	182	Vatnsverk Guðjón og Árni .....	236
MótX.....	152	Snókur verktakar.....	183	Vermir .....	237
Múrey.....	154	Spöng .....	184	Vestfirskir verktakar .....	238
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar .....	155	SS Byggir.....	188	Véltækni .....	240
MVA .....	156	Stál og suða .....	190	Vinnuvélar Eyþórs.....	241
Myllan .....	158	Stálgæði.....	189	Víðimelsbræður.....	242
Narfeyri.....	160	Steiney.....	192	Vogir og Lagnir.....	290
Nesbræður .....	162	Steinsteypir .....	194	Voitorka.....	293
Nestak.....	161	Steypustöð Akureyrar .....	196	Vörn .....	337
Norðurvík.....	164	Steypustöð Ísafjarðar .....	193	X-JB .....	244
Pálmatré.....	166	Steypustöð Skagafjarðar.....	198	Ylur.....	246
PK Verk.....	167	Steypustöðin .....	200	Þ. B. Borg.....	248
Prófilstál .....	168	Steypusögun Norðurlands.....	203	Þ.S. Verktakar.....	250
Rafeining.....	270	Stjörnumálun.....	204	Þarfabing.....	252
Rafey.....	272	Stólpi .....	206	ÞG verk .....	254
Raffó .....	274	Strúctor Byggingaþjónusta .....	208	Þingholt fasteignasala .....	322
Rafhörn.....	276	Suðurverk .....	210	Þingvangur .....	256
Raflagnaþjónusta Selfoss .....	278	Súperlagnir .....	214	Þrífækni .....	338
Rafmenn .....	280	Tengill .....	288		
Rafmiðlun.....	282	Traust verktak TVT.....	216		
Rafskaut .....	284	Trésmiðja Heimis .....	218		
Raftaug.....	279	Trésmiðja Ingólfs.....	215		
Rafverk Alberts Guðmundssonar.....	292	Trésmiðjan Borg.....	220		
Rafvolt.....	286	Trésmiðjan Rein.....	222		
Reginn .....	300	Trésmiðjan Stigandi .....	224		
Reitir .....	302	Trésmiðjan Val.....	225		
Rennsli.....	170	Trésmiðjan Ýr.....	226		
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða .....	172	Trévangur .....	228		
Samsmiða.....	174	Tréverk.....	230		
Securitas .....	332	Tveir smiðir.....	233		
Sérverk .....	176	TV-verk .....	229		
Sigurgeir Svavarsson .....	178	Uppsteypa.....	234		







